Lagafrumvarp fellt.

Húsnæðismálastofnun o. fl. (frv. IRH o. fl.).

Á 15. fundi í Sþ., 15. nóv., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 42/1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, breyt. á I. kafla l. nr. 36/1952 o. fl. [81. mál] (þmfrv., A. 104).

Á 20. fundi í Nd., 17. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Ingi R. Helgason): Hæstv. forseti. Hv. þdm. Minni skömmu þingsetu er nú að verða lokið. Ég hef leyft mér að flytja hér ásamt samflokksmönnum mínum fáein frv., og hæstv. forseti hefur sýnt mér þá vinsemd að taka eitt þeirra á dagskrá þessa fundar í dag, og mig langaði til að fylgja því frv. úr hlaði með nokkrum orðum, en skal ekki vera langorður.

Þetta er frv. á þskj. 104 til laga um breyt. á l. um húsnæðismálastofnunina, lögunum um verkamannabústaðina o. fl. Hér er um að ræða frv. um málefni, sem varðar íbúðarhúsabyggingar í landinu, en einmitt það verkefni að byggja yfir Íslendinga hefur verið framkvæmt aðallega af tveimur síðustu kynslóðum í landinu, þó einkanlega þeirri síðustu. Í sambandi við það mikla verkefni — fjárhagslega séð — hefur oltið á ýmsu, verið við mikinn vanda að etja, sem hv. þdm. er kunnugt um ekki síður en öðrum.

Vandamál íbúðarhúsabygginganna síðustu áratugi hafa einkum verið tvenns konar hér á landi. Í fyrsta lagi hefur byggingarkostnaður verið hár, ef litið er til samanburðar við nágrannalönd okkar, talsvert miklu hærri en þar gerist. Hv. þdm. eru kunnar skýrslur um þetta efni, sem ég ætla ekki að rekja eða vitna í, en af hálfu okkar hafa farið fram athuganir og rannsóknir á því, hvernig byggingarkostnaðinum yrði komið niður. Hagstofa Íslands hefur nú reynt að gera skýrslu um þennan kostnað, eins og hann er sannastur og réttastur. Á vegum hagstofunnar var byggt tvílyft hús með kjallara, tveimur hæðum og risi, og öllum kostnaðarreikningum var haldið til haga, einnig öllum vinnuseðlum, þannig að þegar húsið var fullgert, var fullljóst, hver kostnaðurinn hefði verið. Þetta var gert í október 1960, og ég hef leyft mér að leggja sundurliðaðan byggingarkostnað á þessu húsi, miðað við verðlag í október 1960, fram með grg. við frv. Þar kemur fram, að fjögurra herbergja íbúð á 2. hæð þessa tvílyfta húss kostar hvorki meira né minna en 526 þús. kr., og eru vinnulaun liðlega 40% af heildarkostnaðinum eða um 240 þús. kr. Þetta hefur verið annar aðalvandinn við íbúðarhúsabyggingar í landinu, hversu mjög byggingarkostnaður hefur verið hár.

Hinn vandinn er sá, sem að hefur steðjað, að húsbyggjendur hafa ævinlega búið við lánsfjárskort, og þau lán, sem fáanleg hafa verið, annaðhvort af hálfu hins opinbera eða með stuðningi þess eða beint frá bönkum, hafa verið veitt með þeim lánskjörum bæði hvað lánstíma snertir og vexti, að má segja, að óviðunandi hafi verið.

Í samanburði við það, sem tíðkast erlendis, hafa þessi lánskjör verið raunar óheyrileg og hafa átt sinn mikla þátt í að auka á erfiðleika þeirra, sem að húsbyggingum hafa staðið, en hérlendis hafa tiltölulega fleiri einstaklingar staðið að húsbyggingum heldur en félög eða hið opinbera. Ég hef bent á í grg. minni, hvernig þessu er fyrir komið t. d. hjá Norðmönnum, þar sem um er að ræða lánastarfsemi til íbúðarhúsabygginga af opinberri hálfu. Þar lánar Norski húsbankinn allt að 77% byggingarkostnaðar, en lán húsnæðismálastofnunarinnar hér fara aldrei yfir 20%, og vaxtakjörin á þessum norsku lánum eru slík, að 20% lánsfjárhæðarinnar eru gersamlega vaxtalaus, afborganir þess hluta mjög vægar og hefjast ekki fyrr en 10 árum eftir lántöku. Sá hluti lánsfjárhæðarinnar, sem ber vexti, ber 3% vexti. Í Danmörku er þessu svipað farið, nema vextir byggingarlána eru lægri en 3%, allt niður í 1½%, og lánstíminn þar er allt upp í 95 ár. Hjá okkur er þetta hins vegar þannig, eins og ég hef greint frá og eins og öllum hv. þdm. er kunnugt, að lánsfjárhæðin er óveruleg, miðað við byggingarkostnað, en vextirnir óheyrilega háir, jafnvel vextir af svipaðri hæð og tíðkast almennt í viðskipta- og atvinnulífi. Áður en hæstv. núv. ríkisstj. hóf ráðstafanir sínar í efnahagsmálum í febrúar 1960, voru vaxtakjör á A-lánum hjá byggingarsjóði ríkisins 7%. Þegar ríkisstjórnin hækkaði almennt vexti eftir gengislækkunina, voru þessir vextir hækkaðir upp í 9%. Og það varð staðreynd, að langtímaskuldabréf, eða skuldabréf til 15 ára, voru gefin út handa húsbyggjendum á Íslandi, sem báru 9% vexti.

Með frv. því, sem hér liggur fyrir, er gripið á þeim vanda, sem steðjar að húsbyggjendum

í landinu. Í fyrsta lagi eru ákvæði um lækkun vaxtanna að miklum mun. Það er gert ráð fyrir, að vextir lækki á A-lánum húsnæðismálastofnunarinnar niður í 4%. Flutningsmönnum er ljóst, að þessi vaxtalækkun er ekki nóg, en með henni er þó stigið slíkt skref, að til verulegra hagsbóta er fyrir þá, sem undir þessu vaxtaoki stynja.

Í frv. er ekki gert ráð fyrir, að hreyft sé við vaxtakjörum B-lána hjá húsnæðismálastofnuninni, sem eru núna 5½%. Aðallega rennur til þeirrar lánastarfsemi skyldusparnaður, sem er greiddur af húsnæðismálastofnuninni einnig með 5½%, en það er nú svo, að skyldusparnaðurinn fer að éta sjálfan sig upp eftir eitt eða tvö ár og þýðing þessara lána minnkar mjög.

Ég vildi vekja athygli á því í þessu sambandi, að frv. gerir ekki ráð fyrir því, að lánskjör lækki aðeins á þeim lánum, sem nú verða tekin eða yrðu tekin, eftir að lög þessi öðluðust gildi, heldur er hér gert ráð fyrir því, að öllum fyrri lánssamningum, sem í gildi eru, verði breytt þannig, að í samræmi verði við ákvæði þessara breytingarlaga. Vaxtaákvæði lánsbréfa, sem gefin hafa verið út til húsnæðismálastofnunarinnar og undirrituð af lántökum eða húsbyggjendum með vaxtafæti upp á 7% eða 8% eða jafnvel 9%, — vaxtaákvæði þessara lánssamninga eiga að lækka líka eftir gildistöku þessara laga niður í 4%. Einnig er í frv. hreyft við vöxtum af lánum á vegum byggingarsjóðs verkamanna, en upphaflega voru þeir 2% ársvextir, en höfðu verið með lögum frá 1955 hækkaðir upp í 3½%. Hæstv. núv. ríkisstj. hefur með heimild í efnahagslögunum hækkað þessa vexti upp í 4% og allt upp í 6% af lánum byggingarsjóðs verkamanna. Með þessu frv. er gert ráð fyrir því, að þessir vextir séu lækkaðir aftur niður í það, sem þeir voru í löggjöfinni frá 1952, um byggingarsjóð verkamanna, þ. e. a. s. niður í 2%. Þetta er annað meginatriði frv., sem gerir ráð fyrir því, að vextir séu lækkaðir á þessum lánum niður í 2% og niður í 4%.

Hitt meginefni frv. er það, að á sérstakan hátt er til þess stofnað, að byggingarkostnaður verði stórlega lækkaður, — lækkaður á þann hátt, að ríkissjóður leggi niður eða afnemi raunar tolla af innfluttu byggingarefni og endurgreiði þá húsbyggjendum eftir nánari reglum, sem getið er um í frv., og reglum, sem þarf að setja nánari ákvæði um frekar í reglugerð. Það lætur nærri, ef miðað er við verðlag í október 1960, að ríkið taki í beinni skattheimtu í gegnum innflutningsgjöld og gegnum söluskatt nærri því alla þá lánsfjárhæð, sem hið opinbera lánar húsbyggjendum á grundvelli hins almenna veðlánakerfis.

Oft hafa verið uppi tillögur og hugmyndir um, hvernig auka megi lánsfé á vegum húsnæðismálastofnunarinnar. Það hefur ekki verið hægt að afla þess fjár í svo ríkum mæli, að hægt væri að bæta að miklum mun það hlutfall, sem er á milli lánanna og byggingarkostnaðarins. Ef þetta frv. yrði að lögum, kæmi svipuð upphæð og almennt gerist nú á vegum húsnæðismálastjórnarinnar, 70—100 þús. kr., til húsbyggjandans í lækkuðum byggingarkostnaði á þann hátt, að ríkissjóður sjálfur endurgreiðir alla tolla og söluskatt á byggingarefni til hússins, þegar það er upp komið. Ég held, að hér sé farið inn á braut, sem sé rétt og skynsamleg. Það er í fyllsta máta óskynsamlegt, að ríkið tolli og setji söluskatt á innfluttar vörur til þessara hluta, þegar ríkið er í miklum vandræðum með að útvega lán til þess að standa undir byggingarkostnaði og byggingarframkvæmdum á þessu sviði. Gagnvart húsbyggjendum yrði þetta mjög hagkvæmt og mundi verða til þess, að þeir, sem nú eiga erfiðast með vaxtakjör sinna lána, fái talsverðar hagsbætur og fái verulega vaxtalækkun, og að hinu leytinu, að þeir, sem hafa verið að byggja og koma til með að byggja íbúðir og þurfa að glíma við svo mikinn byggingarkostnað sem raun ber vitni um, ættu þá von á því, að ríkið endurgreiddi þeim það, sem ríkið hefur tekið sem toll og skatt á þessa byggingarstarfsemi.

Fundartími þessarar hv. þingdeildar er nú á enda. Frv. skýrir sig að öllu leyti sjálft, og er þar tekið á þeim vandamálum, sem öllum hv. þdm. eru kunn, og þarf ég ekki að hafa um þetta fleiri orð. Ég vil mælast til þess, að máli þessu verði vísað til 2. umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 21. fundi í Nd., 20. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 25 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Nd., 20. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 104, n. 297).

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., kveður svo á um fyrst, að A-lán skuli verða veitt sem jafngreiðslulán með 4% ársvöxtum til allt að 25 ára, en lán þessi eru nú með 7% ársvöxtum. Þá er ákvæði í frv. þess efnis, að ákvæði í lánasamningum um A-lán milli veðdeildar Landsbankans og íbúðaeigenda skuli breytast í samræmi við 1. gr., þ. e. að ársvextir lánanna færist úr 7% í 4%, eða lækki um 3%. Þessi breyting verði einnig gerð á þeim bréfum, er eigi hafa enn verið gefin út. Þá er enn svo ákveðið, að fella skuli niður heimild ríkisstj. til þess að ákveða um vaxtakjör og lánstíma, hvað snertir lán þau, sem veitt eru til íbúðabygginga úr byggingarsjóði ríkisins. Þykir mér rétt að benda hér á, hvaða afleiðingar það mundi hafa í för með sér að lögfesta nú slík ákvæði.

Hvað snertir þau bréf, sem þegar hafa verið seld, er sýnilegt, að löggjafinn getur ekki gripið hér inn í gerða samninga á milli banka og þegna þjóðfélagsins, nema samtímis að bæta þegnunum að fullu það tjón, sem þeir yrðu fyrir vegna þessara aðgerða. Þegar bréfin voru seld á sínum tíma, báru þau með sér, að vaxtatekjur af þeim væru 7% á ári. Söluverð bréfanna fór þá að sjálfsögðu eftir því tvennu, hve langur lánstíminn var og hve háa ársvexti skyldi greiða af lánunum. Þeir kaupendur, sem bíða eftir út-

drætti bréfa sinna í 25 ár, en það er hámark lánstíma, mundu tapa um 30 kr. af hverju þúsund króna bréfi árlega, eða um 3000 kr. af hverjum 100 þús., auk taps á vöxtum og vaxtavöxtum af þeim upphæðum allan lánstímann. Það er óþarft að hafa um það mörg orð, að löggjafinn getur ekki lögfest slíkt ákvæði, nema um leið að tryggja viðkomandi eigendum fullar bætur. Hér eiga þegnarnir fulla vernd í ákvæðum stjórnarskrárinnar, og því er það, að þótt samþykkt verði frv. þetta, þá yrði þó tvímælalaust að breyta þessum ákvæðum frv. En sýnilegt er, að það er til önnur leið til þess að leysa þennan vanda, ef samkomulag fengist um það á annað borð að lækka vextina af þessum bréfum, sem þegar eru seld, og það er að innkalla öll bréfin og greiða eigendum þau með nafnverði, eins og gert er, þegar þau eru dregin út. Með því væri ekkert gengið á rétt eigenda bréfanna og engin ákvæði stjórnarskrárinnar brotin. En dettur nokkrum manni í hug, að slík ráðstöfun yrði til þess að bæta hag mannanna, sem vegna fjárskorts geta ekki fullgert íbúðir sínar eða hafið nýjar, nauðsynlegar byggingar? Þeir menn, sem láta sér detta slíkt í hug, hafa sannarlega of litla þekkingu á viðskiptamálum yfirleitt til þess að taka að sér forustu um umbætur í efnahagskerfi þjóðarinnar. Ef til væri fé í einhverjum sjóði til þess að geta gert slíkar ráðstafanir, fullyrði ég, að því fé væri miklu betur varið til þess að lána byggjendum til áframhaldandi bygginga með þeim lánskjörum, sem nú eru, heldur en að nota það fé til innköllunar á bréfum, sem þegar hafa verið seld, því að það mundi skjótt koma í ljós, að þau bréf seldust ekki aftur á sama verði, þegar búið væri að lækka ársvextina af lánunum um 3%. Hér mundi áreiðanlega óhjákvæmilegt að fjárfesta milljónir, sem betur hefði verið varið til nýrra lána. Þessar aðgerðir yrðu fullkomlega neikvæðar og einskis virði fyrir févana byggjendur. Meðferð þeirra bréfa, sem eigi hafa verið gefin út, er allt annað mál og auðveldara að fara með þau. Um þau hafa engir samningar verið gerðir, og því ekki um nein samningsrof að ræða eða skaðabótaskyldu. Hitt er svo ljóst, að með því að breyta vöxtum á þeim lánum, mundu þau óseljanleg nema fyrir upphæðir, sem lántakendur hvorki gætu né vildu sætta sig við. Þær ráðstafanir væru þá og fullkomlega neikvæðar og mundu á engan hátt leysa þann vanda, sem hér er verið að glíma við. Það væri raunverulega sama og að loka allri lánastarfsemi hjá stofnuninni, nema jafnframt kæmi til, að ríkissjóði eða húsnæðismálastofnuninni eða byggingarsjóði ríkisins sé ætlað að bera hallann af slíkum viðskiptum, en það mundi hins vegar hafa í för með sér, að þær upphæðir allar yrðu þá að leggjast sem nýr skattur á þjóðina sérstaklega í þessu skyni.

Um hitt meginatriði frv., hvort ákveða skuli með lögum að endurgreiða þessum sérstöku íbúðareigendum aðflutningstolla og söluskatt af því byggingarefni, sem þurft hefur, er allt öðru máli að gegna. Slík aðgerð skapar enga skaðabótaskyldu á hendur ríkissjóði og torveldar ekki heldur sölu verðbréfa, eins og hin önnur ákvæði frv. tvímælalaust gera. Samkv. ákvæði 5. gr. frv. verður ekki annað skilið en þessi sérstöku fríðindi skuli aðeins ná til þeirra, sem byrja á byggingu eftir 18. febr. 1960, og þó aðeins til þeirra eigenda, sem byggt hafa íbúðir innan takmarkaðrar stærðar. Verður ekki séð, að til þess sé ætlazt, að þetta ákvæði verði varanlegt framvegis, en sé svo, þyrfti að ákveða nánar og skýrar um það í frv. En hvort sem væri, þá mundi með þessu ákvæði, ef lögfest yrði, skapast ærið misjafn réttur þjóðfélagsborgara, þar sem nokkrum þegnum yrðu veitt allmikil fríðindi, sem öðrum þegnum er neitað um. Og slík lagasetning er hvorki æskileg né til fyrirmyndar, og þurfa að liggja til slíkra aðgerða miklu sterkari rök en fram hafa verið færð í grg. eða fram hafa komið í umr. um málið.

Í þessu sambandi skal bent á, að tillögur, sem fram hafa verið bornar á þessu þingi um undanþágu frá greiðslu á söluskatti á mjög nauðsynlegum framleiðslutækjum fyrir landbúnaðinn, hafa ekki náð fram að ganga. Og þar sem hér var ekki um að ræða gjöld, sem þegar höfðu verið greidd í ríkissjóð og þeim varið til að mæta nauðsynlegum, áætluðum rekstrargjöldum, gagnstætt því, sem hér er lagt til, þar sem þær upphæðir hafa verið greiddar í ríkissjóð og notaðar til nauðsynlegra gjalda, er ekki líklegt, að skoðun þeirra hv. þm., sem synjuðu um samþykkt þeirrar tillögu, hafi breytzt svo, að líklegt sé, að þetta ákvæði frv. nái fram að ganga, enda þyrftu þá að liggja fyrir miklu þyngri rök en færð hafa verið fram fyrir málinu.

Það skal að fullu viðurkennt, að það er miklum vanda bundið að leysa þá erfiðleika, sem tekjulágar stéttir og févana eiga við að stríða í sambandi við byggingu eigin íbúða. En vandinn er miklu meiri en svo, að hann verði allur leystur á þann hátt, sem lagt er til í þessu frv. Ekki hvað sízt ber að hafa það hugfast, að leiðir, sem í fljótu bragði virðast leysa vanda að einhverju leyti, skapi ekki jafnframt annan og meiri vanda, sem enn erfiðara yrði við að glíma. En það sýnist einmitt sú leið gera, sem lagt er til í frv. að farin skuli. Með þeim aðferðum, sem þar er lagt til að gerðar verði, mundi skapast margvíslegt ósamræmi í aðstoð ríkisvaldsins til þegnanna, sem engu minni vandi yrði að leysa síðar, þegar afleiðingar þeirra aðgerða yrðu kunnar, og það er ekki hvað sízt vegna þess, að sérstakri nefnd manna hefur verið falið að athuga þessi mál og gera um þau tillögur til ríkisstj. og Alþingis. Það væri engan veginn æskilegt að gera svo róttækar breytingar á lögunum sem frv. gerir ráð fyrir, áður en nefndin, sem starfar nú að þessum málum, hefur skilað áliti sínu og tillögum. Meiri hl. n. leggur því til, með tilvísun til þess, sem hér hefur verið sagt, og með tilvísun til nál. á þskj. 297, að frv. verði fellt.

Umr. frestað.

Á 54. fundi í Nd., 23. febr., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 55. fundi í Nd., 26. febr., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 104, n. 297 og 309).

Frsm. minni hl. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Snemma í haust tók Ingi R. Helga-

son sæti á þingi vegna fjarveru minnar um stundarsakir og flutti þá ásamt hv. 3. þm. Reykv., hv. 11. landsk. og hv. 7. landsk. frv. til l. um breyt. á l. nr. 42 frá 1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, breyt. á I. kafla l. nr. 36 frá 1952 o. fl. Frv. þetta er flutt til þess að létta nokkuð ofurþungar byrðar þess fólks, sem á undanförnum árum hefur ráðizt í að reyna að koma upp íbúð yfir sig og sína og færist slíkt í fang nú. Allt það fólk, sem ráðizt hefur í byggingarframkvæmdir og ekki er því betur efnum búið, verður að leggja á sig nálega yfirmannlegt erfiði, þola langa bið eftir þeim lágu og dýru lánum, sem húsbyggjendum eru veitt í lánastofnunum, ganga fyrir Pétur og Pál í hópi frænda og skylduliðs til þess að biðja þá um skyndilán, þreyta göngu milli bankanna til að slá sér víxillán að fengnum ábyrgðarmönnum, sem gildir séu teknir, og síðan, — og það er þungbærast af öllu — að lifa í stöðugum ótta við, að þrátt fyrir allt verði svo einhver skuldheimtumaðurinn eða lánastofnunin til þess að ganga að, ef vanskil verða, og íbúðin fari svo eftir allan þrældóminn og allar þjáningarnar undir hamarinn. Það eru því miður þúsundir manna, flest ungt fólk, sem við þessi lífskjör búa nú í þjóðfélagi okkar, og þetta er ýkjulaus og orðfá lýsing á lífskjörum þessa fólks. Það mun því enginn geta neitað því, að full þörf sé á að létta byrðar þessa fólks. Þess eru því miður sannanlega mörg dæmi, að ungir menn hafa gengið svo fram af sér við þetta byggingarstrit, að þeir bíða þess aldrei bætur. En samt sem áður hafa allar tilraunir til að fá fram hér á hv. Alþingi einhverjar lagfæringar á gildandi löggjöf húsbyggjendum í hag átt litlum skilningi að mæta á hv. Alþingi. Hvort sem frv. stjórnarandstæðinga hafa fjallað um að hækka hámark lána, um að lengja lánstíma, um lækkun vaxta eða um útvegun aukins fjár til húsnæðismála, hafa þau öll verið svæfð eða felld. Það hefur aldrei verið neitt hik á fylgjendum stjórnarflokkanna í þessum efnum. Þeirra lokasvar hefur alltaf verið þetta sama: Við leggjum til, að frv. verði fellt.

Erfiðleikar húsbyggjenda, sem voru ærnir fyrir vegna lágra lána og hárra vaxta og of stutts lánstíma, hafa aukizt og margfaldazt á seinustu tveimur árum. Byggingarkostnaður hefur stórhækkað vegna tveggja gengislækkana og margfaldaðra söluskatta á allt byggingarefni eins og á allar aðrar vörur og þjónustu. En lánin út á hverja íbúð hafa ekki verið hækkuð, lánstíminn ekki verið lengdur og vextir ekki verið lækkaðir. Nei, eins og kunnugt er, hafa þeir verið stórhækkaðir, svo að vaxtabyrðin hefur aukizt af tveim ástæðum: af hækkuðum byggingarkostnaði og hækkuðum vaxtafæti. Nú mun gersamlega óhugsandi, að hægt væri að koma upp vandaðri þriggja herbergja íbúð í sambyggingu fyrir minna en 400 þús. kr., en til hennar fæst í langmesta lagi 100 þús. kr. lán. Nokkur hluti þess láns eru B-lánin svokölluðu með 5% ársvöxtum og vísitölulánskjörum. Það eru því fremur dýr lán við þá verðlagsþróun, sem hér hefur verið. Þessi lán eiga að borgast upp á 15 árum. Hinn hluti lánsins, A-lánin svokölluðu, var upphaflega með 7% ársvöxtum, en núv. ríkisstj. taldi það vera lífsnauðsynlegan lið í viðreisnarráðstöfunum sínum að hækka vexti þessara lána upp í 9%. Sennilega hefur hún þó ekki þolað þjáningar þeirra og kveinstafi, sem við áttu að búa, því að í þessu efni varð hún að láta ofur lítið undan síga og lækkaði vextina af A-lánunum um 1% niður í 8%, og þannig eru vaxtakjör þessa lánaflokks nú. Það eru 8%. Það eru nákvæmlega sömu vextir og í íslenzkri löggjöf hétu okurvextir allt fram að viðreisn. Lánatími þessara lána er 20 ár.

Hvernig fara þeir menn nú að, sem fengið hafa 100 þús. kr. lán, þeir sem bezt eru settir, hafa fengið það seint um síðir og í mörgum smápörtum, — hvernig fara þeir með hinar 300 þús. af verði íbúðarinnar? Þeir berjast flestir við að koma íbúðinni upp á þremur árum, og hjá sumum tekur það lengri tíma. Ofan á 10 stunda vinnudag sinn bæta þeir á sig tveggja tíma næturvinnu alla virka daga. Þetta eru 400 vinnustundir á ári, og með því að verðleggja þær á dagvinnukaupi, verða það rúmar 8 þús. kr. á ári, sem þeir geta aflað sér með þessari viðbótarvinnu. En með þriggja ára látlausu stríði er það, eins og menn sjá, 24—25 þús. kr., sem þeir geta þannig aflað sér til viðbótar. En lítið hrekkur það upp í 300 þús. Þá er að taka til sunnudaganna líka, til þess að þræla í íbúðinni í aukavinnu. Með 10 stunda vinnu 52 sunnudaga fást 520 vinnustundir, eins og menn sjá. Á ári getur það gefið um 10400 kr., og við þriggja ára þrældóm alla sunnudaga skilar það, sem sjá má, tæpum 32 þús. kr. Þarna eru þá fengnar 57—60 þús. kr. ýtrast reiknað. En samt eru eftir um 240 þús. kr. 9% ársvextir af þeirri upphæð eru 21600 kr. Og ef upphæðin á að borgast á 10 árum, eru afborganirnar um 24 þús. kr. Kostnaðurinn af þessari lántöku, vextir og afborganir, er því allt að 45600 kr. Vextir og afborgun af 100 þús. kr. láninu eru auk þess allt að 12800 kr. Verður þá heildargreiðslubyrðin á ári á þeim manni, sem þrælað hefur eins og hér hefur verið lýst, a. m. k. 58 þús. kr. vegna þriggja herbergja íbúðar. Það er hátt á 5. þús. kr. á mánuði eða nokkru meira en öllum árstekjum verkamanns nemur, sem vinnur átta stundir á dag alla virka daga. Slík vinna gefur með núv. kaupi 55 þús. kr., 8 stunda vinna alla virka daga. Það, sem hann hefur þá fyrir sig og fjölskyldu sína að leggja til að draga fram lífið, eru tekjurnar af tveggja stunda eftirvinnu á dag, en það getur ýtrast orðið um 13600 kr. á ári. Af því má sjá, að ekki dugir það, og það þýðir auðvitað, að konan verður líka að vinna úti og taka fullan þátt í byggingarþrældóminum með manni sínum í viðbót við vinnuna utan heimilis til þess að afla tekna, enda er það orðið mjög algengt fyrirbæri. En samt fer því fjarri, að stritinu og fjárhagsáhyggjunum sé af létt, þegar húsið er búið, því að næsti áratugurinn a. m. k. verður áframhaldandi strit og stríð, sífelld barátta fyrir því að forða íbúðinni frá því að fara undir hamarinn. Og samt virðist stjórnarliðið á hv. Alþingi enn sem fyrr ætla sér að verða samhent og samtaka um að fella allar tillögur um að létta eitthvað hlutskipti þessa fólks. Við leggj-

um til, að frv. sé fellt, segja þeir, og svo verður sennilega einnig gert nú. En engar aðrar tillögur koma þeir þó með heldur en þær, sem í frumvörpunum felast, sem þeir eru samtaka um að fella, engar tillögur frá þeirra hendi, sem verða mættu húsbyggjendum til einhverrar hjálpar.

Þetta mál var rætt á tveimur fundum heilbr.- og félmn., og þótti brátt sýnilegt, að ekki mundi fást samkomulag um afgreiðslu þess. Meiri hl. n., þ. e. a. s. fulltrúar stjórnarflokkanna, þeir Gísli Jónsson, hv. 1. þm. Vestf., Birgir Finnsson, hv. 5. þm. Vestf., og Guðlaugur Gíslason, hv. 3. þm. Sunnl., leggur til, að frv. verði fellt, en minni hl., Jón Skaftason, hv. 4. þm. Reykn., og ég, leggur til, að frv. verði samþ. Jón Skaftason hefur þó skrifað undir nál. okkar með fyrirvara og mun gera nánari grein fyrir því, í hverju sá fyrirvari felst.

Í frv. þessu er lagt til, að ársvextir af A-lánum hins almenna veðlánakerfis verði lækkaðir úr 8% í 4% og að lánstíminn skuli lengdur úr 20 árum í 25 ár og lánin verða jafngreiðslulán. Ef þetta fengist fram, væri húsbyggjendum mikill léttir að breytingunni. Þetta er það mikil vaxtalækkun, að um það munaði verulega. Einnig væri þeim nokkurt hagræði í lengingu lánstímans.

Annað aðalefnisatriði frv. er það að lækka ársvexti af lánum til verkamannabústaða um helming, eða í 2%, eins og vextir af þeim lánum voru upphaflega ákveðnir, en núv. ríkisstj. hækkaði vexti af þessum lánum um helming skv. heimild í lögum um efnahagsmál frá 19. febr. 1960. Í þessu frv. er til þess ætlazt, að vaxtalækkun sú, sem í því felst, nái til allra lánssamninga byggingarsjóðanna, einnig þeirra, sem gerðir voru fyrir gildistöku laganna með öðrum og hærri vöxtum, allt upp í 9%. Á sama hátt skulu lækka ársvextir bankavaxtabréfa veðdeildar Landsbankans og byggingarsjóðs verkamanna.

Það er, held ég, viðurkennt af öllum, að þau lán, sem hér eru veitt til íbúðabygginga, eru allt of lág. Ég held, að ágreiningur sé ekki um það. Miðað við núv. byggingarkostnað eru þau oftast nær innan við 20% af byggingarkostnaðinum. Og þegar við lítum á málið nánar, þá kemur það í ljós, sem kannske kann að virðast ótrúlegt, þegar menn heyra það fyrst sagt, en það er samt rétt, að lánin eru lægri en innflutningstollar og söluskattar eru nú orðnir af byggingarefni í meðalíbúð. Þetta þýðir því, að ríkissjóður íþyngir húsbyggjendum í stað þess að hjálpa þeim, þ. e. a. s. hann tekur meira í tollum og sölusköttum af byggingarefni en hann lætur í lánsformi. Hér er því heldur lagður steinn í götu þess, að byggt sé viðunandi húsnæði yfir fólkið í landinu, heldur en þjóðfélagið geri þá skyldu sína að greiða fyrir framgangi þessara nauðsynjamála.

Í þessu frv. er, og það tel ég þriðja meginefnisþátt þess, lagt til, að tollar og söluskattar verði endurgreiddir í einu lagi af hverri íbúð, þegar byggingu er lokið, — ég tek það fram, — ekki samkvæmt efnisreikningi húseigandans, heldur eftir útreikningi húsnæðismálastjórnar á grundvelli þess efnismagns, sem fer í vísitöluhúsið. Uppgjör þetta og endurgreiðslur skulu fara fram í samráði við fjmrn. í hvert sinn.

Ég vil nú þessu næst víkja nokkrum orðum að afstöðu hv. meiri hl. heilbr.- og félmn.

Þau rök, sem meiri hl. heilbr.- og félmn. færir fyrir þeirri skoðun sinni, að fella beri frv., eru aðallega þrenn:

1) Að A-lánaskuldabréfin mundu falla í verði og verða óseljanleg á almennum markaði nema fyrir sáralítið verð, ef þau bæru aðeins 4% vexti. Þetta eru að minni hyggju fányt rök, þegar af þeirri ástæðu, að A-lánabréfin hafa aldrei verið á hinum almenna verðbréfamarkaði, og er ekki ætlazt til þess, að þau verði það. Veðdeild Landsbankans hefur keypt þau affallalaust, og er til þess ætlazt, að svo verði áfram.

2) Gegn ákvæði 3. gr. frv. um, að vextir af þeim bankavaxtabréfum A-flokks, sem veðdeild Landsbankans hefur gefið út fyrir gildistöku laganna, skuli einnig lækka í 4% og lánin verða jafngreiðslulán, ber meiri hl. n. fram þau rök, að þetta muni brjóta í bága við ákvæði stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins. Meiri hl. talar í nál. sínu um bótalausa fjártöku í þessu sambandi og fullyrðir, að þetta ákvæði frv. sé þess vegna óraunhæft. En hvað er hér um að ræða? Jú, það er um að ræða að lækka vaxtaákvæði skuldabréfa. Ég held, að þessi fullyrðing styðjist ekki við nokkur rök. Í fyrsta lagi nefndi enginn eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar, þegar vextir þessara sömu A-bréfa voru hækkaðir, en sú breyting skerti vissulega hagsmuni ákveðinna aðila, en að vísu annarra aðila en þeir í meiri hl. bera fyrir brjósti. En það, sem úr sker um þetta atriði, er, að með ákvæði frv. er einskis manns eign skert. Skuldabréfið er og verður sama eignin áfram, þó að frv. verði að lögum. Það er einungis arðsemi eignarinnar, sem segja má í þessu tilfelli að breytist með lögfestingu frv. En það er öllum kunnugt, að hér á hv. Alþingi gerist það dögum oftar, að arðsemi eigna er breytt með lagaákvæðum. Um það verður því tæpast deilt, að hinn almenni löggjafi er bær um að setja reglur um arðsemi eigna og tekna og um tekjur manna af eignum, án þess að það brjóti í bága við stjórnarskrána. Sú eign, sem hér um ræðir, er peningaeign bundin í skuldabréfi, og það er hafið yfir allan vafa, að löggjafinn getur sett hvaða reglur sem honum þóknast um arðsemi þeirrar eignar. Hann getur einnig markað samningsfrelsi manna um slíka arðsemi bás eftir vild sinni og gerir það iðulega.

3) Endurgreiðslum tolla og söluskatta mótmælir meiri hl. heilbr.- og félmn. með þeirri röksemd, að með því væri þegnum þjóðfélagsins veitt misjöfn aðstaða til að standa undir þeim kostnaði, sem bygging íbúða hefur í för með sér, og muni af því leiða, að aðrir mundu bera fram jafnréttháar kröfur á ríkissjóð um endurgreiðslur tolla og söluskatta frá sama tímabili og þannig skapa ranglæti, ef slíkum kröfum væri aftur á móti hafnað. Um þetta er ég ekki sammála meiri hl. n. Ég tel, að húsbyggjendur hafi orðið svo harkalega fyrir barði tveggja gengislækkana, að á fáa eða enga aðra þegna þjóðfélagsins væri hallað, þó að tollar og söluskattar af byggingarefni yrðu endurgreiddir frá því í febrúar 1960, eins og frv. gerir ráð fyrir, enda sé ekki um ó-

hóflega stóra íbúð að ræða, aðeins verið að svara íbúðaþörf húsbyggjenda.

Ég get hér skotið því inn í, að það er til fordæmi, þar sem komið hefur verið til móts við menn, sem vinna að íslenzkum skipaiðnaði, íslenzkri fiskiskipabyggingu. Ég flutti fyrir mörgum árum tillögu um það, að tollar væru endurgreiddir af byggingarefni til skipa, og efnislega var sú till. samþykkt og er — vænti ég — í framkvæmd enn, Ég vona, að það sé rétt, sem ég hermi, að enn þá séu endurgreiddir tollar af efni til skipa. Og að hjálpa húsbyggjendum, sem í slíkum nauðum eru staddir sem ég hér hef gert grein fyrir, væri nákvæmlega hliðstæða við þetta. Ef ég man rétt, var ágreiningslaust samþ. á Alþingi að taka upp endurgreiðslu á tollum af byggingarefni og tækjum í þau skip, sem væru byggð hér innanlands. Þetta finnst mér því vera fánýt röksemd gegn frv. alveg eins og tvær hinar fyrrnefndu.

Þá klykkti meiri hl. heilbr.- og félmn. út með þeirri röksemd, ef röksemd skyldi kalla, að fjarstæða sé að gera svo víðtækar breytingar á lögunum um húsnæðismálastofnun og byggingarsjóð ríkisins, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir, áður en vitað sé, hvað sú nefnd, sem ríkisstj. hafi skipað til þess að endurskoða lögin, leggi til um breytingar á þeim. Já, einmitt það. Alþ. á sem sé ekki að leyfa sér að gera breytingar á neinum þeim lögum, sem ríkisstj. hefur falið gæðingum sínum að athuga. Það á bara að bíða eftir tillögum þessara útvöldu brjóstmylkinga ríkisstj. Nei, eftir mínum skoðunum hefur Alþingi allt öðru hlutverki að gegna en bíða eftir aðgerðum og tillögum slíkra herra. Ég leyfi mér að kalla þetta móðgun við Alþingi. Því ber sannarlega engin skylda til að bíða eftir slíkum laumunefndum. Og í sambandi við þetta vil ég leyfa mér að taka fram, að ég tel það raunar ósvinnu hina mestu, sem nú er að verða opinbert smám saman, að ríkisstj. hefur raðað öllum þingmönnum stjórnarflokkanna í launaðar nefndir og hefur þannig ákveðið þeim í reyndinni allt annað og hærra þingfararkaup en stjórnarandstæðingum. En hins vegar er staðið fast á því að hreyfa í engu í samkeppnisátt hinu viðurkennda kaupi þingmanna. Þessu leyfi ég mér harðlega að mótmæla og veit, að allir viðurkenna raunar, að þetta er ósæmilegt með öllu. Með þessu er undirbúningi lagabreytinga komið í svo hlutdrægt horf, að ekki verður við unað, sízt af öllu eftir að farið er að beita þeim rökum, að Alþingi eigi ekki að leyfa sér að breyta neinum þeim lögum, sem þessar laumunefndir séu að athuga.

En meiri hl. heilbr.- og félmn. botnar einmitt nál. sitt með þessari röksemd, með orðunum: „Með tilvísun til þessa leggur meiri hl. nefndarinnar til, að frv. á þskj. 104 verði fellt," — einkanlega og sér í lagi af því, að nefnd úr hópi stjórnarþingmannanna er að athuga þessa löggjöf. En við í minni hl. fáum hins vegar ekki skilið, að háir vextir á íbúðarhúsalánum séu sú víðtæka allsherjarblessun, sem megi ekki frá neinum taka, og þess vegna leggjum við til, að frv. verði samþykkt.

Fyrir flm. þessa frv. vakir það og það eitt að létta ofur lítið drápsbyrðar hárra vaxta, of stutts lánstíma og stórhækkaðs byggingarkostnaðar af herðum þess fólks, sem hefur lagt út í þá þrekraun að reyna að koma upp viðunandi húsnæði yfir sig og sína. Ég teldi það vera þjónustu við framtíðina að reyna nú þegar með skynsamlegum lagabreytingum að koma í veg fyrir það, að bygging íbúðarhúsnæðis stöðvist að mestu. En í þá átt stefnir nú. Það er talandi vottur, að nú hefur notkun íslenzks sements minnkað um rúmlega þriðjung, og þar hefur mest dregizt saman bygging íbúðarhúsnæðis. Það er líka hin fyllsta og brýnasta ástæða til þess, að það fólk, sem staðið hefur í byggingu að undanförnu og er að ráðast í slíkt nú eftir tvær gengislækkanir og mjög hækkaða söluskatta, fái hjálp til þess að geta haldið íbúðum sínum, svo að erfiðislaunin verði ekki eftir allt saman þau að missa þessar íbúðir undir hamarinn, rétt þegar verið er að ljúka þeim. Mér finnst rök þeirra hv. þm., sem leggja til, að þetta frv. sé fellt, vera mjög léttvæg, og legg áherzlu á það, að þingmenn láti nú réttinn fremur en fylgispektina ráða afstöðu sinni til þessa máls.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Hæstv. forseti. Ég hafði búizt við því, að hv. samverkamaður hv. frsm. minni hl. í þessu máli og mörgum öðrum mundi gera grein fyrir sínum fyrirvara, og þess vegna væri kannske réttara, að ég biði, þangað til hann er búinn að ljúka máli sínu. Ég hefði helzt viljað það, til þess að þurfa ekki að vera að halda fleiri ræður um málið en nauðsynlegt er, ef hæstv. forseta er sama, þótt ég fresti mínu máli, þangað til hv. 4. þm. Reykn. er búinn að tala. **(Forseti:** Mér var ekki ljóst fyrr en nú, að hv. þm. hefði verið búinn að biðja um orðið, en 4. þm. Reykn. tekur þá til máls.)

Jón Skaftason: *Hæstv. forseti. Ég er að meginefni til samþykkur þeirri stefnu, sem fram kemur í þessu frv. um, að eðlilegt og réttlátt sé, að lækkaðir séu vextir af byggingarlánum úr byggingarsjóði ríkisins. Ég tel hitt vafasamara, að vaxtalækkun þessi sé látin ná aftur í tímann.* Það er vitað mál, að þann vaxtamismun, sem kann að koma fram, vegna þess að búið er að selja bréf með hærri vöxtum en gert er ráð fyrir að verði, eftir að frv. yrði samþ., — að einhver þarf að borga þann vaxtamismun. Ég teldi eðlilegt, að það væri tekin inn á fjárlög hvers árs, ef frv. yrði samþ., einhver fjárhæð, sem ríkissjóður greiddi til þess að bæta upp það vaxtatap, sem yrði á þessu. Þá tel ég heppilegri leið að hækka hámarkslán byggingarsjóðsins sérstaklega fyrir þá, sem hafa byggt, eftir að efnahagsaðgerðirnar voru lögfestar í febrúar 1960 og hafa lent í hinum háa byggingarkostnaði, sem varð eftir það. Ég tel eðlilegra, að þeir eigi frekar kost á hærri lánum til þess að standa undir byggingarkostnaði, og hef flutt um það frv., heldur en til komi endurgreiðsla á tollum, sem þeir eru búnir að borga, um leið og þeir hafa keypt sitt byggingarefni. Að þessu tvennu lýtur fyrirvari minn við þetta frv.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Fyrirvari hv. 4. þm. Reykn. sýnir glöggt, að 4 nm. hv. félmn. eru á þeirri skoðun, að það sé ekki hægt að gera þessa breytingu, nema ríkissjóður taki á sig stórkostlega ábyrgð, svo að nú er hv. frsm. minni hl. n. orðinn einn á báti í sambandi við flutning máls síns. Það er eitt af því, sem meiri hl. n. leggur áherzlu á, að sýna, að það er útilokað að breyta vaxtakjörunum, nema einhver aðili og þá helzt ríkissjóður tæki að sér að bæta það tjón, sem þeir menn yrðu fyrir, sem þegar hafa keypt bréfin, en það fullyrðir hv. frsm. minni hlutans að sé hægt að gera. Nú hefur fjórði maðurinn bætzt við okkar hóp, sem hefur þá skoðun. Hygg ég, að meiri hl. Alþ. fallist á, að það verði ekki hægt að ákveða skerðingu vaxtanna, nema því aðeins að einhver aðili taki að sér að greiða það tjón, sem það kann að hafa í för með sér, og þá á, eins og hv. þm. talaði um, að leggja það á ríkissjóðinn og láta það ganga inn sem útgjöld ríkissjóðs á næstkomandi árum. Vil ég því benda á, að þegar svo er komið, hefði legið nær fyrir hv. þm. að fylgja að málum meiri hl. heldur en undirskrifa minnihlutanál. og hlaupa svo frá ábyrgðinni í umræðum um málið, en sýnilegt er, að það hefur hann nú gert.

Ég ræddi ýtarlega þetta mál við umr. hér áður, þegar hvorugur þessara hv. þm. var við. Hins vegar sé ég, að hv. frsm. hefur kynnt sér það, sem ég sagði í þessu máli. Ég er hins vegar ekki sammála honum um hans skoðanir á þessu, og ég hef ekkert breytt um skoðun mína á málinu við hans ræðu. Ég held því enn fast fram, að það sé ekki hægt að breyta A-lánum, svo sem lagt er til í frv., nema innkalla lánin, hver sem er eigandi þeirra, ef breyta á lánskjörunum, og einhver aðili greiði það tjón, sem sá aðili verður fyrir, sem er eigandi bréfanna. Hér segir hv. frsm. minni hl., að það sé Landsbankinn, sem eigi bréfin, en það breytir engu að mínu áliti. Landsbankinn sem slíkur þarf ekki undir neinum kringumstæðum að taka á sig slíkar skuldbindingar og getur ekki tekið þær á sig með lagabreytingum, svo sem til er ætlazt í frv. Þarf hér fullkomið samkomulag við bankann um það, nema því aðeins að ríkissjóður greiði honum það tjón, sem af því hlýzt. Um það getur ekki verið deilt. Og nákvæmlega sama er um þá aðra aðila, sem eiga þessi skuldabréf, að það verður ekki hægt undir neinum kringumstæðum að breyta bréfunum á annan hátt en gera innköllun, greiða bréfin upp og bjóða út ný bréf. Og þá er sýnilegt, hvað skeður, að ef enginn aðili er þvingaður til þess að kaupa bréfin, og það sé ég ekki, hvernig hv. minni hl. ætlar að þvinga menn til þess að kaupa bréfin með þessum vöxtum, þá verður einhver þriðji aðili að taka að sér að greiða mismuninn eða enginn maður kaupir bréfin, eins og ég tók fram í minni fyrstu ræðu. Og ég segi enn, að ef nokkur aðili er til í þessu landi í dag, sem vill taka að sér þær greiðslur, hvort heldur það er ríkissjóður eða bankar, þá er því fé miklu betur varið til þess að halda áfram að lána mönnum, sem eru að byggja, eftir þeim reglum, sem gilda um lánin, heldur en að breyta reglunum á þann hátt, sem hér er farið fram á. Ég er hárviss um, að ef þær milljónir allar væru til, sem þarf til þess að innleysa bréfin eða bæta eigendunum tjónið, eftir að frv. yrði lögfest, þá er þeim milljónum miklu betur varið til nýrra lána handa þeim mönnum, sem nú eru að byggja, heldur en til þess að kaupa upp og greiða tjón, sem hlýtur að verða af því að lækka vextina. Og ég veit, að hv. 4. þm. Reykn. viðurkennir, að slíkt hlyti að vera miklu heppilegri lausn á málinu, ef þetta fé væri til. Sannleikurinn er sá, að þetta fé er ekki handbært í dag. Það er ekki handbært hjá ríkissjóði og því óhjákvæmilegt að gera sérstakar ráðstafanir, ef þess fjár ætti að afla og bankarnir eru ekki viljugir til þess að leggja fram þær upphæðir, sem þyrfti til þess að koma þessu máli í þetta horf. Það er meginástæðan fyrir því, að meiri hl. leggur til, að frv. verði fellt.

Meiri hl. tekur það einnig fram, að hann lítur svo á, að ef frv. þetta verður samþ., þá væri verið að skapa hér tvenns konar rétt í þjóðfélaginu í sambandi við byggingar. En það er ekkert nýtt, þótt hv. minni hl. n. vilji skapa tvenns konar rétt í þjóðfélaginu. Það er gömul saga, og á þeirri lífsskoðun byggjast þær till. að endurgreiða innflutningstoll af þessum húsum af vissri stærð. Væri stærð þeirra svo sem 10 m² meiri, skyldi tollurinn ekki endurgreiddur. Þeir menn, sem hefðu byggt áður, eða þeir menn, sem byggja síðar, fengju ekki heldur endurgreiddan tollinn. Hér er verið að skapa ranglæti í þessum málum. Þessi mál þarf að leysa á allt annan hátt en að skapa meiri vandræði við lausn þeirra en þau vandræði, sem fyrir eru.

Við skulum ekki loka augunum fyrir því, að húsnæðismál okkar þjóðar er ákaflega mikið vandamál. En það er ekki eingöngu vandamál fyrir lágtekjumenn, það er einnig vandamál fyrir svo að segja alla menn í þessu þjóðfélagi. Eigandi íbúðar, sem hv. frsm. minni hl. talaði um að mundi kosta um 400 þús. kr., mundi þurfa um 50 þús. kr. á ári til þess að standa undir vöxtum og afborgunum með þeim vaxtakjörum, sem eru nú, þarf a. m. k. 12% til þess að standa undir vöxtum, sköttum, viðhaldi og afborgunum af húsinu. Hvaða verkamaður í þessu landi hefur ráð á að búa í slíkri íbúð? Ég er ekki að segja, að þeir eigi að búa í minni íbúð, en það sýnir vandann, sem við er að glíma. Ég geri ekki ráð fyrir því, að það séu margir embættismenn, sem hafa ráð á því að greiða upp undir 50 þús. kr. á ári í húsaleigu, og er því sýnilegt, að málið er svo mikið vandamál, að það verður að taka á því allt öðrum tökum en er ætlazt til í þessu frv. Það er orðið mikið þjóðarvandamál, hvernig á að lækka byggingarkostnað íbúða í landinu almennt, og þá skulum við jafnframt athuga: Af hverju hefur byggingarkostnaðurinn stigið svo sem raun ber vitni um? Hann hefur stigið fyrir það, að fellt hefur verið hér gengi þráfaldlega, ekki af ríkisstj., heldur af fólkinu sjálfu, vegna þess að það hefur gert meiri kröfur til launa en framleiðsla landsins hefur getað staðið undir. Þess vegna höfum við komizt í gjaldeyriserfiðleika, að okkar útflutningur hefur ekki verið eins mikill og innflutningurinn. Og því meira sem lagt er af fé og vinnu til þess

að byggja upp íbúðarhús eða eitthvað annað í landinu, sem eykur ekki útflutninginn, því meiri erfiðleika skapar það í gjaldeyrismálum þjóðarinnar. Þessi mál eru miklu flóknari en svo, að hægt sé að leysa þau á þann hátt, sem lagt er til í þessu frv.

Þá fannst hv. frsm. minni hl. það ekki einungis vera fjarstæða, heldur og ganga glæpi næst að leyfa sér að hafa það sem rök fyrir frávísun frv., að málið væri í athugun í n., og lagði á það mikla áherzlu. Hann fullyrti einnig, að núv. hæstv. ríkisstj. væri búin að hlúa að öllum sínum stuðningsmönnum hér á þingi með því að skipa þá í ýmiss konar launaðar nefndir, til þess að þeir þannig fengju hærra þingfararkaup. Og það er m. a. talin ein ástæðan fyrir því, að ekki ætti að bíða eftir áliti nefndar, því að vel gætu þeir menn haldið málunum svo lengi sem þeim sýndist til þess að hafa sem lengst launin. Ég vil nú í fyrsta lagi fullkomlega mótmæla þessu og skora á hv. þm. að færa sönnur fyrir því t. d., í hvaða nefndum ég hafi verið, því að allan þann tíma, sem ég hef setið hér á Alþingi, hef ég forðazt sem mest launuð nefndarstörf. Ég skora því á hv. þm. að finna þessum sínum orðum stað. (Gripið fram í.) Hvaða nefnd er það, með leyfi? **(Gripið fram í:** Flugmál á Vestfjörðum.) Ég vil upplýsa hv. þm. um það, að ég hef unnið að tillögum til umbóta í flugmálum Vestfjarða og ekki fengið einn einasta eyri fyrir og aldrei gert kröfu um það. Ef hv. þm. byggir fullyrðingar sínar á slíkum getgátum, að menn fengju einhvern tíma eitthvað fyrir það, sem þeir eru að gera, er slíkt ekki frambærilegt. Hv. þm. ætti því að taka þessi orð sín aftur. Ég er búinn að sitja hér í fjöldamörgum nefndum, síðan ég kom fyrst á þing, og með þeim störfum hafa ekki verið hækkuð mín laun, sama mun fjöldi annarra þm. geta sagt.

Í sambandi við þetta vil ég leyfa mér að benda á, að meginrökin fyrir því, að meiri hl. vildi fresta afgreiðslu málsins frá nefnd, var sú, að n. vissi, að það voru á ferðinni till. um þessi mál. Þess vegna óskuðum við eftir því, að málið mætti bíða, þar til þær lægju fyrir, en þeirri ósk var ekki mætt af hv. minni hl. Hann krafðist þess, að málið væri afgr. til 2. umr., eins og nú hefur verið gert. En nú hefur komið á daginn, að einmitt þessi nefnd, sem hæstv. ríkisstj. hefur sett til þess að athuga þessi mál, hefur þegar skilað sínum tillögum, og það hefur verið lagt fram frv. til laga sem stjórnarfrv. um þessi mál. Þætti mér eðlilegast, að hæstv. forseti frestaði að taka þessi mál á dagskrá, þangað til það frv. kemur til umræðu, vegna þess að það fjallar um nákvæmlega sama mál. Mætti þá koma fram brtt. við það frv. í samræmi við ákvæði þessa frv. Að ekki fékkst samkomulag um frestun afgreiðslu á þessu máli frá n., kom til af því, að minni hl. treysti því ekki, að tillögur kæmu bráðlega frá nefndinni. En nú er þetta mál komið fram, og þar er m. a. tekið upp sams konar ákvæði og er á þskj. 75, þ. e. í frv. hv. 4. þm. Reykn. um að hækka hámarkið. Þess vegna sýnist mér, að það ætti að fresta umr. um þetta mál einnig, þar til stjórnarfrv. kemur hér til umræðu, og það sé engin ástæða til að eyða tíma þingsins til þess að ræða þessi mál, því að það er allt nákvæmlega sama málið. Ég geri ekki ráð fyrir því, að umræður þessar breyti skoðun þm. almennt um meginatriðin, og þótt svo væri, mundi heppilegra að ákveða þetta í einum lögum en að setja um það þrenn lög á sama þingi.

Mín skoðun er sú, og hún er alveg óbreytt, að ef ekkert er gert annað en samþ. það frv., sem hér liggur fyrir, þá sé verið að torvelda þessum mönnum að byggja, en ekki verið að hjálpa þeim, því að þær ráðstafanir, sem frv. gerir ráð fyrir, mundu skapa slíka erfiðleika, að það mundi vera enn torveldara í framtíðinni að leysa þann vanda, sem hér er á ferðinni. Þess vegna er ég algerlega á móti því, að ákvæði þessa frv. verði lögfest.

Ég vil m. a. benda á, að það var eitt sinn heimilað í lögunum um húsnæðismál að endurgreiða innflutningstoll af húsum, sem flutt voru inn frá Svíþjóð á árinu 1945. Viðkomandi hæstv. ráðherra notaði aldrei þá heimild, og það var m. a. vegna þess, að það voru aðeins flutt inn tvö hús á árinu 1945, en meginhluti húsanna var fluttur inn 1946 og 1947. Hann óskaði heimildar á ný til þess að mega endurgreiða tollinn af þeim húsum, sem síðar voru flutt inn. Þessi till. var þrisvar sinnum felld hér af meiri hl. Alþ. og Alþ. heimilaði því ekki að endurgreiða innflutningstollinn, og til þess lágu nákvæmlega sömu rök og nú, að það væri verið að skapa misrétti á milli þeirra manna, sem þá voru að byggja. Og það voru ekki eingöngu sjálfstæðismenn, sem stóðu að því á þeim tíma, það er hægt að fletta upp í þskj. til að sjá, hvort það hafi ekki einnig verið bæði framsóknarmenn og ég held einnig Alþýðuflokksmenn, sem stóðu að því að fella þessa till. Það er svo allt annað atriði, að þáverandi hv. fjmrh. Framsfl. greiddi miklu síðar þetta án nokkurrar heimildar. Hann gerði það náttúrlega á sína ábyrgð, en Alþ. hafði þrisvar sinnum neitað um heimildina og aldrei samþ. hana. Og þegar litið er á, að nýlega er búið að fella hér till. um að undanþiggja innflutningsgjöldum jafnnauðsynleg framleiðslutæki og búvélar bænda til þess að standa undir framleiðslu landsmanna, þá teldi ég það hvorki viturlegt né eðlilegt, að samþ. væri till. um að endurgreiða innflutningstoll á byggingarefni. Þetta vandamál verður ekki leyst með því að skapa aðra erfiðleika, sem verður enn erfiðara að glíma við.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða þetta mál hér núna. Þetta mál verður sjálfsagt rætt hér ýtarlega, þegar stjórnarfrv. um þetta mál kemur til umræðu, og vil ég í því sambandi spyrja hv. 4. þm. Reykn., hvort honum mundi ekki þykja eðlilegt, að frestað væri fyrirtöku á næsta máli, þ. e. 58. máli, sem snertir nákvæmlega þetta sama atriði, þar til umr. fara fram um frv. ríkisstjórnarinnar um sama mál. Ég sé ekki, að það sé neinum til hagsbóta, að vera að eyða tíma þingsins í að vera að ræða nákvæmlega sama atriði og þar er tekið upp í frv., og skýt ég því þess vegna til forseta, hvort ekki sé rétt að fresta nú þessari umræðu og taka málið út af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 58. fundi í Nd., 2. marz, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Einar Olgeirsson: Hæstv. forseti. Í nál. því, sem hv. meiri hl. heilbr.- og félmn. hefur skilað, eru færð fram tvenn rök á móti þessu frv. Í fyrsta liðnum eru færð fram þau rök, að það sé óleyfilegt að gera ráðstafanir til þess að lækka vextina, svo sem þar er lagt til, og tekið þar m. a. svo til orða, með leyfi hæstv. forseta: „Þá yrði það og lögfest að lækka jafnframt vaxtatekjur af þeim bréfum, sem þegar eru seld, og er enginn vafi á því, að ákvæði stjórnarskrárinnar vernda þegnana gegn slíkri fjártöku bótalaust."

Það er greinilegt, að meiri hl. heilbr.- og félmn. virðist hafa þá skoðun, að vextir séu álíka helgir og eignarrétturinn skv. stjórnarskránni, og það er vert að athuga þessa skoðun hv. meiri hl. dálítið nánar, ekki sízt með tilliti til ýmissa annarra ráðstafana, sem sá meiri hl., er stjórninni fylgir hér á Alþingi, hefur gert. Það er raunverulega alveg dæmalaust, að önnur eins skoðun skuli koma fram og sú, að ráðstöfun til þess að lækka vexti sé svo að segja eignarán og brjóti þess vegna í bága við stjórnarskrána. Það er sérstaklega undarlegt, að slíkar skoðanir skuli koma fram af hálfu ríkisstjórnarmeirihlutans hér, sem sjálfur hefur gert meira en flestar aðrar ríkisstj. og þeirra fylgjendur til þess að ganga á gerða samninga og brjóta samninga, ef í hlut hafa átt verkamenn. Það er undarleg hugmynd um heilagleika fjártekna, þegar þessi meiri hl. virðist álíta, að vaxtatekjur af fjármagni séu eitthvað heilagt, sem megi ekki snerta við, en svo framarlega sem verkamaður á í hlut, sem með samningi er búinn að tryggja sér ákveðið kaupgjald fyrir sína vinnu, þá er sjálfsagt með lagaboði að ræna því, svo sem t. d. var gert með breytingunni á ákvæðunum um vísitöluna. Það heyrist ekki eitt orð frá þeim mönnum, sem þykjast vera að varðveita eignarréttinn og telja eignarréttinn helgan hér í þessum þingsal, þegar verið er að skerða þá samninga, sem verkamenn hafa gert við atvinnurekendur um það, hvaða kaupgjald þeir eigi að hafa til þess að lifa af. En svo framarlega sem á að draga úr vöxtum af fé, vöxtum af fjármagni, þá er eins og heimurinn sé að farast. Þetta sýnir bezt afstöðu þessa meiri hluta annars vegar til auðmagnsins og hve heilagt það eigi að vera og hins vegar til vinnuaflsins, sem er sjálfsagt að ræna, hvenær sem hægt er, og það hefur sjaldan komið fram eins greinilega og einmitt í sambandi við þessa skoðun, sem meiri hluti hv. heilbr.- og félmn. lætur hér svona ótvírætt í ljós.

Þetta er nú raunverulega ekki aðeins dæmi um ranga skoðun og siðferðilega rangan verknað, að álíta sjálfsagt að ræna verkamanninn og brjóta samninga á honum, en álíta það goðgá að draga eitthvað úr vöxtum af auðmagninu. Þetta er e. t. v. dálítið tímanna tákn, að svona skoðun skuli koma fram og það í áliti eins meiri hluta einnar n. á hv. Alþingi, vegna þess að sjálft Alþingi hefur á undanförnum áratugum, — mér liggur við að segja: haft það fyrir reglu að brjóta gegn þeim ákvæðum, sem þessi hv. meiri hl. er núna að reyna að fara að telja heilög.

Vextir eru algerlega háðir því, hvort Alþingi leyfir, að þeir séu teknir eða ekki. Vextir eru enginn hlutur, sem er helgaður með stjórnarskránni, — vextir af auðmagni. Alþingi getur ákveðið þá rétt eins og því þóknast með lögum. Vextir eru því aðeins leyfilegir, að Alþingi leyfi að taka vexti, og Alþingi getur bannað að taka vexti. Ef hér væru einhverjir mjög kristilegir menn t. d., sem ég veit náttúrlega að eru ekki, þá mundu þeir kannske fara að vitna í biblíuna og segja, að það væri algerlega bannað og hafi verið og hafi löngum verið svo í kristindóminum, að það væri bannað að taka vexti af fé, það sé algerlega á móti lögmálum Gamla testamentisins. Og náttúrlega væri vel hægt að setja hér lög um, að það bryti í bága við stjórnarskrána, að það yrði bannað á Íslandi, að Ísland yrði gert að svo hákristilegu ríki, að það yrði bannað að taka vexti af fé. Það er t. d. gefið mál, að það er hægt að leggja skatta á vexti, taka vexti svo að segja alveg með sköttum. Það snertir ekki eignirnar nokkurn skapaðan hlut, það er bara verið að taka vissan gróða, sem skapast, með vissu móti.

Satt að segja hefur Alþingi ekki látið sér nægja að gera ráðstafanir viðvíkjandi vöxtum á undanförnum árum. Alþingi ákvað langa lengi, að það mætti ekki taka hærri vexti t. d. en 8%. Það varðaði við lög að taka meira, menn voru dæmdir fyrir okur, þangað til núv. hæstv. ríkisstj. afnam okurlögin og sagði, að það væri alveg sjálfsagður hlutur að okra, það væri svo hákristilegt, að það væri engin ástæða til þess að vera að banna það með lögum, að menn tækju, þótt það væru 12% vextir og jafnvel meira, enda bönkum leyft að taka upp í 16% jafnvel og leyft að ákveða sjálfir, hve mikið þeir væru.

Og Alþingi hefur satt að segja á undanförnum áratugum ekki látið við það sitja að gera alls konar ráðstafanir viðvíkjandi vöxtum, þó að meiri hl. hv. heilbr.- og félmn. virðist vera búinn að gleyma því. Alþingi hefur satt að segja gert ráðstafanir til þess að gera eignir að engu og talið sér það lögheimilt. Það er nokkrum sinnum t. d. á undanförnum áratugum búið að framkvæma það, sem kallað hefur verið skuldaskil og ég býst við að flestir hv. þm. kannist við ýmist af afspurn eða þeir hafa tekið þátt í því að framkvæma þau. Og hvernig hafa þessi skuldaskil, t. d. útvegsins eða landbúnaðarins, stundum verið framkvæmd? Jú, þau hafa verið framkvæmd þannig, að raunverulegar eignir — skuldir, sem menn hafa átt hjá öðrum, hafa verið gerðar einskis virði, strikaðar út hreinlega, með lögum frá Alþingi, eign, sem maður hefur átt, hefur verið gerð að engu í sambandi við það, að það hafa verið sett lög um skuldaskil. Og það er eins og hv. meiri hl. heilbr.- og félmn. sé búinn að gleyma þessu algerlega. Það hefur kannske einhver verið að tala um, að það bryti í bága við eignarrétt, en engu að síður gerði Alþingi þessar ráðstafanir.

Það voru sett lög um þetta. Og satt að segja er eignarrétturinn heldur ekki til nema bara af því, að hann er í lögum.

Hv. frsm. meiri hl. heilbr.- og félmn. sagði, að það væri ekki hægt að lækka vextina, nema ríkissjóður tæki að sér að borga. Það er farin að verða hálfeinkennileg hugmyndin, sem menn gera sér nú á tímum, á þessu síðdegissumri privatkapítalismans hér á Íslandi, um helgi vaxtanna. Það var hægt að hækka vexti, taka ákvörðun um það að hækka vexti, án þess að ríkissjóður færi að borga vaxtagreiðendunum, en það má ekki lækka vextina, án þess að ríkissjóður eigi að fara að bæta það upp. Sjá menn ekki, hvers konar vitleysu menn eru að tala um þarna, eða er mönnum farið að verða auðmagnið eða fjármagnið allt í einu svona heilagt, að eigi að lækka vexti, þá sé eins og komið við kaunin í allri stjórnarpólitíkinni?

Auðvitað getur Alþingi tekið ákvarðanir um jafnt að hækka og að lækka vexti og banna að taka vexti. Þetta eru allt saman bara ákvæði um, hvaða lög skuli gilda í einu landi, og það er alveg dæmalaus hlutur, að meiri hluti einnar n. á Alþingi skuli láta svona hlut út úr sér eins og þarna er látinn út úr sér og ætla að rökstyðja það að vísa frá heilu frv. á slíkum grundvelli. Ég man satt að segja varla eftir, að meiri hl. einnar n. hafi ófrægt sig eins og meiri hl. þessarar n. gerir með afgreiðslu sinni á málinu. Ég veit ekki, hvort þessi ofsatrú á kapítalismann er farin að leiða menn svona afvega, að menn eru hættir meira að segja að sjá, hvað hafi verið praksis á Íslandi um áratugi í þessum efnum og hvað þeir sjálfir hafa framkvæmt.

Nei, gróði af fjármagni eða vextir af fjármagni, þeir eru engan veginn helgaðir í stjórnarskránni, ekki á nokkurn máta. Og eins og allir hv. þm. vita, þá er meira að segja sjálft eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar ekki burðugra en það, að það sýnir sig, að með því að kalla eignarnám, — svo að ég noti orð, sem íhaldssamir menn nota stundum um vissa tegund aðfara af hálfu ríkisins, — með því að kalla eignarnám skatt, þá er hægt að taka hvaða eign sem er, og fyrir því liggja hæstaréttardómar nú þegar, eins og mönnum er kunnugt. Meira að segja eignarréttarparagrafinn stenzt ekki betur en þetta. Mönnum er það vafalaust ljóst, að það er hægt af hálfu Alþingis að leggja skatt á hvaða eign sem er, sem mundi samsvara nokkurn veginn þeim vöxtum, sem eignin gæti borið sem höfuðstóll. Þar með er raunverulega búið að taka eignina með því að taka allt, sem hún getur gefið af sér. En það er ekkert í lögum eða stjórnarskrá, sem hindrar slíkt. Þess vegna nær það ekki nokkurri átt að koma fram með á Alþingi svona hluti eins og í þessum fyrsta lið þessa nál. Meiri hl. n., sem gerir sig sekan um að afgreiða á þennan máta, á raunverulega að biðja Alþingi afsökunar og taka svona nál. til baka og vinna dálítið betur úr því.

Þetta er því sorglegra, að góðum mönnum eins og þessum meiri hl. skuli verða svona á, sem það er orðin brýnasta nauðsynin í þjóðfélaginu núna að lækka vextina. Það, sem er að drepa íslenzkt þjóðfélag í dag, eru vextirnir. Það eru þeir, sem eru að sliga bæði almenning og atvinnulífið. Hæstv. ríkisstj. skal ekki halda það, að þó að hún hafi fengið 600 millj. upp úr síldinni síðasta sumar, þá bjargi slíkt henni endalaust. Afleiðingarnar af svona okurpólitík, eins og nú hefur verið rekin, koma að lokum í ljós. Þess vegna eru þær ráðstafanir, sem lagt er til að gera með því frv., sem hér liggur fyrir um að lækka vextina, einmitt góð vísbending um þær ráðstafanir, sem þarf að gera á öllum sviðum þjóðlífsins hjá okkur, og þessir riddarar hinna háu vaxta munu eiga eftir að reka sig á það, að vextirnir hafa verið það, sem lengst af hefur sligað atvinnulífið á Íslandi, og hver einasta stjórn og hver einasti flokkur, sem barizt hefur fyrir raunverulegum framförum á Íslandi, hefur orðið að berjast fyrir því að lækka vexti. Það var engin tilviljun í gamla daga t. d., þegar Framsfl. var að hefja baráttu sína á þriðja áratug aldarinnar, að krafan um 2½% vexti til landbúnaðarins var ein höfuðkrafa þess flokks. Og það var heldur ekki nein tilviljun, þegar nýsköpunin var hafin í sjávarútveginum eftir styrjöldina, að ein höfuðráðstöfunin, sem gerð var, var að lækka vexti af framleiðslutækjum sjávarútvegsins niður í 2½%. Lágir vextir eru lífsnauðsyn ungu þjóðfélagi, sem er að byggja sig upp, og það er ekki til eins banvænt eitur fyrir slíkt þjóðfélag og háir vextir. Það er eins og fjötur um þess fót. Þess vegna er það alveg hörmuleg sjóndepra, sem er að grípa um sig hjá mönnum, er annars segjast vilja vinna að eflingu atvinnulífs, að þeir skuli ætla að láta sig henda að gerast slíkir formælendur hárra vaxta eins og meiri hl. heilbr.- og félmn. þarna hefur gert. Ef haldið er áfram eins og núna t. d. hvað íbúðarhúsin snertir, þá fer það þannig, að Íslendingar hafa yfirleitt ekki efni á að búa í húsum. Þau hús, sem núna er verið að byggja í Reykjavík, sæmilegar þriggja og fjögurra herbergja íbúðir, — það mun kosta þá menn, sem eru að reyna að eignast þetta sjálfir, um 3000 kr. á mánuði og yfir það að eiga að búa þar í. Og þegar laun manna eru kannske 5000 kr. á mánuði, þá geta menn gert sér í hugarlund, hvaða efni menn hafa á því að búa í slíkum húsum, og jafnvel þó að menn hefðu meira, þótt menn hefðu upp í 6 og 7 þús., þá er gefið, að ef menn eiga að borga helminginn af öllum sínum tekjum í raunverulega húsaleigu, þá er lífsstandardinn orðinn svo lágur, að það er ekki viðhlítandi. Og að lokum hlýtur auðvitað að fara svo, að vextirnir af íbúðarhúsunum leggjast yfir á sjálft atvinnulífið og yfir á útflutninginn í hækkuðu kaupgjaldi.

Það er þess vegna ekkert spursmál, að í löndunum t. d. hér í kringum okkur, við skulum segja á Norðurlöndum, þar hefur skynsöm atvinnurekendastétt, ekki sízt þeir atvinnurekendur, sem hafa með útflutning að gera, alltaf séð það, að eitt af því nauðsynlegasta fyrir hana var, að rekin væri slík íbúðapólitík, að húsaleigunni væri haldið niðri, að það væri nógu ódýrt að búa í húsum, til þess að verkamenn yrðu ekki að hækka kaup sitt vegna hárrar húsaleigu, sem kæmi svo aftur seinna meir niður á útflutningsatvinnuvegunum. Hérna aftur á móti virðast

þeir atvinnurekendur, sem ráða í þessum efnum, ef þeir þá ráða þessu og láta ekki einhverja skammsýna hagfræðinga ráða fyrir sig, — þá virðast þeir hugsa svo almennt, að ef vextir af kapítali séu háir, þá sé allt gott í þjóðfélaginu, og það menn, sem venjulega eiga hverfandi lítið kapítal sjálfir, heldur verða að fá það lánað hjá bönkunum. Það er satt að segja undarlegt, þegar atvinnurekendur fara að hugsa á þann veg.

Fyrsti liðurinn í rökum heilbr.- og félmn. fær þess vegna engan veginn staðizt.

Þá er aðalatriðið í öðrum og síðari rökum þeirra á móti frv. það, að það væri að mismuna mönnum að fara að gefa eftir tollana af því byggingarefni, sem farið hefur í þau hús, sem eru enn þá í byggingu, það væri óréttlátt gagnvart þeim, sem áður hefðu byggt. Við vitum nú, hvernig hér standa sakir. Þær standa þannig, að verðbólgan hefur smátt og smátt hjálpað þeim, sem áður voru að byggja, til þess að afskrifa þeirra hús og afskrifa þeirra skuldir. Þeir, sem voru byrjaðir að byggja fyrir svona 2—3 árum og hafa lent í viðreisninni núna, eru að sligast undir því af þeim ástæðum, að þeirra laun standa í stað, þ. e. geta þeirra til að borga, en allt hefur margfaldazt í verði, sem þeir þurfa að kaupa. Það eru þess vegna einmitt þeir, sem 2—3 síðustu árin hafa verið að byggja, sem eiga erfiðast og eru að kikna undir því og er sanngjarnt og eðlilegt að hjálpa og er eðlilegt að Alþingi hjálpi, vegna þess að Alþingi hefur sjálft lagt á þá meiri byrðar en nokkra aðra. Það er þess vegna einmitt réttmætt að létta á þeim, sem nú standa í byggingum, með því að greiða þetta til baka.

Viðvíkjandi því almenna rétta í því að afnema annaðhvort tollana á byggingarefninu eða greiða þá til baka, þá er það að segja, að þetta er náttúrlega orðinn hreinn vitahringur, þetta er orðin hrein vitleysa, hvernig tollapólitík íslenzka ríkisins er. Það er lagður tollur á byggingarefni, og í venjulegri íbúð fer kannske í toll af byggingarefni, — ég skal ekki segja það alveg nákvæmlega, það fara kannske 70—80 þús. kr. Svo kemur ríkið og segir: Ég skal hjálpa ykkur til að byggja, ég skal veita ykkur lán. — Og hvað lánar svo ríkið? Jú, það lánar kannske 70—80 þús. kr. M. ö. o.: ríkið lánar það, sem íbúðareigandinn þarf að borga ríkinu í tollana. Ríkið sjálft tekur kannske þetta, sem það þarf að láta íbúðareigandann fá til þess að borga tolla til ríkisins með, að láni með háum vöxtum. Og hvað er raunverulega, sem hefur gerzt, þegar ríkið var búið að taka þessa peninga að láni með háum vöxtum, búið að lána þá síðan út til íbúðarhúseigandans, íbúðarhúseigandinn búinn að borga það til baka til ríkisins? Það eina, sem hefur gerzt, er það, að viðkomandi íbúð er orðin — við skulum segja 20% dýrari en hún þurfti að vera, ef engir tollar hefðu verið á byggingarefni, m. ö. o.: hrein verðbólguráðstöfun og ekkert annað, bara að hækka verð á byggingum. Þetta er nákvæmlega sama hringavitleysan — við skulum segja eins og t. d. dæmið, sem allir hv. þm. þekkja, tollarnir á raforkuvélunum til Sogsvirkjunarinnar. Þegar ríkið lagði 25 millj. kr. í tollum á vélarnar til Sogsvirkjunarinnar, sem ríkið ásamt Reykjavíkurbæ sjálft á, ákveður síðan að gefa út skuldabréfalán með visitöluvöxtum og selja þessi skuldabréf til þess að fá inn 25 millj. kr. eða heldur meira, því að það voru meira að segja afföll á þessu, — til þess að fá peninga til þess að borga sjálfu sér 25 millj. kr., — og er svo enn í dag að borga þessar 25 millj., sem það fékk að láni til að borga sjálfu sér með vöxtum og visitöluuppbót, sem gerir þessar 25 millj. kr. að meira en 30 millj. kr. Og hver er svo afleiðingin? Afleiðingin er bara sú, að Sogsvirkjunin er 25 millj. kr. dýrari en hún þurfti að vera og rafmagnið þess vegna því hærra, þ. e. hrein verðbólguráðstöfun. Tollarnir á þessum hlutum á Íslandi eru orðnir hrein vitleysa almennt séð, þannig að það hefði verið nær, að meiri hl. heilbr.- og félmn. tæki það til athugunar að leggja til að afnema tolla á þessum byggingarvörum, heldur en að standa á móti því, að það væri farið að létta þeim af mönnum. Hins vegar getur náttúrlega komið í sama stað niður fyrir íbúðarhúseigandann að greiða þetta til baka.

Það eru tölur, sem tala eins greinilega og hægt er um það, að þetta ástand, sem nú er viðvíkjandi byggingunum, er óþolandi. Það minnkar og hraðminnkar alls staðar á landinu, það sem lagt er í að byggja af íbúðum. Það svo að segja hrynur niður byggingarstarfsemin á íbúðum. Unga fólkið, sem sannarlega hefur ekki vantað áhuga og dugnað til þess að vinna við slíkt og hefur lagt í þetta á undanförnum áratugum og unnið afrek í því, það gefst upp, það gefst hreinlega upp við að reyna þetta. Þeir menn, sem hafa lagt í þetta núna á tímum viðreisnarinnar eða viðreisnin hefur skollið á, eru að sligast undir því, og þeir, sem núna hugsa um og langar til þess að byggja, sjá, að þetta er algerlega ófært, það er ekki hægt að leggja í það.

Það hefur því ekki aðeins verið sjálfsagður praktískur hlutur að létta þessum tollum af mönnum, heldur var það beinlínis réttlæti. En i staðinn segir meiri hl. heilbr.- og félmn., að þetta mundi skapa hróplegt ranglæti. Svona er allt orðið öfugt í kollunum á þessum hv. þm. M. ö. o.: það má ekki létta drápsklyfjum af mönnum, sem nú eru að drepast undir þeim, vegna þess að nokkrir menn höfðu áður borið allþungar byrðar, sem verðbólgan svo létti þeim. Það væru álíka rök að halda því fram, að menn mættu ekki lifa betur á Íslandi nú, vegna þess að okkar forfeður hefðu haft það mjög bágborið einu sinni. Og það virðist vera hugmyndin, sem meiri hl. gerir sér um réttlæti og ranglæti, að það megi ómögulega létta á þeim, sem eru að sligast undir byrðunum, vegna þess að þá hefðu þeir, sem áður báru byrðarnar, orðið fyrir hróplegu ranglæti.

Þegar hv. frsm. meiri hl. heilbr.- og félmn., hv. 1. þm. Vestf. (GíslJ), var að ræða um þetta mál, þá minnir mig, að hann hafi klykkt út með því í sambandi við, hvað dýrt væri að byggja hús og annað slíkt, að þetta stafaði af því, að það væru gerðar of miklar launakröfur. Mörg er sú vitleysan, sem sögð er hér í þingsölum stundum, en þetta er þó með því vitlausasta. Það eru ekki of miklar launakröfur, sem eru gallinn

á Íslandi núna. Það eru of litlar launakröfur, sem almenningur gerir nú. Það er það, sem Íslandi stendur stór hætta af og íslenzku þjóðfélagi. Við erum að missa marga af okkar menntuðustu mönnum út úr landinu, vegna þess að það er skilningsleysi hjá stjórnvöldunum á réttlátum launakröfum. Við erum að þræla út meginu af íslenzkum verkalýð í 10, 11 og 12 tíma vinnu, sem hvergi þekkist í Evrópu, af því að stjórnarvöldin halda niðri með harðri hendi launakröfum almennings og beita slíkri harðstjórn eins og gengislækkuninni í sumar til þess að reyna að stela af almenningi því, sem hann ávinnur sér með samningum við atvinnurekendur.

Það er að hefjast bráðum Norðurlandaþing, sem við hv. 1. þm. Vestf. erum að fara á. Fyrir því Norðurlandaþingi liggur m. a. tillaga um, að Norðurlandaþing beiti sér fyrir því að fara að koma á 40 tíma vinnuviku. Í grg. fyrir þeirri tillögu er minnzt á það, að í Finnlandi hafi 48 tíma vinnuvika, 8 tíma vinna á dag, verið lögleidd fyrir 40 árum. Hér á Íslandi höfum við hana ekki lögleidda af hálfu Alþingis enn, og svo er talað um hér, að það séu gerðar of háar launakröfur. Þeir menn, sem eitthvert vit hafa í stjórnarflokkunum, eins og t. d. hæstv. núv. dómsmrh., hann sagði nýlega hér, einmitt þegar verið var að ræða um 8 tíma vinnudaginn og nauðsyn hans, að það þyrfti að breyta þannig kjörum almennings á Íslandi, að menn ynnu sér inn með 8 tíma vinnu það, sem menn fá nú með sinni 11 tíma vinnu, m. ö. o.: það þyrfti að hækka kaupið um 50%, sem er alveg rétt. Og svo eru til menn hér, og það meira að segja í hv. heilbr.- og félmn., sem láta sér detta í hug að halda því fram, að það séu gerðar of háar launakröfur á Íslandi. Sannleikurinn er, að það þekkist varla í Evrópu eins hófsöm verkalýðshreyfing og sú, sem hér starfar, og verkalýðshreyfing, sem tekur annað eins tillit til þess þjóðfélags, sem hún starfar í, enda hefur hún lengst af orðið að hafa vitið fyrir atvinnurekendum í þessu landi og meira að segja orðið að kenna þeim það, að lágir vextir væru heppilegir fyrir atvinnulífið, og meira að segja orðið að berja það í gegn gagnvart ríkisvaldinu og bönkum ríkisins, að lágir vextir væru látnir í té atvinnurekendum. Það, sem Ísland þarf að fara að losna við, er sá gífurlegi vinnuþrældómur, sem núverandi kynslóð stynur undir, ekki aðeins vegna þess, að heilsu manna sé ofboðið með því, og vegna þess, að það sé óréttlátt að þræla mönnum þannig út, heldur vegna þess að menningu þjóðarinnar stafar hætta af því, að menn hafi engan tíma afgangs til þess að sinna áhugamálum sínum, engan tíma svo að segja til þess að líta í bók.

Það er stór hætta á ferðum með þeim þrældómi, með þeim vinnuþrældómi, sem nú er orðinn hér á Íslandi. Það var eðlilegur hlutur fyrir þjóð, sem lengst af hafði þjáðst af atvinnuleysi, er hún gat fengið nóga vinnu, að menn vildu leggja mikið á sig nokkur ár. Menn tóku það eins og eina langa vertíð, voru vanir að vinna mikið. En þegar slík vinna er farin að standa í 20 ár, þegar það er farin að verða svo að segja heil kynslóð, sem svona vinnur, þá er verið að ofbjóða slíkri kynslóð.

Eitt af brýnustu nauðsynjamálum íslenzks almennings nú er, að lausn sé fundin á húsnæðismálunum. Þegar það að greiða sjálfum sér húsaleigu er frá 25—50% af tekjum eins manns, þá er ástandið alveg óþolandi, og þá er notadrýgsta launahækkun, sem almenningur getur fengið, sú, að þessi húsaleiga sé lækkuð, og ef atvinnurekendur á Íslandi hugsuðu að einhverju leyti eins og skynsamir atvinnurekendur gera víða erlendis, þá ættu þeir að gera þá kröfu til ríkisvaldsins og til bankanna, að það verði séð um, að enginn launþegi á Íslandi þurfi að borga meira en t. d. 10% af sínu kaupi í húsaleigu. Þetta væri hægt með skynsamlegu fyrirkomulagi og lágum vöxtum. En jafnvel þó að það yrði upp í 18%, sjötti partur af launum manns, þá er það ekki óþolandi, og flestir mundu líta á það sem gífurlega launahækkun.

Það, að menn eru að bíta sig í svona hluti, eins og hv. meiri hl. heilbr.- og félmn. gerir í þessu sambandi, viðvíkjandi vöxtum af fé, sem fer til íbúðarhúsabygginga, — það stafar af því, að menn hafa tekið þennan gróðaboðskap, sem hefur verið rekinn hér af ýmsum hagfræðingum undanfarið, eins og einhvern fagnaðarboðskap, sem ætti að gilda alls staðar. En það er ekki til neins að ætla að reka íslenzkt þjóðfélag þannig, að það sé hægt að græða á öllum sviðum. Það er bezt líka fyrir atvinnurekendastéttina í landinu að gera sér það ljóst, að ef hún vill halda áfram að vera til, þá er bezt fyrir hana að sætta sig við, að það séu ákveðin svið í þjóðfélaginu, þar sem menn megi græða, en á öðrum sviðum sé bannað að græða. Auðmenn á Íslandi hafa ekkert tækifæri í dag og hafa ekki haft á undanförnum árum til að græða t. d. á bankastarfsemi. Það er að mörgu leyti vel farið. Með því er þeim ýtt að því að græða frekar á sjávarútveginum og iðnaði. Þeir hafa ekki haft tækifæri til þess á undanförnum árum t. d. að græða á áfengissölu. Ríkið hefur tekið það sem einokun fyrir sig og sömuleiðis tóbakið. Það hafa verið ákveðin svið í þjóðfélaginu, sem hafa verið þannig tekin undan gróðamöguleikum auðvaldsins. Þeir hafa ekki haft tækifæri til þess að græða t. d. á pósti og síma, það hefur ríkið tekið fyrir sig. Þeir hafa ekki haft aðstöðu til þess að græða t. d. á því að reka sjúkrahús, taka of fjár fyrir það, ríkið hefur tekið þann rekstur fyrir sig og séð um hann. Og þannig mætti nefna fleiri dæmi.

Það er rangt hugsað hjá íslenzkri atvinnurekendastétt og þeim, sem bera hennar hagsmuni fyrir brjósti, ef hún álítur, að það sé heppilegt fyrir atvinnurekstur á Íslandi, að menn græði á íbúðarhúsabyggingum, að nokkur aðili græði á því. Það er bezt fyrir íslenzka atvinnurekendastétt, svo að ég tali nú ekki um launþega, að íbúðarhúsabyggingar séu reknar án þess, að gróðasjónarmið komist þar að, og það sé gengið út frá því, að það sé eins og hver önnur þjónustustarfsemi, þar sem sé um að gera fyrir þjóðfélagsheildina, að þeir, sem þetta eiga að nota, íbúðarhúsaeigendurnir, fái húsnæði sem allra ódýrast. Hins vegar hefur það verið svo,

að á undanförnum áratugum gróðavonar á Íslandi og gróðabralls hafa íbúðarhúsabyggingar, íbúðarhúsaleiga og allt mögulegt annað slíkt verið eitt af þeim sviðum, sem hafa verið dregin inn í þetta gróðabrall, og það er mjög illa farið. Það á að taka það út úr því. Það á að skipuleggja íbúðarhúsabyggingarnar þannig, að þar komi enginn gróði til greina og að þar sé fylgt öðrum lögmálum líka hvað snertir vexti af greiðslum en annars tíðkast. Á þessu var byrjað, þegar byrjað var af einhverju viti á þessum málum á Íslandi. Þegar byggingar- og landnámssjóður var hafinn eða þegar verkamannabústaðalögin fyrst voru sett, þá voru vextir ákveðnir 2½%. Og það er hið eina, sem vit er í í þessu. Og það að vera að hafa þarna hærri vexti er bara vitleysa. Það er ekki aðeins ranglæti, það er vitleysa. Þess vegna miðaði það frv., sem hér var lagt fyrir á þskj. 104, alveg í rétta átt og hefði frekar þurft að vera róttækara í því að lækka vextina heldur en hitt. Og það er alveg dæmalaust dæmi um þá blindni, sem farin er að grípa um sig, og skilningsleysi á þörfum íslenzks þjóðfélags, að meiri hl. hv. heilbr.- og félmn. skuli hafa lagzt á móti þessu frv., enda hefur hann gert það með þeim endemum í sínum rökstuðningi, að í minni verður haft.

Jón Skaftason: Herra forseti. Á mánudaginn eða þriðjudaginn var sagði ég hér örfá orð í sambandi við umr. um það frv., sem við erum nú að ræða, og skýrði frá því, í hverju fyrirvari minn væri fólginn við þetta frv.

Hv. 1. þm. Vestf. (GíslJ) sá tilefni til þess að fara um þessa ræðu mína nokkuð mörgum orðum, og virtist mér kenna í þeim mikils misskilnings á því, sem ég hafði sagt, því að ég skildi hann nánast þannig, að hann teldi, að fyrirvarar mínir væru það mikilvægir, að rökrétt afleiðing af þeim hefði verið sú, að ég hefði átt að greiða atkv. gegn frv. Þetta er að sjálfsögðu algerlega rangt hjá hv. 1. þm. Vestf. Ég tók fram og get endurtekið það nú, að aðalatriði þessa frv. eru um vaxtalækkun á byggingarlánum og lengingu lánstíma þeirra. Þessu er ég algerlega fylgjandi, ekki síst fyrir þá sök, að hæstv. ríkisstj. hefur með efnahagsaðgerðum þeim, sem hún hefur framkvæmt á valdatíma sínum, lagt meiri byrðar á húsbyggjendur með þeim en á flestalla aðila, ef ekki alla aðra aðila í þjóðfélaginu. Ég tel því ekki óeðlilegt, að ríkisstj. komi á einhvern hátt til móts við það fólk, sem hefur orðið fyrir þessum búsifjum af völdum efnahagsaðgerða hennar. Og þá tel ég í fyrstu röð að hækka lánin til húsbyggjenda og í annarri röð að bæta lánskjörin, þ. á m. að lækka vextina. Ég teldi það enga goðgá, þó að framvegis, meðan byggingarkostnaður er jafnhár og hann er í dag, fyrst og fremst af völdum löggjafar, sem afgreidd hefur verið frá Alþingi, yrðu beinlínis tekin upp ákvæði í fjárlögum hvers árs, er miðuðu að því að greiða niður þá háu vexti af byggingarlánum, sem nú eru í gildi.

Ég ætla að endurtaka, í hverju þeir fyrirvarar eru fólgnir, sem ég hef við þetta frv.:

Í fyrsta lagi, og það er aðalfyrirvari minn, þá er hann við ákvæði 5. gr. frv. um endurgreiðslu tolla af byggingarefni. Ég tel, að sú leið sé erfið í framkvæmd í mörgum tilfellum og geti verið viss hætta á því, að hún skapi misræmi. Ég held, að réttara sé að hækka frekar byggingarlánin til þess fólks, sem lent hefur í hinum háa byggingarkostnaði frá ársbyrjun 1960, heldur en að endurgreiða aðflutningsgjöld af þeim byggingum, sem þegar er búið að koma upp og byggjendur hafa einhvern veginn náð í fjármagn til þess að ljúka. Þetta er minn aðalfyrirvari, og á ég hér í þinginu frv. um hækkun byggingarlána úr byggingarsjóði ríkisins, sem undirstrikar þetta sjónarmið vel.

Þá tel ég í öðru lagi vafasamt að láta þá vaxtalækkun, sem um er rætt í 1. gr. frv., ná jafnlangt aftur í tímann og virðist gert ráð fyrir í frv., eða frá byrjun þess að A-lán veðdeildarinnar voru afgreidd. Hv. síðasti ræðumaður kom inn á sjónarmið hér áðan, sem gæti stutt þetta, sem ég er að segja, að vafasamt sé að láta vaxtalækkunina gilda langt aftur í tímann, því að það er ástæðulítið eða a. m. k. ástæðuminna að vera að lækka vexti við húsbyggjendur, sem hafa lokið við sín hús fyrir mörgum árum á tiltölulega lágu byggingarverði, — húsbyggjendur, sem síðan hafa orðið ríkari vegna verðhækkana, því að vegna þeirra hafa húseignir þeirra hækkað í verði. Ég tel meiri ástæðu til þess að hjálpa því fólki, sem nú er að sligast undir þeim miklu drápsklyfjum, sem húsbyggjendur verða að axla, ef þeir eiga að geta lokið íbúðum sínum.

Hv. 1. þm. Vestf. vék einnig að því, að nauðsyn bæri til að gera einhverjar ráðstafanir til þess að lækka byggingarkostnaðinn. Um þetta er ég honum algerlega sammála. Það var gerð smátilraun hér á hv. Alþingi, á síðasta þingi, til þess að lækka byggingarkostnaðinn með því að auka rannsóknarstarfsemi í sambandi við byggingariðnaðinn í landinu og annað slíkt. Ég flutti þá ásamt fleiri mönnum frv. um auknar fjárveitingar, sem voru ekki stórar í sjálfu sér, til byggingarannsókna, en stórhugur stjórnarliðsins var þá ekki meiri en svo, að hann kolfelldi það frv., eða a. m. k. dagaði það uppi, ég man ekki, hvort heldur var, svo að skilningur stjórnarliða á því mikilvæga hlutverki, sem byggingarannsóknir geta haft til þess að lækka hinn háa byggingarkostnað, virðist vera ærið takmarkaður.

Í hv. Ed. liggur nú fyrir frv., sem ríkisstj. hefur flutt, um hækkun lána bygingarsjóðs ríkisins úr 100 þús. kr. í 150 þús. kr. Þetta frv. er í sjálfu sér gott, svo langt sem það nær. En það nægir ekki til þess að standa undir þeirri auknu skattlagningu einni, sem hæstv. ríkisstj. hefur lagt á húsbyggjendur.

Mér skildist af blaðalestri frá þeim umr., sem fram fóru í hv. Ed. um þetta frv., að hæstv. félmrh. hefði haldið því fram, að byggingarkostnaður á valdatímabili þessarar stjórnar hefði hækkað miklu minna en margir þm. stjórnarandstöðunnar vildu vera láta. Ég hef hér fyrir framan mig tölur, sem ég tel að séu öruggar og megi byggja á, sem sýna þá þróun, sem orðið hefur í byggingarkostnaðinum á árunum 1960 og 1961. Ég tek hér sem dæmi íbúð, sem í sept-

ember 1959 kostaði 350 þús. kr. Þessi kostnaður skiptist á milli byggingarefnis og byggingarvinnu þannig, að byggingarefnið var 122500 kr., en byggingarvinnan var 227500 kr. Í september 1961, eftir að hæstv. ríkisstj. hafði lögleitt síðari gengislækkun sína, var byggingarkostnaður þessa húss kominn upp í 466 þús. kr., eða hafði hækkað, fyrst og fremst vegna þeirra efnahagsaðgerða, sem hæstv. ríkisstj. hafði framkvæmt á þessum tveimur árum, um rúmar 116 þús. kr., eða um 33.2%. Ég vil því segja, að hækkun byggingarkostnaðarins, sem orðið hefur á valdatímabili núv. hæstv. ríkisstj., er óumdeilanlega það miklu meiri en sú hækkun, sem hæstv. ríkisstj. ætlar nú að gera á lánum úr byggingarsjóði ríkisins, að hún gerir ekki betur en að borga tæpan helming þeirrar hækkunar, sem hefur orðið á 360 m³ húsi frá því í september 1959 og þar til í september 1961.

Sömuleiðis tók ég eftir því, að hæstv. félmrh. hefði sagt í umr. í Ed., þegar frv. þetta var þar til 1. umr., að tiltölulega lítið hefði dregið úr byggingu íbúðarhúsa. Þetta er rangt. Sannleikurinn er sá, að samdrátturinn í byggingu íbúðarhúsa nú hin síðustu 2 árin og þá sérstaklega á árinu 1961 er gífurlegur. Við sjáum þetta ekki betur á nokkurn annan hátt en þann að bera saman tölu hafinna íbúðabygginga á undanförnum árum, því að ef á að miða við, hvað miklu lýkst af íbúðum á hverju ári, þá er erfitt að sjá rétta þróun þessara mála vegna þess langa hala, sem verið hefur af ófullgerðum íbúðum á hverju ári.

Ég hef hér fyrir framan mig skýrslu, sem byggist á upplýsingum frá Framkvæmdabanka Íslands, er sýnir þróunina í þessum málum. Ég vil taka það fram, að talan fyrir árið 1961 byggist að nokkru leyti á áætlun. En samkv. þessari skýrslu lítur dæmið þannig út, með leyfi hæstv. forseta: Það er tala hafinna íbúða árin 1956—61, og það er flokkað í fjóra flokka: sveitir, kauptún, kaupstaði og svo Reykjavík sérstaklega. Til þess að stytta tímann ætla ég ekki að fara í hvern flokkinn út af fyrir sig, heldur einungis taka þær samtölur, sem hér eru fyrir hvert ár, út af fyrir sig. Og byrja ég þá á árinu 1956. Þá er tala hafinna íbúða 1775. Árið 1957 er hún 1610. Árið 1958 er byrjað á 1462 íbúðum. Árið 1959 er byrjað á 1597 íbúðum. Árið 1960 er byrjað á 1013 íbúðum. Og árið 1961 er byrjað á 770 íbúðum. Sem sagt, á árinu 1956, þegar þjóðin var enn fámennari en hún er í dag, var byrjað á 1775 íbúðum, en á árinu 1961 er talan komin niður í 770 íbúðir. Þetta sýnir mjög vel, hvað hefur verið að gerast í sambandi við þennan mikilvæga þátt í þjóðarbúskap okkar Íslendinga: að þær íbúðir, sem hafin var bygging á 1961, eru rúmur þriðjungur þess, sem byrjað var á á árinu 1956.

Ég hef einnig hér fyrir framan mig yfirlit um þá fjármunamyndun, sem orðið hefur við byggingu íbúðarhúsa þessi sömu árin, þ. e. a. s. frá árunum 1956—61, og eru þær tölur reiknaðar til verðlags ársins 1954. Þetta gildir fyrir sömu árin og ég las hér upp áðan um tölu hafinna íbúða á hverju ári. Niðurstaðan er þessi: Árið 1956 er fjármunamyndun við byggingu íbúðarhúsa í landinu 454.3 millj. kr. Árið 1957 er hún 417.3 millj. kr., árið 1958 er hún 365.5 millj. kr. og árið 1959 407.6 millj. kr. Árið 1960 er hún 354.9 millj. kr., og á árinu 1961 er hún komin niður í 290 millj. kr., 290 millj. kr. á árinu 1961 á móti 454.3 millj. kr. árið 1956.

Ég hygg, að tölur þessar, sem eru byggðar á upplýsingum frá Framkvæmdabanka Íslands, séu óyggjandi, ef undan er skilið árið 1961, því að sú tala er byggð á áætlun sömu stofnunar. En það eru mjög litlar líkur til þess, að henni skeiki, svo að nokkru verulegu nemi.

Af þeim tölum, sem ég hef hér lesið upp, sést vel, hvað er að gerast í sambandi við íbúðarhúsabyggingar, og hv. þm. mega gjarnan minnast m. a. þessa, þegar þeir lesa greinar og hástemmt lof í stjórnarblöðunum um þann árangur, sem „viðreisnin“ hefur náð, t. d. í sambandi við þá sparifjármyndun, sem þeir segja, að hafi orðið hér á tveim seinustu árum. Sparifjármyndunin hér er ekki sízt fengin fyrir það, að fólk, sem áður notaði sitt lausafé og það, sem það hafði af peningum umfram brýnustu þarfir, lagði það m. a. í húsbyggingar. En nú hefur það beinlínis ekki treyst sér til þess í sama mæli og áður var að hefja húsbyggingar og lagt því fé sitt fyrir í þeirri von, að síðar kynnu aðstæður að vera hagstæðari til þess að ráðast í það mikla þrekvirki, sem það í raun réttri er að koma upp yfir sig og sína sæmilegu íbúðarhúsi.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Hæstv. forseti. Ég vil í upphafi máls míns benda á það, sem ég lagði áherzlu á í minni framsöguræðu hér, að það væri mjög aðkallandi að bæta úr húsbyggingarmálunum og þeim vandræðum, sem þar er við að stríða, en það yrði ekki gert með ráðstöfunum, sem sköpuðu enn meiri vandræði en fyrir væru. Ég lagði einnig áherzlu á það, að þær tillögur, sem liggja fyrir hér í þessu frv. á þskj. 104, mundu skapa miklu meiri vandræði í þessum málum en eru í dag, ef það yrði samþykkt, og skal færa fyrir því nokkur rök.

En áður en ég sný mér beint að því, vil ég svara ræðu hv. 4. þm. Reykn. Mér þykir gott að ræða við hv. þm., hans málflutningur er slíkur, að það er ekki neinum vandkvæðum bundið að ræða við hann mál.

Hann sagði hér í sinni ræðu, — og leiðrétti hann mig, ef ég fer rangt með, — að hans fyrirvari hefði einkum verið um tvennt. Hann væri í fyrsta lagi andvígur því að endurgreiða þá tolla, sem farið er fram á í frv., það mundi skapa misræmi, er þar nákvæmlega á sömu skoðun og meiri hl. nefndarinnar. (Gripið fram í.) Já, já, eðlilega, hann er á móti því atriði, það er alveg ljóst, enda sagði hann það tvisvar sinnum í sinni ræðu, — hann er á móti því alveg eins og meiri hl. að endurgreiða tollana af þessum hluta byggingarefnisins. Þar erum við sammála. Þess vegna gat hann vel fylgt meiri hl. hvað það atriði snerti.

Hann telur einnig mjög vafasamt að láta vaxtalækkunina gilda jafnlangt aftur í tímann og ætlazt er til í frv. Ég hafði skilið afstöðu hans svo, eins og hann talaði um þessi mál hér í gær, að hann teldi, að það væri einnig mjög vafasamt

að ákveða, að lækka skyldi vaxtaupphæðina á þeim bréfum, sem þegar eru seld, nema því aðeins að einhver aðili tæki að sér að greiða þann mismun, og ég hygg, að hann sé þar á sama máli og meiri hl. n., enda kom hann nokkuð inn á það hér, þar sem hann áleit, að taka ætti upp í fjárlög á hverju ári mismuninn á þessu til þess að geta lækkað vextina.

Í meginatriðum er þar af leiðandi hv. þm. sammála meiri hl. um afgreiðslu málsins og hefði getað verið með honum um að undirrita það nál., sem meiri hl. hefur gefið út, og þá afstöðu, sem hann tók, hvað þetta snertir. Hann gat að vísu gert einhvern fyrirvara á því, að hann vildi hafa það á einhvern annan hátt, en í meginatriðum er hann hér sammála meiri hl. n. Og þá eru 80% af nefndinni á móti minni hl. Hefur það komið skýrt fram og verður ekki hrakið. Og þá eiga hin ágætu ummæli hv. 3. þm. Reykv. einnig við um hv. 4. þm. Reykn., og skal ég koma að því síðar. (Gripið fram í.) Hann sagði hvað? (**JSk**: Hann sagði, að þetta væri aðalefni frv.) Aðalefni frv. er þetta, að endurgreiða tollana, það er aðalefni frv. samkv. 5. gr., sem hv. 4. þm. Reykn. er algerlega á móti og mundi skapa misræmi, nákvæmlega eins og við höfum sagt, og hitt er það að lækka með lögum vextina á bréfum, sem búið er að gefa út, það er það, sem ég er að ræða um. Ég er ekki að tala um vexti af bréfum, sem eru óseld. Það er annað atriði, og því ruglaði hv. 3. þm. Reykv. rækilega saman, eins og um eitt og sama mál væri að ræða. Þess vegna var öll hans ræða byggð upp á hreinum misskilningi, eins og stundum hefur komið fyrir oftar í ræðum hjá þessum hv. þm.

Málið liggur ákaflega ljóst ekki einungis fyrir meiri hl. n., heldur fyrir öllum þm. og öllum almenningi, að það er ekki hægt að lögbjóða lækkun á vöxtum á skuldabréfum, sem hafa verið seld almenningi, nema því aðeins, að einhver taki að sér að greiða það tap, sem kaupandi verður fyrir. Um það verður ekki deilt. Hitt er svo annað atriði, hvort hægt er að lögbjóða að lækka vexti á bréfum, sem bankastofnun, sem ríkið á, hefur keypt. Þar er um ríkisstofnun að ræða, og er þá ekki við aðra aðila að semja en þann banka. Það er nokkurs annars eðlis. Þó hygg ég, að sá banki mundi halda fast í þann rétt að taka ekki á sig það tap, sem af því leiddi. En um það mætti þó ræða milli þessara tveggja aðila. En það er allt óhægara um vik hvað snertir þau bréf, sem almenningur á og menn hafa keypt og bera 7% vexti. Alþingi getur ekki lækkað vexti slíkra bréfa niður í 4% eða 2% eða yfirleitt lækkað nokkuð vexti af þeim nema bæta viðkomandi aðila tjónið.

Þetta atriði hefur ekkert að gera með það, hvort vextir í landinu yfirleitt eiga að lækka. Það er hægt að fara inn á það að lögbjóða að lækka ársvexti af bréfum, sem eiga að seljast ný. Það getum við rætt um. En hver yrði hjálpin, ef inn á þá braut yrði farið að gefa út 100 millj. kr. nýjan verðbréfaflokk með 4% ársvöxtum og selja þau til að greiða fyrir þessum byggingum? Hvað margir aðilar mundu kaupa þau bréf á nafnverði, og hvað yrðu afföllin mikil? Ég efa nú fyrst og fremst, að það væri mögulegt að selja mikið af þeim bréfum, ef þau væru gefin út til 25 ára. En væri það hægt, þá er alveg áreiðanlegt, að þau afföll yrðu svo stórkostleg, að það væri miklu betur varið þeim milljónum, sem færu í að greiða afföllin, til þess að lána með þeim kjörum, sem nú eru, heldur en að gera þessar fjárhagslegu ráðstafanir.

Eina ráðið til þess að lækka vextina af þeim bréfum, sem búið er að selja einstaklingum, er að innkalla bréfin öll, borga þau á nafnverði og selja þau síðan út með öðru vaxtagjaldi, og til þess þarf margar milljónir, og þeim milljónum er miklu betur varið til þess að veita ný lán til byggjendanna með þeim lánskjörum, sem nú eru í landinu, og hækka þau upp í það hámark, sem hv. 4. þm. Reykn. talar um. Þetta er kjarni þessa máls. Hugleiðingar hv. 3. þm. Reykv. um vexti almennt, eins og hann flutti það mál, koma þessu atriði ekkert við. Hv. 4. þm. Reykn. benti á alveg réttilega, að hann hefði fyrir ári borið fram tillögu hér á Alþingi um það að veita ákveðna fjárupphæð, sem var nú ekkert smáræði, — en látum það liggja á milli hluta, — til þess að gera byggingarannsóknir, svo að unnt væri að lækka byggingarkostnaðinn. Þetta mál var mjög athugað í nefnd á þingi og af þeim aðilum, sem bezt höfðu vit á því fyrir utan þingið, og það var almennt álitið, að því miður gætu slíkar ráðstafanir ekki verkað nægilega fljótt, það gætu ekki orðið skyndiverkanir til aðkallandi lækkunar á byggingarkostnaðinum. Það gæti ef til vill verkað eftir 5 ár, 6 ár, 10 ár, en tilraunirnar sjálfar mundu kosta svo mikið fé og taka svo langan tíma, að málið yrði ekki leyst á þann hátt einan. Ef það hefði verið hægt að gefa nefndinni og Alþingi fullvissu um það, að með þessu móti mætti lækka byggingarkostnaðinn, þá hefði nefndin áreiðanlega fallizt á að leggja til, að það yrði samþykkt. En því miður er þetta allt óraunhæft. Þess vegna þýðir ekki að blanda því máli í þessar umræður. Ég hef þá með þessum fáu orðum sýnt fram á, að hv. 4. þm. Reykn. hefði miklu frekar átt að undirrita nál. meiri hl. í þessu máli en minni hl., eftir að hann hefur skýrt fyrirvara sinn, og skal ekki rætt meira um það.

Þá skal ég dálítið snúa mér að ræðu hv. 3. þm. Reykv. Hann leggur aðaláherzluna á, að það væri sjálfsagt, að meiri hl. n. tæki nál. til baka og ynni betur að málinu, því að það væri ekki einungis honum, heldur öllum þingheimi til lítils sóma. Ég vil nú segja hv. þm. það í allri vinsemd, að ég teldi, að nær væri, að hann tæki aftur 99% af því, sem hann hefur sagt hér á Alþingi, síðan hann kom hingað, ef auka á virðingu alþm. í umr. á Alþingi. Og ég vildi nú vænta þess, að hann hefði þessi ummæli mín til leiðbeiningar í framtíðinni, að minnka ofur lítið allar þær firrur, sem hann hefur látið út úr sér og kannske kemur til með að láta út úr sér í sambandi við umr. á Alþingi um mál, og athuga betur sín eigin verk, áður en hann fer að kasta slíkum kögglum að þingnefndum almennt.

Ég skal svo nokkuð fara inn á þau einstök ummæli, sem hann hafði hér um þetta, er hann var að reyna að verja sitt mál. Hann vildi ve-

fengja þær staðhæfingar minar, að einn stór þátturinn í byggingarkostnaði væri hækkuð laun í landinu. Hann hefur ekkert leyfi til þess að álykta af þeim ummælum, að það sé mín skoðun, að verkamenn þurfi ekki þessi laun. Það er allt annað mál. En ég skal í sambandi við þetta leyfa mér að benda hv. þm. á aðra staðreynd í þessu máli, og snertir það einmitt nokkuð það mál, sem hv. 4. þm. Reykn. ræddi hér um, og það eru þær umbætur, sem reynt hefur verið að gera hér í byggingariðnaðinum. Hvernig hafa þær verkað? Hver hefur fengið ágóðann af því, að það kostar ekki nema um 25% af fyrri kostnaði að mála hús nú, eftir að hafa verið teknar upp nýjar aðferðir, þ. e. rúllumálning? Hver hefur fengið ágóðann af því? Hefur það verið byggjandinn? Ég spyr. Hver hefur fengið ágóðann af þeim umbótum í tækni, að það kostar miklu minna að reisa hús nú með skriðmótum heldur en var áður með gamla laginu? Hver hefur fengið þann ágóða? Er það byggingaraðilinn? Og hver hefur yfirleitt fengið þann ágóða, sem hefur náðst með því í tækniþróun að gera þessi verk ódýrari fyrir þá, sem láta vinna þau? Það eru fyrst og fremst þeir menn, sem taka laun fyrir þetta verk. Það er ekki hægt að lækka málningarkostnað, þó að það sé hægt að sýna fram á, að það kosti miklu minna að mála nú heldur en var áður, síðan þessar umbætur voru gerðar. Það kemur bara ákveðinn aðili frá ákveðnu stéttarfélagi og mælir upp, og segir: Þessi veggur er svona og svona stór, þessi flötur er svona og svona mikill. Eftir þeim taxta, sem við höfum samið og haldið lengi, eigið þið að gera svo vel að borga, og það kemur ykkur ekkert við, hvort það hafa verið gerðar hér umbætur eða ekki. — Og nákvæmlega sama gildir um múrverk og ýmsar aðrar iðngreinar. Þeir menn, sem þekkja þessi mál, vita, að þeir aðilar, sem hafa notfært sér þessar umbætur, hafa tekið miklu hærri laun en hinir, sem ekki hafa haft þær. Það hefur orðið að greiðast úr buddu byggjendanna. En það er einmitt eitt af því, sem fyrst af öllu þyrfti að gera hér í byggingariðnaðinum, eins og í mörgum öðrum iðnaði, að skipuleggja nýja tækni til þess að gera byggingarnar ódýrari og láta þann mismun lenda í vasa þeirra manna, sem byggja, en ekki að öllu leyti þeirra manna, sem vinna verkið, eins og gert er. Ég veit, að hv. 3. þm. Reykv. mun kalla þetta fjandskap við vinnustéttirnar í landinu, — ég geri ráð fyrir því, því að þannig leggur hann út flestallt, sem bent er á hér í þessum málum.

Hv. 4. þm. Reykn. las hér upp tölur í sambandi við þessi atriði. Hann sagði, að áður en þessi okkar ágæta hæstv. ríkisstj. hefði setzt að völdum, hefði ákveðið hús kostað í efni 122500 kr. og í vinnu 227500 kr. Sama bygging kostaði nú 466 þús., 116 þús. kr. meira eða um 33.2% af byggingarkostnaðinum. En það er eitt, sem hann gleymdi, og það er að greina í sundur, í hverju þessi hækkun liggur og hvernig hún skiptist á milli efniskaupa og vinnulauna. Hvað hefur efni hækkað, og hvað hafa vinnulaunin hækkað? Ég teldi, að það væri mjög æskilegt að fá það upplýst, til þess að sýna hv. 3. þm. Reykv., að það er ekki alveg sama, hvað vinnulaunin eru mikil í byggingarkostnaðinum, og það á ekkert skylt við það, hvort viðkomandi verkamaður þarf að fá þau laun eða hærri laun. Það er svo allt annars eðlis.

Hv. 3. þm. Reykv. benti einnig á það hér í sambandi við þetta, að Finnland hefði lögleitt 48 stunda vinnuviku fyrir 40 árum. Við höfum haft 48 stunda vinnuviku lengi. Og Danmörk hefur t. d. ekkert lögfest hjá sér í sambandi við vinnustundir, og þar eru aðeins samningar, og hér hafa einnig verið samningar. Hann hélt því einnig fram, að hér ynnu verkamennirnir allt of langan tíma o. s. frv., það væri verið að drepa þá í vinnu. En vill þá hv. þm. meina, að ef lögbundin væri hér t. d. 40 stunda vinnuvika, þá gæti byggingarkostnaðurinn lækkað? Það var ekki hægt að skilja öðruvísi hans ræðu, svo að með því að fækka vinnustundunum og með því að hækka vinnulaunin væri það afleiðing af því, að það ætti að vera minni kostnaður við að byggja. Þannig voru hans rök í þessu máli. Þau eru að vísu ekkert meiri fjarstæða en rök hans í flestum öðrum málum, sem hann hefur flutt hér á þingi. Það þarf hvorki lögspeking né heimspeking til að skilja, að með því að stytta vinnutímann, nema því aðeins að jafnframt sé séð fyrir því, að umbætur í vinnuaðferðum gefi meira en þær gáfu með löngum vinnutíma, og með því að hækka launin, þá getum við ekki lækkað byggingarkostnaðinn. Það er augljóst mál. Það er svo allt annað, hvort byggingarkostnaður í einu landi megi vera svo hár, eins og hann er hjá okkur, að hann taki allt of mikinn hluta launanna. En sá vandi verður ekki leystur með því að íþyngja byggingarkostnaðinum enn meira með skemmri vinnutíma, ef ekki fylgja meiri afköst, og með hækkandi vinnulaunum.

Hv. 3. þm. Reykv. sagði, að það væru ekki of miklar launakröfur, sem orsökuðu hinn háa byggingarkostnað, heldur of litlar launakröfur. Þessi ummæli verða ekki skilin öðruvísi en svo, að nú sé það eina og aðalbjargráðið að hækka launin við byggingarnar og stytta vinnutímann.

Ég skal ekki hafa þessi orð miklu lengri hér. Ef menn lesa nál. og athuga þau rök, sem liggja fyrir því í okkar tillögum um að leggja til, að þetta frv. verði fellt, þá mun fara fyrir þeim alveg eins og fyrir hv. 4. þm. Reykn., að þeir munu fallast á okkar skoðun í þessu máli, að þetta vandamál verður ekki leyst með því að samþykkja það frv., sem hér liggur fyrir, heldur verður það miklu frekar til tjóns. Ef það yrði samþ., þá yrðu sköpuð hér önnur vandkvæði, er væri miklu erfiðara að leysa og gerðu ekki þetta mál léttara. Það útilokar ekki þá staðreynd, að það ber að reyna að finna einhverja lausn á þessum mikla vanda. Í fljótu bragði sýnist mér, að það sé um tvö meginatriði að ræða: Annað að koma á raunhæfum byggingaraðferðum, sem komi byggjendum til góða, en það er veigamikið atriði í málinu, og hitt, að það sé hægt að fá stór lán til langs tíma með lágum vöxtum eða lægri vöxtum en hér um ræðir, enda tæki þá ríkissjóður ekki á sig stórkostlega byrði vegna vaxtamismunar á þeim lánum, því að það

er nákvæmlega sama og ríkissjóður yrði að greiða beint ákveðnar upphæðir til þess að standa undir byggingarkostnaðinum. Fyrir menn, sem eitthvert vit hafa á fjármálum, er þetta svo auðskilið, að um það þarf ekki að deila. Hitt er svo allt annað atriði, að þetta mál — og þess vegna er það borið fram — er ákaflega þægilegt auglýsingaratriði fyrir ábyrgðarlausa flokka, og menn láta setja ræður sínar um það í blöð og útvarp, svo að fólkið hlusti á það, sem fyrst og fremst skoðar það frá sínu eigin sjónarmiði og út frá þeim vanda, sem það situr í. En við, sem eigum að bera ábyrgð á málinu á Alþingi, verðum að taka á okkur þá byrði, sem því fylgir að sýna fram á, hvað er raunverulegt í hverju máli, og vera menn til að standa við það.

Ég endurtek svo, hæstv. forseti, þá tillögu n., að þetta frv. verði fellt.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Eitthvað virðist hv. 1. þm. Vestf. hafa lært, en ekki er það mikið. Hann er þó a. m. k. farinn að komast inn á það, að það sé mjög nauðsynlegt að lækka vexti. Hvað verður hann lengi fylgjandi hæstv. ríkisstj. með þessu móti, ef hann fer nú að láta svona á sjá um að hverfa frá hennar okurstefnu við hverja ræðu, sem maður heldur hér yfir honum? En það, sem hann virtist vera dálítið efins í, var, hvort það mætti lækka vexti, ef það hefðu verið gerðir samningar um vextina.

Vaxtabréf, sem gefið er út og selt, er samningur á milli þess, sem selur bréfið, og þess, sem kaupir bréfið. Álítur hv. 1. þm. Vestf., að samningar, sem einn maður gerir við annan, séu ekki háðir breytingum með lögum, að það sé ekki hægt að breyta þeim með lögum? (**GíslJ:** Tvímælalaust.) Tvímælalaust. Má ég þá biðja hv. 1. þm. Vestf. um að taka það að sér fyrir hönd Alþýðusambands Íslands að rukka inn hjá atvinnurekendum Íslands allt það fé, sem verkamenn höfðu samninga við atvinnurekendur um, að þeir ættu að fá greitt samkvæmt vísitölu. Það voru samningar í gildi milli verkamanna og atvinnurekenda 1. febr. 1959 um, að atvinnurekandi samkvæmt þeim samningi ætti að borga verkamönnum kaupgjald með ákveðinni vísitölu. Hv. 1. þm. Vestf. ásamt fleiri þm. hér á Alþingi samþykkti lög um, að þessi vísitala skyldi felld burt, þannig að samningar, sem verkamenn og atvinnurekendur höfðu gert sín á milli, skyldu þannig rofnir af löggjafarvaldinu. Samkvæmt yfirlýsingu, sem hv. 1. þm. Vestf. nú hefur gefið, þá álítur hann, að Alþingi hafi ekki haft heimild til þess að gera þetta og að verkamenn eigi þá inni hjá atvinnurekendum allt það fé, sem tekið hefur verið af þeim með því að rjúfa þessa samninga á þennan hátt. Það er engin smáræðisfúlga. Og ef hv. 1. þm. Vestf. fengi eðlilegar lögfræðilegar prósentur af þeirri fúlgu, þá er það góður „bisness“. Það er þess vegna alveg greinilegt, að hér er hv. 1. þm. Vestf. og með honum öll ríkisstjórnarhersingin komin í mikla klípu. Samningar hljóta þó líklega að vera jafngildir, hvort sem verkamaður gerir þá við atvinnurekanda eða lántaki gerir þá við lánveitanda. Þeir hljóta þá að vera jafngildir, — ekki satt? Verkamaðurinn er ekki nein annars flokks vera í þjóðfélaginu, sem hefur annan rétt en aðrir. Samningarnir ættu þá að vera jafnhelgir. Eða álítur hv. 1. þm. Vestf., að samningar, sem gerðir hafa verið um vexti af fjármagni, séu heilagir samningar, en samningar, sem verkamaður hafi gert um kaupið sitt, séu ósköp vanheilagir samningar, sem megi breyta með lögum, en hinir séu hafnir yfir öll lög? Sér ekki hv. 1. þm. Vestf., í hvaða vandræði hann er kominn? Annaðhvort er allt ólög, sem hann hefur tekið þátt í að gera hér í sambandi við vísitölubreytingu og annað slíkt, allt saman ólög, eða þá að það er fyllilega réttmætt, sem við erum að bera þarna fram. Þessu var ég að reyna að koma inn í höfuðið á honum áðan. Þetta gekk ósköp illa, maður verður náttúrlega oft að vera þolinmóður hér á Alþingi, kemur jafnvel fyrir, að maður verður að halda sömu ræðuna, eftir því sem blöðin segja, yfir þm. aftur og aftur — og stundum jafnvel án þess að þeir skilji það.

Það er kannske stundum dálítið skiljanlegt, ef hagsmunirnir eru hins vegar mikið á móti, að þegar menn gera það fyrir hönd atvinnurekenda að rjúfa samninga, til þess að atvinnurekendur geti grætt á því, þá er það sjálfsagt og heilagt, en ef maður, sem á skuldabréf, á að missa einhvers í af vöxtunum af því skuldabréfi, þá er það óleyfilegt. M. ö. o.: Auðurinn á að vera heilagur, vinnan á að vera ófriðhelg. Ég er reiðubúinn að ræða þetta spursmál um samningana og lögin við hv. 1. þm. Vestf., en ég held að hann komist ekki út úr þessu.

Ég lagði aðra spurningu fyrir áðan í minni ræðu, sem hv. þm. hefði getað íhugað líka, til þess að hann kæmi sér niður á það, hvað er í þessu. Við skulum segja, að það hafi verið gefin út svo og svo mikil skuldabréf í þjóðfélaginu með 4% vöxtum og ríkið ákveður seinna meir að leggja 4% skatt á þessi skuldabréf. Náttúrlega hefur ríkið rétt til að leggja skatta á. Getur það tekið þannig vextina aftur, gert bréfin vaxtalaus? Vissulega getur ríkisstjórnin það. Þetta er hægt með lögum. Það er hægt með lögum, vegna þess að allir þessir hlutir byggjast á lögum. Eignarrétturinn byggist á lögum, og það er hægt, eins og ég gat um áðan, að breyta honum ákaflega mikið með lögum. Ef til vill kannast hv. þm. við eina aðferð, sem brýtur ekki heldur í bága við stjórnarskrána og mikið hefur verið praktíseruð hér á Íslandi til að gera vissar eignir, eins og t. d. skuldabréf, lítils virði. Það er fyrirkomulag, sem heitir verðbólga og gengislækkun. Ef hv. þm. hefði keypt skuldabréf fyrir 30 árum fyrir 1000 kr., hvers virði er honum það skuldabréf í dag? Það er honum anzi mikils minna virði en það var fyrir 30 árum. Það er ekki búið að taka það eignarnámi eða neitt slíkt, en bara verðbólga og gengislækkanir eru búnar að rýra þess gildi, án þess að það komi nokkuð í bága við stjórnarskrána og hann geti farið og heimtað að koma nokkrum breytingum þar á.

Nei, við skulum ekki vera að ræða endalaust um svona mál. Löggjafarvaldið í þjóðfélaginu getur gert ýmsa hluti í þessum efnum, m. a. breytt vöxtum á bréfum, sem fyrir hendi eru,

rétt eins og löggjafarvaldið hefur getað breytt og leyft sér að breyta samningum á milli verkamanna og atvinnurekenda. Það er sitt hvað, hvað maður álítur svo óréttlátt, hvað maður álítur ranglátt í líku. Lög og réttlæti, það þarf ekki alltaf að fara saman. Þar getur verið gífurlegur munur á milli og er satt að segja oft. Þess vegna skulum við ekki ræða þetta mál út frá einhverri sérstakri tilfinningu fyrir t. d. bankavaxtabréfum og ekki hafa neina meiri tilfinningu fyrir þeim en öðrum samningum. Við skulum bara gera okkur ljóst, að vegna löggjafarvaldsins eru hlutir eins og bankavaxtabréf, vextir og eign og annað slíkt til, og er það löggjafarvaldsins að breyta þeim hlutum. Meira að segja hefur löggjafarvaldið á Íslandi verið alveg sérstaklega lagið í því að fara í kringum það, sem kallað er eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar, svo sem t. d. stóreignaskatturinn, sem málin voru höfðuð út af, sýndi greinilegast. Ef eitthvað er kallað skattur, þá er hægt að hafa hann allt að 99% á eign. Dæmin eru þegar fyrir um það. Við skulum þess vegna ekki vera að slá neinu föstu um neinn heilagleika í þessum efnum, neinar skaðabótakröfur eða neitt slíkt.

Hins vegar, ef við tökum þessi mál raunhæft, þá vitum við ósköp vel, hvernig ástandið er í okkar þjóðfélagi almennt viðvíkjandi að selja svona bréf. Við vitum, að það er hverfandi lítill privatmarkaður fyrir þessi bréf. Þar er allt öðruvísi háttað í okkar þjóðfélagi en ýmsum öðrum. Við vitum hins vegar, að ákaflega mikið af alls konar bréfum, sem eru gefin út, selst með gífurlegum afföllum, ef þau eru seld, og eina vitið, ef maður ætlar að gefa út svona bréf og láta fólk fá að njóta þess, það er bókstaflega að skylda bankastofnanir til að kaupa þau án affalla. Það eru því miður allt of margir, sem hafa neyðzt til þess að halla sér að þessum svarta markaði hér í Reykjavík og selja sín bréf stundum jafnvel með gífurlegum afföllum, sem kannske menn, sem eiga að greiða stóreignaskatt, kaupa til þess að geta borgað það aftur á fullu verði upp í stóreignaskatt og græða þannig á því og fá afslátt af stóreignaskattinum. Það er það, sem er ríkt í hugleiðingum hv. 1. þm. Vestf., og það þyrfti vafalaust gjarnan að gera ráðstafanir til þess að forða mönnum frá líku, frá þessum privatmarkaði, með því t. d. almennt að skylda banka til þess að kaupa svona bréf.

Þá var hv. 1. þm. Vestf. að biðja mig um að fara að taka eitthvað aftur af því, sem ég hefði sagt. Ég held, að ég láti það nú standa, ég held, að meginið af því standi nokkuð óbrotgjarnt. En hræddur er ég um hins vegar, að meiri hl. heilbr.- og félmn. hafi reist sjálfum sér níðstöng með þessum orðum, sem ég las upp áðan, og nefndaráliti sínu, þar sem þeir segja, að það að lækka vaxtatekjurnar af bréfunum bryti í bága við ákvæði stjórnarskrárinnar.

Svo fór hv. 1. þm. Vestf. að ræða um, hve ósvífnir vissir verkamenn í þjóðfélaginu væru og hvernig fólkið fengi ekki að njóta þeirra framfara, sem yrðu í ýmsum greinum, t. d. þar sem praktiskara skipulag kæmist á ýmsa vinnu. Ég er hræddur um, að hv. 1. þm. Vestf. sé ekki nógu kunnugur þessum málum. Hann fór að taka dæmi af málningarkostnaðinum. Á ég að segja hv. þm. Vestf., hvernig ég held að meginið af því unga fólki, sem nú er að byggja, fari að viðvíkjandi málningu á sinni íbúð? Það er alveg rétt, að það eru komin ný tæki og praktiskari aðferð til að mála, og meginið af öllu því unga fólki, sem er að byggja, kaupir sér þessa hluti og málar sjálft. Maðurinn og konan fara á kvöldin, þegar þau kannske bæði eru búin að vinna úti allan daginn, og mála á kvöldin íbúðina sína og spara sér á því kannske 30 þús. kr. eða 20 þús. kr., — ég veit ekki, hve mikið, ég skal ekkert fullyrða um það. Þau spara sér a. m. k. þó nokkuð mikla peninga. Þetta er það, sem meginið af fólkinu gerir, sem er að berjast við að koma upp íbúðum núna. En hvað gerir svo ríkisstj., ef þetta fólk getur sparað sér kannske 10—20 þús. kr., — hvað gerir þá ríkisstj. gagnvart þessu fólki? Ríkisstj. kemur og hækkar kannske upp undir 100 þús. kr. kostnaðinn, sem þetta fólk verður að borga af sementinu, af byggingarefninu og af öllu öðru, líka vöxtunum, eins og hv. 4. þm. Reykn. las hér upp áðan. Á tveimur árum hefur íbúð, sem kostaði 350 þús. kr., hækkað upp í 466 þús. fyrir aðgerðir fyrst og fremst ríkisstj. Þó að ung hjón spari sér með því að nota nýtízkuaðferðir við málningu, þá kemur ríkisstj. og tekur ekki bara það, sem þessi ungu hjón spara sér, heldur miklu, miklu meira, bindur það á skuldaklafa. Þetta er hjálpin. Svona er ástandið. Það er anzi hart, að fólk skuli ekki geta fengið að njóta þess í friði, sem ný tækni gefur mönnum í því að geta ódýrt byggt íbúðir, vegna afskipta ríkisstj., vegna þess að hún þarf að sletta sér fram í þessa hluti, að hún þarf að lækka gengið, hún þarf að hækka vexti, hún þarf að okra á öllu, er snertir byggingar. Og svo ætlar kannske ríkisstj. að koma og segja, þegar hún er búin að hækka íbúðirnar um 100 þús. kr.: Nú skal ég koma og hjálpa ykkur, ég skal hækka lánin um 50 þús., — svo að það sé auðveldara að borga tollana, sem ríkisstj. tekur. Nei, ég er hræddur um, að hv. 1. þm. Vestf. verði að kynna sér þessi mál ofur lítið betur.

Svo fór hv. 1. þm. Vestf. að minnast á, að við höfum haft hér 48 vinnustunda viku lengi. Við höfum frá 1942 haft samninga um, að þegar búið væri að vinna 8 tíma, þá skyldi greitt hærra kaup, en við höfum ekki búið við 48 stunda vinnuviku. Það er undantekning, að unnin sé eftirvinna, við skulum segja t. d. í Englandi, — það er undantekning. Hér er það ekki aðeins regla, að unnin sé eftirvinna, hér er ástandið þannig, að það er auglýst í útvarpinu mikil næturvinna, þegar verið er að reyna að fá menn í vinnu, af því að atvinnurekendur vita, að verkamenn eru það þjáðir af skorti á peningum til þess að geta borgað m. a. af sínum íbúðum, sem ríkisstj. er búin að sprengja upp, að þeir verða að sækjast eftir ekki bara eftirvinnu, heldur næturvinnu, þeir verða að þræla eins og hægt er, orlofin sín og sunnudagana líka, til þess að reyna að geta staðið í skilum með að borga af sínum íbúðum m. a. Svona er á-

standið. Verkalýður Norðurlanda hefur yfirleitt sem reglu 8 tíma vinnudag, getur hvílt sig, helgað það, sem eftir er af deginum, sínum áhugamálum og öðru slíku. En íslenzkur verkalýður hefur ekki búið við það.

Svo segir hv. 1. þm. Vestf., að ég hafi sagt: Það ætti bara í sambandi við húsnæðismálin að hækka launin og fækka vinnutímunum, þá væri hægt að minnka byggingarkostnaðinn. — Ég sagði þetta að vísu, ég var að tala um þetta út af hans ummælum um allt of miklar launakröfur hér á Íslandi. En hins vegar má þetta náttúrlega til sanns vegar færa, eins og margt, sem hv. 1. þm. Vestf. segir og heldur að sé firra, en reynist aftur á móti satt, rétt eins og margt af því, sem hann segir og heldur að sé einhver mikil speki, reynist mesta firra, þegar farið er að kryfja það til mergjar. Það má mjög hæglega stytta vinnutímann, hækka launin og hafa byggingarkostnaðinn minni. Ég skal nefna hv. þm. t. d. eitt dæmi. Hér í Reykjavík þurfti fyrir 15 árum að byggja eftir útreikningi bæjarstjórnar Reykjavíkur 600 íbúðir á ári til þess að hafa rétt við, og þyrfti vafalaust að byggja meira á ári núna, við skulum segja 800—900 íbúðir á ári. Það er það mikið, að til þess að byggja slíkar íbúðir væri hægt að koma við mjög nýtízkuaðferðum við húsbyggingar, m. a. með því að búa til húsapartana svo að segja í heilu lagi og skella þeim niður. En það mundi gera það nauðsynlegt, svo að ég noti ljótt orð, að það væri eins konar einokun á þessu. M. ö. o.: ef við ætluðum að koma upp einni verksmiðju til þess að framleiða svona húsaparta, þá yrði það að vera hægt í svo stórum stíl, að hún yrði faktiskt að geta framleitt meginið af húsunum, sem byggð væru í Reykjavík. En það er ekki nokkurt spursmál um það, að það væri hægt að stórlækka byggingarkostnað með því að gerbylta þannig um tækninni í þessu. En sú tækni heimtar, ef ég nota ljóta orðið, — þá þarf einokun. Hún heimtar, að að mestu leyti sé það einn aðili, sem gerir þetta. E. t. v. ætti eftir kokkabókum hv. 1. þm. Vestf. eitt privatfyrirtæki að fá þetta og græða stórkostlega á því. Eftir okkar kenningu ætti að koma upp svona fyrirtæki og reka það með almenningsheill fyrir augum, þannig að þetta yrði til þess að lækka byggingarkostnaðinn eins og hægt væri. Nútímatæknin heimtar svona einbeitingu. Hún heimtar framleiðslu í þetta stórum stíl. Og henni þarf að koma við. Ég efast ekki um, að við Íslendingar hefðum getað byggt þau hús, sem við höfum byggt á undanförnum árum, fyrir svo sem ⅔ af því fé, sem í húsin hefur farið. Við höfum byggt svo ópraktískt, að það nær ekki nokkurri átt. Það kemur svo fram í því, að menn verða að þræla miklu, miklu meira við þetta, þetta verður miklu, miklu dýrara en það þyrfti að vera. Við skulum bara hugsa okkur sem dæmi, að við tækjum heilar götur, 2—3 götur, og byggðum öll húsin, sem við ætluðum að byggja þar við, og hefðum þau hús kannske að miklu leyti eins, sömu teikningarnar og þær væru verulega praktískar. Við gætum komið upp ódýrum húsum með þessu móti. Og það er eitt af því, sem við þurfum fremst af öllu hér í Reykjavík núna, 2—3—4 herbergja íbúðir. Næstum helmingurinn af öllu, sem við höfum byggt undanfarið, hefur verið jafnvel 5 herbergja íbúðir og þar yfir jafnvel stundum. Við þurfum að byggja þarna miklu, miklu praktískar, en það heimtar skipulagningu. En þá efast ég ekki um, að það væri hægt bæði að stytta vinnutímann, hækka launin og lækka byggingarkostnaðinn, þannig að það er engan veginn eins mikil firra og hv. 1. þm. Vestf. heldur.

Svo fór hv. þm. að tala um ábyrgðarleysi, og hann hélt, að hann væri mjög ábyrgur. Hann er vissulega ábyrgur fyrir vissum hlutum. Hann er ábyrgur fyrir því að hafa tekið þátt í því að lækka tölu nýbyrjaðra húsa á Íslandi úr 1775 *1956 niður í 770 á síðasta ári, eins og* hv. 4. þm. Reykn. (JSk) var að skýra frá hérna áðan. Það er ráðstöfun, sem hann er ábyrgur fyrir. En slíkt er ábyrgðarleysi, að gera svona hlut, ábyrgðarleysi gagnvart almenningi. Og það er svo sem ekki í fyrsta skipti, sem svona er farið að. Ég man eftir því, og það man kannske hv. 1. þm. Vestf. líka, að það eru hafðar stundum dálítið mismunandi aðferðir í því að þjarma þannig að almenningi. 1950 var höfð sú aðferð, um leið og gengið var lækkað, að mönnum var bannað að byggja hús á Íslandi nema með leyfi einnar nefndar í Reykjavík. Það hafði aldrei skeð allan þann tíma, sem Danir réðu Íslandi, að Íslendingum hefði verið bannað að byggja hús, aldrei, og þjörmuðu þeir þó að okkur. Það hefur aldrei skeð. Það gerðist í fyrsta skipti, þegar Sjálfstfl. og Framsfl. mynduðu sameiginlega ríkisstj. og amerískur banki tók að sér að stjórna Íslandi á bak við tjöldin. Og þá voru m. a. sett þau skilyrði, að það yrði að vera nefnd í Reykjavík, sem réði því, hvort Íslendingar fengju að byggja sér íbúðarhús. Mér er þetta alltaf minnisstætt, vegna þess að einu sinni tókst okkur í fjhn. þessarar hv. d. á þeim árum, — ég held, að það hafi verið 1952 eða 1953, — að fá nefndina sameinaða um það að létta þessu banni af Íslendingum, því að vissulega voru margir í stjórnarliðinu líka óánægðir með þetta bann. Okkur tókst að koma þessu gegnum Nd., að nú skyldi gefa íbúðarhúsabyggingarnar frjálsar, og komst frv. í Ed. alla leið. Og þá uppgötvaði Framkvæmdabankinn, hvernig komið var, að sú geigvænlega hætta vofði yfir, að Íslendingar fengju leyfi til að byggja íbúðarhús af sjálfu sér, væru frjálsir til að byggja íbúðarhús. Og þá var allt í hættu. Benjamín Eiríksson tilkynnti viðkomandi fjhn. Ed., sem var búin að ákveða að mæla með frv., að svo framarlega sem þetta frv. yrði samþykkt, þá mundu leyfi Amerikumanna til að nota mótvirðissjóðinn ekki fást. Stóri bróðir þar vestanhafs tók á sínum stóra, tilkynnti, hver það væri, sem réði. Það væri ekki Alþingi Íslendinga, sem ætti að ákveða annað eins og það, að Íslendingar mættu byggja, væru frjálsir að því að byggja íbúðarhús. Nei, þá skyldi tekið á honum stóra sínum, þá skyldu þeir fá að kenna á því, ef þeir ætluðu að fara að taka sér svona frelsi, og frv. var drepið. Ég man ósköp vel eftir þessu, af því að ég hitti Benjamín hérna frammi og hafði náð í bréfið, sem hann hafði skrifað, og birt

það. Og Benjamín sagði svona hlæjandi: Ja, þar náðirðu aldeilis í eitthvað af okkur.

Svona var farið að þá til þess að stöðva byggingar hjá Íslendingum. Það voru sett lög, sem voru verri lög en nokkur lög, sem Danir nokkurn tíma höfðu sett gagnvart okkur, hvað snertir íbúðarhúsabyggingar. Núna á að fara öðruvísi að. Nú á sjálft frelsið að vera svo algert, að með frelsinu sé hægt að hindra okkur í að byggja. Það á að vera frelsi, sem kemur fram í því, að gengið á okkar krónu sé svo lágt, verðið á öllum vörum svo hátt, kjör almennings það slæm, vextirnir af fjármagninu það háir, að menn geti ekki byggt. M. ö. o.: í staðinn fyrir, að einhver nefnd eigi að vera skömmtunarstjóri, eins og þá var, þá á fátæktin að vera skömmtunarstjórinn að nýju. Fjármagnið á að vera svo dýrt og fólkið svo útþrælað, að það geti ekki byggt. Að því er verið að stefna, þegar verið er að koma tölu nýbyrjaðra íbúða á Íslandi niður í 770.

Á þessum árum hins ameríska banns á íbúðabyggingum Íslendinga fór, ef ég man rétt, árið 1951 tala fullgerðra íbúða í Reykjavík niður í eitthvað 250—260, milli 200 og 300 var hún, helmingi minna en þurfti til þess að viðhalda sæmilegum byggingum hérna. Og í sömu átt er stefnt núna.

Með því alræði peninganna, sem nú er verið að koma á á Íslandi, með þeim okurfjötrum, sem nú er verið að spenna atvinnulíf og framkvæmdir Íslendinga í, er verið að vinna sama verkið og var unnið með skömmtunarfarganinu hjá fjárhagsráði fyrir 10 árum, nákvæmlega sama útkoman, enda nákvæmlega sama ameríska alræðið, sem stendur á bak við hvort tveggja. Það eru þessir hlutir, sem við viljum ekki bera ábyrgð á, vegna þess að við álítum þetta ábyrgðarleysi gagnvart fólkinu í landinu, gagnvart Íslendingum, að koma svona fram, að þjarma svona að fólki. Við álítum það ábyrgðarleysi að koma á svona alræði auðs og peninga, að leiða yfir almenning svona böl og svona vandræði og gera þeim, sem þræla, eins og þeir geta, svona erfitt með að eignast þak yfir höfuðið.

Sjálfstfl. hefur lýst því yfir sem sinni stefnu, að hver maður skyldi eignast sína íbúð, og þetta eru efndirnar á þeim loforðum. Svona er verið að fara að. Það er verið að neita mönnum um að geta eignazt íbúðir. Og svo virðist hæstv. ríkisstj. halda, að þegar búið sé að þjarma svona að mönnum og menn eru alveg að drepast undir þessu, þá muni þeir falla fram og tilbiðja hana, ef hún bæti nú einum 50 þús. kr. við það, sem menn geta fengið að láni, hafandi svo hækkað verðlagið á íbúðunum um 100 þús. kr. í sinni stjórnartíð.

Svona er ekki hægt að fara að. Þetta er ábyrgðarleysi gagnvart almenningi. Þar fyrir er ég ekki að segja, að það sé ekki gott út af fyrir sig, að það séu hækkuð lán um 50 þús. Það er bara of lítið. Það þarf að gera stærri hluti í þessum efnum. Ástandið hjá fólkinu fer hraðversnandi. Lögbirtingablaðið er e. t. v. einn tíðasti votturinn með öllum sínum nauðungaruppboðsauglýsingum. Ef það er hugsjónin, sem ríkisstj. stefnir að, að fjölga gjaldþrotum á Íslandi og sérstaklega gjaldþrotum hjá þeim, sem mest hafa þrælað í því að reyna að framkvæma það, sem Sjálfstfl. lýsti yfir að væri hans hugsjón, að hver maður ætti sína íbúð, og það á að eyðileggja að gera þann draum að veruleika, á sama tíma sem hins vegar er hlynnt að bröskurunum í landinu alveg eins og hægt er, þá er illa farið. Þess vegna situr sízt á hv. 1. þm. Vestf. að saka okkur um ábyrgðarleysi. Ef hann lítur á tölurnar um íbúðarhúsabyggingar t. d. hér í Reykjavík, — og sama býst ég við, að verði upp á teningnum úti um allt land, — og athugaði tölu íbúðarhúsabygginga síðustu 20 ár, þá mun hv. þm. sjá, að það eru tvö tímabil, þar sem íbúðarhúsabyggingar eru mestar. Annað er tímabilið 1944—47, og hitt er tímabilið 1956—58. Það eru þau ár, þegar Sósfl. og Alþb. hafa verið í ríkisstj. og hafa getað komið því fram, að stórir hlutir væru gerðir til þess að gera mönnum mögulegt að geta eignazt þak yfir höfuðið. Og það er engin tilviljun einmitt, að bezta löggjöfin í þessum efnum, löggjöfin um lága vexti og sæmileg lán, er einmitt frá slíkum stjórnarárum, meðan áhrifa verkalýðshreyfingarinnar á ríkisstj. naut við og sú ábyrgðartilfinning, sem einmitt þessir flokkar verkalýðsins hafa gagnvart velferð almennings í landinu, hefur fengið að njóta sín. Það var ábyrgðartilfinning, sem þar kom í ljós. Það er ábyrgðarleysi, sem kemur í ljós í þeirri pólitík, sem nú er rekin.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Hæstv. forseti. Ég hafði nú sannast sagna ekki hugsað mér að taka þátt í þessum umr., því að þetta frv., sem hér liggur fyrir, er að mínu viti ekki þannig vaxið, að með því verði ráðin mikil bót á vandkvæðum þeirra, sem hús byggja í þessu landi, nema því aðeins að því fylgi jafnframt mikil framlög úr ríkissjóði til þess að jafna metin og meiri en slegið verði föstum, a. m. k. að svo stöddu. Ég skal svo ekki fara frekar út í að ræða það.

Það, sem kom mér til að segja hér nokkur orð, var það, sem hv. 4. þm. Reykn. (JSk) beindi til mín í sinni ræðu og hafði eftir mér í umr. um svipað efni í hv. Ed. Hann sagðist hafa lesið það í blöðum, að ég hefði haldið því þar fram, að byggingarkostnaðaraukningin væri ekki nálægt því eins mikil og menn vildu vera láta, og sömuleiðis, að fækkun nýbygginga væri minni en haldið hefði verið fram. Það rétta í þessu máli er það, að ég lét í ljós í hv. Ed. við umr. um frv., sem ríkisstj. hefur lagt þar fram svipaðs eðlis eða til lagfæringar á þessum málum, þá skoðun, að ég teldi vafa á því, að þetta hvort tveggja, byggingarkostnaðarhækkunin og nýbyggingafækkunin, væri eins mikið og haldið hefði verið fram.

Hv. 4. þm. Reykn. sagði hér áðan, að byggingarkostnaðarhækkunin hefði orðið á tilteknu tímabili, sem hann nefndi, 32.5%, að ég ætla. Og kann að vera, að það megi með því að taka eitthvert sérstakt tímabil fá þessa tölu út. En ef tekin er hækkun byggingarkostnaðarvísitölu frá október 1958, sem mér finnst ekki óeðlilegt, það er síðasta talan, sem verður til í tíð hv. vinstri stjórnar, sem þá vék frá störfum rétt á eftir, og til október 1961, þá hefur hækkunin á

byggingarkostnaði orðið úr 134 vísitölustigum og upp í 168 stig samkv. upplýsingum í síðasta hefti Fjármálatíðinda, sem lagt hefur verið á borðin hér hjá okkur þm. fyrir 2—3 dögum. Þannig hefur byggingarkostnaðarhækkunin eða vísitöluhækkunin orðið á þessu tímabili, á þessum þremur árum, frá október 1958 til október 1961, 34 vísitölustig, eða rétt um 25%, en ekki 32.3%, eins og hv. þm. sagði. Þetta er frá okt. 1958 til okt. 1961 samkv. uppgjöf tímaritsins, og það ætla ég að verði ekki vefengt, þannig að byggingarkostnaðurinn hefur samkv. þessu hækkað á þriggja ára tímabili um 34 vísitölustig eða 25%. Það veltur þess vegna á öllu, hvaða stærð íbúðar eða hve dýra íbúð menn taka til þess að miða hækkunina við. Ef hún er yfir 400 þús. kr., þá verður byggingarkostnaðarhækkunin yfir 100 þús., ef hún er undir 400 þús. kr., þá verður hækkunin lægri.

En nú finnst mér, að það sé ekkert óeðlilegt að athuga þá um leið, hvort þetta sé óþekkt fyrirbrigði, að byggingarkostnaður hafi hækkað. Ef við lítum á vísitölu byggingarkostnaðar í ársbyrjun 1957 og vísitölu byggingarkostnaðar í árslok 1958, þá sýnir það sig, að vísitala byggingarkostnaðar hefur hækkað á þessu tveggja ára tímabili, árunum 1957 og 1958, úr 113 stigum og upp í 134 stig, um 21 stig eða um 19%. Hún er 113 stig í ársbyrjun 1957, og hún er 134 stig í árslok 1958, þannig að hækkunin hefur orðið, eins og ég segi, 21 vísitölustig eða 19%. Í tíð vinstri stjórnarinnar hefur byggingarkostnaðurinn hækkað á tveimur árum um 19%, en á þremur næstu árunum á eftir, í tíð stjórnar Alþfl. og þeirrar stjórnar, sem nú situr, hefur byggingarkostnaðarvísitalan hækkað um 25% eða 34 stig, þ. e. a. s. meðalkostnaðarhækkunin á s. l. þrem árum er minni en á þeim tveim árum, sem vinstri stjórnin sat við völd. Hún er minni. Og hvað hafðist hæstv. stjórn að 1957 og 1958 til þess að bæta úr þessu? Vildi hún lækka vexti? Nei, það bar ekki á því. Áhuginn verður fyrst fyrir hendi nú, þegar þeir eru komnir út úr stjórninni, þó að byggingarkostnaðarhækkunin á þessum síðustu þremur árum hafi verið minni en á tveim árum vinstri stjórnarinnar samkvæmt óvefengjanlegum tölum, sem hér liggja fyrir í Fjármálatíðindum. Ég sé þess vegna ekki, að það sé mikið um að sakast það, sem nú gerist, samanborið við það, sem var 1957 og 1958.

Vissulega er það illt, að byggingarvísitalan þurfi að hækka. En til þess lágu í fyrsta lagi þær ástæður nú, að það var ekki hægt að koma peningakerfi landsins á heilbrigðan grundvöll nema með því að breyta um gengi, og gengisbreytingin er það, sem að verulegu leyti hefur valdið þeirri hækkun, sem orðið hefur á s. l. 3 árum, auk þess sem svo kauphækkun í fyrra hefur valdið þar áreiðanlega nokkru um einnig, því að vinnulaunakostnaðurinn við húsbygginga er meiri en efniskostnaðurinn.

Ég skal svo ekki fara frekar út í þetta, en ég vil bara undirstrika, að það er svo sem ekkert einsdæmi, að byggingarkostnaðurinn breytist frá ári til árs, og jafnvel var það svo í hinni ágætu vinstri stjórn, sem hugsaði mikið um hag almennings og allt, sem þar til heyrir, að byggingarkostnaðarhækkunin hjá henni varð á ári meiri en hún hefur orðið nú síðustu 3 árin. Þetta vildi ég að kæmi fram, til þess að menn gerðu sér grein fyrir því, hvernig þessi mál hafa þróazt, og ekki aðeins miðað við tvö síðustu árin.

Þá sagði hv. 4. þm. Reykn., að fækkun hefði orðið mjög veruleg í nýbyggingum, þ. e. a. s., það hefði verið hafizt handa nú upp á síðkastið um miklu færri nýbyggingar en áður, og er það sjálfsagt rétt. En þessi fækkun er ekki nýbyrjuð. Eftir þeim tölum, sem hann gaf sjálfur og ég heyrði ekki vel að vísu, en tók þó þannig eftir, að það hefði verið byrjað á 1775 íbúðum á árinu 1956 og það hafði verið komið niður í 14 hundruð og eitthvað árið 1958, — því miður tók ég ekki eftir 14 hundruð og hvað, kannske hv. þm. geti lesið það upp síðar aftur fyrir mig. (Gripið fram í.) 1462, þá þýðir það, að á þessum tveimur árum hefur íbúðafjöldinn, sem byrjað hefur verið á, lækkað um rúmlega 300, einmitt á stjórnartímabili vinstri stjórnarinnar, sem allt vildi fyrir þessi mál gera. Það, sem skeður svo aftur nú, er, að þessi fækkun hefur haldið áfram, eftir því sem hv. þm. segir, niður í 1000 og eitthvað íbúðir árið 1960. Árið 1961 er ekki endanlega uppgert, og ég vil alls ekki taka þá tölu með, því að hún liggur ekki fyrir. En ef miðað er við töluna 1960, þá er bilið á milli þess, sem byrjað var á 1958 og 1960, lítið meira en bilið á milli 1956 og 1958. Það er nú svo einkennilegt. Og þó er þar við að bæta einu meginatriði. Fyrir gengisbreytinguna í ársbyrjun 1960 voru menn hvergi nærri óhultir um sína peninga og töldu, að þeim væri bezt varið og fjármunirnir tryggast geymdir með því að stofna til íbúðarhúsabygginga, þó að þeir hefðu alls ekki not fyrir það. Ég veit fjöldamörg dæmi þess, að menn hafa á þeim árum stofnað til íbúðabygginga, sem þeir strangt tekið sjálfir þurftu ekki á að halda, af því að þeir töldu, að peningaeignin væri sú versta eign, sem þeir ættu, og ótryggasta. Ég held þess vegna, að nokkur hlutinn í þeirri fækkun, sem síðar hefur orðið, eigi rót sína að rekja til þess, að menn hafi talið það nú fullt eins gott að eiga peningana á sæmilegum vöxtum í banka eins og að byggja hús fyrir þá, sem þeir kannske þurftu ekki strangt tekið á að halda. Ég held þess vegna, að það megi finna ýmsar aðrar orsakir til þess, að þessi starfsemi hefur eitthvað dregizt saman upp á síðkastið, heldur en þær, sem eru afleiðingar viðreisnarinnar, eins og hv. þm. hafa orðað það.

Þessu til viðbótar má svo bæta því, sem upplýst var í hv. Ed. á dögunum, þegar þessi mál voru til umr. þar, að í janúarmánuði hafa borizt til húsnæðismálastjórnar fleiri umsóknir um lán en nokkurn tíma í sögunni. Að vísu er eins og alltaf nokkur hluti þessara lánbeiðna fram kominn vegna þess, að það er beðið um viðbótarlán, og sjálfsagt er einhver hlutinn í þessum umsóknafjölda þannig til kominn. En því verður þó ekki neitað, að þetta hefur líka verið áður þannig, verulegur hluti af umsóknunum hefur verið um viðbótarlán. Þrátt fyrir þetta varð þó umsóknafjöldinn um lán úr húsnæðismálasjóði meiri í næstliðnum janúarmánuði en hann hefur verið nokkurn tíma áður. Ég held þess vegna,

að þrátt fyrir allt sé áhugi manna á því að byggja talsvert mikill enn í dag. En það, sem háir þeim fyrst og fremst, er það, hvað lánin eru lág.

Þegar lögin um húsnæðismálastjórn voru sett, var sett það hámark í lögin, að lánin mættu ekki fara yfir 100 þús. kr. En hvað kom á daginn? Mjög fljótlega, eftir að þessi lagasetning var staðfest á Alþingi, varð hún í framkvæmd þannig, að mjög fáir — ef nokkur — fengu hærri lán en 70 þús. kr. Þeir fjármunir, sem fyrir hendi voru, voru ekki meiri en það, að það nægði ekki til þess að láta út á hverja íbúð hærri upphæð en 70 þús. kr. Að vísu var þessu breytt, um leið og hækkanirnar urðu í sambandi við gengisfellinguna, þá var þessi upphæð aftur hækkuð upp í 100 þús. kr., þannig að segja má, að ef frv. ríkisstj., sem lagt hefur verið fram í hv. Ed., nær fram að ganga, þá sé sú raunverulega hækkun, sem í því felst fram yfir það, sem var fyrir 1960, hækkun, sem nemur um 80 þús. kr., þ. e. a. s. hækkun úr 70 þús. kr. raunverulegu láni upp í 150 þús. kr., eins og nú er heimilað. En ég vil halda líka, að þessi 80 þús. kr. hækkun á íbúð sé um það bil eða nálægt því eins og byggingarkostnaðaraukningin hefur orðið á minni íbúðum, sérstaklega hjá þeim, sem að einhverju leyti hafa getað hjálpað sér sjálfir með því að vinna nokkurn eða verulegan hluta af byggingarframkvæmdunum. Ég held þess vegna, að með þeim úrbótum, sem nást með hækkuninni úr 70 þús. kr., eins og lánveitingarnar raunverulega voru fyrir 1960, og upp í 150 þús. kr., eins og ákveðið er með frv., sem lagt hefur verið fram í hv. Ed., þá sé ráðin veruleg bót á lánsupphæðinni og henni komið í svipað og þó betra horf hlutfallslega en áður var, þannig að hlutfallslega meiri hluti af byggingarkostnaðinum fáist þá lánaður en var fyrir 1960.

Þá er eftir sá hlutinn, sem snýr að vöxtunum. Ég hef enga trú á því, að það dugi, eins og segir í þessu frv., sem hér liggur fyrir, að lækka A-lánin eða vextina af þeim með einu pennastriki niður í 4%. Það er miklu flóknara mál en hægt sé að gera það svona. Sjálfsagt er það rétt hjá hv. 3. þm. Reykv., að vextirnir eru svo sem ekkert friðhelgir, og það hefur oft verið breytt vöxtum í þessu landi. En hitt er annað mál, að ég ætla, að það sé ófrávíkjanleg regla, að þegar menn hafa keypt skuldabréf með ákveðnum vöxtum, þá sé það skoðað sem samningur við viðkomandi aðila, sem skuldabréfið gefur út, og því slegið föstu, að meðan vaxtabréfið er ógreitt upp, þá skuli vextirnir vera eins og í skuldabréfinu segir. Það séu beinlínis brigð eða svik af hálfu annars samningsaðilans, ef vöxtunum er breytt. Og það þykir aldrei góð regla í viðskiptum, þegar annar aðilinn leitast við að svíkja hinn þrátt fyrir gerða samninga. (Gripið fram í.) Ja, jafnvel þótt svik séu force majeure, þá eru þau samt ekki góð. En ég vildi líka segja í þessu sambandi: Hvernig skyldu menn líta á það á eftir að kaupa skuldabréf eins og þessi, ef það hefði verið beitt þeirri aðferð að lækka vextina á samningstímabilinu svo og svo? Ég hygg, að menn mundu verða tortryggnir og leita heldur inn í einhverja aðra farvegi með sína fjármuni, sem þeir vildu geyma og ávaxta, heldur en kaupa bréf, þar sem vextirnir hefðu verið sviknir fyrir stuttu, svo að ég held, að það sé hreinlega um ekkert annað að gera en það, sem hv. 1. þm. Vestf. sagði hér áðan, að ef vöxtunum verður breytt, þá verður ríkissjóður að gera svo vel að hlaupa í skarðið og borga mismuninn. Og það er miklu stærra fyrirtæki en menn kannske gera sér grein fyrir og um hærri upphæðir að ræða en ríkissjóður hefur möguleika til þess að taka á sig, nema með því að afla verulega mikilla tekna á móti.

Út af vöxtunum vil ég líka segja það, að sú vaxtahækkun, sem ákveðin var í sambandi við gengislækkunina í ársbyrjun 1960, var tímabundin, eða réttara sagt, hún var ekki hugsuð sem varanleg. Hún var hugsuð sem einn liður í því kerfi, sem verið var að reyna að byggja upp til þess að koma fjármálum þjóðarinnar á viðunandi grundvöll, og það var gengið út frá því strax í upphafi, að þegar aðstæður væru orðnar slíkar, að mögulegt væri að lækka vextina, þá yrði það gert. Og það var líka gert í ársbyrjun 1961. Þá voru vextirnir lækkaðir nokkuð eða í flestum tilfellum um helming þess, sem hækkunin nam. Og þannig voru hjá húsnæðismálastjórn, sem hafði hækkað sína vexti úr 7% upp í 9%, vextir lækkaðir úr 9 og niður í 8 og með þeim bakþanka að halda áfram lækkuninni, þegar tækifæri gæfist til. Og ég vildi ætla, að með þeim árangri, sem náðst hefur, þá sé sá dagur ekki mjög langt undan, að frekari vaxtalækkun verði möguleg.

Ég held þess vegna, að ef einhver skynsamlegur árangur á að nást af þessu starfi og hægt á að vera að greiða fyrir húsbyggjendum eins og mögulegt er, þá verði að fara aðrar leiðir en gert er ráð fyrir í þessu frv., sem hér liggur fyrir. Enn fremur vildi ég undirstrika það, að það er svo sem ekkert einsdæmi, að byggingarkostnaður hafi hækkað. Hann hefur vissulega hækkað meira á árunum 1957 og 1958 en á hinum þrem síðustu, eins og ég hef leitt rök að, og það var ekki talið, að heimurinn væri að farast þá, þó að þessi hækkun ætti sér stað, og ekki hlaupið til að gera neinar sérstakar ráðstafanir, eða ég minnist þess ekki. Og í þriðja lagi vil ég halda því fram, að það geti verið sérstakar ástæður til þess, að nokkur samdráttur hefur orðið á nýbyggingum. Menn telja sig ekki eins nauðbeygða til að festa fé sitt nú eins og áður, vegna þess að það er talið tryggara og fullt eins góð ávöxtun og húsbyggingar að leggja það í banka. — Ég var, eins og ég sagði í upphafi, ekki undir það búinn sérstaklega að ræða þetta mál og mundi ekki hafa gert það nema að gefnu tilefni.

Umr. frestað.

Á 59. fundi í Nd., 5. marz, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 60. fundi í Nd., 6. marz, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. minni hl. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Það er nokkuð langt um liðið,

síðan 2. umr. um þetta mál hófst, og hafa orðið um það miklar umræður, sem vonlegt er, því að málið er að mínu áliti og sjálfsagt margra annarra þingmanna athyglisvert. Hv. frsm. meiri hl. n. hefur talað a. m. k. tvisvar í málinu, síðan ég flutti mína framsöguræðu, hæstv. félmrh. hefur rætt um málið, og hv. 4. þm. Reykn. einnig tekið til máls í þessum umræðum.

Hæstv. félmrh. ræddi um ástand húsnæðismálanna yfirleitt og komst að þeirri niðurstöðu, að ekki væri um mikinn samdrátt að ræða að því er snerti byggingu íbúðarhúsnæðis, og vildi hann m. a. styðja þá skoðun sína við niðurstöður, sem lesa mætti út úr síðasta hefti Fjármálatíðinda, og vitnaði hann í það rit. Ég hef þetta rit hér fyrir framan mig og kemst, einmitt með því að styðjast við það, að nokkuð annarri niðurstöðu en hæstv. ráðherra. Ég fæ ekki betur séð en að á bls. 189 í þessu tilvitnaða riti, þar sem rætt er um húsbyggingar, birtar töflur um þróun þeirra mála og í textanum skýrt frá húsnæðismálunum, en að þar sé játað beint og afdráttarlaust, bæði í tölum og lesmáli, að um samdrátt sé að ræða og hann verulegan að því er snertir byggingu íbúðarhúsnæðis. Í þessu riti segir t. d., með leyfi hæstv. forseta, það sem hér segir: „Hér er miðað við verðlag viðkomandi árs, en raunveruleg aukning varð lítil sem engin, eða um 0.2%, þar eð byggingarkostnaður jókst um 5.7% á árinu 1960. Eins og sjá má í 27. töflu, þá drógust íbúðarhúsabyggingar allmikið saman á árinu 1960. Aðrar byggingarframkvæmdir jukust hins vegar nokkuð og þá sérstaklega verzlunarbyggingar.“

En í þeirri töflu, sem þarna er vitnað til, eru byggingarframkvæmdirnar flokkaðar niður í eina 6 liði: útihús í sveitum, byggingar í þjónustu framleiðslu, iðnaður, verzlun, opinberar byggingar og íbúðarhús. Þegar maður nú lítur á fyrsta liðinn, útihús í sveitum, þá lítur samanburðurinn á árunum 1959 og 1960 í þúsundum talið þannig út: Útihús í sveitum 83 þús., þ. e. árið 1959, og 93 þús. árið 1960, eða 83 og 93 milljónir. Í þjónustu framleiðslu 1959 48 millj. og 1960 49 millj., 1 millj. aukning. Iðnaðurinn hins vegar 1959 43.3 millj. kr., en 59 millj. kr. 1960. Þar er fyrst um verulega aukningu að ræða á byggingum í þjónustu iðnaðar. Svo kemur að verzluninni og húsnæði í þjónustu verzlunar. Þar hafa byggingar aukizt úr 50.8 millj. árið 1959 í 98.4 millj. 1960. Það er nærri því tvöföldun. Opinberar byggingar hafa ekki aukizt verulega, en þó dálítið, þ. e. úr 117 millj. kr. í 138. En íbúðarhús 1959 627 millj. kr., en 1960 589 millj. kr. Þar er, eins og í textanum segir, um verulegan samdrátt að ræða. Heildaraukningin er 0.2%, og eina aukningin, sem máli skiptir og er stórkostleg, það eru byggingar í þjónustu iðnaðar og verzlunar, — bein lækkun hins vegar að því er snertir íbúðarhúsnæði, og um það vorum við hér að ræða. Í textanum segir hins vegar um þessa aukningu til verzlunarinnar: „Aðrar byggingarframkvæmdir jukust hins vegar nokkuð og þá sérstaklega verzlunarbyggingar.“ Áfram segir síðan, með leyfi hæstv. forseta: „Tala nýrra íbúða, sem lokið var við á árinu, lækkaði um 47 íbúðir eða 3.1% frá 1959.“ Í ársbyrjun 1960 er talið, að í smíðum hafi verið 3644 íbúðir, en 3173 í árslok. Hafin var smíði á mun færri íbúðum 1960 en árið áður, eða 1008 íbúðum á móti 1597 íbúðum. Lækkunin er um þriðjung frá 1959. Og það eru vissulega byrjunartölurnar í báðum tilfellum, sem segja mestan sannleika í þessu máli. Lækkunin er úr 1597, sem var byrjað á 1959, niður í 1008 á árinu 1960. Þessar skýrslur ná ekki lengra. En það er hald manna, að enn hafi sigið á ógæfuhliðina í þessum efnum á árinu 1961, og fer það varla á milli mála. En bezt er það sjálfsagt að bíða með fullyrðingar um það, þangað til áframhald kemur af skýrslum Fjármálatíðinda Landsbankans, Seðlabankans, um það ár.

Ég hygg, að það þurfi ekki að ræða meira um þetta atriði. Það liggur fyrir skjallega sannað einmitt með hagfræðiriti þjóðbankans, að úr byggingum íbúðarhúsnæðis hefur stórkostlega dregið þegar á árinu 1960 frá því, sem var 1959. Eins þó að litið sé yfir lengra tímabil, þá kemur það sama út, eins og hv. 4. þm. Reykn. sannaði með tölum frá Framkvæmdabankanum á seinasta fundi, þegar þetta mál var rætt.

Hæstv. ráðherra minntist líka á það, að nú legði ríkisstj. til, að hámark lánveitinga á íbúð yrði hækkað úr 100 þús. í 150 þús., eða hækkunin yrði um 50 þús. kr., og sæi hann því ekki betur en að þarna yrði í öllum tilfellum, þegar íbúð kostaði minna en 400 þús. kr., bætt að fullu það, sem verð íbúðar hefði hækkað í verði, síðan fyrra hámarkið var ákveðið, en viðurkenndi hins vegar, að þegar íbúð kostaði meira en 400 þús. kr., þá hrykkju þessar 50 þús. kr. ekki til — eða tæplega til — til þess að mæta verðhækkuninni. Þetta þýðir auðvitað það, að 50 þús. krónurnar duga í engum tilfellum til að mæta verðhækkun íbúðar, af því að engar þriggja herbergja íbúðir verða nú byggðar fyrir minna en 400 þús. kr. Og það er viðurkennt sem sé af ráðherrum líka, að þær íbúðir, sem kosta nú meira en 400 þús. kr., það verður erfiðara fyrir húsbyggjandann að standa undir þeim, jafnvel þótt hann fengi 150 þús. kr. lán. Þær voru um það bil 300 þús. kr. áður, og hefði því þurft hið minnsta 100 þús. kr. hækkun, til þess að sú lánveiting dygði á móts við það, sem þá var, og yrði jafnnotadrjúg.

Hæstv. ráðherra var sérstaklega að afsaka núverandi stjórn með því, að þetta væri ekkert verra en það hefði verið á tímum vinstri stjórnarinnar. Jú, tölurnar sýna nú einmitt það, að byggingarframkvæmdir voru þá miklu meiri að því er snertir íbúðarhúsnæðið en á tímabilinu síðan, enda er vitað, að erfiðleikar húsbyggjenda hafa stórkostlega aukizt síðan, án þess að úr hafi verið bætt af stjórnarvöldunum. Vinstri stjórnin, sem Alþýðuflokkurinn átti fulltrúa í, lét þessi mál ekki afskiptalaus. Hún bætti úr miklu öngþveiti, sem var í húsnæðismálunum, þegar hún tók við völdum, svo að það fór ekkert á milli mála, að ýmsar meinsemdir höfðu þá verið læknaðar. Það minnkuðu mjög kröfur húseigenda um fyrirframgreiðslur, það minnkaði líka, að þeir gætu komið sér við um það að heimta allt aðra greiðslu en þeir kvittuðu fyrir, af því að eftirspurnin minnkaði um húsnæði,

og þetta byggðist á því, að byggingarsjóður ríkisins hafði verið stofnaður með 118 millj. kr. framlagi, að tvöfölduð hafði verið lánsupphæðin til verkamannabústaðanna, bæði ríkisframlagið og framlag sveitarfélaganna, hækkað framlagið til útrýmingar heilsuspillandi íbúða úr 4 millj. í 5 millj. kr. á ári og skyldusparnaðurinn tekinn upp og með því fengið til húsnæðismálanna nokkurt fjármagn í viðbót við það, sem áður var. Enn fremur hafði verið bannað að taka íbúðarhúsnæði úr notkun hér í Reykjavík til annarra nota, og það hafði sýnt sig, að það voru mjög margir tugir íbúða, sem á hverju einasta ári höfðu verið teknir úr íbúðarnotkun og til annarra nota, aðallega verzlunar og iðnaðar, á undanförnum árum. Þetta gerði það að verkum, að fleiri íbúðir héldust í sinni upphaflegu notkun við þetta bann. En skömmu eftir að vinstri stjórnin lét af völdum, var þetta bann við að taka íbúðarhúsnæði til annarra nota í Reykjavík numið úr lögum.

Meginefni þessa frv. er um það að lækka stórlega vexti á lánum til íbúðarhúsnæðis, lækka sem sé vaxtafót A-lána húsnæðismálastofnunarinnar úr 8% í 4% og að lækka vaxtafótinn á lánum til verkamannabústaða niður í það, sem hann var upphaflega ákveðinn, eða 2%. einnig um það að lengja lánstímann nokkuð og gera A-lánin að jafngreiðslulánum og létta þar með nokkru á lántökum í byrjun lánstímans, svo að afborganabyrðin og vaxtabyrðin jafnist þannig betur á allan lánstímann.

Hv. meiri hl. heilbr.- og félmn. leggst á móti framgangi þessa máls af tvennum röksemdum: í fyrsta lagi með þeirri röksemd, að þessi vaxtalækkun komi ekki að gagni húsbyggjendum, og í annan stað, að lækkun vaxtanna aftur fyrir sig sé stjórnarskrárbrot. Hv. 3. þm. Reykv. hefur í viðbót við þann rökstuðning, sem ég flutti í minni framsöguræðu, gert því atriði, þeirri fásinnu, að hér sé um stjórnarskrárbrot að ræða, rækileg skil, og sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða meira um það. Ég vil þó í viðbót við þá staðhæfingu mína í framsöguræðu minni, þar sem ég sagði, að það gerðist dögum oftar hér á Alþingi, að arðsemi eigna væri breytt með ákvörðun Alþingis og það ætti ekki að koma neitt í námunda við stjórnarskrána, nefna dæmi, þar sem aðrir aðilar en Alþingi geta með einfaldri fundarsamþykkt gerbreytt verðmæti og arðsemi eigna í eigu einstaklinganna. Segjum t. d., að eitt bæjarfélag, Reykjavík eða einhver kaupstaður landsins, geri um það samþykkt á bæjarstjórnarfundi að breyta skipulagi þannig, að lóð, sem einstaklingur á og hefur legið að götu og er þannig mjög mikils virði vegna opinberra framkvæmda, lendir við ákvörðun um breytt skipulag á baklóð. Þá er búið að gerbreyta arðsemi þessarar eignar hjá einstaklingnum, og enginn hefur mér vitanlega tekið það í mál, að þetta varðaði neitt við stjórnarskrána, ákvæði hennar um friðhelgi eignarréttarins. Og þannig mætti nefna mýmörg dæmi, auk þess sem hér hefur verið sagt, að Alþingi breytir oft og tíðum með einfaldri löggjöf arðsemi eigna með ákvörðunum sínum.

En hin röksemdin, að lækkun vaxta, svo stórfelld lækkun vaxta sem hér er um að ræða, komi ekki húsbyggjendum að gagni, — ég veit sannast að segja ekki, hvernig hv. stjórnarlið hugsar sér yfirleitt að koma húsbyggjendum í landinu til hjálpar, ef það forkastar alveg þeirri hjálp, sem felst í að lækka vexti af lánum til húsnæðismála, lengja lánstímann og hliðra þannig til um, að menn geti staðið undir þeim lánum, sem veitt eru. Það er hrein fásinna að ætla sér að berjast á móti þessu frv. á þeim grundvelli, að það væri húsbyggjendum ekki til gagns að samþykkja það, þar sem það felur í sér bæði beina lækkun vaxta og lengingu lánstíma til húsnæðismála.

Ákvæðið í frv. um það, að vaxtalækkunin skuli ná til 19. febr. 1960, er auðvitað við það miðað, að þá var framkvæmd hin stórkostlega gengislækkun og við það hækkaði allt verðlag á byggingarefni svo mikið, að byrðar allra þeirra, sem þá voru byrjaðir á byggingarframkvæmdum og hafa átt þátt í þeim síðan, jukust stórkostlega, og þess vegna þykir flm. frv. ástæða til að láta þessa vaxtalækkun ná fram að þessum tíma, að þessu tímamarki, og tímabilið, sem liðið er síðan, hefur verið húsbyggjendum enn þá þyngra í skauti en nokkru sinni fyrr.

Mér er það ljóst, að þeir menn, sem ætla sér að halda þeim röksemdum til streitu, að vaxtalækkun og lenging lánstíma sé ekki hagsbótaatriði fyrir húsbyggjendur, og bera fyrir sig stjórnarskrárbrot, ef breytt er ákvæðum um arðsemi eigna eins og skuldabréfa, þeir eru í rökþroti, og það að taka afstöðu til þessa máls á þann hátt að leggja til, að það sé fellt, en viðurkenna þó í öðru orðinu, að mikil þörf sé á að hjálpa húsbyggjendum, það er að komast strax, umsvifalaust í mótsögn við sjálfan sig. En hv. frsm. meiri hl. hefur hins vegar alltaf í öðru orðinu játað, að það sé þörf á því að hjálpa húsbyggjendum, en það verði alls ekki gert með þessum hætti. Hann hefur haldið því fram, að einhver verði að bera þau útgjöld, sem af því leiði að lækka vaxtafótinn á þeim bréfum, sem þegar er búið að gefa út, og er það rétt. En ég sé ekki annað en það sé ákaflega eðlilegt, að Seðlabankinn, sem hefur verið látinn frysta nokkur hundruð milljóna af sparifé landsmanna og er þannig orðinn stærsta frystihús þessa lands, — að eitthvað sé tekið af þessu frysta sparifé og því varið til hjálpar húsbyggjendum, og þar ætlast ég sannarlega til að þetta komi niður.

Hv. frsm. meiri hl. heilbr.- og félmn. sneri mjög máli sínu til hv. 4. þm. Reykn. og komst að þeirri niðurstöðu, að eiginlega hefði hann frekar átt að skrifa undir nál. með meiri hl. en með minni hl., og gerði honum upp skoðanir í því efni, og ekki nóg með það, heldur taldi hann, að hv. 3. þm. Reykv. (EOl), sem talaði líka gegn honum og málflutningi meiri hl., hefði líka verið á sama máli og meiri hl., og vildi alls ekki viðurkenna, að þeir hefðu á neinn hátt verið á öndverðri skoðun við sig. Þá stóð það eitt eftir, að ég væri að vísu með aðrar skoðanir um afgreiðslu þessa máls, því að honum tókst ekki að leiða nein rök að því, að ég hefði líka verið sammála sér, en það hefði hann eiginlega

alveg eins getað, eins og með hina tvo. Ég heyrði ekki betur en hv. 4. þm. Reykn. gerði fullglögga grein fyrir því, að hann væri því fylgjandi, að húsbyggjendum væri hjálpað með lengingu lánstíma og lækkun vaxta, og væri þannig fylgjandi meginefni málsins. Þar af leiðandi hefði hann fylgt nál. minu með fyrirvara um það, að hann efaðist um, að rétt væri að láta koma til framkvæmda endurgreiðslu á tollum og söluskattum, taldi réttara, að það væri gert með hækkuðu lánsfé, hækkaðri lánsupphæð, og að fyrirvari hans næði einnig til vaxta, hann efaðist um, að rétt væri, að vaxtalækkunin næði aftur fyrir sig. Það var vitað í nefndinni, að um þetta var fyrirvari hv. þm., og mér kom það því ekkert á óvart og gerði beint ráð fyrir því í minni framsöguræðu, að hann mundi skýra sinn fyrirvara, og vissi fullvel frá nefndarstarfinu um þetta. Hv. 4. þm. Reykn. var þó ekki fyrr á þessu þingi andvígur endurgreiðslu söluskatta í vissu tilfelli og taldi ásamt hv. þm. Framsfl. hana yfirleitt framkvæmanlega, þ. e. þegar um var að ræða endurgreiðslu á tollum og sköttum í sambandi við landbúnaðarvélar. Var ég þeim alveg sammála um það, að sú leið væri framkvæmanleg og það ætti að hjálpa bændum, eins og þeirra högum er komið, til þess að geta keypt slíkar vélar, með því að lækka verð þeirra með slíkri endurgreiðslu. Og ég fæ ekki séð, að það sé neitt erfiðara að koma endurgreiðslu við í þessu tilfelli en í hinu fyrra. Ég get hins vegar vel skilið, að hv. stjórnarmeirihluti hér á Alþingi sé andvígur endurgreiðslu tolla og söluskatta af byggingarefni til íbúðarhúsnæðis, af því að stjórnarflokkarnir báðir tóku þá afstöðu illu heilli á þessu þingi, að ekki mætti endurgreiða bændum söluskatta og tolla af landbúnaðarvélum. Í þeirri afstöðu er samræmi. En ég álít, að þeir hafi gert rangt, það hafi átt að hjálpa bændum í nefndu tilfelli með slíkri endurgreiðslu.

Um fordæmi, sem áður séu til um endurgreiðslu söluskatta og tolla, er það nú upplýst, að slík endurgreiðsla er framkvæmd af byggingarefni til skipa, sem smíðuð eru innanlands, og hefur reynzt fullframkvæmanleg í mörg ár. Auk þess minntist hv. frsm. meiri hl. n. á, að það hefðu verið endurgreiddir tollar af hinum svokölluðu sænsku húsum, sem voru flutt inn á tímabili, vildi hins vegar efast um, að ráðh. sá, sem það framkvæmdi, hefði gert það með fullri heimild, því að sú heimild, sem á sínum tíma hefði verið til þess veitt, hefði af þeim ráðh., sem þá sat, ekki verið notuð. En þetta var sem sé gert og var gert til þess að hjálpa húskaupendum í því tilfelli, af því að þessi sænsku hús þóttu verða óhóflega dýr. Til þessa úrræðis hefur því verið gripið í húsnæðismálum áður til að hjálpa þeim, sem voru að eignast þak yfir höfuðið og þetta hefur verið framkvæmt og er framkvæmt enn til þess að hjálpa íslenzkum skipabyggingariðnaði. Hins vegar játa ég það og lét þess getið í minni framsöguræðu í upphafi þessarar umr., að þetta væri önnur hugsanleg leið. Hin leiðin væri sú að hækka lánsupphæðirnar. Það væri um tvennt að ræða: annaðhvort að hækka lánsupphæðirnar ellegar lækka byggingarkostnaðinn, t. d. með þessu úrræði, og ég held því enn fram, að þetta sé framkvæmanleg leið, enda er hún í framkvæmd hjá hæstv. ríkisstj. að því er snertir skipabyggingarnar.

Ég held, að ég hafi nú svarað því helzta, sem fram hefur komið í andmæla átt gegn þessu frv., síðan ég talaði seinast, og hef gert grein fyrir því, að ég tel vaxtalækkunina mjög mikilsverða fyrir húsbyggjendur. Ég tel það marghrakta fásinnu að halda því fram, að endurgreiðsla vaxtanna stangist á við ákvæði stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins. Ég tel sjálfsagðan hlut, að þjóðbankinn sé látinn hlaupa undir bagga með hinu frysta sparifé, ef með þyrfti vegna endurgreiðslu vaxtanna, og ég tel endurgreiðslu söluskatta og tolla af byggingarefni vera framkvæmanlega leið, ef ekki er fallizt á að hækka lánsupphæðirnar, og hef vitnað til dæma um það, að slíkt hefur verið framkvæmt og er framkvæmt. Ég undirstrika því, að ég teldi mjög mikilsvert fyrir húsbyggjendur, sem eru sannarlega í nauðum staddir vegna þeirrar þróunar verðlagsmála, sem í landinu hefur átt sér stað, að þeim verði hjálpað með því, að þetta frv. verði samþykkt.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég hef nú þegar talað svo oft í þessu máli, að ég hef aðeins stuttan tíma til að gera stutta athugasemd, og skal ekki níðast á hæstv. forseta eða hv. deild með að brjóta þær reglur, sem um það gilda, og því mjög stytta mál mitt, enda væri það endurtekning á því, sem ég hef sagt um málið, ef ég færi að ræða við hv. síðasta ræðumann um þau atriði, sem hann nú flutti hér.

Hv. 3. þm. Reykv. setti fram fyrir mig alveg sérstaka spurningu, sem ég tel mér skylt að svara. Hann spurði mig, hvort ég mundi vilja taka það verk að mér að innkalla fyrir Alþýðusamband Íslands þann mismun á launum verkamanna, sem skertur hefði verið með því að lögfesta, eins og gert var á Alþingi á árunum 1958—59, að ekki skyldu greidd laun með vísitöluálagi, og sagði hann, að ég hefði samþykkt þau lög, en á þeim tíma var ég ekki á Alþingi. Vildi hann bera þetta saman við þá röskun, sem mundi verða á rétti manna í sambandi við útgefin verðbréf, ef þetta frv. yrði samþ. Hér er ákaflega ólíku saman að jafna. Í fyrsta lagi var hér um að ræða samninga á milli atvinnurekenda annars vegar og atvinnuþiggjenda hins vegar, og það voru ekki þeir samningsaðilar, sem gáfu út þessi lög, heldur var það Alþingi, svo að það væri ekki hægt að sækja þennan rétt á atvinnurekendur, heldur beint á Alþingi og ríkissjóðinn. En á bak við þessa löggjöf lá það að tryggja verðmæti þess kaupgjalds, sem samið var um, þannig að hver króna yrði ekki minna virði en hún hefði orðið, ef greiðslurnar hefðu verið framkvæmdar með vísitöluálagi, því að það var reynslan búin að sýna í fjöldamörg ár, að það voru engar kjarabætur fyrir launþega að fá síhækkandi laun og á eftir síhækkandi vísitölu, sem gleypti alla þá launaviðbót og meira til, sem þeir höfðu fengið. Það var þessi raunveruleiki, sem var þess valdandi, að þáv.

hæstv. ríkisstj. taldi það rétt, ekki til þess að ganga á rétt launþegans, heldur til þess að treysta það gjald, sem launþeginn fékk, eftir að búið var að gera þessar ráðstafanir. Það var m. ö. o. ekki verið að ganga á rétt launþegans, heldur miklu fremur að vernda launþegann fyrir óstjórnlegri verðbólgu í landinu, sem hefði gert laun hans miklu verðminni en þau hefðu orðið, ef þessar ráðstafanir hefðu ekki verið gerðar, þannig að samanburður hv. 3. þm. Reykv. á þessu og því, sem hér er verið að gera, fær ekki staðizt.

Ég sé ekki ástæðu til þess að svara meiru af því, sem hann ræddi eða beindi til mín, en taldi rétt, að ég svaraði þessari sérstöku fyrirspurn hans.

Gunnar Jóhannsson: Það hafa orðið allmiklar umr. um frv. okkar Alþb.-manna um húsnæðismál o. fl. Er það að vonum, því að þetta mál er eitt stærsta mál og mál, sem varðar allan almenning í landinu, og mál, sem ekki þolir neina bið, að gerðar verði á því allvíðtækar breytingar til bóta.

Hv. 1. þm. Vestf., sem er frsm. meiri hl. heilbr.- og félmn., hefur í þeim umr., sem hér hafa farið fram, beitt sér mjög ákveðið á móti því, að frv. þetta nái fram að ganga. Þessi afstaða hv. þm. er í sjálfu sér í fullu samræmi við afstöðu meiri hl. n., en í nál. meiri hl. er lagt til, að frv. verði fellt. Aðalrök meiri hl. á móti frv. eru þau, að frv. sé óraunhæft og með því sé verið að gera upp á milli þegna þjóðfélagsins og í þriðja lagi sé vitað, að lög þau, sem hér sé lagt til að breyta, séu nú í endurskoðun hjá stjórnskipaðri nefnd. Sé það að dómi meiri hl. hin mesta fjarstæða, eins og það er orðað, að gera eins róttækar breytingar á frv. og gert er ráð fyrir, áður — vel að merkja — en hin stjórnskipaða nefnd leggi fram breytingar á lögunum.

Þá vitum við það, að hæstv. ríkisstj. eða öllu heldur hæstv. félmrh. hefur sett á laggirnar rétt eina nefndina enn, og eftir hennar áliti og tillögum skal beðið, hvort sem sá tími verður langur eða skammur. Það væri annars mjög fróðlegt að fá að vita um það hjá hæstv. ríkisstj., hvað margar nefndir hafa verið skipaðar til athugunar á ýmsum málum, og þá um leið, hvað kosta allar þessar nefndir fyrir ríkissjóð? Ég er alveg sannfærður um það, að fá lönd veraldar hafa eins margar nefndir og Íslendingar. Það er varla það mál tekið fyrir, að það sé ekki sjálfsagt að skipa í það nefnd fleiri eða færri manna. T. d. eru flest lagafrv., sem hæstv. ríkisstj. leggur fram á Alþingi, samin af nefndum, ekki af nefndum Alþingis, heldur af einhverjum svokölluðum sérfræðingum úti í bæ. En hvernig er það með starfslið stjórnarráðsins? Er það svo störfum hlaðið, að það geti ekki samið frv. fyrir hæstv. ríkisstj.? Eða eru svo litlir starfskraftar á skrifstofum stjórnarráðanna, að skrifstofustjórarnir og fulltrúar þeirra hafi ekki tíma til að semja hin ýmsu stjórnarfrv. og þá vitanlega í samráði við hæstv. ráðh.? Ef svo er ekki, hverjar eru þá ástæðurnar fyrir hinum mörgu stjórnskipuðu nefndum? Annars virðast þessar mörgu nefndir, sem í langflestum tilfellum eru skipaðar fylgismönnum hæstv. ríkisstj., vera hálfgert feimnismál hjá hæstv. ríkisstj. Hæstv. ráðh. vilja sem allra minnst um þær tala. Annars vil ég endurtaka það, sem ég hef áður sagt, að það væri mjög upplýsandi fyrir alþm. og aðra, ef hæstv. ráðh. sæju sér fært að skýra þinginu frá því, hvað margar nefndir hafa verið skipaðar á valdatímabili núv. ríkisstj. og hvert eigi að vera og hafi átt að vera verkefni þeirra og þá hvað margar þeirra hafi lokið störfum, og síðast, en ekki sízt, hvað kostnaður sé mikill í sambandi við nefndastörfin.

Mér kom það í sjálfu sér á óvart, að hv. 1. þm. Vestf. skyldi halda því fram, að frv. okkar Alþb.-manna væri óraunhæft. En ég vil bara spyrja þennan hv. þm.: Að hvaða leyti er frv. okkar óraunhæft? Er það óraunhæft að leggja til, að vextir af íbúðarlánum séu lækkaðir? Er það óraunhæft að lengja lánstímann úr 20 árum í 25? Hvað er það, sem torveldar mönnum að byggja íbúðarhús nú á dögum? Að mínum dómi eru það í fyrsta lagi allt of háir vextir á lánunum, í öðru lagi of lág lán, í þriðja lagi of stuttur lánstími og í fjórða lagi léleg skipulagning við flestar byggingarframkvæmdir. Við leggjum til í okkar frv., að vextirnir verði lækkaðir að miklum mun frá því, sem nú er, vextir A-lána hins almenna veðlánakerfis verði lækkaðir úr 8% ofan í 4, eða um helming. Maður, sem byggir sér íbúð, sem kostar 400 þús. kr., þarf nú að greiða í vexti af slíkri upphæð hvorki meira né minna en yfir 30 þús. kr. á ári, fyrir utan afborganir af láninu. Ég held, að flestir hljóti að sjá og skilja, að með slíku vaxtafyrirkomulagi er stefnt í hreinan voða, sem hlýtur fyrr eða síðar að enda með algerri stöðvun í húsbyggingum, enda er nú svo komið, að íbúðarhúsabyggingar hafa stórlega dregizt saman á hinum síðari árum. Úti um allt land t. d. er það hrein undantekning, ef byggt er íbúðarhús, enda er það útilokað, að fátækt fólk geti byggt sér íbúðarhús, eins og nú horfir. Allar nágrannaþjóðir okkar og þá fyrst og fremst Norðurlandaþjóðirnar, og til þeirra erum við alltaf að sækja mikinn vísdóm og sýknt og heilagt að vitna til þeirra og þess, sem þar gerist, — þær hafa allar talið sér skylt að gera allt, sem hægt er, til þess að efnalítið fólk geti eignazt þak yfir höfuðið. Ef við tökum dæmi frá Noregi, þá er því þannig fyrir komið þar, að bankinn, sem aðallega lánar til húsbygginga, lánar allt að 77% af byggingarkostnaði út á íbúð. Af þessari upphæð eru 20% vaxtalaus og með mjög vægum afborgunum, sem ekki hefjast fyrr en eftir 10 ár. Vextir af því, sem eftir er af láninu, eru ekki nema 3%, — en þeir eru bara 8% hérna. Auk þess getur svo fólk fengið lán úr byggingarsjóðum bæjanna með mjög hagstæðum greiðsluskilmálum og lágum vöxtum. Ég hef hér aðeins bent á eitt dæmi frá Noregi, sem sýnir hinn mikla og gífurlega mismun, sem er á lánakerfinu og vöxtunum þar, miðað við það, sem er hér. Að sumu leyti er þó fyrirkomulagið í hliðstæðum málum í Danmörku og Svíþjóð jafnvel enn þá hagstæðara en í Noregi. Sérstaklega mun lánstíminn vera enn lengri í Danmörku.

Að ætla sér að viðhalda hinum gífurlega háu

vöxtum á lánum til íbúðabygginga er hrein fjarstæða, sem verður að fást bót á. Vitanlega eru þau lán, sem nú eru veitt út á hverja íbúð, allt of lág. Hámarkið, sem lánað er út á hverja íbúð í gegnum húsnæðismálakerfið, eins og það er í dag, er um 100 þús. kr. Vanalegast er lánið greitt í þrennu eða fernu lagi. Fólk, sem er að byggja, verður oft og tíðum að bíða í marga mánuði, jafnvel eitt til tvö ár, eftir því að fá allt lánið greitt. Það hljóta allir að sjá, að slíkt ástand er óþolandi og eykur stórlega allan byggingarkostnað úr hófi fram, auk margs konar erfiðleika, sem slíkt ástand hefur í för með sér, sem þeir einir bezt þekkja, sem hafa staðið og standa í húsbyggingum. Það hefur verið reiknað út, að aðflutningstollar og söluskattar af byggingarefni í eina íbúð af meðalstærð nemi næstum því sömu upphæð og hæst er lánað út á eina íbúð frá hinu almenna veðlánakerfi. M. ö. o.: lánið, sem þannig fæst, gengur að langmestu leyti til greiðslu á tollum og sköttum til ríkissjóðs. Það er ekki að furða, þótt hæstv. ríkisstj. hæli sér af því í tíma og ótíma að hafa lækkað skattana.

Í þessu frv. er lagt til að lækka byggingarkostnaðinn sem nemur tekjum ríkissjóðs af tollum og sköttum og söluskatti af byggingarefni, sem fer til byggingar á íbúðarhúsnæði. Inn á svipaða braut hafa aðrar þjóðir farið sem lið í því að lækka byggingarkostnaðinn. Það skal tekið fram, að skatt- og tollalækkun á aðeins að ná til íbúða af þeirri stærð, sem samrýmist reglum húsnæðismálastofnunar til útlána.

Hv. 1. þm. Vestf., frsm. meiri hl., telur það mikla fjarstæðu að lækka vexti af A-lánaskuldabréfum niður í 4%. Með svo lágum vöxtum telur hann og meiri hl. n. að skuldabréfin verði óseljanleg á nafnverði og eins og segir í nál. meiri hl.: „kæmi því byggjendum að engum notum“. Sjálfsagt er það út af fyrir sig rétt, svo langt sem það nær, að slík skuldabréf mundu ekki seljast á nafnverði á frjálsum markaði. Það eru víst æði mörg skuldabréfin, sem nú á dögum eru ekki seld á nafnverði, heldur langt undir, og hafa húsbyggjendur fengið að kenna á því allharkalega að undanförnu. En það er engin leið auðveldari en að fyrirbyggja slíkt með þessi skuldabréf, ef vilji er fyrir hendi. Það á með lögum eða á annan hátt að skylda Seðlabankann og jafnvel aðrar ríkislánastofnanir til að kaupa A-lánaskuldabréfin á nafnverði, þannig að húsbyggjendur fái rétt verð fyrir bréfin. Ég veit ekki betur en hæstv. ríkisstj. sé sí og æ að láta blöð flokka sinna hælast yfir því, hvað sparisjóðsinnstæður í bönkum og sparisjóðum hafi stórhækkað undanfarin ár. Þessari aukningu á sparisjóðsfé í bönkum og sparisjóðum yrði tæplega betur varið að okkar dómi en að verja því til kaupa á skuldabréfum til íbúðarhúsabygginga. Vaxtamismuninn yrði svo ríkissjóður að greiða. Hjá því yrði máske ekki komizt að óbreyttum innlánsvöxtum.

Annars er það mála sannast, að hinir gífurlega háu vextir eru og hafa verið að setja alla framleiðslu til lands og sjávar í rúst að meira eða minna leyti og liggja eins og mara á öllum framkvæmdum og máske ekki hvað sízt á íbúðarhúsbyggingum. Um þetta er að mínum dómi alveg óþarft að deila. Þetta sjá allir og skilja. Jafnvel hæstv. ráðherrar eru nú upp á síðkastið farnir að tæpa á því, að brátt líði að því, að nauðsynlegt kunni að reynast að lækka vextina.

Þá talar meiri hl. um það, að lögfesta yrði lækkun vaxta á þeim bréfum, sem þegar eru seld, og álítur slíka vaxtalækkun nálgast það að vera stjórnarskrárbrot, nema til komi fullar bætur til eigenda skuldabréfanna. Hér er um mjög merkilegar upplýsingar að ræða. Ég er ekki lögfræðingur og ekki heldur formaður heilbr.- og félmn. og enginn þeirra, sem eru í meiri hl. Fljótt á litið finnst mér þetta ótrúlegt og hefði verið æskilegt, að færð hefðu verið fram sterkari og haldbetri rök fyrir þessari skoðun meiri hl. n. en gert er í nál. Það er engan veginn fullnægjandi að slá fram slíkum staðhæfingum án nokkurra raka, og er yfirleitt ekki gert, þegar um er að ræða vafasöm lögfræðileg atriði. Í þessu sambandi vil ég leyfa mér að benda á, þó að það hafi verið gert hér áður af hv. 3. þm. Reykv., að hæstv. ríkisstj. var ekki í neinum vafa um það, að það væri löglegt í alla staði að lækka allt kaupgjald í landinu með lögum um svo og svo mörg prósent og þar með ógilda kaupgjaldsákvæði í samningum, sem verkalýðsfélögin höfðu gert við atvinnurekendur, og það án nokkurs samráðs við verkalýðsfélögin, heldur þvert á móti í fullkominni óþökk og andstöðu allra meðlima verkalýðshreyfingarinnar. Ég minnist þess ekki, að þeir hinir sömu hv. alþm., sem nú fjasa um hugsanlegt stjórnarskrárbrot í sambandi við lækkun vaxta á A-lánaskuldabréfunum, hafi talið það vera nokkurt brot á stjórnarskránni að ræna af hverjum einasta launþega á Íslandi mörg þúsund krónum af launum hans árlega. Ég held, að þessir hv. þm. hafi allir greitt atkv. með launaráninu. Hitt er svo aftur vitað, að það, sem eigendur skuldabréfanna kunna að tapa við vaxtalækkunina á bréfunum, yrði þó aldrei nema örlítið brot, miðað við það, sem tekið var af launþegunum með setningu efnahagslaganna.

Ég vil taka það fram, að þetta frv., þótt að lögum yrði, er alls ekki fullnægjandi lausn á húsnæðisvandamálinu. En það er þó til bóta frá því, sem nú er, og það miðar að því að gera þeim verkamönnum og öðrum þeim, sem eru eða hafa verið að byggja sér íbúð, kleift að halda íbúðum sínum og gera þeim, sem hugsa sér að byggja, það mögulegt, m. a. með því að lækka vextina eins og hér er lagt til að verði gert, lengja lánstímann og stórlækka allan byggingarkostnað með því að fella niður eða endurgreiða tolla og söluskatta af byggingarefni til íbúðarhúsabygginga. Ástandið er nú þannig, að ef ekkert raunhæft verður gert í þessum málum, vofir það beinlínis yfir, að fjöldi manns, sem er að byggja eða hefur byggt sér íbúð undanfarin ár, á þá hættu yfirvofandi að missa hús sín, vegna þess að þeir fá hvergi viðunandi lán og geta ekki staðið í skilum gagnvart þeim, sem máske til bráðabirgða hafa hlaupið undir bagga með þeim, og sumir þeirra hafa tekið allmikil víxillán, sem þeir á engan hátt geta staðið við að óbreyttu ástandi.

Þannig er ástandið í þessum málum. Allar íbúðarhúsabyggingar hafa stórlega dregizt saman, og vöntun á íbúðarhúsnæði er á næsta leiti, sem fyrst og fremst kemur til með að bitna harðast á efnalitlum barnafjölskyldum.

Hæstv. félmrh. sagði í ræðu á Alþ. s. l. föstudag, að í tíð núv. ríkisstj. hefði byggingarkostnaður hækkað um, að mig minnir, 25%. Taldi ráðh. þá hækkun mun minni en þá hækkun, sem orðið hefði í tíð vinstri stjórnarinnar. Hæstv. ráðh. var nú náttúrlega stuðningsmaður þeirrar ríkisstj. og ber því að sjálfsögðu að sínum hluta ábyrgð á þeirri hækkun, sem þá kann að hafa orðið á húsbyggingarkostnaði. En þessi sami hæstv. ráðh. er nú í ríkisstj., og ekki verður annað séð en hann hafi með atkv. sínu hér á Alþingi með ráðnum hug unnið að því, að allur byggingarkostnaður hafi haldið áfram að hækka ár frá ári og það mjög ört. Ég veit ekki betur en þessi sami hæstv. ráðh. hafi stutt í einu og öllu að stórfelldri gengislækkun, ekki einu sinni, heldur tvisvar. Gengisfellingin, sem framkvæmd var í febrúar 1960, hækkaði vitanlega allan byggingarkostnað stórkostlega — um það þarf ekki að deila — frá því, sem áður hafði verið. En það hefur hæstv. ráðh. ekki fundizt nægilega mikil hækkun, því að í ágúst í sumar var enn framkvæmd stórfelld gengislækkun með hans samþykki, sem vitanlega hækkaði allan byggingarkostnað um svo og svo mörg prósent.

Þessi sami hæstv. ráðh. vildi álíta, að kaupgjaldshækkanir hefðu orðið þess valdandi, að byggingarkostnaður hefði hækkað. Ég veit ekki, hvað hæstv. ráðh. hefur meint með slíkum fullyrðingum. Ég vil leyfa mér að benda honum á, að með gengisfellingarlögunum í sumar voru allar kauphækkanir, sem um hafði verið samið eftir langvarandi verkfall, m. a. vegna fjandskapar ríkisstj. gagnvart verkalýðssamtökunum, að engu gerðar. Þá má og benda á, að kaupmáttur launanna er mun minni nú en hann var í tíð vinstri stjórnarinnar. Fyrir aðgerðir núv. hæstv. ríkisstj. og fyrrv., þ. e. ríkisstj. Alþfl., hafa lífskjör fólksins í landinu stöðugt verið að versna og hafa máske aldrei verið verri í tugi ára en þau eru nú. Þetta eru óhrekjandi staðreyndir, sem langflestir viðurkenna, nema máske hæstv. ráðherrar.

Ég sá það í einu af dagblöðunum núna nýverið, — ég held, að það hafi verið í Þjóðviljanum, — að hæstv. menntmrh. hafi í blaðaviðtali utanlands skýrt frá því, að ríkisstj. Íslands hefði á einni nóttu tekið allar kauphækkanirnar, sem urðu í vor, með því að lækka gengið um það, sem hækkunin nam. Orðrétt sagði ráðh.:

„Við brugðum skjótt við, á einni nóttu og fyrirvaralaust lækkaði ríkisstjórnin gengi gjaldmiðilsins um 13%, og sviptum þannig verkalýðsfélögin öllu nema 3% kauphækkun.“

En ég vil spyrja: Hvaða 3% voru skilin eftir? Var ekki með gengisfellingunni í sumar öll kauphækkunin tekin aftur og ríflega það? Ég held, að svo hafi verið. Segi menn svo, að hæstv. ríkisstj. geti ekki sýnt af sér skörungsskap, þegar hún vill það við hafa.

Hæstv. félmrh. vildi halda því fram, að lítið sem ekkert hefði dregið úr íbúðarhúsabyggingum í tíð núv. ríkisstj. Manni gat helzt skilizt, að öll þessi mál væru í stakasta lagi, þar væri ekki um neitt að sakast. Eftir því sem hér var upplýst á fundi s. l. föstudag af hv. 4. þm. Reykn., voru árið 1961, fyrsta ár hinnar svokölluðu viðreisnar, þar sem áhrifa viðreisnarinnar gætti að fullu, byrjað á um 1000 færri íbúðarbyggingum en árið 1956. Hæstv. félmrh. mótmælti þessu ekki, ekki þessum tölum, sem þm. kom með. Menn geta svo velt því fyrir sér, hver á sinn hátt, hvort allt sé í lagi í þessum málum, þegar um jafnstórfelldan samdrátt er að ræða í íbúðarhúsabyggingum og hér hefur verið bent á.

Nei, sannleikurinn er sá, að húsnæðisbyggingarmálið er allt komið í kreppu og vandræði. Á þessu ófremdarástandi fæst engin bót, nema gerðar séu róttækar ráðstafanir til úrbóta. Frv. okkar Alþýðubandalagsmanna er mjög stórt skref í rétta átt. Hitt dylst sjálfsagt fáum, að frekari aðgerða er þörf, og að því ber að stefna, að svo verði gert sem allra fyrst. Ekki verður um það deilt, að það fé, sem húsnæðismálastjórn hefur til útlána til íbúðarhúsabygginga ár hvert, er engan veginn nægjanlegt til þess að fullnægja eftirspurn eftir lánunum. Árið 1960 munu hafa verið veittar til íbúðarhúsabygginga rúmar 70 millj. kr., 1961 lækkar þessi upphæð niður í rúmar 60 millj. Ég vil þó taka það fram, að þessar tölur eru ekki alveg endanlegar, getur skakkað einhverjum hundruðum þúsunda til eða frá, sem skipta ekki mjög miklu máli. Í tíð vinstri stjórnarinnar voru veittar árlega yfir 50 millj. kr. í sama skyni. Síðan hafa verið framkvæmdar tvennar gengislækkanir, sem að sjálfsögðu hafa hækkað allan byggingarkostnað stórlega frá því, sem áður var. Þessi samanburður er því mjög óhagstæður fyrir hæstv. ríkisstj. og sýnir, svo að ekki verður um villzt, stórkostlegan samdrátt í lánveitingum til íbúðarhúsabygginga, miðað við verðlag, eins og það er nú. Jafnvel þótt hækkað verði lán út á hverja meðalíbúð um 50 þús. kr., eins og nú er talað um að verði gert, er sú hækkun engan veginn nægjanleg til að mæta þeim miklu hækkunum, sem orðið hafa á öllum byggingarkostnaði í tíð núverandi ríkisstj., — hækkun, sem beinlínis er að sliga allar framkvæmdir og allt athafnalíf landsins.

Menn ræða oft um mikinn fjárskort og að þetta og hitt sé ekki hægt að gera, vegna þess að ekki séu til peningar. Sjálfsagt er eitthvað til í því, að þjóð eins og Íslendingar, sem hafa þurft að byggja upp land sitt að mestu leyti á tiltölulega stuttum tíma, vanti fjármagn. Hinu verður þó ekki á móti mælt, að Íslendingar hafa á síðari árum haft yfir að ráða geysilega miklum fjármunum, sem aflað hefur verið af landsmönnum sjálfum gegnum sjávarútveg, landbúnað, iðnað, siglingar o. fl. Auk þess hafa svo verið tekin mörg mjög stór erlend lán til ýmissa framkvæmda. Um það má sjálfsagt deila, hvernig þessum miklu fjármunum hefur verið varið, og það, hvort ekki hefði verið ástæða til, að einhverjum hluta af t. d. hinum svokölluðu vöruкaupalánum hefði verið varið til lána til íbúðarhúsabygginga. Það hefur bara ekki verið gert. Þeim fjármunum öllum hefur verið varið til annarra framkvæmda, sem ég út af fyrir sig skal

ekki vera að hafa á móti. Við vitum það, að slíkar framkvæmdir eru allar nauðsynlegar. En hinu vil ég halda fram, að vel hefði mátt láta einhverja upphæð af hinum stóru vörukaupalánum, sem hafa verið tekin, ganga til íbúðarhúsabygginga, en það hefur ekki verið gert.

Húsnæðisvandamálið virðist enn þá vera að mestu leyti óleyst. Enn þá búa hundruð og jafnvel þúsundir Íslendinga í óhæfu húsnæði, og fátt bendir til þess, að úr þessu ástandi rakni nú á næstunni, því miður. Þeir menn, sem vilja halda við því ástandi, sem nú er í húsnæðismálum Íslendinga, taka á sig að mínum dómi mjög mikla ábyrgð gagnvart því fólki, ungu sem gömlu, sem nú býr við heilsuspillandi húsnæði og sér enga leið út úr vandræðunum, treystir sér ekki og getur ekki vegna fátæktar eignazt þak yfir fjölskyldu sína. Og gagnvart þeim mörgu, sem hafa staðið og standa enn í húsbyggingum, en sjá máske enga leið til að halda íbúðinni sinni áfram vegna fjárskorts, vegna hraðvaxandi verðbólgu og dýrtíðar, vegna ört minnkandi kaupgetu alls almennings, — fyrir slíkt fólk eru hástemmdar lofræður um ágæti viðreisnarstefnu núv. ríkisstj. jafnhliða hæfilegum skömmum um vinstri stjórnina frekar lélegar úrbætur á því ástandi, sem nú er og allur almenningur stynur undir. Nei, sannleikurinn er sá, að ástandið í þessum málum er óþolandi, og stefnir til hreinna vandræða, ef ekkert raunhæft verður að gert. En því miður er ég vantrúaður á það, að núv. hæstv. ríkisstj. og þeir flokkar, sem að henni standa, hafi þá viðsýni til að bera, sem til þess þarf að koma húsnæðismálum þjóðarinnar í viðunandi horf. Til þess benda allar aðgerðir þeirra í þessum málum, og til þess m. a. bendir sú afstaða, sem meiri hl. hv. félmn. hefur tekið í þessu máli, þar sem lagt er til, að frv. okkar Alþýðubandalagsmanna um þessi mál verði fellt.

Jón Skaftason: Herra forseti. Mig langar til þess að gera í örstuttu máli nokkrar athugasemdir við ræðu þá, sem hæstv. félmrh. hélt hér s. l. föstudag.

Hann byrjaði á því að tala um þá hækkun, sem orðið hefði á byggingarkostnaði í landinu, og tók til samanburðar byggingarkostnaðinn á árinu 1958 og allt til þessa dags og fékk það út, að hann hefði hækkað um 25% á þessum tíma, miðað við byggingarvísitölu áranna. Þetta er rétt hjá hæstv. ráðh. En sá samanburður, sem hann hugðist hnekkja með þessu dæmi sínu og ég hafði viðhaft í minni ræðu, var ekki miðaður við byggingarvísitölu og ekki við árið 1958, heldur við árið 1959. Dæmi mitt var tekið af íbúð, sem í september 1959 kostaði 350 þús. kr., en í september 1961 var komin upp í 466 þús. kr., hækkun um 33%. Hækkun byggingarvísitölu frá árinu 1959 til ársins 1961 mun hins vegar vera einhvers staðar á milli 27% og 28%.

Þá talaði hæstv. ráðh. um, að það væri svo sem ekkert nýtt, að byggingum hefði fækkað hér á landi, því að á þrem árum vinstri stjórnarinnar, frá árinu 1956—58, hefði tala hafinna íbúða lækkað um 300. Þetta er rétt hjá hæstv. ráðh. En ég vil benda honum á, að á fyrsta ári núv. hæstv. ríkisstj. hefur íbúðabyggingum fækkað á einu einasta ári um 585 íbúðir, og er hér ekki um neina áætlun að ræða, því að þetta er byggt á óyggjandi og óhrekjandi tölum frá Framkvæmdabanka Íslands, þannig að á þessu má sjá, að á fyrsta ári núv. hæstv. ríkisstj. fækkar tölu hafinna íbúðabygginga á einu ári nærri því helmingi meira en íbúðabyggingum fækkaði þrjú ár vinstri stjórnarinnar.

Hæstv. ráðh. nefndi, að í janúar s. l. hefðu fleiri sótt um lán til húsnæðismálastjórnarinnar en nokkurn tíma fyrr, og skildist mér á honum, að með þessu teldi hann sannað, að ekki hefði dregið mjög mikið úr íbúðabyggingum. Ég hef dálítið kynnt mér þetta hjá húsnæðismálastofnuninni og þykist geta fullyrt, að langsamlega mestur hluti þeirra umsókna, sem bárust til hennar í janúar s. l., eru viðbótarlánsumsóknir. Fólk, sem hafði á árunum 1955, 1956 og 1957 lokið við íbúðir sínar og var flutt inn í þær og hafði fengið allt að 70 þús. kr. húsnæðismálastjórnarlán, komst í alger greiðsluþrot á árunum 1960 og 1961 vegna þeirra gífurlega auknu byrða, sem á það var lagt með hækkun vaxta og ýmissa annarra ráðstafana, þannig að það sá sig til neytt að sækja um það 30 þús. kr. viðbótarlán, sem það átti kost á samkv. lögum, til þess eins að geta haldið húsum sínum áfram. Af þessu stafar fyrst og fremst sú fjölgun, sem varð á umsóknum íbúðarlána í janúar s. l.

Þá kom hæstv. ráðh. með yfirlýsingu, sem mig furðaði mjög á. Ég skildi hann þannig, og ég hygg, að það fari ekki á milli mála, að það hafi verið það, sem hann átti við, að sú hækkun lána frá húsnæðismálastjórn, sem ráðgerð er samkv. frv. því, sem ríkisstj. hefur lagt fram í hv. Ed. og gerir ráð fyrir að byggingarsjóðslánin hækki upp í 150 þús. kr. úr 100 þús. kr., sem nú er, hún þýddi í raun réttri um 80 þús. kr. hækkun á þessum lánum, því að eins og hann sagði, fyrir gengisfellinguna 1960 var það mjög sjaldgæft, ef ekki alveg án dæma, að menn fengju hærri lán en 70 þús. kr. frá byggingarsjóðnum. Hér er mjög málum blandað af hálfu hæstv. ráðh. Ákvæðið um 100 þús. kr. hámarkslán var sett inn í löggjöfina um húsnæðismálastjórn á árinu 1955, og strax á árinu 1956 var farið að veita til nokkuð margra umsækjenda hámarkslán, þ. e. a. s. 100 þús. kr., og er mér fullkunnugt um, að tala þeirra manna, sem fengið hafa lán úr byggingarsjóði ríkisins á árunum 1956—60 og hafa fengið full hámarkslán, nemur mörgum hundruðum, ef ekki þúsundum. Þannig er það langur vegur frá því, að ekki hafi verið veitt hámarkslán úr byggingarsjóði ríkisins fyrr en árið 1960 eða áður en gengið var fellt 1960, og er því ekki um neina 80 þús. kr. raunhæfa hækkun byggingarlána að ræða, þó að frv. hæstv. ríkisstj., sem nú liggur fyrir Ed., verði samþykkt.

Auk þess kemur fleira til. Af frv. því, sem ég hef minnzt á, er ekki nokkra vísbendingu að finna um það, að byggingarsjóður ríkisins verði frekar fær um að afgreiða hámarkslán til hvers og eins umsækjanda, eftir að frv. hefur verið samþykkt, þ. e. a. s. afgreiða 150 þús. kr. lán

til umsækjenda, heldur en var allt til þessa dags um, að menn ættu kost á að fá 100 þús. kr. að láni hjá byggingarsjóði ríkisins.

Hæstv. ráðh. hélt því einnig fram, að ein, ef ekki aðalástæðan fyrir því, að dregið hefði úr byggingum nú síðustu tvö árin, væri sú, að fólk teldi, að það ávaxtaði fjármuni sína betur með því að leggja þá inn á sparisjóð og í bankastofnanir núna heldur en áður hefði verið. Hann þóttist vita dæmi þess, að menn hefðu í hreinum spekúlasjónstilgangi lagt í íbúðarhúsabyggingar áður fyrr, af því að þar hefðu þeir talið fjármuni sína betur varðveitta en með því að leggja þá í banka. Hvað sem um þessa staðhæfingu ráðh. er að segja, þá er hitt staðreynd, að talið er, að byggja þurfi um 1400 íbúðir á hverju ári, til þess að það fólk, sem bætist við árlega, geti búið í sómasamlegu húsnæði, — 1400 íbúðir á ári, — og þegar tala hafinna íbúða á árinu 1961 er komin niður í 770, þá sjá allir, að það er annað og meira, sem veldur þessum samdrætti, en það eitt, að fólkið telji, að það varðveiti peninga sína betur í bankastofnunum landsins en verja þeim til íbúðabygginga. Þetta er greinilegt, og það þarf ekki að fara í neinar grafgötur um ástæðurnar fyrir því. Þær eru fyrst og fremst þær, að byggingarkostnaður hefur hækkað, svo sem hér hefur verið margupplýst, mjög mikið, en laun svo til staðið í stað.

Ég vil svo aðeins að endingu í tilefni af ræðu hv. 1. þm. Vestf., þar sem hann innti eftir því, hvort ég hefði í fórum mínum upplýsingar um hækkun byggingarkostnaðarins hin síðustu tvö árin, hve mikið af henni mætti rekja til hækkunar á efnisliðum byggingarkostnaðarins og á vinnulaunaliðum byggingarkostnaðarins, gefa þessar upplýsingar: Samkvæmt byggingarvísitölunni, eins og hún var í febrúar 1960, þ. e. a. s. áður en áhrifa gengisbreytinganna fór að gæta, og með samanburði við byggingarvísitöluna, eins og hún er nú s. l. október, en það er seinasta vísitalan, sem reiknuð hefur verið út, þá er hækkun hreinna vinnuliða á þessu tímabili tæp 3%, en hækkun hreinna efnisliða í byggingarkostnaðinum er rúm 60%, þannig að það fer ekki á milli mála, í hverju sú hækkun byggingarkostnaðarins fyrst og fremst liggur, sem hefur átt sér stað tvö undanfarandi ár.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Í þeim umr., sem hér fóru fram síðast, þegar þetta mál var til umr., kom það fram, að stjórnarandstaðan vildi láta líta svo út, að hækkun byggingarkostnaðar, sem orðið hefur hin síðustu ár og væri fyrst og fremst, ef ekki eingöngu, viðreisnaraðgerðum ríkisstj. að kenna, hefði valdið samdrætti í byggingarframkvæmdum. Það gaf mér tilefni til þess að segja hér nokkur orð og bera saman hækkun byggingarkostnaðar, sem orðið hefur s. l. 3 ár, og svo þá hækkun byggingarkostnaðar, sem varð þau tvö árin, sem vinstri stjórnin sat að völdum. Þessi samanburður leiddi til þess alveg ótvírætt, hverju sem hv. 4. þm. Reykn. kann að halda öðru fram í því efni, að árleg byggingarkostnaðarhækkun hafði orðið meiri á tímum vinstri stjórnarinnar en hún hafði orðið á þessum 3 s. l. árum, sem skýrslur Fjármálatíðinda ná til, eða með öðrum orðum, hækkunin á vísitölu byggingarkostnaðar frá febrúar 1957 til október 1958 hafði orðið 21 stig, úr 113 í 134, en á árunum frá febrúar 1959 til október 1961, eða í 3 ár, hafði hækkunin orðið 35 stig. Þessu held ég að sé undir engum kringumstæðum hægt að hnekkja, því að þetta eru vísitölur reiknaðar út af hlutlausum aðila, hagstofunni, og birtar bæði í Fjármálatíðindum og eins í Hagtíðindum, svo að það fer ekki á milli mála, hver þessi hækkun hefur orðið. Það má náttúrlega með því að taka einstök tímabil og einstakar byggingar e. t. v. finna út einhver smávegis frávik frá þessum tölum, en þetta er heildarmyndin, sem verður ekki breytt.

Það var líka nokkuð ofarlega á baugi hjá þessum hv. þm., sem þessa skoðun höfðu, að allt illt í byggingarmálunum væri viðreisnaraðgerðum ríkisstj. að kenna, að fækkunin í nýbyggingum væri líka af þessum rótum runnin. Ég benti á í því sambandi og notaði þar tölur, sem hv. 4. þm. Reykn. nefndi sjálfur, að fækkunin frá 1956 til 1958 er mjög svipuð, að vísu aðeins minni en hún hefur orðið á tímabilinu frá 1958 til 1960. Í öðru tilfellinu er hún eitthvað á fjórða hundrað, en í hinu tilfellinu er hún rétt um eða rúm 400, þannig að það getur a. m. k. ekki verið viðreisnaraðgerðum ríkisstj. að kenna, sú fækkun, sem varð á hinu fyrra tveggja ára tímabili.

Það er ekki hægt að búast við því, að fjöldi bygginga sé jafn frá ári til árs, ekki fullkomlega jafn, og það geta verið tímabil, þar sem byggt er minna í einn tíma heldur en annan. Þess vegna er engin ástæða til þess að ætla, að það sé ein ástæða fyrir því frekar en önnur, að svo verður. Ég held, að þó að byggingarkostnaður hafi hækkað verulega á þessum síðustu þrem árum, þá hafi hann ekki hækkað eins mikið og á tímum vinstri stjórnarinnar. Aðrar ástæður koma til greina, eins og ég líka nefndi, eins og t. d. sú, að menn flýja ekki með fé sitt nú í byggingar í sama mæli og áður, vegna þess að þeir telja eins gott að eiga féð og að eiga hús eða aðra fasteign.

Þá minntist ég líka á, að hækkun lánveitinga til íbúðahúsabygginga er sennilega það, sem mest sker úr, hvort hægt sé að hafa þessa starfsemi um hönd á nokkurn veginn eðlilegan hátt eða ekki. Og ég minntist í því sambandi á, að mjög fljótlega eftir að lögin voru upphaflega sett um húsnæðismálastjórn, þá var lán til húsbyggjanda lækkað úr 100 þús. kr. og niður í 70 þús. kr., enda þótt nokkur lán megi sjálfsagt finna, eins og hv. þm. sagði, sem náðu þessu 100 þús. kr. marki, sem lögin gera ráð fyrir. En það breytir ekki hinu, að mjög verulegur hluti af þessum lánum var ekki veittur nema upp að 70 þús. kr. markinu, eða 30 þús. kr. lægri en lögin gerðu ráð fyrir. Þess vegna taldi ég það ekki óeðlilegt að segja, að lánveitingarnar frá því marki hefðu í tíð þessarar ríkisstj., miðað við núv. frv., sem fyrir liggur um þetta efni, hækkað um 80 þús. kr. Ef frv., sem nú liggur fyrir hv. Ed., verður samþykkt og lánin hækka úr 100 þús. kr. og upp í 150 þús. kr., þá er sú hækkun raunverulega ekki úr 100 þús. kr., heldur úr 70 þús. kr.

En allt veltur vitaskuld á því, að fé takist að útvega til þess að geta veitt þessi 150 þús. kr. lán. Ég skal á þessu stigi ekkert fullyrða um, hvort það tekst. En ég man eftir, að þessi sami hv. þm. hefur einu sinni haldið því fram hér, að lánveitingarnar 1960 mundu hafa verið öllu minni en þær urðu í raun, aðeins vegna þess, að þá var flutt á milli ára yfir áramót. En ég vil þó halda því fram, að þessi 2 síðustu ár hafi framlögin til húsnæðismálalána verið verulega hærri en þau voru áður, og enn vonast ríkisstj. til þess að geta hækkað þau, þannig að við þessar viðmiðunartölur megi búast við að hægt verði að starfa. En á þessu tvennu, á lánsupphæðinni og lánskjörunum, veltur það raunverulega alveg, hvað hægt verður að gera í þessu máli. Ég lýsti því líka yfir hér áður, að ég vonaðist til þess, að hægt yrði að lækka vexti húsnæðismálastofnunarinnar meira en þegar hefur verið gert og að hægt verði að koma þeim a. m. k. á svipaðan grundvöll og áður var. En hvort það verður hægt að gera það alveg á næstunni eða innan tiltölulega stutts tíma, skal ég ekkert fullyrða um. Það verður að metast eftir því almenna efnahagsástandi, sem í landinu verður á hverjum tíma.

Ég held þess vegna, að það verði að lesa þær skýrslur, sem fyrir liggja, á svolítið annan hátt en bæði þessi hv. þingmaður, sem ég nefndi, hv. 4. þm. Reykn., og raunar aðrir hv. fulltrúar stjórnarandstöðunnar hafa gert. Það verður að lesa þær með hliðsjón af því ástandi, sem á hverjum tíma hefur verið, og það má ekki reyna að draga út úr þeim fyrir fram ákveðnar niðurstöður eða til stuðnings fyrir fram ákveðnum skoðunum, því að það er svo margt, er inn í þessi mál grípur, og margt, sem hefur áhrif á þau. Og ég held, að fyrir þessum málum verði ekki vel séð, fyrr en nokkurn veginn er hægt að tryggja það, að hægt verði að mæta lánsfjáreftirspurninni, en slíkt fjármagn hefur ekki verið fyrir hendi enn. En ég vildi trúa því á þessu stigi a. m. k., að það verði hægara nú að eiga við þá hluti, þegar sparifjáraukning landsmanna í heild hefur verið jafnör og gengið jafngreiðlega og hún hefur gert upp á síðkastið, því að það er ekki óeðlileg krafa, að verulegur hluti af sparisjóðsaukningunni á hverjum tíma fari einmitt til húsnæðismála.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 71., 72., 73., 74. og 75. fundi í Nd., 22., 23., 24. og 26. marz, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 76. fundi í Nd., 26. marz, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. felld með 20:15 atkv.
2.—3. gr. þar með fallnar.
4. gr. felld með 20:13 atkv.
5. gr. felld með 20:13 atkv.
6.—8. gr. felldar með 20:14 atkv.

Frv. þar með fallið.

Lagafrumvörp afgreidd með rökstuddri dagskrá.

1. Almannavarnir.

Á 63. fundi í Nd., 12. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um almannavarnir [171. mál] (stjfrv., A. 370).

Á 66. fundi í Nd., 13. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Þó að okkur á Alþingi greini á um margt, þá erum við áreiðanlega sammála um það allir að óska þess af heilum hug, að friður haldist í heiminum. En við verðum að játa, að því miður horfir ekki svo nú né hefur gert um alllangt skeið, að við getum verið öruggir um, að þessi ósk okkar nái fram að ganga.

Ég skal ekki gera grein fyrir almennu ástandi heimsmála, en einungis rifja það upp, sem af öllum er vitað, að á síðasta ári var hvað eftir annað talað um það af þeim, sem gerst mega vita, að þá hafi minna munað en nokkru sinni fyrr eftir síðari heimsstyrjöldina, að ný stórstyrjöld brytist út. Enn hefur ekki tekizt að leysa neitt af þeim vandamálum, sem talið var að til þessara óskapa gætu leitt. Okkur hér á Alþingi kemur raunar ekki saman um orsakir til þessa ástands né hvernig líklegast sé að bæta úr því. En engu að síður hlýtur okkur að koma saman um hitt, að eins og horfir væri það með öllu óverjandi, ef við gerðum ekki einhverjar varúðarráðstafanir, ef við værum ekki viðbúnir því, ef ný stórstyrjöld skylli á og kynni að ná einnig til okkar lands.

Af þessum sökum ákvað ríkisstj. á s. l. hausti að láta endurskoða löggjöfina um varúðarráðstafanir gegn ófriðarhættu eða tjóni af völdum ófriðar, og var það einkum þáverandi hæstv. dómsmrh., Jóhann Hafstein, sem hafði forgöngu í því efni, og tók síðan að sér, eftir að hann hvarf úr sæti dómsmrh., að halda undirbúningsstarfi undir nýja löggjöf áfram, og er það frv., sem hér er lagt fram til laga um almannavarnir, því samið undir hans forustu, að tilkvöddum hinum færustu mönnum, bæði innanlands og sérfræðingum erlendis frá.

Frv. fylgir mjög ýtarleg grg. ásamt fylgiskjölum, skýrslum um það, sem þegar hefur verið gert í þessu efni hérlendis, og álitsgerðum frá tveimur sérfræðingum, öðrum norskum og hinum dönskum. Ég get því mjög stytt mál mitt og vísað til þessara grg., en eins og í 1. gr. frv. segir, þá er hlutverk almannavarna að skipuleggja og framkvæma ráðstafanir, sem miða að því að koma í veg fyrir, eftir því sem unnt er, að almenningur verði fyrir líkamstjóni eða eigna af völdum hernaðaraðgerða, og veita líkn og aðstoð vegna tjóns, sem orðið hefur, enda falli þau störf ekki undir aðra aðila samkvæmt lögum. Til viðbótar þessu er svo ákveðið í niðurlagi 1. gr., að almannavarnir skuli einnig veita aðstoð samkvæmt fyrirmælum dómsmrh., ef tjón vofir yfir eða hefur orðið af náttúruhamförum eða annarri vá, þannig að þetta frv. miðar ekki einungis að hernaðarástandi, heldur einnig að því að skapa nokkurn viðbúnað gegn tjóni, sem orðið hefur af náttúruhamförum eða öðrum svipuðum orsökum.

Í síðustu heimsstyrjöld var efnt til svokallaðra loftvarna, sérstaklega hér í bænum, og sú starfsemi var síðan tekin upp aftur 1951, en féll niður síðar á þeim áratug. Eftir að ástandið þótti verða ískyggilegra á ný, þótti réttara að taka málið upp til lausnar á víðari grundvelli en áður var og hafa nokkra aðra skipan á þessum efnum en fyrr tíðkaðist. Segja mátti, að áður hafi ætlunin verið sú, að sveitarfélögin, bæjar- eða hreppsfélög, hefðu í þessum efnum forgöngu, þó að kostnaður skiptist að jöfnu á milli þeirra og ríkisins. Nú er tekinn upp sá háttur, að ríkið á að hafa forgöngu í þessum efnum og taka ákvarðanir í samráði við sveitarstjórnir um það, hvort til almannavarna skuli gripið. Og er þá ætlazt til, að hægt sé að kveða á um, að fleira en eitt sveitarfélag hafi samvinnu sín á milli um ráðstafanir í þessu efni. Vegna forgöngu ríkisins er ráðgert, að einum manni verði af þess hálfu falin forstjórn almannavarna ásamt þar til kjörinni nefnd, er veiti honum aðstoð, en á hinn bóginn er þó ætlazt til, að í sumum efnum, þ. e. a. s. þeim, sem sérstaklega varða sjúkrahús, hafi landlæknir forustuna, þannig að að því leyti er þarna skipt verkefnum á milli. Þá er ætlazt til þess, að þar sem almannavarnir eru fyrirskipaðar í einstökum héruðum, þá komi fulltrúar þeirra til aðstoðar um stjórn, eftir því sem nánar er fyrir mælt í þessum lögum.

Samfara þessari breyttu yfirstjórn er ætlazt til þess, að skipting kostnaðar verði með öðrum hætti en áður, sem sé að af sjálfri yfirstjórn almannavarna í öllu landinu greiði ríkissjóður allan kostnað, en kostnað til almannavarna, sem

undir landlækni heyra, greiði ríkissjóður einnig, en hlutaðeigandi sveitarstjórnum beri þó að endurgreiða þriðjung þess kostnaðar. Kostnað af öðrum ráðstöfunum til almannavarna greiði hlutaðeigandi sveitarsjóður, en ríkissjóði ber að endurgreiða ⅔ hluta kostnaðar af opinberum öryggisbyrgjum, en helming annars kostnaðar. Það er því ótvírætt, að þessi ákvæði eru sveitarfélögunum mun hagstæðari en áður var, þátttaka ríkissjóðs í kostnaði verulega meiri, sem og er eðlilegt, þegar ríkið á að hafa í þessu bæði frumkvæði og forustu.

Þá eru lagðar nokkrar kvaðir á borgara til þátttöku í almannavörnum, og eru þær sízt meiri, að sumu leyti takmarkaðri en var samkvæmt lögunum um loftvarnir, er áður giltu. Enn eru kvaðir á húseigendum, sem nánar eru skilgreindar, þeim sem ráða yfir farartækjum og öðru slíku, eins og í lögunum greinir.

Segja má, að auk hinnar almennu grg. um eðli og tilgang almannavarna sé í 2. kafla frv. gerð grein fyrir skipulagi almannavarna og þá einkanlega í 9. gr. talið upp, hvert höfuðverkefnið skuli vera. Það á að koma upp viðvörunarkerfi, skipuleggja hjálparstarf og hjálparlið og flokka til ýmiss konar þjónustu. Það á að hafa eftirlit með einkavörnum, íbúðarhúsum, atvinnufyrirtækjum og stofnunum, enn fremur annast um byggingu, búnað og rekstur opinberra öryggisbyrgja, svo og koma upp sérstökum stjórnstöðvum, tryggja fjarskiptakerfi, hafa birgðageymslur og birgðavörzlu, hafa undirbúning og aðstoð vegna brottflutnings og móttöku fólks af hættusvæði og svo aðrar ráðstafanir, sem hverju sinni þykir óhjákvæmilegt að gerðar verði. Í 3. kafla laganna er svo fjallað sérstaklega um hjálparlið, í 4. kafla um einkavarnir, í 5. kafla um flutning fólks af hættusvæðum, og nokkur almenn ákvæði í 6. kafla frv.

Ég hygg, að menn hljóti að koma sér saman um, að óverjandi væri að gera ekki þessar varúðarráðstafanir. Mönnum getur að vísu sýnzt sitt hvað um, hversu langt skuli ganga, en allar þjóðir hafa gert eitthvað í þessa átt og flestar miklu meira. Framkvæmdir okkar takmarkast að eðlilegum hætti mjög af okkar getuleysi og allri aðstöðu hér á landi. Við óskum þess af heilum hug, að ekki þurfi að grípa til þessara ráðstafana. En við skulum játa, að það væri þung ábyrgð að gera þær ekki, vegna þess að ef illa fer, kunna þær þó að geta forðað frá og bætt úr miklu tjóni, sem ella hlyti að verða, auk þess sem hafa ber í huga, að margt af því, sem samkvæmt þessu frv. ber að gera, kemur að gagni, jafnvel þótt ófrið beri ekki að höndum. Þær birgðir og viðbúnaður, eins og sjúkrarúm og annað slíkt, sem safnað er, verða til nytja í mörgum öðrum tilfellum, og því fé er engan veginn á glæ kastað, sem í þessu skyni er varið, og eins og ég gat um í upphafi míns máls, þá er hér ekki einungis um að ræða viðbúnað gegn hernaðarhættu, heldur gegn ýmiss konar annarri vá, sem við verðum ætíð að vera við búin.

Ég vona því, að þetta frv. mæti ekki í meginatriðum andstöðu í hv. Alþingi, heldur fái greiðan framgang, og leyfi mér að leggja til, að það fari til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 24 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 82. fundi í Nd., 3. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 370, n. 546 og 593, 406).

Frsm. meiri hl. (Jón Kjartansson): Hæstv. forseti. Allur hernaður og vopnaburður er svo fjarri skapi okkar Íslendinga, að við eigum margir hverjir erfitt með að átta okkur á því í fyrstu, að nauðsynlegt sé að gera slíkar ráðstafanir sem í þessu frv. felast. En þess er að gæta, að við getum engu ráðið um það, hvað aðrar þjóðir gera í þessu efni. Og það getur ekki farið fram hjá okkur, að mikið vantar á, að friðsamlegt sé í heiminum nú. Þvert á móti, allt logar í úlfúð og þrasi þjóða á milli, öll stórveldin keppast við að koma sem mestu af drápsvopnum í sína vörzlu. Það má því segja, að stórfelld stríðshætta vofi yfir, hvenær sem er, ef stórveldin geta ekki komið sér saman um allsherjarafvopnun og bann við notkun kjarnorkuvopna.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, er nýmæli í okkar löggjöf. Að vísu voru sett lög hér 1941 um ráðstafanir til loftvarna og annarra varna gegn hættum af hernaðaraðgerðum annarra þjóða (sbr. lög nr. 52 27. júní 1941). Þetta voru einungis heimildarlög, og Reykjavík ein notaði heimild laganna. Loftvarnanefnd borgarinnar vann mikið og gott starf, einkanlega í hjúkrunar- og líknarmálum. Hún keypti mikið af alls konar hjúkrunargögnum, sem geymd eru á öruggum stöðum hér í bænum og í nágrenni bæjarins. Má segja, að hér hafi giftusamlega til tekizt, því að þessi hjúkrunartæki hafa stórhækkað í verði, síðan þau voru keypt inn. Nú er nokkuð síðan loftvarnanefnd hætti störfum, og hefur ekkert verið aðhafzt í þessum málum síðan.

Þetta frv. er miklu víðtækara en lögin frá 1941. Það nær til alls landsins, og verða almannavarnir undir yfirstjórn dómsmrh. En með almannavörnum er stefnt að því að forða frá manntjóni og eigna, sem af hernaði eða árás kynni að leiða. M. ö. o.: almannavarnir stefna að því að bjarga mannslífum.

En það er ekki einungis tjón af völdum hernaðar, sem almannavarnir ná til. Það segir svo einnig í 2. mgr. 1. gr., að beita megi almannavörnum, ef tjón vofir yfir eða hefur orðið af náttúruhamförum eða annarri vá. Þetta er ákaflega þýðingarmikið í okkar eldfjallalandi. En það þarf ekki beinar hernaðaraðgerðir hér á landi til þess, að hætta geti steðjað að okkur Íslendingum. Hætta getur einnig steðjað að okkur, ef stórþjóðirnar fara á ný að sprengja vetnissprengjur eða atómsprengjur í lofti. Þá er það hið geislavirka úrfall, sem hættan stafar af. Það er því einn þáttur almannavarna að rannsaka og mæla geislavirkt úrfall og leiðbeina almenningi til varnar gegn þeirri hættu, sem af því getur stafað. Þessi þáttur hefur stórmikla þýðingu fyrir þjóðina alla.

Heilbr.- og félmn. hefur rætt þetta mál á mörgum fundum. Hún kvaddi á sinn fund lögreglustjórann í Reykjavík og borgarlækninn. Fékk nefndin hjá báðum þessum mönnum mjög mikilsverðar upplýsingar. Einnig mætti hjá nefndinni framkvæmdastjóri Sambands sveitarfélaga. En þar sem stjórn sveitarfélaga er í þann veginn að koma saman, þá óskaði framkvæmdastjórinn eftir að mega leggja þetta mál fyrir stjórnina, og hún mundi geta komið að sínum athugasemdum, áður en málið færi út úr þinginu.

Heilbr.- og félmn. gat ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt. Ég skal geta þess, að nefndin hefur óbundin atkv. um brtt. á þskj. 406.

Frsm. 1. minni hl. (Hannibal Valdimarsson): Hæstv. forseti. Það er tiltölulega skammt síðan útbýtt var hér á Alþingi allstórri bók, sem heitir: „Frumvarp til laga um almannavarnir". Þetta er í fyrsta lagi frumvarpsbálkur allmikill í nokkuð mörgum köflum, einum 6 köflum. Fyrsti kaflinn er um almenn ákvæði. Annar kafli frv. er um skipulag almannavarna. Þriðji kaflinn er um hjálparlið. Fjórði kafli er um einkavarnir. Fimmti kaflinn er um flutning fólks af hættusvæðum. Og sjötti og lokakaflinn er um ýmis ákvæði.

Þessu mikla frv. fylgja svo aths., eins og venjulegt er. En það er ekki nóg. Efni þessa frv. er að mörgu leyti, eins og hv. frsm. meiri hl. heilbr.- og félmn. sagði hér áðan, allfjarlægt hugsunarhætti Íslendinga, og þarf því að útlista málið allvel fyrir þeim. Auk skýringanna, sem fylgja um einstakar greinar, eru svo nokkur fskj. með frv. Það er í fyrsta lagi skýrsla loftvarnanefndar Reykjavíkur allt frá því í desember 1956 um viðtækt starf þessarar nefndar. Þar á meðal eru undirkaflar í þeirri skýrslu um stjórn stöðva, aðvörunarkerfi, fjarskipti, hjúkrunar- og líknarmál, eldvarnir og loftvarnabyrgi, birgðageymslur, hjálparsveitir og ýmislegt fleira. Og enn fylgir hér bréf loftvarnanefndar Reykjavíkur frá því í október 1961 og svo gífurlega mikil upplýsingaskjöl frá tveimur erlendum sérfræðingum. Þar er fyrst að telja álitsgerð norsks hershöfðingja, Holtermanns að nafni. Hann fræðir okkur þar um ýmiss konar viðvörunarstarfsemi, skýlingu, myrkvun og skipulagningu almannavarna, um geislavirkt úrfall, auka- eða aðstoðarsjúkrahús og margt fleira. En þegar búið er að sjá fyrir fræðslu um hernaðarlegu hliðina, þá kemur hér fjórða fskj. frá dönskum lækni, Toftemark að nafni, og hans fræðsluritgerð er upp á margar síður, þó fyrst og fremst um aðgerðir Dana í þessum efnum, en þó einnig ráðleggingar til okkar út frá hans sérfræðisjónarmiði.

Þannig var þetta mál lagt fyrir, og má segja, að þar sé mikill pappír og mikið lesmál, en hins vegar naumur tími til þess að kryfja þetta mál til mergjar, eins og fleiri mál, sem nú berast hv. Alþingi til meðferðar og úrlausnar. Þetta kemur allt í einu eiginlega, og gefst mjög naumur tími til þess að kynna sér málin. Ég verð að játa það t. d. fyrir mitt leyti, að ég hef ekki haft tíma til að lesa þessar fræðsluritgerðir, sem hér með fylgja, hvorki hershöfðingjans norska né danska læknisins, og hefði mér þó ekki veitt af til þess að kynnast þessu máli rækilega og þeim aðgerðum, sem hér er lagt til að verði heimilaðar í íslenzkum lögum. Sannast sagna er það, eins og hv. frsm. meiri hl. drap á, að hugur minn er allfjarlægur og lítið innstilltur á þær skelfingar, sem menn hljóta að reikna með að séu yfirvofandi, til þess að þeir vilji leggja tugi milljóna króna til varúðaraðgerða og ráðstafana í sambandi við almannavarnir, því að það yrði niðurstaðan, ef heimildir þessa frv. væru notaðar eitthvað í námunda við það að fullu. Það er áreiðanlegt, að það yrðu margra millj. útgjöld, sem því fylgdu að framkvæma heimildir þær, sem felast í þessu frv.

Rétt er það, sem hv. frsm. meiri hl. sagði, að nokkrir fundir voru haldnir um þetta mál í heilbr.- og félmn. Frv. sjálft var fyrst lesið, og menn ræddust við um efni þess, en að öðru leyti var ekki tími til að fara í gegnum þau fskj., sem því fylgdu. Samkomulag varð um að þiggja það, að lögreglustjórinn í Reykjavík og borgarlæknirinn í Reykjavík kæmu á fund nefndarinnar og gæfu upplýsingar og svöruðu spurningum, sem fyrir þá yrðu lagðar, og einnig formaður Sambands íslenzkra sveitarfélaga, Jónas Guðmundsson, og það gerðu þeir. Þeir mættu á fundi hjá n. og ræddu nokkuð um málið. Einna helzt ræddu þeir um aðgerðir loftvarnanefndar Reykjavíkur og skýrðu frá því, hver hefði orðið niðurstaðan af því margra ára starfi. Menn minnast þess sjálfsagt, að í nokkuð mörg ár var á fjárlögum íslenzka ríkisins 1 millj. kr. á ári, — til loftvarna, held ég, að liðurinn hafi heitið, — og mun Reykjavíkurborg einnig hafa lagt fram, að mér er tjáð, 750 þús. kr. á ári til loftvarna, þangað til fyrir nokkrum árum, að þessi milljónarliður var felldur niður af fjárlögum, og mun þá Reykjavíkurborg einnig hafa skömmu síðar eða samtímis fellt niður sínar fjárveitingar til þessarar starfsemi.

Þessir sérfræðingar greindu nokkuð frá því, hver hefði orðið árangurinn af þessum fjárframlögum ríkis og Reykjavíkurborgar. Þetta munu hafa orðið nokkuð margar millj. kr. og okkur var skýrt frá því, að þessu fé hefði aðallega verið varið þannig, að keyptar hefðu verið dýnur og koddar og að mér skilst ýmiss konar sjúkragögn, og hefði þessu verið komið fyrir í geymslu á nokkrum stöðum, aðallega á þrem stöðum, þó mun það vera eitthvað víðar. Og þessir sérfræðingar töldu, að þessi gögn væru öll nothæf. Fyrstu gögnin, sem hefðu verið keypt, hefðu verið miðuð við það, að þau stæðust þær kröfur, sem gerðar væru til slíkra gagna á sjúkrahúsum, bæði að því er snertir rúm og dýnur, en seinna hefði verið horfið frá því að hafa þetta svo vandaðar og dýrar vörur, og hefðu seinni árin aðallega verið keypt inn gögn, sem búast mætti við að yrðu notuð í „primitívu" húsnæði og þar sem skemmdarhætta væri nokkur, og yrði því ekki notkun þeirra langæ. Mér skilst því, að þarna muni vera nokkuð miklar birgðir af minna vönduðum vörum, sem mundu ekki gagna til notkunar t. d. á sjúkrahúsum. En fullyrt var, að þessar vörur, sem munu hafa verið

keyptar fyrir milljónafúlgur, muni vera í nothæfu húsnæði, þar sem þær skemmist ekki, og þetta sé þannig sá árangur, sem þarna liggur fyrir. Við eigum heilmikið af rúmstæðum og dýnum, ef til slíkra hluta þyrfti að grípa.

Ekki veit ég, hvort ég get tekið undir ummæli hv. frsm. meiri hl., að svo giftusamlega hefði tekizt til, að þessi gögn mundu kosta miklu meira fé, ef þyrfti að kaupa þau núna. Ég álít, að það sé heldur ógiftusamlegt, að þróun í verðlagsmálum hjá okkur skuli hafa orðið slík, að þetta sé kannske eitt af því fáa, sem hefði staðizt áhrif tveggja gengislækkana og sé þannig í fullu verðgildi enn þá miðað við það, sem var fyrir gengislækkanirnar. En þetta er sem sagt þannig, að e. t. v. er þetta nokkurs virði. Þó efa ég stórlega, að það sé þeirra milljóna virði, sem til þess var varið á miklu ódýrari tímum.

Það er vissulega satt, sem hv. frsm. meiri hl. sagði, að þegar borin eru saman við þetta frv. lögin frá 1941 um loftvarnir, þá eru þau miklu umfangsminni og framkvæmd þeirra leiðir af sér margfalt minni kostnað en þetta frumvarpsbákn um almannavarnir. Loftvarnalögin gera aðallega ráð fyrir einhverjum aðgerðum að því er snertir Reykjavíkurborg, en þetta frv. hins vegar, eins og hér var sagt áðan, aðgerðum, sem ná til landsins alls — þjóðarinnar allrar.

Það dylst engum, að kostnaðurinn, sem af framkvæmd heimildanna í frv. mundi leiða, leggst bæði á ríkissjóð og sveitarsjóðina. Ég vakti strax athygli á því, að þær upphæðir gætu orðið býsna stórar, sem sveitarfélögunum væri ætlað að greiða, ef heimildir frv. yrðu notaðar, og það væri því mjög sanngjarnt, þar sem þetta mál væri mjög stórt í sniðum, hefði komið undir þinglok til meðferðar þingsins og þannig ekki gefizt neinn kostur á að senda það til umsagnar sveitarfélögunum, að afgreiðslu þess yrði nú frestað og það sent til umsagnar sveitarstjórnum víðs vegar um land. Að þeim fengnum í upphafi næsta þings væri mjög eðlilegt að taka málið aftur til meðferðar og sjá þá, hvernig það kynni að blasa við sveitarstjórnunum, sem að sínum hluta eiga að bera kostnað af framkvæmdum og ráðstöfunum.

Þetta fékk strax litinn byr í nefndinni. Hv. meiri hl. hafði bersýnilega fyrirmæli um það, að þessu máli ætti að hraða, það ætti að afgr. það á þessu þingi fyrir þinglok, og fékkst ekki tekið undir það að senda málið til umsagnar sveitarstjórnunum. En á þeim fundi, sem formaður Sambands ísl. sveitarfélaga mætti á, upplýsti hann, að um það bil að viku liðinni ætti að koma saman fundur hjá stjórn og fulltrúaráði Sambands ísl. sveitarfélaga, skildist mér, og mundi hann þá leggja þetta frv. fyrir fundinn og leita eftir afstöðu fulltrúanna til málsins. Sjálfur upplýsti hann, að hann hefði ekki séð frv. fyrr en þarna á þessum fundi og væri því alveg óviðbúinn því að lýsa afstöðu sinni til þess.

Sérfræðingarnir, sem þarna voru mættir, borgarlæknir og lögreglustjórinn, gáfu nokkrar upplýsingar. En þegar farið var að leita eftir ýmsum einstökum atriðum, bera þau undir þá, þá fannst mér þeim yfirleitt verða fátt um svör og að þekking þeirra væri ekki mjög djúpstæð á þessum málum. Kom mér það sannast að segja ekkert á óvart. Þeir voru m. a. spurðir um það, hvernig hugsað væri að haga vörnum, ef geislavirkt rykský færi yfir landið og hugsunin væri sú að koma þeim byggðum landsins, hvar sem þær væru nú, eitthvað til hjálpar. Þá sögðu þeir, að þyrfti að vera til á hverjum sveitabæ skýli, þar sem fólkið gæti safnazt saman, þyrfti jafnvel að vera viðbúið margra klukkustunda eða daga dvöl. Þar þyrfti það því að hafa drykkjarvatn og fæðuföng. Og það þyrfti að vera byrgt fyrir alla glugga. Það væri bezt að gera það með því að steypa í verksmiðjumúrblokkir, sem væri dreift um landið og hlaðið fyrir utan slíka glugga. Mér datt strax í hug, að bara þessar múrblokkir, sem þyrfti að senda um gervallt Ísland, á alla sveitabæi til þess að hlaða fyrir glugga, til þess að búa út slíkt byrgi, ekki skothelt byrgi, heldur bara byrgi, til þess að fólk gæti flúið í skjól, sem nægja mundi gagnvart geislaverkun eða hjálpa eitthvað til að draga úr slíkum verkunum, það eitt mundi kosta ærinn skilding. En þá voru þeir inntir eftir því, hvernig ætti að tryggja fólki lífsloft inn í þetta lokaða byrgi, þessa kjallaravistarveru, og það kváðu þeir ætti að gera með dælu í gegnum eitthvert jarðsigti og þeir, sem í byrginu væru, ættu sjálfir að snúa þessari dælu, annað hefðu þeir ekki þar að gera, og væri því rekstur fyrirtækisins ódýr, að þeir töldu, en þannig átti að fá hreint loft og ómengað í gegnum einhvers konar jarðsigti, skildist mér.

Ég er lítið trúaður á það, að slíkt byrgi yrði útbúið á hverjum sveitabæ og matvæli höfð þar og endurnýjuð, svo að þau væru ávallt óskemmd og tiltæk, og hef ekki mikla trú á, að framkvæmd yrði á þessum varnaraðgerðum um gervallt land. En þó að svo yrði gert, þá mundi það áreiðanlega hafa ærinn kostnað í för með sér, það dylst mér ekki.

En það er ekki nóg fyrir fólkið á sveitabænum að bjargast sjálft, og það viðurkenndu sérfræðingarnir, að hugsa þyrfti eitthvað um blessaðar skepnurnar. Og þeir játuðu, að fyrir helryksskýi, sem færi yfir byggðina, væri fénaðurinn einnig í háska og hann þyrfti því að byrgja inni líka, safna honum í skyndi saman og byrgja hann inni líka. En ekki er það nóg. Þeim var bent á, að það þyrfti að annast gegningar fyrir skepnurnar og þá þyrftu menn nú eitthvað að fara út úr byrginu, ekki gæti nú fólkið innilokað í byrginu annazt gegningarnar. Því kváðust þeir vera alveg óviðbúnir að greiða úr, hvernig gegningum yrði fyrir komið að fólkinu á sveitabænum innilokuðu í byrgi, og þó ætti að sjá fyrir því, að fénaðurinn lifði af líka.

Það er víst þannig, að jafnvel okkar beztu og færustu sérfræðingar eru ekki færir um að greiða úr þeim praktisku vandkvæðum og viðfangsefnum, sem mundu blasa við okkur, ef slíka skelfingu bæri að dyrum, sem hér er verið að gera ráð fyrir í þessu frv. Og þá þarf auðvitað að kalla til hálærða erlenda sérfræðinga, og líklega þyrftum við að hafa þá einhverja hjá okkur til þess að kenna okkur, hvernig við ættum að haga okkur, þegar svona ókjör dyndu yfir. Hins vegar skal ég taka það fram, að ég hef á því

enga þekkingu, hvort líta verður svo á, að yfir okkur sé slík hætta vofandi. Það má vel vera, að heimurinn, sem við erum í, sé þannig á vegi staddur, að þessi háski vofi yfir öllum þjóðum og löndum. En erfitt á ég með að setja mig inn í það, að allt mannkynið verði að lifa við slíka skelfingu og slíkan háska og verja svo og svo miklu af sínum fjármunum og starfi og lífsorku til þess að búast við slíkum undrum og ósköpum. En vera má, að þetta sé svo, og ég sé bara frá of gömlum tíma og hafi ekki tileinkað mér þessi lífsviðhorf, en aðrir hafi yfirleitt gert það.

Það þarf ekki lengi að lesa þetta frv., til þess að ljóst verði, að það eru bæði yfirvöld landsins og almenningur, sem eiga að lúta þar lítt takmörkuðu valdi dómsmrh., að því er þessi mál snertir. Varnirnar á samkv. 1. gr. að skipuleggja á þann veg, að komið verði í veg fyrir, að almenningur verði fyrir líkamstjóni eða eigna af völdum hernaðaraðgerða, og veita líku og aðstoð vegna tjóns, sem orðið hefur, enda falli þau störf ekki undir aðra aðila samkv. lögum. En til þess að fyrirbyggja, að almenningur verði fyrir líkamstjóni eða eigna vegna hernaðaraðgerða, þarf æði margt og mikið, margvíslegar ráðstafanir, ef það á að leiða til nokkurs öryggis. Svo mikið er alveg víst. Það er því, held ég, enginn kominn til með að segja það, hvað framkvæmd þessa frv. mundi kosta. Að því var spurt á nefndarfundinum, en enginn sérfræðinganna, sem þar voru mættir, gat gefið neinar upplýsingar um það. Sú starfsemi, sem loftvarnanefnd Reykjavíkur hafði framkvæmt í nokkur ár og aðallega var fólgin í innkaupum á sjúkrarúmum og dýnum og þess háttar dóti, hafði kostað mjög margar millj. kr. úr sjóði ríkisins og Reykjavíkurborgar. Hvað er þá um alla framkvæmd þessa frv.? Já, allar þessar varnaraðgerðir eiga að lúta, samkv. 1. gr., fyrirmælum dómsmrh., og hann á að gefa sín fyrirmæli, ef að hans dómi vofir yfir háski eða tjón, annaðhvort af hernaðaraðgerðum eða af náttúruhamförum og annarri vá. Og hann getur krafizt aðstoðar opinberra aðila, einstaklinga og stofnana til undirbúnings þeim ráðstöfunum, sem felast innan ramma 1. gr., og öllum er skylt að veita bæði dómsmrh. og öðrum trúnaðarmönnum almannavarnanna þær upplýsingar, sem þeir þarfnast til þess að framkvæma þau störf, sem lögin fela þeim. Það er náttúrlega útlátaminnst, og fylgja því ekki útgjöld. En það sýnir, að landslýðurinn er lagður undir vald þessara manna, í fyrsta lagi dómsmrh. og annarra opinberra starfsmanna almannavarnanna. Á hættutímum er ríkisstj. heimilt að gefa út sérstök fyrirmæli um almenna umferð og reglur og öryggi á opinberum stöðum og svæðum, sem almenningur hefur aðgang að, og sama máli gegnir á öðrum tímum, þegar æfingar í þágu almannavarnanna standa yfir. Á hættutímum, — það virðist vera alveg á valdi dómsmrh. að segja til um það, hvenær hann telur hættutíma. Og mér skilst nú, að á undanförnum árum, a. m. k. árunum, sem loftvarnanefnd Reykjavíkur starfaði og varði nokkrum milljónum kr. til þess að kaupa sjúkrarúm og dýnur, hafi verið taldir hættutímar, og ef til vill líta menn svo á, að hættutímar séu nú og hættutímar verði, meðan stríðshættan ógnar heiminum, og þess vegna væri landslýðurinn ávallt undir ákvæðum þessara laga, og dómsmrh. gæti á hverjum tíma sem er sagt: Ég álít, að það séu hættutímar, og þess vegna nota ég heimildir laganna.

En það eru fleiri en dómsmrh. sjálfur, sem hafa mikið vald yfir landslýðnum, þegar á að framkvæma þessi lög, því að strax í 3. gr. segir, að ef hætta vofi yfir, geti lögreglustjóri bannað að nokkru eða öllu leyti notkun samkomuhúsa og annarra samkomustaða, sem almenningur hefur aðgang að. Svo verður auðvitað ekki séð fyrir framkvæmd svona laga, svo að neitt lag sé á, nema stofnað sé embætti. Og það er upphaf II. kafla frv., að dómsmrh. skipar forstöðumann almannavarnanna í landinu og setur honum erindisbréf. Þarna verður auðvitað um stórt embætti að ræða, og enginn þarf að efast um, að þetta verður ábyrgðarmikið og vandasamt embætti. Ég spurðist nokkuð fyrir um það, hvaða kröfur yrðu gerðar til slíks manns, og var sérfræðingunum heldur erfitt um svör. Þeir sögðu, að það væri auðvitað nauðsynlegt, að hann væri búinn góðri almennri menntun og væri stjórnsamur, e. t. v. væri eðlilegast, að þetta væri verkfræðingur eða læknir, og að sumum nefndarmönnum hvarflaði, að það væri kannske alveg eins gott, að hann væri guðfræðingur. En svo mikið er víst, að þetta þarf að vera hámenntaður maður, og stjórnsamur þarf hann að vera, því að hann á í raun og veru að hafa allan landslýðinn undir heraga. Og hann á að hafa mikið verksvið. Hann á að hafa á hendi heildarskipulagningu almannavarnanna, sjá um þær í þeim þáttum, sem undir ríkisvaldið falla. M. a. á hann að sjá um fjarskipti milli umdæma. Hann á að sjá um mælingu á geislavirkni, það eru opinberar vísindastofnanir, sem sjá um það núna, viðvörun, fræðslustarfsemi, hann á að sjá um kennslu yfirmanna og leiðbeinenda og skipulagningu og yfirstjórn á flutningi fólks af hættusvæðum, og hann hefur enn fremur umsjón með öllum almannavörnum sveitarfélaganna.

Ég hygg, að hann, þessi góði maður, fái ærið að starfa, ef sú ógæfa dyndi yfir þjóðina, að þessi ákvæði yrðu framkvæmd, eða ef hlaupið væri til þess að meta yfirstandandi tíma sem hættutíma, þannig að það væri farið að nota meira eða minna af heimildum frv. En það er víst, að til ýmissa sviða næði hans þekking ekki. Og þá verður að grípa til sérfræðinganna á hinum ýmsu sviðum. Er gert ráð fyrir því, að landlæknir fari skv. nánari fyrirmælum heilbrmrh. með stjórn þeirra þátta almannavarnanna, sem varða sjúkrahúsmál, læknismeðferð og hjúkrun á sjúkum og særðum. Fyrst og fremst er náttúrlega hugsað til þess, að öll sjúkrahús landsins eigi á slíkum tímum, sem metnir eru hættutímar, að lúta valdboði landlæknis í þjónustu almannavarnanna. Eru ákvæði um, að forráðamönnum sjúkrahúsa beri samkv. fyrirmælum landlæknis að undirbúa og framkvæma ráðstafanir, sem nauðsynlegar séu til þess að geta veitt sjúkum og særðum móttöku og meðferð á hættutímum. Og forstöðumönnum sjúkrahúsanna

ber einnig að taka þátt í undirbúningi að stofnun og rekstri varasjúkrahúsa. Sérfræðingarnir tjáðu okkur, að það hefðu verið gerðar sérstakar athuganir á því, hvar væri tiltækilegast að koma upp varasjúkrahúsum í nágrenni Reykjavíkur, og töldu þeir, að það væri fyrst og fremst Reykjalundur og í annan stað samkomuhús eins og Hlégarður, og sögðu, að það hefðu verið gerðar ráðstafanir, að einhverju leyti í sambandi við byggingu Reykjalundar, til að leggja nauðsynlegar leiðslur um þær byggingar með tilliti til þess, sem vera þyrfti, ef þessi bygging yrði tekin sem varasjúkrahús.

En þó að þessi tvö hús yrðu tekin sem varasjúkrahús, ef Reykjavíkurborg í heild yrði fyrir ógæfu stríðsárásar, þá er augljóst mál, að það hrykki skammt, og hlýtur því undirbúningurinn að miðast við það, að litið sé í fleiri horn, og sögðu þeir það líka vera, sögðu t. d., að það hefði verið litið á Laugarvatn með slíkt fyrir augum og einhverja fleiri staði, en töldu þó, að engar framkvæmdir hefðu verið inntar af hendi í sambandi við það. En þetta sýnir manni þó, hversu gífurlega víðtækur bara þessi eini þáttur er, ef það ætti að framkvæma bara 5. gr. frv. um það að koma upp varasjúkrahúsum, sem einhverja þýðingu hefðu og öryggi gæfu, t. d. íbúum Reykjavíkurborgar.

Talið barst auðvitað að því í nefndinni við sérfræðingana, að ekki mætti hugsa eingöngu um Reykjavíkurborg í sambandi við varasjúkrahús, og kváðu þeir það rétt vera, þar væri auðvitað landið allt vettvangur, starfssvið. Það hefði ekki verið athugað t. d. með Akureyrarkaupstað, Ísafjörð eða neina aðra kaupstaði, hvernig ætti að leysa varasjúkrahúsamál þeirra, ef til kæmi, og allt þetta yrði að bíða þess, að embættismenn almannavarnanna tækju þessi mál til skipulegrar meðferðar.

Sama er náttúrlega að segja um það, sem felst í 4. gr., ef kæmi til brottflutnings á mönnum úr bæjum eða kauptúnum hér á landi, að það er vitanlega hugsað að falla undir verksvið sjálfs almannavarnastjórans, forstöðumanns almannavarnanna, og þeirra leiðbeinenda, sem hann sérmenntaði til slíkra starfa. En allt það bendir líka mjög í alliskyggilega kostnaðarátt.

En þó verður náttúrlega fyrst og fremst fyrir manni þessi spurning: Er líklegt, að íslenzka þjóðin geti nokkurn tíma lagt í svo mikinn kostnað í sambandi við þessi mál, að þjóðin væri að marki öruggari eftir? Það er spurningin. Það væri til mikils vinnandi í þessum efnum, ef hægt væri að fullyrða, að unnt væri að búa þjóðinni, þótt með ærnum kostnaði væri, eitthvert öryggi. En það fer ýmsum sögum um það, hvort það mundi vera hægt.

Auk forstjóra almannavarnanna á svo ráðh. að skipa almannavarnaráð, og skal það vera til ráðuneytis um alla framkvæmd þessara laga. Gert er ráð fyrir því, að auk forstöðumannsins, framkvæmdastjóra almannavarnanna, sem á að vera formaður almannavarnaráðs, sitji í því landlæknir, lögreglustjórinn í Reykjavík, póst- og símamálastjóri og vegamálastjóri. Vonandi væri bara, að landlæknir þyrfti ekki að verða svo upptekinn af þessum viðamiklu og víðtæku störfum og vegamálastjórinn og póst- og símamálastjórinn, að þeim gæfist ekki fullt tóm til þess að sinna sínum aðalembættisverkum. En svo mikið er víst, að ef þeir ættu að líta í öll þau horn, þar sem gert er ráð fyrir framkvæmdum samkv. þessu frv., þá þarf enginn um það að efast, að þessir embættismenn ríkisins, sem sæti tækju í almannavarnaráði, fengju ærið að starfa. Ef menn hins vegar segja: Þetta eru nú bara heimildir allt saman, og það verður lítið sem ekkert af þessu gert, þá er ekki eins mikil nauðsyn á að reka þetta mál í gegn nú á fáum dögum athuganalítið eins og látið er í veðri vaka, að nauðsynlegt sé.

Ég spurðist mjög fyrir um það, hvað væri fyrirhugað af aðkallandi aðgerðum að áliti lögreglustjórans í Reykjavík og borgarlæknisins í Reykjavík, og þeir gátu engin svör, svo að ég muni, gefið nefndinni um það. Þeir gátu engin svör gefið um, hvað væri aðkallandi að gera, t. d. á árinu 1962, sem nauðsynlegt væri að fá nú lagaheimildir fyrir. Um það vissu þeir ekkert. Þar yrði allt að koma frá dómsmrh., sögðu þeir, og þeim manni, sem skipaður yrði sem framkvæmdastjóri almannavarna. Um það vissu þeir ekkert, og fór ég þá að láta mér detta í hug, að málinu lægi ekki alveg eins mikið á og látið var í veðri vaka.

Lögreglustjórarnir úti um landið eiga að fara með stjórn almannavarna hver í sínu umdæmi. Ráðstafanir til almannavarna á að hefja undireins á þeim stað, sem ríkisstj. ákveður, í samráði þó við hlutaðeigandi sveitarstjórn eða sýslunefnd, og er ráðh. heimilt að ákveða, að grannhéruð eða bæir hafi samstarf um almannavarnir og veiti gagnkvæma aðstoð. Af þessari grein skilst mér t. d., að ráðh. geti ákveðið, að grannhéruð Reykjavíkur, segjum Kópavogskaupstaður, Seltjarnarneshreppur, Garðahreppur og sveitarfélögin hér í grennd og Hafnarfjarðarkaupstaður, skuli öll hafa samstarf um almannavarnir og veita gagnkvæma aðstoð. Nú gæti að vísu verið mismunandi sterkur áhugi fyrir því að leggja fram fé úr almannasjóði til þessara hluta í hinum ýmsu sveitarfélögum, og væri þá þarna komið yfirvald yfir sveitarstjórnirnar, sem vafalaust skæri úr um það, að sveitarfélögin yrðu, hvort sem þau væru viljug eða nauðug, að leggja fram það fé, sem sameiginlega teldist þurfa að leggja á fólkið vegna þessara aðgerða. Það sýnir manni strax, að það er full ástæða til þess að skella ekki þessum lagabálki á, gera hann ekki að lögum, fyrr en sveitarstjórnirnar hafa verið spurðar, til þess að vita, hvort þær séu fúsar til að gangast undir þetta vald, sem svo getur gripið inn í þeirra fjárhagsmál.

Það er alveg þersýnilegt, að frv. er ekki aðeins ætlað að ná til kaupstaðanna, því að í því stendur: „í kaupstöðum og annars staðar, þar sem ástæða þykir til, skipa sveitarstjórnir almannavarnanefndir".

Ákvæði er um það, hvernig almannavarnanefnd Reykjavíkur eigi að vera skipuð. Í henni eiga að vera borgarstjórinn, lögreglustjórinn, borgarlæknirinn, borgarverkfræðingurinn, slökkviliðsstjórinn og tveir menn aðrir, sem borgarráð velur. Þessir menn eiga að vera í almannavarnanefnd

Reykjavíkur. En nokkrir þeirra eru einnig í almannavarnaráði Íslands, svo að þeirra embættisstörf verða nokkuð margþætt í sambandi við framkvæmd þessa frv. Þeir fá áreiðanlega nokkuð mikið af fundasetum, bæði í almannavarnanefnd Reykjavíkur og almannavarnaráði Íslands, þar sem þeir eiga hvoru tveggja hlutverkinu að gegna auk sinna embættisstarfa. Annars staðar á landinu skulu almannavarnanefndirnar vera skipaðar bæjarstjóranum eða oddvitanum, lögreglustjóra, héraðslækni, bæjarverkfræðingi, þar sem hann er, en annars byggingarfulltrúa, eftir ákvörðun sveitarstjórnarinnar, og slökkviliðsstjóra. Ef þessir nefndu embættismenn eru ekki heimilisfastir á þeim stað, þar sem ástæða þykir til almannavarna, skulu lögreglustjóri og héraðslæknir þess umdæmis ásamt bæjarstjóra eða oddvita á staðnum tilnefna í þeirra stað menn, sem sveitarstjórnin skipar til starfsins. Héraðslæknarnir eiga að vera þarna. Það er þá svo bezt, að það væri ekki í læknislausu héruðunum, sem eru þó nokkuð mörg stundum. En þar sem læknislaust er, þar kemur það sjálfsagt á oddvitann eða sveitarstjórnina að setja menn í þeirra stað, þó að það sæti sé vandfyllt, því að vitanlega eiga þessir menn að leggja til sérfræðilega þekkingu í sjúkrahúsa- og heilbrigðismálum, einmitt í sambandi við þessi alvarlegu mál.

Almannavarnanefndin í Reykjavík kemur til með að starfa undir forsæti borgarstjórans, en einnig á hún að hafa sérstakan framkvæmdastjóra, svo að þar verður eitt embættið og áreiðanlega nokkuð viðamikið, framkvæmdastjóri almannavarnanefndar Reykjavíkurborgar. Í öðrum sveitarfélögum verða það bæjarstjórarnir eða oddvitarnir, sem verða formenn nefndarinnar, og verður náttúrlega undir atvikum komið, hvort starfið verður svo víðtækt, að þar þurfi einnig að skipa framkvæmdastjóra til þess að framkvæma verkefnið. En þó má búast við því á ýmsum stöðum, að þess þurfi, við skulum segja hjá hinum stærri bæjarfélögum.

Það liggur í hlutarins eðli, að almannavarnanefndirnar eiga að sjá um skipulagningu og framkvæmd almannavarnanna, allt undir valdboði dómsmrh. og forstjóra almannavarna í landinu. Svo er gert ráð fyrir því, að upp verði byggt skipulagt hjálparkerfi, í fyrsta lagi svokallað viðvörunarkerfi. Ég er alls ófróður um, hversu víðtækt það á að vera. En í öðru lagi verður það verkefni almannavarnanefnda að annast skipulagningu hjálparstarfs og hjálparliða, þjálfun þeirra og búnað, og hjálparliðunum má skipta, stendur hér, í hverfisflokka, sem gegni störfum í ákveðnu hverfi þéttbýlis, og umdæmissveitir, sem koma til aðstoðar, ef tjón er svo umfangsmikið, að hverfisflokkur fær ekki við ráðið. Þetta virðist vera flókið starfskerfi, og er líklega ætlazt til þess, að almenningur sé skráður í slíkar hjálparsveitir og til hans verði kallað, hvernig sem á stendur. Betra er þá líklega, að það væru ekki menn úti á sjó hingað og þangað, sem væru í þessum sveitum, því að þá væru þeir ekki nærtækir alltaf hjá okkur. Flokkar umdæmissveita skulu vera þjálfaðir í einstökum greinum almannavarna, svo sem í eldvörnum, í björgun og sjúkraflutningum, ruðningsstarfi og hjálparstarfi vegna tjóns af völdum geislavirkni, sýkla eða eiturefna. Þeir skulu vera þjálfaðir í löggæzlu, fjarskiptaþjónustu, tækniþjónustu og félagslegu hjálparstarfi. Það er áreiðanlegt, að það verður margt námskeiðið að halda, þar til um það bil, að þetta er allt komið í framkvæmd. Það verður mikil kennsla og margvísleg, og það þarf margan sérfræðinginn þarna, og það er næsta ólíklegt, að allt þetta kennslustarf verði innt af hendi ókeypis. Þykir mér því allt benda til, að þessi upptalning, sem hér er í greininni, 9. gr., kosti allmikið fé. Ég get varla séð annað.

Almannavarnanefndirnar eiga svo að hafa eftirlit með einkavörnum í íbúðarhúsum og í atvinnufyrirtækjum og stofnunum og eiga að annast leiðbeiningar á því sviði. Þær eiga einnig, almannavarnanefndirnar, að sjá um byggingu og búnað og rekstur opinberra öryggisbyrgja samkv. áætlun, sem ráðh. samþykkir hverju sinni. Það á líka að koma upp stjórnstöðvum, fjarskiptakerfi, birgðageymslum og birgðavörzlu, og fram á að fara undirbúningur og aðstoð vegna brottflutnings og móttöku fólks af hættusvæði, og aðrar ráðstafanir, sem ráðherra kveður á um, að fengnum tillögum almannavarnaráðs, eiga að heyra undir sérhverja almannavarnanefnd.

Ég býst nú við, að það þurfi varla að rekja efni frv. miklu ýtarlegar en ég hef nú gert, til þess að sérhver hv. alþm. sjái, að verði heimildir frv. notaðar, þá leiðir af þessu margra tuga milljóna útgjöld, hjá því getur ekki farið, og þeim er ætlað að deilast á ríkissjóð og sveitarfélögin og alls konar kvaðir og skyldur auk þess á einstaklingana.

Í framhaldsköflum frv. er nánar útskýrt, hvað felist t. d. í orðinu „hjálparlið“. Þar segir, að það sé borgaraleg skylda allra þeirra, sem eru á aldrinum 18—65 ára, að gegna án endurgjalds starfi í þágu almannavarnanna í því umdæmi, sem þeir dveljast í, samkv. fyrirmælum, sem lögreglustjórinn gefur út, að fengnum tillögum almannavarnanefndar. Ákvörðun lögreglustjórans má skjóta til dómsmrh. Aðra undankomuleið eiga einstaklingarnir ekki, að ef þeir neita fyrirmælum lögreglustjórans, þá úrskurðar dómsmrh., hvort þessar kvaðir skuli lagðar á einstaklingana. Það er borgaraleg skylda allra á aldrinum frá 18 til 65 ára að gegna án endurgjalds starfi í þágu almannavarnanna í því umdæmi, þar sem þeir eiga heima. Þetta líkist mjög herskylduákvæðum, en að því leyti verra, að það er ekki bara herskyldutími 1½ ár eða 2 ár eða 3 ár, það er á aldrinum frá 18—65 ára, sem menn eru undir þessari skyldu. Þá má kalla alla þá, sem eru á aldrinum frá 16 til 18 eða yfir 65 ára til starfs líka, ef þeir óska þess sjálfir, en það er ekki skylda, svo að yztu mörkin eru þau, að það megi einnig kalla unglinga yngri en 18 ára og gamalmenni eldri en 65 ára til starfa.

Ef hætta vofir yfir eða tjón hefur orðið, má kveðja hvern fulltíða mann, sem tiltækur er, til tafarlausrar aðstoðar við störf í þágu almannavarnanna. Hann skal, hvernig sem á hans störfum stendur, hlýða kalli og hverfa frá sínu verki. Menn eru greinilega undir gífurlega ströngum aga.

Þeir, sem eiga að starfa í hjálparliðum, skulu

taka þátt í námskeiðum og æfingum, sem þeir hafa verið kvaddir til, og þeim ber að hlýða fyrirmælum og fara eftir starfsreglum. Óheimilt er að hverfa úr starfi án leyfis. Og enn, ef hætta vofir yfir, — og það virðist vera að mati dómsmrh. eða þeirra embættismanna, sem fara með vald í hans umboði, — ef hætta vofir yfir, má starfsmaður ekki fara út úr lögsagnarumdæminu án samþykkis lögreglustjóra eða þess, sem hann tilnefnir. Hvað sem einstaklingi liggur á að fara sinna erinda út úr lögsagnarumdæminu, þá má hann ekki gera það nema með samþykki yfirvalds, ef litið er svo á, að hættutími sé yfirvofandi.

Það kemur í hlut dómsmrh. að setja reglur um starfsskyldu, og á að stefna að því, að starfskvöðin komi sem réttlátast niður á borgarana. Ráðh. getur ákveðið hámarkstíma fyrir skyldunám og æfingar í þágu almannavarna. Það lýtur alveg einræðisvaldi ráðh. að ákveða, hvað miklum tíma menn skuli verja í námskeið og þjálfun. Og engir varnaglar eru um það, að ráðh. verði að haga þessum fyrirmælum í samráði við viðkomandi mann eða taka tillit til hans starfa, hvernig þau eru. Hann gefur bara fyrirmælin, og einstaklingurinn verður að lúta því. Ég get ekki að því gert, að ég tel, að hér sé einstaklingsfrelsið skert meira en ég veit til að tekið hafi verið í mál í nokkurri annarri löggjöf, sem fyrir Alþingi Íslendinga hefur legið. Það er varla hægt að segja, að einstaklingurinn geti hrært sig frjálst án leyfis valdsmanns, ef metið er, að hættutími sé yfirvofandi.

Ég hafði ekki gert mér neina nákvæma grein fyrir því, hvað fælist í orðinu „einkavarnir", sem eru oft nefndar í þessu frv. En það er í IV. kafla frv. útlistað allýtarlega, hvað það sé, sem falli undir einkavarnirnar. Þar segir fyrst, að fyrirtækjum, sem hafa yfir 100 manns við störf á sama stað, — þau eru nú ekki mörg hér á landi, þau fyrirtæki, sem betur fer að þessu leyti, — er skylt samkv. fyrirmælum almannavarnanefndar að gera öryggisráðstafanir á vinnustað í því skyni að draga úr afleiðingum tjóns vegna hernaðaraðgerða. Ráðh. getur leyst fyrirtæki undan skyldu til einkavarna, en hann getur einnig, ef sérstaklega stendur á, fyrirskipað einkavarnir á vinnustað, enda þótt færri starfi þar en 100 manns. Nákvæmar er nú ekki farið út í það, hve kostnaðarsamar aðgerðir geti þarna verið samkv. fyrirmælum ráðh. lagðar á fyrirtæki. En ef þetta á að vera t. d. útbúnaður sprengjuheldra öryggisbyrgja fyrir mannskapinn, þá getur það verið allkostnaðarsamt.

Í kaupstöðum og annars staðar, þar sem ástæða þykir til, getur almannavarnanefnd skipt svæðum í hverfi, líklega bæjunum í smáhverfi, og ber þá íbúum hvers hverfis að annast einkavarnir með gagnkvæmri hjálp í hverfinu og samkv. nánari reglum, sem ráðh. setur. Einstaklingarnir fá því allmiklar skyldur á herðar í sambandi við þetta frv., ekki síður en hinir opinberu starfsmenn, sem vissulega fá í mörg horn að líta. Sérhverjum húseiganda er skylt, hinu opinbera alveg að kostnaðarlausu, að hafa í húsum sínum nauðsynleg björgunar- og eldvarnartæki, eftir því sem almannavarnanefndin ákveður nánar. Hvort þessi tæki eru dýr, skal ég ekki segja, en húseigendur verða að kaupa þau tæki, sem almannavarnanefndin segir að séu þeim nauðsynleg. Ef mannvirki er þannig háttað, að eyðing þess eða skemmdir á því geta haft í för með sér verulega hættu fyrir umhverfið, þá getur ráðh. fyrirskipað eigandanum eða umráðamanni fyrirtækisins að gera viðeigandi öryggisráðstafanir, enda taki ríkissjóður þá þátt í kostnaðinum. Meginkostnaðinn á viðkomandi eigandi að bera.

Í frv. er einnig ákvæði um það, að trúnaðarmönnum almannavarnanna sé heimill aðgangur að sérhverjum fasteignum til eftirlits með ráðstöfunum til einkavarna. Ef þeir segjast vera komnir þeirra erinda að gera ráðstafanir til einkavarna, eiga þeir aðgang að sérhverju mannvirki.

Að því er snertir ráðstafanir vegna skipa, flugvéla og annarra samgöngutækja, segir bara, að ráðh. geti ákveðið, í hverju slíkar ráðstafanir til öryggis skuli vera fólgnar. Innan þessa ramma setur ráðh. svo í reglugerð nánari ákvæði um einkavarnirnar, þar sem m. a. verða ákveðnar hámarkskvaðir, sem leggja megi á atvinnufyrirtæki og húseigendur. Fyrr en sú reglugerð sér dagsins ljós, sér maður ekki til fulls, hversu víðtækar kvaðir verði lagðar á einstaklinga og fyrirtæki. Það eins og annað verður þannig ákveðið af dómsmrh.

Þá er hér kafli um flutning fólks af hættusvæðum, og sjá allir í hendi, að það getur verið ærið umfangsmikið fyrirtæki. Þar segir, að ef brýna nauðsyn beri til að flytja fólk af einhverju hættusvæði og koma því fyrir á öruggari stöðum, geti ríkisstjórnin ákveðið brottflutning. Og ráðh. á að setja reglur um áætlun um framkvæmd brottflutningsins. En hvar þeir öruggu staðir séu, sem fólk verði flutt til, það á maður erfitt með að sjá, eins og nútímahernaði er háttað. Hætturnar eru þá ekki eins bundnar við staði og áður var, heldur virðast þær geta verið alls staðar.

Enn er áréttað, að engum sé heimilt án sérstaks leyfis að flytja frá þeim stað, sem honum hefur verið vísað á. Þar verður hann að vera, þangað til hann fær fyrirmæli um að víkja af þeim stað.

Það mundi nú einhver segja, að hér væri, í þeim ákvæðum, sem ég nú skal greina frá, gengið allnærri ákvæðum stjórnarskrárinnar um eignarréttinn. En hvað er að fást um það? Ríkisstj. skal vera heimilt samkv. þessu frv. að taka eignarnámi eða leigunámi skip, vélknúin ökutæki og flugvélar í því skyni að greiða fyrir brottflutningi þess fólks, sem getur ekki séð sér sjálft fyrir farkosti, svo og lendur og hvers konar húsnæði má taka leigunámi, ef völ er á því, flóttafólki til öryggis, skjóls og aðhlynningar. Hvenær ástæða sé til þessa, það metur ráðh. einn, skilst mér. Á neyðarstundu er heimilt að gefa eiganda eða umráðamanni húsnæðis fyrirmæli um það að taka við fólki í hús sitt, ef það hefur verið flutt af hættusvæði, veita því húsaskjól og fæði, ef nauðsynlegt er.

Sveitarfélag, — hér kemur nokkuð um byrði, sem lögð er á sveitarfélag, — sveitarfélag, sem

fólk er flutt frá, á að greiða kostnað vegna húsnæðis og fæðis, sem látið er í té samkv. þessari grein, en það á kröfu um endurheimt af þeim, sem fyrirgreiðslunnar hafa notið. Sveitarfélagið á að borga fyrir fólk, sem hefur verið flutt í burtu, en getur krafið einstaklingana um það á eftir. Það er hætt við, að einhver vanhöld kynnu að verða á slíkri innheimtu og að sveitarfélagið fengi að bera meginþungann af þeim byrðum, sem af þessu hlytust.

Ríkinu sjálfu og sveitarfélögunum er skylt að lána til almannavarna hús sín og tæki, eftir því sem við verður komið, án þess að fá greiðslu fyrir.

Þá getur ráðh. líka krafizt þess, að ríki og sveitarfélagi verði fengnir til afnota eða umráða lausafjármunir og fasteignir eða hluti af þeim, sem brýn þörf er á til almannavarna, enda komi sanngjarnt verð fyrir eftir samkomulagi eða mati dómkvaddra manna. Það er og heimilt að gera þær breytingar á eignum, sem þörf er á, — það má breyta húsum, — til þess að þær komi að tilætluðum notum. En um framkvæmd þessarar greinar skal farið eftir ákvæðum laga nr. 61 frá 14. nóv. 1917, eftir því sem þau lög eiga við. En í þessari grein sjá menn m. a., að það er heimilað að breyta eignum manna miðað við þetta bráðabirgðahlutverk, sem þær eiga að gegna, þegar ríkisvaldið eða sveitarstjórn hefur tekið húsnæðið af eigendunum. Viðvíkjandi húsum, sem byggð verða, eftir að þessi lög taka gildi, má gera það að skyldu, að í þeim skuli vera öryggisbyrgi fyrir þá, sem í húsinu búa eða starfa. Húseigandi greiðir kostnað vegna byrgisins, og skal það fullnægja þeim lágmarkskröfum um öryggi, sem reglugerðin kveður á um. Þarna er lögð kvöð á þá, sem byggja hús hér eftir, og verður eigandi að lúta því, um járnbindingu og annað, að sá hluti hússins sé byggður, ekki eftir venjulegum tæknifræðilegum kröfum um húsbyggingar, heldur eftir því, sem sérfræðingar almannavarnanna segja að þurfi til þess að fullnægja kröfunum um almannavarnir.

Nokkuð er frá því greint, hvernig kostnaði sé ætlað að skiptast. Ríkissjóður á að borga kostnað samkv. 5. gr., það er viðvíkjandi heilbrigðismálaráðstöfununum, en hlutaðeigandi sveitarstjórnum ber að endurgreiða þriðjung kostnaðarins viðvíkjandi aðgerðum í heilbrigðismálum og byggingu varasjúkrahúsa og þess konar. ⅔ eiga þá að borgast af ríkinu, en ⅓ af sveitarfélögunum. Ef sveitarstjórn hefur eftir gildistöku þessara laga aflað sjúkrahúsagagna til almannavarna, getur sveitarfélagið greitt sinn hluta kostnaðarins með þessum vörum. Kostnaður af öðrum ráðstöfunum til almannavarna en um getur í 1. og 2. mgr. 25. gr. á að greiðast úr hlutaðeigandi sveitarsjóði, en endurgreiða skal úr ríkissjóði ⅔ hluta kostnaðarins af opinberum öryggisbyrgjum, en helming alls annars kostnaðar. Ríkið á að borga ⅔ af kostnaði við opinber öryggisbyrgi, en vegna annarra aðgerða á ríkið að borga helming og sveitarfélög, að því er mér skilst, helming.

Þegar kemur að álitsgerðum hinna erlendu sérfræðinga, sem hingað voru kallaðir, hins norska hershöfðingja og hins danska læknis, bera þeirra upplýsingar fyrst og fremst merki aðstæðnanna í þeirra eigin löndum, og er á þeim allframandlegur blær að ýmsu leyti, eins og ekki þarf að fara í grafgötur um. Ég skal t. d. vekja athygli á smákafla, sem heitir „Öryggi fyrir ríkisstjórnina.“ Sá kafli eða sú grein er örstutt, er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Reynslan sýnir, hve mikilvægt það er fyrir mótstöðuafl almennings, að örugglega sé séð fyrir því, að ábyrg ríkisstjórn geti starfað áfram og viðhaldið sambandinu við íbúana. Öryggisbyrgi, sem byggð eru og innréttuð nægilega snemma og í hæfilegri fjarlægð frá hugsanlegum skotmörkum, þar sem hægt er að hafa samband við útvarp, blöð og aðra fréttaþjónustu, eru bráðnauðsynleg. Í þeim þarf að vera unnt að hýsa þjóðhöfðingjann, ríkisstjórnina og a. m. k. einhverja fulltrúa á þingi.“ Skítt með hina! „Þaðan þarf einnig að vera auðvelt að hafa samband við önnur æðstu stjórnvöld, fyrst og fremst almannavarnastjórann. Almannavarnastjórinn verður vegna viðvörunar og af öðrum ástæðum,“ — ég skil nú ekki þetta, — „vegna viðvörunar og af öðrum ástæðum að hafa beint samband við heryfirvöld bandamanna.“

Hér er okkur sagt það, að eitt af því allra nauðsynlegasta, sem verði að gerast, sé að búa út öryggisbyrgi, sem sé innréttað nægilega snemma og í hæfilegri fjarlægð frá hugsanlegum skotmörkum. Hver getur nú vitað, hvar skotmörkin eru, og mælt svo frá þeim hæfilega fjarlægð? Hvers konar endemis della er þetta? Þetta er að vísu frá erlendum sérfræðingi, en jafnvitlaust er það samt. Það getur enginn sagt, hvar skotmörkin eru, og það getur enginn mælt hæfilega fjarlægð frá þeim að því skotvarnabyrgi, þar sem ríkisstj. á að kúra. Þetta byrgi á að vera ágætavel útbúið, eins og vænta má. Þaðan á að vera hægt að hafa samband við útvarp og blöð. Það á að vera í tengslum við Morgunblaðshöllina og aðrar miðstöðvar blaðanna, það þarf að vera í sambandi við fréttaþjónustu. Þessi byrgi eru bráðnauðsynleg. Í þeim þarf að vera unnt að hýsa þjóðhöfðingjann, — þangað á hæstv. forseti Íslands, Ásgeir Ásgeirsson, að fara, — og ríkisstjórnina og a. m. k. einhverja fulltrúa á þingi. Það er sjálfsagt Sjálfstfl., og einhverju þarf að bjarga af Alþfl., það er alveg nauðsynlegt, það gefur að skilja, en það þarf ekki að vera allur þingheimur.

Ég segi: Þetta er hlægilegt. Þetta er alveg furðulegt, að það skuli vera prentuð svona endemis della í þskj. og lögð fyrir hv. Alþingi Íslendinga. Og það á einhver eftir að brosa að þessu, skýlinu, sem á að vera fyrir þjóðhöfðingjann og ríkisstj. og hafa samband við blöð og fréttaþjónustu og á að hýsa auk þess einhverja fulltrúa á þingi. Ég veit ekkert um það, hvar þetta byrgi á að vera, það á sjálfsagt að verna hernaðarleyndarmál. En sérfræðingarnir okkar, sem mættu á fundi heilbr.- og félmn., sögðu, að það hefði verið gerð áætlun um eitt stórkostlegt byrgi, ekki þó mjög langt hér frá, heldur í Arnarhóli, hola hann innan, og þar skilst mér, að hæstv. ráðh. Ingólfur Jónsson eigi að

vera hæfilega djúpt niðri undir Ingólfi Arnarsyni, ef það er þetta byrgi, sem ríkisstj. á að kúra í, þegar til kemur. En það var það eina byrgi, sem við fengum einhverjar upplýsingar um að hefðu verið gerðar áætlanir um að búa til, það væri byrgi í Arnarhóli, ætti að vera djúpt þar niðri og skothelt, og þeir játuðu það, sérfræðingarnir, að slík byrgi væru mjög dýr. Þess vegna hefur stærðin verið takmörkuð við það, að þar væri ekki rúm nema fyrir einhverja fulltrúa á þingi, ekki fyrir þessa 60 manna samkomu, sem hér er, það er of dýrt, enda ekki þörf á stjórnarandstöðuflokkunum, — kannske ekki einu sinni þörf á öllum Alþfl.

Ég er alveg viss um það, að ef við lesum vel frá orði til orðs álitsgerð Toftemarks læknis hins danska og sérfræðiritgerð Holtermanns hershöfðingja, þá er það ekki bara þessi klausa, sem verkar hlægilega á okkur Íslendinga, heldur mýmargt fleira, sem ekkert á hér við og væri a. m. k. á engu viti byggt hér á Íslandi, þó að það kunni að vera kannske góð og gild latína í hernaðarlöndunum. En þetta er borið á borð fyrir okkur, og málið á að hespa í gegn. Því liggur mikið á. Það eru sjálfsagt hættutímar. Og það er ekki hlustað á það, þegar óskað er eftir því, að tóm gefist til, að málið sé sent sveitarfélögunum til umsagnar, sem eiga að bera í sumum tilfellum þriðja part og í öðrum tilfellum helming kostnaðar af öllu þessu bákni og umstangi.

Það var margtekið fram af sérfræðingunum, sem mættu hjá heilbr.- og félmn., að það dygði ekki að hugsa eingöngu um Reykjavík, það yrði að hugsa um alla aðra kaupstaði landsins og einnig um sveitirnar. Og þá gefur að skilja, að þjóðin mundi ekki sætta sig við, að það væri búið til eitt skothelt byrgi fyrir þjóðhöfðingjann og ríkisstj. og nokkra þm. Það yrði að byggja mörg slík byrgi víðs vegar um land, í hverjum kaupstað og kannske fleiri en eitt, og þau byrgi verður að búa út með drykkjarvatni og fæðuföngum og náttúrlega miklu af rúmum og dýnum og þess konar. Mér er sagt, að Ameríkumenn, sem eru náttúrlega allra manna lærðastir í þessum efnum, hafi þegar ráðgert mikið af skotheldum byrgjum og alveg sérstaklega byrgjum fyrir úrvalsfólk þjóðarinnar, og þar sé aðallega hugsað um þessa flokkun á úrvalsfólki og svo lélegra fólki upp á stofninn, sem lifi á eftir, þarna verði lagður grundvöllurinn að honum. Og úrvalsfólkið á sérstaklega að vernda.

Ég fæ nú vafalaust vitneskju um það, hvar fyrirhugað sé þetta bráðnauðsynlega byrgi fyrir þjóðhöfðingja Íslands og ríkisstj. og suma af þm. og hvað það muni kosta, því að það hlýtur að vera búið að undirbúa þetta. Þetta hlýtur að vera eitt af því fyrsta, sem gert verður, hlýtur að vera fyrirhugað að gera það á árinu 1962, úr því að það liggur svona geysilega mikið á því að fá frv. samþykkt. En ef ekki fást upplýsingar um það, þá vænti ég þess, að það verði tregt um að fá ýmsar aðrar upplýsingar um þá hluti, sem líklega liggja fjær í framkvæmdaáætluninni.

Annars er auðvitað nauðsynlegt að fá miklu ýtarlegri vitneskju frá þeim mönnum, sem hafa undirbúið þetta frv. og bera það hér fram á hv. Alþingi sem mikið nauðsynjamál, sem verði að ná fljótt staðfestingu laga, — vitneskju um einstök atriði málsins, til þess að menn geti myndað sér skoðanir um, hvaða byrðar verða lagðar á landslýðinn í sambandi við framkvæmd þess. Væntanlega geta menn ekki ímyndað sér það, að Íslendingar fari að lifa eingöngu á æfingum og þeirri mennt að búa sig undir svona varnir, eitthvað verði menn að fá að vinna í friði á sjó og landi til lífsviðurværis, þó að mikil nauðsyn sé nú á að sinna þessum málum líka.

Ég hef lagt til, að þetta mál verði afgr. með rökstuddri dagskrá á þá lund, sem nú skal greina:

„Með því að lagðar yrðu miklar fjárupphæðir á herðar sveitarfélögunum, ef frv. yrði samþykkt og heimildir þess notaðar, telur deildin rétt, að málið verði nú sent sveitarstjórnunum til athugunar og umsagnar og afgreiðslu þess frestað til næsta þings, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá."

Hins vegar hefur hv. meiri hl. heilbr.- og félmn. lagt til, að málið verði afgreitt nú óbreytt. Svona liggur þetta mál nú fyrir, og væri þó ástæða til að ræða það miklu ýtarlegar en ég hef nú gert. En nokkra hugmynd ættu þó hv. þm. að hafa fengið af því, hvað í þessu frv. felst, við fyrsta yfirlestur og hvaða ráðstafanir virðist vera þarna fyrst fyrirhugað að framkvæma, þótt um það liggi allt of óljósar upplýsingar fyrir. Ég vil eindregið óska þess, að við fáum sem nánastar upplýsingar um það, hvaða aðgerðir það eru í einstökum atriðum, sem fyrirhugaðar eru á árinu 1962, sem gera það að verkum, að ekki má gefa það svigrúm, að frv. sé sent til umsagnar sveitarstjórnunum og ætti að geta komið þaðan á næsta hausti og Alþingi að geta fengið umsagnir sveitarstjórnanna í byrjun næsta þings. Það hljóta að vera einhverjar ákveðnar, mjög nauðsynlegar aðgerðir, sem nú þegar eru fyrirhugaðar af þeim, sem að frv. standa, ef ekki á að vera hægt að skaðlausu að fresta málinu og fá frekari vitneskju um það.

Frsm. 2. minni hl. (Jón Skaftason): Herra forseti. Frv. um almannavarnir, sem hér er verið að ræða, fjallar um málefni, sem þm. og raunar landsmönnum öllum er ærið framandi, enda hefur lítt verið gert í því af hálfu stjórnvalda að kynna það þjóðinni, nema nú allra seinustu dagana. Frv. þessu var útbýtt hér í hv. deild þann 12. marz s. l. Síðan var það lesið á fundi í hv. heilbr.- og félmn. 15. marz s. l., en eftir það lá það um hálfan mánuð í heilbr.- og félmn. óhreyft af öllum og ekkert skoðað, og ekki varð þess vart, að fulltrúar ríkisstj. í nefndinni legðu nokkra áherzlu á að hraða framgangi frv. þá. Það er fyrst þann 27. marz s. l., að frv. þetta var tekið til umr. í nefndinni, og þá heyrast í fyrsta skipti raddir frá fulltrúum stjórnarflokkanna um, að nauðsyn beri til að hraða afgreiðslu frv. og að ákveðið sé að afgreiða það nú á þessu þingi. Ég nefni þetta til þess að sýna hv. dm. fram á, að hér er óhæfilega hart á eftir rekið.

Það er ljóst af ákvæðum frv., að það kemur

til með að leggja allmiklar kvaðir á einstaklinga, atvinnufyrirtæki og félög og kosta sveitarfélögin og ríkissjóð allmikið fé, ef það verður samþykkt óbreytt og heimildir þess notaðar. Enda þótt mér sé fyllilega ljóst, að sumar þær ráðstafanir, sem frv. gerir ráð fyrir að þurfi að framkvæma, séu mjög brýnar, og nefni ég þá sérstaklega sem dæmi ráðstafanir til þess að útbúa sérstök byrgi, er þannig væru útbúin, að borgararnir gætu flúið til þeirra, ef andrúmsloftið hér á landi yrði mengað um of geislavirku ryki, er kynni hingað að berast af völdum tilraunavetnissprengna stórveldanna, sem þau eru að framkvæma öðru hvoru og við ráðum að sjálfsögðu engu um, hvort framkvæmdar eru eða ekki, þá tel ég, þrátt fyrir þetta, að hraði sá, sem viðhafður er við afgreiðslu málsins, sé bæði óþarfur og til þess fallinn að spilla fyrir framgangi þess. Það er augljóst, að samþykkt þessa frv. hefði mjög veruleg útgjöld í för með sér fyrir sveitarfélögin, og þau hafa ekkert tækifæri haft enn þá til þess að skoða, hversu miklum fjárhæðum þau útgjöld kunna að nema. Þess vegna tel ég einsætt, að leggja beri frv. fyrir aðalfund íslenzkra sveitarfélaga, sem haldinn verður í þessari viku hér í Reykjavík, og að hv. alþm. fái álit sveitarstjórnarmannanna á efni frv.

Formaður Sambands íslenzkra sveitarfélaga, Jónas Guðmundsson, sem mætti á fundi í heilbr.- og félmn. þann 29. marz s. l., er fjallað var um frv., svaraði því til, aðspurður, að engin sérstök vandkvæði væru á því, að álit sveitarstjórnafundarins gæti legið fyrir Alþingi nú um þessa helgi eða í vikulokin. Ég tel því eðlilegt og nauðsynlegt að bíða eftir þessu áliti, og ég hef þess vegna dregið að gefa út nál. um frv., þar til það lægi fyrir.

Með vísan til þessa, þá leyfi ég mér að fara þess á leit við hæstv. forseta, að umr. um mál þetta verði nú frestað og beðið með frekari afgreiðslu þess, þar til álit sveitarstjórnafundarins liggur fyrir, en frv. hefur verið sent honum til umsagnar.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég ætla að láta hv. 4. landsk. þm. (HV) það eftir að fara með þetta mál, sem hér liggur fyrir, eins og hvert annað gamanmál. Hann hefur áður skapað sér sérstöðu oft og tíðum hér í þinginu með angurgapahætti sínum, og mér kemur það ekkert á óvart, þó að hann hafi ekki lagt niður þá siðvenju sína. Hann vitnaði hér í einstöku setningar úr álitsgerðum sérfræðinganna, sem hingað komu upp, formanns almannavarna eða civilforsvaret í Noregi, Holtermanns, og talaði um það með miklum fjálgleik, að aðra eins endemis dellu hefði enginn sagt og enginn heyrt, og hvar ætti svo sem að byggja þetta byrgi, sem þar væri talað um, sem ríkisstj. ætti að kúra í og forsetinn, og taldi furðulegt, að svona endemis della væri prentuð. Sannleikurinn er sá, að þessi yfirmaður almannavarna í Noregi, sem hefur gegnt því embætti frá 1954, ef ég man rétt, hann segir að verulegu leyti frá, eins og kemur fram í hans skýrslu, hvað gert hafi verið í Noregi, og dregur almennar ályktanir af því, en tekur beinlínis fram, að þegar að því komi að semja frv. um almannavarnir á Íslandi, þá verði að miða þær ákvarðanir, sem þar verði teknar, við staðarþekkingu hér og aðstæðurnar hér á Íslandi. En þessi endemis della, sem hann er að segja frá, er þó ekki meiri en sú, að þannig byrgi hafa verið byggð og ráðstafanir gerðar þegar í Noregi til þess að búa norsku ríkisstj. og þinginu og stjórnvöldum aðstöðu til þess að geta hafzt að a. m. k. öllu lengri tíma en í síðustu styrjöld í sínu eigin landi og hafa í lengstu lög stjórn á sínum borgurum. Þetta er þessi endemis della, sem hv. þm. furðaði sig á að prentuð skuli hafa verið í álitsgerð þessa hershöfðingja.

Hv. 4. þm. Reykn. (JSk) taldi, að hraðinn væri allt of mikill á þessu frv. og of hart eftir rekið. Það kann að vera nokkuð til í því, að mönnum finnist, að það vinnist of lítill tími eða minni tími en æskilegt væri til að afgreiða svo stórt mál, einkum og sér í lagi þar sem þingið hefur til meðferðar mörg önnur stórmál. En þó vil ég vekja athygli á því, að sú löggjöf, sem áður hefur verið sett svipaðs eðlis og sama eðlis og það frv., sem hér um ræðir, hefur ævinlega verið sett með brbl. og síðan staðfest á þinginu á eftir, bæði 1941 og 1950. Og í báðum þessum tilfellum var enginn ágreiningur um þessi mál í þinginu. Það kom ekki fram hjá neinum, að ekki væri full ástæða til að gera þær varúðarráðstafanir, sem með þeim lögum var gert ráð fyrir að teknar væru upp, og eru þær þó að mörgu leyti viðtækari og mjög miklu viðtækari varðandi borgaralegu skylduna en er í því frv., sem hér liggur fyrir, og skal ég koma að því síðar. Í fjölmörgum tilfellum furðaði hv. 4. landsk. sig á, hversu langt væri gengið í að veita stjórnvöldunum vald til þess að ákvarða eitt og annað í þessu sambandi, en það er þó ekkert umfram það, sem þegar er í lögum og mundi standa í lögum, hvort sem þetta frv. nær fram að ganga eða ekki, og skal ég koma nánar að því síðar. En það sýnir, að það er ekki aðeins, að hann hafi lítið lesið þetta frv. og grg. þess, eins og hann sagði sjálfur, heldur virðist hann ekki heldur bera skyn á þá löggjöf, sem við nú búum við í þessum efnum og hægt er að beita hvaða dag sem er.

Það kann að vera ekkert óeðlilegt og æskilegt og á að vera hægt, áður en þetta mál yrði afgreitt hér á þinginu, að fyrir lægi einhver álitsgerð sveitarstjórnafundar, sem verið er að halda um þessar mundir. Nú binda ekki sveitarstjórnafundir sveitarstjórnirnar í þessum efnum. Hins vegar eru þar framámenn úr sveitarstjórnunum, og það kann að vera nokkurs virði að heyra, hvernig þeir taka á þessum málum.

Mér hefði ekki fundizt óeðlilegt, þó að nm. úr hv. heilbr.- og félmn., sem yfirfarið hafa þetta frv., hefðu fundið á því ýmiss konar vansmíð og talið, að annað mætti betur fara, og gert sér far um að leiðrétta og færa til betri vegar ákvæði þau, sem þeim finnst vera vanhugsuð og mættu vera skýrari. En hér hefur ekkert komið fram um það. Þessi nokkuð á annan klukkutíma ræða hv. 4. landsk. gekk út á allt annað, — annaðhvort að reyna að gera broslegt og hlægilegt það alvörumál, sem hér er um

að ræða, eða fetta fingur út í einstök atriði, án þess að gera nokkra tilraun til þess að benda á leiðréttingar, sem mætti gera. Með því móti að hegða sér þannig hefði hv. þm. tekið með tilhlýðilegri alvöru á þessu máli og lagt sinn skerf fram til þess, að það mætti afgreiðast í betra formi á þinginu á þeim stutta tíma, sem við höfum nú til umráða.

Ég er alls ekkert frá því, þótt ég skuli ekkert segja um það nú á þessu stigi málsins, að það mætti hafa viss bráðabirgðaákvæði eða varúðarráðstafanir í þessum lögum, sem að verulegu leyti næðu þeim tilgangi, sem kom nú fram í ræðum beggja hv. frsm. minni hl., að það yrði ekki gengið of langt í því að leggja nýjar álögur á sveitarfélögin að óvörum. En ég legg áherzlu á það, að það er afar veigamikið mál, að þetta frv. nái einmitt fram að ganga á þessu þingi, og það er vegna þess, hvernig aðstaðan er hjá okkur nú varðandi viðbúnað í þessum efnum og hvernig umhorfs er í heiminum.

Þegar hinar miklu vetnissprengingar áttu sér stað á s. l. hausti, þegar Sovétríkin sprengdu á einum mánuði um 30 vetnissprengjur og margra megatonna sprengjur, þá var það álit allra sérfræðinga og ekki heyrði maður deilt um það, að þessar sprengingar út af fyrir sig gætu valdið ákaflega mikilli hættu í raun og veru, hvar sem væri á hnettinum, og sú hætta væri yfirvofandi alveg fram á næsta vor, ef geislavirk efni, sem í loftlögunum lægju, bærust þannig og þjöppuðust saman og síðan yrði úrkoma og rigning, þannig að úrfallið gæti komið á mjög þéttbýla staði og valdið óumdeilanlega miklu tjóni. En eftir að þetta gerðist, hafa Bandaríkin lýst því yfir, að þau teldu sér nauðsynlegt að sprengja vetnissprengjur í andrúmsloftinu, og því hefur verið svarað af hálfu Sovétríkjanna með því, að ef Bandaríkin sprengi, þá haldi þau áfram að sprengja. Þegar svona stendur á, er ekkert vit í því að gera ekki einmitt þegar ráðstafanir til þess að mæta hættu eins og þessari, sem er ekkert minni fyrir okkur en aðra, hvar sem raunar er í heiminum, því að við getum gert ákaflega mikið, — og það held ég að sé viðurkennt af öllum, sem um þessi mál hugsa, — til þess að verjast hættu af úrfalli, kæmi það skyndilega niður. Það er hægt að koma hér upp og það nú þegar tæki fyrir fjarskiptaþjónustu og aðvörunar- og upplýsingakerfi fyrir allan almenning, bæði hér í Reykjavík og eins annars staðar á landinu, því að alveg eins gæti þetta úrfall fallið niður á Akureyri, Seyðisfjörð eða aðra byggð á landinu eins og í Reykjavík. Og á þessum stöðum þarf að koma upp geislavirknimælum. Geislavirkni hefur, held ég, verið mæld lítið sem ekkert nema aðeins hér í Reykjavík og í Vestmannaeyjum — og sérstaklega í Vestmannaeyjum vegna hættunnar af því, að drykkjarvatnið þar mengaðist. Öllu slíku þarf að koma að mínum dómi sem fyrst í gang, og það er ekki ýkjamikill kostnaður, sem í slíkt á að fara, og það er ekki heldur ýkjamikill kostnaður fyrir einstakling að geta haft nokkurn viðbúnað, ef honum er gert aðvart í útvarpi eða á annan hátt um það, að það sé öruggara að fara í sinn kjallara, sem þá hefur að einhverju leyti verið útbúinn til frekara öryggis undir slíkum kringumstæðum en nú er.

Þessir erlendu sérfræðingar, sem voru hér í haust, voru báðir á einu máli um það og eins aðrir, sem leitað hefur verið álits hjá, að byggðin í Reykjavík, svo að aðeins hún sé tekin, bjóði upp á miklu meira öryggi en almennt gerist varðandi það, hvað húsin eru hér vel byggð, og kjallarar í einkahúsum hafa í sér fólgna mikla möguleika til þess að veita verulega vernd. Hitt er svo annað mál, að menn verða að gera sér grein fyrir, að bara af þeirri hættu, sem af slíkum tilraunum, sem ég nú hef talað um, getur stafað, og einnig, ef til átaka kemur í heiminum, þá dettur raunar engum í hug, að neinar almannavarnir geti bjargað öllu. En hvað á að leggja mikið á sig til þess að gera vissar tilraunir, sem geta bjargað svo og svo miklu af íbúum borgarinnar, sem ella yrði ekki bjargað, ef ekkert hefði verið gert? Ef það kæmi í ljós eftir á, að þær ráðstafanir, sem gerðar hefðu verið, hefðu bjargað helmingnum af íbúum Reykjavíkur frá fjörtjóni, ætli mönnum finnist þá ekki, að það megi leggja í nokkuð mikinn kostnað, til þess að hægt hefði verið að ná slíkum árangri? Og hvað á að fara langt niður? Er leggjandi eitthvað á sig til þess t. d. að bjarga 10 þúsundum Reykvíkinga, sem ella mundu farast? Það er alveg öruggt, að menn mundu leggja mikið á sig til þess að bjarga 10 þúsundum Akureyringa, því að þeim væri þá bjargað öllum saman.

Það var spurt hér áðan, hvers virði væru hjúkrunargögn og hvers virði væri þessi viðbúnaður og hvort þjóðin hefði nokkurn tíma bolmagn til þess og aðstöðu að leggja í svo mikinn kostnað, að það borgaði sig að gera það. Þessu er ekki hægt að svara nema með annarri spurningu: Hvers virði er líf og heilsa borgaranna? Það fer eftir því, hvaða mat menn hafa á því, og ég hygg, að við þurfum og ættum einmitt að hafa skilning á því, hversu mikils virði það er að bjarga fáum mannslífum í landi, sem er svo fámennt eins og Ísland er.

Hv. 4. landsk. talaði um þetta eins og hvert annað grín, að gerðar yrðu einhverjar ráðstafanir og fólki veittar leiðbeiningar til þess að koma upp skýlum, sérstaklega á sveitabæjunum. Honum fannst það hlægilegast, að það ætti að gera einhverjar tilraunir til þess að bjarga sveitamönnum líka. En eins og aðstaðan er hjá okkur, hefur legið alveg niðri, eins og kunnugt er, allur viðbúnaður, og öll upplýsingastarfsemi hefur gersamlega legið niðri hér gagnvart almenningi. Og það er eitt af því fyrsta, sem þetta kerfi almannavarna, sem upp yrði tekið, yrði að hefjast handa um, að veita almenningi leiðbeiningar um það, hvað gera skuli, ef hættan dynur yfir, og það eitt út af fyrir sig skiptir feikilega miklu máli, svo að menn standi ekki allir uppi og enginn viti, hvað til bragðs á að taka. Og það er enginn vafi á því, að með litlum aðgerðum og ekki kostnaðarmiklum væri hægt að bjarga hér miklum verðmætum, ef svo bæri undir, að hættan berði að dyrum hjá okkur.

Hv. 4. landsk. gerði mikið úr því, að á hættutímum væru auknar heimildir til þess að skipa

borgurunum fyrir og ráða ráðum þeirra o. s. frv. og það væri ekki gott að fela þetta ríkisstj., sem ætti sjálf að meta, hvað eru hættutímar. En eins og ég vék að í upphafi, er það svo eftir lögunum frá 1941, sem var gerð breyting á 1951, og í hvorugt skipti var nokkur ágreiningur um, þá segir þar í 4. gr., og það er í lögum nú:

„Það er almenn borgaraleg skylda að vinna án endurgjalds að undirbúningi samkv. lögum þessum eftir fyrirmælum lögreglustjóra og loftvarnanefndar, svo og að hlýða öllum fyrirmælum og reglum varðandi slíkar ráðstafanir, þ. á m. að taka þátt í fyrirskipuðum æfingum."

Þetta er í núgildandi lögum. Húseigendum er einnig eftir núgildandi lögum skylt og hinu opinbera að kostnaðarlausu að annast um, að til séu í húsum þeirra nauðsynleg eldvarnartæki, eftir því sem loftvarnanefndir með samþykki bæjar- eða sveitarstjórna nánar ákveða. En þetta eru lög um ráðstafanir til loftvarna og annarra varna gegn hættum af hernaðaraðgerðum. Einnig segir í núgildandi lögum, að lögreglustjórum og loftvarnanefndum sé heimilt að taka kjallara og aðrar vistarverur einstakra manna, er nota má sem loftvarnabyrgi fyrir almenning, og útbúa þau í því skyni. Og það segir enn fremur, að ef brýna nauðsyn beri til, eins og í frv., sem hér liggur fyrir, ef brýna nauðsyn beri til, að fólk flýi hættusvæði og komi sér fyrir á öruggari stöðum, er ríkisstj. skylt að greiða fyrir flutningnum og er í því skyni heimilt að taka leigunámi skip, bifreiðar og önnur farartæki, svo og lendur og hvers konar húsnæði, sem völ kann að vera á, flóttafólki til öryggis, skjóls og aðhlynningar. Svipuð ákvæði og þessi og sum, sem ganga skemmra, eins og t. d. um borgaralegu skylduna, þótti frsm. minni hl., hv. 4. landsk. þm., ganga allt of langt, en sást þó, eins og ég sagði, yfir þetta, að hér er þó ekki um neitt að ræða, sem ekki er þegar í lögum hjá okkur.

Hv. þm. talaði mikið um það, að hann óskaði eftir að vita, hvaða aðkallandi aðgerðir væru nú á þessu ári, 1962. Sannleikurinn er sá, að þegar hafizt var handa á s. l. hausti og stjórnvöldum þótti ekki viðhlítandi að hafa ekki meiri viðbúnað en við hefðum gert á undanförnum árum og með hliðsjón af reynslu annarra, þá var ljóst, að það þurfti nokkurn tíma til þess að undirbúa löggjöfina, koma löggjöfinni fram og síðan að henni fram kominni að gera áætlanir um það, hvað gera skyldi. En það, sem er auðvitað greinilegt og mönnum á að vera ljóst að er mest aðkallandi nú í bili, það er að reyna að gera þann viðbúnað, sem helzt verður gerður gegn þeirri hættu, sem kann að vofa yfir okkur af geislavirku úrfalli, og ekki sízt ef svo skyldi fara, sem við vonum að verði ekki, að stórveldin byrji aftur á hinum geigvænlegu sprengitilraunum. En eins og horfurnar eru núna, liggur einmitt mikið á í þessum efnum, og það liggur mikið á að gefa almenningi vísbendingar um ýmsar ráðstafanir, sem hann getur gert með aðstoð hins opinbera til þess að vera nokkuð viðbúinn. Þegar þetta kerfi almannavarna er svo orðið að lögum, ef svo vill verða, þá liggur fyrir að gera áætlanir um það, hvað gera skuli, og gera sér miklu betri grein fyrir því en nokkur einn eða fáir menn í dag hafa getað gert sér grein fyrir.

Við höfum fengið nokkrar upplýsingar um almannavarnir á Norðurlöndum. Það kemur fram í grg. þessa frumvarps, að þeir fóru snögga ferð þangað í haust, borgarlæknir og lögreglustjórinn í Reykjavík, með skammri viðdvöl og viðræðum aðeins við ráðamenn í Noregi, Svíþjóð og Danmörku. Þó hafði það nokkra þýðingu. Menn sjá þó, að það liggur í augum uppi, að hér er ekki nema aðeins um byrjunina á því að ræða að gera sér grein fyrir, hvað aðrir hafa gert og með hvaða árangri. Við höfum ekki haft neinar verulegar upplýsingar um árangurinn af þeim loftvarnaráðstöfunum, er Bandaríkjamenn eru nú að tala um að gera, neðanjarðarbyrgjum og öðru slíku, ekki heldur frá Kanada, sem mér er sagt að hafi mikinn viðbúnað í þessum efnum. Mér er líka sagt, að nýlega sé komin út í Sovétríkjunum mörg hundruð blaðsíðna handbók fyrir borgara Sovétríkjanna með leiðbeiningum til þeirra um viðbúnað, ef hættu ber að höndum. Þetta hefur ekki unnizt neinn tími til þess að kynna sér. Og í öðrum löndum austan járntjalds er einnig kunnugt um margar og miklar og víðtækar ráðstafanir í þessu efni. En ef allir, sem næst okkur eru og í kringum okkur eru, telja sig þurfa að gera slíkar ráðstafanir, þá má ekki kalla það undarlegt, þó að við viljum reyna að gera okkur grein fyrir, hvar við stöndum í þessu efni og hvað við getum gert til viðbúnaðar og verndar íslenzkum borgurum.

Hv. 4. landsk. talaði mikið um hjálparsveitirnar og fannst það vera flókið starfskerfi. Það er nú ekki flóknara starfskerfi en það, að í lögunum er aðeins gert ráð fyrir vissum hjálparsveitum, og það er gert ráð fyrir að setja nánari ákvæði um það í reglugerð. En hins vegar til þess að styðja slíkt ákvæði nokkuð, er einmitt vitnað í almennu grg. til þess, hvaða skoðun Holtermann hershöfðingi hafði í þessum efnum og hvaða reglur giltu í þessum efnum í heimalandi hans, Noregi. Og þar leggur hann til, það er á bls. 7 í álitsgerð hans, að frumfræðslan í hverfisþjónustunni og brottflutningsþjónustunni verði 20 tímar á ári, námskeið í 20 klukkutíma, og svo upprifjun 10 tímar á næstu árum, ef ekkert ber að, svo að æfingin verði meiri en menn óska. En um hjálparliðin, sem eru stærri lið, þar er talað um frumfræðslu 40 tíma á ári og upprifjun 20 tíma. Loks er svo gert ráð fyrir því, að fyrir þá, sem eru stjórnendur á þessu sviði, verði frumfræðsla 60 tímar á ári og upprifjun 20 tímar á ári og þá helzt í því formi, að haldin verði sérstök námskeið á einhverjum tilteknum stað og mönnum safnað saman af landinu, sem eiga að hafa forustu í þessum efnum og fræða almenning. Hér er í sjálfu sér ekki mikið á sig lagt, og hver mundi telja þetta mikið á sig lagt, ef hann sjálfur gerði sér grein fyrir, að með því að leggja þetta á sig gæti hann máske bjargað fjölmörgum af meðborgurum sínum í framtíðinni frá því að bíða dauða eða verða örkumlamenn alla sína ævi af völdum hernaðaraðgerða? Og kerfið er ekki flóknara en það, að t. d. hefur verið gert ráð fyrir því að skipta Reykjavík niður í minni hverfi, þar sem

væru 12—14 menn í hverju hverfi með smááhöld, til þess að reyna að hjálpa húsunum, sem í kring eru, ef þar skyldi koma upp eldsvoði eða annað slíkt, en hins vegar séu í bæ eins og Reykjavík þrjár hjálparsveitir á vissum stöðum í útjöðrum borgarinnar, sem þessi hverfi geti kallað til, ef þau ráða ekki við voðann, og hafi stór og fljótvirk tæki. Þar koma fullkomin slökkvitæki til, ruðningstæki og annað slíkt og tæki til þess að bjarga slösuðu fólki og koma því undir læknishendur, annaðhvort á sjúkrahús eða bráðabirgðasjúkrahús, sem komið væri upp.

Að brottflutningi fólks var nokkuð vikið, og spurt: Hvar er öryggi, og hvaða öryggi er fyrir því að vera að flytja fólk burt? Við höfum nokkra sérstöðu að þessu leyti, og brottflutningar verða erfiðir vegna þess, hvað fólk er saman safnað á takmörkuðum stað hér í Reykjavík og nágrenni. En auðvitað verður helzta öryggið í brottflutningi dreifingin á fólkinu, ef byrjaðar eru hernaðaraðgerðir eða annað slíkt, og liggur þetta í augum uppi, og þarf enginn að furða sig á því. En slíku verður aldrei komið fyrir nema með því að gera sér fyrir fram grein fyrir því, hvert fólkið á að fara, og þá þarf einnig að hafa stjórn á því fólki, sem farið hefur á tiltekna staði, að það safnist ekki á önnur svæði og yfirfylli allar byggingar og aðstöðu þar heldur en ráðgert hefur verið í hinni fyrirframgerðu áætlun.

Það er vissulega svo, að það er mikið alvörumál, sem hér er verið að fjalla um, og hér erum við í þeirri aðstöðu að þurfa að gera fleira en gott þykir. En það er frumskylda stjórnarvalda á hverjum tíma, þeirrar ríkisstj., sem á hverjum tíma fer með völd, að reyna að búa íbúum sínum í einu og öllu sem bezt öryggi. Við vonum öll, að það komi ekki til neinna aðgerða, sem gert hafa þær varúðarráðstafanir, sem hér er um að ræða, nauðsynlegar, hjá okkur eða öðrum þjóðum. En samt sem áður eru þeir, sem að flutningi þessa máls standa, sammála um það, að það er óverjandi af hálfu Alþingis og ríkisstj. að láta þetta mál reka á reiðanum og aðhafast ekkert, og það er í algerri mótsögn við allt það, sem gert hefur verið áður, þegar líkt hefur staðið á hér, eins og ég vitnaði til áðan, 1941 og 1951. Hvort hins vegar þessu frv. yrði eitthvað breytt til meira samræmis við það, sem óskir kynnu að koma fram um hjá sveitarfélögum, það er allt annað mál, og það hefur að sjálfsögðu engum dottið í hug, að þetta mál ætti að keyrast í gegnum þingið þannig, að menn hefðu ekki fyllstu aðstöðu til þess að geta lagt fram sínar brtt. og ábendingar, sem mættu vera til hins betra. Það var mín einlæg von, að þetta mál mundi ekki valda miklum ágreiningi hér á þingi, þó að mönnum fyndist kannske, að tíminn væri stuttur til að afgreiða málið. Ég hef því miður orðið fyrir vonbrigðum í ræðu minni hl., hv. 4. landsk., því að mér fannst ræða hans öll ekki bera keim viljans og alvörunnar, sem nauðsynleg er til þess að koma slíku máli í höfn, borgurunum kannske til meiri blessunar í framtíðinni en nokkur getur gert sér vonir um í dag. Ég þakka meiri hl. og þykir vænt um, þar sem ég átti nokkurn þátt að undirbúningi þessa máls, hvernig hann hefur tekið á málinu, og vil ljúka máli mínu með því að vænta, að þm. leggist nú samt sem áður á eitt um það að afgreiða þetta mál með þeirri alvöru, sem slíku máli hæfir.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það frv., sem hér er lagt fyrir, er, eins og þegar hefur komið fram af hálfu þeirra, sem töluðu, mjög yfirgripsmikið og fjallar um mál, sem vissulega þurfa mjög ýtarlegrar athugunar og ýtarlegra umræðna við. Ég álít, að það væri ekki rétt að afgreiða þetta frv. nú á þessu þingi, og mín reynsla er sú, að áður, þegar hæstv. dómsmrh. hefur lagt allstóra lagabálka fyrir Alþingi, sem hafa í för með sér allmikla breytingu á réttaröryggi og aðstöðu borgaranna í landinu, þá hefur það, a. m. k. í langflestum tilfellum, verið svo, að þegar það hefur verið lagt fyrir í lok þings, hefur hann ekki óskað eftir afgreiðslu á því á sama þingi, heldur gefið þm. tækifæri til þess að athuga málið og íhuga það og þá aftur í staðinn látið afgreiða málið venjulega á næsta þingi, kannske með þeim breytingum, sem menn höfðu komizt að niðurstöðu um við nánari athuganir að réttar væru. Og ég vildi ákaflega mikið mælast til þess, að það mætti hafa sama hátt á með þetta mál. Ég man eftir, að þetta hefur verið gert hér áður um ýmis mál, sem varða réttaröryggi borgaranna, meðferð einkamála, hæstarétt og ýmislegt fleira, refsimálalöggjöfina og slíkt. Ég held, að þetta mál, sem hérna liggur fyrir, sé líka þess eðlis, að það væri heppilegast fyrir okkur alla, hvaða afstöðu sem við annars höfum til þess, að við fengjum að athuga það betur.

Mér sýnist, að í þessu frv., það lítið sem ég hef getað athugað það, sé eiginlega alveg ruglað saman tvennum hugmyndum: annars vegar hugmyndunum um, hvað gera skuli hér á landi, við skulum segja, ef maður mætti nota það orð, ef „gamaldags“ stríð skylli á, þ. e. svipað stríð og það, sem við drógumst inn í 1940 og 1941, og líka ef t. d. geislavirkni af sprengingum úti í heimi yrði svo mikil, að almannahætta væri af. Þetta hvort tveggja mundi vera í flokki út af fyrir sig. Og mér virðist, að í þessu frv., eins og raunar í því gamla frá 1941, sé að miklu leyti gengið út frá því, að það séu þessi gamaldags fyrirmæli, 20 ára gömlu, sem við raunverulega eigum að byggja á. Hins vegar er svo spurningin um kjarnorkustríð og aðstöðu Íslands, almannavarnir og annað slíkt og alls konar ráðstafanir, sem væru gerðar með tilliti til þess, að Ísland drægist inn í kjarnorkustríð. Þetta tvennt er svo gersamlega ólíkt, að ég held, að lagalega séð verði úr því vanskapnaður hjá manni, ef maður ætlar með litlum undirbúningi að skella þessu tvennu saman.

Það er alveg rétt, eins og hv. 5. þm. Reykv. benti hér á áðan, að það eru til lög í sambandi við hið fyrra, í sambandi við „gamaldags“ stríð, þar sem t. d. er gengið út frá alls konar samhjálp borgaranna og líka vissum skyldum þeirra, t. d. til þess að reyna að eyðileggja sprengjur, sem féllu niður, sjá um, að þær gerðu ekki

skaða, reyna að komast að þeim, áður en þær spryngju, þ. e. sams konar loftvarnaráðstafanir og maður kynntist í London á stríðsárunum, þar sem borgararnir reyna sjálfir að hjálpa til við að slökkva elda og annað slíkt, sem af slíku stafar. Ríkisstj. hefur í sínum höndum, eins og hv. 5. þm. Reykv. benti á, allt það vald, sem þarf viðvíkjandi „gamaldags“ stríði. Og það er náttúrlega enn þá minna vald, sem þarf til þess að gera ýmsar ráðstafanir gegn hættu af því, að geislavirkt ryk bærist hingað til Íslands, hvaðan sem það kæmi. Eins og við vitum, er það nú alllengi búið að viðgangast í heiminum, að framleitt sé geislavirkt ryk og það á ýmsum stöðum. Það var ekki fyrst í haust, að sprengdar voru 50 megatonna sprengjur, þær voru líka sprengdar 1958 um haustið suður í Kyrrahafi. Þess, sem við þyrftum að gera viðvíkjandi slíku tvennu, „gamaldags“ stríði eða geislavirkni af tilraunasprengingum, hefur þessi hæstv. ríkisstj. eða hver önnur sem væri nú þegar heimildir til. Það, sem mér sýnist hins vegar blandast saman í þessu frv., eru annars vegar ráðstafanir gagnvart slíkum fyrirbrigðum og hins vegar á vissum pörtum ráðstafanir, sem ættu að vera gegn kjarnorkustríði, en að mínu áliti eru alveg gersamlega ófullnægjandi gagnvart því og beinlínis rangar, eins og þetta er byggt upp, vegna þess að þegar við ætlum að athuga þann möguleika, þá þurfum við að reyna að gera okkur miklu betri hugmyndir um þessa hluti en við höfum kannske gert okkur fram að þessu. Það er rétt, sem allir aðilar, sem hér hafa talað, hafa tekið fram, við höfum verið ókunnugir þessum málum. Fáir okkar hafa lifað það að standa í slíku stríði, horfa á það og sjá, hvernig borgir eru útleiknar eftir það eða verða útleiknar í því, og enn erfiðara er náttúrlega flestum okkar að gera sér síðan í hugarlund, hvað það muni þýða að dragast inn í kjarnorkustríð.

Þess vegna er það ekki nema eðlilegt, að mönnum þyki það allmikið að gefa nú máske með þessu frv. svo og svo miklar heimildir, svo og svo mikið vald til ríkisstjórna, lögreglustjóra og ýmissa slíkra aðila, sem að sumu leyti væru hugsaðar út frá almannavörnum í kjarnorkustríði, en hins vegar gera ekki ráð fyrir viðbrögðum, sem einsömul mundu geta að nokkru leyti dugað, ef til kjarnorkustyrjaldar kæmi. Þess vegna er það eðlilegt, að manni verði fyrst af öllu að athuga um þá aðstöðu, sem borgararnir eru settir í einmitt við þær breytingar, sem hér eru gerðar um aukið vald til hálfu ríkisstjórnar og lögregluyfirvalda með þessum lögum, sérstaklega ef ætti að fara að beita slíkum aðferðum, beita slíku valdi t. d. í sambandi við tilraunasprengjur.

Við skulum muna það, að gömlu lögin okkar frá 1941 eru gefin út 27. júní 1941. Þau eru gefin út á sólarhringnum eftir að Bandaríkjastjórn setti Íslandi úrslitakosti um að svara innan 24 klst., hvort Ísland gengi að því að biðja Bandaríkin, að því er kallað var af frjálsum vilja, um hervernd eða þau mundu grípa til annarra ráðstafana. Svo að segja 24 tímum eftir að gefizt hafði verið upp af þáverandi hæstv. ríkisstj. fyrir Bandaríkjunum, fyrir þessum úrslitakostum, þá voru, eins og eðlilegt var, af ríkisstj. gefin út samtímis brbl. til þess að reyna að gera vissar ráðstafanir til loftvarna hér á landi.

Nú hefur það verið sagt bæði af hv. frsm. meiri hl. heilbr.- og félmn. og af hv. 5. þm. Reykv., að þetta vald, sem verið væri að gefa nú með þessum lögum, gæti jafnvel líka gilt, þegar væri verið að ræða um tilraunasprengingar. Nú skulum við segja, að þm. og landsmenn vildu sætta sig við það, að gömlu lögin frá 1941 og breytingar á þeim væru í gildi, ef „gamaldags“ stríð brytist út. Ég á þar með við, ef allt í einu væri komið eitthvað samkomulag milli allra stórvelda um, að þau ætluðu ekki að nota kjarnorku í styrjöld, en svo kysu þau að fara í „gamaldags“ styrjöld. Það gætu náttúrlega allir sætt sig við, að gömlu lögin giltu, þegar um slíkt væri að ræða. En segjum svo hitt. Segjum, að Bandaríkin taki upp á að sprengja miklar sprengjur í haust, segjum, að Sovétríkin taki upp á að sprengja aftur miklar sprengjur og bæði sprengi mun meira en fyrr. Það er ekki eins víst, að menn mundu með glöðu geði sætta sig við, að það væri hægt að líta svo á, að bara slíkar tilraunir með kjarnorkuvopn, jafnvel hjá stórveldunum, nægðu til þess að gefa yfirvöldunum á Íslandi allar þær heimildir, sem annars væru, þegar styrjöld væri. Í 3. gr. segir: „Á hættutímum er ríkisstj. heimilt“. Og í síðari mgr. þar segir: „Ef hætta vofir yfir, getur lögreglustjóri bannað.“ Þetta eru ákvarðanir, sem þurfa að ákveðast miklu, miklu nánar. Segjum, að þetta sé alveg eðlilegt, eins og hv. 5. þm. Reykv. benti á, viðvíkjandi stríði upp á gamla móðinn. En segjum nú, að af ríkisstj. væri þetta skilið svo, eins og fram hefur komið að nokkru leyti hjá þessum tveim hv. stjórnarþingmönnum, að það mætti nota þetta og alla þessa heimild, ef stórveldin væru bara í tilraunum með kjarnorkusprengingar og það væri álitin hætta t. d. á, að kjarnorkuryk bærist hingað, að þá fengi sem sé hæstv. ríkisstj. og lögregluyfirvöld öll þau réttindi, sem í þessum lögum felast. Þá er gengið mjög langt á réttindi almennings. Við vitum, hvernig er orðið með hættutíma. Við höfum sjálfir, Alþingi, lent einmitt í vandræðum áður út af því orði. Í samningnum, sem gerður var undir þessum kringumstæðum hér 1941 við Bandaríkjastjórn, var það, sem orðað var á íslenzkunni um styrjöldina, ef ég man rétt, talið af Bandaríkjastjórn eiga við á enskunni um hættutíma, þannig að þegar skýra skyldi samninginn 1945 í stríðslok, þá greindi íslenzku ríkisstj. og ríkisstj. Bandaríkjanna á um skilninginn á þessu orði, og Bandaríkjastjórn hélt því fram, að hún væri ekki skyldug til að fara héðan burt, þó að stríðinu væri lokið í Evrópu, vegna þess að eftir sem áður væru hættutímar. Og eins og það gat orðið að deilumáli þá á milli þeirra tveggja ríkisstjórna, eins gæti það náttúrlega orðið að miklu deilumáli, hvernig skilja skyldi slíkt, einmitt á milli borgara landsins og ríkisstj. eða yfirvaldanna. Ég held þess vegna, að þessi atriði þurfi að athugast miklu nánar.

Þá tek ég eftir því líka, að samkv. III. kafla-anum, sem er raunverulega, eftir því sem mér

skildist, einn róttækasti kaflinn, á að gera harðvítugar og mestar ráðstafanir. Mér sýnist hann allur bera keim af því að vera saminn út frá hættunni í gamaldags styrjöld, kannske líka náttúrlega þeirri minni hættu, sem væri í sambandi við geislavirkt ryk. Mér sýnist hann allur bera svip af gamla stríðinu, en alls ekki sé reiknað með því að neinu leyti, að hann gæti orðið að gagni, ef Ísland drægist inn í kjarnorkustyrjöld. Mér sýnist, að við hljótum að vera sammála um það, ef við ræðum þetta mál af fullri alvöru, eins og það verðskuldar, að a. m. k. ef hér eru áfram herstöðvar og allt slíkt, þá er það eina, sem hljóti að vera einhver ofur lítil von um að geti bjargað allmiklu af því fólki, sem nú er samanþjappað hér á suðvesturhorninu, hér á Reykjanesskaganum og Seltjarnarnesinu, það eina, sem getur raunverulega eitthvað hjálpað þessu fólki, ef Ísland dregst inn í kjarnorkustyrjöld, það er skipulagning á almennum flótta. Við hljótum náttúrlega allir, hvort sem við erum með eða móti herstöðvunum, að gera okkur það ljóst, að ef Atlantshafsbandalagið lendir í styrjöld og það kjarnorkustyrjöld og farið er að skjóta á báða bóga með öllum þeim nútímavopnum, kjarnorku, eldflaugum og slíku, þá eru auðvitað þær stöðvar, sem hljóta að vera fyrst og fremst í hættu, það eru stöðvarnar, þar sem flugvellirnir og herstöðvarnar eru hér syðra, og þá fyrst og fremst Keflavíkurflugvöllur og það, sem er í grennd við hann. Hér í grennd við hann, eins og það mundi vera á hernaðarlega vísu, eru upp undir ¾ hlutar þjóðarinnar, þannig að við hlytum að geta gengið út frá því, að í styrjöld yrði allur þorrinn af þessari byggð eyðilagður. Það, sem við hlytum fyrst og fremst að miða við, ef til svona ógæfu kæmi, væri að reyna að nota þá klukkutíma, sem við vonandi fengjum, til þess að reyna að flytja eins mikið af fólki burt og mögulegt væri. Og ég held, að það væri frá upphafi glapræði að ganga út frá því að ætla að telja fólki trú um, að það væri einhver veruleg björg í því, annaðhvort að hafast við í kjöllurum í Reykjavík eða í loftvarnabyrgjum í Reykjavík eða slíku. Ég held, að við yrðum fyrst og fremst að ganga út frá því, að þegar svo alvarlegt væri orðið ástand í veröldinni, að til kjarnorkustyrjaldar gæti komið, þá yrði fyrst og fremst að reyna að skipuleggja flutninginn á þessu fólki burt af þessu hættusvæði. Við höfum ekki svo mjög slæm tæki til þess. Við vitum það, að við höfum á þessu svæði bíla, sem í einni ferð, ef það er skipulagt frá upphafi, geta flutt svo að segja alla íbúa þessa svæðis, ef það bara frá upphafi er nægilega vel skipulagt, — geta flutt alla íbúa þessa svæðis í fjarlægð, sem er frá 50 til 200 km, eftir því, hve marga klukkutíma við höfum til að komast með fólkið. Það, sem við hlytum að undirbúa fyrst og fremst, er að reyna að sjá til þess, að hver einasti bíll sé skipulagður til þess að geta tekið ákveðið fólk úr ákveðnum húsum undireins og dreift því upp um allt Suðurlandsundirlendið, eins langt og við komumst með það, og á öllum þeim stöðum sé eins vel útbúið og hægt sé til þess að geta haldið fólki uppi, til þess að geta einhvern veginn látið það lifa. Ég held, að ef við miðum við kjarnorkustríð, þá sé það fyrst og fremst að bjarga fólkinu burt frá þessu svæði, sem við yrðum að hugsa um, og það sé fyrst og fremst skipulagsatriði.

Hins vegar sýnist mér allur III. kaflinn, 10.—14. gr., hugsaður út frá gömlu loftvarnaaðferðunum, sem maður kynntist í Bretlandi á stríðsárunum, hugsaður út frá því, að það koma litlar gamaldags sprengjur, þær detta niður, maður getur komizt að þessum sprengjum með blautan poka eða með sandpoka eða eitthvað slíkt og kæft þær, áður en þær springa, eða ef þær springa, að reyna að hindra, að eldsvoðinn breiðist út. Þetta er sú aðferð, sem þá var notuð og almenningur tók ákaflega mikinn þátt í og hjálpaði ákaflega mikið til þess að draga úr því tjóni, sem loftárásirnar ollu. En þetta er allt saman orðinn tómur barnaleikur miðað við það, sem við stöndum frammi fyrir í dag. Það er ekki lengur þessi hætta, sem vofir yfir okkur. Það eru ekki þessar smásprengjur. Það verða ekki flugvélar, sem koma hér inn yfir okkur, svo að maður heyri þytinn í þeim og finni nokkurn veginn á sér, hvenær þeir fara að styðja á takkann til að sleppa sprengjunum, mennirnir í flugvélunum. Það, sem verður hið ægilega, sem yfir okkur kemur, það er, að á nokkrum mínútum þjóta eldflaugarnar kannske meira eða minna sjálfvirkar á þessa staði og dyngjast niður á herstöðvastaðina í heiminum, og við vitum, að þessar stóru og voldugu hernaðarþjóðir nútímans, eins og Bandaríkin og Sovétríkin, stæra sig af því, að þær hafi hvor um sig margfaldar birgðir til þess að geta eytt öllu mannkyni, svo að það yrði vafalaust ekki sparað á þær herstöðvar, sem til eru í veröldinni, frá beggja hálfu að reyna að eyðileggja þær, eins og hægt væri.

Mér sýnist þess vegna, þegar ég lít t. d. á 12. gr., þar sem tekið er fram, að það sé óheimilt að hverfa úr starfi án leyfis, að starfsmaður megi ekki fara úr lögsagnarumdæminu nema með samþykki lögreglustjórans, viðvíkjandi hjálparliðunum, þetta er auðsjáanlega allt saman hugsað út frá þessu gamla. Það koma kannske loftárásir dag eftir dag, þar sem lítlum, 1, 2, 5 eða 10 tonna sprengjum af gömlu tegundinni er kastað niður, þar sem hjálparliðið á að vera til taks til þess að reyna að slökkva þetta, þar sem hjálparliðsmaðurinn á þess vegna að vera á sínum stað og gegna sínu starfi, og þetta var skiljanlegt á þeim tíma. En nú er raunverulega það eina, sem við mundum segja hjálparliðsmönnum að gera, að skipuleggja flóttann. Við skulum segja, að einn hjálparliðsmaður er ábyrgur fyrir einu húsi og einum bíl, sem á að taka fólkið úr því, eða tveimur bílum, þremur bílum eða hvað sem það er, og reyna að koma því í burtu, þannig að það, sem hjálparliðsmaðurinn fyrst og fremst á að gera í þessum efnum, er að sjá um að koma þessu fólki út úr lögsagnarumdæminu. Það þarf ekki að spyrja neinn lögreglustjóra, það þarf ekki að hugsa um það að fá fyrirskipanir frá yfirmönnum, því að hann hefur engan tíma til þess að bíða eftir þeim, heldur aðeins að vita, að á því augnabliki, sem merkið er gefið, eigi hann að stjórna þessu og ekki að missa af neinni mínútu í það að

spyrja neinn lögreglustjóra eða neinn yfirmann, heldur á hann einmitt að vita, hvað hann á að gera, og geta sagt fólkinu það og geta skipulagt þennan flótta og geta komið fólkinu burt úr lögsagnarumdæminu. Ég held þess vegna, að við eigum að athuga þetta allt saman miklu betur.

Ég tók eftir því t. d., að hv. 5. þm. Reykv. sagði hér rétt áðan, að það ætti að skipta Reykjavík niður í hverfi. Jú, það getur verið ágætt að skipta Reykjavík niður í hverfi, en fyrst og fremst til þess að skipta brottflutningi fólksins, ekki hverfi til varnanna í sjálfri Reykjavík. Við eigum ekki að hugsa um þá hluti, af því að við stöndum ekki frammi fyrir þeim tækjum, sem við stóðum frammi fyrir fyrir tuttugu árum, og getum ekki skipulagt okkar varnir miðað við það. (**Forseti**: Ég vildi spyrja hv. þm., hvort hann eigi mikið eftir af ræðu sinni.) Já. (**Forseti**: Þá vil ég biðja hann um að gera svo vel og gera hlé á máli sínu, og verður fundi frestað til kl. 5. — [Fundarhlé].

Herra forseti. Ég hafði komið þar ræðu minni, að ég hafði rætt nokkuð um, hvernig það tvennt blandast alveg saman í þessu frv., annars vegar raunverulega úreltar hugmyndir frá gamaldags styrjaldarháttum, og meginið af þeim ráðstöfunum, sem ég hef þegar gert að umtalsefni, eins og t. d. í III. kafla frv., ber alveg svip af þeim, og svo hins vegar þær ráðstafanir, sem þarf að gera í sambandi við kjarnorkustyrjöld. Og það er alveg greinilegt á þessu frv., að þeir, sem það hafa samið, hafa ekki gert þessa hluti upp við sig. Í V. kaflanum, t. d. 20. gr., stendur:

„Ef brýna nauðsyn ber til, að fólk flytji af hættusvæði, getur ríkisstj. ákveðið brottflutning.“

Eins og ég talaði um áðan, ef til kjarnorkustyrjaldar kemur og Ísland dregst inn í hana, þá er brottflutningur, áður en sprengjurnar byrja að falla, eina vonin, einmitt fyrir það fólk, sem hér býr, hér í þessu nágrenni, þannig að þarna er ekki um að ræða: „ef brýna nauðsyn ber til“, þá geti ríkisstj. tekið ákvörðun. Það þarf að vera ákvörðun tekin fyrir fram, að þessir hlutir skuli gerðir og að allir séu viðbúnir að framkvæma þessa hluti, um leið og eitt merki er gefið um það. Það er enginn tími til þess að gefa út einhverjar reglugerðir eða hafa þess háttar gamaldags hátt á, ef um slíkt er að ræða.

Og svo segir í 21. gr., þegar tekið er fram, að ríkisstj. hafi fyrirskipað mönnum að flytja sig til einhvers ákveðins staðar: „Engum er heimilt án sérstaks leyfis að flytja frá þeim stað, sem honum hefur verið vísað á.“ Þessar hugmyndir um, að hlutirnir komi til með að ganga svona, að svona nákvæmt eftirlit sé haft með einstaklingunum, þetta sýnir, að menn gera sér ekki neina hugmynd um, hvers konar styrjöld það væri, sem Ísland væri þarna að dragast inn í.

Það má kannske segja út af fyrir sig um það, sem segir í 22. gr., hvernig kostnaðurinn eigi að skiptast á eftir, að þetta er svo sem allt gott og blessað, en vafalaust er vissara að gera ráð fyrir því, að þau sveitarfélög, sem þarna er um að ræða og ættu að bera svo og svo mikið af þeim kostnaði, yrðu ekki til, þegar þetta væri búið.

Við skulum ekki hugsa um þessa hluti eins og einhverja, — ja, mér liggur við að segja hreppaflutninga í gamla daga. Það eru ekki svipaðir hlutir, sem þarna er um að ræða. Það eru miklu, miklu alvarlegri hlutir og alvarlegri hlutir en þeir, sem við höfum kynnzt í sambandi við fyrri umr. um styrjaldarráðstafanir, eins og þær, sem gerðar voru 1941.

Og það gegnir raunverulega sama máli, ef maður blaðar í þessum grg. hérna, og hef ég þó ekki getað lesið þær allar eins í gegn og mér bæri skylda til. Ég sé, að það er talað um það hér, t. d. á bls. 16, með leyfi hæstvirts forseta: „Að áliti lækna mun vera unnt, ef í nauðir rekur, að koma fyrir um 200 særðum mönnum í sjúkrahúsum hér í bænum“. Það eru ekki sjúkrahús í Reykjavík, sem verður fyrst og fremst það nauðsynlega í þessu sambandi. Það verða kannske sjúkrahús, sem væru uppi hjá Laugarvatni eða einhvers staðar þar sem lengst, lengst í burtu frá þessu mesta hættusvæði, sem hérna er, sem þá hefðu verulegt gildi. Ég býst við, að öll þessi stóru sjúkrahús, sem við erum að byggja í Reykjavík núna, það mundi ekkert af þeim hafa raunverulegt gildi fyrir okkur, ef Ísland dregst inn í kjarnorkustyrjöld.

Eins er þegar talað er í 19. gr. um loftvarnabyrgi á Arnarhóli. Við töluðum um í síðasta stríði, hvort þetta kæmi kannske til mála þá gagnvart þeim smásprengjum, sem búizt var við að Þjóðverjar mundu kasta hérna og köstuðu einstaka sinnum. En til hvers er fyrir okkur að hugsa um raunverulegt byrgi í Arnarhóli, eins og núna standa sakir, þegar við gætum búizt við kjarnorkusprengjum yfir Reykjavík? Það er eins og það ægi þarna saman alls staðar þeim gamla hugsunarhætti miðað við það gamla stríð, og samt er talað um nauðsynina á að búa sig undir kjarnorkustyrjöld.

Hins vegar segir á bls. 21, með leyfi hæstv. forseta: „N. hefur einnig rætt töluvert um möguleika til brottflutnings fólks skyndilega, ef til loftárása kæmi. Eins og aðstæður eru hér í nágrenni Reykjavíkur, er að vísu hugsanlegt að flytja töluverðan fjölda fólks af bæjarsvæðinu á skömmum tíma, svo fremi að vegir teppist ekki, en hins vegar ógerlegt að koma fjölda manns, tugum þúsunda, fyrir til dvalar í dreifbýli, svo að viðhlítandi sé, nema með ærnum kostnaði, margfalt meiri kostnaði en fjárveitingarvaldið hefur ætlað til loftvarnaráðstafana.“

Mér finnst þessi litla setning sýna barnaskapinn, sem þessi n. er haldin af. Hún hefur rætt um möguleika til brottflutnings fólks, rætt töluvert þennan möguleika. Þetta er raunverulega eini möguleikinn í sambandi við kjarnorkustyrjöld, sem nokkuð getur bjargað Reykvíkingum, og þá er einmitt um það að ræða að flytja tugi þúsunda fólks í burtu. Ég man ekki nákvæmlega um bílaeignina. Það er réttilega gert ráð fyrir, að ríkisstj. geti tekið öll skip og alla báta og allt saman slíkt, og það getur orðið að nokkru gagni, en ég býst við, að það yrðu þó bílarnir, sem menn fyrst og fremst mundu treysta á, og mig minnir, að bílaeignin

hér sé svo mikil, að það skipti áreiðanlega tugum þúsunda, sem við höfum yfirráð yfir af bílum hér á þessu þéttbýlissvæði, þannig að þótt að meðaltali megi koma 4—5 mönnum í bíl og allmiklu meira í marga, þá er áreiðanlega hægt að flytja yfir hundrað þúsund manns með einni bílaferð 50—100—150 km veg, ef það gefast 1—2—3 klukkutímar og ef þeir menn, sem ræða þetta, hafa gert sér þetta ljóst fyrir fram, ef þeim n., sem um þetta fjalla, er það ljóst, að þetta er möguleiki. En í staðinn kemur það í ljós, að þessi n., sem þarna er um að ræða, jú, hún er að ræða um þennan möguleika til brottflutnings fólks og kemst að þeirri niðurstöðu, að það sé hægt að flytja töluverðan fjölda, en það sé ógerlegt að koma tugum þúsunda fyrir til dvalar í dreifbýlinu. Auðvitað er hægt að koma því fyrir til dvalar í dreifbýli. Um hvað er að ræða þarna viðvíkjandi dvöl í dreifbýli? Það er það, að á einum sveitabæ, þar sem núna eru kannske fimm manns eða tíu manns, eða ef það væri stórbýli upp á gamla móðinn, kannske tuttugu manns, auðvitað komast þarna fyrir 30—40—50 manns í viðbót. Það er ekkert verið að spyrja, hvernig fari um fólkið, það getur legið þarna á gólfinu. Það eina, sem það þarf, er matur, svo að það deyi ekki úr hungri, kannske einhverjar ráðstafanir, sem hér var verið að tala um áðan, viðvíkjandi geislunarhættu eða slíku, ef hægt væri að gera þær, en þó fyrst og fremst, að þá daga, sem slíkt stríð stendur, deyi þetta fólk ekki úr hungri. En spurningin stendur ekki að öðru leyti um einhvern aðbúnað og slíkt. Það er um að gera að forða lífi þess, meðan mesta hryðjan stendur yfir, koma því burt af því svæði, þar sem því er dauðinn vís. Og ef búið væri að útbúa alla sveitabæi í Árnes- og Rangárvallasýslum með alls konar niðursuðuvörum og öðru slíku og gömlum íslenzkum matvörum, sem hægt er að geyma, þá er hægt alllangan tíma með góðri skömmtun að halda lífi í slíku fólki, ef þetta er hugsað fyrir fram af einhverju viti. Það er ekki til neins að fara að grípa til þess, um það leyti sem kjarnorkustyrjöld væri hafin. En þetta sýnir bara, hvernig þessi n., sem þetta hefur undirbúið, tekur alveg óraunsætt á þessum hlutum. Hins vegar sé ég það strax, að t. d. í álitsgerð Holtermanns, á bls. 25, í dliðnum þar, er rætt um eitt höfuðatriðið, brottflutning fólks úr Reykjavík á ófriðartimum, og talað um þann stutta tíma, sem sé til umráða, en maðurinn hefur auðsjáanlega ekki neina staðarlega þekkingu á þessu hérna, hvað sé hægt, og tekur þetta bara sem almennt dæmi, en alveg rétt dæmi. Þetta er atriðið. Hann talar um brottflutning úr sjúkrahúsunum í Reykjavík. N. hins vegar talar um, hvað sé hægt að koma fyrir af fólki í sjúkrahúsunum í Reykjavík, og þess vegna er það alveg gefið, að þarna stangast allar þessar skoðanir á. Það er talað um í þessari skýrslu Holtermanns hershöfðingja, að í Reykjavík mætti útbúa almenn varnarbyrgi fyrir um 10% af íbúunum, og væri það mikið, ef það væri hægt og kæmi að gagni, en hitt er alveg gefið, að brottflutningurinn hlýtur að verða þarna aðalatriðið og skipulagningin öll viðvíkjandi flutningi fólks og dvöl í dreifbýli.

Þetta segi eg bara til þess að benda á, hvernig þetta frv. er hrærigrautur af þeim hugmyndum, sem menn gerðu sér út af gamaldags styrjöld og aðferðum við hjálp, þegar litlar sprengjur eru að falla. En frv. er samið á tíma, þegar ljóst er, að ef til styrjaldar kemur, þá verður það því miður vafalaust kjarnorkustyrjöld.

Það var eftirtektarvert, að 5. þm. Reykv., sem hefur einmitt átt nokkurn þátt í að undirbúa þetta frv., talaði um gildi þess út frá því, hvort þetta gæti orðið til þess að bjarga kannske lífi 10 þús. manna, kannske fleiri, sem ella hefðu farizt í slíkri styrjöld, og var greinilegt, að hann átti þarna við kjarnorkustyrjöld. Það er greinilegt, að hann, sem hefur átt nokkurn þátt einmitt í undirbúningi málsins, hefur hugsað sér, að þetta frv. ætti að einhverju leyti að vera til varna í kjarnorkustyrjöld. Hins vegar er alveg greinilegt, að frv. sjálft er ekki hugsað út frá því, og hv. 5. þm. Reykv. spurði þess vegna, hvers virði væri líf þjóðarinnar, hvers virði væri líf tíu þúsunda, hvers virði væri líf tuga þúsunda, og út frá því yrðum við að ræða þessi mál. Ég skal gjarnan verða við því að ræða þessi mál út frá því sjónarmiði, sem hann lagði hér fram, á hvern hátt við getum gert ráðstafanir hér á Íslandi til þess að reyna að bjarga því, sem dýrmætast er, lífi svo og svo mikils hluta af þjóðinni. Þótt það sé rétt, að geislavirk ský af kjarnorkusprengju geti náttúrlega lent niður hvar sem er og jafnt Akureyri sem Langanes eða Snæfellsnes væru þar í sömu hættu og Reykjavík eða Vestfirðirnir, þá er gefið, að stóra hættan, sem um er að ræða og hv. 5. þm. Reykv. lagði líka mesta áherzlu á, það er sjálf hættan af kjarnorkustyrjöld og sú gereyðing, sem hætta væri á að hún hefði í för með sér.

Ég skal nú eftir þennan stutta inngang um frumvarpið um almannavarnir sjálft og þær gömlu hugmyndir, sem enn þá eru á víð og dreif í því og setja sinn svip á það, koma inn á, hvað okkur ber að gera út frá því sjónarmiði, að líf þjóðarinnar eða mikils hluta hennar og kannske allrar sé í veði, ef til kjarnorkustyrjaldar kemur. Og þar verðum við náttúrlega að kryfja hlutina til mergjar, þegar við förum að taka það mál fyrir, þegar málin eru lögð þannig fyrir mann: Hvers virði er líf þjóðarinnar, hvað eigum við að gera til að vernda líf þjóðarinnar í kjarnorkustyrjöld? Þá verðum við að taka málið róttækt fyrir, og þá er auðvitað fyrsta spursmálið það, hvað við getum gert til þess að skapa íslenzku þjóðinni öryggi. Það er það, sem hv. 5. þm. Reykv. lagði ríka áherzlu á sem frumskyldu hverrar ríkisstj., að búa þegnum sínum öryggi.

Það, sem okkur ber fyrst og fremst að gera til þess að skapa slíkt öryggi, er að afnema allar herstöðvar hér á Íslandi og að láta Ísland ganga út úr Atlantshafsbandalaginu. Þetta frv., sem hér er komið fram, og sú viðurkenning, sem m. a. hv. 5. þm. Reykv. nú hefur gefið á þeirri hættu, sem yfir vofir, er fyrsta stóra og al-

menna viðurkenningin frá hálfu hæstv. ríkisstj. og stjórnarflokkanna á því, að okkur er ekki vörn í þeim her, sem hér er, né heldur vörn í því að vera í Atlantshafsbandalaginu. Það er ekkert, hvorki herstöðvarnar, sem hér eru, né veran í Atlantshafsbandalaginu, sem tryggir líf eins einasta Íslendings, heldur þvert á móti. Ef okkur er einhvers virði líf þjóðarinnar og líf þeirra tuga þúsunda, sem hér búa, eða svo og svo mikils af þeim tugum þúsunda, sem hér búa, þá ber okkur að gera það sem okkar fyrstu ráðstafanir að halda okkur utan við öll hernaðarbandalög og sjá um, að hér séu engar herstöðvar. Þetta var stefna okkar Íslendinga, og ég vil vekja athygli á því, að við höfum aðeins horfið frá þeirri stefnu nauðugir, eins og ég mun koma að síðar. Við mótmæltum því, þegar Bretar hernámu okkar land og skertu okkar hlutleysi. Það var ein af þeim röksemdum, sem beitt var, þegar gengið var inn á úrslitakosti, nauðungarsamninginn við Bandaríkin 7. júlí 1941, að það væri þó a. m. k. vernd hlutlauss lands, sem við fengjum í staðinn fyrir stríðsaðila, og því var lýst yfir, þegar við gengum inn í Sameinuðu þjóðirnar 1946, að við mundum ekki ljá herstöðvar hér á landi, ekki einu sinni her Sameinuðu þjóðanna. Og það er engum efa bundið og er alltaf hægt að rekja það, að vilji þjóðarinnar var sá, að hér væru engar herstöðvar. Þegar gengið var í Atlantshafsbandalagið, var því beinlínis lýst yfir af hálfu þáv. hæstv. ríkisstj. og stuðzt meira að segja við yfirlýsingu frá þáv. utanrrh. Bandaríkjannna, Dean Acheson, að það yrði ekki um það að ræða, að farið yrði fram á herstöðvar á Íslandi á friðartímum, þannig að það hefur verið stefna þjóðarinnar að hafa hér engar herstöðvar. Við höfum verið dregnir með hernámi inn í það að hafa hér herstöðvar og vera í hernaðarbandalagi, að þjóðinni fornspurðri og að mestu leyti henni að óvörum. Og það, sem nú kemur í ljós, þegar við förum að ræða þetta mál, er, að þessi vera okkar í hernaðarbandalagi og þetta að hafa herstöðvar hér á Íslandi, það skapar okkur aðeins aukna hættu. Þegar við verðum nú að fara að ræða önnur eins mál og hæstv. ríkisstj. nú hefur lagt fyrir um almannavarnir í landinu, varnir vegna kjarnorkusprengna, sem hér kynnu að falla, þá er það fyrst og fremst vegna þess, að Ísland er orðið herstöð, sem dregur að sér sprengjurnar. Ef við þess vegna viljum ræða um okkar ráðstafanir til þess að reyna að vernda líf okkar þegna, þá er fyrsta og höfuðráðstöfunin að ganga úr Atlantshafsbandalaginu og segja upp þeim herstöðvum, sem hér eru, gera þannig ekki leik að því að gera Ísland að skotmarki. Ég held, að þetta sé fyrsta og þýðingarmesta málið, sem við eigum að taka afstöðu til, þegar okkur er boðið upp á það að fara að ræða almannavarnir á Íslandi í kjarnorkustríði. Við verðum að fjarlægja þau skotmörk, sem við höfum sjálfir skapað okkur. Við eigum ekki að gera okkur sjálfa að skotmarki að óþörfu. Það er sú mikla fásinna, sem við höfum gert nú, og frá því þurfum við að hverfa. Sú fyrsta hætta, sem við þurfum að bægja frá okkur, eru herstöðvarnar, sem hér eru.

Þetta, sem ég nú hef sagt, var almennt viðvíkjandi því, hver hætta stafar af verunni í Atlantshafsbandalaginu og því að hafa hér herstöðvar. Þá held ég sé í öðru lagi nauðsynlegt, þegar við ætlum að ræða þessi mál, — og hv. 5. þm. Reykv. lagði einmitt áherzlu á það, að við ræddum þetta mál hér af alvöru, og ég er alveg reiðubúinn til þess, — þá held ég, að við verðum, þó að það kunni að vera erfitt, að reyna að gera okkur sjálfum og þjóðinni ofur litla grein fyrir, hvað kjarnorkustyrjöld er.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, frv. sjálft, hvað sem annars kemur fram í sumum atriðum í grg. þess, sérstaklega grg. útlendinga, þá ber frv. sjálft alls ekki með sér, að hæstv. ríkisstj. eða n., sem hefur undirbúið það, sé ljóst, hvað kjarnorkustyrjöld er. Ég undrast það ekkert. Það er vafalaust nógu erfitt fyrir hv. þm. allflesta að gera sér bara ljóst, hvað venjuleg styrjöld er. Það er sitt hvað að lesa um slíkt eða sjá það á filmu eða standa í því miðju. Og þó er það allt saman barnaleikur móts við það, sem kjarnorkustyrjöld er. En við þurfum að reyna að gera þjóðinni það ljóst, hvaða ógnir þetta eru, og gagnvart þeim ógnum duga ekki neinar af þeim gamaldags aðferðum, sem þetta frv. gengur út frá. Auk ógnanna er okkur nauðsynlegt að gera okkur ljóst varnarleysi manna í kjarnorkustyrjöld. Stórþjóðirnar sjálfar draga ekki neina dul á það, þó að það sé, eins og var minnzt á hér áðan, máske reynt að gera með óskaplegum kostnaði ráðstafanir til þess að varðveita líf ríkisstj., herforingjaráðs og annarra slíkra með því að grafa þá óhemjulangt niður í jörð, og vafalaust gera stórþjóðirnar ýmsar fleiri ráðstafanir í sambandi við slíkt. Ég á bágt með að hugsa mér annað en það séu hafðar þrennar eða fernar vararíkisstj. til í þessum stóru löndum og þrenn eða fern varaherforingjaráð, ef hin yrðu upprætt, og þar er náttúrlega allt önnur aðstaða til þess fyrir slíka, sem vanir eru að standa í stórstyrjöldum, að sjá um að geta haft samband við einhvern vissan hluta af sínum þegnum eða halda uppi einhverju vissu af ríkiskerfi, og mun þeim samt öllum veitast það allerfitt, ef til kjarnorkustyrjaldar kemur. Þeir eiga vafalaust allir, líka þeir, sem þessu eru kunnugastir og mest hugsa um það, erfitt með að reikna það sjálfir út, hvað verða muni. En við skulum ekki vera með neinar blekkingar gagnvart almenningi um það, að kjallarar eða eitthvað annað slíkt sé einhver veruleg vörn í þessum efnum. Það er að vísu til, að slíkt geti verið dálítil hjálp gagnvart geislavirku ryki. En gagnvart þeim voða, sem af kjarnorkusprengjunum sjálfum stafar, er engin slík vörn til. En ef menn hafa séð, hvernig ýmsar borgir voru útleiknar eftir styrjöldina, borgir eins og t. d. Varsjá, þá gátu menn gert sér dálitla hugmynd um, hvernig þetta var, og flestir höfum við vafalaust séð einhverjar myndir frá Hírósjíma, þar sem kjarnorkusprengju var kastað og 220 þús. manns eða upp undir það fórust. En við vitum, að þær sprengjur, sem kastað var á Hírósjíma og Nagasaki eru ekki nema barnaleikföng á móts við þær sprengjur, sem nú eru notaðar, þannig að þær sprengjur, sem nú

tiðkast eða eru tilbúnar, eyðileggja margfalt meira en þar var eyðilagt. Við þurfum þess vegna að gera okkur það ljóst, að það er spurningin um, hvort hægt sé að bjarga einhverju af fólki, forða því burt frá þeim stað, þar sem hætta er á, að slíkar kjarnorkusprengjur falli, þannig að það sé ekki innan þess radíusar, sem það sé líklegast, og við getum alveg vitað það, ef við eigum að hafa þær herstöðvar áfram, sem hér eru, ég tala nú ekki um, ef það ætti að fara að bæta við t. d. uppi í Hvalfirðinum. Þá er það nokkurn veginn línan, sem liggur sunnan af Keflavíkurflugvelli yfir Reykjavík og upp í Hvalfjörð, sem verður mesta hættusvæðið hér á Íslandi, ef til kjarnorkustyrjaldar kæmi, þannig að fólkið, sem á öllu þessu svæði býr, er það, sem við þurfum að reyna að koma í burtu.

Ef það væri vitað í dag, að þeir flokkar, sem yrðu í meiri hl. á Íslandi næstu t. d. tvo áratugi, ætluðu að viðhalda áfram herstöðvum hér þennan tíma, þeir væru ráðnir í því, þá held ég, að ein af þeim ráðstöfunum, sem ætti að gera nú þegar, væri að skipuleggja byggðina á Íslandi öðruvísi en nú er gert. Ef við vissum það fyrir fram í dag, að það væri ráðið, að næstu 10—12 ár ætti að halda áfram að hafa herstöðvar hér, kannske með vaxandi hættu á kjarnorkustyrjöld í veröldinni, þá skulum við fara að gerbreyta byggðinni hérna. Þá skulum við fara að hætta að byggja fyrst og fremst á þessu svæði, þar sem við hrönnum öllu fólkinu núna, beinlínis með tilliti til þess að láta eitthvað verulegt af þjóðinni lifa, skipuleggja byggð annars staðar, dreifa henni meira út frá þessari hættu. Ef við ætlum að gera ráðstafanir og ef við trúum því, að svona ægilega geti farið, að til kjarnorkustyrjaldar komi, og okkur beri skylda til þess að reyna að vernda þegna þjóðarinnar, þá eigum við að gera slíkar róttækar ráðstafanir. Ég veit að vísu, að allar slíkar ráðstafanir eru langt frá því að vera öruggar. Þó að hægt væri þannig að dreifa byggðinni allmikið, er náttúrlega áframhaldandi hætta á því, meðan herstöðvar eru, að það geislavirka ryk, sem félli á þessu mesta hættusvæði, gæti valdið svo og svo miklu tjóni og óskunda og dauða á öðrum svíðum. En þó eru, eins og kunnugt er, meiri varnir gegn því geislavirka ryki en gegn kjarnorkusprengjunum sjálfum.

Við vitum, að þegar Englendingar tala um sína þátttöku í kjarnorkustyrjöld, þá ganga þeir út frá því, að England verði óbyggilegt um mjög langan tíma eftir slíka kjarnorkustyrjöld og megininu af þjóðinni útrýmt. Þar er að vísu um miklu þéttbýlli svæði að ræða en hér er yfirleitt, og við vitum líka, að það, sem Englendingar óttast mest í þessu, er einmitt skyndieyðilegging þannig á þeirra þjóð og landi. Ég held þess vegna, að við eigum ekki að skapa neinar tálvonir um, að það verði mjög miklu bjargað hér á suðvesturhorninu, svæðinu á milli Reykjavíkur og Keflavíkur, með því að fólkið sé þar áfram í einhverjum byrgjum, ef til kjarnorkustyrjaldar kemur, heldur sé björgunin að reyna að koma því í burtu. Og ef við hefðum síðan gert þær ráðstafanir, sem ég gat um áðan, og sagt okkur úr Atlantshafsbandalaginu og látið herstöðvarnar fara héðan í burtu, þá bæri okkur að mínu áliti, eins og ég hef raunar minnzt á hér áður, að lýsa því yfir í alþjóðaáheyrn, að hvenær sem við óttumst, að styrjöld væri að brjótast út, þá mundum við sprengja í loft upp alla flugvelli hér á Íslandi og gera ráðstafanir til þess að geta gert það, þannig að þær þjóðir, sem ættu í styrjöld, mættu vita það, að við mundum eyðileggja strax í upphafi slíkrar styrjaldar þau mannvirki, sem gætu orðið styrjaldarþjóðum hér að gagni.

Það er þess vegna alveg gefið mál, að helzta björgunin fyrir okkur og vonin um að geta bjargað tugum þúsunda af okkar þjóð úr slíkri ógn sem kjarnorkustyrjöld væri, er að reyna að vera búinn að gera landið hlutlaust, vera búinn að gera það sem allra minnsts virði sem herstöðvar fyrir nokkurn styrjaldaraðila. Ef við á sama augnabliki sem við byggjumst við, að kjarnorkustyrjöld væri að brjótast út, létum keyra burt allt það fólk, sem við gætum náð til, á þann hátt, sem ég gat um áðan, ef við á sama augnabliki sprengdum upp flugvellina hér í Keflavík og Reykjavík, þá mundu þær þjóðir, sem ættu í styrjöld, vita það, að hér væri ekki, a. m. k. í því skyndistríði, sem byrjaði með, vera eftir neinu að sækjast.

Við vitum, að almennt er búizt við því, ef til kjarnorkustyrjaldar kemur, að þær styrjaldir byrji með því, að aðilarnir skjóti hver á annan þeim langdrægu eldflaugum, sem þeir hafa, til þess að reyna að hitta þær stöðvar, þar sem þeir búast við að hinn aðilinn geymi sín flugskeyti, og að öðru leyti hernaðarlega mikilvæga staði. Hernaðarlega mikilvægur staður, hvort heldur er í Sovétríkjunum eða Bandaríkjunum, er sá staður, sem dregur að sér skeyti óvinaþjóðarinnar. Ef við höfum þess vegna hernaðarlega mikilvæga staði hér, þá draga þeir að sér skeyti þeirra þjóða, sem í styrjöldinni eru. Er við höfum útrýmt slíkum herstöðvum og ef við höfum þar að auki eyðilagt flugvelli í upphafi slíks stríðs, þannig að þessar þjóðir vita um leið, að það þýðir ekkert fyrir hvoruga þeirra að ætla að fara að taka þessa velli til þess að fara að hagnýta þá á eftir, þá hefðum við þó a. m. k. gert allt, sem í okkar valdi stæði, til þess að reyna að koma í veg fyrir, að í upphafi slíkrar kjarnorkustyrjaldar yrði byrjað á því að skjóta slíkum skotum á Ísland, og það mundi þá gefa okkur kannske þessa fyrstu klukkutíma eða fyrstu daga, sem við þyrftum, til þess að reyna að bjarga sem mestu fólki burt frá þessum svæðum. Það er náttúrlega hvorki á mínu valdi né kannske annarra að segja neitt um það, hvernig mundi verða um svona styrjöld, og maður veit, að hernaðarsérfræðinga greinir þegar á um það, hvort hún mundi kannske bara taka nokkra klukkutíma, nokkra daga eða annað slíkt. En sumir segja, að það muni nú verða eins og var í síðustu styrjöld. Það var haldið, að það yrði eins konar skyndistríð, en stóð eins lengi og allir vita um, og eins gæti náttúrlega farið, ef kjarnorkustyrjöld brytist út. Þó að fyrstu sólarhringarnir yrðu ægilegastir í henni, þá tæki við á eftir stríð, sem kannske yrði líkara gömlu styrjöldunum,

nema hvað ákveðin svæði í veröldinni yrðu ófær til þess að fara einu sinni í gegnum þau fyrir neina heri eða neitt slíkt vegna þess, hve geislavirk þau væru. Við vitum, að það voru ráðagerðir uppi um það og hafa verið birtar, t. d. í sambandi við stríð í Asíu af hálfu herstjórnar Bandaríkjanna, að gera meginið af Íran og Mesopotamíu svo geislavirkt, að það væri ekki hægt að fara í gegnum það um langan tíma á eftir. Það er svo margt nýtt, sem kemur til greina í sambandi við þessa hluti, sem við höfum ekki hugmynd um, nema einstaka sinnum lesið um þetta. En það, sem okkur bæri fyrst og fremst að hugsa um í þessu efni, er ekki, hvernig fer á milli þeirra aðila, sem þarna færu að berjast, heldur hvað getum við, svona lítil þjóð, sem liggur á svæði mitt á milli þeirra, gert til þess að reyna að sjá um, að eitthvað lifði af okkar þjóð. Ég held, að ef við í alvöru eigum að ræða um kjarnorkustyrjöld, þá voðalegu ógæfu, sem það væri, ekki bara fyrir okkur Íslendinga, heldur fyrir allt mannkyn, þá sé það þetta, sem við eigum fyrst og fremst að athuga, úrsögnin úr Atlantshafsbandalaginu, afnám herstöðvanna, ákvörðun um það, yfirlýst til allra þjóða, að sprengja og eyðileggja alla flugvellina hérna og síðan að vera alltaf viðbúnir, ef við engu að síður yrðum fyrir skeyti, að geta flutt burt okkar fólk hér og dreift því út um allt, þannig að einhvern veginn gæti það tórt af.

Þegar ég hef nú gert þetta að umtalsefni, einmitt meðfram vegna þess, sem hv. 5. þm. Reykv. sagði, hvað við vildum gera og hver skylda Alþingis og ríkisstj. væri til þess að reyna að vernda líf sem flestra þegnanna, ef til kjarnorkustyrjaldar kæmi, þá er rétt fyrir okkur að athuga, hve mikil hætta er á þessu. Er sérstök ástæða fyrir okkur núna, einmitt nú í marz 1962, í apríl 1962, að búast við svona stríði? Við vitum, að það er alvarlegur hlutur að ræða mikið um það við fólk, að svona styrjöld sé yfirvofandi og við verðum að vera við henni búnir. Sérstaklega ættum við, þessir, sem gamlir erum orðnir, að reyna að setja okkur ofur lítið meira í spor unga fólksins í þessu sambandi. Við höfum ekki alizt upp við það á viðkvæmasta tíma okkar ævi, að sá möguleiki væri til, að okkur væri yfirleitt útrýmt. Við höfum vitað, að það væru styrjaldir úti í heimi og allmargir menn féllu, og þetta skipti jafnvel stundum milljónum eða tugum milljóna, þegar heimsstyrjöld væri. En það hugtak var ekki til, þegar við vorum að alast upp, að það væri hugsanlegt, að mannkynið gæti afnumið sjálft sig, gæti gereytt sjálfu sér, og bara sú hugsun, að þetta skuli vera komið upp sem tæknilegur möguleiki, hlýtur að hvíla sem slíkt farg á huga þess fólks, sem er ungt, að það er ekki óeðlilegt, þó að það setji sitt mark á þá kynslóð og það alveg hræðilegt. Það hlýtur að íþyngja svo hennar huga, að öll hennar vandamál hljóta að mótast af þessu. Við eigum kannske oft erfitt með að skilja þessa ungu kynslóð, ekki síst þegar við sjáum stundum á leiksviðinu sett allharðvituglega fram hennar vandamál, þegar hún horfir reið um öxl eða annað slíkt. En það er ekki undarlegt. Ég skal ekki segja, hvernig við hefðum orðið, ef við hefðum alizt upp við það, að eldri kynslóðin hjá okkur hefði verið þannig, að hún væri búin að búa þannig að mannkyninu, að það væri hægt að þurrka það út, svo að segja hvenær sem væri, og það þyrfti ekki nema tilviljun til, þyrfti ekki nema óhapp til, það þyrfti ekki nema einn flugmaður yrði vitlaus í einni vél, sem sífellt væri á sveimi með kjarnorkusprengjur eða annað slíkt. Við vitum, að jafnvel grágæsaflokkar hafa sett á stað flugsveitir með kjarnorkuvopnum, en til allrar hamingju verið snúið til baka, þannig að það má heita, að líf mannanna hangi þannig á bláþræði. Við vitum, að þetta hefur að vísu oft verið tæpt undanfarinn áratug. Sérstaklega var það þó alltæpt fyrir 10 árum, þegar einmitt einn af hershöfðingjum Bandaríkjanna vildi fá að beita kjarnorkusprengjum í Kóreustyrjöldinni og þegar einn forseti Bandaríkjanna þá einmitt lét hann fara frá af þeim ástæðum. En mér virðist nú þrátt fyrir allt, að styrjaldarhættan sé minni nú en t. d. hún var þá, — mun minni. Og ég held, að ef við viljum vinna að því að reyna að tryggja frið í veröldinni, þá beri okkur einmitt að móta okkar utanríkispólitík frá því sjónarmiði.

Við Íslendingar höfum að mörgu leyti sérstaka aðstöðu í veröldinni. Við erum þjóð, sem aldrei hefur átt í stríði, aldrei borið vopn, aldrei farið með her á hendur annarri þjóð í allri sinni sögu. Það er vart nokkur þjóð í veröldinni, sem hefur svona aðstöðu. Við höfum líka þá aðstöðu, að innanlands hjá okkur hefur sú barátta, sem við höfum átt í, stéttabarátta, flokkabarátta og slíkt, yfirleitt verið svo friðsamleg, að það hefur aldrei flotið þar blóð, það hafa aldrei verið menn drepnir. Það hefur verið sú gæfa yfir okkur í þessum efnum, að við eigum betra með að umgangast hverjir aðra en oft vill verða á milli þeirra stóru þjóða, og það á að þýða um leið, að Ísland hafi sem slíkt og fulltrúar Íslendinga meiri möguleika en aðrar þjóðir að bera friðarorð á milli stórveldanna. Við getum talað miklu meira út frá mannlegu sjónarmiði heldur en stórveldin oft geta, sem fyrst og fremst eru vön, að reiknað sé með valdi þeirra hvers um sig. Við ættum að geta stuðlað að því, ekki síst með því að geta viðhaldið sæmilegum friði hjá okkur sjálfum, að sýna öðrum þjóðum fram á, að það sé hægt að búa við frið í veröldinni.

Sannleikurinn er sá, að efnahagsleg vandamál mannkynsins er orðið svo auðvelt að leysa, að út af þeim ætti sannarlega ekki að vera þörf að fara í stríð. Tækniþróunin hjá mannkyninu er svo gífurleg, að það er enginn vandi að framleiða allar þær allsnægtir, sem mannkynið óskar sér, með þeirri tækni, sem þjóðirnar ráða yfir nú á dögum, þannig að það ætti ekki að þurfa, ef skynsamlegt skipulag væri tekið upp um hagnýtingu þeirrar tækni, að deila um það, hvor hafi meira eða minna, það ættu allir að geta haft nóg. Styrjaldarhættan stafar, ef við vildum reyna að orða það mjög hlutlaust, kannske fyrst og fremst af tortryggni þeirra stærstu og voldugustu í heiminum, hvors gagnvart öðrum. Þá reynir kannske hvað mest á, að það sé hægt að tala þannig við þá, að þeirri tor-

tryggni mætti eyða. Ég álít, að við Íslendingar höfum sérstaka aðstöðu í þessum efnum. Einmitt vegna þess, að við tilheyrum nú Atlantshafsbandalaginu, höfum við sérstaka aðstöðu til þess að geta talað með þó nokkru áhrifavaldi við þá aðila, sem að mínu áliti eru þeir, sem mest hætta stafar af í þessum efnum.

Að mínu áliti er það svo, — ég veit náttúrlega, að við erum ekki sammála, — að mesta hættan í þessum efnum stafi af þeim miklu auðhringum Bandaríkjanna, sem eru búnir að festa svo mikið af sínu fé í hergagnaframleiðslu og ekki sízt í framleiðslu á atómvopnum, að þessir auðhringar eiga erfitt með að hugsa sér það ástand, að þeir yrðu allt í einu að hætta að framleiða öll þessi kjarnorkuvopn og jafnvel eyðileggja þau. Þar kemur til greina það mikla vandamál, sem hergagnaframleiðslan er fyrir auðvaldsskipulag. Í auðvaldsskipulagi er hergagnaframleiðslan tvímælalaust gróðavænlegasti atvinnuvegurinn, sem til er, — gróðavænlegastur vegna þess, að hann er svo að segja utan við markaðslögmál þess kapítalíska skipulags. Það er ríkisstjórnin í viðkomandi landi, sem kaupir öll hergögnin, þannig að það er fyrir fram markaður fyrir öll þau hergögn, sem framleidd eru. Þeir auðhringar, sem eiga hinar miklu hergagnaverksmiðjur, þar með þær verksmiðjur, sem framleiða nú í Bandaríkjunum kjarnorkuskeytin, það eru auðhringar, sem sitja þess vegna með bezta og öruggasta markaði, sem nokkrir kapítalískir hringar geta setið að. Þess vegna eru það þessir voldugu hringar, sem vilja halda í þennan gróða og ekki sleppa þessari hergagnaframleiðslu. Þetta er að mínu áliti undirrótin undir þeirri gífurlegu íhaldssemi, sem maður verður var við af hálfu amerísku auðmannastéttarinnar í þessum efnum. Fyrir sósíalistískt skipulag er hins vegar hergagnaframleiðslan ekkert annað en byrði, hergagnaframleiðslan þýðir beinlínis, að það er verið að taka bitann frá munninum á börnunum, það er verið að taka af því, sem fólkið þarf að hafa, til þess að útbúa hergögn, eins og þeir mundu segja þar, til þess að verjast. Hins vegar veit ég ósköp vel, að hugmyndirnar, sem skapazt hafa t. d. í Bandaríkjunum og víðar, eru, að hjá þeim sósíalistísku þjóðum sé uppi slíkur draumur um að útbreiða t. d. sósíalismann með vopnavaldi um alla veröld, að gegn því verði hinn frjálsi heimur, sem stundum er kallaður svo, að vera viðbúinn, þess vegna verður hann að verjast. Það er engin ástæða til að bera brigður á, að þetta sé þeirra skoðun og engin uppgerð. Þannig trúa þessir aðilar hvor um sig, að árásarhættan stafi frá hinum, og það væri máske eitt hið gagnlegasta, sem hægt væri að gera, fyrir þá aðila, sem við þessa menn gætu talað, að reyna að sýna fram á þau rök, sem gætu hjálpað til að fjarlægja þennan ótta. Og mér er spurn, ef á morgun öll hergagnaframleiðsla í Bandaríkjunum væri þjóðnýtt, ef það væri ríkisstjórn Bandaríkjanna á morgun, sem ætti allar hergagnaverksmiðjur Bandaríkjanna, og enginn amerískur auðmaður ætti eitt einasta hlutabréf í allri þeirra hergagnaframleiðslu, og ef Kennedy Bandaríkjaforseti yrði á fjárlögunum aðeins að reikna með því, að þetta færi til ríkisverksmiðjanna sjálfra, skyldi þá ekki vera þægilegra að tala meira að segja við auðmannastétt Bandaríkjanna um þessi mál, — ef búið væri að kippa burt öllum hagsmunum einstakra auðhringa af því að framleiða vopn, þannig að þeir litu á það, þegar þeir voldugu auðhringar væru að framleiða sína olíu, sitt stál, sína vefnaðarvöru og annað slíkt, þá litu þeir á það, sem bara væri verið að íþyngja þeim með sköttum, þegar verið væri að taka fé til handa ríkinu til þess að framleiða í ríkisverksmiðjunum kjarnorkuvopn. Og ég bið menn, sem hafa mikla trú á fyrirkomulaginu í Bandaríkjunum, á friðarvilja þeirra, sem þar ráða, að athuga það aðeins eitt augnablik, hvort slíkt mundi ekki breyta allmikið aðstöðunni um, að hægt væri að ræða við auðmannastétt Bandaríkjanna um afvopnun, þegar hún hefði ekki lengur neina hagsmuni af vopnaframleiðslunni. Við verðum að muna það, að það eru fimm milljónir atvinnuleysingja í Bandaríkjunum, eins og stendur, og bandarískt fjármagn flýr í vaxandi mæli til Vestur-Evrópu til þess að setjast þar að, vegna þess að fjárfesting gefur þar miklu meiri gróða, er miklu ódýrari vegna þess, hve hátt dollarinn er skráður, hann er skráður tvöfalt hærri en hann ætti að vera gagnvart almennri mynt í Evrópu.

Ég held þess vegna, að stríðshættan í dag stafi fyrst og fremst af þessum voldugu hergagnahringum Bandaríkjanna, það séu þeir, sem séu, alveg eins og var 1913 með Krupp og fleiri, mestur þröskuldur í vegi fyrir afvopnun. En upp á síðkastið höfum við orðið varir við það, — eða urðu menn a. m. k. varir við það í Bandaríkjunum, — að það var ekki nóg með, að þessir auðhringar vildu græða á framleiðslu hergagna, það var líka gert að gífurlegum „business“, eins og þeir orða það nú, að miklu fésýslufyrirtæki nú fyrir nokkru, að fara að framleiða í Bandaríkjunum það, sem áttu að vera held byrgi, neðanjarðarbyrgi, ef til kjarnorkustyrjaldar kæmi. Og það hefur verið gert ákaflega mikið að því í blöðum að gagnrýna þetta út um allan heim og sýna fram á, að raunverulega væri þarna bara verið að búa til eins konar líkkistur fyrir lifandi fólk. En þessir voldugu auðhringar, sem þykir ekki nóg að vilja græða á drápstækjunum, vilja líka græða á því, sem þeir kalla almannavarnir eða vilja reyna að telja fólki trú um að séu einhverjar almannavarnir.

Við skulum muna það, einmitt vegna þess, að það er stundum hafður svo mikil áróður í frammi hér heima á Íslandi um þessi mál, og þegar við þar að auki liggjum undir farginu frá Keflavíkurútvarpi, Keflavíkursjónvarpi og íslenzku ríkisútvarpi, sem er eins og endurhljómur af því brezka, þá hættir mönnum stundum við að gleyma, hvernig stendur á, að svo er komið í veröldinni sem nú er. En staðreyndirnar sýna, að það, sem hefur gerzt á síðustu 15 árum, er það, að auðvald Bandaríkjanna hefur verið að ná á sitt vald herstöðvum, svo að segja hálfhring um heim allan, frá Grænlandi og Íslandi suður og austur yfir til Japans, þannig að þarna er stór hálfhringur myndaður í kringum Sovétríkin og þau sósíalistisku lönd af amerískum herstöðvum. Það er vitanlegt, að slíkum

herstöðvum í nágrenni Sovétríkjanna koma menn ekki upp með annað fyrir augum en að vera viðbúnir að geta ráðizt á þau. Við Íslendingar vorum gerðir að einum lið í slíkri herstöð.

Þeir okkar, sem fylgdust með á stríðstímanum og í stríðslokin, muna, hvernig þá var ástatt. Í stríðslokin var sovézkur her í Danmörku, Borgundarhólmi, sovézkur her í Norður-Noregi, sem hafði farið inn í þessi lönd til þess að reka nazista þaðan burt. Hér var amerískur her, sem hafði komið hingað inn samkvæmt þeim sérstaka samningi, sem um það var gerður. Ef til vill muna menn líka, að einn af helztu íslenzkum stjórnmálamönnum þá, löngum formaður Framsfl. og einn áhrifamestur stjórnmálamaður á Íslandi á fyrri hluta þessarar aldar, Jónas Jónsson frá Hriflu, skrifaði þá grein eða réttara sagt bækling, sem hann gaf út, sem hét Ísland og Borgundarhólmur, þar sem þessi stjórnmálamaður var að sýna fram á, að það væri alveg óhjákvæmilegt, að Bandaríkjamenn fengju að halda herstöðvum á Íslandi, og Íslendingar ættu helzt sjálfir að fara fram á það, að Bandaríkjamenn yrðu hér þeim til verndar, því að það væri alveg gefið mál, að Sovétríkin mundu halda herstöðvum á Borgundarhólmi. Þessi maður var sá eini í kosningunum 1946 af þeim, sem þá buðu sig fram, sem lýsti því skýrt og skorinort yfir, að hann væri því fylgjandi, að Íslendingar ættu að biðja Bandaríkin um að hafa hér herstöðvar áfram. Það vildi svo til, að ég var staddur í Moskvu í erindum þáv. ríkisstj. ásamt Pétri Benediktssyni, sem varð sendiherra Íslendinga í Moskvu, og norski sendiherrann, þegar við komum í heimsókn til hans einn dag, sagði okkur frá því, að hann hefði þá um morguninn fengið þá tilkynningu frá Sovétstjórninni, að nú drægi Sovétstjórnin sinn her í Norður-Noregi til baka. Og nokkru seinna fékk danska stjórnin þá tilkynningu, að Sovétstjórnin kallaði sinn her burt frá Borgundarhólmi. En á sama tíma fengum við frétt hér frá Íslandi, — þetta var í októberbyrjun 1945, — að hér á Íslandi hefðu Bandaríkin krafizt þess, að hér fengju þau þrennar herstöðvar, Keflavík, Skerjafjörð og Hvalfjörð, til 99 ára, undir sína algeru stjórn og undan íslenzku fullveldi.

Það sýndi sig þá, hver stefnan var hjá Bandaríkjastjórn, eftir að Roosevelt var dáinn og Truman hafði komizt þar til valda, og þeir menn, sem voru byrjaðir með áróður eins og þann, sem ég gat um áðan hjá Jónasi frá Hriflu, þeir urðu sér til skammar. Það sýndi sig, að hættan fyrir Ísland stafaði einmitt af þeirri ágengni frá hálfu ameríska auðvaldsins, sem síðan hefur orðið sorgarsaga íslenzks sjálfstæðis síðustu 15 ár. Við höfum reynsluna af þeim viðskiptum. Það er sagan af ofbeldi, svikum, nauðung, spillingu og blekkingum. Það var byrjað með 24. júní 1941 að setja íslenzku ríkisstj. úrslitakosti. Og þeir úrslitakostir voru settir þannig, að á 24 klukkutímum átti að segja til, hvort menn féllust á samning við Bandaríkin, og í þeim samningi var meira að segja látið standa, að Ísland af fúsum og frjálsum vilja óskaði eftir hervernd Bandaríkjanna. Og þeir, sem þá voru hér á þingi, þegar þessi samningur síðan var samþykktur á Alþingi, eftir að hann hafði verið gerður, eftir að ameríski herinn var kominn hér á land, þeir muna, hvernig t. d. einn þm. Sjálfstfl. gerði þannig grein fyrir sínu atkv., að hann sagðist hafa ætlað að greiða atkvæði á móti þessum samningi, en hnífurinn væri á hálsi okkar og það gæti þess vegna vel svo farið, að hann greiddi atkv. með honum, eins og aðstæðurnar nú væru orðnar.

Þannig náðu Bandaríkin þeim tökum á Íslandi, sem þau síðan raunverulega hafa ekki sleppt. Með þessu ofbeldi, með þessum úrslitakostum, eru þeirra hernaðarlegu tök á Íslandi til komin. 1945, 1. okt., þegar þeir heimtuðu hér herstöðvarnar til 99 ára, þá var alveg greinilegt, hvað um var að ræða. Það var ekki um neitt annað að ræða en það, að Bandaríki Norður-Ameríku vildu fá hér á Íslandi samsvarandi herstöðvar og þau höfðu fengið í nýlendum Breta í Vesturheimi. Það er kunnugt, hvernig Bretar höfðu til þess að fá 50 tundurspilla á styrjaldarárunum orðið að fallast á að afhenda Bandaríkjunum herstöðvarnar í sínum nýlendum í Vesturheimi til 99 ára, hvernig erfið aðstaða Breta var hagnýtt af hálfu Bandaríkjanna til þess að knýja þessar herstöðvar fram sér til handa. En hins vegar gátu þeir þá ekki knúið Breta til þess að láta herstöðvar hér á Íslandi til 99 ára, vegna þess að Bretarnir höfðu engan rétt og ekkert vald til þess og voru máske ófúsir á það, en gengu hins vegar inn á það að hóta því að fara með sinn her hér á Íslandi í burtu og hjálpa til að hóta íslenzku ríkisstj. þannig, að hún bæði um vörn Bandaríkjanna. Síðan var ætlunin 1. okt. 1945 að fá Íslendinga til að fallast á 99 ára hersetu hérna. Það var vissulega ekki komin til nein heimshætta af kommúnismanum eða neinu öðru slíku, þegar það var, enda ekki reynt að skella neinu fram þess háttar sem rökstuðningi af hálfu Bandaríkjanna. Þar var eingöngu bein, opinská tilraun heimsvaldasinna til þess að ná sér herstöðvum á góðum stað. Sú tilraun mistókst. En það, sem síðan hefur gerzt í 17 ár, er, að Bandaríkin hafa verið að reyna að tryggja sér þessa aðstöðu.

Við munum eftir því, sem sátum hér á Alþingi haustið 1946, þegar Keflavíkursamningurinn var gerður, að rök þáverandi hæstv. forsrh., sem nú er einnig forsætisráðherra, fyrir því að gera þann samning, voru þessi: Samningurinn héti opinberlega: „Samningur um brottflutning hers af Íslandi". Rökin voru þessi: Eini möguleikinn til þess að losna við herinn af Íslandi, af því að Bandaríkjamenn vilja ekki fara, standa við sinn samning, er að ganga inn á þennan Keflavíkursamning. — M. ö. o.: hótunin, sem lá fyrir, var þessi: Keflavíkurflugvöllur verður hersetinn af einkennisklæddum her áfram í trássi við Íslendinga, svo framarlega sem ekki verður gengið inn á þennan Keflavíkursamning. Þannig var Keflavíkursamningurinn knúinn fram með ofbeldi, og rétt áður en hann rennur út, þegar hann var að verða fimm ára, þá er settur hnífurinn á hálsinn á ríkisstj. einu sinni enn. Atlantshafssamningurinn hafði verið gerður undir þeirri yfirlýsingu, að það kæmi ekki til greina, að hér yrðu herstöðvar á friðartímum, alveg sérstaklega yfir lýst, ekki bara af þeim, sem gerðu hann af Íslands hálfu, heldur

líka af þeirra hálfu, sem gerðu hann af Bandaríkjanna hálfu. En 1951 er sagt: Nú verðum við að fá herstöðvar tafarlaust, — og knúið fram. Og fyrir okkur, sem höfum þessa reynslu raunverulega nú í rúm 20 ár af afskiptum ameríska auðvaldsins af Íslandi, harðfylgi þess í því að afla sér herstöðva hér, hvernig það svífst einskis, hvorki blekkinga, svika né ofbeldis, til þess að koma þessum málum fram, — fyrir okkur, sem þekkjum þessa sögu, er alveg greinilegt, hvaða afl það er í heiminum, sem er hið ágenga afl og stríðshættan fyrst og fremst stafar nú af.

Þess vegna væri það vafalaust líka gagnvart ameríska auðvaldinu pólitískt og sálfræðilega rétt fyrir Ísland að láta Bandaríkin vita það, að við hefðum þegar tekið þátt nógu lengi í þessum ljóta leik þeirra, við vildum reyna að tryggja líf okkar, þegna okkar þjóðar, með því að losa okkur við herstöðvar, losa okkur úr hernaðarbandalagi og eyðileggja hér alla flugvelli, sem hér gætu orðið hættulegir eða gagnlegir öðrum hvorum aðilanum, ef til styrjaldar kæmi.

Það er gefið, að ef við eigum að fara að ræða svona mál, eins og almannavarnir á Íslandi í kjarnorkustyrjöld, þá koma öll þessi mál okkar til umræðu, og það verður nauðsynlegt fyrir okkur að athuga allan okkar gang í þessum málum, ef það er skoðun hæstv. ríkisstj., að það liggi svona mikið á, með hliðsjón þó af því valdi, sem hún þegar hefur með lögum frá 1941 og breytingum á þeim lögum síðar, að knýja þetta frv. um almannavarnir í gegnum þingið. Ég er dálítið hræddur um það, að ef svona frv. er samþykkt, þá yrðu máske ýmsir til þess að reyna að hagnýta það til þess, sem kannske mundi vera kallað nú á tímum sálfræðilegur hernaður, hagnýta það til þess að fara hér í einhverja herferð óttans og reyna að skapa hjá almenningi þær hugmyndir, að styrjöld væri yfirvofandi og hér yrði að gera ráðstafanir. Ég held því, að áður en við förum að láta ræða slíkt hjá almenningi, áður en við förum að láta blöðin skrifa um þess háttar, — og við vitum, hvers konar áhrif það hefur á ekki sízt konur og börn, þegar farið er að skrifa mikið og gera ráðstafanir í slíkum málum, — þá ættum við sjálfir að koma okkur niður á það hér á Alþingi, hvort við álítum þessa hættu svona yfirvofandi og hvort það séu ekki ýmsar aðrar skynsamlegri ráðstafanir, sem nær liggja, sem við ættum að gera fyrst, áður en við förum út í að reyna að búa Ísland út í kjarnorkustyrjöld með þær varnir, sem kynnu að vera í henni, eins og hér var talað um áðan og eins og ég hef áður getið um. Ef við ættum ekki að gera það, þá er ég hræddur um, að þetta frv. væri ákaflega ófullnægjandi.

Ég held þess vegna, að það sé misráðið að leggja mikla áherzlu á að fá þetta frv. í gegnum Alþingi núna. Ég veit að vísu, að þetta frv. getur orðið til þess að koma af stað alls konar sálfræðilegum hernaði, og það gerir líka ákaflega mikið að því að auka það vald, sem þó ríkisstj. hefur allmikið fyrir í núverandi lögum, en án þess samt að gera nokkrar verulega skynsamlegar ráðstafanir, sem væru miðaðar við kjarnorkuhernað. Ég held þess vegna, að ef við eigum að reyna að sameinast um þá alvöru, sem er í þessu máli, þá beri okkur í fyrsta lagi að gera allar þær ráðstafanir, sem hugsanlegar eru, til að firra þjóðina hættu í kjarnorkustyrjöld, og þar er númer eitt að losa okkur við herstöðvar og úr hernaðarbandalögum, en í öðru lagi að reyna að koma á sameiginlegu átaki þjóðarinnar — allra flokka og allra stétta — um að hjálpast að, ef svo voðalega skyldi fara, að Ísland þrátt fyrir allt, sem það annars hefði gert til þess að hindra, að það drægist inn í kjarnorkustyrjöld, drægist inn í þá miklu ógæfu. Ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar, frá því að okkar land fór að dragast inn í þessar miklu deilur á milli stórvelda í heiminum í síðustu styrjöld, að það væri aðeins eitt stórt verkefni, sem hver ríkisstj. á Íslandi hefði í þeim efnum. Það væri ekki að skipa Íslandi einhvers staðar í flokk eða fylkingu hernaðarbandalaga eða slíkt til þess að leggja þess lóð á vogarskálina í átökum í stríði, heldur ætti aðeins eitt stórt verkefni, sem hver ríkisstj. á Íslandi hefði í þeim efnum. Það væri ekki að skipa Íslandi einhvers staðar í flokk eða fylkingu hernaðarbandalaga eða slíkt til þess að leggja þess lóð á vogarskálina í átökum í stríði, heldur ætti aðeins eitt stórt verkefni, sem hver ríkisstj., verkefni íslenzkra yfirvalda, og það væri að grípa til allra þeirra ráðstafana, sem hugsanlegar væru til þess að reyna að láta þjóðina lifa af. Það þykir vafalaust ekki hetjulegt takmark, en það er eina verkefnið, sem við, sem kjörnir höfum verið til þess að reyna að vera forsjá þjóðarinnar á erfiðum tímum, eigum að skoða sem okkar skyldu að vinna að.

Lúðvík Jósefsson: Hæstv. forseti. Þegar frv. það var lagt hér fram á Alþingi, sem hér er nú til 2. umr., kom mér ekki til hugar, að það væri ætlun hæstv. ríkisstj., að þetta frv. yrði afgr. á þessu þingi. Hvort tveggja var, að frv. kom seint fram á þinginu og mörg mál lágu orðið fyrir Alþingi, sem telja mátti nokkurn veginn víst, að ríkisstj. legði áherzlu á að fá afgreidd, en hins vegar nokkurn veginn gefið mál, að þingtíminn mundi verða takmarkaður að þessu sinni. Bæjarstjórnarkosningar eiga að vera, eins og öllum er kunnugt, eða sveitarstjórnarkosningar 27. maí, og ég hygg, að framboðsfrestur til þeirra kosninga sé útrunninn í kringum 24. eða 25. apríl, eða sem sagt rétt upp úr páskum. Það hefur verið föst venja hér á Alþingi um langan tíma að hafa ekki þingfundi hér á hv. Alþingi, eftir að kosningabarátta er almennt byrjuð til sveitarstjórnarkosninga, og ég taldi allar líkur benda til þess, að svo yrði nú eins að þessu sinni, enda er það kunnugt, að hæstv. ríkisstj. miðar að því að ljúka þingstörfum að þessu sinni fyrir páska. Það gefur því alveg auga leið, að það verður að vinna með býsna einkennilegum hætti að afgreiðslu mála hér á Alþingi nú, ef tök eiga að vera á því að ljúka öllum þeim stórmálum, sem hæstv. ríkisstj. og hv. þm. úr stjórnarliðinu hafa lagt hér fram til afgreiðslu, á þessum knappa tíma, sem fyrirsjáanlega er til starfa fyrir Alþingi. Og þetta viðamikla frv., sem hér liggur fyrir, það er auðvitað ómögulegt að ætlast til þess, að það verði afgreitt hér á Alþingi án allmikilla umr., svo yfirgripsmikið sem það er og svo stórkostleg breyting sem felst í þessu frv. frá því, sem við höfum þekkt í okkar löggjöf allt fram til þessa. Þá er þess einnig að gæta, að þetta frv. grípur stór-

kostlega inn í meðferð sveitarstjórnarmálefna almennt séð. Það leggur á sveitarstjórnirnar í landinu margs konar skyldur og miklar byrðar, en sveitarstjórnarmenn hafa enga aðstöðu haft til þess að kynna sér efni frv. og segja álit sitt á því til Alþingis. Ég tel því fyrir mitt leyti, að það sé hvort tveggja mjög óeðlilegt að afgreiða þetta mál á þessu þingi, eins og það ber hér að, og auk þess algera móðgun við allar sveitarstjórnir á Íslandi af hæstv. ríkisstj. að fara fram á það, að málið verði afgr., án þess að sveitarstjórnarmenn fái að kynna sér efni þess.

Ég efast ekkert um það, að hæstv. ríkisstj., sem hefur undirbúið þetta mál, viðurkenni, að með þessari væntanlegu löggjöf er verið að leggja margvíslegar skyldur á herðar sveitarstjórnarmanna í landinu. Það er verið að gera ráð fyrir margvíslegum framkvæmdum á þeirra vegum og stórauknum kostnaði fyrir sveitarfélögin í landinu. Er nú réttmætt að setja lög um slíkt efni án þess að hafa samráð við forustumenn sveitarfélaganna? Maður hlýtur auðvitað að spyrja, þegar svona er staðið að málum: Hver ósköpin hafa gerzt? Hvað liggur á bak við það, að það virðist vera lífsnauðsyn að knýja þetta frv. fram hér á Alþingi með þessum hætti nú á seinustu dögum þingsins? Veit hæstv. ríkisstj. eitthvað meira en almenningur almennt í landinu um einhverja nýja, óvænta hernaðarhættu, sem er nú aðsteðjandi, og af því þurfi hér að setja allt í gang með þessum skyndingi? Það er ómögulegt annað en hæstv. ríkisstj., sé henni full alvara að reyna að knýja þetta mál fram hér á þeim skamma starfstíma þingsins, sem nú er eftir, þá verður hún að gera grein fyrir því hér á Alþingi, svo að fullnægjandi sé, hvað það er, sem knýr á um það, að málið verði einmitt afgreitt nú, hvaða ástæður liggja til þess.

Það er á það minnzt, að nú næstu daga muni byrja hér í Reykjavík þing sveitarstjórnarmanna, þar sem örfáir fulltrúar frá sveitarfélögunum koma saman, og eigi að kasta þessu frv. á þennan skyndifund þeirra og sýna þeim þar málið og það verði að vera þeim nóg. En vitanlega er allt slíkt hrein málamyndaafsökun. Þar eru aðeins til staðar á stuttum fundi örfáir fulltrúar frá sveitarfélögunum, og langflest sveitarfélögin í landinu eiga þar auðvitað enga fulltrúa og geta ekki látið sína skoðun koma þar fram um það, hvaða breytingar þau teldu æskilegt að gera á frv., eins og það liggur hér fyrir.

Ég hefði því talið langeðlilegast, að hæstv. ríkisstj. hefði sætt sig við það, eftir að hún hefur lagt þetta frv. fram hér og rætt það við 1. umr., að þá yrði málið látið liggja, eins og mörg dæmi eru til um hliðstæð stórmál, og að almenningur í landinu almennt fengi þá nokkurt tóm til þess að kynna sér efni málsins, og þeir, sem framkvæmd þessara almannavarna á að hvíla svo mjög á, eins og forustumenn sveitarfélaganna, fái þá tækifæri til þess að láta uppi sínar skoðanir á öllu þessu skipulagi, og síðan verði málið tekið upp aftur á næsta hausti og þá verði frv. lögtekið, ef meiri hl. Alþingis sýnist ástæða vera til þess.

Ég tel, að í þessu frv. séu ákvæði, sem veita einum ráðh. meira vald en dæmi eru til um í íslenzkri löggjöf áður. Mér sýnist, að dómsmrh., sem á að vera yfirmaður þessara svonefndu almannavarna, fái hér svo til einræðisvald um ákvarðanir í þessum efnum. Ég sé ekki annað en þýðingarmikil ákvæði í frv. jafngildi svo til reglum um almenna herskyldu eða a. m. k. reglum, sem almennt gilda, þar sem lýst er yfir hernaðarástandi. Ef hæstv. dómsmrh. lýsir því yfir, að það sé hættutímabil, það séu hættutímar, þá má grípa til ákvæða þessa frv. og leggja á hina ýmsu aðila þær skyldur, sem þar eru tilgreindar. Og hvenær eru svo hættutímar? Ég veit ekki betur en því hafi verið haldið hér fram og þá alveg sérstaklega af talsmönnum hæstv. ríkisstj., að nú um nærfellt tíu ára skeið hafi verið hættutímar hér á Íslandi og vegna þess að það hafi verið hættutímar, þá hafi verið nauðsynlegt fyrir okkur að hafa erlendan her í landinu, svonefnt varnarlið, til þess að verja þjóðina fyrir yfirvofandi hættu. Við munum eftir því, að þegar hinn svonefndi herverndarsamningur var gerður við Bandaríkin árið 1951, var því sérstaklega lýst yfir, að stjórnarvöld landsins hefðu kynnt sér það, að hinir sérfróðustu menn í hernaðarmálum teldu vera slíkt hættuástand, að það væri ekki verjandi að hafa Ísland óvarið, hér þyrfti að vera her í landinu.

Samkvæmt þessu frv. fær ríkisstj., eða hæstv. dómsmrh., og sá yfirforingi, sem skipa á samkv. þessu frv., eða yfirmaður þessara almannavarna, vald til þess að kalla hina almennu borgara til ýmiss konar starfa og ýmiss konar athafna, og það er borgaraleg skylda að hlýða þar kalli. Hér er rætt um að þjálfa lið og halda uppi margs konar æfingum. Það er rætt um það að gera vissum aðilum í landinu skylt að byggja hús sín með sérstökum hætti, þannig að sérstök öryggisaðstaða sé í þessum húsum. Bæjar- og sveitarfélögum er hægt að gera að skyldu að koma upp ákveðnum varasjúkrahúsum, fjarskiptakerfi, aðvörunarkerfi. Það er hægt að gefa út ákveðnar fyrirskipanir um ferðir manna og banna mönnum t. d. að fara út úr lögsagnarumdæminu eða skipa þeim að halda sér á tilteknum stöðum, eftir því sem fyrir er mælt. Og eins og ég sagði, það er hægt að kalla menn til æfinga og þjálfunar, og verða menn að hlýða þeim reglum, sem settar eru af þeim valdamiklu mönnum, sem verða skv. þessu frv. Það er því enginn vafi á því, að ef dómsmrh. og yfirmaður almannavarna telja, að ástæða sé til að grípa til sérstakra ráðstafana, þá fá þeir skv. þessu frv. meira vald, eins og ég sagði, heldur en við höfum þekkt í okkar löggjöf áður.

Það er mín skoðun, að slíkt sem þetta eigi ekki að lögbinda hér hjá okkur jafnundirbúningslítið og gert yrði, ef þetta frv. yrði gert að lögum nú. Ég álít, að þessi ákvæði öll eigi að íhugast miklu betur, það eigi hér fleiri aðilar um að fjalla og slík almenn ákvæði, eins og er að finna í þessu frv., eigi þar ekki að vera eða a. m. k. ekki eins víðtæk og þarna er um að ræða, nema þá komið sé algert neyðarástand og stríð beinlínis skollið á. Það er alveg augljóst mál, að það væri hægt að notfæra sér þessi ákvæði, og allar líkur eru auðvitað til, að þau mundu verða notuð þannig, að farið yrði að eyða miklum fjármunum í hvers kyns undirbúning skv. þessum lögum og að farið yrði að þjálfa fjölda

manns til starfa, sem langalgengast er í öllum löndum að séu á vegum þeirra, sem eru í beinni herskyldu, enda kemur það fram í grg. frv., að það er beinlínis sagt, að víða erlendis sé einmitt um það að ræða, að þeir, sem séu þar í herskyldu, séu á herskyldutímanum látnir þjálfast í því, sem gert er ráð fyrir að hægt sé að kalla hinn almenna borgara hér á Íslandi til að þjálfa í samkv. þessu frv.

Það er því ekki nema eðlilegt, að um það sé spurt, hvernig standi á öllu þessu umstangi, hvaða ástæður liggja til þess, að það þarf einmitt að reka í gegn lög um þetta efni nú í lok þingsins og að lítt athuguðu máli og hleypa af stað öllum þessum undirbúningi nú í skyndi. Hvaða ástæður liggja til þessa? Er eitthvað á seyði í þessum málum? Stendur eitthvað nýtt til í hermálunum hér á Íslandi? Veit ríkisstj. eitthvað sérstakt? Eða er kannske ætlunin með þessum ráðstöfunum að magna ótta meðal landsmanna, æsa upp, skapa skelfingu og undirbúa á þann hátt jarðveginn að einhvers konar nýju hernámi eða einhvers konar nýjum framkvæmdum á vegum hernaðaryfirvalda í þessu landi?

Það fer ekki hjá því, að þegar þessi mál eru rædd, komi mönnum í hug, hvernig þessi mál almennt séð hefur borið að hér hjá okkur á undanförnum árum.

Þegar fyrstu lögin varðandi nokkuð hliðstæðar varnir þessum voru sett hér, en það voru loftvarnalögin frá 2. ágúst 1940, sem þá voru sett með brbl., þá voru þau lög sett vegna þess, að þá var ríkjandi hernaðarástand í Evrópu og við höfðum orðið fyllilega varir við þann hernað hér í okkar landi, og þá þótti orðið ástæða til þess að setja sérstök lög um loftvarnir. Þá var sem sagt stríðshættan alveg á næsta leiti. Það var sannarlega ekki ástæðulaust, að þá voru sett lög um þetta og gerðar þær litlu undirbúningsráðstafanir, sem þá voru gerðar í miðri styrjöld.

Í næsta skiptið, þegar veruleg breyting var gerð á lögum um þessi efni, en það var árið 1951, þá var loftvarnanefnd Reykjavíkur sett á fót og byrjaðar ýmsar framkvæmdir á hennar vegum, þá stóð líka mikið til í þessum efnum. Þá var einmitt verið að gera herverndarsamninginn við Bandaríkin, og þá var verið að senda her til Íslands. Það er skiljanlegt, að þegar mikið herbrauk er á ferðinni, þurfi gjarnan að fylgja á eftir einhver löggjöf eða einhverjar reglur varðandi allt braukið.

Nú er lagt fram frv. að miklum lagabálki um almannavarnir og um víðtækara og meira vald dómsmrh. til handa og yfirmanni almannavarna en við höfum þekkt áður í okkar löggjöf, og þá hlýtur maður að spyrja: Hvað stendur nú til? Er nú eitthvað nýtt á ferðinni varðandi hermálin hér á Íslandi? Eru kannske einhverjir nýir aðilar að óska eftir því að senda hingað her til landsins? Er kannske eitthvað til í því, að Vestur-Þjóðverjar séu að leita eftir því að fá herbækistöðvar fyrir her sinn hér á Íslandi? Þykir þá þurfa að gera hér eitthvað meira í þessum málum? Við vitum það, að Vestur-Þjóðverjar hafa að undanförnu leitað eftir því hjá mörgum Atlantshafsbandalagsríkjum að fá slíkar æfingastöðvar. Þeir hafa talið sig búa svo þröngt í sínu landi, að þeir þyrftu að fá að athafna sig í löndum annarra þjóða. Þannig hafa þeir fengið nokkra aðstöðu til heræfinga á sjálfu Bretlandi. Þeir hafa einnig fengið sérstaka aðstöðu í Portúgal. Og við vitum, að þeir hafa verið að teygja sig eftir aukinni aðstöðu í hernaðarmálum, bæði til Danmerkur og eins til Noregs. Það hefur verið uppi orðrómur um, að þeir hefðu augastað á æfingasvæðum einmitt hér á landi.

Eins og ég sagði, er ekki nema von, þegar hæstv. ríkisstj. heldur því fram, að það beri brýna nauðsyn til að reka í gegnum þingið lagasetningu sem þessa að óundirbúnu máli, þó að mönnum komi þá til hugar að fenginni reynslu, að nú standi eitthvað mikið til í þessum hermálum. Er kannske eitthvað að gerast í því, að þeir, sem hafa hér herstöðvar í landinu, vilji fá stöðvar á fleiri stöðum? Eru þeir kannske að gera kröfu um að fá að hafa hér eldflaugastöðvar, koma hér upp kafbátalægi? Á sem sagt að auka á stríðshættuna í okkar landi enn til muna frá því, sem er? Er ástæðan sú til þess, að ríkisstj. telur nauðsynlegt að fá þetta frv. lögfest á þessu þingi?

Það þarf ekki að segja mér það, að hæstv. ríkisstj. gæti ekki hæglega beðið með það að fá þetta frv. lögfest þangað til á næsta hausti, ef ekkert annað er að gerast í þessum málum öllum en það, sem þjóðin almennt veit. Það er ekkert, sem bendir til þess, að hættan sé út af fyrir sig meiri nú fyrir okkar þjóð heldur en hún var fyrir t. d. hálfu ári, eða það sé meiri hætta en hefur verið nú um langan tíma fyrir okkur að búa við það kerfi, sem við höfum búið við, nú næstu fimm eða sex mánuði. Ég held sem sagt, að hæstv. ríkisstj. verði að gefa á því einhverja nýja skýringu til viðbótar við það, sem fram hefur komið, hvað það raunverulega er, sem knýr á eftir henni um að vilja fá þetta frv. lögfest nú.

Ég fyrir mitt leyti tel ekkert athugavert við það, að löggjöf sé sett um það efni, sem þetta frv. fjallar um. Það má vel vera, að það sé ástæða til þess að skipa ýmsum málum varðandi öryggismál þjóðarinnar á annan veg í beinni lagasetningu en nú er gert, út frá því hættuástandi, sem við öll vitum að er í okkar landi vegna þeirrar ógæfu, sem hefur verið yfir okkur leidd með því að hafa herstöð í landinu. En ég sé ekki, að nein ákvæði séu í þessu frv., sem séu líkleg til þess að draga úr þeirri hættu, sem er af herstöðinni í Keflavík, og sé því ekki, að það sé nein nauðsyn á að samþ. frv. nú að þessu sinni af þeim ástæðum.

Það er auðvitað ekkert um það að villast, að ástæðan til þess, að um það er rætt, að það sé hættuástand í okkar landi af völdum hernaðar, er sú, að við höfum lánað erlendri þjóð hluta af okkar landi undir herstöð. Það er auðvitað enginn vafi á því, að ef enginn erlendur her væri á Íslandi nú og hér væri engin herstöð, þá væri engin teljandi hætta af hernaðarvöldum hér fyrir íslenzku þjóðina. Okkar land liggur ekki þannig, að það séu neinar líkur til þess, að þeir aðilar, sem líklegast væri að kynnu að eigast við

í væntanlegri styrjöld, færu að eyða sprengjum sínum eða flugskeytum á okkar fámenna land, ef hér væru engar herstöðvar og ef hér væri enginn erlendur her. Til þess eru engar líkur. Hættan, sem rætt er um, stafar því öll af því, að við höfum erlendan her í landinu, að við höfum hér herstöð, sem vitanlega getur orðið sóknarstöð fyrir annan aðilann, og þá auðvitað um leið kemur sú hætta, að hinn aðilinn vilji eyðileggja slíka sóknarstöð. Ég er því á þeirri skoðun, að þegar rætt er um almannavarnir og ráðstafanir til að koma í veg fyrir tjón og aðrar hættur af hernaðarvöldum, þá ætti alveg skilyrðislaust að taka inn ákvæði einmitt í 1. gr. slíkrar lagasetningar um það, að engin herstöð skuli vera í landinu og sá erlendi her, sem er í landinu, skuli víkja þaðan, og jafnframt ætti að lýsa yfir hlutleysi landsins í öllum hernaðarátökum. Slík ákvörðun mundi meir og betur en allt annað, sem er í þessu frv., bægja frá landsmönnum hernaðarlegri hættu og það væri því sjálfsagðasta ráðstöfunin af öllum, sem hugsanlegar eru. En ákvæði um slíkt finnast nú auðvitað ekki í þessu frv., og hefur ekki margt komið fram frá hæstv. ríkisstj., sem bendir til þess, að hún sé á þeim buxunum að gera ráðstafanir til þess að fjarlægja herinn úr landinu og leggja niður herstöðina og minnka þannig þær hættur, sem þjóðin býr við vegna þess ástands, sem er nú í þessum málum í okkar landi.

Ég veit, að hæstv. ríkisstj. segir, að það sé ekkert öryggi í því að friðlýsa landið og lýsa yfir hlutleysi, hlutleysi tryggi ekki varnir neins. En það mætti hæstv. ríkisstj. samt hugleiða, að þær þjóðir eru æði margar í veröldinni, sem telja einmitt hagsmunum sínum bezt borgið á þann hátt að lýsa yfir hlutleysi sínu í öllum hernaðarátökum stórveldanna. Við yrðum ekki þar einir. Þar er um fjöldamargar þjóðir að ræða, og nú er svo komið, að þær þjóðir einmitt, sem hafa lýst yfir hlutleysi í átökum stórveldanna, eru langfjölmennasti hópurinn af þjóðahópunum í heiminum. Við vitum, að Svíþjóð hefur skipað sér sess meðal þeirra þjóða, hinna hlutlausu þjóða, Finnland hefur gert það, Austurríki, Sviss og Júgóslavía, svo að nokkur af Evrópulöndunum séu talin, — land eins og Indland og fjölmargar þjóðir í Afríku og víða annars staðar í heiminum. Við Íslendingar stæðum því sannarlega ekki einir, þó að við skipuðum okkur í hóp hlutlausu þjóðanna, og það er enginn vafi, að það væri okkur meiri vörn en allt það kerfi, sem hæstv. ríkisstj. hugsar sér að byggja upp skv. þessu frv.

Ég held, að það sé kominn tími til þess, að hæstv. ríkisstj. leiði hugann að því, hve óheillavænleg sú þróun hefur verið fyrir okkur, sem dregið hefur okkur meira og meira inn í eina hernaðarblokkina í heiminum. Við vitum, að sú þróun hefur gerzt þannig, að í upphafi var um það talað, að við mundum ekki verða miklir stríðsaðilar, við mundum allan tímann halda okkur utan við átökin og værum nánast hlutlausir þrátt fyrir allt, enda mundi hér ekki verða neinn erlendur her á friðartímum og við ekki taka á einn eða neinn hátt þátt í neinum herkostnaði. Við munum það, að það var árið 1945, sem Bandaríki N.-Ameríku fóru þess á leit við ríkisstj. Íslands og Alþ. að fá herstöðvar til 99 ára hér á landi, og þá var hér full samstaða um það að vísa frá slíkri beiðni og synja henni. En strax á næsta ári, 1946, var herstöðvasamningurinn, Keflavíkursamningurinn, gerður, og hann var þá gerður undir því kjörorði, að við værum að losna við úr okkar landi þann erlenda her, sem þá hafði verið í landinu um skeið. Því var haldið fram, að Keflavíkurstöðin ætti í rauninni ekki að vera nein herstöð, heldur væri hér um allmikinn greiða að ræða við Bandaríkin, þar sem þau þyrftu nauðsynlega á slíkri millistöð að halda fyrir sig vegna nauðsynlegra flutninga frá Bandaríkjunum til Evrópu, þar sem Bandaríkin höfðu nokkurn her. Á þessu voru gefnar allýtarlegar skýringar, á nauðsyn þess fyrir bandarískar flutningaflugvélar að hafa þessa millistöð og að hér væri því ekki fyrst og fremst um herstöð að ræða, heldur beinlínis um aðstöðu þeim til handa, sem höfðu þó verið hér á stríðstímanum og við höfðum á ýmsan hátt átt góð skipti við, — hér væri aðeins um það að ræða að veita Bandaríkjunum þessa aðstöðu, sem þeim væri nauðsynleg vegna hersetu sinnar í Vestur-Evrópu. En þetta auðvitað breyttist allt saman. Það kom í ljós, að Bandaríkin voru á þennan hátt að seilast hér eftir hernaðaraðstöðu, sem var fyrir miklu meira en þessa milliflutninga þeirra. Þau voru þarna að reyna að ná því, sem þau höfðu beðið um með skýrum orðum árið áður, þar sem þau vildu fá tiltekin svæði á Íslandi sem herstöðvar, en þau fengu Keflavíkurstöðina með samningnum 1946 meira og minna undir fölskum forsendum. Og þá var það svo, að stjórnmálamenn hér á Íslandi, þeir sem þó stóðu að gerð Keflavíkursamningsins, vildu ekki við það kannast, að þeir væru með þessu á neinn hátt að dragast sem aðilar inn í hernaðarleg átök eða skipa sér í vígstöðu þeirra aðila, sem líklegastir voru til þess að deila með vopnum. En auðvitað var þessi samningur upphaf að því að flækja Íslandi inn í átök stórveldanna.

Svo munum við, hvað gerðist aftur árið 1949, þegar Ísland gekk í Atlantshafsbandalagið. Þá hét þetta enn þá svo, að þó að við værum að ganga þarna greinilega í hernaðarbandalag annars aðilans og auka þannig allt hættuástand hjá okkur, þá var því hátíðlega lýst yfir, að þó að við gengjum í þetta bandalag, skyldi það ekki leiða til þess, að erlendur her yrði á Íslandi á friðartímum. Um þetta voru gefnar hátíðlegar yfirlýsingar, sem standa þannig, að frá þeim verður ekki hlaupið. Þær voru gefnar alveg óumdeilanlega, þó að frá þeim hafi verið hlaupið í reynd og þau loforð hafi að engu orðið.

Það var líka mikið gert úr því þá, að með inngöngu Íslands í Atlantshafsbandalagið værum við ekki á neinn hátt að ganga inn í hernaðarbandalag, Ísland væri jafnfriðelskandi land og það hafði verið áður og það vildi ekki á nokkurn hátt skipa sér í sveitir hinna stríðandi aðila. En auðvitað var þessu öðruvísi farið. Þeir erlendu aðilar, sem þá réðu mestu um það, hvað íslenzk stjórnarvöld gerðu, vissu mætavel, hvað var verið að undirbúa, að hverju var verið að leggja grundvöll, og þeir hafa notfært sér það síðan alveg miskunnarlaust.

Eftir að þetta allt var gert, virtist það vera svo, að íslenzk stjórnarvöld dönsuðu meira og minna nauðug eða a. m. k. ýmsir aðilar þar, eða á þann

hátt, að þeir fengu ekki við neitt ráðið. Þeir urðu að standa frammi fyrir því, að hátíðleg loforð þeirra voru að engu gerð, og grundvellinum hafði raunverulega verið kippt undan þeim samningum, sem þeir gerðu.

Það leið ekki nema stuttur tími, eins og við öll vitum, frá því að Ísland gekk í Atlantshafsbandalagið og yfirlýsing var gefin um, að það skyldi enginn her vera á Íslandi á friðartímum, þangað til á það var knúið, að erlendur her á vegum Atlantshafsbandalagsins kæmi til landsins. Það var 5. maí 1951, sem svo varð. Auðvitað var með þessu öllu verið að stórauka á hernaðarlega áhættu fyrir íbúa landsins. Og eins og ég minntist á áður, leiddi þetta til þess, að þá þótti nauðsynlegt að aðhafast hér meira í hervarnarmálum eða þeim málum, sem nú eru kölluð almannavarnir. Þá þótti nauðsynlegt að gera ýmsar viðbótarráðstafanir frá því, sem áður hafði verið, vegna þess að menn viðurkenndu með því, að hernaðarhættan færi vaxandi, um leið og við drógumst lengra og lengra inn í aðra hernaðarblokkina. Auðvitað þýðir heldur ekkert að neita því, að þar sem her annars aðilans er fyrir, þar er meiri hætta en þar, sem enginn her er fyrir. Það gefur alveg auga leið, að það eru miklu meiri líkur til þess. **(Forseti:** Ég vil benda hv. ræðumanni á, að ætlunin var að fresta fundi nú kl. 7, þannig að ef hann telur sig þurfa meira en örfáar mínútur til að ljúka máli sínu, þá vil ég biðja hann að gera svo vel að gera hlé á ræðu sinni.) Já, hæstv. forseti. Ég á eftir talsvert af minni ræðu enn, svo að ég vildi þá gera hlé á minni ræðu. [Frh.]

Umr. frestað.

Á 83. og 84. fundi í Nd., 4. og 5. apríl, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 85. fundi í Nd., 6. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 370, n. 546, 593 og 643, 406, 644).

Lúðvík Jósefsson [frh.]: Hæstv. forseti. Ég hafði í fyrri hluta ræðu minnar um þetta mál lýst því yfir, að ég teldi, að eðlilegast væri, að mál þetta yrði ekki afgreitt á þessu þingi. Hvort tveggja væri, að efni frv. væri svo viðamikið og margþætt og snerti svo marga aðila í landinu, m. a. varðandi framkvæmd á efni frv., og eins hitt, að ég hef ekki komið auga á, að brýna nauðsyn beri til þess að lögfesta frv. nú á þessu þingi, en teldi hins vegar eðlilegt, að frv. gæti nú farið til þeirra aðila, sem eiga verulegan þátt í framkvæmd málsins, eins og til sveitarstjórnarmanna, til athugunar og umsagnar, og síðan yrði hægt að taka þetta mál fyrir aftur á næsta þingi og lögfesta það þá í þeim búningi, sem Alþingi vildi fallast á. Það er skoðun mín, að það sé í mesta máta óeðlilegt að lögfesta ákvæði, sem mjög varða rekstur og gang sveitarstjórnarmálefna, án þess að gefa sveitarstjórnarmönnum almennt kost á því að segja álit sitt á slíkri löggjöf, og a. m. k. eigi ekki slíkt að gera í þeim tilfellum, þar sem auðvelt ætti að vera að hafa annan hátt á um framkvæmdina. En á því leikur auðvitað enginn vafi, að samkv. þessu frv., ef að lögum yrði, eru margvíslegar kvaðir og allmikil útgjöld lögð á sveitarstjórnirnar í landinu, þeim ætluð margvísleg og mikil verkefni, sem hljóta að vera kostnaðarsöm í ýmsum greinum. En ég sé ekki, að neinar ástæður hafi komið fram því til rökstuðnings, að brýna nauðsyn beri til þess að rasa að þessari lagasetningu.

Eins og ég hafði sagt hér áður, er ekki nema gott um það að segja — og geta eflaust allir verið sammála um það — að hafa í gildi nauðsynleg lagaákvæði, til þess að hægt sé að draga úr hættum, bæði af hernaðarvöldum og öðrum þeim hættum, sem steðja að íbúum landsins, og ég ætla líka, að það séu ákvæði til í okkar lögum, sem grípa til þess, sem er nauðsynlegast í þeim efnum, þó að jafnvíðtækar heimildir og stórkostlegur undirbúningur og ráð er gert fyrir í þessu frv. sé ekki lögtekinn nú í skyndi.

Það er auðvitað enginn vafi á því, eins og ég hef minnzt á í fyrri hluta minnar ræðu, að ástæðan til þess, að hæstv. ríkisstj. flytur nú þetta frv. og óskar eftir þessum víðtæku heimildum varðandi almannavarnir, er sú, að búið er að draga okkur Íslendinga lengra inn á hættusvæðið í hugsanlegum hernaðarátökum stórveldanna en forustumönnum landsins þykir nú góðu hófi gegna. Það er sem sagt farinn að koma upp viss ótti í sambandi við þá stöðu, sem orðin er hér í okkar landi. Ég hafði rakið nokkuð þróun þessara mála og hvernig stefnt hefur í þá átt, að við drægjumst lengra og lengra inn á þetta hættusvæði, að við yrðum meira og meira bendlaðir við annan aðilann, þeirra, sem mest hætta er nú á að kunni að takast á í styrjöld. Það er auðvitað enginn vafi á því, að hæstv. ríkisstj. sér, að afleiðingarnar af þessari þróun eru þær, að yfir okkur vofir nú orðið meiri hætta en áður var af hugsanlegum hernaðarátökum. Það var látið í það skína, þegar Ísland gekk í Norður-Atlantshafsbandalagið og eins þegar ameríski herinn kom hingað til landsins, að þessar ráðstafanir væru gerðar eingöngu Íslandi til varnar. Í þessum efnum var rætt um varnarlið og talað um varnarsamning. En nú hins vegar er svo komið, að það er opinberlega játað af þeim, sem auðvitað ráða ferðinni í þessum málum, en það eru forustumenn Bandaríkjanna, að Ísland sé hinn þýðingarmikli varnarhlekkur í varnarkeðju Bandaríkjanna. Þessir aðilar draga auðvitað enga dul orðið á það, að þeir líta á Ísland sem herstöð sína og — eins og þeir orða það — sem einn varnarhlekkinn í sinni varnarkeðju. En þeir líta ekki fyrst og fremst á herstöðina á Keflavíkurflugvelli og herlið sitt hér á Íslandi sem nauðsynlegar varnir fyrir hið fámenna Ísland. Hitt gefur svo aftur auga leið, að þegar svo er komið, að einn af voldugustu hernaðarbandalögunum í heiminum á orðið þýðingarmikla herstöð hér á Íslandi og telur þá herstöð fyrir sig mjög mikilvæga, þá er vitanlega hætt við því, að hinn aðilinn líti á það sem þýðingarmikið atriði fyrir sig að eyðileggja slíka herstöð, og þá er sem sagt staða okkar orðin sú, að við erum að nálgast þar meir og meir skotmarkið. Hættan er sú, að það kunni að verða barizt um okkar land og þá sérstaklega um þann hluta landsins, þar sem herstöðin er sett. Á því er auðvitað enginn vafi, að þessi staða öll hefur verið að leiða yfir okkur meiri og meiri hættu.

Hitt er svo annað mál, hvort leiðin út úr þessari hættu er sú, að hin fámenna íslenzka þjóð

eigi nú að fara að hefjast handa um að byggja sér sprengjuheld byrgi um allar jarðir eða gera aðrar ráðstafanir hernaðarlegs eðlis, eins og að koma upp varasjúkrahúsum hér og þar, eins og rætt er um í þessu frv., þjálfa fjölda fólks með mikilli æfingastarfsemi til að vera viðbúið hernaðarlegri árás og beinum hernaði. Ég hygg, að það muni reynast svo fyrir okkar þjóð, að það verði æði erfitt fyrir hana að ætla að gera nokkrar þær ráðstafanir á þessu sviði og í þessa átt, sem hinar stærri þjóðir gera og kunna að koma þeim að einhverju gagni, að það muni verða nokkuð erfitt okkar fámennu þjóð að gera ráðstafanir á þessu sviði, sem að nokkru gagni megi koma fyrir okkur, svo kostnaðarsamar sem þær hljóta að verða.

Ég er hins vegar á þeirri skoðun, að það, sem okkur beri að gera í þessum efnum, þegar við höfum almennt komið auga á þessa hættu, sem er því samfara að sogast inn á hættusvæðið í deilum stórveldanna, að ráðið, sem við eigum að taka, sé fyrst og fremst það að reyna að draga okkur aftur út af þessu hættusvæði, — að við eigum t. d. að reyna að losna við hinn erlenda her úr landinu, leggja niður herstöðina og draga þannig úr hinum hernaðarlegu hættum, sem vissulega vofa hér yfir okkar þjóð, ef illa tækist til í átökum stórveldanna.

En í þessu frv., sem fjallar um almannavarnir, er vitanlega ekki eitt einasta orð í þá átt, sem gæti til þess leitt, að við reyndum að draga okkur þarna meira út úr hættunni, heldur er þvert á móti farið í hina áttina, að það er ætlazt til þess, að við förum að haga okkur í ýmsum greinum eins og hernaðarþjóðirnar almennt gera, að taka sem sagt á okkur fjárhagslegar byrðar í sambandi við hvers konar óbeinan stríðsundirbúning.

Ég er líka mjög andvígur því að gera nokkuð það í þessum efnum, sem mætti verða til þess að æsa hér upp einhverja skelfingu meðal þjóðarinnar eða skapa grundvöll fyrir einhverjar örvæntingarkenndar ráðstafanir. Ég býst við því, að þegar svo væri komið í okkar landi, að á þeim tímum, sem þó væru kallaðir friðartímar, en viðsjárverðir tímar, eins og síðustu ár mörg hafa verið talin, — að þegar svo væri komið, að það væri orðið býsna algengt að kalla fjölda landsmanna til þjálfunar og æfinga og flytja heila hópa manna eftir ákveðnu skipulagi út úr byggðarlögum sínum og í einhverja geymslustaði, eða þegar það væri orðið algengt að byggja öryggisbyrgi eða jafnvel búið að setja reglur um það, eins og þetta frv. heimilar, að byggja skuli í öllum byggingum, sem reistar verða eftir gildistöku þessara laga, ákveðin herbergi eða ákveðin byrgi, sem eiga að vera hæf sem loftvarnabyrgi, — að þegar slíkt ástand væri búið að vera um nokkurn tíma, þá er ég hræddur um, að slíkt gæti leitt til þess, að auðvelt væri fyrir þá, sem hafa aðra hagsmuni en þjóðarheildin hefur, að æsa menn til þess að ljá því lið, að við jafnvel gengjum enn þá lengra inn á hættusvæðið en við höfum enn þá gengið, að við yrðum enn þá frekar aðilar í stríðsundirbúningi eða stríðsþátttöku á einn eða annan hátt.

Ég hafði nokkuð bent á það í fyrri hluta minnar ræðu, að ef heimildir þessa frv. yrðu notaðar, þá mundu þær leiða til mjög verulegra útgjalda, fjárútláta, hjá sveitarfélögum landsins, því að gert er ráð fyrir því, að sveitarfélögin í mjög mörgum tilfellum eigi að greiða um helming tilkostnaðarins og í öllum tilfellum 1/3 af kostnaði við ýmiss konar framkvæmdir. Það er ekki nóg, að það eigi að koma upp í flestum byggðarlögum landsins svonefndum almannavarnanefndum, fjölmennum nefndum, sem eigi að skipuleggja almannavarnir á viðkomandi stað undir yfirstjórn forustumanns þessara almannavarna í landinu, heldur er beinlínis til þess ætlazt, að á vegum sveitarfélaganna verði ráðizt í margs konar dýrar framkvæmdir. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því, að komið verði upp t. d. í öllum kaupstöðum landsins allviðtæku viðvörunarkerfi, og í öðru lagi gert ráð fyrir því að kaupa og safna saman allmiklu af hvers konar búnaði, sem ætlaður er auðvitað fyrir flýjandi fólk eða særða menn. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir því að byggja upp á hinum ýmsu stöðum öryggisbyrgi, en bygging þeirra gæti vitanlega orðið mjög kostnaðarsöm. Þá er gert ráð fyrir því að koma upp fjarskiptakerfi og sérstökum birgðageymslum, þar sem eru geymd matvæli, sem keypt hafa verið og vitanlega þurfa að endurnýjast. Gert er ráð fyrir því, að hægt sé að skylda hin ýmsu sveitarfélög til þess að byggja sérstaklega eða koma upp varasjúkrahúsum. Auk þessa alls á svo að vera hægt að taka menn, í sumum tilfellum án endurgjalds, til þess að vera í sérstökum sveitum, sem hugsaðar eru sem þáttur í þessum almannavörnum. En augljóst er, að ýmsir aðilar í þessum þjálfuðu sveitum yrðu að vera launaðir að meira eða minna leyti.

Það fer auðvitað ekki á milli mála, að ef á að hefja einhvern undirbúning, sem heitir, á þessu sviði, þannig að að einhverju gagni kæmi í hugsanlegum hernaðarátökum, þá verður að ráðast í slíkar framkvæmdir sem þessar með allmiklum fyrirvara, og mætti þá búast við, að á slíkum tímum, sem við lifum á nú, yrði farið að ráðast í framkvæmdir sem þessar, því að vitanlega er seint að tala um það, þegar stríð er á skollið, að fara þá að byggja varasjúkrahús. Þá er vitanlega líka of seint að tala um það að fara að safna saman hvers konar matvælum og ýmsu öðru, sem ætlað er til að hafa í birgðageymslum eða birgðastöðvum, sem til eiga að vera, — að maður tali nú ekki um að fara þá að byggja öryggisbyrgin, en það yrði vitanlega nokkuð seint.

Ég álít því, að sé það meining hæstv. ríkisstj. að hefjast handa á þeim grundvelli, sem lagt er til í þessu frv., og það beri brýna nauðsyn til þess að hefja þessar framkvæmdir nú, — þetta megi t. d. ekki bíða til næsta hausts, að ganga frá lögum um þetta, — þá álít ég, að hér sé verið að leggja á sveitarfélögin í landinu svo mikil fjárhagsleg útgjöld, að það sé ekki á nokkurn hátt sæmandi að gera það, án þess að það sé gert í nánu samráði við forustumenn sveitarfélaganna. Það kemur líka greinilega fram í þessu frv., að samkvæmt því er gert ráð fyrir þeirri grundvallarskipulagsbreytingu í þessum efnum frá því, sem áður hefur verið í lögum, að nú er gert ráð fyrir því, að dómsmrh. hafi valdið í sínum höndum til þess að ákveða það í gegnum þetta heildarskipulag, hvenær á að hefjast handa og hvað skuli gera, algerlega án þess að þurfa að leita eftir

nokkru samkomulagi eða samstarfi við stjórnendur sveitarstjórnarmálefna í landinu. En áður var það svo í þeim lögum, sem í gildi voru um loftvarnir o. fl., að þá var grundvöllurinn sá, að það mátti gera ráðstafanir í öllum þessum efnum, sem þetta frv. fjallar um, ef viðkomandi sveitarstjórn taldi það æskilegt og nauðsynlegt og hafði leitað eftir því til stjórnarvaldanna í landinu. Nú er þessu sem sagt snúið við. Nú er gert ráð fyrir því í þessu frv., að valdið sé hjá ráðherra til þess að setja allan þennan gífurlega undirbúning á stað.

Ég tel fyrir mitt leyti, að það séu mörg verkefni, sem standi nær sveitarstjórnum landsins nú en þessi, sem ég hef nú verið að minnast á og gert er ráð fyrir í þessu frv. Ég er þó ekki á neinn hátt að draga úr því, að ég veit, að það er vofandi yfir okkur Íslendingum mikil og alvarleg hætta, ef til ófriðar drægi á milli stórveldanna, vegna þeirrar hættulegu stöðu, sem við höfum verið settir í með því að hafa erlendan her hér í okkar landi og með því að annar aðilinn á hér herstöð. Mér er það alveg ljóst, að með þessu erum við nærri hinu hernaðarlega hættusvæði. En ég er á þeirri skoðun, að við fáum ekki bægt þeirri hættu frá okkur, miðað við okkar getu, ekki að neinu alvarlegu ráði, á annan hátt en þann að reyna að fjarlægja herstöðina og draga okkur út úr átökunum á milli stórveldanna. Ég álít hins vegar, að þrátt fyrir þetta, eins og ástandið er nú, séu fjölmörg verkefni, sem standi nær sveitarstjórnarmönnum á Íslandi að verja fé til heldur en til þessa, á meðan ástandið er þannig, að í fjöldamörgum bæjum landsins er ekki til nægilegt sjúkrapláss á sjúkrahúsunum fyrir hið sjúka fólk, sem þarfnast læknisaðgerða og hjúkrunar, meðan það þarf nú að bíða við ófullkomnar aðstæður víða í heimahúsum, eins og við vitum að er staðreynd, og meðan jafnvel stærstu bæjarfélögin í landinu, eins og höfuðborgin, hafa í miklum fjárhagslegum erfiðleikum verið að fást við að byggja sitt fyrsta sjúkrahús nú um margra, margra ára skeið, án þess þó að hafa lokið því verkefni og leyst þennan þátt þessara mjög svo aðkallandi mála, þá sé það nauðsynlegra að geta einbeitt sér að því að leysa þessi verkefni, sem menn hafa staðið við að reyna að framkvæma að undanförnu, en ekki getað, heldur en að fara að koma upp með ærnum kostnaði varasjúkrahúsum einhvers staðar fjarri mannabyggðum, sem eiga að standa þar búin sjúkrarúmum og búin alls konar gögnum, til þess að hægt sé að nota þessar stöðvar í neyðartilfellum síðar, þegar við höfum dregizt inn í styrjaldarátökin og við þurfum að reyna að flytja t. d. héðan úr höfuðborginni eða af öðrum hættusvæðum sjúka og særða menn. Ég tel, að þannig sé þetta í fjöldamörgum öðrum greinum, að það knýi á sveitarfélög landsins þörf um að leysa svo margvísleg verkefni, sem meir kalla að og eru eðlilegri en að fara að ráðast í stórútgjöld á þessum sviðum, að ég tel það alveg rangt að ætla að taka á þessu vandamáli á þann hátt, sem lagt er til í þessu frv.

Við vitum það, að enn þá er t. d. hér í höfuðborginni ástandið þannig, að fjöldi fólks verður enn að hírast í braggaíbúðum eða öðrum íbúðum, sem eru dæmdar af opinberum aðilum sem heilsuspillandi húsnæði. Það hefur ekki unnizt enn þá tími til þess eða verið talið, að nægilegt fjármagn væri fyrir hendi til þess að leysa vandræði þessa fólks. En meðan ástandið er svona í þessum efnum, eiga svo bæjaryfirvöldin hér í Reykjavík t. d. að fara að eyða milljónum króna í það að byggja svonefnd öryggisbyrgi víða um bæinn eða kannske sérstök birgðahús eða varasjúkrahús hér langt fyrir utan bæinn til þess að hafa tilbúið í hugsanlegum neyðartilfellum. Ég held, að ef við brygðumst þannig við þessum vanda, sem við vissulega stöndum í, þá værum við að tefla öllum okkar fjárhags- og afkomumálum í algera tvísýnu. Ég held, að okkar fámenna þjóð fái ekki undir þessu risið. Jafnvel þó að stórþjóðirnar geti lagt í þetta milljónatugi og jafnvel hundruð milljóna króna, þá getum við það ekki.

Það eru fram undan bæjar- og sveitarstjórnarkosningar nú á næstunni, og vissulega væri fróðlegt að leggja það fyrir hv. kjósendur í þeim kosningum, í bæjar- og sveitarfélögum landsins, hvort þeir væru yfirleitt á þeirri skoðun, að við ættum nú að stöðva í bili t. d. almennar húsbyggingar og margvíslegar aðrar framkvæmdir á vegum bæjar- og sveitarfélaganna, en nota þess í stað það fjármagn, sem annars hefði gengið til þessara framkvæmda, til þess að byggja loftvarnabyrgi og koma upp einhverjum birgðageymslum úti í sveitum. Ég er ekki í neinum vafa um, að það er ekki vilji manna að taka þannig á þessum vandamálum. Ég held líka, að það væri miklu eðlilegra, að hæstv. ríkisstj. leyfði öllum almenningi í landinu að kynna sér efni þessa frv., áður en hún krefst þess, að það sé samþykkt hér á Alþingi, og að hún féllist á þær till., sem hér eru fram komnar um það að senda þetta frv. út til sveitarstjórnanna í landinu til umsagnar og bíða með endanlega afgreiðslu frv. til næsta hausts. Ég held, að það væri miklu lýðræðislegri afgreiðsla á málinu en sú, sem hæstv. ríkisstj. býður hér upp á, því að menn verða að hafa í huga, að þetta frv. var lagt fram nú á seinni hluta þessa þings og tiltölulega lítill tími hefur gefizt til þess að ræða málið eða athuga það.

Ég skal játa, að eitt atriði gæti hér vitanlega haft nokkur áhrif á, hvernig menn vilja bregðast við máli eins og þessu, en það er, ef fyrir lægju einhverjar upplýsingar um það, að enn væri eitthvað að gerast í þessum málum hér á Íslandi, sem yki á hættuna til verulegra muna frá því, sem verið hefur. Ef það er svo, að hæstv. ríkisstj. veit um eitthvað, sem til stendur í hermálunum hér á landi, sem geti stóraukið hina hernaðarlegu hættu fyrir landsmenn, og að af þeim ástæðum telji hún nú alveg nauðsynlegt að grípa til þessara örvæntingarfullu ráðstafana, sem gert er ráð fyrir í þessu frv. og eru það að mínum dómi að mörgu leyti, þá á auðvitað hæstv. ríkisstj. að skýra Alþingi frá því.

Ég spurði um það í fyrri hluta ræðu minnar, hvort t. d. það gæti verið rétt, að eitt af hernaðarstórveldunum í Evrópu væri nú að knýja hér á um að fá herstöðvar eða sérstök æfingasvæði hér á landi. Um þetta hafa verið sögusagnir að undanförnu, og við vitum það mætavel, að Vestur-Þýzkaland hefur knúið á hjá mörgum þjóðum að undanförnu um það að fá slíkar æfingarstöðvar. Vestur-Þýzkaland fékk nokkrar

slíkar æfingarstöðvar í Bretlandi og í Portúgal, og Vestur-Þýzkaland hefur leitað til fleiri þjóða um að fá þar hernaðarstöð. Ég efast ekkert um, að ef citthvað slíkt stæði til, þá vitanlega kallar það á enn þá meiri hættu fyrir okkar þjóð, og þá gerir það auðvitað enn þá nauðsynlegra að hefja undirbúning fljótlega í þessum efnum, ég neita því ekki. Eða hitt: Getur það verið rétt, að sá aðili, sem ræður yfir herstöðinni hér nú og hefur her hér í landinu, sé að knýja nú fram þann vilja sinn að fá geymdar eldflaugar á Íslandi eða hafa hér sérstakar stöðvar fyrir þau allra nýjustu og hættulegustu hernaðartæki, sem við vitum um? Ef hæstv. ríkisstj. veit af einhverju slíku sem þessu, þá get ég skilið það, að hún fleygi fram þessu frv. og heimti það samþ. nú í skyndi á Alþingi. Vissulega er hægt að ganga svo langt inn á hættubrautina, að það reynist óhjákvæmilegt fyrir okkur að leggja niður hin daglegu störf, sem við höfum haldið að væru, og draga úr fjárveitingu til þeirra og nota hinn síðasta eyri landsmanna til þess að reyna að bjarga því, sem bjargað verður af þjóðinni. En sé málið ekki svona, standi ekkert sérstakt til til viðbótar því, sem verið hefur um herstöð í okkar landi og hernaðarlegan viðbúnað stórveldanna, þá get ég ekki séð, að það sé ástæða til þess að setja lög um það efni, sem þetta frv. fjallar um, nú á yfirstandandi þingi.

Ég veit það, að sérstaklega á meðan verið er að setja lög eins og þessi, þá má búast við því, að þeir, sem að slíkri lagasetningu standa, segi, að þó að þetta sé nú ákveðið í lögum, að heimilt sé ráðh. að láta gera ráðstafanir til alls þessa undirbúnings, þá þýði það ekki það, að í þetta verði ráðizt, því að yfirleitt sé við það miðað í frv., að það verði að vera að dómi ríkisstj. ríkjandi hættutímar. En það hefur lítil skilgreining verið gefin á því hér við þessar umr. af hæstv. ríkisstj., hvað það er, sem hún kallar hættutíma. Ég man ekki betur en það kæmi fram m. a. frá þeim, sem nú sitja í ríkisstj. á Íslandi, að þeir hafi talið, að t. d. árið 1951, þegar ameríski herinn kom til landsins þvert ofan í áður gefnar yfirlýsingar um það, að hér skyldi ekki verða erlendur her á friðartímum, þá hafi það verið gert vegna þess, að þá væru hættutímar, að stjórnarvöld landsins hefðu þá fengið upplýsingar um það, að ástandið í heiminum væri svo óöruggt, að það yrðu að teljast hættutímar, og því væri ekki vogandi að hafa Ísland varnarlaust eða án þess, að hér væri nokkur her. Og því hefur verið haldið fram af núverandi valdamönnum í landinu af og til á síðastl. tíu árum, að þetta hættutímabil stæði yfir, það væru hættutímar og af því þyrftum við á hinum erlenda her að halda í okkar landi.

Ég sé því ekki, að það séu ekki fullir möguleikar á því fyrir hæstv. dómsmrh. að skýra þetta með hættutíma á sama hátt og hann hefur gert áður og skylda menn þar með til þess að taka upp allan þann viðbúnað, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., þ. á m. að kalla alla menn eða fjöldann allan af fólki á aldrinum frá 18—65 ára, — og það er gert að borgaralegri skyldu, — til þess að taka þátt í sérstökum liðssveitum, sem hjálfa á til ákveðinna aðgerða í landinu í þessum varnarmálum eða til nákvæmlega sömu starfa og beinlínis er fram tekið í greinargerð frv., að við er ætlað erlendis þeim aðilum, sem gegna skylduherþjónustu.

Ég hef sagt, og það er mín skoðun, að það væri miklu eðlilegra að búa um þessi mál á allt annan hátt en gert er ráð fyrir í þessu frv. eða um valdið til þess að setja allan þann undirbúning af stað, sem gert er ráð fyrir skv. frv. Ég tel, að þetta vald eigi ekki að vera hjá einum ráðh. og ekki heldur hjá ríkisstj. einni, **þar þyrftu miklu fleiri** að koma til, og ég tel reyndar miklu eðlilegri beinar framkvæmdir í þessum efnum á vegum sveitarfélaganna í landinu, og að því leyti til, sem þau eiga að taka þátt í kostnaði, sé gert ráð fyrir því, að ekki sé ráðizt í slíkan undirbúning, án þess að viðkomandi sveitarstjórn hafi samþ. það sjálf fyrir sitt leyti og síðan fengið samþykki stjórnarvaldanna til framkvæmdanna. En þetta gífurlega vald, sem lagt er í hendurnar á einum ráðh., dómsmrh., sem á að vera yfirmaður þessara mála, og svo þeim embættismanni, sem ráða á, og hans starfsliði skv. þessu frv., en það er forstöðumaður almannavarna — ég tel óeðlilegt og óæskilegt á allan hátt, að þetta gífurlega vald sé lagt í hendurnar á þessum aðilum, að ákveða það, hvenær á að ráðast í slíkar framkvæmdir og slíkan undirbúning, sem þetta frv. fjallar um.

Það er auðvitað enginn vafi á því, og það er sjálfsagt mál, að það mundi enginn Íslendingur amast neitt við því, að gert væri ráð fyrir því, að þegar algert neyðarástand hefði skapazt í landinu vegna hernaðaraðgerða, þá sé hægt að kalla svo að segja hvaða mann sem er til þess að hjálpa náunganum, aðstoða menn og reyna að bjarga verðmætum. Ég hygg enda, að það muni ekki þurfa í okkar landi að setja ýkjamikil lagaákvæði til þess að skylda menn í þeim efnum, svo vanir eru menn að gera það hér, þegar eitthvað þannig stendur á. En hitt dreg ég meira í efa, að sé æskilegt eða heppilegt, að byggja upp heilar liðssveitir eins og þær, sem gert er ráð fyrir skv. III. kafla frv., þar sem gert er ráð fyrir allviðamiklum eða umfangsmiklum þjálfunaræfingum og þar sem það er gert að borgaralegri skyldu að taka þátt í slíkum sveitum, og ég efast um það, að það leiddi til nokkurs góðs hjá okkur að halda uppi slíkum undirbúningi um langan tíma á friðartímum.

Í grg. frv. segir m. a. orðrétt á þessa leið um þessar liðssveitir, með leyfi hæstv. forseta:

„Val á liðsmönnum og þjálfun þeirra er umfangsmikið og vandasamt starf.“

Það er gert ráð fyrir því, að lögreglustjórar og aðrir starfsmenn og yfirmenn almannavarna eigi að velja og það sé vandasamt starf hjá þeim að velja menn í þessar liðssveitir. Og síðan er gert ráð fyrir sérstakri þjálfun þeirra. Ég verð að segja það, að mér finnst kenna óbragðs af þessu öllu saman. Ég er fjarri því að vera ánægður með það að hugsa til þess, að farið verði að ráðska mikið með menn á þessum grundvelli, sem mér finnst að líkist og nálgist allt of mikið beina og óbeina herskyldu, því að það skulum við fyllilega hafa í huga, að herskyldan er ekki eingöngu fólgin í því, að þeir, sem til hennar eru kvaddir, skuli berjast á vígvöllunum, vissulega er þar einnig um að ræða hvers kyns undirbúning og auðvitað varúðarráðstafanir gagnvart þeim málefnum, sem eru náskyld hernaðarlegum átökum.

Ákvæði þessa frv. um, að það sé hægt að skylda menn til þess að víkja ekki út úr lögsagnarumdæminu, nema þá með beinu samþykki lögreglustjóra eða annarra yfirmanna, eru líka þannig og þetta þannig uppbyggt, að ég tel rangt að hafa þessar heimildir svona víðtækar og slíkt eigi ekki að vera, nema þar sem fullkomið neyðarástand hefur þá skapazt.

Ég vil fyrir mitt leyti vara við því, að þó að gerðar séu viturlegar ráðstafanir til þess í öllum tilfellum að reyna að vera viðbúinn hættuástandi eða hættutímum, þá sé ekki neinn slíkur undirbúningur eða ráðstafanir gerðar þannig, að þær verði til þess að leiða af sér óeðlilegt hugarfar og hættulegt ástand af þeim sökum í landinu. Það er enginn vafi á því, að það getur haft sín áhrif í hvaða landi sem er að halda mönnum nauðugum, viljugum við að byggja öryggisbyrgi eða gera aðrar slíkar hliðstæðar framkvæmdir, halda mönnum mikið í hvers konar svonefndum björgunaræfingum eða æfingum hvers konar varnar- eða hjálparliðs. Það er vitanlega hægt að halda þannig á þessum málefnum, að það leiði af sér hættulegt hugarfar. En það ber vitanlega ekki að skilja það á neinn hátt svo, að það geti ekki verið nauðsynlegt að hafa tiltekinn viðbúnað og að gera eðlilegar ráðstafanir. En það vil ég líka ætla, að t. d. forustumenn í hverju sveitarfélagi séu eins dómbærir um að meta það og einhver stjórnarvöld suður í Reykjavík, hvað rétt sé að ganga langt í slíku á hverjum stað um sig.

Ég hef nokkuð vikið að því, að mér finnst, að mörg ákvæði í þessu frv. séu ákaflega almenns eðlis og víðtæk, eins og t. d. þetta atriði, sem ég vék að áður, um það, hvenær eru hættutímar og hvenær ekki. Ég sé ekki, að það sé á neinn hátt til þess að spilla fyrir nauðsynlegum undirbúningi eða ráðstöfunum í þessum efnum, þó að á annan veg sé gengið frá því en gert er ráð fyrir í þessu frv., að úrskurða um það eða ákveða, hvenær slíkir tímar hafi skapazt, að rétt þyki að draga landsmenn almennt inn í viðamiklar ráðstafanir til undirbúnings gegn aðsteðjandi slysahættu.

Mér sýnist einnig, að ákvæðin, sem er að finna í 4. gr. frv. um forstöðumann almannavarna, séu þess eðlis, að það sé afar erfitt að átta sig á því, hvað þar liggur á bak við. Það er að vísu augljóst mál, að það á að setja hér upp eitt nýtt embætti, og það virðist líka vera nokkurn veginn ljóst, að þar getur orðið um kostnaðarsamt og stórt embætti að ræða. Í þjónustu þess er líklegt, að mjög margir menn komi til með að vinna. En eins og ákvæði gr. eru, þá eru heimildirnar svo víðtækar, að mér skilst, að hægt væri að byggja upp skv. þessum heimildum eitt hið stærsta embætti, sem til er nú í okkar landi. Þetta tel ég líka óeðlilegt. Ég álít, að það eigi að hafa hér nokkurn hemil á og það eigi ekki að vera eingöngu á valdi ráðh. og þessa yfirmanns almannavarna að ráða um það, hversu víðtækt og mikið embættiskerfi þarna kann að vaxa upp.

Í 5. gr. frv. er að finna ákvæði, sem eru eins og önnur í þessu frv. afskaplega víðtæk og er satt að segja ekki gott að átta sig á, hvert kynnu að leiða. Í síðari málsgr. segir m. a., með leyfi hæstv. forseta, á þessa leið: „Forráðamönnum sjúkrahúsa ber skv. fyrirmælum landlæknis að undirbúa og framkvæma ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til að geta veitt sjúkum og særðum móttöku og meðferð á hættutímum. Þeim ber og að taka þátt í undirbúningi að stofnun og rekstri varasjúkrahúsa.“

M. ö. o.: forráðamenn sjúkrahúsa nú, sem hafa allajafna átt fullt í fangi með að ráða við rekstur sinna stofnana, því að ekki hefur þar verið um mikinn tekjuafgang að ræða, ætla ég, í velflestum tilfellum, — þeim ber nú skylda til þess skv. þessu, ef bara svo er fyrir mælt af yfirmanni þeim, sem ráða á samkvæmt þessum lögum, að gera ráðstafanir til þess að koma upp varasjúkrahúsum og gera ýmsar aðrar ráðstafanir, sem eru nauðsynlegar, til þess að hægt sé að taka á móti sjúkum og særðum, sem að kunni að drífa á þeirra svæði. Ég álít fyrir mitt leyti, að það sé engin aðstaða í velflestum tilfellum til þess að mæta þessum skyldum vegna fjárskorts, nema þá að tekjur viðkomandi sveitarfélaga, sem ráða yfir sjúkrahúsunum, séu teknar að miklum meiri hluta til slíkra undirbúningsráðstafana, eins og raunverulega felst í ákvæðum þessarar gr. Hingað til hefur það verið svo, að svo nauðsynlegt sem það er auðvitað í hverju landi og í hverju sveitarfélagi að hafa aðstöðu til sjúkrahúsrekstrar, til þess að hlynna að þeim, sem sjúkir eru, á venjulegum tímum, þá hefur það verið skilið eftir sem vandamál og ákvörðunarefni forustumanna viðkomandi sveitarfélags, hvort ráðizt yrði í byggingu sjúkrahúss og hvort þeir teldu fært fyrir sitt leyti að reka þar sjúkrahús, og hafi forustumenn sveitarfélagsins ekki talið sér fært að ráðast í byggingu sjúkrahúss eða í það að reka sjúkrahús, þá hefur viðkomandi sveitarfélag ekki haft neitt slíkt fyrir sitt sjúka fólk, og það hefur þá orðið að leita annað. En nú í þessum tilfellum, varðandi þær hættur, sem geta skollið yfir okkur af hernaðarlegum ástæðum, þá á að koma valdbeiting að ofan, frá einum ráðh., og þá á að vera hægt að fyrirskipa, þá er það orðið svo miklu þýðingarmeira í slíkum tilfellum að sinna hinum sjúku og særðu, að þá er hægt að skylda þessa aðila til undirbúningsráðstafana, sem ekki hefur þótt fært nú í hinum almennu tilfellum. Ég hefði talið miklu eðlilegra að hafa þetta ákvæði viðvíkjandi slíkri aðsteðjandi hættu á svipaðan hátt og er í gildandi lögum, að þar hefði átt að ráða frumkvæði forustumanna sveitarfélaganna, en ekki skipunin að ofan.

Skv. 8. gr. frv. skilst mér, að til þess sé ætlazt, að í öllum kaupstöðum landsins og einnig á mörgum öðrum stöðum á landinu eigi að vera svonefndar almannavarnanefndir, og í þessum nefndum eigi að vera í fyrsta lagi bæjarstjóri eða oddviti, lögreglustjóri, héraðslæknir, bæjarverkfræðingur eða byggingarfulltrúi, eftir ákvörðun sveitarstjórnar, og slökkviliðsstjóri. Þessir menn skulu vera í þessum almannavarnanefndum, og að sjálfsögðu geta svo verið fleiri eftir ákvörðun sveitarstjórnar. Ég er alls ekki viss um, að það sé á öllum stöðum það hentugasta, ef maður hugsaði sér starfsemi þessara nefnda á þeim grundvelli þó, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., að ákveða, að þessir aðilar skuli vera í þessum almannavarnanefndum. Ég er alveg fullviss um það, að í sumum tilfellum þætti jafnvel eðlilegra, að sumir aðrir aðilar í viðkomandi stað væru í þessum nefndum. Ég tel því mjög vafasamt að binda

það í lögum, eins og gert er ráð fyrir í þessari 8. gr., að hafa skipun nefndanna á þennan hátt. En hér eins og í öðrum tilfellum virðist það eitt aðalmarkmiðið, að dómsmrh. og þeir, sem eiga að vera með honum á toppinum í þessum efnum, eigi að fá hér alræðisvald til þess að ákveða það: Þetta skal gert og á þessum tíma og svona, og þessar nefndir skulu vera svona skipaðar í hverju sveitarfélagi og sveitarfélögin skulu borga sinn tiltekna kostnað. — Þetta skal allt saman leggja fyrir og binda í lögum, í staðinn fyrir að hafa hinn háttinn á, að heimila sveitarstjórnunum sjálfum visst sjálfstæði í þessum málum, eins og t. d. það að ákveða, hvaða aðilar eru í varnarnefndum og í hvaða ráðstafanir er ráðizt og hvað þykir fært að gera á hverjum stað, miðað við þau vandamál, sem liggja fyrir sveitarstjórnunum á hverjum stað og á hverjum tíma.

Ég tel sem sagt eldra skipulagið, sem byggt var á í þessum efnum, miklu eðlilegra og réttlátara, en það er að hafa frumkvæðið meira í höndum forustumanna sveitarfélaganna heldur en að færa allt valdið yfir til eins ráðh.

Ég hafði minnzt á það hér áður, að í III. kafla frv., um svonefnd hjálparlið, væri gert ráð fyrir því, að ráðh. gæti kallað menn eða látið kalla menn á aldrinum frá 18 ára til 65 ára í þessar liðssveitir, sem eiga að gegna allþýðingarmiklu starfi og gert er ráð fyrir að þjálfa þurfi allmikið til síns starfs, og að þetta nálgaðist í ýmsum efnum allmikið venjulega herskyldu, þó að hér væri ekki gert ráð fyrir því, að þeir, sem í liðinu eru, þurfi að taka þátt í beinum hernaðaraðgerðum sem neinir hermenn. Þetta kemur greinilega fram í síðustu grein þessa III. kafla, en það er 14. gr. frv. Hún hljóðar einmitt á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Dómsmrh. setur reglur um starfsskyldu skv. 10. gr.“ — en þar er einmitt kveðið á um þessi starfslið, og þar eru allir skyldugir til þess að taka þátt í þessum starfsliðum á aldrinum frá 18—65 ára. — „Dómsmrh. setur reglur um starfsskyldu skv. 10. gr. Skal að því stefnt, að starfskvöð komi sem réttlátast niður á borgarana. Ráðh. ákveður hámarkstíma fyrir skyldunám og æfingar í þágu almannavarna.“

Eins og þessi gr. ber alveg augljóslega með sér, þá er það í fyrsta lagi borgaraleg skylda skv. frv. fyrir þá, sem eru á aldrinum 18—65 ára, að taka þátt í starfsemi þessara liðssveita og sinna þar þjálfun og ýmsum verkum. Þarna er rætt um beina starfskvöð, sem hægt er að leggja á menn á þessum aldri. Þeir eru skyldugir til þess, og það má skylda menn endurgjaldslaust að vissu marki. En síðan er rætt um það, að ráðh. á að láta þetta koma sem réttlátast niður á borgarana, og eins og segir í gr., þá getur ráðh. ákveðið hámarkstíma fyrir skyldunám. Það er sem sagt gert ráð fyrir ákveðnum námskeiðum eða námstíma fyrir þá, sem í þessum liðssveitum eiga að vera, að það sé hægt að skylda þá til slíks náms eftir reglum, sem ráðh. hefur ákveðið, og ráðh. getur enn fremur ákveðið æfingatíma þessara aðila í þágu almannavarna.

Á því leikur auðvitað enginn vafi, að samkvæmt þessu hefur ráðherra svo víðtækar heimildir, að hann gæti framkvæmt það hér á Íslandi á þeim tímum, sem við almennt köllum friðartíma, sem nálgast mjög það, sem hjá öðrum þjóðum er nefnd herskylda, þar sem það er borgaraleg skylda manna á ákveðnum aldri að gegna þjónustu í tilteknum undirbúnings- og varnarsveitum eða ákveðnum liðssveitum.

Ég tel, að þessar heimildir séu allt of víðtækar og nái engri átt að hafa þær eins og þær eru upp settar í þessu frv. Allt öðru máli gegnir að sjálfsögðu um hjálparlið, sem komið er upp meira og minna af frjálsum vilja borgaranna, þar sem slíkt hefði verið ákveðið á eðlilegan hátt í hverju sveitarfélagi um sig, og borgararnir viðurkenna og skilja að er nauðsynlegt og þeir vilja nokkuð á sig leggja fyrir og er samkvæmt óbeinni samþykkt þeirra sjálfra, þar sem forustumenn í þeirra sveitarfélagi hafa gert till. um slíkt. En slíkt höfum við í lögum, og við höfum alla möguleika til að hafa þann hátt á um þessi mál. En nú á að steypa þessu um, ákveða þetta á annan hátt. Það er lagt á vald dómsmrh., sem mér sýnist nú að í mjög mörgum tilfellum gæti alveg eins heitið hernaðarmálaráðherra, eftir að þessi ákvæði öll væru komin í gildi og farið að framkvæma þau. Þar sé ég ekki mikinn skilsmun á annan en þann, að menn verða kannske ekki kallaðir til beins vopnaburðar eða þátttöku í beinum styrjöldum, en hægt er að láta þá gera svo að segja allt annað, sem venjulegri herskyldu fylgir meðal annarra þjóða. Og allt er sem sagt byggt upp á þá lund, að ráðherrann einn fær þetta gífurlega vald, að ákveða þetta, setja um þetta reglur og skylda borgarana til þátttöku í þessu, jafnvel til þess að vera á skólum eða námskeiðum og taka þátt í æfingum, eftir því sem hann leggur þar fyrir, eða kannske hinn raunverulegi herforingi, sem á að vera, hinn nýi embættismaður, forstöðumaður almannavarna.

Það er auðvitað alveg augljóst, að það er ekkert dregið undan valdi ráðherrans yfir borgurunum í þessum efnum, því að svo er fyrir mælt í 78. gr., að skylda þessara starfsmanna í þessu sérstaka liði er svo mikil, að þeir mega ekki hreyfa sig út úr lögsagnarumdæminu, nema þeir hafi fengið sérstakt leyfi til þess frá sínum yfirmanni, sem þá er lögreglustjórinn í viðkomandi umdæmi, sem sagt alveg hliðstætt því, sem gegnir um almenna herskyldu.

Það er tekið mjög skýrt og greinilega fram í 12. gr. frv., að allir þessir aðilar, sem eru á aldrinum frá 18 til 65 ára, eiga að vera borgaralega skyldugir til þess að vera í þessum liðssveitum. Þeir eru skyldugir til þess að taka jöfnum höndum þátt í námskeiðum og æfingum, séu þeir til þess kvaddir, varðandi starfsemi þessara liða. 1. málsgr. 12. gr. frv. hljóðar einmitt á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta: „Þeir, sem starfa eiga í hjálparliðum, skulu taka þátt í námskeiðum og æfingum, sem þeir hafa verið kvaddir til. Þeim ber að hlýða fyrirmælum og fara eftir starfsreglum. Óheimilt er að hverfa úr starfi án leyfis.“ Það er sem sagt alveg augljóst, að á þeim, sem hafa verið kvaddir í þessar liðssveitir samkvæmt þessu frv., hvílir mikil skylda um það að þjálfa sig, læra þar til settar reglur, taka þátt í námskeiðum, vera viðstaddir þar, sem lagt er fyrir þá, og vera undir algerri stjórn síns yfirmanns.

Ég vek athygli á þessum kafla frv., vegna þess

að mér finnst, að í honum felist svo víðtækar heimildir til ráðherra og um þannig málefni, að ég tel alveg óhjákvæmilegt, að þessum kafla verði breytt.

Það hefur verið svo í okkar landi, að það hefur þótt alveg sjálfsagt að binda þau ákvæði í sjálfri stjórnarskránni, að í okkar landi mætti ekki leiða í lög neins konar herskyldu. En eins og ég hef sagt hér, þá er rétt að gera sér grein fyrir, að herskyldan, eins og hún er framkvæmd í hinum ýmsu löndum, er ekki einvörðungu fólgin í því að kalla menn til beinnar þátttöku. Hún er líka fólgin í því að hafa stjórnlagalega aðstöðu til þess að kalla borgarana undir ákveðin skylduákvæði, þar sem þeir verða að hlýða fyrirmælum sinna yfirmanna um það að taka þátt í hvers konar æfingastarfsemi, hvers konar þjálfunarstarfsemi og hlýða þar algerlega tilsettum heragareglum. En þau ákvæði, sem felast í 10.—14. gr. frv., heimila raunverulega dómsmrh. allt vald yfir borgurunum, séu þeir aðeins á aldrinum frá 18—65 ára.

En þessu er líkt varið með margar aðrar gr. frv. Heimildir þær, sem dómsmrh. fær og yfirmaður almannavarna, eru svo víðtækar, að ég kannast ekki við það, að slíkar heimildir sé að finna jafnvíðtækar í öðrum lögum.

Í 17. gr. frv. er það m. a. ákveðið, að eftir gildistöku þessara laga geta yfirmaður almannavarna og dómsmrh. ákveðið, að hverjum þeim, er byggir hús í landinu, sé skylt að byggja í því húsi tiltekið öryggisbyrgi eða annað það rúm í húsinu, sem nota mætti í sambandi við almannavarnir á hernaðartímum. Það er auðvitað engum vafa bundið, að hér er um mjög víðtæka heimild að ræða, ef hægt er að setja ákvæði um þetta, sem ná sem sagt til allra þeirra, sem standa í mannvirkjagerð eða húsbyggingum. Þetta tel ég líka mjög óeðlilegt ákvæði, og það ætti að koma þessu fyrir á allt annan veg. Ég álít, að það hefði líka farið betur í þessum tilfellum að hafa frumkvæði í þessum efnum hjá sveitarstjórnendunum sjálfum, þannig að ef viðkomandi sveitarstjórn telur það rétt og mögulegt að skylda húsbyggjendur til þess að útbúa hús sín, sem byggð verða eftir gildistöku þessara laga, með sérstökum hætti, þannig að veita mætti stuðning almannavörnum síðar, þá væri miklu réttara að hafa í hendi sveitarstjórnanna að setja um þetta reglur, en þó þannig, að það ættu að vera stjórnarvöld landsins, sem síðan yrðu þó að samþykkja það, til þess að slík ákvæði yrðu bindandi. En að veita einum ráðherra og yfirmanni almannavarna svona víðtækt vald, það tel ég óeðlilegt og óæskilegt.

Í 19. gr. frv. er líka að finna nokkuð svipað ákvæði þessu, og það er mjög táknrænt einmitt um það, hvað allar heimildir í þessu frv. eru víðtækar. Í 19. gr. segir orðrétt á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta: „Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um einkavarnir, þar sem m a. verða ákveðnar hámarkskvaðir, sem leggja má á atvinnufyrirtæki og húseigendur.“

Samkvæmt þessari heimild má ráðherra með reglugerð ákveða svo að segja hvaða kvaðir sem honum þykir rétt að setja á alla almenna húseigendur í landinu, öll atvinnufyrirtæki. Ég tel, að svona ákvæði eigi yfirleitt ekki að hafa í lögum, jafnalmenns eðlis og þetta er, nema svo að segja þar sem er ríkjandi hernaðarástand, hreint neyðarástand. Þá kannske neyðast menn til þess að færa slíkt ofurvald sem þetta yfir í hendur eins manns. En á venjulegum tímum, þó að menn séu að ræða um undirbúning gegn hernaðarhættu eða öðrum slíkum hættum, þá á að miða svona ákvæði við það, að fleiri en einn maður ákveði slíkar reglur, sem varða einstaklingana jafnmikið og t. d. þetta ákvæði.

Ég tel líka, að þarna hefði farið miklu betur á að hafa hinn háttinn á, að segja, að þar sem viðkomandi sveitarstjórnir teldu nauðsynlegt að setja sérstakar reglur um gerð mannvirkja eða húsa til þess að veita aukna aðstöðu fyrir almannavarnir, ef til hættutíma kæmi, þá gætu þeir aðilar gert till. um sérstakar reglur í þessum efnum. Það komi sem sagt frá þeim aðilum, sem eiga að hafa að verulegu leyti með framkvæmdina að gera, og síðan ætti það að vera á valdi ráðherra eða ríkisstj. eða jafnvel sérstakrar allfjölmennrar yfirnefndar að úrskurða um það, hvort rétt þætti að setja slíkar kvaðir á menn og fyrirtæki í þágu almannavarna. En þetta atriði er eins og önnur, sem ég hef vikið hér að, þetta er sem sagt allt í þá áttina, að mér sýnist, að vald dómsmrh. er gert svo til ótakmarkað. Hann fær hér svipað vald samkvæmt þessum lögum og *dæmi munu vera til á beinum stríðstímum* að ráðherrar fái stundum, til þess að hægt sé að bregða þar fljótt og skjótt við, vegna algers neyðarástands.

Ég tel einnig, að það hefði verið nauðsynlegt í lagasetningu sem þessari að búa miklu betur og á miklu breiðari grundvelli um ákvörðunarvald um það, hvenær má grípa til þeirra neyðarráðstafana, sem frv. gerir ráð fyrir. Það er t. d. gert ráð fyrir því samkv. þessu frv., að ef dómsmrh. og yfirmaður almannavarna ákveði það, þá megi grípa til þeirra neyðarráðstafana, sem frv. gerir ráð fyrir. Það er t. d. gert ráð fyrir því samkv. þessu frv., að ef dómsmrh. og yfirmaður almannavarna ákveði það, þá megi grípa til þess ráðs að flytja fólk í hópum út af tilteknu svæði og á milli sveitarfélaga eða héraða. Ég tel, að það eigi ekki að vera á valdi eins ráðherra eða yfirmanns almannavarna að grípa til slíkra stórákvarðana eins og það er, nema þá það ástand sé, að stríð sé skollið á og við stöndum sem sagt í miðju stríði, en ekki aðeins vegna þess, að einhverjir segja, að það kunni að vera hætta á ferðum, af því að menn segja, að það séu hættutímar, eins og orðað er í frv., — hættutímar, sem okkur hefur verið sagt að væru hér á landi allt síðan 1951, að herinn kom. Þá var lýst yfir, að ástæðurnar til þess, að brotin voru þau fyrirheit, sem áður höfðu verið gefin um það, að er'endur her skyldi ekki vera á Íslandi á friðartímum, — því að um það gáfu íslenzk stjórnarvöld alveg ótvíræðar yfirlýsingar, — ástæðurnar til þess, að þessi fyrirheit voru brotin, voru taldar þær, að 1951 væru hættutímar og þá hefði þurft að kalla erlendan her til Íslands í varúðar- og varnarskyni, og þessir hættutímar hafa verið að dómi valdamanna þjóðarinnar síðan 1951. En það þýðir þá aftur á móti, að nú í dag eru hættutímar, það þýðir þá aftur, að dómsmrh. fengi skv. þessum lögum t. d. að taka nú í dag vald til þess að fyrirskipa framkvæmdir skv. þessum lögum, af því að það væru

hættutímar. Hann á að geta metið það einn og svo þá þessi yfirmaður almannavarna. En þetta tel ég allt of víðtækt vald, sem fengið er hér í hendur dómsmrh., og að það eigi að búa um þessi ákvæði í löggjöfinni á allt annan hátt og svona vald eigi ekki að vera í hendi ráðh. nema á algerum neyðartímum eða þegar stríð er á skollið. Fram að slíkum tíma á að byggja þetta upp á öðrum grundvelli og miklu breiðari grundvelli, þar sem miklu fleiri aðilar koma til með að taka ákvarðanir. Og alveg sérstaklega tel ég hina leiðina eðlilegasta, að frumkvæðið sé einmitt hjá forustumönnum sveitarfélaganna um það, í hvað skuli ráðast af undirbúningi á hverjum tíma, en svo geti það aftur verið ákvörðunarvald ríkisstj. og ráðh. að samþykkja eða hafna tillögum sveitarstjórnarmanna.

Í 22. gr. frv., síðustu mgr., segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Sveitarfélag, sem flutt er frá, greiðir kostnað vegna húsnæðis og fæðis, sem látið er í té samkvæmt þessari grein, en á kröfu um endurheimt á hendur þeim, sem fyrirgreiðslunnar hafa notið.“ M. ö. o.: sé til þess gripið að flytja menn úr heilu byggðarlagi flutningum, vegna þess að það sé talið um hættutíma að ræða eða hættuástand, þá er sagt, að sveitarfélagið skuli greiða kostnaðinn vegna húsnæðis og fæðis, sem látið er í té, en svo á það aftur endurkröfurétt á hendur þeim, sem fyrirgreiðslunnar hafa notið. Mundi þetta nú yfirleitt hafa mikla þýðingu í framkvæmd? Er líklegt, að mörg sveitarfélög á Íslandi séu við því búin eða geti gert stóra hluti í þessum efnum fram yfir það, sem hin daglegu efni segja til um og ég ætla að allir mundu gera við þá, sem lent hafa í sérstöku neyðarástandi, og þyrftu þá ekki að vera um það nein sérstök lagafyrirmæli. En séu slíkar ráðstafanir sem þessar gerðar í varúðarskyni eða jafnvel æfingarskyni eða vegna þess, að stjórnarvöld hafa metið ástandið á sérstakan hátt, án þess að bein hætta hafi orðið, þá ætla ég nú samt, að slíkar aðgerðir sem þessar yrðu trauðlega framkvæmdar samkv. þessari grein, og þá teldi ég miklu eðlilegra, að ákveðið væri, að kostnað af slíku ætti ríkið sjálft að greiða, það yrði að taka á almannaherðar í landinu, það yrði þjóðfélagið sem heild að bera, en að ekki væri réttmætt né framkvæmanlegt að ætla að leggja byrðarnar á herðar þess sveitarfélags, sem orðið hefði fyrir því að lenda í meiri hættu en önnur í landinu eða að dómi stjórnaryfirvalda þurft að verða fyrir því, að menn þaðan væru fluttir í aðra sveit, jafnvel án þess að það hafi verið gert í varúðarskyni.

Ég held, að allar slíkar framkvæmdir sem þessar verði að borgast úr ríkissjóði, enda er það líka skv. eðli málsins réttlátast, að ef eitt sveitarfélag lendir hér í meiri hættu af hernaðaraðgerðum, þá er langeðlilegast, að það sé ríkisheildin, sem hlaupi þar fjárhagslega undir bagga, en öll ákvæði um það, að viðkomandi sveitarfélag eigi að standa undir greiðslum í sambandi við slíkt, tel ég í mesta máta óeðlileg og lítt framkvæmanleg.

Í frv. þessu eru fjöldamörg ákvæði, sem full ástæða væri til þess að ræða hér um, en ég mun ekki gera það að þessu sinni. Ég endurtek það, sem ég hef sagt hér áður, ég teldi miklu eðlilegra, að afgreiðslu málsins yrði frestað nú á þessu þingi og réttir aðilar fengju að kynna sér efni frv. og láta uppi skoðun sína á því, koma fram með þær brtt. við frv., sem þeir teldu æskilegar og nauðsynlegar. Ég get ekki séð, að neitt það reki svo á eftir hjá okkur, að það sé óhjákvæmileg nauðsyn að samþ. lög um þetta efni nú. Hitt er svo annað mál, að ég er ekki á móti því á neinn hátt að taka til endurskoðunar okkar löggjöf um þessi efni, gera hana fullkomnari en hún er nú og setja þar inn þau ákvæði, sem telja verður eðlileg og í samræmi við getu okkar og aðstöðu til varúðar í þessum efnum og til þess að vera viðbúnir hinu illa. En á því er auðvitað enginn vafi, að sjálfsagðasta ráðstöfunin fyrir okkar þjóð til þess að bægja frá okkur þessari hættu væri sú einmitt að losa okkur við hinn erlenda her, sem er í landinu.

Þó að ekki hefði verið að finna í þessu frv. nema eins og fyrsta skrefið, sem stigið væri í þá átt að draga úr stríðshættunni í okkar landi á þann hátt að stefna að því að gera herstöðina þýðingarminni, þannig að hún skapaði okkur minni hættu, og að stefnt væri að því að draga úr erlendum her hér í landinu, — ef einhver góð yfirlýsing kæmi um, að það væri stefna íslenzkra stjórnarvalda að vinna að slíku og reyna þannig að draga úr hernaðarhættunni, ef eitthvað slíkt væri í frv. að finna, þá væri það sannarlega þess virði að samþykkja það. Það mundi að mínum dómi hafa miklu meira að segja til að bægja frá hernaðarhættu heldur en það, þó að rokið sé í það að byggja nokkuð af öryggisbyrgjum eða þó að komið yrði fyrir úti um sveitir einhverju af varasjúkrahúsum eða safnað sé nokkru af teppum og rúmum og öðru slíku í birgðageymslur, eins og gert er ráð fyrir samkv. þessu frv.

Við vitum það, að stærsta bæjarfélagið í okkar landi, höfuðborgin, hefur nú um nokkurt árabil, eða síðan 1951, einmitt verið með ýmiss konar undirbúning á svipuðum nótum og þetta frv. fjallar um. Það er búið að kaupa hinn mesta haug af hvers konar teppum, líklega fyrir milljónir kr., það er búið að kaupa heilmikið af sjúkrarúmum, og það hefur verið keypt talsvert mikið magn af niðursoðnum matvælum, og þetta hefur allt verið geymt og auðvitað er búið að borga út nokkur hundruð þúsundir króna í allálitlegar launafúlgur til ýmissa manna, sem kringum þetta hafa verið að snúast á undanförnum árum. Þetta allt hefur verið gert. Reykjavík á þetta. En hvað svo? Halda menn nú t. d., að í dag séu Reykvíkingar vegna þessa í miklu minni hættu eða þeir séu betur búnir til þess að taka á móti hættunni en t. d. íbúar víða annars staðar á landinu, þar sem svona sjúkrarúm hafa ekki verið keypt og slíkum fjárhæðum hefur ekki verið eytt, eins og hér í Reykjavík? Nei, ætli að niðurstaða flestra sé ekki sú, að þeir hér í Reykjavík standi litlu betur en aðrir landsmenn þrátt fyrir þetta?

Þær ráðstafanir, sem gert er ráð fyrir samkv. þessu frv., eru í eðli sínu sáralítils megnugar, þegar til sjálfrar aðalhættunnar kemur. Þær gera tiltölulega lítið gagn miðað við það, sem við getum í þetta lagt, borið saman við hitt, að bægja frá höfuðhættunni sjálfri, en það er einmitt herliðið, sem er í okkar landi, sem dregur einkum að sér hugsanlega árás. Ég held, að stjórnarvöld landsins verði að gera sér alveg fulla grein fyrir því, að svona liggur einmitt í þessum málum. Hættan

er vissulega fyrir hendi vegna þeirrar ógæfustefnu, sem hér hefur verið framkvæmd á undanförnum árum með inngöngu okkar í Atlantshafsbandalagið og með því að ljá land okkar undir erlendan her. Það er einmitt frá því, sem öll hættan kemur fyrir okkur Íslendinga, og því þurfum við að reyna að draga okkur út úr hættusvæðinu með því að vera ekki beinir aðilar á einn eða neinn hátt í átökum stórvelda. Það er enginn vafi á því, að yfirlýsing frá okkar hálfu um það, að við óskuðum eftir því að vera hlutlausir í átökum stórveldanna og lausir þar við öll hernaðarátök, og að við lýstum yfir hlutleysi landsins, það yrði okkur margfalt meiri vörn en þúsund öryggisbyrgi og ótalmörg varasjúkrahús úti um sveitir eða heilmiklar birgðir af teppum og rúmum og matvælum, sem er verið að gera ráð fyrir að safna og byggja, samkvæmt þessu frv.

Í grg. frv. segir á bls. 7, að á s. l. hausti, haustið 1961, hafi ríkisstj. alveg sérstaklega orðið ljóst, hve það væri óverjandi að gera ekki gangskör að því að efla almannavarnir hér á Íslandi. En þetta varð ríkisstj. sérstaklega ljóst, þegar kjarnorkusprengingar hófust þá hjá Sovétríkjunum, og segir í grg. frv., að þegar ríkisstj. skynjaði þetta, þá hafi hún farið að ræða málið í sinn hóp og kallað fyrir sig ýmsa sérfræðinga, m. a. úr loftvarnanefndinni í Reykjavík, og farið að ræða um það, hvaða ráðstafanir væri réttast að gera í þessum efnum hér á landi. Síðan leiddi þetta til þess, að tveir erlendir sérfræðingar í slíkum málum sem þessum voru fengnir hingað til skrafs og ráðagerða, var annar norskur hershöfðingi og hitt var danskur læknir, og í grg. þessa frv. er nokkuð sagt frá undirbúningi þessara manna eða ráðleggingum þeirra varðandi þessi mál. Þessi frásögn í grg. frv. bendir til þess, að þegar það gerðist á s. l. hausti, að Sovétríkin hófu sínar kjarnorkusprengingar, sem mikið var um rætt, þá hafi íslenzka ríkisstj. skyndilega orðið hrædd og gert sér nokkra grein fyrir því, hver staða Íslands er, þá hafi ráðherrarnir fyrst áttað sig á því, að þeir höfðu haldið þannig á málum, að Íslandi gat stafað allverulega hætta af hernaðarátökum á milli stórveldanna í heiminum.

Nú þurfti enginn út af fyrir sig að verða hissa á því, að það kynni að heyrast eitthvað vopnabrak hjá stórveldunum, svo mjög sem þau hafa haft hjá sér alls konar undirbúning í þeim efnum og heyrzt hafa frá þeim á víxl hvers konar hótanir, eins og við þekkjum. En sem sagt, þegar það gerðist, að annar aðilinn var að gera allviðtækar tilraunir með kjarnorkusprengingar, þá varð íslenzka ríkisstj. skyndilega óttaslegin og vildi fara að gera hér sérstakar ráðstafanir til þess að taka *á móti* stríðsafleiðingunum. Nú er það auðvitað í sjálfu sér aðeins yfirlýsing um það, hve sljó hæstv. ríkisstj. hefur verið í þessum efnum, að veita fyrst athygli þeirri hættu, sem yfir íslenzku þjóðinni vofir auðvitað af hugsanlegum hernaðarátökum vegna þeirrar stöðu, sem við erum komin í hér, við það eitt, að eitt af stórveldunum fer að sprengja sínar kjarnorkusprengjur. Nú vitum við, að einmitt um þetta leyti eru þessi stórveldi óðum að tilkynna það, að þau ætli að fara að sprengja aftur. Allar fréttir benda til þess, að það sé aðeins skammt að bíða þess, að Bandaríkin byrji að sprengja sínar kjarnorkusprengjur í Kyrrahafi. Og forustumenn Sovétríkjanna segja, að þegar Bandaríkin byrji á sínum sprengjuæfingum, þá muni þeir byrja líka. Það er auðvitað enginn vafi á því, að slíkt ástand, sem verið hefur í heimsmálum að undanförnu og kemur m. a. fram í þessum sprengingaræfingum öllum hjá stórveldunum, að slíkt ástand hefur í för með sér hættu fyrir alla, hvar sem er í heiminum, en einkum og sérstaklega auðvitað ef til beinna styrjaldarátaka kæmi, þá hefur þetta hættu í för með sér fyrir þá, sem hafa verið að skipa sér í liðssveitir öðru hvorum megin. Og af því er það, sem ég hef sagt hér áður í minni ræðu, að ég tel, að það hyggilegasta, sem við gerðum, væri það, að við skipuðum okkur *einmitt í hóp þeirra þjóða, sem lýsa yfir* hlutleysi í átökum stórveldanna. Við værum þar sannarlega ekki einangraðir, því að þar værum við í fjölmennasta þjóðahópnum í heiminum nú, því að einmitt þær þjóðir, sem lýst hafa yfir hlutleysi, eru fjölmennastar. Hinar þjóðirnar, sem ákveðið hafa skipað sér í annað hvort liðið, í lið austurs eða vesturs, eru mun færri. Við ættum ekki að þurfa að bíða lengur eftir því, að frekari kjarnorkuátök verði á milli stórveldanna, til að sjá og skilja, að það vofir auðvitað yfir okkur viss hætta. En við þurfum að átta okkur á því, að þessi hætta vofir alveg sérstaklega yfir okkur af því, að við höfum skipað okkur í liðssveit með öðrum aðilanum, að við höfum lánað hluta af okkar landi undir herstöð annars aðilans. Og á því er auðvitað enginn vafi, að ef til hernaðarátaka kæmi, þá mundi þessi aðili nota okkar land bæði til varnar og sóknar. En allt slíkt vitanlega felur í sér stórkostlega auknar hættur, hættur, sem ekki er auðvelt að reikna út fyrir fram, hve víðtækar geta orðið fyrir okkur. Það er alger molbúaháttur að búast við því, að hægt sé að umflýja þessar hættur, sem væru af styrjöld, sem háð yrði nú eftir miðja 20. öld, með því að ætla að grafa sig niður í jörðina og fela sig í einhverjum byrgjum. Það er enginn vafi á því, að þeir aðilar, sem á beinan hátt dragast inn í styrjaldarátökin, viljandi eða óviljandi, — það er enginn vafi á því, að þeir fá ekki borgið sínu fólki með því að byggja eitthvað af varnarbyrgjum eða jafnvel þó að þeir komi upp nokkru af varasjúkrahúsum og kaupi talsvert mikið af teppum og rúmum, eins og rætt er um hér. Til þess þarf miklu meira. Maður þarf að reyna að koma í veg fyrir orsakirnar í þessum efnum, sem sagt að bægja frá aðalhættunni — hættusvæðinu — frá okkar dyrum, og það getum við auðveldlega gert.

Við skulum vera þess minnug, að þegar við drógumst inn í þessi hernaðarátök stórveldanna, *var okkur ekki sagt rétt til. Þegar Keflavíkur*samningurinn var gerður árið 1946, var því lýst yfir, að hér væri ekki um að ræða að veita Bandaríkjum Norður-Ameríku herbækistöð, heldur væri fyrst og fremst hér um það að ræða að veita þeim aðstöðu, sem þau þyrftu nauðsynlega á að halda vegna flutninga frá Norður-Ameríku til meginlands Evrópu, þar sem Bandaríkin höfðu enn nokkurt herlið. Á þessum löngu flutningaleiðum sögðu Bandaríkin að þau þyrftu gjarnan að hafa hér millistöð og Keflavíkurflugvöllur væri einkar hentugur fyrir þau í þessum efnum. Þessu var mjög stíft haldið að íslenzku þjóðinni, þegar

þessi samningur var gerður, að hér væri ekki um herstöð að ræða og að leigan á flugvellinum til Bandaríkjanna þýddi ekki á neinn hátt það, að við værum að leiða yfir okkur erlendan her eða þátttöku í hugsanlegum átökum stórveldanna. En við vitum nú, að þróunin varð önnur en íslenzku þjóðinni var sagt að hún mundi verða. Við vitum, að það var líka svo, að þegar Ísland gekk í Atlantshafsbandalagið 1949, þá var því hátíðlega lýst yfir, að á Íslandi yrði ekki her á friðartímum, þó að við gengjum í það bandalag. Og það var reynt að halda því mjög að Íslendingum þá, að Atlantshafsbandalagið væri ekki hernaðarbandalag, þetta væru fyrst og fremst varnarsamtök vestrænna þjóða, sem vildu standa saman um hin margvíslegustu málefni. En nú er auðvitað ekki reynt að neita því lengur, að auðvitað er Atlantshafsbandalagið hernaðarbandalag, er skartar með sína herforingja og feiknalegan vígbúnað. Og auðvitað leiddi þátttaka okkar í Atlantshafsbandalaginu 1949 til þess, þrátt fyrir yfirlýsingarnar um það, að hér skyldi ekki verða her á friðartímum, að erlendur her kom á vegum þessa bandalags hingað til landsins, og það var það, sem gerðist árið 1951, og síðan höfum við haft í okkar landi erlendan her og Keflavíkurflugvöllur hefur orðið að erlendri herstöð á okkar landi. Það er sem sagt þessi þróun málanna, sem hefur verið að auka á stríðshættuna hér hjá okkur, og auðvitað hefur sú hætta aukizt jafnt og þétt með því, að ástandið á milli stórveldanna í heiminum hefur jafnvel farið versnandi.

Það er þetta, sem menn verða að gera sér fyllilega ljóst, að það er frá þessu, sem hættan stafar, og að eina leiðin til þess að draga verulega úr þessari hættu er einmitt að reyna að stíga hér skrefið til baka aftur, losa okkur út úr þessu ástandi, reyna að losa okkur við hinn erlenda her, reyna að umbreyta þessari herstöð á Keflavíkurflugvelli í friðsamlegan flugvöll, sem væri undir stjórn landsmanna sjálfra. Ef unnið væri að þessu á viturlegan hátt og því lýst yfir, að þjóðin vildi vera hlutlaus í átökum stórvelda og lýsti yfir hlutleysi sínu, þá er enginn vafi á því, að þá yrði ekki hægt að telja, miðað við stöðu Íslands í heiminum, neina verulega stríðshættu hér fyrir okkur Íslendinga. Og svo álít ég, að það sé óhjákvæmilegt að átta sig á því, að þó að menn vilji reyna þær leiðir, sem þetta frv. aðallega fjallar um, til varnar, þó að menn vilji reyna þá leið til þess að bægja frá hættunni að ausa út peningum í byggingu öryggisbyrgja, breytingar á öllum nýjum húsum, sem verða byggð hér eftir, í söfnun alls konar lyfja og matvæla og annars slíks, sem eitthvað mætti lina kvalir þeirra, sem orðið hafa fyrir beinum hernaði eða afleiðingum hernaðar, — jafnvel þó að farið yrði inn á þessa braut, þá getum við Íslendingar, svo fáir sem við erum og vanmegnugir fjárhagslega, sáralitlu áorkað til varnar fyrir þjóðina í nútímahernaði eftir þessari leið. Það er dregið í efa af hinum færustu mönnum, að stórveldin í heiminum, að hinar ríku þjóðir úti í heimi geti nokkuð teljandi gert sér til gagns með því að fara þessar leiðir til að bægja hættunni frá í t. d. kjarnorkustyrjöld, en það er enginn vafi á því, að miðað við alla okkar stöðu, Íslendinga, þá eru möguleikar okkar til þess að hafa eitthvert gagn af slíkum ráðstöfunum eins og þessum margfalt miklu minni en meðal hinna stóru þjóða.

Það er því mín skoðun, að það sé alla vega nauðsynlegt, að hæstv. ríkisstj. fallist á það, að þetta mál fái betri undirbúning en það hefur fengið og að það verði ekki afgr. nú á þessu þingi, heldur verði það eftir umr. um málið hér nú látið liggja til næsta hausts, það verði sent til allra sveitarstjórna í landinu og til annarra aðila í landinu, sem ætlað er samkvæmt frv. að hafa með efni þess að gera í framkvæmd, það verði sent þessum aðilum til umsagnar, svo að umsagnir þeirra geti síðan legið á næsta hausti fyrir Alþingi, en þá verði hins vegar lög sett um þetta efni, sem ég tel fyllilega eðlilegt að gert sé. En þá væri líka hægt að bæta það form, sem ákveðið yrði, stórlega frá því, sem er í þessu frv.

Ég sé, að afgreiðsla þeirrar n. í þinginu, sem haft hefur með mál þetta að gera, hv. heilbr.- og félmn., er þannig, að meiri hl., stuðningsmenn ríkisstj., mælir með frv. óbreyttu, og virðist það vera þannig, að ég hlýt að álíta, að það sé svo, að meiri hl. hafi tiltölulega lítið athugað efni þess, því að ég trúi því varla að óreyndu, að hann viðurkenni ekki, að ýmis ákvæði frv. eru þannig, að þau þarfnast breytinga. En tveir nm., sem skipa minni hl., fulltrúi Alþb. og fulltrúi Framsfl., benda báðir á, að það væri eðlilegt að afgr. frv. þannig, að það yrði lagt fyrir sveitarstjórnarmenn í landinu til umsagnar, og þeir sjá ekki, að það sé nein ástæða til þess, að afgreiðslu þess sé lokið nú á þessu þingi. Fulltrúi Framsfl. hefur einnig lagt hér fram nokkrar brtt. við frv., og í brtt. hans kemur m. a. fram, að hann er í meginatriðum á sömu skoðun og ég hef túlkað, að það á að breyta einmitt grundvallaruppbyggingu þessa frv., þannig að gert sé ráð fyrir því, að frumkvæðið sé hjá sveitarstjórnunum í landinu, en ekki að öllu leyti hjá ráðh., og það er greinilegt, að hann vill einnig miða að því að draga nokkuð úr því gífurlega valdi, sem dómsmrh. yrði fengið samkvæmt þessum lögum. Auðvitað má segja, að næstum öll ákvæði, sem er að finna í frv., geti út af fyrir sig átt rétt á sér undir vissum kringumstæðum. Það geta komið fyrir þau tilvik, að það sé nauðsynlegt að grípa til slíkra ákvæða. En ég álít, að það eigi ekki að vera svo almennar heimildir um þessi atriði, að ráðherra geti, þegar honum býður svo við að horfa, notað þessar heimildir, á þeim tímum, sem við mundum almennt telja venjulega tíma, þó að dómsmrh. ef til vill vildi kalla það hættutíma.

Fulltrúi Alþb. í n. hefur lagt til á þskj. 593, í sínu nál., að frv. verði nú afgr. með rökstuddri dagskrá. Það teldi ég út af fyrir sig líka hið eðlilegasta. Ég vil fyrir mitt leyti undirstrika það, sem kemur líka fram í þeirri rökstuddu dagskrá og afstöðu fulltrúa okkar í n., að við erum ekki á móti því, að löggjöf sé sett um þetta efni og gildandi löggjöf varðandi það víkkuð nokkuð út og taki eðlilegum breytingum. En við teljum, að það liggi ekki á, eins og nú standa sakir, að setja lög í þá átt, sem þetta frv. fjallar um, það megi vel bíða fram á næsta haust. Við teljum einnig, að það sé alveg óhjákvæmilegt að breyta til í verulegum atriðum um ákvæði í frv. og að það sé eðlilegast að byggja þá lagasetningu, sem sett

yrði um þetta efni, einmitt á till. og áliti þeirra aðila í landinu, sem eiga að standa að því að framkvæma lögin og greiða kostnað af þeim að meira eða minna leyti, sem sagt frá fulltrúum sveitarstjórnanna í landinu og ýmsum öðrum aðilum, sem frv. gerir annars ráð fyrir. Þetta teljum við lágmarksatriði, sem eigi að fullnægja, áður en horfið verði að því að setja löggjöf sem þessa.

Ég skal svo ekki lengja mál mitt frekar, enda mun nú fundartíma vera lokið að þessu sinni. En ég endurtek, að ég tel, að æskilegast væri, að hæstv. ríkisstj. féllist á það að fresta afgreiðslu þessa máls nú á þessu þingi.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það hafa nú orðið alllangar umr. um þetta frv., og væri ýmislegt hægt að segja um sitt hvað, sem í þeim hefur komið fram. Ég skal þó leiða hest minn hjá því, en einungis lýsa þeirri skoðun, að margt af því, sem mælt hefur verið á móti þessu frv., hvílir á fullkomnum misskilningi um eðli málsins og ákvæði frv. og tilgang þess. Mér er hins vegar ljóst, að þar sem komið er að þinglokum, þá muni verða erfitt að afgreiða þetta mál, úr því að um það er verulegur ágreiningur, þó að hann hvíli að mestu leyti á misskilningi. Það er einnig svo, að þó að hér sé um mikið nauðsynjamál að ræða, þá er samþykkt frv. á þessu þingi að því leyti ekki aðkallandi, að ríkisstj. hefur nú þegar bæði nægar heimildir til aðgerða og fyrirmæli Alþingis um aðgerðir, þannig að framkvæmdir þurfa ekki að tefjast, þó að málið verði látið bíða hausts, vegna þess að framkvæmdir samkv. frv. þarfnast verulegs undirbúnings, sem fyrirsjáanlega hlýtur að taka marga mánuði, áður en til sjálfra framkvæmdanna kemur. Og hvað sem líður samþykkt þessa frv. á þessu þingi, mun ég þegar í stað gera ráðstafanir til þess, að þetta undirbúningsstarf verði hafið og því haldið áfram, þannig að framkvæmdirnar sjálfar geti hafizt strax eftir að málið hefur fengið meðferð og samþykkt á næsta reglulegu Alþingi Með tilvísun til þessa leyfi ég mér að leggja til, að málið verði afgreitt með svo hljóðandi rökstuddri dagskrá:

„Með samþykkt fjárlaga fyrir 1962 lýsti Alþingi vilja sínum til þess, að almannavarnir skyldu upp teknar, og treystir deildin ríkisstj. til að hefja nú þegar undirbúning þeirra í samræmi við meginreglur þessa frv., m. a. um þátttöku sveitarfélaga í kostnaði, og afla sér með brbl. heimilda til skyndiráðstafana, ef brýna nauðsyn ber til og heimildir gildandi laga um ráðstafanir til loftvarna og annarra varna gegn hættum af hernaðarráðstöfunum verða ekki taldar fullnægjandi. Þar sem nú er orðið áliðið þings og sýnt er, að afgreiðsla frv. muni taka verulegan tíma, en frestun samþykktar þess nú mun samkv. því, sem fyrr greinir, ekki valda töfum á framkvæmdum, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá, enda verði frv. lagt fyrir næsta þing strax og það kemur saman.“

Ég vonast til þess, að þessi till. geti hlotið einróma samþykki deildarinnar, þannig að þetta þurfi ekki að verða að frekari ásteytingarsteini nú.

Ég afhendi forseta tillöguna.

Frsm. 1. minni hl. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Það gleður mig að heyra, að hæstv. dómsmrh. hefur nú flutt rökstudda dagskrá, sem er á þá leið, að málinu verði vikið frá afgreiðslu á þessu þingi, en vitanlega kom mér það ekkert á óvart, sem hann tók fram, að hann mundi hyggja á flutning þessa máls í byrjun næsta þings, og einnig kom mér það ekki heldur á óvart, að hann játaði nú, að það væru til í lögum heimildir, loftvarnalögunum, sem nægja mundu, eins og sakir stæðu, og ef þær ekki dygðu, þá mundi hann afla sér viðtækari heimilda.

En með þessari rökstuddu dagskrá hans er á það fallizt að fresta afgreiðslu málsins á þessu þingi, og það var það, sem ég fór fram á í þeirri rökstuddu dagskrá, sem ég flutti í sambandi við upphaf þessarar umr. Ég rakti þá nokkuð ýtarlega efni frv. og skal nú vera stuttorður, þegar málið hefur nú komizt í þennan farveg, mun ekki fjölyrða um það og skal því nú aðeins fara nokkrum orðum um þau gögn, sem frv. fylgdu, þ. e. a. s. umsagnir þeirra tveggja erlendu sérfræðinga, sem til voru kvaddir fyrir jólin í vetur til þess að fræða Íslendinga um þessi mál. Ég ætla aðeins að drepa á örfá atriði, þó að málið sé komið í þennan farveg, en hefði annars gert það ýtarlegar.

Hershöfðinginn norski, sem kvaddur var til, segir það vera það, sem nauðsynlegast sé að gera allra fyrst, að koma æðstu stjórnarvöldum landsins í öruggt byrgi. Önnur nauðsynlegasta ráðstöfunin, sem hann bendir á, er að undirbúa allsherjarflutning fólks frá a. m. k. 5 km² svæði umhverfis Keflavíkurflugvöll. Þar með viðurkennir hann, að aðalhættustaðurinn á Íslandi sé þar.

Í greinargerð Toftemarks læknis hins danska, er margt að finna, sem ég á ákaflega erfitt með að fella mig við sem sérfræðilegar ráðleggingar og upplýsingar, og sumt af því nærri því ógeðslegt í raun og veru. Þar reiknar hann út í prósentum, hvernig fólkinu muni reiða af, ef hættuástand skapist. Hann telur, að búast megi við, að um 40% særist, en geti þó flokkazt undir það að vera lítt særðir, en fólk, sem verði að komast undir læknishendur þegar í stað, særist svo mikið, t. d. þurfi læknisaðstoð vegna stöðvunar blóðrásar og til þess að halda öndunarfærunum opnum, til meðferðar á taugaáfalli, hann gerir ráð fyrir, að það geti orðið 20% af fólkinu, og í þriðja lagi sært fólk með byrjandi einkenni taugaáfalls, sjúklingar, sem vegna líðunar sinnar geti beðið nokkurrar aðgerðar, geti orðið um 20%, — og svo kemur, og það finnst mér vera á mörkum þess að vera prenthæft, þó að það séu ekki illyrði eða fáryrði nein, en þar segir: Fólk, sem hefur slasazt svo mikið og alvarlega, að ekki megi vegna ríkjandi ástands sjá af hjúkrunarliði eða lyfjum handa því, það telur hann, að muni verða um 20%, og það á bara að láta það liggja, ef það hefur brunasár, sem þekja meira en 40% líkamans, eða hefur opin sár á brjósti og kviði, og enn fremur fólk, sem hefur hver um sig hlotið margs konar alvarleg meiðsli. Það á hvorki að eyða á það hjúkrunarliði né lyfjum, bara láta skrokkana liggja þar, sem þeir eru.

Eitt af því, sem mér þykir líka furðulegt í grg. þessa læknis, sem hingað var fenginn til lands fyrir jólin, er það, þegar hann er að lýsa hinum

ýmsu byrgjum, sem eigi að búa til, og segir: „Sérstakt herbergi þarf að vera fyrir látið fólk“ — fyrir líkin — „og ef til vill annað fyrir geðtruflað fólk,“ en vel getur komið til mála að hafa hið geðtruflaða og líkin saman í herbergi, að því er virðist, og svo þarf að sjá fólkinu fyrir sálusorgara, það er næsta lína við, það er ekkert þarna á milli, næsta lína við: svo þarf að sjá fólkinu fyrir sálusorgara, — og svo er nauðsynlegt að hafa ráð á sendiboða, hlaupara. Sálusorgari og sendiboði og herbergi á að vera þarna, jafnvel sameiginlegt fyrir geðtruflað fólk og líkin. Það má mikið vera, ef þetta kemur ekki furðulega og undarlega fyrir sjónir Íslendingum. Þetta kann að vera bara hversdagslegt tal hjá stríðsþjóðunum, en mér finnst þetta vera furðulegt tal.

Síðar segir hann: „Enda þótt skipulagning greftrunar sé ekki hlutverk hjúkrunarliðsins, er þó mikilvægt, að á slysavarðstöðvunum séu upplýsingar um, hvernig þær geta losnað við látið fólk.“ Enn um líkin.

Að kostnaðarhliðinni víkur hann, og það er einkum hún, sem ég hélt mér við í minni framsöguræðu. Mér stóð stuggur af því, hvílíkar fjárhagslegar byrðar yrðu lagðar á sveitarfélögin og á ríkið, ef heimildir þessa frv. yrðu notaðar. Af skýrslu loftvarnanefndar Reykjavíkur kemur í ljós, að það, sem gert var á árunum 1951—56, sýnist hafa kostað 9 millj. kr. og er þó aðallega birgðir lyfja og niðursuðuvarnings og ábreiður og koddar og þess konar, en bara þessi viðbúnaður drakk til sín um 9 millj. kr. á örfáum árum. Danski læknirinn gefur hugmynd um, hvað Danirnir verja í þetta miklu fé, og hann segir það vera orðið 100 millj. danskra króna, þ. e. a. s. 660 millj. íslenzkra króna. Nú er danska þjóðin að vísu margfalt fjölmennari en sú íslenzka, en danskt land er ekki að stærð nema brothluti af Íslandi, aðeins ⅝ af stærð Íslands, og kostnaðurinn yrði því meiri hér sem við yrðum á okkar stóra landi að líta í mörg horn til þess að gera varnar- og varúðarráðstafanir.

Þegar hann kemur svo að endalokum sinnar ritgerðar, þá segir hann, að hann sé sannfærður um, að ef Íslendingar óski þess og vilji taka virkan þátt í framkvæmd almannavarnanna og ef ríkisstj. og Alþingi vilji styðja málið og veita nægilegt fé til framkvæmdanna, þá muni embættismenn landsins, læknar og annað hjúkrunarlið, geta skipulagt á næstu árum starfsemi, sem á ófriðartímum sé fær um að veita særðum og sjúkum aðhlynningu og þannig takmarka illar afleiðingar þeirrar styrjaldar, sem við öll vonum þó að aldrei komi, en okkur samt sem áður virðist vera skylt að vera viðbúin, segir hann. Höfuðatriðið er auðvitað þetta, að hægt sé að veita nægilega mikið fé til þess. Ef það er gert, segir hann, þá er nokkur von um, að þetta hafi komið að einhverju haldi. En nú er það þó einmitt það, sem menn greinir einna mest á um, þá sem þykjast hafa vit á þeim ógnum, sem geti vofað yfir mannkyninu í nútímastyrjöld, það er það, hvort yfirleitt séu nokkrar varnir, sem geti komið að haldi.

Ég hef hér fyrir framan mig þýðingu af greinarstúf úr brezku blaði. Það er Newsweek, sem talið er tiltölulega heiðarlegt blað. Sérfræðingurinn, sem þar ritar, virðist ekki vera alveg á þeirri skoðun, að það sé hægt með loftvarnabyrgjum, þó að þau hafi nægan styrkleika til þess að standast þann þrýsting, sem kemur af sprengju, að veita nokkra vörn í nútímastríði. Og hann kemst að þeirri niðurstöðu, að það sé ekki hægt, þó að borgarlæknirinn í Reykjavík fræddi okkur um það á fundi í heilbr.- og félmn., að það væri hægt að hafa handknúna loftdælu til þess að tryggja fólki óspillt andrúmsloft, þegar það væri saman komið í byrginu, því að það gerist annað, segja sérfræðingarnir. Ef atómsprengja hefur fallið, þá er hægt að verjast þrýstingnum af sprengingunni, en það er ekki hægt að tryggja sér andrúmsloft á viðáttumiklu svæði frá sprengingarstaðnum, af því að súrefni loftsins brennur upp, og þegar menn ætla í byrgjum sínum að fara að dæla inn til sín lofti, sem hefur ekki súrefni, þá stenzt ekki lífið lengur. Í Newsweek segir, með leyfi hæstv. forseta, þegar það vitnar í skýrslu opinberrar stjórnarnefndar:

„Í þessari skýrslu eru lesendur varaðir við ósönnum auglýsingum um gagnslausar tilfæringar og dýr byrgi, sem aðeins væru líkleg til að verða grafir íbúanna. Aðrir sérfræðingar benda á,“ segir þar, „að byrgin mundu aðeins verja menn gegn geislavirku úrfalli,“ — það er viðurkennt, — „þar sem raunin yrði sú hins vegar, að menn mundu bíða bana af þrýstingi og þó fremur öllu af élstorminum, sem mundi eyða öllu súrefni yfir þeim svæðum, þar sem gert er ráð fyrir að fólk mundi lifa þægilegu og skemmtilegu lífi í byrgjum sínum. Einn af meðlimum vísindamannanefndarinnar, sem fjallar um geislavirkni, er sagður hafa lýst yfir því, að allir, sem lenda í élstorminum, muni farast. Maður, sem er í aðstöðu til að þekkja nákvæmlega skoðanir vísindamanna, segir mér, að hið algenga álit um fullkomna eyðingu á 16 km svæði í allar áttir út frá sprengjustaðnum sé hlægileg bjartsýni, vegna þess að sprengja, sem eyðir öllu á því svæði með þrýstingi, komi af stað élstormi í loftinu, sem eyði hverju tangri og tötri í hring með 320 km radíus. Hugleiðið þetta eitt andartak, og þér munuð sennilega komast að raun um, að áróðurinn, sem hafður er í frammi til þess að telja Ameríkumönnum og öðrum trú um, að aðeins lítill hluti þeirra mundi deyja í atómstyrjöld, er svo samvizkulaus, að hvorugu megin við járntjaldið hefur samvizkulausari áróðri nokkru sinni verið beitt.“

Hér er því haldið fram, að atómsprengja brenni upp súrefnið í loftinu um 300 km vegalengd í allar áttir. Ísland er 500 km frá Bjargtöngum til Gerpis. Það er 250 km radíus. En þarna er sagt, að eldstormurinn eyði súrefninu í 320 km radíus, þ. e. a. s. langt austur í haf og langt vestur í haf, ef sprengja félli á mitt Ísland, og þar sem það er aðeins 300 km frá Dyrhólaey til nyrzta odda landsins, mundi élstormurinn eyða súrefni langt suður í haf og langt norður í haf, út yfir allt Ísland, ef Ísland væri gert að skotmarki á annað borð, og þannig væru menn litlu bættari, þótt þeir hefðu hlaðið múrblokkum fyrir glugga sína og þó að þeir hefðu látið járnbinda rammsterk, skotheld, sprengjuheld virki og byrgi fyrir sig. Allt kæmi þetta fyrir ekki, þegar súrefni væri ekki til staðar í loftinu til þess að anda að sér.

Ef þessar kenningar eru réttar, — og þær eru hafðar eftir vísindamönnum, — þá sýnir það

mönnum dável, hversu lítið það stoðar að rjúka upp til handa og fóta og ætla að verja tugum milljóna í hitt og þetta fálm, sem mönnum er talin trú um, að eigi að vera þeim til varnar. Ég hefði haldið a. m. k., að íslenzkt þjóðfélag hefði nóg með nokkra milljónatugi að gera til annars fremur en að fara út í slíkar aðgerðir, sem enginn veit hvort hefðu nokkra minnstu þýðingu til þess að bjarga mannslífum. Ég er því í sjálfu sér mjög dauftrúaður á gagnsemina, notin, sem gætu orðið af ýmiss konar fálmkenndum vörnum, sem kostuðu of fjár, þótt sjálfsagt sé auðvitað að ætla okkar líknarstofnunum að vera til taks, ef slík ógæfa henti Ísland. En embættabákn á embættabákn ofan, öll þau ráð, sem hér eru nefnd, þau eru mörg, það eru mörg ráðin nýju, sem ég hef aldrei heyrt nefnd á íslenzku máli fyrr, sem gert er ráð fyrir í frv., og allt það embættabákn, það eitt mundi soga til sín stórkostlegar fjárhæðir. Ég álít því, að það sé gott, að hæstv. dómsmrh. hefur fallizt á það, að afgreiðslu þessa máls sé frestað, fólk fái að hugsa sig um, alþingismenn fái að kynna sér þetta mál í ró og næði, — og svo, ef menn eru sama sinnis að hausti, að öllu athuguðu, ríkissjóður og sveitarfélögin reiðubúin til að taka á sig þær fjárhagslegu byrðar, sem af þessu leiðir, þá tekur Alþingi náttúrlega við málinu á ný, og ber það þá að með miklu eðlilegri hætti en nú, því að nú bar það að með mjög skjótum hætti og algerlega ófullnægjandi aðstaða var til þess að kynna sér málið og fylgigögn þess.

Ég skal nú láta máli mínu lokið. Ég hef litla trú, — ég verð að segja það, — á því, að miklar varnir séu gegn atómstyrjöld. Það er allt annað en þegar menn börðust í höggorustu, og það veitir ekkert af því, að menn fái að hugleiða það gaumgæfilega, hvort þeir vilja veita stjórnarvöldum landsins heimildir — kannske til tugmilljóna útgjalda í slíkar ímyndaðar varnir. En ef menn taka þá ákvörðun, þá er bezt, að hún sé gerð að vel yfirveguðu ráði.

Gunnar Jóhannsson: Hæstv. forseti. Ég hafði undir umr. í dag um frv. til laga um almannavarnir kvatt mér hljóðs, en þar sem hæstv. dómsmrh. hefur nú í kvöld flutt tillögu um að fresta afgreiðslu frv. á þessu þingi, vil ég ekki eyða tíma Alþingis í að ræða frekar en orðið er þetta frv. og fell frá orðinu.

Þórarinn Þórarinsson: Hæstv. forseti. Ég er ekki sammála hv. 4. landsk. þingmanni um það, að þetta mál hafi verið eða sé þannig undirbúið af hálfu hæstv. ríkisstj., að það sé ekki vel mögulegt að taka afstöðu til þess á þessu þingi. Ég held þvert á móti, að það séu fá mál, sem hæstv. ríkisstj. hefur lagt fyrir þetta þing, sem hún hefur látið undirbúa öllu betur eða lagt meiri vinnu í heldur en einmitt þetta frv. Það er búið að liggja það lengi hér frammi á Alþingi og hv. þm. getað þess vegna kynnt sér efni þess og aflað upplýsinga í því sambandi, að þess vegna ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu, að það fengi afgreiðslu á þessu þingi. Þrátt fyrir þetta virðist þetta frv. eiga að fá einhverja þá skringilegustu málsmeðferð, sem um getur í þingsögunni, því að ég minnist þess ekki, — það kunna kannske samt að vera fordæmi fyrir því, — að stjórnarfrv. hafi verið vísað frá með dagskrártillögu frá sjálfri ríkisstj., þar sem nánast er að orði komizt eða má lesa á milli línanna, að þetta frv. sé alls ekki nauðsynlegt og það sé engin þörf á því, því að stjórnin hafi þær heimildir í öðrum lögum og samþykktum Alþingis, að málið sé alls ekki aðkallandi. Og ég held, að þetta sé enn þá óvenjulegri afgreiðsla, þegar það er haft í huga, að bæði í umr. hér á Alþingi og eins í blaðaskrifum um þetta mál í málgögnum hæstv. ríkisstj. hefur verið þannig að orði komizt, að þetta sé eitthvert hið mest aðkallandi mál til úrlausnar, sem fyrir þingið hefur verið lagt, og ég man ekki betur en að fyrir tveim dögum væri svo að orði komizt í aðalblaði hæstv. ríkisstj., Morgunblaðinu, að það væri hreinn glæpur, ef ekki væru gerðar tafarlaust þær ráðstafanir, sem um er fjallað í þessu frv., og þess vegna væri afgreiðsla þess mjög aðkallandi. Nú liggur hins vegar fyrir tillaga frá hæstv. ríkisstj., dagskrártillaga, þar sem látin er í ljós alveg gagnstæð skoðun. Ég held, að það verði ekki annað sagt en að þetta sé nokkuð óvenjuleg afgreiðsla.

Annars get ég látið það í ljós sem mína skoðun, að ég held, að ef nauðsyn er á slíkum ráðstöfunum, sem þetta frv. fjallar um, þá væri þeirra kannske aldrei frekar þörf en einmitt á næstu mánuðum eða frá þeim tíma, sem næsta Alþingi kemur saman, og þar á ég við þann þátt frv., sem fjallar um ráðstafanir vegna geislavirkni. Það hefur verið almennt álit sérfræðinga, að geislavirknin af sprengjum Rússa, sem þeir sprengdu á s. l. hausti, mundi verða mest með vorinu, og það veit enginn enn þá, hve mikil hún kann að verða. Við vitum, að það er einnig á næstu grösum eða bendir allt til þess, að Bandaríkjamenn muni hefja kjarnorkusprengingar síðari hluta þessa mánaðar. M. a. í seinustu fréttum hafa þeir lýst ákveðin svæði friðuð eða varað menn við að fara inn á þessi svæði með tilliti til þess, að kjarnorkusprengingar gætu hafizt þar þá og þegar. Og Rússar hafa lýst því yfir, að ef Bandaríkjamenn byrji á þessum sprengingum, þá mundu þeir hefja sprengingar aftur á nýjan leik. Þess vegna geta þeir tímar verið fram undan nú alveg á næstunni, að það sé veruleg þörf fyrir þær ráðstafanir, sem frv. fjallar um, eða jafnvel meiri þörf en nokkurn tíma fyrr og síðar. Þar af leiðandi væri mjög varasamt, ef þessar ráðstafanir á annað borð eru metnar nauðsynlegar og taldar koma að gagni, að það yrði hafður mikill dráttur á þeim. Ég sé hins vegar ekki ástæðu til þess að ræða frekar um þetta að sinni.

En það, sem var aðalástæðan til þess, að ég kvaddi mér hljóðs, var það, að mér finnst, að það væri óvanalegt, ef umræðu málsins eða 2. umr. væri látið lokið nú að þessu sinni, eftir að slík dagskrártillaga hefur komið fram, þar sem tiltölulega fáir þingmenn eru hér á fundi, og dagskrártillaga frá hæstv. ríkisstj. liggur þess vegna ekki fyrir prentuð, og menn hafa ekki haft aðstöðu til þess að kynna sér efni hennar. Ég mundi telja eðlilegt, úr því að svo er komið, að þessi tillaga liggur nú fyrir, að þá væri umr. frestað að þessu sinni, en ekki umr. slitið, þannig að þegar menn væru búnir að sjá tillöguna, þá gæfist þeim kostur á að ræða efni hennar, ef þeim

sýnist svo. Ég er hins vegar ekki að slá neinu föstu um það, að menn létu sér ekki þessa afgreiðslu hæstv. ríkisstj. lynda, fyrst hún telur hana eðlilega og að þetta frv., sem hefur verið svo mikið auglýst, sé ekki eins nauðsynlegt og haldið hefur verið fram. En þinglegust fyndist mér samt sú aðferð vera, eftir að slík tillaga sem þessi dagskrártillaga hefur komið fram og fundurinn er jafnfámennur og raun ber vitni um, að þá væri umr. ekki slitið að þessu sinni, heldur frestað, unz þingmenn hefðu almennt átt kost á að kynna sér efni hennar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 86. fundi í Nd., 7. apríl, var enn fram haldið 2. umr. um frv. (A. 370, n. 546, 593 og 643, 406, 644, 663).

ATKVGR.

Rökstudd dagskrá á þskj. 593 felld með 23:5 atkv.

Rökstudd dagskrá á þskj. 663 samþ. með 20 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu **já**: BK, BBen, GJós, EmJ, GíslJ, JKs, GÍG, JPálm, GÞG, IngJ, JóhH, JR, MÁM, ÓTh, DÓ, SÁ, SI, BGr, BF, RH.

BFB, EðS, EystJ, GíslG, GJóh, ÞÁ, HV, IG, JSk, KGuðj, LJós, SkG, ÞÞ, ÁÞ greiddu ekki atkv.

6 þm. (BP, EOl, GeirG, HS, JP, AGb) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

Eysteinn Jónsson: Hæstv. forseti. Ég er fylgjandi frv. um almannavarnir með þeim breytingum, sem 4. þm. Reykn., Jón Skaftason, leggur til. Flm. frv., ríkisstj. vill nú sjálf vísa frv. frá með rökstuddri dagskrá, sem er mjög sérkennileg. Ég vil engan þátt eiga í því, hvað hv. flm. og stuðningsmenn þeirra gera við frv. sitt, fyrst þeir vilja ekki láta það ná fram að ganga, og greiði því ekki atkv.

Hannibal Valdimarsson: Hæstv. forseti. Alþb. hafði borið fram till. til rökstuddrar dagskrár um að vísa málinu frá og fresta afgreiðslu þess til næsta þings, en sú rökstudda dagskrá hefur nú verið felld. Við þm. Alþb. erum því að sjálfsögðu samþykkir, að afgreiðslu þessa máls sé frestað til næsta þings, eins og felst í þessari rökstuddu dagskrá, en hins vegar erum við andvígir forsendum hennar og munum því sitja hjá við atkvgr.

Þórarinn Þórarinsson: Hæstv. forseti. Ég tel það óþinglega málsmeðferð hjá hæstv. forseta að fallast ekki á þau tilmæli hér í gærkvöld, að umr. yrði ekki slitið, áður en þm. hefði gefizt kostur á að íhuga þessa frávísunartill. betur, en hún kom fram seint á kvöldfundi, þar sem fáir deildarmenn voru viðstaddir, og henni var ekki heldur útbýtt prentaðri, svo að þeir, sem voru viðstaddir, gætu kynnt sér efni hennar. Af þeim ástæðum var hvorki tími né aðstaða til að bera fram brtt. Ég tel þessa málmeðferð hæstv. forseta enn meira óviðunandi vegna þess, að ég álít, að hér sé um mikilsvert mál að ræða. Að öðru leyti vísa ég til grg. hv. form. þingflokks Framsfl. og greiði ekki atkv.

Forseti (RH): Út af þessum ummælum hv. þm. sé ég ástæðu til að taka fram, að frá mínu sjónarmiði er ekkert óþinglegt við það að ganga til atkv. um dagskrártill., sem fram kemur á fundi, sem öllum þdm. var kunnugt um og löglega til boðað. Það þarf væntanlega ekki að benda hv. 7. þm. Reykv. (ÞÞ) sérstaklega á skyldu þm. til að vera viðstaddir meðferð mála í þinginu. Enn fremur lagði hann sérstaka áherzlu á, að till. hefði komið fram seint á kvöldfundi. Ég veit nú ekki nákvæmlega, hvað klukkan hefur verið, en ég geri ráð fyrir, að hún hafi verið eitthvað liðlega 9 í gærkvöld. Það atriði út af fyrir sig skiptir ekki máli, en að þetta sé óþingleg meðferð, því vil ég eindregið mótmæla.

2. Almannatryggingar (frv. IRH og GeirG).

Á 15. fundi í Sþ., 15. nóv., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um breyt á l. nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar** [78. mál] (þmfrv., A. 100).

Á 23. fundi í Nd., 21. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Ingi R. Helgason): Hæstv. forseti. Hv. þingdeildarmenn. Ég og hv. 7. landsk., Geir Gunnarsson, höfum leyft okkur að flytja hér frv. á þskj. 100, til l. um breyt. á lögunum um almannatryggingar. Efni þessara breyt. frv. okkar er raunar mjög skýrt og einfalt, og ég þarf ekki að hafa um það mörg orð. Það er í fyrsta lagi fólgið í því, að íþróttafólk, sem tekur þátt í íþróttaiðkunum, hvort sem um er að ræða æfingar, sýningar eða keppni, skuli falla undir ákvæði almannatryggingalaganna um fullkomna slysatryggingu líkt og launþegar. Annað ákvæði þessara brtt. er það, að tryggingaiðgjöldin skuli skiptast á ríkissjóð og íþróttafélögin í landinu á þann hátt, að ríkissjóður greiði ¾ iðgjaldanna á móti íþróttafélögunum, sem greiða ¼. Efni þessa frv. er raunar ekki nýtt af nálinni, og ég vænti þess, að það komi ekki hv. þdm. neitt á óvart. Frv. sama efnis, svipaðs eðlis var flutt af Hermanni Guðmundssyni, hv. þáv. þm., hér á Alþingi 1946 og 1947, og mál þetta hefur verið ofarlega á dagskrá íþróttasamtakanna í landinu nú um langt árabil. Það er alveg óþarfi að fjölyrða um hin almennu rök, sem hníga að því að gera þessa breytingu á almannatryggingalögunum. Hér er um að ræða eitt þeirra réttlætismála, sem engin spurn er um, ef það er skoðað niður í kjölinn af sanngirni og réttsýni.

Ég veit, að hv. þm. er fullljóst, við hvaða réttarstöðu og við hvaða öryggi íþróttaiðkendur í landinu búa. Ekki alls fyrir löngu kom til mín maður, nemandi, sem hafði orðið fyrir því á íþróttaæfingu, að annar íþróttamaður hafði kastað í hann kringlu, með þeim afleiðingum, að hann meiddist mikið og var frá vinnu raunar í hálft annað ár. Hann kom til mín og spurði

mig um réttarstöðu sína. Hún var sú, að hann féll ekki undir almannatryggingalögin. Það kom til álita, að hann ætti eftir hinum almennu skaðabótareglum kröfurétt um bætur á hendur þeim, sem kastaði kringlunni, a. m. k. hálfar bætur, þar sem þeir voru að leik. En á þessar reglur hins almenna skaðabótaréttar reyndi ekki af þeim ástæðum, að drengurinn, sem kastaði kringlunni, og móðir hans, sem hann bjó hjá, voru allsendis ófær að bæta það tjón, sem orðið var. Hér á Suðurnesjum gerðist það, að ungan og efnilegan mann langaði til að ganga í íþróttafélag og taka upp íþróttaiðkanir, og hann gekk í íþróttafélagið, sem er stutt af hinu opinbera. Hann langaði til að iðka stangarstökk, og eitt sinn, er hann var í stangarstökki, brotnaði stöngin og hann datt. Hann hryggbrotnaði og er nú lamaður og spelkaður. Réttarstaða þessa manns er slík, að hann heyrir ekki undir ákvæði almannatryggingalaganna. Til álita kom að eiga bótarétt á íþróttafélagið vegna þess, að stöngin hefði verið illa úr garði gerð, en það reyndist ekki vera. Ég þarf ekki að telja upp dæmi þessa. Hér er um augljóst mál að ræða, og ég vænti þess, að þetta efni frv. komi hv. þdm. ekki á óvart.

Við íþróttaiðkanir má segja að sé uppi svipuð slysahætta og við margs konar atvinnu og ekki óeðlilegt, að íþróttamenn falli undir ákvæði almannatryggingalaganna, þau sem launþegar almennt falla undir. Það frv., sem Hermann Guðmundsson flutti hér 1947, náði ekki fram að ganga, þar breytingar hafa ekki orðið á almannatryggingalögunum, sem raun ber vitni um, og íþróttahreyfingin í landinu hefur reynt á eigin spýtur að bæta úr því öryggisleysi, sem íþróttamenn almennt eiga við að búa, en það er hið sanna í málinu, að íþróttahreyfingin hefur ekki haft fjárhagslegt bolmagn til þess að koma þessum tryggingum á.

Þegar almannatryggingalögin voru endurskoðuð 1956, fékkst inn í þau breyting þess efnis, að undir ákvæðin um almennar og frjálsar tryggingar á vegum ríkistrygginganna var bætt inn ákvæði um, að íþróttamenn gætu fallið þar undir, og íþróttahreyfingin hefur farið fram á það við Tryggingastofnun ríkisins, að hún gerði sér tilboð um, hvaða iðgjöld þyrfti til þess, að um 3000 íþróttamenn gætu verið í hinum frjálsu tryggingum Tryggingastofnunarinnar. En kjörin, sem Tryggingastofnunin bauð, voru þannig, að íþróttahreyfingin treysti sér ekki til að ganga að þeim og hefur þess í stað haft á prjónunum að koma upp sérstökum sjóði, slysatryggingasjóði, hjá sér, sem gæti því miður aðeins veitt takmarkaðar bætur, sjúkrakostnað og dagpeninga, en hvergi nærri örorkubætur eða dánarbætur.

Mér sýnist einsýnt, ef af réttsýni er litið á málið, að löggjafarvaldið, sem með sínu fjárveitingavaldi styður að íþróttahreyfingunni í landinu og hennar starfsemi af opinberu fé, geti ekki boðið því íþróttafólki, sem á þeim vettvangi stundar íþróttaiðkanir, upp á það öryggisleysi, sem þetta fólk á við að búa og ljóst er af dæmum, sem ég veit að hv. þdm. er öllum kunnugt um. Það kann að vera seinna meir, þegar lengra er komið um byggingu íþróttamannvirkja í landinu, að íþróttafélögin verði þess megnug fjárhagslega að standa undir fullkomnum slysabótum fyrir íþróttafólk, og það færi vel, ef svo yrði, og mætti þá, eins og segir í grg. þessa frv., endurskoða þessi breytingarákvæði til samræmis við þau breyttu viðhorf. En eins og nú er, sýnist ekki mögulegt að koma fullkomnum slysabótum og slysatryggingum á fyrir íþróttafólk á vettvangi eða innan vébanda íþróttasamtakanna með öðrum ráðum en þeim, að Alþingi og fjárveitingavaldið hlaupi þar undir bagga og greiði þrjá fjórðu af tryggingaiðgjöldunum á móti íþróttafélögunum.

Það segir enn fremur í þessum brtt. okkar, að kveða skuli nánar á um efnið í reglugerð um almennar slysatryggingar íþróttamanna, þ. e. a. s. um viðfeðmi trygginganna og takmörk þeirra, og ég veit, að Íþróttasamband Íslands og Ungmennafélag Íslands munu reiðubúin til þess að ræða og semja um þá hluti við löggjafarvaldið eða við þann ráðherra, sem gæfi út reglugerð á grundvelli þessara breytinga, ef að lögum yrðu, svo að þessum málum yrði komið í farsælt horf.

Ég vil rétt aðeins að lokum geta þess, að það eru að vísu fleiri en launþegar í þröngum skilningi, sem falla undir ákvæðin um slysatryggingar. Sú grein, sem við flytjum okkar brtt. við, er 32. gr. í núverandi lögum um almannatryggingar frá 1956. Þar segir m. a., með leyfi hæstv. forseta: „Um eftirtalda menn gilda sömu reglur og um launþega: a. Nemendur við iðnnám samkv. lögum nr. 46 1949. b. Útgerðarmenn, sem sjálfir eru skipverjar. c. Ökumenn á eigin ökutækjum og stjórnendur aflvéla. d. Þá, sem vinna að björgun manna úr lífsháska."

Brtt. okkar er fólgin í því að bæta þarna við e-lið, sem hljóðar þannig: „Íþróttafólk, sem tekur þátt í íþróttaiðkunum, hvort heldur er æfingum, sýningum eða keppni, og orðið er 16 ára."

Ég tel svo óþarft að fjölyrða frekar um málið og legg til, að því verði vísað til 2. umr. og til heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 24 shlj. atkv.

Á 71. og 72. fundi í Nd., 22. og 23. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 73. fundi í Nd., 24. marz, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 100, n. 418).

Frsm. (Hannibal Valdimarsson): Hæstv. forseti. Þetta frv. á þskj. 100 er þess efnis, að inn í almannatryggingalögin komi ákvæði um það, að íþróttafólk, sem tekur þátt í íþróttaiðkunum, hvort heldur æfingum, sýningum eða keppni, og orðið er 16 ára, skuli njóta þar tryggingar. Þessari tryggingu er hugsað að koma þannig fyrir, að íþróttafélögin sjálf greiði ¼ af iðgjöldunum fyrir íþróttafólkið, en ríkissjóður ¾ iðgjaldanna.

Þetta frv. var tekið fyrir í n. á einum 2—3 fundum og sent til umsagnar Tryggingastofnunar ríkisins, Íþróttasambands Íslands og Ungmennafélags Íslands. Í umsögn Tryggingastofnunarinnar kemur fram, að hún viðurkennir fyllilega þörf þess, að allir íþróttamenn séu tryggðir, en lætur hins vegar í ljós, að alveg eins sé hægt að

hugsa sér frjálsa tryggingu, að því er þessa starfsemi snerti. En um Íþróttasamband Íslands og Ungmennnafélag Íslands er það að segja, að þau félagssamtök mæla hvor tveggja með því, að frv. verði samþykkt.

Það kom fram í umræðum manna í heilbr.- og félmn., að allir nm. töldu vera þörf á því, að íþróttafólk væri tryggt, hvort heldur það starfaði við æfingar, sýningar eða keppni, og væri þannig ekki í þeirri áhættu, ef það verður fyrir slysum, að fá þar engar bætur á. Íþróttaiðkun í landinu er vissulega þjónusta við þjóðfélagið, menningarleg þjónusta og þjónusta við heilbrigðismál **þjóðarinnar einnig, og mönnum mundi þykja mjög miður, ef unga** fólkið legði af að stunda íþróttir. Margir íþróttamenn okkar hafa og veitt þjóð sinni heiður og sóma á erlendum vettvangi í íþróttakeppni á alþjóðasviði íþrótta, og er ekki óeðlilegt, að þjóðfélagið meti slíkar dýrgðar dáðir ungra manna nokkurs.

Hins vegar er það svo, að það fellur ekki undir almannatryggingarnar að tryggja íþróttafólkið við æfingar og í keppni, og hefur margur frækinn íþróttamaður slasazt við íþróttaiðkanir, án þess að geta fengið bætur hjá tryggingunum vegna þess, en eins og allir vita, er allmikil slysahætta bundin við kappsamlega iðkaðar íþróttir. Nm. voru allir þeirrar skoðunar, að þessa væri þörf. Og það var vilji þeirra, að jákvætt væri tekið á þessu máli. Hins vegar fékkst þó ekki samkomulag um í nefndinni að mæla með frv., meiri hl. nm. fékkst ekki til þess, en hins vegar voru þeir fúsir til að standa að rökstuddri dagskrá, sem væri á þá leið, að nefndin treysti því, að félmrh. ritaði nefnd þeirri, sem nú vinnur að endurskoðun vissra þátta almannatryggingalaganna, og legði fyrir hana að taka einnig til athugunar tillögur um slysatryggingar íþróttafólks, og að í trausti þess, að hæstv. ráðh. vildi gera þetta, þá tæki deildin fyrir næsta mál á dagskrá. Þessi rökstudda dagskrá er efnislega mjög eindregin og jákvæð með málinu og fer sem sé fram á þetta, að hæstv. félmrh. mundi vilja leggja það fyrir þessa endurskoðunarnefnd tryggingalaganna, sem hefur að vísu samkv. sínu erindisbréfi ákveðna þætti til endurskoðunar, að taka einnig þennan þátt tryggingamálanna með til athugunar og þá væntanlega að fengnum jákvæðum meðmælum hæstv. ráðh. og þessarar þingnefndar um, að nokkrar tryggingar fengjust þá teknar inn í tryggingalöggjöfina að því er snertir íþróttafólk.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta mál, en um þetta fékkst nefndin til að vera sammála, og rökst. dagskráin túlkar vilja nefndarinnar, eins og hann kom fram í heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Rökstudd dagskrá á þskj. 418 samþ. með 23 shlj. atkv.

---

3. Almannatryggingar (frv. GeirG og HV).

Á 2. fundi í Sþ., 12. okt., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar** [25. mál] (þmfrv., A. 25).

Á 10., 11. og 12. fundi í Nd., 31. okt., 2. og 3. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 13. fundi í Nd., 6. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Geir Gunnarsson): Hæstv. forseti. Svo sem fram kemur í grg. með frv. því, sem hér er til umr., var það flutt á síðasta þingi, en það varð þá ekki útrætt. 1. gr. frv. er svo hljóðandi:

„Við 38. gr. laganna (þ. e. a. s. laga um almannatryggingar) bætist:

Um sjómenn gilda svo hljóðandi sérákvæði: Sérhver skipverji, sem starfar á íslenzku skipi, er tryggður gegn öllum slysum, hvort heldur þau verða um borð í skipi eða í landi, fyrir 200 þús. kr., miðað við fulla örorku. Upphæðin greiðist aðstandendum hlutaðeigandi skipverja, ef hann deyr, en honum sjálfum, ef hann verður óvinnufær að dómi læknis. Trygging þessi skerðir ekki rétt skipverja til greiðslu úr lífeyrissjóði sjómanna. Kostnaður af sértryggingu þessari greiðist að hálfu af almannatryggingum og að hálfu af útgerðarmönnum samkvæmt reglugerð, er félmrh. setur að fengnum tillögum tryggingaráðs."

Við 1. umr. um frv. þetta á síðasta þingi gerði ég grein fyrir þessu máli og tel ekki þörf á að endurtaka það, sem þá var rakið því til stuðnings, en vil þó fara um að nokkrum orðum.

Í kjaradeilu sjómanna á vélbátaflotanum s. l. vetur gerðu sjómenn kröfu til þess, að þeim yrðu tryggðar 200 þús. kr. bætur vegna fullrar örorku eða dauðaslysa umfram bætur almannatrygginganna. Þessa sértryggingu höfðu þá ýmis önnur samtök sjómanna fengið með kjarasamningum. Í kjaradeilu sjómanna á vélbátaflotanum sömdu ýmis sjómannafélög án þess að fá fram ákvæði í samningum um sértryggingu þessa, en önnur höfðu sigur í málinu eftir nokkurt verkfall. Þess vegna er svo háttað um líftryggingu sjómanna í dag, að sumir þeirra hljóta 200 þús. kr. sértryggingar, en aðrir ekki.

Naumast ætti að þurfa að færa fram rök fyrir því, að sanngjarnt er, að sjómenn njóti sérstakrar líftryggingar fram yfir aðra landsmenn. Allir landsmenn eiga afkomu sína og lífskjör undir starfi hinna tiltölulega fáu sjómanna. Lífsafkoma þjóðarinnar, allt, sem landsbúar geta veitt sér, en sjómenn þó minnst notið, er háð því, að einhverjir og nægilega margir þegnar þjóðfélagsins fáist til þess að hætta lífi sínu og limum við sjósókn. Öll þjóðin nýtur þeirra verðmæta, sem sjómenn afla í þjóðarbúið, og sú þjóð, sem þannig nýtur starfa þessara manna, á sem heild að tryggja það, að fjölskyldur, sem eiga fyrirvinnu sína á sjónum, búi a. m. k. við nokkra fjárhagslega tryggingu, ef sjósóknin kostar þá fyrirvinnu lífið. Það er í rauninni hið allra minnsta, sem hægt er að ætlast til.

Hætturnar sjálfar, sem starfi sjómanna fylgja, er ógerlegt að koma með öllu í veg fyrir. Við vitum það öll, sem fasta landið höfum undir fótum, ekki síður en sjómenn sjálfir, að í byrjun hverrar vertíðar er það fyrir fram líklegast, að hin harða og óhjákvæmilega sjósókn kosti mannslíf. Þessi yfirvofandi hætta verður þó ekki til þess, að sjómenn dragi sig í hlé og hverfi til áhættuminni starfa í landi. En vegna hennar hafa þeir orðið að taka upp baráttu fyrir því, að fjölskyldur þeirra hljóti a. m. k. nokkrar fjárhagsbætur, ef illa fer, svo að slysin kalli ekki auk alls annars yfir fjölskyldur þeirra algert öryggisleysi og fjárhagsvandræði.

Aukinni áhættu er mætt með aukinni tryggingu. Um það höfum við dæmi, svo sem bent er á í grg. þessa frv. Þegar menn leggja upp í ferðalög, sem talið er að fylgi einhver slysahætta, kaupa þeir sér gjarnan sérstaka háa ferðatryggingu, og hinni sérstöku hættu, sem sjómönnum er stofnað í, á auk slysavarna að mæta með sérstakri slysatryggingu. En er það sæmandi þjóðfélagi, sem allt byggir á hinu áhættusama starfi sjómanna, að þeir skuli sjálfir þurfa að heyja baráttu fyrir sérstakri fjárhagstryggingu þeirra fjölskyldna, sem gjalda sjósóknina með mannslífum?

Það er leitt til þess að vita, að störf sjómanna skuli enn ekki vera metin meira en það, að fyrir líftryggingu þeirra er ekki betur séð en svo, að verulegur hluti sjómanna á vélbátaflotanum nýtur engrar sértryggingar og sú trygging, sem aðrir sjómenn hafa þó sjálfir náð fram, styðst aðeins við ákvæði í uppsegjanlegum kjarasamningum. Og þar sem kjarasamningar sjómannafélaga ná ekki til sjómanna á bátunum undir 12 tonnum að stærð, fæst sértrygging sjómanna, sem á þeim vinna, ekki fram á þann hátt, og er lífshættan á þeim þó ekki minnst. Það er fráleitara en svo, að um þurfi að ræða, að upphæð fjárbóta til þeirra, sem fyrir hörmulegum áföllum verða við sjóslys, skuli vera háð því, á hvaða báti fyrirvinnan hefur verið, og bætur til sumra aðstandenda sjómanna skuli ekki vera nema þriðjungur af því, sem aðrir fá. Þess eru jafnvel dæmi, að sjómenn njóta á sama bátnum sértryggingar á dragnótaveiðum, en ekki á öðrum veiðum. Allt er þetta fyrirkomulag óréttlátt og til vansæmdar og kominn tími til þess, að lögfest verði sérstök líftrygging til allra sjómanna. Upphæð bótanna, 200 þús. kr., er í frv. þessu hin sama og um er að ræða í kjarasamningum sjómannafélaga. Sú upphæð er þó sannarlega lægri en vera bæri, naumast hálft íbúðarverð og nú þegar verðminni en þegar frv. var flutt s. l. vetur.

Síðan frv. þetta var flutt á síðasta þingi, hafa orðið mörg hryllileg slys á sjónum, slys, sem hafa rækilega sannað nauðsyn lagasetningar um líftryggingu fyrir alla sjómenn, þar sem fyrir suma, sem farizt hafa, eru aðeins greiddar 90 þús. kr. bætur úr almannatryggingunum, en aðra þó 290 þús. kr. vegna sértryggingarinnar.

Afleiðingar þess, að máli þessu var ekki tryggður framgangur á síðasta þingi, bitna nú á ýmsum sjómannafjölskyldum, og ég vildi mega vænta þess, að ef sú hv. n., sem um frv. þetta fjallar, leggur til, að það verði samþykkt í einni eða annarri mynd, þá verði bæturnar látnar ná aftur til síðustu vertíðarbyrjunar, þannig að bætur verði greiddar vegna þeirra slysa, sem orðið hafa eftir 1. jan. 1961 og ekki eru bætt með öðrum sértryggingum samkv. kjarasamningum sjómannafélaga.

Það er sannarlega ekki sæmandi þeim, sem njóta starfa sjómanna, að láta þá þurfa sjálfa með styrk stéttarsamtaka sinna að berjast fyrir sjálfsögðum réttindum. Ekki bætir það hlut landsmanna gagnvart þeim sjómönnum, sem njóta ekki sértryggingar, þ. e. a. s. hásetum á nokkrum hluta vélbátaflotans, ef frv. um úrbætur í þessu efni á að þurfa að bera fram á mörgum þingum. Þess vegna leyfi ég mér að vænta þess, að mál þetta nái fram að ganga á þessu þingi í einni eða annarri mynd og það fyrir næstu vetrarvertíð. Til þess er nægur tími.

Ég vil á sama hátt og er frv. þetta var áður flutt leggja áherzlu á, að það fyrirkomulag, sem hér er lagt til að viðhaft verði um sértryggingar sjómanna, er okkur flm. ekkert aðalatriði. Hver skynsamleg tillaga til bóta í því efni er þakkarverð. Aðalatriðið er, að á þessu þingi og helzt fyrir næstu áramót verði lögfest sérstök líftrygging fyrir alla sjómenn, ekki lægri en 200 þús. kr. Sú upphæð er að vísu of lág, en væri þó mikils virði.

Ég leyfi mér, hæstv. forseti, að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 27 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Nd., 15. marz, utan dagskrár, mælti

Hannibal Valdimarsson: Hæstv. forseti. Á síðasta þingi fluttum við tveir þm. Alþb. frv. til l. um breyt. á lögum um almannatryggingar eða nánar tiltekið um dánarbætur og slysabætur sjómanna. Þetta frv. endurfluttum við í upphafi þessa þings og var því vísað til heilbr.- og félmn. Málið var tekið nokkrum sinnum fyrir í nefndinni, og síðan klofnaði hún um málið í febrúarmánuði, og gaf minni hl. þá þegar út nál. Nú er komið fram í miðjan marzmánuð, og enn þá hefur nál. meiri hl. heilbr.- og félmn. ekki séð dagsins ljós, og þykir mér illur dráttur orðinn á því. Nógu illt er við það að una, að mál stjórnarandstöðunnar verði yfirleitt kistulögð í nefnd. En þegar nefndir hafa afgreitt þau frá sér, má þó ekki minna vera en meiri hl. beiti ekki þeim ráðum að komast hjá umr. um málin og tefja framkvæmd þeirra og afgreiðslu með því að skila ekki nál. Ég vil snúa mér til hæstv. forseta deildarinnar og biðja hann að hlutast til um, að meiri hl. heilbr.- og félmn. skili áliti um þetta mál, þannig að hægt verði að taka málið til áframhaldandi meðferðar í hv. deild. En fari svo mót von minni, að ekki fáist fram nál. meiri hl., ber ég fram ósk við hæstv. forseta, að málið verði þá þrátt fyrir það tekið á dagskrá og tekið til umræðu.

Forseti (RH): Ég leyfi mér að beina því til hv. heilbr.- og félmn. að hraða afgreiðslunni á þessu máli.

Á 71. fundi í Nd., 22. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 72. fundi Nd., 23. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 25, n. 329 og 429).

Frsm. meiri hl. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Meiri hl. heilbr.- og félmn. leggur til, að frv. á þskj. 25 verði vísað frá með rökstuddri dagskrá, eins og fram kemur í nál. okkar á þskj. 429. Minni hl., þeir Hannibal Valdimarsson og Jón Skaftason, leggur hins vegar til, að frv. verði samþykkt, sbr. nál. þeirra.

Í umsögn Tryggingastofnunar ríkisins um frv., sem birt er sem fskj. I með nál. minni hl. n., segir svo um ýmsa ágalla á frv., með leyfi hæstv. forseta:

„Í sambandi við einstök atriði frv. má að öðru leyti benda á eftirfarandi:

1) Ákvæði um örorkubætur slysatrygginga eru í 37. gr., en ákvæði um dánarbætur í 38. gr. almannatryggingalaga. Með tilliti til efnisskipunar færi því betur á, að 1. gr. frv. væri skipt í tvennt, þ. e. viðbót við 37. gr. og viðbót við 38. gr.

2) Ef ákvæðin eru ekki bundin við lögskráða sjómenn, getur oft leikið vafi á, hvort um sjómann er að ræða eða annan launþega, sem starfar við bát eða skip.

3) Þörf virðist vera á skýrum ákvæðum um, hverjir skuli teljast aðstandendur.

4) Í frv. segir, að útgjöld þau, sem af viðbótartryggingunum leiðir, skuli greiðast að hálfu af almannatryggingum. Þar eð hér er um að ræða þrjár tryggingagreinar, lífeyris-, slysa- og sjúkratryggingar, þar sem hver grein fyrir sig hefur sérstakan fjárhag, er þörf skýrari ákvæða um þetta efni."

Allar þessar ábendingar Tryggingastofnunar ríkisins eru réttmætar, og þau atriði, sem um er fjallað, þurfa lagfæringar með frá því, sem er í frv. Tökum t. d. síðasta atriðið. Naumast getur það vakað fyrir hv. flm., að lífeyris-, slysa- og sjúkratryggingar almannatrygginga skuli bera kostnað af hinni nýju tryggingu samkv. frv., þó að orðalagið gefi þetta til kynna. Hitt mun sönnu nær, að fyrir hv. flm. vaki það, að sömu aðilar og nú greiða iðgjöld til almannatrygginga, þ. e. a. s. ríki og sveitarfélög og e. t. v. hinir tryggðu, skuli greiða iðgjöldin að hálfu á móti útgerðarmönnum. Þar með væri tekin upp ný regla um þetta atriði, því að atvinnurekendur hafa til þessa einir greitt iðgjöld vegna slysatrygginga. Þetta atriði í ábendingum Tryggingastofnunar ríkisins og aðrar gagnlegar aths. lætur hv. minni hl. heilbr.- og félmn. algerlega fram hjá sér fara og leggur einfaldlega til, að frv. verði samþ.

Þessir ágallar á frv. skipta þó ekki mestu máli varðandi afstöðu meiri hl. n. til frv., heldur hitt, að ef það verður að lögum, tryggir það einni stétt hærri slysa- og dánarbætur en öðrum stéttum. Það getur auðvitað verið mismunandi, hvað hinar ýmsu stéttir leggja mikið upp úr slíkum bótum eða hvað þær meta þær hátt til hlunninda í kjarasamningum sínum. Er ekkert nema gott um það að segja, að einstakar stéttir, sjómenn og aðrir, sjái hag sínum vel borgið hvað þetta snertir, og fyrir atvinnurekendur er sjálfsagt að tryggja starfsfólk sitt sem rækilegast og þar með sjálfa sig fyrir kröfum, sem á þá kunna að falla vegna slysa og dauðsfalla. Aftur á móti er það varla á færi Alþingis eða Tryggingastofnunar ríkisins að gera upp á milli hinna ýmsu stétta í þessu efni, þótt þær lágmarkskröfur, sem gilda skuli almennt, séu lögákveðnar, eins og nú er. Verður því alltaf að gera ráð fyrir, að frjálsar tryggingar taki að einhverju leyti við, þar sem almannatryggingum sleppir, varðandi upphæðir slysa- og dánarbóta. Því fráhvarfi, sem frv. gerir ráð fyrir frá þeim reglum, sem nú gilda, er greinilega varað við í áðurnefndri umsögn Tryggingastofnunar ríkisins, þar sem vitnað er í nál. endurskoðunarnefndar almannatryggingalaga, dags. 23. nóv. 1959. Þar segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Ekki verður komið auga á skynsamlegar ástæður fyrir því, að t. d. kona, sem missir mann sinn af slysförum við vegavinnu, fái aðeins kr. 19143.34 í dánarbætur, á sama tíma og kona, sem missir mann sinn, sem er sjómaður, fái kr. 87130.84. Nefndin telur rétt, að dánarbætur verði hinar sömu fyrir alla."

Till. n. um þessa meginreglu var staðfest með l. nr. 13 1960 ásamt mörgum mikilvægum breytingum, sem þá voru gerðar á lögunum um almannatryggingar. Samtímis voru dánarbætur hækkaðar í 90 þús. kr. fyrir alla. Var það minnst hækkun vegna sjómanna, sem áður voru í rúmlega 87 þús. kr., en höfðu nýlega fengið þá hækkun, en meiri hækkun vegna annarra, sem áður voru í rúmlega 19 þús. kr., eins og um var getið áðan. Rétt er að geta þess, að við slysa- og dánarbæturnar bætist nú 13.8% hækkun. Einnig má á það benda, að dánarbætur geta orðið rúmlega 200 þús. kr., og eins, að þær geta verið minni en 90 þús. kr., allt eftir fjölskylduástæðum hinna látnu.

Enda þótt slysa- og dánarbætur væru samræmdar og hækkaðar 1960, er það skoðun okkar, sem skipum meiri hl. n., að bæturnar þurfi enn að hækka verulega með hliðsjón af síðari verðbreytingum. Enn fremur er það skoðun okkar, að ekki eigi að hverfa aftur frá þeirri reglu, að almannatryggingar greiði sömu bætur vegna allra tryggðra, hvar í stétt sem þeir eru. Þessi sjónarmið höfum við rætt við hæstv. félmrh. Hefur hann falið nefnd þeirri, sem nú starfar að endurskoðun almannatryggingalaganna, að láta málið til sín taka og semja tillögur um hækkun bótanna. Fleiri atriði þarf einnig að athuga í þessu sambandi, m. a. vegna þess, að talsverður munur er á slysa- og dánarbótum þeim, sem almannatryggingar greiða, og bótum þeim, sem greiddar eru, þegar um frjálsa tryggingu er að ræða. Munurinn er m. a. sá, að slysatrygging almannatrygginga greiðir í mörgum tilfellum lífeyri og barnalífeyri og tekur þá jafnframt tillit til framfærslubyrði við ákvörðun bóta, en að því er mér skilst, greiða frjálsu tryggingarnar aðeins bætur eitt skipti fyrir öll. Málið er þess

vegna ekki svo einfalt, að nægilegt sé að ákveða upphæð dánarbótanna eingöngu. En meiri hl. heilbr.- og félmn. væntir þess, að endurskoðun laganna verði hraðað eftir föngum hvað umrædd atriði snertir, og í því trausti flytjum við dagskrártillöguna á þskj. 429. Mæli ég með því fyrir hönd meiri hl. heilbr.- og félmn., að sú till. verði samþykkt.

Frsm. minni hl. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Frv. til l. um breytingu á lögum um almannatryggingar, þess efnis, að sérhver skipverji, sem starfar á íslenzku skipi, sé tryggður gegn öllum slysum, hvort heldur þau verða um borð í skipinu eða í landi, fyrir 200 þús. kr., miðað við fulla örorku og dauða, og að upphæðin greiðist aðstandendum hlutaðeigandi skipverja, ef hann deyr, en honum sjálfum, ef hann verður óvinnufær að dómi læknis, var flutt af hv. 7. landsk. og mér á síðasta þingi. Þá tókst hv. heilbr.- og félmn. að liggja á málinu til þingloka, svo að ekki fékkst afgreiðsla á því í það sinn. Þess vegna var það, að við ákváðum í byrjun þessa þings að flytja þetta mál í sama formi á ný, og það gerðum við fyrstu daga þingsins. Ber þskj. það með sér. Þetta er 25. mál þingsins og þskj. 25, og hefur því málið legið fyrir öllu þessu þingi einnig.

Þegar málinu hafði verið vísað til heilbr.- og félmn. í þingbyrjun, var ákveðið að senda þetta mál til umsagnar nokkrum aðilum: Tryggingastofnun ríkisins, Landssambandi ísl. útvegsmanna, Sjómannasambandi Íslands, Alþýðusambandi Íslands, Vinnuveitendasambandi Íslands. Svo var málið auðvitað látið bíða í skauti nefndarinnar, þangað til þessar umsagnir bærust. Og þær bárust. Það komu umsagnir frá öllum þessum aðilum, og nefndin tók þá málið fyrir fljótlega og ræddi það og athugaði hin fram komnu ummæli þessara fyrirtækja og stofnana.

Við athugun á umsögnunum kom það í ljós, að Tryggingastofnun ríkisins lagði ekkert til um afgreiðslu málsins, kom með enga till. um það, að frv. væri samþ., en heldur enga till. um, að það yrði fellt eða því yrði vísað frá afgreiðslu. En eins og hv. frsm. meiri hl. sagði hér áðan, voru nokkrar ábendingar í umsögn Tryggingastofnunarinnar um það, hvað hún teldi æskilegra um orðalagsbreytingar á frv., en alls ekki, að hún gerði neinar tillögur um breytingar þess eða teldi þær nauðsynlegar. Það er ekki svo djúpt tekið í árinni hjá Tryggingastofnuninni í hennar umsögn, að hún telji nauðsynlegar neinar breytingar á frv., enda er málið eins einfalt og verið getur. Í staðinn fyrir það ákvæði tryggingalaganna, sem nú gildir um dánarbætur, er hér tekið fram, að dánarbætur sjómanna skuli vera 200 þús. kr., og um það þarf engar vangaveltur og engar skýringar og engar útlistanir. Það verður aldrei gert skýrara í löggjöfinni en þetta, að dánarbætur sjómanna skuli vera 200 þús. kr. Það er svo meiningamunur, þegar Tryggingastofnunin fer inn á það að segja, að það væri æskilegra að ákveða það í frv., að þessi tryggingarupphæð, 200 þús. kr., næði aðeins til lögskráðra sjómanna. En það vakir alls ekki fyrir okkur flm. Það vakir fyrir okkur, að þeir menn, sem eru á smærri skipum en 12 smálestir, — en niður að þeirri stærð nær lögskráningin, — það vakir fyrir okkur, að þeir njóti einnig þessarar tryggingar. En með þeirri ábendingu, sem Tryggingastofnunin gerir um þetta, væri hún að fá okkur til að breyta frv. þannig, að það væri þrengra og næði ekki til hinna mörgu sjómanna, sem róa til fiskjar á smærri skipum en 12 smálestir. Þetta er því ábending frá hendi Tryggingastofnunarinnar um að þrengja það svið, sem frv. á að ná til eftir meiningu okkar flm., ef þarna er ekki um beinan misskilning af hendi Tryggingastofnunarinnar að ræða. Það er ekkert vandaverk að sanna það, að menn hafi stundað sjómennsku, þó að þeir rói á smærri skipum en 12 smálestir, og mundi ekki verða nein skotaskuld úr því, ef maður færist af slíkum bát, að sanna það, að hann hefði verið á slíku skipi, þó að ekki sé heimtuð lögskráning, þegar menn ráðast í slíkt skipsrúm.

Þegar hv. frsm. meiri hl. hafði vikið að þessum ábendingum Tryggingastofnunarinnar, varð hann að viðurkenna, að það væri svo lítið hald í þessum ábendingum, að meiri hl. n. gæti ekki hengt hatt sinn á það um andstöðu við málið, og sagði, að þeir viðurkenndu, að þetta skipti ekki meginmáli um afstöðuna, og það taka þeir einnig fram í sínu nál. En það barst sannarlega í tal. Þegar menn mót vonum urðu þess varir, að í nefndinni voru menn, sem voru ákveðnir í að vilja fella þetta frv., þá voru þeir að því spurðir, hvort þeir vildu að þessum breytingum gerðum fylgja frv. Þá kváðu þeir nei við því. Það var ekki hægt að ná neinu samkomulagi með því að verða við þessum ábendingum, og þá voru þær tilgangslausar. Ef það hefðu fengizt svör frá þeim, sem meiri hl. skipa í heilbr.- og félmn., um, að ef þessar breytingar yrðu gerðar á frv., sem Tryggingastofnunin hafi bent á sem æskilegar, þá fengist samþykki á málinu, þá hefðum við hiklaust og undireins fallizt á þær breytingar. En það var bara ekki því að heilsa. Það var ekki um það að ræða að fá málið samþykkt, þó að orðið yrði við þessum ábendingum Tryggingastofnunarinnar.

Það, sem um efnislegan ágreining meiri hl. og minni hl. n. um þetta mál virðist vera hægt að festa hendur á, er þetta, að þeir í meiri hl. segjast vera þeirrar skoðunar, að það eigi að vera sömu dánarbætur fyrir alla, hvort sem þeir farast af slysförum á landi eða við sjósókn. Og það sjónarmið kemur fram í umsögn Tryggingastofnunar ríkisins. En allt frá fyrsta degi, að Tryggingastofnun ríkisins tók til starfa, og fram á árið 1960 voru tryggingalögin þannig, að þeir voru bættir margfalt hærri bótum, sem fórust í sjó, heldur en hinir, sem fórust á landi, og fram að þeim tíma virðist Tryggingastofnun ríkisins a. m. k. hafa talið það réttmætt, því að á þessu byggði hún frá fyrsta degi sinnar starfsemi og fram á árið 1960. Og þá mælti Tryggingastofnun ríkisins á móti því, að tryggingarupphæðin yrði sú sama fyrir alla. En í dag, þegar á að færa það til hins fyrra horfs, sem hefur gilt meginhluta þess tíma, sem Tryggingastofnunin hefur starfað, þá segir hún aftur þveröfugt. Ég tek ekki mikið mark á svona umsögnum, það vil ég segja. Sjómenn voru tryggðir með 90 þús. kr.

upphæð, en ég man ekki, hvort það var niður í 12—14 þús. kr., sem aðrir voru tryggðir fram undir 1960, og það þótti góður tryggingagrundvöllur fram að þeim tíma. Þetta sjónarmið byggist á því, eins og skýrt hefur komið fram hér í umr., að sá, sem skráir sig á skip, eða sá, sem tekst á hendur sjómennsku á Íslandi, er að gefa kost á sér í þjónustu höfuðatvinnuvegar þjóðarinnar, sem fylgir meiri áhætta en öðrum störfum, sem menn inna yfirleitt af hendi í landi. Hann og hans fjölskylda er því sett í meiri áhættu en aðrir menn, og til þess að menn fráfælist ekki þennan atvinnuveg, hefur þótt heppilegt fyrir þjóðarbúið, að þeir menn, ef þeir yrðu fyrir varanlegri örorku eða færust við starf, þá væru þeir bættir hærri bótum. Og menn vita það, hver einn einasti Íslendingur veit það, að fjölskyldurnar verða oft fyrir þyngri áföllum af sjóslysum en yfirleitt menn verða fyrir við slysfarir við atvinnu í landi. Það er ekkert sjaldgæft, að fyrirvinnan sé farin í sjóinn og jafnvel einn eða tveir aðrir úr fjölskyldunni líka, og það er þungt áfall, og þarf ekki að vekja frekar athygli á því.

En það lágu fyrir aðrar umsagnir, sem voru öllu ákveðnari en umsögn Tryggingastofnunar ríkisins, sem vænta mátti, því að hún gat varla verið mjög ákveðin í þetta sinn, þegar hún kom alveg úr þveröfugri átt við þær umsagnir, sem höfðu borizt 1960. Það var umsögn frá Landssambandi ísl. útvegsmanna. Og nú spyrja menn sjálfsagt: Gat Landssamband ísl. útvegsmanna fallizt á þetta frv.? Já, svo sannarlega. Umsögn L. Í. Ú. endar á þessari setningu, með leyfi hæstv. forseta:

„Samþykkt var að mæla með samþykkt frv. með þessum breyt." Og það eru smábreytingar, sem eru viðkomandi orðalagi, og mælt fyllilega með meginefni frv. Þeir óskuðu sem sé eftir því, að það yrði tekið nánar fram, að sjómenn skyldi bæta með 200 þús. kr., ef viðkomandi skipverji verður fyrir slysum í þjónustu útgerðarinnar, það var viðbótin: „í þjónustu útgerðarinnar." Og það er vissulega ætlunin með orðalagi frv. og ekkert annað. Þeir vildu, að orðalagið væri ákveðnara, en meiningin alveg hin sama, og mæla með frv. Þetta var afstaða Landssambands ísl. útvegsmanna.

Í þriðja lagi hafði Sjómannasamband Íslands verið spurt. Þess svar er ekki langt. Það er gefið 4. des. 1961 og er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Sjómannasamband Íslands. — Við höfum meðtekið heiðrað bréf hv. heilbr.- og félmn. Nd. Alþingis, dagsett 23. nóv. s. l., þar sem beiðzt er umsagnar um einnig sent frv. til l. um breyt. á l. nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

Varðandi frv. þetta viljum við minna á, að á s. l. vetri var reynt með samningum við útgerðarmenn báta að ná þeirri tryggingu, sem frv. fjallar um, en það náðist ekki samkomulag nema á einstaka stað, og það við bezt vitum, gildir þessi trygging aðeins í Reykjavík, Hafnarfirði, Keflavík, Akranesi og á Vestfjörðum. Þá má og á það minna, að sorgleg slys hafa átt sér stað á þessu ári, þar sem menn hafa farizt lítt tryggðir. Að sjálfsögðu verður mannslífið aldrei að fullu greitt og ástvinamissir aldrei fullbættur, en nokkur huggun í sorginni er það eftirlifandi ekkju, stundum með mörg börn á framfæri, að vera viss um að geta séð sér og börnum sínum farborða, þótt ástvinurinn sé horfinn og fyrirvinnan farin. Þótt samningar um bátakjörin séu nú fram undan, vitum við ekki, hvernig ganga muni að fá samninga um þetta mikilvæga atriði, og mælum því fastlega með, að nefnt frv. verði samþ., þar sem trygging yrði vissari á þann hátt, er frv. gerir ráð fyrir, og nær til miklu fleiri sjómanna en unnt mundi að ná með samningum. — Við teljum til lagfæringar, að við 1. málsl. 1. gr. bættust orðin: eða dauða.

Virðingarfyllst,
f. h. Sjómannasambands Íslands,
Jón Sigurðsson.

Til heilbrigðis- og félagsmálanefndar neðri deildar Alþingis."

Þarna er með sterkum orðum mælt með því, að frv. verði samþ., og það fært fram, að það er búið að reyna það í samningum hvað eftir annað að fá þessi réttindi sjómanna viðurkennd alls staðar. Það hefur tekizt á nokkrum stöðum, en annars staðar ekki. Við þá samninga, sem fóru fram í haust og vitnað er þarna til að stæðu fyrir dyrum, fór þannig, að það náðust að vísu á nokkrum stöðum í viðbót samningar um 200 þús. kr. tryggingu, en á öðrum stöðum ekki. Það er því þannig enn, að sumir sjómenn eru bættir með um 90 þús. kr. almennt, en aðrir með 290 þús. kr. upphæð. Síðan hefur það svo komið í ljós, að jafnvel á þeim stöðum, þar sem tekizt hefur að fá 200 þús. kr. tryggínguna inn í samninga við skráningu skipshafna, hefur svo hörmulega farið, að í mörgum tilfellum er þetta samningsákvæði einskis virði. Þess vegna var það, að tveir hv. þm. eða þrír ruku upp á þessu þingi, eftir að það hafði komið í ljós, að samningsákvæðin dugðu ekki, og fluttu fram brtt. um, að það skyldi örugglega frá þessu gengið við skráningu. Það er öllum kunnugt, að það er miklu lakari regla á um framkvæmd skráningar á skip en vera ætti, og jafnvel þó að sú breyting á lögum yrði samþ. þá er engan veginn víst, að þessi trygging félli öllum til handa, sem þó væri um samið að hún ætti að gilda fyrir, því miður. Það er orðið öllum ljóst, að það er á engan hátt hægt að tryggja þetta almennt öllum sjómönnum nema með lagasetningu. Og þó hefur Alþ. látið sér sæma að þvælast fyrir þessu máli í tvö þing og ætlar svo að gera enn, að því er virðist.

Ég hef nú lesið meðmæli Landssambands íslenzkra útvegsmanna og Sjómannasambands Íslands og kem þá að umsögn Alþýðusambands Íslands. Hún er örstutt, en það eru sem sé fá orð í fullri meiningu:

„Alþýðusamband Íslands mælir eindregið með því, að frv. verði samþ." Sú umsögn er einnig gefin í byrjun desembermánaðar 1961.

Þá kemur í fimmta lagi umsögn Vinnuveitendasambands Íslands, og nú kynni ýmsum að finnast sem svo, að ef Vinnuveitendasamband Íslands mæli einnig með því ásamt Landssambandi íslenzkra útvegsmanna, þá virðast flestir hafa tekið jákvæða afstöðu til málsins, nema meiri hl. hv. heilbr.- og félmn. Alþ., sem tekur

afstöðu á móti málinu með þessar umsagnir fyrir framan sig. Niðurlagið á umsögn Vinnuveitendasambands Íslands, sem dags. er 11. des. 1961, er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Samband vort, sem er samningsaðili við öll stéttarfélög farmanna, hefur þegar samið um a. m. k. svo háa tryggingu umfram gildandi lög fyrir farmenn, og sjáum vér ekkert því til fyrirstöðu, að þau samningsákvæði verði efnislega lögfest, eins og gert er ráð fyrir í frv. og grg. þess.

Virðingarfyllst,
Vinnuveitendasamband Íslands,
Björgvin Sigurðsson."

Það var líka svo, að þegar næstseinast var staðið upp frá samningaborði og sjómannasamtökin höfðu farið fram á það, að dánarbætur sjómanna yrðu umsamdar 200 þús. kr., þá var undirrituð af báðum aðilum, þó að ekki fengist þetta ákvæði tekið inn í samningana þá, yfirlýsing um það, að á samningstímabilinu skyldu hvorir tveggja aðilar beita sér fyrir því, að löggjöf yrði sett um þessi réttindi sjómanna. Og við það hefur bæði Landssamband íslenzkra útvegsmanna og einnig Vinnnuveitendasamband Íslands staðið með sínum umsögnum og hafa þannig reynzt drengir góðir í þessu máli.

Meðan n. sat að störfum og fjallaði um þetta mál, barst einnig samþykkt frá fundi í Sjómannafélagi Hafnarfjarðar, og vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa hana, hún er örstutt, hún er svo hljóðandi:

„Sjómannafélag Hafnarfjarðar. — Hafnarfirði, 31. okt. 1961. — *Heilbr.- og félmn. Nd. Alþingis, Reykjavík.* — Eftirfarandi samþykkt var gerð á fundi Sjómannafélags Hafnarfjarðar hinn 30. okt. s. l.: Fundur haldinn í Sjómannafélagi Hafnarfjarðar mánudaginn 30. okt. 1961 *skorar eindregið á Alþ. að samþ. fyrir næstu* vetrarvertíð frv. Geirs Gunnarssonar og Hannibals Valdimarssonar um breytingar á lögum um almannatryggingar, þ. e. lögfestu sérstakrar 200 þús. kr. líftryggingar allra lögskráðra sjómanna.

Virðingarfyllst,
f. h. Sjómannafélags Hafnarfjarðar
Þorvaldur Ásmundsson."

Þegar við vorum að ræða þetta mál nú á þessu þingi, starfaði nefndin lengst af undir forustu hv. 1. þm. Vestf. (GíslJ) sem formanns n. Hann lét í það skína, að hann væri þeirrar skoðunar, að það bæri að tryggja sjómenn hærra en aðra vegna þeirrar miklu og stöðugu áhættu, sem þeir gæfu kost á að leggja sig í fyrir þjóðina. En um það er lauk og afstaðan fór að skýrast, þá varð þó ekki á honum skilið annað en hann ætlaði að víkja frá sinni innstu hjartans sannfæringu, eins og hann kallaði það, og hlýða einhverjum utanaðkomandi vilja um það að mæla ekki með málinu til samþykktar, kom a. m. k., áður en hann fór á fund Norðurlandaráðs, með þau boð, að þingflokkur sinn vildi ekki samþ. frv. Ég skal ekki hafa hann fyrir þeirri sök, því að hann er ekki hér á þingi nú, að hann snerist á móti málinu, en hann bar þessi boð til n. frá sínum þingfl., það stendur fast. En hins vegar bera þingskjöl það með sér, að á þinginu 1960, þegar verið var að breyta þeirri reglu, sem hafði gilt, eins og ég áðan sagði, frá því að Tryggingastofnun ríkisins tók til starfa, að sjómenn væru tryggðir hærra en aðrir, þá fór hv. 1. þm. Vestf. mjög sterkum orðum um það, hversu ranglátt væri að breyta þessu. Og hann var þá mjög ákveðinn talsmaður þess, að það væru almenn ákvæði um dánar- og slysabætur og sérstök ákvæði um miklu hærri bætur til handa sjómönnum. Það verður hægt að draga fram í þessum umr. ummæli hv. þm. um þetta frá þinginu 1960. Ef hann verður hér á þingi, þegar þetta mál verður afgreitt, þá verður því þó ekki trúað fyrr en í síðustu lög, að hann verði ekki enn sömu skoðunar og hann var 1960 um, að það eigi að bæta sjómenn, sem farast við starf sitt, með hærri bótaupphæð en í öðrum slysatilfellum við aðrar atvinnugreinar.

Núverandi form. heilbr.- og félmn., sem kom í stað hv. 1. þm. Vestf., Sigurður Bjarnason, hefur nú skrifað undir rökstudda dagskrá, þar sem lagt er til, að málinu verði á vissum forsendum vísað frá, og skipar þannig meiri hl., sem vill ekki fallast á að samþ. frv.

Á s. l. hausti, áður en þing kom saman, varð hryggilegt sjóslys hér við land. Bátur fórst frá Hornafirði. Og menn spurðu: Voru mennirnir tryggðir? Nutu þeir 200 þús. kr. aukatryggingarinnar, þ. e. a. s. voru þeir tryggðir fyrir 290 þús., eða voru þeir bara tryggðir fyrir 90 þús.? Það kom í ljós, að þeir nutu bara hinnar lögákveðnu tryggingar. Þá ruku ýmsir menn upp til handa og fóta og sögðu: Þetta er alveg óskaplegt, það verður að ráða bót á þessu, næsta Alþ. verður að lögleiða tryggingu um hærri bætur handa sjómönnum. — Það voru sett í gang samskot víðs vegar um land til þess að reyna að bæta úr þessu í þessu eina tilfelli. En ég held *því fram, að það er ekki viðunandi ástand* að rjúka upp, þegar sjóslysin verða, og setja í gang samskot. Það er löggjöf, sem á að veita sjómönnum þann rétt, sem sé ekki hægt að sniðganga á nokkurn hátt.

Það *var einmitt um þessar mundir*, þegar báturinn fórst frá Hornafirði, að gott hjartalag Alþýðublaðsmanna sagði til sín í þessu máli, og þá var skrifuð forustugrein í blaðið um þessi mál. Þá var afstaða Alþfl. skýr í málinu, á *milli þinga, nokkrum vikum áður en* Alþ. settist að störfum. Þá segir ritstjóri Alþýðublaðsins í sinni forustugrein, með leyfi hæstv. forseta, — leiðarinn heitir: „Líftryggingar sjómanna" — hann er ekkert langur, ég held ég lesi pistilinn allan, með leyfi forsetans:

„Líftryggingar sjómanna. — Undanfarnar vikur hafa orðið mörg og hörmuleg sjóslys. Þessi slys beina athygli manna að líftryggingum sjómanna, sem framar öðrum tryggingum ættu að vera viðunandi í þjóðfélagi okkar. En svo er þó því miður ekki. Þær eru ekki viðunandi. Stutt er síðan ríkisvaldið fyrir frumkvæði jafnaðarmanna" — það var nú reyndar að tilhlutan opinberrar endurskoðunarnefndar — „hækkaði opinbera líftryggingu sjómanna upp í minnst 90 þús. kr., enda var hún til skammar fyrir þá breytingu. Nú hafa sjómannasamtökin á mörgum stöðum í landinu fengið inn í samninga 200

þús. kr. líftryggingu að auki, og er hún mikils virði, en ekki mjög dýr fyrir útgerðina, þegar tryggður er stór hópur manna í einu. Þessa tryggingu hafa ekki öll verkalýðs- og sjómannafélög fengið enn inn í samninga sína. Þess vegna er sú hryggilega staðreynd, að ekkjur sumra þeirra sjómanna, sem farizt hafa undanfarið, fá aðeins *ríkistrygginguna, minnst* 90 þús. kr., en ekki 200 þús. kr. trygginguna, sem sjómenn einstakra félaga höfðu samið um. Sumir hinna látnu sjómanna eru bættir með 90 þús. kr., en aðrir með 290 þús. kr. Þetta misræmi verður að leiðrétta, og er það eitt þeirra mála, sem sjómannasamtökin ætla að koma fram í samningum um kjör, sem fram undan eru."

Hér virðist gott hjarta slá undir treyju þeirra, sem ráða skrifum í Alþýðublaðið. En það hrekkur skammt, þegar kemur inn fyrir veggi Alþingis. Þá skal vísa slíku máli frá, eftir að búið er að þrautreyna þá samninga, sem hér er talað um, og þeir hafa aðeins fengið samningsréttinn færðan á nokkra staði í viðbót við það, sem áður var, en mikill þorri íslenzkra sjómanna er aðeins bættur með þeirri smánartryggingu, sem hér er talað um og nefnd slíku nafni, 90 þús. kr., þar með allir síldarsjómenn, — og nú eru menn farnir að stunda síldveiðar allt árið.

Þessi forustugrein var rituð í Alþýðublaðið hinn 6. okt. í haust. Nokkrum dögum síðar, eða hinn 10. okt., er aftur vikið að þessu máli, einnig í forustugrein Alþýðublaðsins, og á sama hátt skýrt og skorinort sagt, að tryggingar sjómanna, sem *séu nú í lögum, séu óviðunandi og* úr því verði að bæta. Í þessari forustugrein segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþýðublaðið benti fyrir helgina á þann höfuðgalla, sem enn er á líftryggingarkerfi íslenzkra sjómanna. Sumir þeirra, sem farizt hafa undanfarið, eru bættir með 90 þús. kr., aðrir með um 290 þús. Þetta stafar af því, að sum sjómannafélög hafa fengið 200 þús. kr. líftryggingu inn í samninga, en önnur ekki."

Gat maður nú ætlað annað en þarna væri túlkuð stefna Alþfl. í forustugrein eftir forustugrein í aðalmálgagni flokksins, nokkrum dögum áður en Alþ. kom saman?

Svo kemur málið til n., sem Alþfl.-menn eiga fulltrúa í, og þeir láta ekki á sér standa, þegar þeir hafa fengið málinu frestað nokkrum sinnum til að setja sig inn í málið og hafa fengið jákvæðar umsagnir frá atvinnurekendasamtökunum í landinu auk verkalýðssamtakanna, þá eru þeir reiðubúnir eftir allt saman til að lýsa því yfir: „Ég legg til, að málið sé fellt." Það gerðu þeir í nefndinni, þó að nú hafi að lokum farið svo, að þeir leggi til, að því sé vísað frá. Svona var afstaðan til málsins milli þinga. En hún er um frávísun nú á Alþingi Íslendinga.

Nú fyrir skemmstu hafa orðið sjóslys hjá okkur á vertíðinni, og þá er rokið aftur upp eins og í haust, víðtæk samskot sett í gang og auglýst bingó í hverju samkomuhúsinu eftir annað til þess að bæta eftirlifandi ekkjum og aðstandendum sjómanna. Bingó skal bjarga því og samskot, en ekki löggjöf, bara ekki löggjöf. Það má ekki. — Ég held, að svona afstaða til máls eins og þessa sé engum til sóma, það verð ég að segja, engum til sóma og sízt af öllu fulltrúum flokka, sem kenna sig við alþýðu manna og verkalýðinn og þykjast vera umboðsmenn þeirra. Ég get ekki að því gert, ég áleit, að það mætti vænta meira af þeim en af vinnuveitendasamtökunum í landinu, en það hefur reynzt öfugt. Vinnuveitendasamtökin mæla með því, að sjómenn *fái lögfestan rétt til* 290 þús. kr. *dánar- og* örorkubóta, en fulltrúar Alþfl. og Sjálfstfl. á þingi undirstrika það, að slíkum réttarbótum liggi ekkert á inn í löggjöf landsins, slíku máli megi vísa frá á öðru þinginu, sem málið er til meðferðar á Alþingi.

Ég lýsi því hreinskilnislega yfir, að ég hef hálfgert ógeð á samskota- og bingóleiðinni í sambandi við þetta mál, og vakir þó sjálfsagt gott eitt fyrir þeim mönnum, sem hafa beitt sér fyrir þessu, á meðan Alþingi þvælir og þæfir málið.

Það var orðið ljóst í heilbr.- og félmn. í febrúarmánuði, að nefndin mundi klofna, meiri hl. n. fengist ekki til að mæla með samþykkt frv., hvorki með breytingum né án breytinga. Og þá var n. auðvitað klofin og minni hl. gaf út, eins og vera bar, sitt nál. Nefndin klofnaði þann 27. febr. og nál. er dags. 28. febr. Nú hefðu menn vænzt þess, að nál. kæmi frá hv. meiri hl. n. næstu daga, en svo varð ekki. Það liðu dagar og það liðu vikur, og nú var tekin upp sú bardagaaðferð gegn málinu, sem er algerlega óþingleg og ódrengileg í alla staði, að draga að gefa út nál. meiri hl., svo að málið gæti ekki komið til umr. á Alþ. viku eftir viku. Og það var að *mínu áliti að bolast illa í glímunni að beita svo* ódrengilegum vinnubrögðum gegn þessu máli ofan á allt annað. Nál. meiri hl. kemur loks, eftir að tvívegis er búið að snúa sér til hæstv. forseta til þess að biðja hann að hafa áhrif á það, að meiri hl. n. geri skyldu sína og skili nál. Þá er það dagsett, þegar það kemur, 17. marz, en um leið og var verið að útbýta plagginu, ritaði ég á það, að það var 20. marz, sem áliti meiri hl. var hér útbýtt, 20. marz, áliti um mál, sem hafði fengið afgreiðslu í nefnd í lok febrúarmánaðar. Það er sýnilegt af þessu, að það hefur verið erfið fæðing. Það hefur verið erfitt að koma því á pappír og láta það sjást svart á hvítu, að alþm. í tveimur stjórnmálaflokkum legðu það til, að ákvæði um 200 þús. kr. aukatryggingu sjómönnum til handa skyldi ekki samþykkja, því skyldi vísað frá, af því, eins og stendur í þessu nál. hv. meiri hl., að þeir hafi talað við hæstv. félmrh. og hann hafi tekið málinu mjög vinsamlega og falið þeirri nefnd, sem nú vinnur að endurskoðun laga um almannatryggingar, að gera tillögur um hækkun bóta. Og þetta er hv. meiri hl. nóg. Hér stendur ekkert um það, hvað hæstv. ráðh. hafi lofað að hækka bæturnar mikið. Nei, það er forðazt. *Hann hafði góð orð um þetta, tók* því vinsamlega og lofaði að leggja það fyrir endurskoðunarnefnd, sem vinnur að breytingum á almannatryggingalögunum, að gera tillögur um hækkun bóta, einhverja hækkun. Ef það hefði nú verið þannig, eins og gefið var þó í skyn í nefndinni, að hæstv. félmrh. mundi e. t. v. og ríkisstj. leggja fram frv. á Alþingi um, að bæturnar yrðu hækkaðar hjá

öllum upp í 200 þús. kr., — ef sá boðskapur hefði sézt svart á hvítu í áliti meiri hl., þá hefði ég sagt: það var tilvinnandi að bíða eftir þessu plaggi í þrjár vikur. En því miður, það stendur ekki í þessu plaggi. En um það var þá rætt, þegar þessi boðskapur var fluttur í nefndinni, að e. t. v. mundi hæstv. ríkisstj. bera fram frv. á þessu þingi um að hækka dánarbætur allra upp í 200 þús. kr. Þá var spurt um það, hvort meiri hl. hv. nefndar vildi ekki standa að brtt. við frv. í þá átt. En þeir sögðust ekki vera reiðubúnir til þess að sinni. Eftir því sem stendur í þessu nál., virðist viðtalið við hæstv. félmrh. aðeins hafa verið nokkuð lauslegt og undirtektir hans enn þá óákveðnari og lauslegri og þess vegna engar tölur hægt að tilgreina í aðdragandanum að hinni rökstuddu dagskrá.

Minni hl. heilbr.- og félmn. leggur til, að frv. verði samþykkt, hefur hins vegar gefið kost á að fylgja breytingum á frv., eftir því sem nm. vildu gera breytingar á því, ef aðalatriði frv., 200 þús. kr. aukabætur sjómönnum til handa, sem er meginefni frv., fengist samþykkt. Ég vil því vænta þess, að meiri hl. Alþingis beri gæfu til þess að samþykkja þetta frv., þannig að það verði, áður en þessu þingi lýkur, orðið lögákveðið, að sjómenn, sem farast við íslenzkar fiskveiðar, verði bættir með eigi lægri upphæð en 290 þús. kr. og þurfi hvorki að treysta á samningaákvæði, sem hafa ekki haldið í mörgum tilfellum til þessa, né séu algerlega réttlausir, einungis bættir með þeim upphæðum, sem sjálft Alþýðublaðið hefur kallað „ósæmilegar og óviðunandi tryggingar sjómönnum til handa.“ Hv. meiri hl. n. leggur hins vegar til, að málinu verði vísað frá með svofelldri rökstuddri dagskrá:

„Í trausti þess, að örorkubætur vegna slysa og dánarbætur, sem almannatryggingar greiða, verði hækkaðar í framhaldi af þeirri endurskoðun, sem nú fer fram á almannatryggingalögunum, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.“

Í nál., í texta þess, er ekki nefnd nein upphæð. En þessi rökstudda dagskrá væri þá nokkru skárri, ef í henni stæði t. d.: í trausti þess, að örorkubætur vegna slysa og dánarbætur, sem almannatryggingar greiða, verði hækkaðar a. m. k. í 290 þús. kr. við þá endurskoðun, sem fram fer á almannatryggingalögunum. Þá væri dagskráin þó í skaplegra formi. En engan veginn gæfi hún samt tryggingu fyrir því, að þetta kæmi út úr endurskoðuninni. Þess vegna er það þannig, að þó að slík breyting fengist á rökstuddu dagskránni, og er sjálfsagt auðvitað að bera fram brtt. við hana, þá er málið í fullri óvissu eftir sem áður.

Það eina, sem fært er að gera, ef þingheimur vill leysa málið á þann veg, að sjómenn séu tryggðir samkv. íslenzkum lögum fyrir 290 þús. kr., ef þeir farast við sitt starf, sjómennskuna, eða verða fyrir varanlegri örorku við sín störf, er að samþykkja þetta frv., sem hefur legið nú fyrir tveimur þingum og hver einasti almennilegur maður í landinu viðurkennir að þurfi að lögfesta, til þess að það ósamræmi ríki ekki áfram, sem nú ríkir, að sumir sjómenn séu bættir með 290 þús. kr., aðrir með 90 þús. kr. Og að menn telja það óviðunandi upphæð, sést bezt á þeim samskotafjársöfnunum og bingófjársöfnunum, sem settar hafa verið í gang vegna hinna mörgu sjómanna, sem farizt hafa og í ljós hefur komið að njóta aðeins hinnar lægri tryggingar.

Ég vil skírskota til drengskapar alþm. um það að fella ekki þetta frv. og láta ekki heldur vísa því frá, heldur ganga frá þessu máli á þann hátt, sem einn er sæmilegur, að sjómönnum verði tryggð að lögum á öllum íslenzka fiskiflotanum 290 þús. kr. trygging. Það hefði átt að gerast í fyrra. En úr því að það var ekki gert í fyrra, hefði það þurft að gerast í byrjun þeirrar vetrarvertíðar, sem nú stendur yfir. Þá hefði verið komið í veg fyrir, að menn féllu tugum saman svo lítt bættir sem þeir hafa nú fallið á þessari vertíð, og hefði þá málið komið að gagni sem sé á þeirri vertíð, sem nú er langt komin. En þó að hafi nú verið þvælzt svona fyrir afgreiðslu þessa góða máls, sem vinnuveitendasamtökin mæla með, þá er þó öllum fyrir beztu, að málið sé ekki dregið lengur. Það er öllum til vansæmdar að draga þetta lengur, og þetta mál á því að afgreiða á þann hátt, að bætur sjómanna allra, sem á íslenzkum fiskiskipum starfa, verði lögákveðnar eigi minni en 290 þús. kr.

Geir Gunnarsson: Hæstv. forseti. Í sambandi við kjarasamninga á síðustu vetrarvertíð háðu sjómenn víða um land harða baráttu fyrir því, að þeim yrðu öllum tryggðar dánar- og slysabætur eigi lægri en 200 þús. kr. við fulla örorku eða dauða, auk 90 þús. kr. bóta frá almannatryggingunum, en þá nutu sjómenn á farmskipum og yfirmenn á fiskiskipum þeirra sérbóta. En stór hópur sjómanna, einmitt þeir sjómenn, sem í mestri slysahættunni voru við störf sín, á þilfari fiskiskipa, höfðu þá verið án allra sérbóta og miklum mun lægra tryggðir en stéttarbræður þeirra.

Ekki er hægt að segja annað en að heldur beri það vitni um vanmat þjóðarinnar á störfum sjómanna, að þeir, sem í hætturnar ganga fyrir landsmenn alla, skuli sjálfir hafa þurft að standa í baráttu fyrir því, að aðstandendur þeirra hlytu ekki einungis algerar smánarbætur, ef þeir misstu fyrirvinnu sína í hafið. En það var öðru nær en sú barátta svo mikið sem hlyti fullan og einlægan stuðning ráðamanna þjóðarinnar, sem í rauninni hefðu átt að vera búnir að sjá til þess, að sjómenn þyrftu ekki að standa sjálfir í þessari baráttu. Með tilliti til þess, sem síðan hefur gerzt hér á hv. Alþingi, tregðu og andspyrnu ríkisstjórnarflokkanna, sem fram hefur komið, þurfa menn ekki að undrast nú, hver var þá afstaða blaða og forustumanna ríkisstjórnarflokkanna til kröfu sjómanna. Þegar sjómönnum hér í Reykjavík og annars staðar við Faxaflóa voru boðnir kjarasamningar án þeirrar hækkunar dánarbóta til sjómanna, sem þeir gerðu kröfu um, þá mæltu stjórnarblöðin með því, að sjómenn gengju að þeim samningum, þótt ákvæðið um dánarbæturnar vantaði. En sjómenn höfnuðu samningunum og hófu verkfall, sem ríkisstjórnarflokkarnir töldu óþurftarverk. Sjómenn áttu að semja, án þess

að ákvæði væru í samningunum um dánarbætur. Eftir að verkfall hafði staðið nokkurn tíma, náðu sjómannafélögin fram kröfum sínum um dánarbætur og sömdu, en ýmis önnur sjómannafélög fengu síðar þessi ákvæði inn í samninga sína.

Strax á þessu stigi málsins kom fram hinn mjög svo takmarkaði áhugi stjórnarliðsins á því, að sjómenn nytu bóta, sem gætu ekki talizt algerar smánarbætur. Og áhugaleysi þessara aðila fyrir þessu réttlætismáli sjómannafjölskyldnanna átti eftir að koma betur í ljós, þegar fyrst var flutt á Alþingi það frv., sem nú er hér til 2. umr. En það var fyrst flutt í kjölfar samninga hinna einstöku sjómanna- og útgerðarmannafélaga í því skyni, að lögfest yrði 200 þús. kr. sértrygging til viðbótar bótum úr almannatryggingunum til allra sjómanna, svo að bundinn væri endir á það ástand, að sumir sjómenn væru aðeins tryggðir fyrir 90 þús. kr., þegar félagar þeirra, jafnvel á sama bátnum, hefðu þó náð fram 200 þús. kr. sérbótum með kjarasamningum, enda var flutningur frv. í samræmi við samkomulag, sem sjómannafélögin og útgerðarmannafélögin höfðu gert þess efnis, að báðir aðilar skyldu beita sér fyrir því, að sérbæturnar yrðu lögfestar. En þetta frv. fékkst ekki afgreitt á síðasta þingi. Það var aldrei afgreitt í nefnd. Og enn féllu sjómenn í valinn, án þess að fjölskyldur þeirra nytu sérbóta, svo að sumir þeirra, sem misstu fyrirvinnu sína í sjóinn, hlutu aðeins 90 þús. kr. dánarbætur, þegar aðrir hlutu þó 290 þús. kr. í bætur. Þá var óréttlætið svo augljóst, að jafnvel Alþýðublaðið lýsti því yfir í leiðara s. l. haust, að óhjákvæmilegt væri að binda endi á þetta ófremdarástand og tryggja yrði öllum sjómönnum bætur ekki lægri en 200 þús. kr. auk bóta almannatrygginganna.

Frv., sem hér er til umræðu, var endurflutt þegar í þingbyrjun s. l. haust, og í framsögu lagði ég sérstaka áherzlu á, að afgreiðslu þess yrði hraðað og lokið fyrir vetrarvertíð, enda átti það að vera auðvelt. Enn fremur lagði ég til, að ákvæðið um sérbætur yrði, ef unnt væri, látið ná til allra sjóslysa á árinu 1961. Þá lagði ég sérstaka áherzlu á, að það form, sem í frv. var lagt til að væri á sértryggingunni, væri ekkert aðalatriði, heldur skipti hitt mestu, að allir sjómenn nytu sömu tryggingar, eigi lægri en þeirrar, sem nokkur hluti þeirra hafði þegar tryggt sér, og allar endurbætur á frv. væru vitaskuld með þökkum þegnar. En fljótt kom í ljós hjá fulltrúum ríkisstjórnarflokkanna sama tregðan og í fyrravor, og áhugi þeirra hafði ekki aukizt, þótt skrif Alþýðublaðsins s. l. haust hefðu e. t. v. átt að gefa ástæðu til að ætla það.

Árið 1961 leið, án þess að málið fengist afgreitt, og enn féllu sjómenn svo til bótalaust í hinum hörmulegu sjóslysum, sem öllum eru í fersku minni. Eftir mikla eftirgangsmuni hefur málið loks fengizt afgreitt úr nefnd og á þann veg, að fulltrúar ríkisstjórnarflokkanna, meiri hl. hv. heilbr.- og félmn., leggja til eftir árs umhugsunarfrest, að frv. verði vísað frá með rökstuddri dagskrá. Þetta gera fulltrúar þeirra aðila, sem lögðu til á síðustu vetrarvertíð, að sjómenn semdu án þess að fá framgengt kröfum sínum um hærri dánarbætur en 90 þús. kr., og töldu sjómenn vinna þjóðfélaginu óþurftarverk með því að standa í verkfalli, sem einkum miðaði að því að ná fram hækkun á dánarbótum. Þetta gera þeir aðilar, sem fengust ekki til að afgreiða frv. um sérstakar, jafnháar dánarbætur til allra sjómanna á síðasta þingi. Þeir aðilar, sem hafa ekki fengizt fyrr en nú til þess að afgreiða till., sem lögð var fram s. l. haust, um að lögfesta sérstakar dánarbætur vegna sjómanna, telja nú loks, þegar um það bil ár er liðið, frá því að frv. var fyrst lagt fram, og fjöldi sjómanna hefur á því tímabili drukknað án mannsæmandi bóta, ekki lengur stætt á að halda málinu niðri, og afstaða þeirra er sú, að enn eigi að draga afgreiðslu á þessu réttindamáli sjómanna.

Nú eftir heilt ár er því borið við, að frv. ætti að orðast á annan veg, og var þó strax tekið fram af minni hálfu, að það form, sem í frv. er lagt til að viðhaft sé varðandi bæturnar, sé ekkert aðalatriði og endurbætur í því efni væru með þökkum þegnar. Aðfinnslur þeirra um formið eru því ekki annað en afsakanir einar, og hefði ekki átt að þurfa eitt ár til að koma þeim fram. En það er einmitt nefndarinnar að bæta úr því, ef með þarf, til þess er málinu m. a. vísað til hennar. En það eru einskisnýtar afsakanir fyrir því að hafa ekki afgreitt mál, sem lagt var fram fyrir heilu ári, og sannar einungis viljaleysi meiri hl. til þess að tryggja sjómönnum og aðstandendum þeirra þann rétt, sem þeir siðferðilega eiga. Meiri hl. hefði ekki þurft heilt ár til þess að komast að niðurstöðu um orðalag frv., ef hann raunverulega hefði vilja til þess að verða við því, að öllum sjómönnum væru tryggðar sómasamlegar dánar- og slysabætur, enda sér meiri hluti nefndarinnar, að á því er ekki stætt, og segir því í nál. sínu, að þau formsatriði skipti ekki höfuðmáli um afstöðu hans til málsins, hitt sé aðalatriði, að fleiri þurfi að fá hærri dánarbætur en sjómenn. Afstaðan er sem sagt sú, að af því að fleiri þurfa að fá hækkaðar dánarbætur og meiri hl. nefndarinnar hafi á því heila ári, sem liðið er, síðan frv. var lagt fram, verið að koma þeirri skoðun sinni á framfæri við hæstv. félmrh. og hann hafi falið nefnd, sem endurskoðar tryggingalögin, að gera till. um hækkun almennra dánarbóta, þá megi enn um óákveðinn tíma haldast það ástand, sem ég tel algera þjóðarsmán, að við dauðaslys á sjó fái fjölskyldur sumra skipverja aðeins 90 þús. kr. dánarbætur, þegar aðrar fá þó 290 þús. í bætur.

Samkvæmt skoðun meiri hl. hv. heilbr.- og félmn. má ekki lagfæra þetta, fyrr en einhver fleiri viðtöl hafa farið fram milli einhverra aðila og nefnda, sem þurfa að velta vöngum enn um sinn yfir endurskoðun á lögum um almannatryggingar. Fyrst það hefur nú tekið meiri hl. hv. heilbr.- og félmn. heilt ár að komast að þessari niðurstöðu og meðan hefur mikill fjöldi íslenzkra sjómanna fallið svo til óbættur vegna tregðu á afgreiðslu þessa frv., þá er hætt við, að endurskoðun einnar viðamestu löggjafar þjóðarinnar geti tekið allnokkurn tíma og enn verði menn eða a. m. k. sjómannafjölskyldur óþyrmilega minntar á það ófremdarástand og misrétti, sem ríkir um líftryggingar sjómanna.

Eins og ég hef margtekið fram, nýtur hluti sjómannastéttarinnar nú 290 þús. kr. líftryggingar, en sumir sjómenn ekki nema 90 þús. kr. tryggingar. En með frv., sem hér liggur fyrir, er lagt til, að lögfest verði 290 þús. kr. líftrygging til allra sjómanna, þannig að allir sjómenn njóti jafnhárrar tryggingar og sum sjómannafélög hafa þegar náð fram.

Í hinni rökstuddu dagskrá, sem meiri hl. n. leggur til að samþykkt verði, er hins vegar engin bótaupphæð nefnd, heldur aðeins sagt, að í trausti þess, að örorkubætur vegna slysa og dánarbætur, sem almannatryggingar greiða, verði hækkaðar o. s. frv., taki deildin fyrir næsta mál á dagskrá. Ef menn á annað borð eru þeirrar skoðunar, að allir sjómenn eigi að vera jafnhátt tryggðir, þá held ég, að það væri a. m. k. til bóta, að í rökstuddu dagskránni hefði komið fram, hversu hárri upphæð hv. Alþingi telur að dánarbæturnar eigi að nema, þannig að orðalagið væri þá eitthvað á þessa leið: Í trausti þess, að örorkubætur vegna slysa og dánarbætur, sem almannatryggingarnar greiða, verði hækkaðar í a. m. k. 290 þús. kr. o. s. frv. Þá kæmi a. m. k. fram, að það væri einnig ætlun meiri hl. n., að bætur til þeirra sjómanna, sem nú njóta einungis 90 þús. kr. líftryggingar, væru ekki aðeins eitthvað hækkaðar, heldur hækkaðar til jafns við það, sem aðrir stéttarbræður þeirra hafa þegar náð fram. Og ég leyfi mér fyrir hönd okkar flm. þessa frv. þess vegna að flytja skriflega brtt. við till. meiri hl. n. um rökstudda dagskrá, svo hljóðandi:

Í till. bætist næst á eftir orðunum „verði hækkaðar“ orðin: í a. m. k. 290 þús. kr. — og til vara: a. m. k. 200 þús. kr.

Meiri hl. hv. heilbr.- og félmn. telur rétt, að örorkubætur vegna slysa og dánarbætur almannatrygginganna séu hinar sömu fyrir alla. Samþykkt þessa frv. í því formi, sem það er nú, eða öðru, er betra þætti, kemur á engan hátt í veg fyrir, að sú tilhögun yrði sérstaklega samþykkt, þegar lokið er þeirri endurskoðun á tryggingalöggjöfinni, sem minnzt er á í nál. meiri hl. En sjómenn og aðstandendur þeirra eiga ekki á nokkurn hátt að þurfa að gjalda þeirrar skoðunar meiri hl. n. á þann hátt, að hann noti þá yfirlýsingu sína sem skálkaskjól til þess að ýta frá sér kröfu um, að allir sjómenn séu bættir með jafnháum bótum. Þessa skoðun meiri hl. n. um, að allir landsmenn eigi að njóta jafnhárra slysa- og dánarbóta, á meiri hl. ekki að nota til þess að koma beinlínis í veg fyrir, að bundinn verði endir á það ófremdarástand, sem nú ríkir í líftryggingamálum sjómanna. Og það óréttlæti, sem sumar sjómannafjölskyldur eru beittar með lægri bótum en aðrar, er miklu meira óréttlæti en það, að sjómenn væru bættir með hærri bótum en aðrar stéttir landsmanna.

Í umr., sem fram hafa farið um þetta mál, hefur verið gerð grein fyrir því, að ekki geti talizt óeðlilegt, að menn, sem að jafnaði eru í meiri lífshættu við störf sín en allir aðrir, séu hærra bættir en almennt gerist, enda er það alkunna, að menn mæta aukinni áhættu með hækkuðum líftryggingum. Krafan um, að sjómenn séu bættir með 290 þús. kr., er ekki sérstaklega krafa um, að sjómenn séu skilyrðislaust hærra tryggðir en aðrir landsmenn, heldur byggist hún á því, að hinar almennu bætur eru allt of lágar og ef nokkur stétt á rétt á því, að þjóðfélagið sjái henni fyrir sæmandi tryggingum, þá eru það sjómenn. Treysti þjóðfélagið sér hins vegar til þess að bæta alla landsmenn þeim bótum, sem hæstar eru nú, þá munu sjómenn áreiðanlega sízt hafa á móti því. Krafan um 200 þús. kr. sérbætur til sjómanna hefur ekki verið borin sérstaklega fram til þess, að þeir fengju hærri bætur en aðrir, heldur ekki sízt til þess, að þeir séu innbyrðis bættir sömu bótum. Lagt er til, að allir sjómenn njóti 200 þús. kr. líftryggingar auk venjulegra bóta almannatrygginganna, vegna þess að nú þegar nýtur verulegur hluti stéttarinnar þeirra bóta með kjarasamningum, en alls ekki allir sjómenn. Og útilokað er, að allir sjómenn geti notið trygginga samkv. kjarasamningum, þar sem engir kjarasamningar taka til minnstu bátanna, þar sem slysahættan er hvað mest.

Það fyrirkomulag, sem nú viðgengst, er algerlega óviðunandi og hrein þjóðarsmán. Frá því verður ekki hlaupizt með loðnum yfirlýsingum um, að landsmenn allir ættu að vera hærra bættir en nú. Út af fyrir sig geta allir fallizt á það.

Meiri hl. hv. heilbr.- og félmn. hefur gripið til þess eins og hálmstrás, að ekki megi nú þegar tryggja það, að allir sjómenn njóti sömu bóta, vegna þess að þar með yrði því slegið föstu, að það mætti viðgangast, að ein stétt nyti hærri trygginga en önnur. Og þetta hálmstrá var notað, eftir að ár var liðið, síðan málið var fyrst lagt fram. En það er engu líkara en meiri hl. n. hafi ekki treyst sér til þess að bera það við að fleyta sér á þessu hálmstrái, á meðan hv. 1. þm. Vestf. var enn í n., heldur hafi orðið að bíða eftir, að varamaður hans kæmi inn, vegna þess að vitað er, að honum hefði sjálfum orðið erfitt að fleyta sér á þessu atriði, þegar höfð eru í huga þau orð, sem hann viðhafði árið 1960, þegar samþykktar voru 90 þús. kr. dánarbætur vegna slysa jafnt til allra landsmanna, en þá sagði hann, með leyfi hæstv. forseta:

„Hitt er aftur á móti efnislegt atriði, sem ég vildi ræða um. Það er samkv. 17. gr. Þar stendur, eins og hæstv. ráðh. lýsti, að ekkja skuli fá 90 þús. kr. sem dánarbætur, hvort heldur viðkomandi aðili, hennar maki, ferst af slysi á sjó eða landi. Ég tel þetta algerlega rangt. Ég tel, að sú ekkja, sem missir mann sinn í sjó, eigi kröfu á að fá miklu hærri bætur en sú, sem missir hann af slysi í vegavinnu.“ Og hv. þm. hélt áfram: „Mér er alveg ókunnugt um það, að konur yfirleitt eigi margar andvökunætur um það, hvort menn þeirra slasist við vegavinnu, á bíl eða traktor, en hinar eru ekki fáar, sem eiga andvökunætur í vondum veðrum um það, hvort þær fái manninn sinn heim vestan frá Grænlandi eða ekki. Og ég tel, að það sé mjög misráðið hér og það sé einn þátturinn í því að draga fólkið frá hættustörfum á sjó, að dánarbætur fyrir eftirlifendur þeirra séu miklu lægri eða jafnar og þær eru í landi.“

Þetta sagði hv. þm. fyrir tveimur árum. Og ég tel allvafasamt, að það meirihlutaálit, sem hér

liggur fyrir, hefði verið lagt fram, ef ekki hefði viljað svo til, að hv. 1. þm. Vestf. hefði orðið að bregða sér af þingi, og sú andstaða annarra í meiri hl. n., sem fyrir hendi er gegn málinu, þá fremur komið fram á sama hátt og í fyrra, þ. e. a. s. komið fram í því, að málið hefði dagað uppi.

Ég lít svo á, að lagfæring á líftryggingum sjómanna eigi ekki að bíða vegna bollaleggínga um það, hvort allar stéttir eigi að njóta sömu líftrygginga, enda gætu þær úrbætur á málum sjómanna á engan hátt dregið úr því eða komið í veg fyrir það, að líftryggingar og slysatryggingar annarra yrðu hækkaðar, heldur miklu fremur stuðlað að því. Bollaleggingar um það, hvað er réttlátt gagnvart öðrum stéttum, eiga fullan rétt á sér, en þær eiga ekki að valda því, að enn þurfi þjóðin um óákveðinn tíma að horfa upp á þá forsmán, að sjómenn á sama skipi falli frá, þannig að aðstandendur sumra þeirra fái ekki þriðjung af þeim bótum, sem öðrum eru tryggðar. Það væri eins hægt að bollaleggja um það í heilt ár, hvort það sé nokkurt meira réttlæti að greiða bætur vegna dauða af völdum slysa en sjúkdóma. Og ég sé t. d. ekki í fljótu bragði, að kona, sem missir mann sinn af hjartaslagi, sé í rauninni betur sett en kona, sem missir mann sinn í bílslysi, þótt almannatryggingarnar geri þar mun á. Ef svo skyldi t. d. henda, að það sannaðist, að maður, sem talið væri að hefði dáið vegna bílslyss, hefði reyndar fengið hjartaslag og þess vegna fallið fyrir bílinn, þá fengi ekkjan ekki bætur úr almannatryggingunum. Hafi maðurinn hins vegar dáið af völdum bílsins, þá fengi hún 90 þús. kr. Það getur verið erfitt að henda reiður á réttlætinu, ef út í það er farið, og sjálfsagt mætti lengi stöðva lagfæringar á tryggingalöggjöfinni, ef þess ætti að bíða, að það væri með fullri vissu og endanlega höndlað.

Þegar ákvæðin um 90 þús. kr. bætur úr almannatryggingum vegna dauðaslysa voru sett, datt mér vitanlega engum í hug að standa í vegi fyrir þeirri ákvörðun með því að leggja til, að málinu yrði frestað, þar til sýnt væri með vissu, hvort réttlætinu væri ekki betur fullnægt með því að bæta öll dauðsföll. Ef vilji er fyrir hendi til þess að hamla gegn máli, jafnvel þótt réttlætismál sé, þá sýnist jafnan vera unnt að finna einhvern fyrirslátt til þess að nota gegn því. Það *hefur meiri hl. hv. heilbr.- og félmn.* rækilega sýnt varðandi dánarbætur sjómanna. En ég held, að hv. Alþingi ætti ekki að láta viðgangast degi lengur það óheyrilega misrétti, sem nú ríkir varðandi bætur til aðstandenda þeirra sjómanna, sem farast við störf sín, og nú þegar ætti að firra sjómannaekkjur, föðurleysingja og þjóðina alla þeim óskemmtilega eftirleik hinna hörmulegu sjóslysa, sem auglýsir *athafnaleysi þingsins og vanmat þess á sjó*mönnum með sérstökum fjársöfnunum meðal landsmanna til þess að auka við fjárbætur vegna þeirra sjómanna, sem hv. Alþingi hefur látið viðgangast að féllu svo, að bættir eru minna en hálfum manngjöldum. Það er ekki eftir neinu að bíða með úrbætur í þessum efnum, hvorki eftir endurskoðun á almannatryggingalögum né nokkru öðru.

Umr. frestað.

Á 73. fundi í Nd., 24. marz, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 74. fundi í Nd., 26. marz, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 25, n. 329 og 429, 478).

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 76. fundi í Nd., s. d., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 478 felld með 20:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: BFB, BP, EðS, MS, EystJ, Geir,G, GíslG, GJóh, DÁ, HV, IG, KGuðj, LJós, SkG, ÞÞ, ÁÞ.

nei: EI, EmJ, SB, JKs, GÞG, IngJ, JóhH, JP, JR, SvE, ÓTh, DÓ, SÁ, ÚS, AGb, BGr, BF, BK, BBen, RH.

4 þm. (GÍG, GunnG, HÁ, JSk) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Ég tel ekki rétt á þessu stigi málsins að slá neinni upphæð fastri og greiði þess vegna atkv. gegn þessari till. Það þarf ekki að þýða, að ég, þegar endanlega kemur til greina að afgreiða málið, verði á móti endilega þessari upphæð, ef hún kemur upp hjá nefndinni, en ég segi nei nú.

Brtt. 478 varatill. felld með 20:16 atkv.

Rökstudd dagskrá á þskj. 429 samþ. með 20:14 atkv.

4. Hafnarbótasjóður.

Á 11. fundi í Nd., 2. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 93 16. des. 1943, um hafnarbótasjóð [56. mál] (þmfrv., A. 73).

Á 14. fundi í Nd., 7. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Gísli Jónsson): Hæstv. forseti. Ég hef leyft mér að bera hér fram frv. til l. um breyt. á l. um hafnarbótasjóð á þskj. 73, að við 2. gr. l. bætist ný mgr., er orðast svo:

„Af hverju nýju skipi, sem flutt er til landsins eða smíðað innanlands og er 5 brúttósmálestir, skal greiða í hafnarbótasjóð 2% af kostnaðarverði þess. Skal gjaldið innt af hendi, um leið og skrásetning skipsins fer fram og haffærisskírteini útgefið. Helmingi þessara tekna sjóðsins skal varið til hafnarbóta og lendingarbóta samkv. 4. gr. laganna, en helmingi þeirra til þess að koma upp og starfrækja þurrkví í Reykjavík, er rúmi a. m. k. 18 þús. smálesta skip.“

Eins og fram er tekið í grg. frv., er fátt nauðsynlegra þjóð, sem býr við brimótta strönd, á líf sitt og afkomu alla undir fiskveiðum og farmennsku, en góðar hafnir, sem hægt er að flýja til í illviðrum. En þó að það sé höfuð-

nauðsyn að skapa á þann hátt fari og farmönnum öruggt skjól til þess að hverfa að, þegar stormar æða úti fyrir og ekkert verður aðhafzt, þá kemur þó óneitanlega margt fleira til, sem knýr á um miklar og hraðar framkvæmdir í hafnarmálum meðal þjóðarinnar.

Það þarf ekki að leita lengra aftur í tímann en til ársins 1941 til þess að sjá hinar öru breytingar í hafnarmálum Íslendinga. Fram til þess tíma höfðu hafnarmál höfuðstaðarins verið í því ástandi, að hér varð að skipa upp og út öllum vörum og öllu fólki í uppskipunarbátum. Getur sú kynslóð, sem þekkti ekki þessa erfiðleika af eigin raun, varla skilið, hvernig yfirleitt var hægt að búa við slíkt ástand. Sú þróun og uppbygging, sem orðið hefur hér, síðan hafnarskilyrðin voru bætt svo, að umskipa megi flestum vörum við hafnarbakka, hefði aldrei getað orðið, ef höfuðstaðurinn hefði orðið að búa við þau hafnarskilyrði, sem hann bjó við fram til ársins 1914.

Þetta á þó ekki aðeins við um höfuðborgina, heldur á það og við svo að segja flesta aðra staði á landinu. Að vísu voru sumir þeirra svo gerðir frá náttúrunnar hendi, að hafnir þóttu þar sæmilegar, miðað við þær kröfur, sem þá voru gerðar. En þó hefur orðið að verja milljónum króna til flestra þessara staða, til þess að þeir mættu uppfylla kröfur nýja tímans, bæði hvað snertir skjól og vinnuskilyrði. Á öðrum stöðum og þó einkum þeim, er lágu vel við fiskveiðum og þar sem stutt var á hin fengsælustu mið, voru aðstæður allar margfalt lakari og kostnaðarsamt að byggja þar örugg ar hafnir, en í þetta hefur verið ráðizt með miklum dugnaði og bjartsýni, en útgjöld öll og erfiðleikar jafnan endurgreiðzt í batnandi lífskjörum fólksins og auknu verðmæti útflutningsvöru landsmanna. Á mörgum þessum stöðum rísa nú upp blómlegar byggðir, þar sem lífskjör fólks batna með ævintýralegum hraða.

Alþingi hefur jafnan haft djúpan skilning á þeirri þörf, sem er á því að bæta og byggja upp hafnir umhverfis landið allt. Eru eigi færri en 140 hafnir á hafnalögum, sem svo að segja allar eru styrktar úr ríkissjóði að 40—50% af byggingarkostnaði auk ábyrgðar á þeim hluta, sem á vantar, ef lán verður að taka til verksins. Til þessara framkvæmda hafa verið greiddar úr ríkissjóði um 17 millj. kr. árlega á s. l. þremur árum. En þetta er þó aðeins fimmti hluti þess, sem hafnarmálastjóri telur að nauðsynlega þurfi til hafnarframkvæmda árlega á næstu fimm árum, ef vel eigi að vera. Er því ljóst, að hér þarf meira til að koma en þær upphæðir, sem nú eru teknar á fjárlög til hafnarframkvæmda, ef unnt á að vera að mæta hinum mjög svo aðkallandi þörfum í framkvæmd hafnarmála. Nú er það ljóst, að til þess standa ekki miklar vonir, að ríkissjóður auki svo framlag til hafnarmála á næstu árum, að nægilegt verði til þess að mæta þörfum, né að sveitar- og bæjarsjóðirnir megni að leggja á móti framlögum ríkissjóðs sinn lögbundna hluta, og með því að jafnvíst er, að á því eru margvíslegir erfiðleikar að fá nægileg lán til þessara framkvæmda með aðgengilegum kjörum, bæði hvað snertir lánstíma og vexti, verður að afla fjár til þeirra að öðrum leiðum, ef ekki á að dragast um of að koma þessum nauðsynlegu umbótum í framkvæmd. Með þetta fyrir augum og fullviss þess, að engu fé er betur varið en því, sem fer til þess að byggja upp og bæta hafnir í landi voru, sem allt í senn veita skjól fari og farmönnum, forða tjóni á lífi, limum og eignum, bæta vinnuskilyrði og afköst, draga úr rekstrarkostnaði við öflun og útflutning á útflutningsvöru og bæta nýtingu þeirra auðlinda, sem þjóðin um langan aldur byggir afkomu sína á, legg ég til, að hafnarbótasjóði séu tryggðar nýjar tekjur á þann hátt, sem fyrir er mælt í 1. gr. frv.

Mér er það vel ljóst, að fyrstu andmæli gegn frv. kunna að verða þau, að útvegurinn sé í dag hlaðinn nógum bögglum, þótt ekki sé verið að bæta við hann enn einum pinkli, og að það væri nær að bera fram tillögur um að létta af honum einhverjum hluta af þeim þunga, sem á honum hvílir, heldur en bæta við hann. En sé málið brotið til mergjar, er ljóst, að með því að samþykkja frv. þetta óbreytt er einmitt verið að bæta hag útvegsins og létta þá byrði, sem á honum hvílir nú, eins og ég skal nú færa rök fyrir.

Hagur útgerðar eins og annarra fyrirtækja fer jafnan eftir því, hvort unnt er að afla meiri tekna en útgjöldin nema eða hvort unnt er að halda útgjöldunum svo niðri, að tekjurnar verði meiri en gjöldin. Með tilvísun til þessara staðreynda ber að athuga, hvaða möguleikar sýnast til þess að auka tekjur útvegsins eða draga úr kostnaðinum, ef frv. verður að lögum. Ber þá fyrst að hafa í huga, að rekstrarkostnaður útvegsins hækkar aðeins við lögfestingu þessa tekjustofns hafnarbótasjóðs um þá upphæð, sem nemur vöxtum af því fé, sem nýtt skip kostar meira vegna ákvæða frv., að viðbættum aukakostnaði við að vátryggja skipið þeim mun hærra, sem nemur gjaldinu til hafnarbótasjóðs, önnur hækkun á rekstrarkostnaði kemur ekki til greina vegna lögfestingar þessara gjalda, og þó aðeins á rekstri þeirra skipa, sem smíðuð eru innanlands eða flutt til landsins, eftir að frv. yrði að lögum. Rekstur annarra skipa, þ. e. allra þeirra skipa, sem þegar eru fyrir í landinu, hækkar ekki um einn einasta eyri við að lögfesta þetta gjald, sem hér um ræðir.

Hins vegar mun rekstur þeirra skipa verða mun hagkvæmari beinlínis vegna þeirra breytinga, sem hér er lagt til að gerðar verði á lögunum um hafnarbótasjóðinn, eins og ég skal sýna fram á síðar.

Skulu hér aðeins tekin tvö dæmi, sem sýna, hversu mikil sú hækkun kæmi til með að vera á rekstri skipanna, sem yrðu að greiða þetta gjald til hafnarbótasjóðs, ef frv. verður að lögum. Af mótorbát, sem fluttur yrði inn eða smíðaður innanlands, eftir að frv. yrði lögfest, og væri að verðmæti 5 millj. kr., mundi hækkun á kostnaði nema um 100 þús. kr. Árlegir vextir af þeirri viðbót yrðu þá 9 þús. kr., að viðbættum 5 þús. kr. í hækkuðum vátryggingaiðgjöldum, að óbreyttum vöxtum og vátryggingarkjörum. Þessi útgjaldaliður yrði því þannig aðeins 14 þús. kr. Væri hér um að ræða togara eða önnur

skip, sem inn væru flutt og kostuðu 30 millj. kr., næmi heildaraukning árlegra útgjalda af þessum ástæðum 84 þús. kr. Hækkun eða lækkun á þessum lið færi svo eftir því, hvort kaupverð þeirra skipa, sem gjaldið eiga að greiða, er hærra eða lægra en kaupverð þeirra skipa, sem ég hef tekið hér dæmi um.

Skal því næst athugað, hvaða líkur eru til þess, að gjaldaliðir útgerðarinnar mundu lækka, ef frv. næði fram að ganga, svo og hvaða líkur eru fyrir því, að tekjur útgerðarinnar hækkuðu fyrir sömu aðgerðir. Tveir veigamiklir gjaldaliðir útgerðarinnar eru í dag tryggingargjöld og viðhaldskostnaður. Lágmarksiðgjöld munu nú vera um 5% af tryggingarupphæðinni og af sumum skipum nokkru hærri. Hæð tryggingargjalda fer jafnan eftir því, hve mikil tjón verða á hinum tryggðu verðmætum og hve mikið kostar að bæta þau tjón. Því fleiri öruggar hafnir, sem skip og bátar eiga kost á að hafa not af og flýja til í illviðrum, og því betur sem þau eru varin þar fyrir tjónum, því meiri möguleikar eru á lækkun iðgjalda. Og því betri aðbúnaður sem skapaður er við viðgerðir á skipum, því ódýrar og fljótar verður verkið unnið.

Því fé, sem hafnarbótasjóði er ætlað hér, á beinlínis að verja til beggja þessara hluta: að bæta hafnirnar og bæta aðstöðu alla við skipaviðgerðir hérlendis. Þætti mér ekki ólíklegt, að með þessu mætti lækka vátryggingargjöld almennt á flotanum um allt að því helming. Það er engin bjartsýni að ætla, að með þessum aðgerðum einum mætti lækka um allt að helming tryggingariðgjöldin og mjög verulega viðhaldskostnað. Þá mundi útgerðin og stytta verulega þann tíma, sem jafnan fer til viðgerða, og á sama hátt einnig lækka útgjöld útgerðarinnar. Þá er og ljóst, að þeim mun fleiri öruggum höfnum sem komið er upp sem næst fengsælustu miðunum, því meira sparar útgerðin í olíu, í sliti á vélum og skipum og í tíma til sóknar á miðin, samtímis sem aflamagnið margfaldaðist, miðað við það að þurfa að sækja lengri vegalengdir á sömu mið og geta síðan oft ekki hagnýtt þau sem skyldi. Þá má og benda á, að því fyrr sem lokið er að fullu hafnarframkvæmdum á einum stað, því fyrr getur sú höfn lækkað hafnargjöld sín, er eigi þarf þá lengur að gera ráð fyrir öðrum útgjöldum við höfnina en almennum rekstrargjöldum og venjulegu viðhaldi. Allt eru þetta liðir, sem bæta stórlega hag útgerðarinnar, koma öllum eldri skipum til góða án nokkurs framlags og vega miklu meira til hagsbóta fyrir hin nýju skip en þær kvaðir, sem frv. leggur á þau, ef það verður að lögum.

Vegna þess ákvæðis í frv., að helmingi teknanna skuli varið til þess að koma upp og starfrækja þurrkví í Reykjavík, er rúmi allt að 18 þús. smálesta skip, vil ég taka þetta fram:

Þegar fyrst voru hafnar framkvæmdir hér í Reykjavík um að koma hér upp öruggri höfn, lagði ríkissjóður til þeirra framkvæmda aðeins 800 þús. kr. Er það sá eini styrkur, sem ríkissjóður hefur veitt til allra þeirra fjárfreku framkvæmda, sem hafnarsjóður Reykjavíkur og Reykjavíkurbær hefur lagt í og engan veginn er fulllokið enn. Má í því sambandi m. a. benda á, að enn verða öll þau skip, sem olíu flytja til Reykjavíkur frá útlöndum, að leggja utan hafnarinnar og dæla þaðan olíunni í geyma á landi. Samkvæmt upplýsingum, sem milliþn. í sjávarútvegsmálum fékk um kostnað við olíu og dreifingu á henni árið 1958, er reiknað með, að löndun olíunnar þannig kosti 4 kr. á hverja smálest. Jafnskjótt og þessi skip geta lagzt að hafnarbakka og dælt þaðan olíunni beint á geyma, mun þessi kostnaður að mestu leyti hverfa, en hann mun nú nema um eða yfir 1 millj. kr. á ári, og með byggingu þurrkvíar, eins og ákveðið er hér í frv., og þeirra mannvirkja, sem henni tilheyra, mundi þessi vandi verða leystur og þessi kostnaðarliður falla að mestu niður.

Til allra annarra hafnarframkvæmda, hvar sem er á landinu, leggur ríkissjóður 40—50% óafturkræft framlag, en til þeirra teljast einnig dráttarbrautir og þurrkvíar.

Árið 1943 var skipuð milliþn. til þess að athuga möguleika á því að koma hér upp fullkominni skipasmíðastöð. Var nefndin sammála um, að frumskilyrði fyrir því að koma hér upp slíkri stöð væri, að komið yrði jafnframt upp þurrkví. Benti nefndin á, að eðlilegast væri, að þessum mannvirkjum yrði komið upp í Reykjavík, að staður yrði valinn við Elliðaárvog og þar þegar tryggt hæfilegt athafnasvæði, er eigi yrði tekið til annarra afnota, hvað svo sem liði að koma sjálfum mannvirkjunum í framkvæmd.

Í framhaldi af þessu er hafnarlögum fyrir Reykjavík breytt á þingi 1943, þannig að ríkissjóður skuli greiða til hafnargerðar, skipakvía, dráttarbrauta og annarra mannvirkja í sambandi við skipasmíðastöð við Elliðaárvog 2/5 kostnaðar gegn 3/5 frá hafnarsjóði Reykjavíkur, og auk þess er ríkissjóði heimilað að ábyrgjast lán til þeirra framkvæmda, á sama hátt og gert er fyrir aðra hafnarsjóði á landinu. Sjálf framkvæmd verksins skyldi að sjálfsögðu vera gerð af hafnarsjóði Reykjavíkur, enda yrði hann eigandi mannvirkjanna, svo sem venja er til um aðrar hafnargerðir á landinu.

Hafnarstjóri Reykjavíkur taldi sig ekki hafa áhuga á að koma þessum mannvirkjum upp með þeim kjörum, sem að framan greinir. Var málinu því ekkert hrundið í framkvæmd og ekkert hreyft fyrr en á þinginu 1950. Er þá samþykkt þar ályktun um að fela ríkisstj. að láta fara fram athugun á því, hvar á landinu sé ódýrast og hentugast að koma upp þurrkví, er taki allt að 18 þús. smálesta skip, og gera kostnaðaráætlun um byggingu slíkrar þurrkvíar. Voru frumáætlun og teikningar gerðar samkvæmt fyrirmælum Alþingis, og liggja öll þau gögn fyrir til afnota, þegar þessu nauðsynjamáli kynni að verða hrundið í framkvæmd. Leiddu þessar athuganir í ljós, að aðeins tveir staðir á landinu, Reykjavík og Hafnarfjörður, gætu komið til greina til að staðsetja slík mannvirki a.

Hinn 12. ágúst 1954 skipaði ráðuneytið tvo menn til umræðna við bæjarfélögin um þetta mál á grundvelli þál., og hófust þær umræður og málaleitanir 6. sept. s. á. og stóðu til 17. jan. 1955. Eftir þessar umræður fengu samninganefndarmennirnir bréf frá hafnarstjórn Hafnarfjarðar og hafnarstjórn Rvíkur, og vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa þessi erindi bæði:

„Árið 1954, hinn 22. okt., kom hafnarnefnd til fundar á skrifstofu bæjarstjóra klukkan 5½ síðdegis. Fyrir var tekið: Bæjarstjóri skýrði frá því, að hann hefði mætt á fundi með nefnd þeirri, sem ríkisstj. hafði skipað til að athuga möguleika á byggingu þurrkvíar í Hafnarfirði og Reykjavík. Emil Jónsson var einnig mættur á fundinum sem vitamálastjóri. Spurðu nefndarmenn, með hvaða kjörum viðkomandi bæjarfélög vildu láta land undir væntanlega þurrkví og hve stórt, og enn fremur, hvort þeir vildu taka þátt í byggingu þurrkvíarinnar og síðan rekstri hennar og þá að hve miklu leyti. Varðandi fyrstu spurninguna, þá samþykki hafnarnefnd að mæla með því við bæjarstjórn, að land undir þurrkvína og nauðsynleg mannvirki í sambandi við hana yrðu látin af hendi endurgjaldslaust, en stærð þess er talin samkvæmt teikningu 5 hektarar. Nefndin vill í þessu sambandi benda á, að nauðsynlegur varnargarður fyrir þurrkvína hefur þegar verið byggður, og mun því ekki þurfa á frekari skjólvirkjum að halda en þegar eru til. Varðandi viðgerðarbyggingu, þá vill nefndin taka fram, að hún er fús til þess að ræða um að taka að sér byggingu hennar, ef ekki eru talin nægileg þau mannvirki, sem þegar eru fyrir hendi á staðnum. Um þátttöku hafnarsjóðs í byggingar- og rekstrarkostnaði þurrkvíarinnar að öðru leyti, þá vill nefndin taka fram, að hún telur ekki á þessu stigi málsins hafnarstjórn þess umkomna að gera bindandi tilboð um slíkt, meðan engar rekstraráætlanir liggja fyrir.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

Illugi Guðmundsson, Loftur Bjarnason,
Stefán Gunnlaugsson, Emil Jónsson,
Jón Gíslason.“

Frá Reykjavíkurhöfn fékk nefndin eftirfarandi bréf:

„Eftir að hafa athugað málavexti viðvíkjandi væntanlegri þurrkví í Vatnagörðum í Reykjavík teljum við, að ganga megi út frá því sem vísu:

1) Að Reykjavíkurbær óski eftir því, að þurrkví verði byggð á þessum stað.

2) Að þess sé enn fremur óskað, að mannvirki þetta verði byggt samkvæmt gildandi hafnarlögum, þó þannig, að framlag ríkissjóðs til sjálfrar þurrkvíarinnar verði 90% af byggingarkostnaði.

3) Að Reykjavíkurbær muni leggja ókeypis landssvæði til mannvirkjanna og ætla hæfilegt land til athafna og annarra mannvirkja, sem gerð yrðu í Vatnagörðum vegna staðsetningar þurrkvíarinnar.

4) Að Reykjavíkurhöfn, sem samkvæmt lið 2 yrði eigandi þurrkvíarinnar, sé reiðubúin til að taka að sér rekstur hennar.

5) Að þess sé óskað, að önnur mannvirki, sem gerð yrðu í Vatnagörðum sem bein afleiðing þurrkvíarinnar, nytu 40% framlags úr ríkissjóði.

Reykjavík, 15. jan. 1955.

Guðmundur Guðmundsson,
Jón Axel Pétursson.“

Af þessum undirtektum varð nefndarmönnum ljóst, að ekki mundi auðið að svo stöddu að ná samkomulagi um að hrinda þessu mikla nauðsynjamáli í framkvæmd. Alþingi mundi tæplega verða fúst til þess að láta ríkissjóð leggja fram 90% af stofnkostnaði, án þess þó að hann yrði a. m. k. meðeigandi í mannvirkjunum. Þá kom og til viðbótar, að ýmsar breytingar urðu á Alþingi og ríkisstj. árið 1956 og að þeir menn, sem þá réðu mestu um framgang mála, sýndust ekki hafa sérstakan áhuga á að koma þessu máli í framkvæmd.

Það ástand, sem ríkir hér nú og lengi hefur ríkt í þessu máli, er vorri framgjörnu þjóð, sem á flestum öðrum sviðum lyftir Grettistökum, engan veginn til sæmdar og öllum aðilum til stórtjóns. Íslenzkir iðnaðarmenn hafa í hvívetna sýnt, að þeir standi ekki að baki stéttarbræðrum sínum meðal annarra þjóða, séu þeim sköpuð sams konar skilyrði, bæði hvað snertir vélakost og verklega aðstöðu. Lengi var það svo, að mikill hluti viðgerða á skipum var fluttur úr landi beinlínis vegna þess, að hér var engin sambærileg aðstaða, og urðu því viðgerðir hér bæði dýrari og tóku miklu lengri tíma. Nú hefur þetta gerbreytzt hvað snertir allar vélaviðgerðir. Eru íslenzkir iðnaðarmenn þar orðnir fullkomlega samkeppnisfærir við erlenda aðila, bæði hvað snertir verð og afköst og gæði. Þó er það svo, að hér skortir enn lyfti- og flutningatæki, þegar um þungar vélar er að ræða, en það skapar vélaiðnaðinum margvíslega erfiðleika. Um plötuviðgerðir og almennar botnviðgerðir á skipum horfir allt öðruvísi við. Vegna ófullnægjandi aðstöðu erum vér langt á eftir öðrum þjóðum, bæði hvað snertir verðlag og afköst, og stafar það allt af skorti á þurrkví og þeirri aðstöðu, sem henni mundi fylgja. Það verður því að stefna að því alveg markvisst að koma hér upp þurrkví og skapa hér viðgerðaskilyrði eins og þau þekkjast bezt meðal annarra þjóða. Þegar svo er komið, munu iðnaðarmenn vorir, hvar sem er á landinu, engan veginn standa að baki stéttarbræðrum sínum erlendis.

Frv. það, sem ég hef hér borið fram, er stórt spor að þessu marki, ef samþ. verður. Það mundi m. a. brúa það bil, sem er á milli þess, er Alþingi hefur þegar lögfest um aðstoð til þessara framkvæmda, sbr. breytingu þá, sem gerð var á hafnarlögum Reykjavíkurbæjar, og þess, sem Reykjavíkurbær hefur boðizt til þess að gera, sbr. það bréf, sem ég þegar hef lesið hér upp. Þegar þessu mikla nauðsynjamáli hefur verið hrundið í framkvæmd og þurrkvínni komið upp, mun það sannast, að þá segi menn líkt og menn segja nú um hafnarframkvæmdirnar almennt: Hvernig var hægt áður að komast af án þessara framkvæmda?

Ég vona, að mér hafi með þeim rökum, sem ég hef fært hér fram fyrir málinu, tekizt að sanna, að með þessu frv., ef að lögum verður, er ekki verið að binda útveginum neina bagga, heldur þvert á móti verið að leggja grundvöll að betri afkomu hans um alla framtíð, og vænti ég þess því, að málið mæti fullum skilningi og frv. verði afgreitt sem lög á þessu þingi.

Ég vil leyfa mér, hæstv. forseti, að óska þess,

að eftir þessa 1. umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Lúðvík Jósefsson: Hæstv. forseti. Með frv. þessu er lagt til að leggja nýjan skatt á allar nýbyggingar skipa í okkar landi. Gert er ráð fyrir því, að jafnt skip, sem smíðuð eru innanlands, og hin, sem smíðuð eru erlendis fyrir Íslendinga, verði samkv. frv. skattlögð til hafnarbótasjóðs um 2% af kostnaðarverði. Það er alveg augljóst af framsöguræðu þeirri, sem flm. frv. flutti fyrir þessu frv., að meginástæðan til þess, að þetta frv. er flutt, er sú, að honum finnst, að seint hafi gengið að fá því til leiðar komið að koma upp þurrkví hér á Íslandi til þjónustu fyrir skipaflota landsmanna. Ég er flm. þessa frv. fullkomlega sammála um, að það hefur gengið allt of seint, og það er í rauninni skömm til þess að vita, að svo grátlega seint skuli hafa gengið að þoka því ágæta máli áleiðis að byggja hér þurrkví til þjónustu fyrir skipaflota okkar. En ég er hins vegar honum ekki sammála um þá leið, sem hann velur til þess að reyna að hrinda þessu máli áleiðis.

Það er alveg augljóst mál, að það, sem tafið hefur framkvæmdir í þessum efnum, er fádæma skilningsleysi þeirra, sem fara með málefni Reykjavíkurbæjar. Þeir hafa satt að segja ekki lakari aðstöðu til þess að hrinda þessu nauðsynjamáli áleiðis heldur en aðrir bæir á landinu hafa til þess að gera hliðstæðar framkvæmdir hjá sér, sem þeir eru að gera.

Það er greinilegt, að það er eðlilegast, að þurrkví verði byggð hér í Reykjavík. Það er mjög margt, sem mælir með því, að hér verði hún staðsett fremur en annars staðar. Að vísu hefðu getað komið til greina staðir hér í næsta nágrenni við aðaliðnaðarstöðvarnar í Reykjavík, en langt frá þeim er ekki hægt að fara með slíkt mannvirki sem þetta. En Reykjavíkurbæ hefur staðið til boða sama fyrirgreiðsla til þess að koma þessu mannvirki áleiðis og aðrir bæir hafa til skyldra fyrirtækja eða framkvæmda, eins og til þess að byggja þar dráttarbrautir og vélaverkstæði o. þ. h. Reykjavíkurbær hefur átt kost á því að fá úr ríkissjóði ⅔ hluta eða 40% af stofnkostnaði þessa mannvirkis, og fyrir hinum hlutunum, 60%, sem Reykjavíkurbær eða Reykjavíkurhöfn hefði átt að leggja fram, hefði hún getað fengið ríkisábyrgð samkv. gildandi lögum eins og aðrir. Það var og er vandalaust að útvega bæði erlendis og innanlands lán til þess að standa undir þessum 60% af stofnkostnaðinum. Og það er sú leið, sem átti að fara, og hún er hreint ekki meira átak fyrir Reykjavík en fyrir marga staði úti á landi, sem hafa verið að ráðast í milljónaframkvæmdir til þess að koma upp dráttarbrautum hjá sér. En svar það, sem hv. flm. las hér upp frá hafnarstjórninni í Reykjavík um afstöðu hennar til þessa máls, sýndi bezt þann skilning, sem þar er uppi á þessu mikla nauðsynjamáli, þar sem hafnarstjórnin í Reykjavík vill hér ekki að koma, nema ríkissjóður leggi fram 90% af kostnaði mannvirkisins eða miklu meira en til allra annarra hafnarframkvæmda í landinu, og samt sem áður átti Reykjavíkurbær að eiga mannvirkið á eftir. Þetta er auðvitað með sérstöku orðalagi hrein neitun á því að sinna þessu verkefni.

Þá leið, sem hv. flm. þessa frv. leggur til, að farin verði, að skattleggja allar nýbyggingar skipa í landinu til þess að hrinda þessu máli áleiðis, tel ég alveg fráleita. Sannleikurinn er sá, að það er búið að gera þær ráðstafanir, að það er mjög örðugt fyrir menn að ráðast í nýbyggingar fiskiskipa. Venjulegur vertíðarbátur kostar með því verðlagi, sem nú er orðið, á milli 5 og 6 millj. kr. Þó að takist að fá öll þau lán, sem heimilt er að veita úr stofnlánasjóðum hjá sjávarútveginum, þarf sá aðili, sem kaupir sér nýjan bát nú, samt sem áður að hafa handbært fé upp á um 2 millj. kr. til þess að geta keypt slíkan bát. Og það er ekki nóg með það, þó að þessar 2 millj. til þess að kaupa sér venjulegan fiskibát væru handbærar, heldur eru einnig sett þau sérstöku ákvæði í reglugerðir hjá bönkunum, að enginn getur keypt sér t. d. fiskibát erlendis frá nú, nema hann útvegi einnig 7 ára lán á hinum hlutanum af stofnverði bátsins, þeim sem aðilinn hefur ekki til í reiðufé. Stofnlánasjóðir sjávarútvegsins hér innanlands hafa skorazt undan því að veita þessi lán um alllangan tíma, og það þarf því að útvega allmikil erlend lán líka til þessara kaupa. Það er því raunverulega orðið svo, að það stappar nærri því, að búið sé að loka fyrir það, að hægt sé að kaupa ný fiskiskip til landsins, eins og nú háttar. Það er því sannarlega ekki á það bætandi með því að fara að fitja upp á nýjum sköttum til þess að gera byggingar t. d. fiskiskipa enn þá dýrari en þær eru nú, miðað við þær aðstæður, sem við eigum nú við að búa.

Sú túlkun hjá hv. flm. þessa frv., að þar sem nokkur hluti af þessu gjaldi eigi að ganga til uppbyggingar hafna í landinu og annar hluti til þess að koma upp þurrkví, þá muni slíkt bæta svo aðstöðu fiskiskipaflotans í framtíðinni, að það muni einnig spara honum útgjöld, — ég geri ekki mikið úr þessu a. m. k. fyrstu árin. Ég veit, að það tekur langan tíma. Og í þeim efnum vil ég aðeins minna á þá einkennilegu staðreynd, að eina höfnin í landinu, sem talin er fullkomin og góð, Reykjavíkurhöfn, er samkvæmt opinberum skýrslum hjá þeim, sem fara með vátryggingarmál bátaflotans í landinu, talin hættulegasti staðurinn við allt Ísland eða þar sem mest tjón gerist.

Nei, tjónin hverfa ekki að fullu og öllu, jafnvel þó að okkur takist að bæta okkar hafnir. Þar grípur margt fleira inn í. Og það er alveg áreiðanlegt, að jafnvel þó að það mætti takast að ýta nokkuð áfram þeim hafnarframkvæmdum í landinu, sem unnið er að, nú á næsta áratug, og það yrði vissulega öllum skipaeigendum til góðs, — það skal ég játa, — þá þýðir vitanlega ekkert annað en horfast í augu við það, að þau gjöld, sem lagt er til að leggja á nýsmíði skipa samkv. þessu frv., mundu þýða það, að erfiðara reyndist fyrir menn að kaupa ný skip, eins og ástatt er nú, og að rekstrarkostnaðurinn yrði meiri a. m. k. í nálægri framtíð.

Ég met alveg fyllilega þann vilja, sem fram kemur í þessu frv. hjá hv. flm. fyrir því að koma upp þurrkví. Ég veit, að hann er áhugamaður í þeim efnum og hann skilur flestum

mönnum betur, að það er mikil þörf á því fyrir skipaflota landsmanna að komið verði upp bættri aðstöðu til skipaviðgerða og skipaviðhalds í okkar landi, og við þurfum að fá þurrkví. En hinu held ég að bæði hann og aðrir verði að gera sér grein fyrir, að það verður varla komizt hjá því að ætlast til þess, að þeir, sem ráða málefnum Reykjavíkur, sýni skilning á þessu máli, þegar á að byggja slíka stöð hér í Reykjavík. Þeir geta ekki skotið sér lengur en þeir eru búnir að gera undan þessu verkefni. Og þetta verkefni er ekkert erfiðara fyrir þá en hliðstæð verkefni eru fyrir marga aðra staði á landinu, þar sem þeir eru nú að ráðast í sínar hafnarframkvæmdir eða ráðast í byggingu dráttarbrauta, sem eru mjög kostnaðarsamar hjá þeim mörgum. Ég er ekki heldur svo svartsýnn, að ég álíti það ekki kleift fyrir Reykjavíkurbæ að fá hartnær 60% af stofnkostnaði þurrkvíar með sæmilega hagstæðu láni erlendis og hérlendis, ef reynt væri að fá slíkt lán. Ég álít, að þetta sé fyllilega fært. Ef málið er hins vegar svo erfitt viðureignar, að forustumenn Reykjavíkur skilja það ekki og vilja ekki leysa verkefnið, er auðvitað næsta atriðið það, að ríkið leysi þennan vanda, að það verði ríkissjóður, sem byggir þurrkví og rekur hana, og þá verður ríkið að útvega lán í þessu skyni og leggja ákveðinn hluta á hverjum fjárlögum fram til þess að koma upp slíku mannvirki sem þessu.

Í þessum efnum vil ég líka minna á, að það er að verða sérkennilegt hér í okkar landi, að þegar um nauðsynjamál fyrir t. d. okkar sjávarútveg er að ræða, þá er alltaf lagt til, að skattleggja skuli sjávarútveginn sérstaklega í því skyni. Þegar þarf að afla hér fjár til stofnlána sjávarútvegsins, svo að hægt sé að halda uppi eðlilegum lánum til þess að endurnýja fiskiskipaflota landsmanna, eru lögð sérstök gjöld á sjávarútveginn í því skyni. Ef þarf að byggja þurrkví, hugsa menn sér að leggja sérstakan skatt á sjávarútveginn. En þessu er ekki svona varið með marga aðra atvinnuvegi í landinu. Þeir geta fengið sitt stofnfé að láni úr hinu almenna bankakerfi landsins. Og það er þjóðarinnar allrar að standa undir slíku. Ég veitti því athygli, að erlendur sérfræðingur, sem leit hér á þessi mál nú fyrir stuttu og hefur skrifað langa ritgerð um þau, benti einmitt strax á þetta, hvaða ástæða væri til þess að vera alltaf að skattleggja sjávarútveginn sérstaklega í sambandi við eðlileg stofnlán, eins og það ætti ekki að vera þjóðarinnar í heild að taka þátt í því að leggja fram fé í því skyni. Ég vil því fyrir mitt leyti vara við þeirri stefnu, sem kemur fram í þessu frv., sem miðar að því að leggja hér nýjan skatt á sjávarútveginn. Ég álít, að þar sé verið á rangri leið. Hitt tek ég undir, sem frv. fjallar um, að reyna að þoka áfram því mikla nauðsynjamáli að byggja hér þurrkví. Það er nauðsynjamál, og það er sjálfsagt að reyna að leita að einhverjum ráðum til þess að ýta því máli áfram. En sú leið, sem lögð er til í þessu frv., er mjög á annan veg en ég hefði kosið.

Þetta vildi ég láta koma fram hér strax við 1. umr. þessa máls og vænti, að sú nefnd, sem nú fær þetta mál til meðferðar, hugleiði þessi orð mín.

Flm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Eins og ég tók fram í framsöguræðu minni, komu mér ekkert á óvart slík mótmæli sem hér komu fram frá hv. 4. þm. Austf. En ég tel, að hann hafi ekki fylgzt með þeim rökum, sem ég færði fyrir því, að hér væri raunverulega ekki verið að leggja skatt á útveginn, heldur væri verið að krefja um fé, sem kæmi margfalt aftur og létti undir með útveginum, eins og ég tók skýrt fram í minni ræðu. Ef hann hefði hlustað á það og metið þau rök eins og vera ber, þá hefði ræða hans orðið allt önnur. Þetta er einmitt einn liðurinn í því að byggja upp framtíð útvegsins, lækka útgjöldin við viðgerðir, tjón o. s. frv., og mig furðar eiginlega á, að hann skuli láta þau orð sér um munn fara nú, að hann gerði ekki ráð fyrir, að það verði mikill árangur af þessu fyrst um sinn. Ég held, að það væri heppilegt fyrir hv. fjvn. að hafa þetta í huga, þegar á að svara óskum um fjárframlög til hafnarbóta í kjördæmi hv. 4. þm. Austf., það þurfi ekki að flýta afgreiðslu þess máls, því að það sé álit hv. 4. þm. Austf., að það verði ekki mikill árangur fyrst um sinn, þó að það séu látnar nokkrar milljónir í hafnir þar. Annars væri hann ekki samkvæmur sjálfum sér í málflutningnum.

En þó voru það einkum aðdróttanir til Reykjavíkurhafnar, sem ég vildi segja hér um nokkur orð. Ég teldi ranglátt, ef þetta gjald ætti að lögfestast, að láta ekki helminginn af því gjaldi fara til Reykjavíkurhafnar, og það er ekki gert að óathuguðu máli. Að sjálfsögðu mundi þetta gjald tekið af þeim skipum, sem flutt yrðu inn til Reykjavíkur, svo sem af nærri öllum verzlunarflotanum, og það gjald gæti vel verið engu minna en það, sem tekið er af fiskiskipaflotanum. Og það væri frá minu sjónarmiði algerlega rangt, að gjald, sem tekið væri af skipum, hvort sem það væri fiskiskip eða flutningaskip, út gerðum héðan frá Reykjavík, gengi að fullu og öllu til þess að bæta hafnir úti á landinu og styðja ekkert þá aðkallandi þörf, sem ég hef rætt hér um að þurfi að styðja í Reykjavík. Ætlazt er til, að helmingur gjaldsins fari beint til Reykjavíkur til þess að leysa ákveðinn vanda, en hinn helmingurinn út um landið eða í hafnir utan Reykjavíkur. Og ég hygg, að ef væru teknar upp skýrslur um það, hvað hefur verið flutt inn til Reykjavíkur á undanförnum — segjum 20 árum, þá sé það bróðurparturinn af öllum innflutningi til landsins. Og væri það nokkur sanngirni að láta reykvíska eigendur borga þetta gjald í hafnarbótasjóðinn og njóta einskis aftur? Þetta teldi ég alveg fráleitt. Ég tel og, að þurrkví sem byggð yrði í Reykjavík, væri ekki byggð fyrir Reykjavík eina. Hún væri engu síður byggð fyrir þá menn utan af landinu, sem þurfa og verða að nota slíkt mannvirki, og þess vegna sé ekki heldur eðlilegt, að ekki sé látið renna til þeirra framkvæmda það gjald, sem hér um ræðir.

Ég skal ekkert segja um það, hvort andstaða Reykjavíkur við þetta mál stafar eingöngu af því, að hún telji sér þetta ekki skylt. Ég hygg, að það stafi miklu frekar af því, að hún hefur þurft í mörg horn að líta um hafnarframkvæmdir, og það sanna bezt ummæli hv. 4. þm. Austf., þegar hann segir, að enn þá sé þó Reykavíkur-

höfn lélegasta höfnin á landinu. Og þá sýnir það, hve nauðsynlegt er að verja til hennar stórkostlegum fjárupphæðum, en til þeirra framkvæmda hefur Reykjavík aldrei tekið einn einasta eyri úr ríkissjóði, nema þær 800 þús. kr., sem ég gat um í upphafi. Þau rök hv. þm., að ekki megi verja helmingi fjárins til Reykjavíkur, fá því ekki staðizt frekar en ummæli hans um, að hér sé verið að leggja nýjan skatt á útveginn. Hvorug af þessum rökum fá staðizt. Ég vildi því óska þess, að hann, sem hefur haft mjög með sjávarútvegsmál að gera, vildi endurskoða afstöðu sína til þessa máls og fylgja frv., þegar það kemur aftur úr nefnd.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til sjútvn. með 23 shlj. atkv.

Á 87. fundi Nd., 9. apríl, utan dagskrár, mælti

Gísli Jónsson: Hæstv. forseti. Snemma á þessu þingi bar ég fram frv., 56. mál, á þskj. 73, frv. til l. um breyt. á l. nr. 93 16. des. 1943, um hafnarbótasjóð. Málið var tekið til 1. umr. hér hinn 7. nóv. og þá vísað til hv. sjútvn.

Ég hef síðan margsinnis rætt við hv. form. n. um að afgreiða málið frá n., án þess að mér hafi orðið nokkuð ágengt.

Nú er sýnilegt, að liðið er svo langt á þingið, að vart verður hægt að koma þessu máli í gegn, þó að það hefði nægilegt fylgi í deildinni. En með því að hér er um ákaflega veigamikið atriði að ræða fyrir íslenzkan sjávarútveg, tel ég það vera óverjandi, að hv. sjútvn. skuli ekki hafa gefið út nál., skýrt afstöðu sína til málsins og birt þær umsagnir, sem komið hafa til n. um þetta atriði.

Ég vil því mælast til þess við hæstv. forseta að taka málið á dagskrá hér á næsta fundi, svo að hægt sé þannig að knýja fram þær ástæður, sem liggja til þess, að hv. sjútvn. hefur tekið sér það einræðisvald að halda hér merku máli hjá sér án þess að skila um það nál. svo langan tíma, en það er algerlega óverjandi af þn. að taka sér slíkt vald.

Ég vænti þess, að hæstv. forseti sjái sér fært að taka málið til umr. og knýja þannig fram þær ástæður, sem liggja fyrir því, að málið hefur ekki verið tekið fyrir.

Á 92. og 97. fundi í Nd., 14. og 17. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 98. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 73, n. 800).

Frsm. (Matthías Á. Mathiesen): Hæstv. forseti. Eins og fram kemur í nál. á þskj. 800, hefur sjútvn. fjallað um mál þetta og sent það til umsagnar fjölda aðila, en þær umsagnir hljóða flestar á þá leið, að þeir hafa mælt gegn frv.

Í þessu frv. er fjallað um þá brýnu nauðsyn að auka tekjur hafnarbótasjóðs og lagt til, að á alla nýsmíði verði lagður 2% skattur, sem renni í þennan sjóð. Nm. hafa ekki tekið jákvæða afstöðu til þess máls, enda þótt þeir séu sammála flm. um, að það beri að auka tekjur hafnarbótasjóðs. Þeir leggja því til, að þetta mál verði afgreitt með svofelldri rökstuddri dagskrá:

„Þar sem stjórnskipuð nefnd hefur lokið endurskoðun laga um hafnarbótasjóð svo og laga um hafnargerðir og lendingarbætur og ríkisstj. hefur málið til athugunar, telur deildin ekki ástæðu til þess að ræða málið frekar nú og tekur fyrir næsta mál á dagskrá."

Gísli Jónsson: Herra forseti. Snemma á þessu þingi bar ég fram frv. til l. um breyt. á l. um hafnarbótasjóð. Í frv. er í meginatriðum kveðið svo á, að leggja skyldi 2% gjald á þau skip, sem væru byggð, eftir að lögin tækju gildi. Liggur frv. nú fyrir hér til 2. umr., eftir að sjútvn. hefur sagt um það álit sitt. Mér er ljóst, að þetta þing, sem nú er að ljúka störfum, hefur afgreitt mörg og stór mál og sjálfsagt erfitt að finna þess dæmi í þingsögunni, að jafnmörg mál hafi verið afgreidd eins og gert hefur verið á þessu þingi. En ég hika ekki við að segja, að þetta mál, þó að það hafi ekki fengið afgreiðslu, er eitt af merkustu málunum, sem þingið hefur haft til umr., því að svo mikil er þörfin fyrir hafnarbótasjóð að fá auknar tekjur. Ég hef hér engar ádeilur, hvorki á hv. nefnd né Alþingi, fyrir að hafa ekki afgreitt málið fyrr. Það er skiljanlegt um svo stórt mál, að það þurfi víðtækrar athugunar við. Í rökstuddri dagskrá er tekið fram, að það hafi verið stjórnskipuð nefnd að athuga og endurskoða lög um hafnarbótasjóð og málið sé til athugunar hjá hæstv. ríkisstj., og verður ekki skilið annað en hún hafi í huga að bera fram brtt. við lögin um hafnarbótasjóð á næsta þingi. Vildi ég þá mega vænta þess, að hæstv. ríkisstj. tæki það til athugunar, á hvern hátt hægt sé að auka tekjur hafnarbótasjóðs allverulega. Og þá kemur til greina um leið, hvort hægt sé að taka til athugunar mínar tillögur að öllu eða einhverju leyti. Ég sætti mig því við afgreiðslu málsins á þessu stigi og vænti, að það leiði til þess, að þetta mál verði leyst á næsta Alþingi svo sem nauðsynlegt er.

ATKVGR.
Rökstudd dagskrá á þskj. 800 samþ. með 23 shlj. atkv.

---

5. Almannatryggingar (frv. GJóh og LJós).

Á 49. fundi í Nd., 15. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar, og l. nr. 13 31. marz 1960, um breyt. á þeim lögum [149. mál] (þmfrv., A. 293).

Á 52. fundi í Nd., 20 febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Gunnar Jóhannsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. 4. þm. Austf. að flytja

frv. til l. um breyt. á lögum um almannatryggingar. Á síðasta þingi flutti Margrét Sigurðardóttir, varaþm. Alþb., samhljóða frv. Málið var þá tekið fyrir til umr. hér í hv. deild og því vísað til heilbr.- og félmn., en þar dagaði málið uppi. Nú er frv. endurflutt óbreytt ásamt grg. í trausti þess, að hv. alþm. sjái sér fært að veita því brautargengi á þessu þingi. Frv. fylgir mjög ýtarleg grg., og má segja, að óþarft sé að fara mörgum orðum um frv., þar sem í grg. er skýrt og ákveðið sagt frá efni og tilgangi þess. Ég vil þó leyfa mér með nokkrum orðum að skýra frá aðalatriðum frv.

Í 1. gr. þess kveður á um, að í stað tveggja fyrstu málsgr. 5. gr. laga um almannatryggingar frá 1960 komi: „Fjölskyldubætur skulu greiddar með öllum börnum innan 16 ára aldurs. Fjölskyldubætur greiðist foreldrum barna, en séu þau ekki samvistum, þá því foreldri, sem foreldraréttinn hefur."

Í lögunum, eins og þau eru nú, eða eftir breytingarnar á lögunum frá 30. marz 1960, segir svo í 5. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Fjölskyldubætur skulu greiddar foreldrum með hverju barni, þar með talin stjúpbörn og kjörbörn, sem eru á fullu framfæri foreldra. Við ákvörðun fjölskyldubóta skulu ekki talin með þau börn í fjölskyldunni, sem eiga framfærsluskyldan föður utan hennar."

Með orðalagi því, sem er á 2. málslið 5. gr. í lögunum frá 30. marz 1960, eru framfærendur, sem eru í flestum tilfellum einstæðar mæður, sviptir fjölskyldubótum. Það hljóta allir að sjá, að hér er um hróplegt ranglæti og um leið mjög mikið misræmi að ræða. Ég tel rétt að athuga þetta dálítið nánar.

Ef við athugum bætur þær, sem greiddar eru af almannatryggingunum, svo sem mæðralaun, barnalífeyri og fjölskyldubætur, kemur í ljós, að barnalífeyrir og mæðralaun greiðast sem bætur vegna þess, að þriðja aðilann í fullmótaðri fjölskyldu vantar til að inna af hendi framfærsluskyldu, þ. e. föðurinn vantar til að inna framfærsluskyldu sína af hendi. Bætur til einstæðra mæðra og barna þeirra byggjast eingöngu á því, að þau njóta ekki fyrirvinnu föðurins, eins og konan og börnin í svokallaðri eðlilegri fjölskyldu gera. Ef menn hafa þetta í huga, hlýtur að liggja ljóst fyrir mönnum, að það sé sanngjarnt og réttlátt, að fjölskyldubæturnar séu greiddar vegna allra barna, hvort sem þau eru skilgetin eða óskilgetin eða hvort sem móðirin er fráskilin eða býr í hjónabandi. Að láta fjölskyldubætur einungis koma til góða hinni eðlilegu fjölskyldu, sem hlýtur í langflestum tilfellum að vera betur sett í lífsbaráttunni en t. d. einstæð móðir, getur ekki talizt annað en þjóðfélagslegt ranglæti, sem Alþingi ætti sem fyrst að leiðrétta.

2. gr. frv. þessa er um, að a-liður 59. gr. l. frá 1956 orðist svo: „Fjölskyldubætur og hvers konar aðrar bætur" — þ. e. að orðið dagpeningar falli burt.

Hér er um breytingu að ræða, sem leiðir af 1. gr. frv. Eins og lögin eru nú, mega fjölskyldubætur aðeins fara saman með dagpeningum, en engum öðrum bótum. Hér er í þessu frumvarpi aftur á móti lagt til, að fjölskyldubætur megi fara saman með hvers konar bótum, sem á annað borð eru greiddar af almannatryggingunum. Yrðu þær breytingar, sem í frumvarpinu felast, samþykktar, mundu fjölskyldubætur falla í hlut eftirtalinna aðila, auk þeirra, sem áður hafa notið þeirra: einstæðra mæðra, ekkna og annarra, þar sem faðir barna þeirra er látinn, mæðra ófeðraðra barna, elli- og örorkulífeyrisþega, sem taka barnalífeyri, og að lokum til þeirra mæðra, sem taka endurkræfan barnalífeyri, þ. e. barnalífeyri, sem Tryggingastofnun ríkisins greiðir barnsmæðrum, en á endurkröfurétt á hendur barnsföður. Ég tel rétt að lesa hér orðréttan kafla úr grg., sem frv. fylgir, þar sem rætt er um endurkræfan barnalífeyri, en þar segir svo m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Það hefur þegar verið tekið fram, en skal þó endurtekið og undirstrikað, að réttkræfur barnalífeyrir getur á engan hátt skoðazt bætur frá almannatryggingum, enda þótt Tryggingastofnun ríkisins annist milligöngu um greiðslu hans til mæðranna. Þær bætur, sem greiddar eru vegna þessara barna, eru einungis mæðralaunin. En mæðralaunin eru háð tekjuhámarki. Sé móðirin að dómi Tryggingastofnunarinnar vel sett fjárhagslega, t. d. hafi milli 60 og 70 þús. kr. árslaun, eru henni ekki greidd mæðralaun.

Þessir foreldrar annast þá framfærslu síns barns eða barna án nokkurs tilstyrks almannatrygginganna, en hjón, sem samvistum dveljast, fá sínar árlegu fjölskyldubætur, — þar kemur ekkert tekjuhámark til skerðingar. Að vísu mun reyndin sú, að þessu skerðingarákvæði á mæðralaun sé ekki mikið beitt, en það mun fyrst og fremst byggjast á því, að konur hafa yfirleitt lágar tekjur, og þær fáu konur, sem eru raunverulega tekjuháar eða búa við allgóðar fjárhagslegar ástæður, vita um þessi skerðingarákvæði og sækja þar af leiðandi ekki um mæðralaun. Hins vegar mun þessum skerðingarákvæðum vera beitt skilyrðislaust, ef ástæður konunnar eru þannig, að hún er gift eða býr með karlmanni eða barn hennar eða börn eru stjúpbörn hans. Með þessum börnum eru engar bætur greiddar frá tryggingunum. Barnið nýtur áfram hins tilskilda meðlags föður síns, það er látið útiloka fjölskyldubætur vegna þessara barna, enda þótt, eins og áður er fram tekið, þar sé ekki um að ræða bætur frá almannatryggingunum, heldur aðeins hið eðlilega og sjálfsagða meðlag föðurins með barni sínu. Gegnir furðu, að svo augljós rangsleitni skuli vera látin viðgangast og samþykkt af löggjafarþingi þjóðarinnar, ekki einu sinni, heldur oft. En jafnvel þótt mæðralaun séu greidd, gætir harla undarlegs viðhorfs löggjafans til aðstöðu hinnar einstæðu móður annars vegar og hinnar „eðlilegu" fjölskyldu hins vegar, sem bezt sést á einföldu dæmi. Hugsum okkur, að kona búi ásamt barni sínu. Hún fær til framfærslu þess 600 kr. mánaðarlega frá barnsföður sínum, en hún annast sitt barn, býr því heimili og verður auk þess að vinna fyrir framfæri sínu og þess. Sem stuðning þjóðfélagsins í sinni hörðu lífsbaráttu fær hún mæðralaun. Í sama húsi búa hjón með eitt barn. Faðirinn er fullvinnufær og umhyggjusamur heimilisfaðir,

móðirin annast barnið, býr fjölskyldu sinni heimili og vinnur því það, sem hún má. Hvort barnið þykir mönnum líklegt að búi við betri kjör? Löggjafinn virðist ekki vera í neinum vafa um það. Hann ætlar fjölskyldunni 2600 kr. árlegar bætur frá almannatryggingum, en hinni einstæðu móður 1400 kr.“

Það er enginn vafi á því, að þegar lögin um almannatryggingar voru sett, þá var stigið eitt merkasta spor, sem stigið hefur verið í því að koma á viðunandi tryggingafyrirkomulagi hér á landi. Áður höfðu verið mjög litlar og lélegar tryggingar. Hinu ber svo ekki að neita, að í ljós hefur komið ýmislegt, sem betur hefði mátt fara. Þannig er vitanlega um öll nýmæli, og er ekkert við því að segja. Löggjafinn hefur séð þetta, og á almannatryggingunum hafa verið gerðar margar umbætur til bóta frá því, sem áður hefur verið. En samt sem áður hefur sézt yfir t. d. þetta atriði ásamt nokkrum öðrum, og væri fyllsta ástæða til þess að fara nánar í gegnum lögin, þannig að ekki kæmi til með að gæta jafnmikils misræmis og fram kemur, sbr. það frv., sem við hér flytjum.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess á þessu stigi málsins að fjölyrða frekar um þetta frv., en við flm. væntum þess, að hv. alþm. sjái sér fært að veita því brautargengi á þessu þingi og samþykkja það sem lög.

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og til heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 22 shlj. atkv.

Á 88., 90. og 91. fundi í Nd., 10., 12. og 13. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 98. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 293, n. 681).

Frsm. (Gísli Jónsson): Hæstv. forseti. Hv. heilbr.- og félmn. hefur haft mál þetta til meðferðar. Hún hefur leitað álits um frv. á þskj. 293 m. a. frá Tryggingastofnun ríkisins, og þar sem svo langt er liðið á þingtímann, læt ég mér nægja að vísa til nál. nefndarinnar á þskj. 681. Þar koma fram ýtarleg rök fyrir því, hvers vegna n. leggur til, að frv. verði ekki samþykkt, heldur verði það afgr. með rökst. dagskrá, sem hljóðar svo:

„Í trausti þess, að ríkisstj. feli nefnd þeirri, sem nú vinnur að endurskoðun almannatryggingalaganna, að endursemja gildandi ákvæði um greiðslu fjölskyldubóta með það fyrir augum, að tryggt sé, að greiddar verði fjölskyldubætur eða aðrar sambærilegar bætur með öllum börnum innan 16 ára aldurs, og þær breytingar á lögunum verði lagðar fyrir næsta Alþingi, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.“

Mér þykir þó rétt að geta þess, að þetta frv. eða frv. lík þessu hafa verið borin fram á mörgum undanförnum þingum og nokkuð fyrir misskilning, sem leiðréttur er hér í nál., en þar hefur því jafnan verið haldið fram, að það bæri að greiða fjölskyldubætur með börnum, sem fráskilin hjón ættu, og einkum og sér í lagi, að þær bætur ættu að ganga til móðurinnar. Eins og sést í þeim skjölum, sem hér liggja fyrir, er þetta greitt í öðru formi, því annaðhvort fá þær mæður fullt framlag með aðstoð Tryggingastofnunarinnar og það framlag er jafnhátt og ekkjur fá með börnum, sem hafa misst feður sína, eða mæður þessar fá jafnhátt eða hærra framlag beint frá föður barnanna og njóta því að fullu fjölskyldubóta eins og aðrar mæður, sem misst hafa framfærsluaðila. Hins vegar kemur vel til greina að greiða fjölskyldubætur með slíkum börnum, en þá að sjálfsögðu eiga þær að greiðast til þess aðila, sem framfleytir börnunum, þ. e. til föðurins, sem undir venjulegum kringumstæðum greiðir hærra framlag en greitt er frá Tryggingastofnuninni. En hér er aðeins um örfá börn að ræða. Auk þess ætti að greiða fjölskyldubætur til þeirra mæðra, sem vilja ekki gefa upp föður að barni, en sjá að öllu leyti um framfærsluna, og leggur nefndin alveg sérstaka áherzlu á, að þessi atriði verði lagfærð við endurskoðun laganna, þannig að slíkar mæður fái fullar fjölskyldubætur með börnum sínum. Ég sé ekki ástæðu til þess að orðlengja meira um frv. og legg til fyrir hönd n., að það verði afgreitt svo sem hin rökstudda dagskrá segir.

Gunnar Jóhannsson: Hæstv. forseti. Hv. heilbr.- og félmn. hefur afgreitt frv. til l. um breyt. á lögum um almannatryggingar á þskj. 293. N. leggur öll til, að frv. verði afgreitt með rökstuddri dagskrá. Ég þarf ekki að lesa hana upp, hún hefur þegar verið kynnt. Í hinni rökst. dagskrá kemur fram, að ætlazt er til, að tryggt verði, að greiddar verði fjölskyldubætur eða aðrar sambærilegar bætur öllum börnum innan 16 ára aldurs. Nefndin treystir því, eins og fram kemur í dagskrártill., að hæstv. ríkisstj. feli nefnd þeirri, sem nú vinnur að endurskoðun almannatryggingalaganna, að sjá um, að lögunum verði breytt til samræmis við það. Þar sem nú er komið að þingslitum og því litlar líkur fyrir því, að á þessu þingi fáist samþykktar þær breytingar á l. um almannatryggingar, sem frv. okkar hv. 4. þm. Austf. gerir ráð fyrir, getum við sætt okkur við afgreiðslu heilbr.- og félmn. á frv. okkar í trausti þess, að hæstv. ríkisstj. sjái um, að sú nefnd, sem nú vinnur að endurskoðun almannatryggingalaganna, taki með í væntanlegar brtt. sínar ákvæði, sem tryggi, að fullar fjölskyldubætur verði greiddar með öllum börnum innan 16 ára aldurs. Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um þetta, en þakka hv. heilbr.- og félmn. fyrir afgreiðslu málsins.

ATKVGR.

Rökstudd dagskrá á þskj. 681 samþ. með 25 shlj. atkv.

Lagafrumvörp, vísað til ríkisstjórnarinnar.

1. Kornrækt.

Á 5. fundi Ed., 19. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um kornrækt [39. mál] (þmfrv., A. 44).

Á 7. fundi í Ed., 23. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv. er nú orðið gamall kunningi hér á hv. Alþingi og þess vegna ekki þörf á því að vera að skýra það sérstaklega. En hitt er aftur augljóst mál, og á það vil ég nokkuð minnast, að með hverju árinu, sem hefur liðið, frá því að frv. var flutt um kornrækt fyrst á Alþingi, þá hefur kornræktin farið vaxandi. Það hefur fullkomlega sýnt sig, að kornyrkjan hefur rétt á sér, að hér er ekki um neitt hégómamál að ræða. Áratugastarf tilraunastjórans á Sámsstöðum er nú sem óðast að rætast og á vafalaust eftir að rætast enn betur á komandi árum.

Það eru allmargir aðilar, sem hafa byrjað á kornrækt síðustu árin og þó einkum í ár og það í mjög stórum stíl, og mun hafa verið sáð korni í samfellt land í því sem næst 80 hektara alls, og er það allstór og víðáttumikill akur. Og margir einstaklingar hafa sáð í marga hektara á jörðum sínum, svo að hér virðist vera að glæðast allmikið áhuginn fyrir kornræktinni. Og kornræktin nýtur líka miklu meiri tækni en vitað var um fyrir nokkrum árum, svo að á þann hátt er hægt að auðvelda kornyrkjuna. T. d. þurrkun kornsins, sem hefur verið eitt af mestu vandamálum kornyrkjunnar, virðist mega takast á fremur auðveldan hátt með súgþurrkun, en hún kostar mikið, hvort heldur um er að ræða korn- eða heyþurrkun. Það er því ekki að ástæðulausu, þótt við flm. þessa frv. förum fram á það, að sú tækni, sem til kornyrkjunnar þarf, njóti stuðnings hins opinbera. Og mun það líka verða þess valdandi, að það innlenda korn, sem verður á boðstólum, kemur til með að verða á miklu viðráðanlegra verði en ella yrði.

Það er talið, að við Íslendingar notum bygg sem svarar 3000 lestum í fóðurblöndur árlega. Og til þess að afla þessa korns innanlands þurfum við að auka kornræktina allverulega frá því, sem nú er, á komandi árum. Og það er enginn vafi, að þegar menn hafa betur lært kornyrkju en nú er almennt, þá verður uppskerumagnið af hverjum hektara meira en nú er. Það er talið, að á þessu hausti hafi uppskeran verið nálægt 2 lestum af hektara, en þegar tímar líða og allt er komið í fullan gang og menn orðnir nokkuð vanir kornyrkjunni, megi rúmlega tvöfalda þessa uppskeru í meðalári. En árið í ár mun vera frekar óhagstætt kornyrkju, að því er kunnugir menn telja.

Ég veit, að þeir, sem unna íslenzkum landbúnaði og vilja honum vel og vilja, að íslenzka þjóðin verði sjálfri sér nóg með þær framleiðslugreinar, sem kostur er að stunda hér á landi, munu styðja þetta frv. heils hugar. Þess vegna geri ég mér vonir um, að það verði auðsóttara mál að fá samþykkt þess nú en verið hefur á undanförnum árum. Ég vil leggja til, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til hv. landbn. og til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til landbn. með 15 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Ed., 9. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 62. fundi Ed., 12. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 44, n. 345 og 359).

Frsm. meiri hl. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Frv. þetta um kornrækt á þskj. 44 var lagt fyrir þessa deild snemma á þingi í vetur og er sannast að segja allgamall kunningi hér á hv. Alþingi, því að mér er sagt af fróðum mönnum, að það hafi verið samið af milliþn. fyrir 9 eða 10 árum, og er þess vegna allt að því áratugs gamalt. Að vísu hefur það tekið smávægilegum breytingum á þessu tímabili, en í aðalatriðum er það þó eins. Hér frá þessari hv. deild hefur það verið afgreitt tvisvar sinnum jákvætt á síðustu þingum, en strandað í Nd.

Við, sem skipum landbn., höfum mælt með þessu frv. tvisvar sinnum áður, öll nefndin, að vísu ekki að öllu leyti sammála í smáatriðum eða minni háttar atriðum.

En nú hefur sú breyting orðið á, að n. hefur klofnað um frv., og afstaða mín til frv. fyrst og fremst og meiri hl. n. hefur breytzt fyrir það, að af viðtölum við ýmsa kornræktarmenn, sem þessum málum eru kunnugir, höfum við sannfærzt um, að stuðningur við kornrækt væri að vísu nauðsynlegur í einhverju formi, en það

mundi vera a. m. k. vafamál, að eðlilegt væri, að hann væri í því formi, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, þ. e. a. s. styrkur til vélakaupa.

Þegar þetta frv. var samið upphaflega, var kornrækt hér a. m. k. mjög á bernskuskeiði eða tilraunastigi, þótt að vísu væri ræktað korn hér á Íslandi fyrir mörgum öldum, og frv. var fyrst og fremst ætlað að létta undir og koma mönnum af stað með kornrækt, sem áhuga hefðu á málinu, og fá þannig reynslu á það, hvort tiltækilegt mundi vera að rækta korn hér á landi með því að styrkja kornræktarmenn allverulega til vélakaupa. Nú hafa þessi mál þróazt þannig, að kornræktin er raunar búin að sanna gildi sitt hér á landi, því að nú er ræktað korn í allstórum stíl, bæði á Suðurlandi og Austurlandi, og hefur gefið mjög álitlega raun, miðað við það, sem álitið var, áður en hinir framtakssömu menn hófu sínar tilraunir, sem nú eru komnar á það stig, að þetta er komið yfir mestu byrjunaróvissuna.

Eins og að er vikið í nál. okkar meirihlutamanna í landbn. á þskj. 359, teljum við, að kornrækt sé mikils stuðnings verð af hinu opinbera og að nánari athugun á því máli þurfi að leiða í ljós, hvernig heppilegast mundi vera að forma þann stuðning. Við bendum þar á, að stuðningurinn við kornrækt eigi eðlilega að koma í gegnum jarðræktarstyrk eins og við aðra jarðrækt, enda eru í gildi ákvæði um það, að kornræktarmenn fái jarðræktarstyrk eins og túnræktarmenn fyrir frumvinnslu lands. Ég er þó alls ekki viss um, að það sé nógur stuðningur við kornræktina, heldur muni einnig þurfa stuðning í formi þess, að endurvinnsla lands verði styrkt að einhverju leyti, að hluta til a. m. k. á móti frumvinnslunni. Við vikjum einnig að því, að eins og nú hefur verið hagað í ein tvö ár niðurgreiðslu á erlendu korni til fóðurbætis, þá væri mjög eðlilegt, að kornyrkja innanlands nyti a. m. k. sams konar stuðnings í því formi.

Þó að ekki sé á fleira drepið í nál., vil ég aðeins víkja að því, að nú er fyrir þessari hv. d. frv. um lánasjóði landbúnaðarins, og ég held, að megi reikna með því, að ef það frv. verður samþykkt, þá verði lán veitt út á landbúnaðarvélar úr ræktunarsjóði eða þeirri deild Búnaðarbankans, sem ræktunarsjóður er nú í. Það er náttúrlega öldungis sjálfsagt, að ef hægt verður að fara út á þessa braut, þá verður einnig lánað út á kornræktarvélar eins og aðrar landbúnaðarvélar. Einnig vil ég geta þess, að nú er í endurskoðun tollskrá, og ég vænti þess, að þeirri endurskoðun verði lokið fyrir næsta haust og hún komi fram á næsta þingi í frumvarpsformi, og ég vil vænta þess, að þar verði gerðar verulegar breytingar á tollum á landbúnaðarvélum, og þá kæmu þær vélar, sem til kornyrkju eru notaðar, að sjálfsögðu undir það.

Þetta eru nú aðeins hugleiðingar í kringum þetta mál, en af þeirri ástæðu, sem ég nefndi áðan, að tímarnir eru mjög breyttir frá því, að frv. var samið upphaflega, og þá var gert ráð fyrir því, að því er mig minnir, í nál. þeirrar nefndar, sem samdi það, að ákvæði laganna yrðu endurskoðuð á 10 ára fresti. Í öðru lagi virðist það vera sýnt af þeim undirtektum, sem þetta frv. í því formi, sem það nú er, hefur fengið hér á hv. Alþ. nú hvað eftir annað að undanförnu, að það mundi ekki hjálpa því mikið, jafnvel þó að þessi deild hefði nú afgreitt það enn til Nd. eins og í fyrra og hittiðfyrra.

Ég vil að lokum taka það fram, að ég tel þetta stórt mál fyrir landbúnaðinn og þjóðina í heild og að það sé nauðsynlegt að styðja kornræktarmenn í einhverju formi og að fullnaðarákvörðun um það, í hvaða formi það verði gert, megi ekki dragast lengi. En í trausti þess og þar sem ég veit, að landbrh. hefur áhuga á þessu máli, höfum við í meiri hl. n. lagt til, að málinu verði vísað til ríkisstj.

Frsm. minni hl. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Hv. 10. landsk. þm. hefur gert grein fyrir afstöðu meiri hl. n. um það að vísa þessu máli til ríkisstj. Hv. þm. færði fyrir þessu nokkur rök, m. a. það, að tollskrá væri nú í endurskoðun og þeirri endurskoðun yrði væntanlega lokið fyrir næsta haust, og þar mundi að öllum líkindum verða um lækkun að ræða á aðflutningsgjöldum til vélakaupa vegna landbúnaðarins. Ég geri ráð fyrir, að hv. þm. viti þetta betur en ég, og skal því ekki andmæla því neitt, að til þessa kunni að koma, og ber að sjálfsögðu því að fagna, ef svo verður, þótt mér finnist nú ýmislegt annað, sem hæstv. ríkisstj. kemur með í garð landbúnaðarins, bera merki annars en þess. Þá gat hv. þm. þess, að í frv. um hina nýju stofnlánadeild landbúnaðarins, sem nú liggur fyrir Alþingi, var lagt fram hér fyrir nokkrum dögum og að öllum líkindum verður að lögum á þessu þingi, væri svo ráð fyrir gert, að veitt yrðu lán til vélakaupa. Á það vil ég benda, að slíkt er ekki neitt nýmæli í þeim lögum, það hefur gilt í ræktunarsjóðslögunum til þessa. Og það, sem hefur valdið því, að ekki hafa komið til stórfelld lán til vélakaupa, er fyrst og fremst fjármagnsskortur. Við nokkra yfirvegun þessa frv. sýnist mér það bera þess vitni, að það verði ekki lánað til alls, sem lagaheimild nær til þar, fremur nú á næstunni en verið hefur til þessa, þannig að ég hygg, að það bæti ekki mikið úr í þeim efnum fyrir kornræktarmenn eða aðra.

Þá gat hv. þm. þess, að þetta frv. hefði legið fyrir mörgum þingum. Það er alveg rétt. Það er langt síðan það var lagt fyrst fram á Alþingi, og við höfum afgreitt það tvívegis, eins og hv. þm. gat um, úr þessari hv. d. til Nd., þar sem það hefur sofnað. Og aðalástæðan hjá hv. meiri hl. n. skilst mér að sé sú, að ríkisstj. hafi þetta mál í athugun og þess vegna finnist þeim eðlilegast, að málinu sé vísað til hennar. En það er alllangt síðan þetta frv. var lagt fyrir Alþingi, og gat hv. 10. landsk. þm., formaður landbn., þess í haust, að ríkisstj. mundi leggja fram eitthvað þessu máli til stuðnings á þessu þingi, en fyrir nokkrum dögum var hann orðinn vonlaus um það. Og ég vona, að hann verði ekki jafnvonlaus með það eftir eitt eða tvö ár, þannig að þessi hæstv. stjórn, ef hún situr svo lengi, sinni þessu máli ekki neitt, þótt mér komi það hins vegar ekki mikið á óvart.

Ég tel þetta mál vera allþýðingarmikið, og við höfum, flm. þessa frv., bæði nú að þessu sinni

sem og á öðrum þingum, þegar við höfum flutt þetta mál, lagt það fyrir þannig, að við teljum, að það sé ekki um verulegan bagga fyrir ríkissjóð að ræða og ekki meiri bagga en svo, að það mundi á margvíslegan annan hátt borga sig, eins og t. d. það, að það mundi sparast allverulegur gjaldeyrir til fóðurbætiskaupa, ef hægt væri að mun að efla kornræktina í landinu. Það mun láta nærri, að á s. l. sumri hafi verið uppskorið korn, sem svarar 6 þús. tunnum alls í landinu. Og tilraunastjórinn, Klemenz á Sámsstöðum, sem er manna fróðastur í þessum efnum, hefur haft tilraunir með kornyrkju í 39 ár og af þessum 39 árum telur hann 16 sumur vera ágæt, en aðeins 7 sumur slæm, á þessum 7 sumrum hafi kornstærðin ekki verið meiri en 2/3 af þyngd sáðkornsins. En þó að það hafi ekki verið þyngra en það, hefur kornið verið mjög vel nothæft. Og það mun láta nærri, að á þessum tæpum 40 árum, sem kornræktartilraunir hafa verið hér á landi, hafi verið reyndar nálægt 400 korntegundir, þótt hins vegar örfáar af þeim gefi tilefni til þess að halda áfram með þær sem nytjakorn hér á landi, — aðeins örfá afbrigði. En það, sem mestu skiptir, er, að við getum komizt að niðurstöðu um, hvaða korntegund gefst bezt, þ. e. a. s. þolir bæði vinda, rigningar og frost, því að veðrátta er hér misjöfn og við getum við öllu búizt. En vísindunum hefur fleygt allmikið fram í þessum efnum, þannig að tilefni gefst til að ætla, að kornyrkjan geti orðið hér í framtíðinni mun arðvænlegri en hún hefur verið til þessa, miðað við það veðurfar, sem ríkt hefur hér fjóra síðustu áratugina. Ég ætla því, að þeim peningum verði ekki á glæ kastað, sem til kornyrkjunnar fara, hvorki hjá einstaklingum né ríkisvaldinu. Og af þeim ástæðum höfum við flm. þessa frv. lagt til, að styrkur yrði veittur í fyrsta lagi til vélakaupa, og í öðru lagi, að greitt yrði framlag úr ríkissjóði til vinnslu landsins. Þetta hefur að sjálfsögðu sína þýðingu fyrir þá, sem kornyrkjuna stunda, en eigi að síður mikla þjóðhagslega þýðingu, ef kornyrkjan getur orðið nokkuð stór liður í búrekstri landsmanna, því að hún eykur fjölhæfni landbúnaðarins, jafnframt því sem hún sparar innflutning og sparar erlendan gjaldeyri.

Af þessum orsökum, sem ég hef hér getið, leggjum við til, flm. þessa frv. og minni hl. n., að frv. verði samþykkt í því formi, sem það er, og þess enn þá einu sinni freistað að vita, hvort ekki hafa orðið sinnaskipti í vetur í hv. Nd. og að þar muni nú að þessu sinni verða vilji fyrir því að afgreiða þetta mál, eins og verið hefur hér í hv. Ed. á undanförnum þingum.

ATKVGR.

Till. frá meiri hl. landbn. á þskj. 359 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 10:7 atkv., að viðhöfðu *nafnakalli, og sögðu*

já: AuA, BGuðm, FS, GTh, JÁ, JÞ, KJJ, MJ, ÓB, SÓÓ.

nei: PÞ, SE, AGl, ÁB, BjörnJ, FRV, ÓlJ.

3 þm. (EggÞ, HermJ, KK) fjarstaddir.

2. Vegagerð á Vestfjörðum og Austurlandi.

Á 33. fundi í Sþ., 7. febr., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um auknar framkvæmdir í vegagerð á Vestfjörðum og Austurlandi [136. mál] (þmfrv., A. 266).

Á 44. fundi í Ed., 9. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er þessari hv. þingdeild kunnugt, því að svipað frv. hefur verið flutt tvívegis áður. Og það hefur sýnt sig á þessu tímabili, sem liðið er, síðan frv. var fyrst flutt, að það hafa ekki fengizt leiðréttingar á því atriði, sem ætlunin er að reyna að leiðrétta með þessu frv., ef það verður að lögum. Það eru að mínu áliti engar líkur til þess heldur, að það fáist önnur lausn á þessu máli en sú, sem hér er lögð til, og þess vegna allar líkur til þess, að ef svo færi, að þetta frv, yrði ekki samþykkt, sem ég þó vona, þá verði þetta frv. af einhverjum tekið upp aftur, vegna þess að ég sé ekki betur en það sé hægt að færa að því sterkar líkur, næstum sannanir, að málið fær ekki leiðréttingu, nema valin verði sú leið, sem hér er bent á.

Það verður ekki um það deilt, að vegakerfið er byggðum þessa lands ein hin mesta nauðsyn. Það má segja, að þeir bændur og þau byggðarlög, sem hafa ekki veg heim til sín, séu eða finni til eins og eins konar utangarðsmenn í þessu þjóðfélagi og það ekki að ástæðulausu. Með nútíma vélvæðingu í búskap — en annar búskapur er naumast hugsanlegur hér á landi — er eitt fyrsta skilyrðið að koma að sér verkfærum. Bændur, sem hafa ekki vegi heim til sín, eru því útilokaðir frá því að geta notað vélar, a. m. k. í sama mæli og aðrir bændur, og þar með útilokaðir frá nútímabúskap. Þar sem vegi vantar, segir það fljótt til sín, að bændur flýja byggðina, og hefur þetta orðið til þess, að víða hafa heil byggðarlög lagzt í auðn, og má alveg tvímælalaust rekja það til vegleysis, a. m. k. oft og einatt. Þetta er skiljanlegt, því að eins og ég benti á áðan, þá búa þessir bændur við allt önnur búskaparskilyrði en aðrir bændur landsins. Það er því ekki lítið réttlætismál, að þessum þægindum, sem þjóðfélagið kostar úr sameiginlegum sjóði þjóðarinnar, sé réttlátlega skipt milli þegnanna.

Það hefur verið gerð nokkur athugun á því, hvernig þessum þægindum er skipt milli hinna einstöku landsfjórðunga, og kemur það fram í skýrslum, sem vegamálastjóri hefur látið gera 1959 um vegakerfi landsins. Þó að þessi skýrsla sé að nokkru tekin upp í grg., get ég ekki stillt *mig um að lesa örstuttan kafla úr henni*, með leyfi forseta, og hygg ég, að ekki verði betur skýrt fyrir hv. þingd., hve mikið misrétti ríkir milli hinna einstöku landsfjórðunga í þessum málum.

Vegunum, sem vegamálastjóri tekur upp í skýrslu sína, er skipt í þrjá flokka. Það eru lagðir vegir, þ. e. fullgerðir vegir, ruddir vegir,

þ. e. bráðabirgðavegir, og óbílfærir vegir, þ. e. veglaust. Af þjóðvegum í Vestfjarðakjördæmi voru 22.2% óbílfærir. Í Austfjarðakjördæmi voru 10% af þjóðvegum óbílfærir, en í öðrum kjördæmum voru 1.9—5.9% óbílfærir. Fullgerðir vegir voru í Austfjarðakjördæmi 37.2% af þjóðvegunum þar, en í Vestfjarðakjördæmi reyndust það 46.6%, en í öðrum kjördæmum 67 og upp í 82% fullgerðir. Óbílfærir þjóðvegir í Austurlands- og Vestfjarðakjördæmum báðum voru 479.3 km. En í hinum kjördæmunum fimm utan Reykjavíkur voru þeir 251.2 km samtals. Ruddir þjóðvegir voru í Austurlands- og Vestfjarðakjördæmum samtals 1304.4 km, en í hinum kjördæmunum fimm utan Reykjavíkur 1179.5 km.

Þessi skýrsla talar svo skýru máli, að það þarf litlu við hana að bæta. Það verður að gera ráð fyrir því sem meginreglu, þó að hún sé kannske ekki ófrávíkjanleg, að vegir séu teknir í þjóðvegatölu vegna þess, að nauðsynlegt er talið að leggja þá og ef að líkum lætur álíka nauðsynlegt að leggja þá og aðra þjóðvegi, sem teknir eru upp í þjóðvegatölu, einnig á Vestfjörðum og Austfjörðum. En af hverju stafar það þá, að þessi tvö kjördæmi hafa orðið svo harkalega út undan? Þetta stafar af því, að þær kröfur hafa alltaf verið uppi á Alþingi og undan þeim hefur einatt orðið að láta, að nokkurn veginn jafnhá fjárveiting væri ætluð til vega í kjördæmunum. Þótt nokkru meira hafi verið ætlað til vega á Vesturlandi og Austurlandi, hefur það alls ekki verið nægilegt til þess að vega upp á móti því, hvað vegalengdir voru þar miklu meiri og hvað landslag var miklu erfiðara til vegalagningar og vegalagningin þar af leiðandi dýrari. Þess vegna hafa fullgerðir þjóðvegir verið lagðir heim á svo að segja hvern bæ í hinum minni kjördæmum og þar sem landslagið er þannig, að vegagerðin er tiltölulega ódýr, meðan Vestfjarðakjördæmi og Austfjarðakjördæmi hafa orðið út undan vegna vegalengda og vegna þess, hve erfitt er að leggja vegi þar víða vegna landslagsins. Það er ekki útlit fyrir, að breytt kjördæmaskipun lagfæri þetta misrétti. Fjárveitingar til vegagerðar síðustu árin sýna og sanna, að það er vonlaust, ef framlög til vega á fjárlögum eru í svipuðum hlutföllum og áður hefur verið veitt til hinna ýmsu kjördæma. Ég sé því ekki betur en eina leiðin til þess að leiðrétta þetta misrétti, sem orðið er, sé að taka lán, eins og lagt er til í þessu frv., til þess að vinna upp þetta misrétti, sem orðið er, af þessum ástæðum, sem ég tel mig hafa rakið og má telja að ýmsu leyti ekki óeðlilegar með tilliti til þeirrar togstreitu, sem alltaf hefur verið á milli kjördæmanna og virðist halda áfram, um jöfn framlög til vegalagningar.

Lánaleiðinni, sem stungið er upp á í þessu frv., hefur verið mótmælt á þeim grundvelli, að reglan hafi verið sú að taka ekki lán til vegagerðar. Ég hef verið einn af þeim, sem hafa álitið mjög vafasamt að leggja mikið fé til malbikaðra vega og steyptra vega í námunda við þéttbýlið, — sérstaklega kemur það til greina í námunda við Reykjavík, — meðan aðrir landshlutar hafa lélega eða enga vegi. Ég verð þó að viðurkenna, að það er nokkurn veginn sannað, að malarvegi er ekki hægt að nota, þegar umferðin kemst yfir vissan bílafjölda á sólarhring. Og því er ekki hægt að neita, að það verður að teljast sannað, að malarvegirnir hér nálægt Reykjavík eru svo mikið notaðir, að raunverulega er málið komið á það stig, að ekki verður komizt hjá því að steypa eða malbika vegi, þar sem umferðin er mest. En nú hefur einmitt verið gripið til þess ráðs í því skyni að leggja steyptan eða malbikaðan veg hér í nágrenninu að taka lán, sem að lokum verður allt að 50 millj. kr., að því er álitið er, til þess að leggja veg til Keflavíkur, þó að vegur sé þar fyrir. Ég verð að segja það, um leið og þessi regla er upp tekin, sem er ekki óeðlileg, vegna þess að hún er til að flýta fyrir framkvæmd og koma veginum í notkun, og er ekki annað en vaxtaspursmál um að ræða sem aukin útgjöld, að ef og þegar svona lán er tekið til vegalagningar hér í námunda við Reykjavík, sem ég tel engan veginn ósanngjarnt, þá teldi ég það ósanngirni á háu stigi, fyrst farið er inn á þessa leið á annað borð, ef neitað yrði um að taka 10 millj. kr. lán til þess að vinna upp það misrétti í vegamálum, sem orðið er af þeim ástæðum, sem ég hef greint, á Vestfjörðum og Austfjörðum. Ég vænti þess, að sú nefnd, sem fær þetta til meðferðar, samgmn. sennilega, athugi þetta mál af gaumgæfni, því að ég er alveg sannfærður um það, að ef þetta mál er athugað með sanngirni og þau rök athuguð, sem ég hef fært fyrir þessu máli, er naumast hægt annað en verða við því að samþykkja þetta frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til samgmn. með 14 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Ed., 26. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 71. fundi í Ed., 27. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 266, n. 437 og 457).

Frsm. meiri hl. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Frv. þetta til laga um framkvæmdir við vegagerð á Vestfjörðum og Austurlandi hefur verið rætt í samgmn. á þrem fundum. Að beiðni formanns n. kom vegamálastjóri á fund nefndarinnar og gaf ýmsar upplýsingar og svör við spurningum frá nefndinni.

Frv. þetta, eins og hv. þdm. vita, gerir ráð fyrir 10 millj. kr. lántöku á ári í 5 ár til aukinna vegaframkvæmda í tveimur kjördæmum landsins, Vestfjörðum og Austfjörðum. Ég býst við, að það leiki ekki á tveim tungum með það, að það er mikil þörf á auknum vegaframkvæmdum hér á landi, ekki aðeins í þessum kjördæmum, heldur einnig í öllum öðrum kjördæmum. Ef til vill er þörfin meiri í þessum kjördæmum en sumum öðrum vegna þess, að þar eru strjálbýl byggðarlög og þar af leiðandi langir vegir. Þessar byggðir hafa frekar orðið á eftir. En eins og nál. bæði meiri hl. og minni hl. í samgmn. bera með sér, þá gat meiri hl. ekki fallizt á að samþ. þetta frv. eins og það liggur fyrir, því að bæði er það, að af því hefði að sjálfsögðu leitt kröfur

eða óskir eða brtt. við frv. um það, að lán yrði einnig tekið til aðkallandi framkvæmda í öðrum kjördæmum og öðrum byggðarlögum, og veit ég t. d. um það úr Norðurlandskjördæmum báðum, eystra og vestra, og einnig úr Vesturlandskjördæmi, að þar eru mjög sterkar raddir uppi um það, að mjög þurfi að hraða þar vissum framkvæmdum. En eins og að er vikið í nál. okkar meirihlutamanna, eru vegalög og ákvæði um vegi í endurskoðun hjá stjórnskipaðri nefnd, sem mun skila áliti og einhverjum tillögum á næsta þingi, þegar það kemur saman í haust, og töldum við meirihlutamenn, að það væri að sjálfsögðu ófær leið að taka vissar framkvæmdir út úr þeirri áætlun um endurskoðun, sem verið er að reyna að gera í þessum efnum, og þar af leiðandi ekki hægt að samþ. þetta frv. á þessu stigi málsins, og leggjum því til, að frv. verði vísað til ríkisstj.

Frsm. minni hl. (Sigurvin Einarsson): Herra forseti. Hv. 10. landsk. þm. hefur nú flutt framsöguræðu sína fyrir meiri hluta samgmn. Hann hefur ítrekað það, sem stendur í nál. meiri hlutans, að ekki beri að samþykkja þetta frv. nú, og nefnir hann til þess tvær ástæður, annars vegar að verið sé að endurskoða vegalög, hins vegar að þörfin sé um allt land fyrir auknar framkvæmdir í vegamálum og það mundi því ekki leysa vandann, þó að þessi tvö héruð yrðu tekin út úr. Í nál. meiri hl. segir, að hann viðurkenni, að þörf sé á auknum framkvæmdum í vegagerð á Austfjörðum og Vestfjörðum, en „slík þörf er fyrir hendi um allt land," segir í nál. Það er ekki hægt að skilja þessi orð á annan veg en þann, að þörfin sé alls staðar svipuð, þar sem segir: „en slík þörf er fyrir hendi um allt land." Ef þetta væri svo, að þörfin væri álíka mikil alls staðar, hefðum við aldrei flutt frv. Þá var frv. með öllu ástæðulaust. Hv. frsm. hefur líka talað í málinu á nokkurn annan veg, því að nú segir hann í framsögu, að það muni ekki vera vafi á því, að meiri þörf sé þó fyrir átak í vegamálum þessara tveggja héraða en annars staðar, en þetta hefði verið réttara að segja þá hreinlega í nál., svo að álitunum bæri saman.

Við 1. umr. þessa máls var gerð nokkur grein fyrir því, hversu mjög hallar á þessa tvo landshluta í samanburði við aðra. Ég ætla ekki að fara að endurtaka þau dæmi nú, en þó er fullt tilefni til þess að minna á þessa hluti, þar sem nál. meiri hl. er á þennan veg, að þessi þörf sé álíka mikil, hvar sem er á landinu. Ég skal nefna sem dæmi, að tæpur fjórði hlutinn af öllum þjóðvegum á Vestfjörðum eru ógerðir með öllu, þar er veglaust, en í öðrum héruðum er þetta 1/20 til 1/50, sem er ógert. Svona er munurinn á héruðunum. Ógerðir þjóðvegir eru t. d. hér um bil helmingi lengri á Vestfjörðum og Austurlandi til samans en í öllum hinum landshlutunum fimm. Bráðabirgðavegir, þ. e. ruddir vegir, eru í þessum tveimur landshlutum það miklir, þessir lélegu vegir, sem fólkið verður þó að sætta sig við, að þeir eru mun lengri en í öllum hinum fimm kjördæmunum til samans. Aftur á móti eru fullgerðir þjóðvegir í þessum tveimur kjördæmum 37—40% af öllum vegunum þar, þegar þeir eru 67—83% annars staðar. Ég held, að þetta hljóti að duga til að sýna fram á þá fjarstæðu, sem borin er fram í nál. meiri hl., að það sé svona svipað ástandið í vegamálunum í öllum landshlutum. En það er að sjálfsögðu virðingarvert, að hv. frsm. hefur bætt nokkuð úr þessari rangfærslu með framsöguræðu sinni, þar sem hann segir, að ekki sé að efast um, að þörfin sé meiri þarna.

Það er í sjálfu sér með öllu óþarft að vera að nefna fleira af þessu tagi, þó að það væri auðvelt. Ég get svo sem nefnt örfáar sýslur sem sýnishorn. Ógerðir þjóðvegir eru 38.2% af vegunum í Norður-Ísafjarðarsýslu, hér um bil 2/5 hlutar af vegakerfinu er með öllu óhreyft, þegar í Gullbringu- og Kjósarsýslu eru þeir 5.7% og þegar þeir eru 1.1% í Suður-Þingeyjarsýslu, sýslu hv. frsm. meiri hl., þar er 1.1% af vegunum ógert, þegar það er 38.2% í Norður-Ísafjarðarsýslu. Ég mun ekki að svo komnu rekja fleiri dæmi um þessa hluti, því að það er með öllu óþarft.

Eins og ég gat um við 1. umr. málsins, lét vegagerð ríkisins gera ýtarlega skýrslu um ástand veganna fyrir nokkrum árum, og nær sú skýrsla til ársloka 1958. Þetta er eina yfirlitið, sem við höfum, sem er nákvæmt og ýtarlegt og við getum byggt á álit okkar, hvernig eitt hérað stendur að vígi samanborið við annað. Upp úr þessari skýrslu eru þessar tölur teknar, sem ég hef nefnt. Þessi tvö héruð eru því óneitanlega svo langt fyrir neðan önnur héruð hvað vegagerð snertir, að það er með öllu óviðunandi að þola þetta lengur.

Þá segir í nál. meiri hl. samgmn.: „Þar sem vegalög eru nú í endurskoðun á breiðum grundvelli hjá stjórnskipaðri nefnd, sem mun skila áliti og tillögum á næsta hausti, telur meiri hl. n. ekki tímabært að samþ. þetta frv."

Að hvaða leyti þarf að bíða eftir endurskoðun vegalaga til að bæta úr þessu misrétti á milli landshluta, eins og frv. fer fram á? Þarf að bíða eftir vitneskjunni um það, hvort ástandið er verra í þessum 2 landshlutum en annars staðar? Nei, það þarf ekki að bíða eftir þeirri vitneskju, því að hún liggur skjallega fyrir, og meira að segja hv. frsm. meiri hl. neitar því ekki, að þarna sé þörfin mikil. Eftir hverju þarf þá að bíða? Ef hv. þm. vita þetta og vita það út í æsar, hvernig tvö héruð þessa lands eru sett móts við önnur héruð, þá þarf ekki að bíða eftir neinni endurskoðun til að fá þá vitneskju. Eftir hverju á þá að bíða?

En í tilefni af því, að meiri hl. n. telur samt ástæðu til þess að bíða og þess vegna eigi að fella þetta frv. með þeim hætti að vísa því til ríkisstj., hvers vegna var þá verið að taka 10 millj. kr. lán á s. l. ári til þess að leggja fyrir veg í einu kjördæmi? Hvernig var hægt að taka þetta lán, en bíða ekki eftir endurskoðuninni? Er það einhver nauðsyn að bíða eftir endurskoðun vegalaga með lántöku handa þeim héruðum, sem verst eru sett í landinu? Hvers vegna var þá hægt að taka lán handa Reykjanesi, í nýjan steinsteyptan veg þar, við hliðina á öðrum vegi, sem liggur sömu leið, án þess að bíða eftir endurskoðuninni? Ég fer alvarlega fram á það við hv. frsm. meiri hl., að hann skýri frá

því, hvernig þessu víkur við. Hefur þéttbýlið á Reykjanesi einhver þau forréttindi að dómi hv. frsm., að þar þurfi ekki að hlíta neinni endurskoðun á lögum eða reglum, sem önnur héruð landsins skulu þó hlíta? Og ég vil nefna enn eitt. Er hv. frsm. kunnugt um það, að þetta lán, 10 millj. kr. lán til vegagerðar á Reykjanesi, var tekið í heimildarleysi, án þess að hæstv. ríkisstj. hefði neina heimild til þeirrar lántöku, en samkvæmt ákvæðum stjórnarskrárinnar þarf heimild Alþingis til þess að taka lán? Ég geri ráð fyrir, að hv. þm., þeir sem skipa meiri hl., hafi kynnt sér þessi mál út í æsar. Þó verð ég að segja, að eitthvað skortir þar á, því að ég tók eftir því í ræðu hv. frsm. hér áðan, að hann sagði, að með þessu frv. leggi flm. til, að tekið sé 10 millj. kr. lán á ári í 10 ár. Hvar stendur þetta í frv.? Ég veit ekki til, að það sé neins staðar í frv. að taka 10 millj. kr. lán á ári í 10 ár, heldur í 5 ár. Og það er vægast sagt það minnsta, sem maður verður að gera kröfu til, að frsm. máls viti, hvað stendur í plagginu, sem hann er að tala fyrir eða tala um.

Báðar þær ástæður, sem greindar eru í nál. meiri hl. samgmn. og reyndar komu fram líka í ræðu frsm., eru tylliástæður. Það rekst ekkert á endurskoðun vegalaga að samþ. þetta frv., og það er fyllilega fordæmi til þess að gera þessa ráðstöfun, því að hæstv. ríkisstj. er búin að brjóta ísinn og hefja vegagerð í landinu með lánsfé. Að mínum dómi er ekki nema ein ástæða fyrir þessari afstöðu stjórnarsinna í samgmn. Hún er sú, að það sé réttmætt að leggja áherzlu á vegagerð í þéttbýli, jafnvel taka til þess lán, þó að skorti heimildir til lántöku, en það megi ekki og skuli ekki tekið lán til að bæta úr samgöngum þeirra héraða, sem verst eru sett. Þetta er stefnan. Þetta er að mínum dómi stefna stjórnarfl. í því máli, sem lengi hefur verið talað um og kallað jafnvægi í byggð landsins. Afleiðingar af stefnunni hljóta að segja til sín og hafa reyndar sagt til sín. Fólkinu fækkar eðlilega þar, sem ekki fást vegir lagðir, og framleiðslan minnkar. En fjölgunin verður þar, sem betur er búið að fólkinu, m. a. með því að taka lán til að leggja steinsteypta vegi, þegar fólk annars staðar fær engan veg. Þetta er afleiðingin. Ég vil þó segja það um hv. meiri hl. samgmn., sem að þessu sinni er: afgreiðsla þessi er hreinskilnari og betri en á tveimur undanförnum þingum. Þá var þetta mál svæft, nú er gengið hreint til verks og lagt til af hálfu stuðningsmanna ríkisstj., að það skuli fellt. Þetta eru miklu betri vinnubrögð, og ég kann þeim betur, þó jafnvel að þau séu á þessa leið. Menn sjá þá, hvað þeir vilja. Þá sjá menn, hver stefnan er, og um hana verður ekki deilt hér eftir.

Frsm. meiri hl. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfáar aths. út af ræðu hv. 4. þm. Vestf. Hann sagði, að í nál. okkar meirihlutamanna stæði, að við teldum jafna þörf á vegaframkvæmdum í öllum kjördæmum. Í nál. stendur aðeins, að þörf sé fyrir auknar vegaframkvæmdir um allt land, þörf um auknar vegaframkvæmdir væri í öllum kjördæmum landsins, og ég þarf ekki að deila við hann um þetta. Það mun hafa komið fram í þessum fáu orðum, sem ég sagði hér áðan, að ég byggist við því, að þessi kjördæmi væru að því er snertir vegaframkvæmdir á eftir flestum öðrum kjördæmum í landinu. En það er ekki þar með sagt, að það sé ekki jöfn þörf a. m. k. á þörtum í sumum öðrum kjördæmum eins og er á Vestfjörðum og Austfjörðum. Þó að hann flytji hér tölur um það, að það sé mikið ólagt af þjóðvegum á Austfjörðum og Vestfjörðum, þá sannar það ekki alla hluti, vegna þess að þjóðvegakerfið er mjög misjafnlega teygt út um hinar einstöku byggðir. Hann nefndi Suður-Þingeyjarsýslu, — það er kannske búið að vinna þar meira í þeim vegum, sem búið er að taka inn á þjóðvegakerfið, hlutfallslega heldur en t. d. í Vestfjarðakjördæmi. En það getur alveg eins verið eftir stór hluti að taka þar inn í þjóðvegakerfið. Þessar tölur segja þess vegna ekki nema bara brot úr því, sem rétt er. Það hefur mjög komið í ljós við endurskoðun þessara hluta í þeirri n., sem ég á sæti í, að það er mjög misjafnt, hvað þjóðvegir hafa verið teygðir langt út í hinum einstöku kjördæmum. Það fer nokkuð eftir því, hvað einstakir þm. hafa verið duglegir að ota fram vissum vegarspottum.

Hv. þm. taldi, að það væri fjarstæða að vitna í það, að það væri verið að vinna að þessum málum í veganefnd, því að það væri augljós hlutur, að þarna væru viss landssvæði á eftir öðrum landssvæðum. En ég vil segja honum það og hv. þingdeild, að fyrst og fremst er megintilgangur þessarar endurskoðunar að finna leiðir til þess að jafna þau met og það misræmi, sem er í vegalagningu um ýmsa hluta landsins. Ég segi ekkert um það, að þetta takist, en þetta er tilgangurinn með því, að þessi nefnd starfar, og einnig það að reyna að finna leiðir til þess að afla aukins fjár til veganna.

Þá minntist hann á það og lagði raunar fyrir mig spurningu, hvernig stæði á því, að tekið hefði verið lán til Reykjanesvegar. Því er aðeins til að svara, að sú lántaka var ákveðin áður en þessi vegaendurskoðun var ákveðin. Þar af leiðandi er hún utan við það svið, sem endurskoðunarnefnd fjallar um, og þessu máli því ekki viðkomandi. Það er ekki hægt að bera þetta saman.

Hér á hv. Alþingi hefur verið vikið til hliðar mörgum till. um breyt. á vegakerfi, þangað til eitthvað lægi fyrir frá þessari n. og hún legði eitthvað ákveðið til um vegalagabreytingar, og það er eins um þetta mál og önnur mál, sem vísað hefur verið til vegamálanefndarinnar, að það er að mínu áliti ekki tímabært að afgreiða það, fyrr en heildartillögur um þessi atriði liggja fyrir.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Ég ræddi um þetta mál, þegar það var til 1. umr., og tók þá fram í aðalatriðum það, sem ég taldi að máli skipti, og ég skal reyna að endurtaka lítið af því.

Það, sem liggur fyrir í þessu máli, er afleiðing þeirrar stefnu, sem verið hefur í vegamálum og brúargerðum, en það er fyrst og fremst eðlilegt reiptog milli kjördæmanna um það, að

fjárframlög séu sem jöfnust í hvert kjördæmi, og undan þessu hefur Alþingi orðið að láta fyrir þrýsting frá þm., hvaða stjórn sem farið hefur með völd. Þessi jöfnunarregla hefur verið meginreglan í fjárveitingum. Og þegar við lítum á þetta mál, sjáum við greinilega, hver árangur þessarar stefnu hefur orðið. Það er vegna þessarar stefnu, að tveir landsfjórðungar hafa orðið alveg sérstaklega útundan, og fyrir því hafa verið færð rök, — skýrsla vegamálastjóra, — sem eru alveg óvefengjanleg. Það er svo miklu minna lagt af þjóðvegum í þessum tveimur landsfjórðungum en í nokkrum öðrum, að þegar skýrslan birtist, þá vöknuðu menn upp við þann vonda draum, afleiðinguna af þeirri reglu, þeirri stefnu, sem ég minntist á áðan og hefur verið fylgt. Ástæðan til þess, að þetta hefur farið svona, er sú, eins og ég benti á við 1. umr. þessa máls, að vegalengdir vegna mjög vogskorinnar strandlengju eru meiri á þessu svæði en annars staðar, og í annan stað, að þessir landsfjórðungar eru þannig að landslagi að öðru leyti, fjöllóttir, að erfiðleikarnir við vegalagningu og kostnaðurinn við vegalagningu er þar meiri en annars staðar. Það er því hvort tveggja vegalengdir og landslag, sem valda því, að meiri fjárframlög þarf til þessara landsfjórðunga til þess að koma vegunum áleiðis, samanborið við önnur kjördæmi, heldur en í öðrum kjördæmum og öðrum landsfjórðungum. Það er meira að segja þannig, að menn hafa gert sér litlar vonir um, að á sumum þessum svæðum, þar sem landslag er þannig, sem ég nú hef lýst, væri hægt að leggja vegi. Nú hefur opnazt greiður möguleiki til þess með hinum stórvirku verkfærum.

Því er nú borið við, að það þurfi að gera áætlun um þessi mál. Ekki er ég því mótfallinn, að það séu gerðar áætlanir um þau verk, sem á að framkvæma, og það er ekki nema gott um það að segja. En auðvitað er þetta ekki annað en fyrirsláttur, það verð ég að leyfa mér að segja, það er ekkert annað en fyrirsláttur, að það þurfi áætlanir um þessa vegagerð, því að það liggur fyrir, að það er búið að löggilda þjóðvegi, það er búið að lögfesta þjóðvegi á þessum svæðum, sem engar líkur eru til að verði afnumdir, þjóðvegi, sem eru ólagðir að mestu leyti eða að miklu leyti. Það væri þá ekki áætlun um annað en það að leggja niður eitthvað af þessum þjóðvegum, sem búið er að lögfesta.

Ég get nú satt að segja ekki séð, eins og ég hef áður sýnt fram á, að það sé nein leið til þess að jafna metin milli þessara landsfjórðunga og annarra kjördæma, neinn möguleiki annar en sá að taka lán til þessara framkvæmda. Það er vitað mál, að þeirri reglu, sem ég minntist á í upphafi þessa máls, er svo fast fram fylgt, að það verður aldrei þolað af þm., að það sé tekin sérstaklega miklu hærri fjárveiting á fjárl. til Austfjarðakjördæmis og Vestfjarðakjördæmis heldur en annarra kjördæma, að það eru engar líkur til, að málið verði leyst á þann veg. Þessi regla hefur verið reynd til hlítar. Ég er ekki að segja það, að þeir hafi á Austfjörðum eða Vestfjörðum haft á neinn hátt duglegri þm. en aðrir. En ég vil halda því fram, að þeir hafi ekki haft óduglegri þm. en aðrir í því að afla fjárveitinga. Sumir þeir, sem hafa verið þm. á Vestfjörðum, hafa verið ötulir í þessum efnum, þó að ég væri sjálfur ekki með talinn. En það hefur bara ekki hrokkið til, af þessum ástæðum, sem ég hef gert grein fyrir. Það þarf miklar fjárveitingar t. d. í Norður-Ísafjarðarsýslu, sem er veglaus, Strandasýslu og Barðastrandarsýslu til þess að koma vegunum í svipað horf og annars staðar og í það horf, sem er viðunandi, ef á að stunda búskap í þessum kjördæmum á þessum svæðum. Það eru þess vegna engar líkur til, að það sé hægt að leiðrétta málið á annan veg, og það er raunverulega farið inn á þessa leið, sem við bendum á, eins og hefur verið tekið fram af hv. frsm. minni hl. í þessu máli.

Það er alveg auðsætt mál og vitað, að þegar á malarvegum nálægt kaupstöðum er umferð yfir visst mark, þá eru þeir raunverulega ónothæfir. Og ég geri ráð fyrir, að það sé rétt, að umferð um Keflavíkurflugvöll sé orðin slík, að það borgar sig ekki og er raunverulega ófært að hafa malarveg, því að það er sama, hve oft hann er sléttaður, hann kemst í svipað horf á svipstundu aftur. Eftir reglunni, sem hefur verið fylgt, hefði ekki átt að mega leggja meira í þetta kjördæmi en annars staðar. Ef ætti að leysa þetta eftir þeirri reglu að leggja meira fram á fjárl. en annars staðar, þá er ég ekki í neinum vafa um það, að þessi fjárveiting hefði aldrei fengizt. Það hefði engum dottið í hug að leggja 10 millj. aukalega á fjárl. Það hefði komið upp metingur á milli kjördæma eins og endranær, ef það hefði átt að leggja fram 10 millj. á fjárl., og þess vegna er tekið lán. Það er gert vegna þess, að hitt er ekki fær leið. Þess vegna er lánið tekið, að svona sérstaklega stendur á. Og ég vil nú halda því fram, að þegar þessi regla er tekin upp einu sinni, sem ég álít að sé ekkert óeðlileg, þá er vitanlega ekki minni ástæða, að ekki sé meira sagt, að taka lán til þess að koma bæjunum í Vestfjarðakjördæmi í þolanlegt vegasamband heldur en að leggja steyptan veg hér nálægt Reykjavík.

Raunverulega hefur þessi regla um jöfn fjárframlög til kjördæmanna verið brotin áður. Það er þar sem brýr hafa verið sérstaklega kostnaðarsamar, stórfljót hafa verið brúuð. Þar hefur ekki verið metingur um það milli kjördæma. Til þess að koma í veg fyrir meting milli kjördæma hefur verið veitt með sérstökum hætti, eins og allir vita um, stórfé til þeirra brúagerða, vegna þess að þessi fljót þurfti að brúa. Og þetta er í raun og veru hliðstætt því, að á Vestfjörðum og Austfjörðum er sérstakt landslag, — þar er ekki um stórfljót að ræða, en þar er sérstakt landslag, sem veldur því, að þessi kjördæmi hafa orðið alveg sérstaklega út undan.

Ég geri nú ráð fyrir því, að menn geri sér þetta mál sæmilega ljóst. Það er aðeins spurning um vilja fyrir því, hvort við viljum hér í þessari hv. þd. og hér á Alþingi koma því til vegar, að þessir menn, sem þarna búa, séu svipað settir og þeir, sem annars staðar búa í landinu. Þessi afgreiðsla á málinu, að vísa því til stjórnarinnar, er auðvitað ekkert annað en að fella málið, og sá fyrirsláttur, að það þurfi sérstaka rannsókn í nefnd, er, eins og ég hef sýnt fram á, ekki handbær rök. Þjóðvegirnir eru til, þeir eru ó-

lagðir. Það þarf enga áætlun um annað en það að útvega fé til að leggja þessa vegi. Ég geri ráð fyrir því, að það verði ekki gert nema að þeirri leið, sem hér er lögð til. Og ég verð að segja það, að ég verð fyrir ákaflega miklum vonbrigðum og tel það bera vott um litla réttlætiskennd hjá hv. þd., ef hún fellir þetta mál með því að vísa því til stjórnarinnar.

Frsm. minni hl. (Sigurvin Einarsson): Herra forseti. Hv. frsm. meiri hl. samgmn. sagði í síðari ræðu sinni, að það stæði ekki í nál. þeirra, að það væri jöfn þörf um allt land. Ég las þessi orð upp áðan, ég get gert það aftur. Ef nokkuð fer milli mála, þá er hægt að heyra það. Meiri hl. n. viðurkennir, að þörf sé á auknum framkvæmdum í vegagerð á Austfjörðum og á Vestfjörðum, en „slík þörf er fyrir hendi um allt land." Hvað þýðir þetta? **(BGuðm:** Það þýðir það, að það er þörf fyrir auknar vegaframkvæmdir um allt land.) Þá mundi ekki vera sagt „slík þörf". Slík þörf þýðir sams konar þörf. En ég viðurkenni það, sem hv. frsm. sagði frá sjálfum sér, það var á annan veg. Hann gat þess, að þörfin mundi vera meiri þarna, enda er ekki erfitt að sanna, að svo er.

Þá kom hann með þá skýringu á því, hversu mikið væri af ólögðum þjóðvegum í sumum kjördæmum eða þessum tveimur kjördæmum móts við annars staðar, að það mundi hafa verið misjafnlega teygt úr þjóðvegakerfinu í hverju kjördæmi fyrir sig. Hann á líklega við, að það hafi verið teknir upp í vegalög lengri vegir í einu kjördæmi hlutfallslega en öðru. En ef þetta er svo, þá hljóta sýsluvegir og hreppavegir að hafa stytzt að sama skapi. Það er nefnilega ekki hægt að gera það án þess.

En það er til meira í þessari skýrslu, sem ég nefndi áðan. Þar er skýrsla yfir alla vegina, þjóðvegi og hreppavegi, og hvernig lítur samanburðurinn út, ef við tökum það með? Þá er ekki hægt að koma við teygingarafsökuninni. Það yfirlit er þannig, að ógerðir vegir, af hvaða tagi sem þeir eru, eru 29.9% í Vestfjarðakjördæmi, þegar þeir eru 5% í Reykjaneskjördæmi, sem lánið var tekið til, og 7.6% í Norðurlandskjördæmi eystra, þar sem hv. frsm. á heima. Hvernig dugir nú röksemdafærslan um, að þjóðvegir hafi verið teygðir?

Hv. frsm. sagði, að það væri tilgangurinn með endurskoðun vegalaganna að jafna metin. Á hvern hátt? Sennilega að vænta megi meiri fjárveitinga í þessi héruð, sem hafa orðið útundan, eftir að sú endurskoðun hefur farið fram. Hann afsakar aftur á móti lántöku í Reykjanesveg með því, að þá hafi endurskoðun ekki verið komin til. Þáltill. um mþn. til endurskoðunar vegalaga var samþ. á Alþingi 22. marz 1961, og ekki var þá neitt farið að vinna í Reykjanesvegi. Af hverju var lánið samt tekið og farið að vinna? Þá var búið að samþ. þáltill. um endurskoðun vegalaga. Svona dugir þessi afsökun. En um leið og tekið er lán, þ. e. a. s. ríkið tekur lán til að leggja veg, þá er það sama fyrir héraðið og sú upphæð sé lögð í veginn á fjárl., það gildir alveg það sama, því að héraðið á ekki að endurgreiða lánið, ekki einu sinni að bera vexti eða neitt. M. ö. o.: Reykjaneskjördæmi hefur á þennan hátt verið úthlutað 10 millj. kr. í viðbót við það, sem var á fjárl. En á að úthluta því meira? Já, svolitið. Það liggur nefnilega fyrir lausleg áætlun um kostnað við þessa vegagerð. Það eru 40 km, og það er áætlað lauslega, að hver km kosti 3 millj. M. ö. o.: vegurinn suður til Keflavíkur er áætlað að kosti um 120 millj. Það eru hér um bil 8 ára fjárframlög ríkisins í nýbyggingu vega á öllu landinu. Þetta er jafnvægið, sem fram kemur í afstöðu meiri hl. samgmn. til byggðanna í landinu í samgöngumálum.

Frsm. meiri hl. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Það rifjaðist upp fyrir mér, að ég gleymdi einu atriði, sem ég ætlaði að minnast á í sambandi við fyrri ræðu hv. 4. þm. Vestf. (SE). Hann sagði, að ég hefði sagt, að gert væri ráð fyrir lántöku í tíu ár. Það er sennilega rétt. En þar hafa mér algerlega orðið mismæli, því að mér var vel ljóst, til hve langs tíma þetta var. Ég vildi leiðrétta þetta, því að ég ætlaði ekki að fara skakkt með þetta.

En úr því að ég er hér kominn, vil ég bæta því við, að þó að þm. vitni í það, hvenær þáltill. var samþ. í Sþ. í fyrra um endurskoðun vegalaga, þá stendur það óhaggað, að þá var búið að ákveða þessa lántöku í Reykjanesveg, áður en hún var samþ. Það getur hann ekki borið ofan í mig, því að ég er þeim málum það kunnugur, og hef ég þá ekki meir um það að segja.

Ég tel það ekki mitt mál að ræða hér um lántöku í Reykjanesveg, því að ég hef á engan hátt að því máli staðið. En ég hygg, að það sé einmitt sú lántaka í Reykjanesveg, sem hefur komið því af stað, að hafizt var handa og sú till., sem ég flutti ásamt nokkrum öðrum þm., var samþ. hér á Alþingi í fyrra um að endurskoða vegalögin og öll ákvæði varðandi vegi og leggja citthvað raunhæft fyrir Alþingi í tillöguformi, sem nú er komið á það stig, að það verður gert á næsta hausti, að því er ég bezt veit. Og það er vel hægt að viðurkenna það, að framlög til vega hafa verið mjög af handahófi að undanförnu og mjög verið bundin við það að toga sem jafnastar upphæðir í kjördæmi, án þess kannske að á það væri litið, hvar þörfin væri mest aðkallandi. Og ég vil aðeins bæta því við, að það styður það, að þessi regla virðist hafa verið nokkuð gildandi undanfarið, að þessi kjördæmi hafa fengið það lítið, Vestfjarðakjördæmi og Austfjarðakjördæmi, undanfarið, að þau eru á eftir með sínar vegagerðir. Þau hefðu náttúrlega þurft að vera búin að fá aukin fjárframlög fyrir löngu, en ekki hafa þessir hv. þm. komið með till. hér á Alþingi um það að taka lán til þessara vega fyrr en nú. **(SE:** Tvisvar sinnum.) Já, ekki fyrr en núv. ríkisstj. tók við völdum, ekki meðan þeir sjálfir höfðu þau völd, að þeir áttu að geta komið slíkum lántökum áfram og fengið það samþ. hér á Alþingi.

ATKVGR.

Till. frá meiri hl. samgmn. á þskj. 457 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 10:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: AuA, BGuðm, EggÞ, FS, JÁ, JÞ, KJJ, MJ, ÓB, SÓÓ.

nei: AGl GGuðbj, BjörnJ, HermJ, KK, ÓlJ, PÞ, SE.
2 þm. (FRV, GTh) fjarstaddir.

3. Vegalög (frv. HV).

Á 2. fundi í Sþ., 12. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947 [27. mál] (þmfrv., A. 27).

Á 25. og 28. fundi í Nd., 24. og 30. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 29. fundi í Nd., 4. des., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Það hefur einhvern veginn atvikazt svo, að þetta mál, sem borið var fram í fyrstu vikunni, sem þingið starfaði, er nú fyrst rétt undir jól að koma til 1. umr. Veit ég ekki, hvaða orsakir valda slíkum drætti með mál, sem borið er fram í upphafi þings. Vera má, að það verði borið fyrir, að ég hef verið fjarverandi frá þinginu í hálfan mánuð, en allt fram að þeim tíma kom málið ekki á dagskrá, en hefur síðan verið einu sinni á dagskrá, að ég hygg, en ekki rætt. En látum það vera, þetta hefur ekki orðið að stórmeini enn, en ber þó að minni hyggju ekki vott alveg hlutlausri þingstjórn.

Ég vík þá örfáum orðum að málinu.

Það er langt síðan vegalögum var breytt, og þarf því ekki ýtarlegs rökstuðnings við, að full þörf sé orðin á því að opna vegalögin og gera á þeim nokkrar breytingar, taka nýja vegi í þjóðvegatölu. Þetta er almenn röksemd. Það mun nálega öllum héruðum landsins vera full þörf á því, að vegalögin séu opnuð, en alveg sérstaklega á þetta við um Vestfjarðakjördæmið, sem hefur dregizt aftur úr í vegamálum og er verr statt á vegi í þeim efnum en flest önnur héruð eða landshlutar. Þar er allvíða svo ástatt enn, að til eru heil sveitarfélög, sem enn þá eru ekki komin í samband við vegakerfi landsins, og má öllum vera það ljóst, að við slíka einangrun er þungt að búa og þröngur stakkur skorinn atvinnuvegunum í viðkomandi héruðum til þess að notfæra sér nauðsynlega véltækni. En það er hvorki ein né tvær sveitir á Vestfjörðum, sem þannig er ástatt um, þær eru margar, því miður. Það má því öllum vera ljóst, að það er a. m. k. að því er Vestfjarðakjördæmi snertir full þörf á því, að vegalögin verði opnuð á þessu þingi og nýir vegir teknir þar í þjóðvegatölu.

Það hefur oft verið talið, að heppilegast væri að opna vegalög á miðju eða síðari hluta kjörtímabils, en þó fyrst og fremst bæri að forðast að opna þau næsta þing fyrir kosningar, þá væri erfiðara um vik að hafa fulla stjórn á þeim breytingum, sem kynnu að verða á vegalögunum. Ég taldi því rétt, þar sem við erum nú nokkurn veginn á miðju kjörtímabili, að bera fram frv. um það, að vegalögin yrðu opnuð.

Í þessu frv. er nálega eingöngu um að ræða vegi í Vestfjarðakjördæmi og með brtt., sem í frv. felast á vegalögunum, er í fyrsta lagi stefnt að því, að það þurfi að bæta samgönguleiðir milli Strandasýslu og annarra hluta Vestfjarðakjördæmis. Að þessu lúta einkum tillögurnar í öðrum tölulið um Krossárdalsveg af Strandavegi, um Krossárdal á Vesturlandsveg hjá Kleifum í Gilsfirði, tengja þannig Reykhólasveitina og Barðaströndina við Strandasýslu um eiðið milli Gilsfjarðar og Bitru, og í annan stað að tengja Breiðafjarðarbyggðirnar við Hólmavíkursvæðið í Strandasýslu með þjóðvegi um Tröllatunguheiði. Aðrar tillögur hér eru um það að koma ýmist heilum sveitum í vegasamband eða innansveitar að gera akvegakerfið samfelldara en það enn er.

Í þriðja lagi eru svo í þessu frv. till. um það að gera nokkra sýsluvegi að þjóðvegum, en það er kunnugt, að sýslusjóðirnir eru févana til þess að sinna vegamálum innanhéraðs sem skyldi, og liggur því eftir hlutur sýslusjóðanna mjög oft vegna fjárskorts. Hefur það þá verið venja um langa hríð, að smátt og smátt væru teknir sýsluvegir og færðir inn á vegalögin, teknir í þjóðvegatölu. Þetta er því í samræmi við þá venju, sem ríkt hefur og hefur verið talin sjálfsögð til þessa til þess að þoka vegamálunum jafnar og betur áfram.

Ég sé það, að síðan frv. var flutt, hafa komið fram margar brtt., eins og vænta mátti, og sýnir það, að fleiri þm. en ég líta svo á, að ærin sé þörf á því, að vegalögin verði opnuð á þessu þingi og allmikill fjöldi nýrra akvega tekinn í þjóðvegatölu.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um þetta, óska, að málinu verði vísað til hv. samgmn. og 2. umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 30. fundi í Nd., 5. des., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til samgmn. með 28 shlj. atkv.

Á 87. fundi í Nd., 9. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 27, n. 635 og 675, 31, 34, 36, 42, 49, 72, 83, 165, 278, 361).

Frsm. meiri hl. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Það er ekki óeðlilegt eftir venju á Alþ., að allmikið af till. hafi verið lagt fram um að setja tiltekna vegi í þjóðvegatölu. Samgöngumálanefndir beggja deilda hafa sent frv. og brtt. um þessi mál til vegamálastjóra og óskað eftir umsögn hans. Hann hefur tekið saman, hversu mikið hér er um að ræða, og samkv. upplýsingum, sem hann hefur sent samgmn. þessarar hv. deildar, gera frumvörp og brtt. í báðum d., sem fram hafa komið til þessa dags, ráð fyrir 845 km af nýjum vegum, sem setja ætti í þjóðvegatölu, ef allt yrði samþ. Þar af eru nú í tölu sýsluvega 675.8 km, í tölu hreppavega 47.7 km, en 121.5 km í engum vegaflokki, þ. e. a. s. hvorki þjóðvegir, sýsluvegir né hreppavegir, og

er því um að ræða einkavegi eða fjallvegi. Af þessum vegum eru nú 285.5 km taldir lagðir vegir, en 317.1 km ruddir vegir, og 242.4 eru ekki akfærir nú, þegar þessi mál eru flutt. Samtals mundu þessir vegir, sem nú ættu að koma í þjóðvegatölu, ná til 419 bæja, og eru þar 77 óbrúaðar ár.

Í marzmánuði s. l. ár var samþ. þál. um endurskoðun á gildandi lögum um vegi og brýr. Nokkrum vikum síðar skipaði samgmrh. nefnd samkv. þessari ályktun, og hefur sú nefnd starfað síðan. Er allt útlit á því, að nefndin muni ljúka störfum nú á komandi sumri og þá leggja till. sínar fyrir hæstv. ráðherra, sem væntanlega mun þá geta lagt þær fyrir næsta reglulegt Alþ. Þar sem alger endurskoðun á gildandi vega- og brúalögum er svo langt komin, þykir ekki ástæða til þess að opna vegalög nú seint á *þessu þingi, og hefur meiri hl. samgmn.* því lagt til á þskj. 635, að frv. og brtt. verði vísað til ríkisstj.

Frsm. minni hl. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Það var á fyrstu dögum þingsins, sem ég leyfði mér að flytja frv. til l. um breyt. á vegalögum og leggja þar með til, að vegalögin yrðu opnuð.

Ég heyrði, að hv. 1. þm. Vestf. kvaddi sér hér hljóðs áðan og vítti nefnd harðlega fyrir það að hafa legið á máli nokkuð lengi af þingtímanum, en þó áreiðanlega ekki eins lengi og hv. samgmn. hefur legið á þessu máli, því að hún hefur legið á því allt þingið og í raun og veru mjög slitrótt starfað, ekki haldið fundi nema eftir hörðum eftirgangsmunum — og þó í raun og veru aldrei á öllum þingtímanum nema í sambandi við afgreiðslu flóabátastyrkjanna, í sambandi við fjárlögin, þangað til nú, að orðið var við óskum manna um að halda fund í nefndinni til þess að taka fyrir þetta og önnur þau mál, sem lágu þar í salti. Þannig er upplýst mál, og það er náttúrlega ekkert leyndarmál, að starfsaðferðir nefnda í hv. Alþingi eru hvergi nærri eins og þyrfti að vera í ýmsum tilfellum, fyrir utan þá aðferð að liggja miskunnarlaust frá þingbyrjun til þingloka, eftir því sem hægt er, á málum stjórnarandstöðunnar, sem eru engin vinnubrögð heldur. Þinglega meðferð eiga þau að fá, hvort sem ætlunin er að samþykkja þau eða drepa þau.

Ástæðan til þess, að ég flutti frv. til breyt. á vegalögum í upphafi þings, var sú, að nú vorum við staddir á miðju kjörtímabili, og allan þann tíma, sem ég hef setið á þingi, hafa þm. talið það góða reglu, að ef opna skyldi vegalög, þá væri skynsamlegast að gera það á miðju kjörtímabili. Sízt af öllu væri hentugt að gera það á síðasta þingi fyrir kosningar, því að þá væri miklu erfiðara að hafa stjórn á því, taumhald á því, hvaða till. til vegalagabreytinga yrðu teknar til greina, þá væri miklu erfiðara við það að eiga, og er það skiljanlegt. Nú erum við staddir einmitt á þingi á miðju kjörtímabili, og ég taldi því, að það mætti ekki undan ganga, að vegalögin yrðu opnuð nú, og meginrökin, sem undir hníga, eru þau, að mjög er langt síðan vegalög voru seinast opnuð, alveg óvenjulega langt tímabil. Á þessu tímabili hefur margt breytzt í samgöngumálum landsins. Vegir, sem ekki hafði verið talin ástæða til að taka í þjóðvegatölu, þegar þau voru seinast endurskoðuð, eru nú í þannig lagaðri afstöðu til vega, sem verið er að leggja, að langsamlega væri hagfelldast að byggja þá um leið. Hitt er náttúrlega rétt, að ekki er búið í neinu kjördæmi landsins, svo að ég viti, að fullgera alla þá vegi, sem teknir hafa verið í þjóðvegatölu, þannig að verkefnið sé tæmt, og það verður aldrei beðið svo lengi eftir opnun vegalaga, að þannig ástand hafi skapazt, enda tvímælalaust ekki æskilegt. En það fer varla á milli mála, að nú var orðið aðkallandi og í sumum kjördæmum mjög aðkallandi, að vegalögin væru opnuð og nýir vegir teknir í þjóðvegatölu, sem nauðsynin kallaði meira á að leggja einmitt í sambandi við vegalagningu undanfarinna ára heldur en jafnvel ýmsa af *þeim vegum, sem búnir eru að vera um lengri* eða skemmri tíma fram að þessu í tölu þjóðvega.

Vika leið eftir viku og mánuður eftir mánuð, og jólafrí leið, án þess að þessum málum væri verulega hreyft, og það er fyrst nú undir þinglok, sem málið er tekið til afgreiðslu. Það, sem meiri hl. hv. samgmn. deildarinnar bar fyrir sig, var, að það væri nefnd starfandi, ein af þeim mörgu nefndum, sem hæstv. ríkisstj. hefur skipað og koma í ljós smátt og smátt, — og sú nefnd mundi ekki ljúka störfum á þessu þingi og ekki skila árangri síns starfs fyrir þetta þing, en hefði sem sé vegalögin til athugunar. Nú hreyfði ég andmælum við því í nefndinni, að það gæti verið verkefni mþn. að leysa úr því, hvaða vegi bæri að taka í þjóðvegatölu í hinum ýmsu kjördæmum, því að till. um það hljóta að byggjast á kunnugleika viðkomandi þm. í kjördæmunum, í samráði við fólkið, sem á við vegina og vegleysurnar að búa, og geta aldrei verið gerðar till. af viti um það af stjórnskipaðri mþn. um vegamál. Hún hlýtur að hafa fengið önnur verkefni í sambandi við endurskoðun vegalaga heldur en að gera till. um það, hvaða nýja vegi ætti að taka í þjóðvegatölu. Það getur ekki verið, að það sé hennar verkefni. En samt sem áður er það röksemdin fyrir því að opna ekki vegalögin nú, að starfandi sé milliþn., sem ríkisstj. hafi skipað, sem hafi vegalögin til athugunar. Þegar umr. fóru nánar út á þá braut, um hvað hennar starf snerist, þá kom það á daginn, að það var í raun og veru allt annað en vegalagabreytingar að þessu leyti, að ákveða um, hvaða vegir yrðu teknir í tölu þjóðvega. Þessi n. mun hafa til yfirvegunar, hvort sú skipting, sem verið hefur á vegakerfinu, í hreppavegi, sýsluvegi og þjóðvegi skuli haldast áfram, og ýmisleg þess konar prinsipmál, að því er snertir gerð vegalaga, enda liggur í hlutarins eðli, að það getur ekki verið verkefni mþn. að bera fram till. fyrir hin einstöku kjördæmi um það, hvaða vegi skuli taka úr tölu sýsluvega og gera að þjóðvegum. Þetta hlýtur að vera samstarfsatriði milli fólksins í kjördæmunum og viðkomandi þingmanna.

Ég taldi t. d., að því er snerti Vestfjarðakjördæmi, orðið mjög aðkallandi, að vegalögunum yrði breytt og nýir vegir þar teknir í þjóðvegatölu. Þar er svo ástatt, eins og mörgum er kunnugt, að heil sveitarfélög eru enn þannig

sett, að þau eru ekki komin í samband við akvegakerfi landsins, og þau sveitarfélög eru nokkuð mörg í Vestfjarðakjördæmi. Þeir vegaslóðar og þær vegleysur, sem þarna er eftir að leggja akfæra vegi um, þurfa að komast í þjóðvegatölu og það fyrr en seinna. Þess vegna tók ég allmarga vegi upp í mitt frv., sem eru einmitt þess konar að koma héruðum í akvegasamband, treystandi á það, að þegar þeir verði komnir í þjóðvegatölu, þá verði það talið svo brýnt verkefni að tengja heil sveitarfélög við vegakerfið, að að því verkefni yrði gengið jafnvel á undan öðru. Það hefur líka verið breytt kjördæmaskipun landsins, síðan vegalög voru seinast endurskoðuð, og það gefur að skilja, að það er æskilegt, að það fólk, sem ákveðið hefur nú verið í eitt og hið sama kjördæmi, að skuli starfa saman í einu og sama kjördæmi, að það sé gengið þannig frá vegum og samgöngum, að þessar heildir geti orðið heild einnig að því er snertir samgöngumöguleika, geti orðið ein efnahagsleg, fjárhagsleg heild. Þetta verður t. d. tæpast sagt um Vestfirði. Maður, sem ætlar sér frá byggðunum við Ísafjarðardjúp í norðurhluta Strandasýslu, á þangað enga greiða götu. Hann verður mestan tíma árs að fara suður í Borgarfjörð til þess að komast í Árneshrepp í Strandasýslu. Þetta er m. a. af því, að það hefur ekki verið litið á málið frá því sjónarmiði að tengja byggðir Strandasýslu við hinn hluta núverandi Vestfjarðakjördæmis, fyrr en þau sjónarmið koma eðlilega ofar á baug, þegar búið er að breyta kjördæmaskipuninni. Menn hljóta að viðurkenna, að það er full þörf á því að bæta úr svona samgöngum innbyrðis í kjördæmi, að maður, sem ætlar af norðanverðum Vestfjörðum, t. d. frá Ísafjarðardjúpi eða vestan Ísafjarðardjúps, norður í Árneshrepp í Strandasýslu, það er nokkuð andsnúið, að hann skuli þurfa að fara suður í Borgarfjörð og um Holtavörðuheiði og síðan norður alla Strandasýslu til þess að komast í áfangastað. (**JPálm:** Það er nú vegur yfir Steinadalsheiði.) Það er vegleysa, um Steinadalsheiði, Jón Pálmason. Það er vegleysa, en ekki vegur. Og hann er ekki fær nema sérstökum bílum um hásumarið. Það hefur líka verið klöngrazt um fleiri heiðarvegi um hásumar á sérstökum bílum, t. d. um Tröllatunguheiði, en hér er einmitt verið að leggja til, að Tröllatunguheiðarvegurinn upp úr Reykhólasveitinni og að Steingrímsfirði verði tekin í þjóðvegatölu. Hann er ekki í þjóðvegatölu enn þá. Steinadalsheiðin er hins vegar þannig, að henni hefur ekki verið haldið við um lengri tíma, aldrei lagður vegur um hana, og má heita ófær, nema þegar þurrast er á sumrin og þá a. m. k. helzt ekki venjulegum fólksbílum. Talað hefur líka verið um það, að vegarstæði þar sé ekki heppilegt og betri samgöngubót væri að því, að Tröllatunguheiði fengi lagðan veg, enda liggur sá vegur betur við norðurhluta Strandasýslunnar, sem hér er verið að ræða um, en Steinadalsheiðin. Það er líka dálítið skothent klúður, þegar Strandasýslan er geysilega löng frá norðri til suðurs, eins og kunnugt er, vegalengdin frá Hrútafjarðarbotni og í norðurenda Strandasýslunnar er jafnmikil og vegurinn frá Reykjavík fyrir Hvalfjörð um Borgarfjarðarhérað og í Hrútafjarðarbotn. Strandlengja Strandasýslunnar er þessi spotti.

Þess er full þörf, að vegur sé lagður úr botni Gilsfjarðar og að Bitrubotni, eða um svokallaðan Krossárdal norðan frá og að Kleifum í Gilsfirði. Þetta er eiðið, sem tengir Vestfirðina við landið að öðru leyti, og þarna er auðvitað lágur fjallvegur og mundi tengja ágætlega vel Austur-Barðastrandarsýsluna og miðhluta Strandasýslu saman og er um 10 eða 11 km vegalengd.

Í þessu frv., sem hér er til umr., er m. a. lagt til, að tekinn verði í þjóðvegatölu vegurinn af Strandavegi um Krossárdal og á Vesturlandsveginn hjá Kleifum í Gilsfirði.

M. ö. o.: það eru tvær till. í þessu frv. um vegabætur til þess að tengja byggðir Strandasýslu betur saman við aðrar Vestfjarðabyggðir, enda er það eðlilegt, þegar þessar byggðir eiga að vera samstarfandi fjárhagsleg heild í einu og sama kjördæmi.

En það lítur nú út fyrir það, að hv. meiri hl. á Alþingi vilji ekki á það fallast að opna vegalögin nú, og hafa þó fjölmargir þm. orðið til þess að flytja brtt. við vegalögin og þar með láta í ljós, að þeir telji orðið ærna þörf á því, að vegalögunum sé nú breytt og inn á þau teknir nýir vegir til samgöngubóta í hinum ýmsu byggðum.

Hv. frsm. meiri hl. gaf upp ýmsar tölur úr bréfi vegamálastjóra. Jú, þær eru út af fyrir sig fróðlegar. Hann gefur okkur vitneskju um, hve margir km bættust við í þjóðvegatölu, ef frv. væri samþ., og hve margir km þar af væru sýsluvegir og hreppavegir og hvað margir km fjallvegir og vegleysur, og það var á annað hundrað km, 121 km, en er þó alls staðar um að ræða svæði í byggðum landsins, að langmestu leyti á Austfjörðum og Vestfjörðum. Það er á annað hundrað km samkv. bréfi vegamálastjórans, sem nú geta hvorki flokkazt undir hreppavegi né sýsluvegi, eru sem sé fjallvegir og vegleysur, en full þörf á að taka í þjóðvegatölu og till. komnar fram um það á Alþ.

Þá veit ég ekki, hvers vegna það er sett í bréf vegamálastjórans, að aðeins 419 bæir kæmust í akvegasamband við það þjóðvegakerfi, sem nú eru till. frammi um á Alþ. að bætist við. Vafalaust er það gert til þess, að þm. fái hugmynd um, að það séu svo sárafáir bæir, sem fái þarna akvegasamband, að það sé varla artandi upp á það. Þetta fólk megi vera áfram búandi við sínar vegleysur. Það eru ekki margir hausarnir þarna, og það þarf ekki að sinna því þess vegna. En þetta sýnir einmitt það, að það eru mörg hundruð manna í landinu enn þá, sem búa við vegleysur og till. eru frammi nú á Alþ. um að fái vegi, og er tími til kominn. En aðrir virðast leggja málið þannig út, að það megi bíða, af því að fólkið sé svo fátt. Þetta er sjónarmiðið, sem enn þá virðist vera ríkjandi hjá embættismönnum landsins og líklegast hjá hv. meiri hl. Alþingis gagnvart dreifbýlinu í landinu.

Svo eru upplýsingar gefnar um það, að það séu mjög margar óbrúaðar ár á þessum svæðum landsins, sem nú sé lagt til að vegir séu lagðir um og þeir teknir í þjóðvegatölu. Mikið rétt.

Það eru sem sé margar torfærur þarna á vegum, sem þm. hafa borið fram till. um að úr þurfi að bæta, að það þurfi sem sé að leggja vegi og brúa ár, svo að fólk geti þó búið á þessum 419 bæjum, og ætla ég þó, að það þætti nokkurt skarð fyrir skildi, ef þessir 419 bæir legðust í eyði, af því að það hefur verið daufheyrzt við óskum um, að þeir fengju vegi og brýr.

En hver er meiningin með að bíða? Er meiningin sú, að þessir bæir leggist í eyði, að bíða þangað til? Ekki koma brýr á árnar þessar, þó að beðið sé. Annaðhvort verður að leggja þessa vegi og brúa þessar ár, eða þá að menn eru að hugsa um að bíða, til þess að þessir bæir hverfi. Og þá hefur biðin einhvern tilgang, en annars ekki.

Nei, ég verð að segja það, að ég tel, að einmitt þessar tölur, sem hér hafa verið gefnar upp á brúm, sem vanti, sýni það, að það séu hundruð bæja, sem búa við vegleysur, sem þurfa að fá vegi og smám saman brýr á óbrúuð vatnsföll, og fá það fyrr eða seinna þó, ef þessir vegir verða teknir í þjóðvegatölu. Og það er ekki bót að því að ýta þessu verkefni frá sér og láta því vera ósinnt. Þegar svona upplýsingar eru gefnar, þá sýnir það, að það er brýn þörf á að taka þetta verkefni fyrir og leysa það, einkanlega ef menn hafa það sjónarmið, að það skuli reynt að koma í veg fyrir, að þessi 419 dreifðu býli leggist í auðn, en það hljóta þau að gera, ef ár eftir ár er neitað um að leggja vegi í námunda við þau og að brúa óbrúaðar ár og vatnsföll, sem yfir er að fara frá þessu fólki, sem heyr þarna lífsbaráttuna.

Ég er alveg sannfærður um það, að þeir mörgu hv. þm., sem flutt hafa brtt. við frv. mitt á þskj. 27, í báðum d. þingsins, hafa gert það að yfirveguðu ráði, af því að þeim fannst tími til kominn að opna vegalögin og af því að þeir vissu, að það voru vegir í þeirra byggðarlögum, sem fólk þurfti að fá lagða og sýslusjóðirnir hafa ekki haft fjármagn til að leysa að því leyti sem þeir eru sýsluvegir, og þeir eru nokkuð margir, eins og upplýst var áðan, sýsluvegirnir. Og það hefur alltaf verið þróunin hér á Alþingi, að létt hefur verið smám saman á herðum sýslufélaganna með því að taka sýsluvegi og gera þá að þjóðvegum. Bolmagn ríkisins er auðvitað margfalt á við sýslufélögin, og frekar má gera sér vonir um, að af vegalagningu verði, þegar ríkið hefur tekið þessi illa veguðu landsvæði að sér.

Það er því ekki hægt um það að deila, að rök eru gild og góð fyrir því, hvernig sem á málið er litið, að vegalögum sé nú breytt. Það er svo langt liðið, síðan vegalögunum var seinast breytt, að það hafa orðið margs konar breytingar í samgöngumálum síðan, sem gera nauðsynlega lagningu vega, sem þá var ekki eins aðkallandi að lagðir væru, og fleiri breytingar, sem ég hef hér vikið að. Þm. staðfesta þessa þörf með fjöldamörgum brtt., og nú er betra að standa að breytingu vegalaga einmitt á miðju kjörtímabili heldur en það verður t. d. á næsta ári, síðasta ári fyrir kosningar, síðasta ári kjörtímabilsins. Ég veit alveg, hver mótbáran verður á næsta þingi. Hún verður sú: Það er glapræði hið mesta að opna vegalögin á seinasta þingi fyrir kosningar, það verður hér allt vitlaust, og allir þm. eru þá illa haldnir af kjósendahræðslu. Það er ógerningur að gera það núna, það verður að bíða næsta kjörtímabils. — Og þá er orðið miklu, miklu lengra tímabil milli endurskoðunar vegalaga en nokkurn tíma í þingsögunni áður. Nei, á þessu þingi átti auðvitað að opna vegalögin, úr því að ekki var horfið að því ráði í fyrra að gera það. Og ég er alveg viss um, að verði það ekki gert núna, þá bíður það fram á næsta kjörtímabil. Það verður ekki talið fært að gera það á síðasta þingi fyrir kosningar.

Ég og hv. 5. þm. Norðurl. v. (BP) leggjum til, að þetta mál verði samþykkt. Nál. okkar hefur ekki verið útbýtt, að því er virðist, en því hefur verið skilað í prentun og hlýtur að koma á hverri stundu, ef ekki hafa orðið einhverjar óvenjulegar tafir með það. Hins vegar leggur meiri hl. til, að þessu máli sé, að mér skilst, vísað til stjórnarinnar. Þeir leggjast undir öllum kringumstæðum á móti því, að vegalögin séu nú opnuð og frv. samþykkt. En því aðeins að þetta frv. verði samþykkt, koma til meðferðar þingsins þær fjölmörgu brtt. við vegalög, sem hv. þm. hafa flutt á þessu þingi í trausti þess, að vegalögin yrðu opnuð. Ég hefði talið eðlilegt, að ákvörðun hefði verið tekin um þetta mál miklu fyrr á þinginu. En það er sannleikur, sem ég áðan sagði, störf samgmn. hafa verið mjög slitrótt á þessum vetri og þetta mál loksins tekið fyrir nú fyrir örskömmu, þegar það hafði legið hjá n. frá því í októbermánuði s. l.

Það er aðeins tylliástæða, sem nú er borin fram gegn endurskoðun vegalaganna, að nefnd sé að vinna að athugun vegalaganna út frá allt öðrum sjónarmiðum og með tilliti til alls annars en að ákveða, hvaða vegi sé þörf á að taka í þjóðvegatölu út frá aðstæðum heima í byggðarlögunum, því að það hefur þessi milliþn. ekki aðstöðu til að líta á og kynna sér nákvæmlega fyrir landið allt. Sá staðkunnugleiki, sem þarf að vera á bak við slíkar tillögur, og það samstarf, sem þarf að vera á milli fólksins í byggðarlögunum, það er eingöngu til staðar í tengslum við þm. viðkomandi kjördæmis, og hljóta því breytingar á vegalögunum alltaf að vera undirbyggðar af óskum fólksins í samráði við þm. viðkomandi kjördæmis, og till. þær, sem hér liggja fyrir í þessu frv. og brtt. við það, eru þannig til komnar. Og þannig hygg ég að þetta hljóti að vera, þrátt fyrir það, þó að þessi ágæta n., sem ríkisstj. hefur skipað, skili sínum störfum. Ég hygg, að það komi á daginn, að hún hefur tekið almenn prinsipmál viðvíkjandi uppbyggingu vegalaga fyrir, en ekki svona mál, eins og það, hvaða vegi eigi að taka í þjóðvegatölu á hverjum tíma, það getur tæpast verið hennar hlutverk. Ég mæli sem sé fyrir hönd minni hl. með því, að vegalög verði nú opnuð og að frv. á þskj. 27 verði samþykkt.

Sigurður Ágústsson: Herra forseti. Hv. 4. landsk. þm. (HV) var með hálfgerð ónot í garð hv. samgmn., og undirritaður hefur ég nokkuð yfir því, sérstaklega þar sem hann er meðlimur þeirrar n. og gat því vissulega haft áhrif á það, hefðu honum þótt þau málefni, sem hefur verið vísað til

þeirrar n., ganga seint og illa. Ég minnist þess ekki, að hann sem meðlimur n. hafi nokkru sinni talað við mig sem formann n. um, að það gengi seint um afgreiðslu þeirra mála, sem til hennar hafi verið vísað.

Ég get verið sammála hv. þm. um, að það er leitt að geta ekki opnað vegalög, en hann gekk alveg fram hjá því, sem er aðalorsökin fyrir því, að vegalög eru ekki opnuð, að það vantar fjármagn til þeirra vega, sem við óskum eftir að taka í tölu þjóðvega. Það vantar mikið fjármagn til þeirra vega, sem þegar hafa verið teknir upp í tölu þjóðvega, og það veit hv. 4. landsk. þm. vel. Ég held, að við, sem skipum samvinnunefnd samgöngumála, getum vissulega verið sammála vegamálastjóra um það, að það er ótímabært að taka fleiri sýslu- og hreppavegi upp í tölu þjóðvega, á meðan ekki fást hærri fjárveitingar til vegaframkvæmda en raun ber vitni um. Aðalástæðan fyrir því, að vegalög hafa ekki verið opnuð á undanförnum árum, er hið takmarkaða fjármagn, sem hefur verið veitt til nýbyggingar þjóðvega. Það er réttilega á bent af vegamálastjóra, að það er gagnslaust að taka fleiri vegi upp í tölu þjóðvega, á meðan ekki er verulega aukið það fjármagn, sem þarf til þess að koma þeim vegum áleiðis, sem þegar eru teknir upp í tölu þjóðvega. Ég veit, hvað snertir mitt gamla kjördæmi, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, að þar eru töluvert margir þjóðvegir, sem fá ekki fjárveitingu ár eftir ár. Ég tel, að það sé röng stefna að fjölga þjóðvegum, taka þá úr tölu hreppavega og sýsluvega. Með því að taka þá upp í tölu þjóðvega eru þeir sviptir fjárframlögum ár eftir ár, sem þeir annars hefðu getað notið úr sýslusjóðum og hreppssjóðum, þar sem nú er hallazt að því ráði hjá hv. alþm. að veita færri en stærri upphæðir til hinna ýmsu þjóðvega, sem ég tel einnig að sé rétt stefna.

Aðalvandinn í sambandi við að leysa hina miklu þörf, sem vissulega er fyrir það að fá fleiri og fleiri vegi tekna upp í tölu þjóðvega, er sá, að ekki hefur fengizt nægilega mikið fjármagn á fjárlögum til þess að geta veitt verulegu fjármagni til þjóðveganna. Það er a. m. k. álit mitt, að sú vegalagan., sem nú starfar og við gerum okkur vonir um að hafi lokið störfum sínum fyrir næsta Alþ., að hæstv. vegamálaráðh. leggi þá frv. fyrir næsta þing varðandi þjóðvegi og brýr, að í sambandi við það frv. verði gerðar ráðstafanir til að verja verulega auknu fjármagni til þessara framkvæmda, því aðeins kemur þessi endurskoðun að gagni. Og við í meiri hl. samgmn. höfum alveg fallizt á sjónarmið bæði vegamálastjóra og form. vegalaganefndar um það, að rétt væri að opna ekki vegalög að þessu sinni, heldur láta það bíða, þar til liggja fyrir till. vegamálan. og væntanlegt frv., sem við gerum ráð fyrir að hæstv. samgmrh. leggi fyrir næsta þing.

Það er mjög rangt hjá hv. 4. landsk. að halda því fram, að þetta sé gert til bekkni stjórnarandstöðunni. Ég skil ekki í jafnglöggum manni og hann er, að hann skuli halda slíkri firru fram. Ég held, að það rétta í þessum málum sé, að allir hv. þm. strjálbýlisins hafi gert brtt. um opnun vegalaganna, að taka fleiri vegi í tölu þjóðvega í sínum kjördæmum. Það er ábyggilega sameiginleg ósk allra hv. þm., að þjóðvegum sé fjölgað. En við getum viðurkennt, að það komi ekki að gagni, meðan ekki er séð fyrir því, að mun meira fjármagn sé veitt á fjárlögum til þessara framkvæmda. Eins og ég tók fram áðan, þá er það von mín, að eftir að álitsgerð vegalagan. liggur fyrir og hæstv. ráðh. leggur frv. sitt fyrir næsta þing, þá megum við eiga von á stórauknu fjármagni til vega- og brúarframkvæmda á næstu árum.

Ég veit, að þegar hv. 4. landsk. athugar þetta, verður hann á sama máli og við, sem skipum meiri hl. hv. samgmn., að hér er stefnt rétt að málunum.

Frsm. meiri hl. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs fyrst og fremst til þess að mótmæla harðlega þeim furðulega málflutningi, sem hv. 4. landsk. (HV) viðhafði í ræðu sinni áðan. Við erum ýmsu vanir frá þessum hv. þm., en heyrðum það óvenjulega vel, hvernig sannleikurinn gufar upp í orðum hans og hann er kominn út á hálan ís ósanninda og blekkinga, áður en hann sjálfur veit af. Ég skal nefna dæmi.

Það er tiltekið skv. upplýsingum vegamálastjóra í nál., og ég gat þess áðan, að þeir vegir, sem lagt er til að gera að þjóðvegum, mundu ná til 419 bæja. Svo byrjar hv. þm. að bæta við sinni eigin útgáfu. Jú, þeim þykir 419 lítið, segir hann. Það sagði ég ekki, og það hefur vegamálastjóri ekki sagt heldur.

Svo segir hann, að þeim finnist, að þessir 419 megi bíða, fólkið sé svo fátt þar, svona séu embættismenn og svona sé meiri hl. Þetta er hreinn uppspuni, það hefur ekkert slíkt verið sagt, hvorki í skriflegu nál. né framsögu.

Hv. þm. stígur einu skrefi lengra: Það er eins og þessir vondu menn, vegamálastjóri og meiri hl. n., vilji leggja bæina í eyði, af því að þeir megi ekki fá vegi!

Ég verð að segja, að það er furðulegt, að einn þm. skuli flytja mál á þennan hátt, þar sem einfaldar staðreyndir liggja fyrir og hver hv. þm. getur sannreynt, hvað um er að vera. Mér fannst sjálfum, þegar ég skrifaði nál. og þegar ég flutti framsöguræðuna, talan 419 um sveitabæi á Íslandi vera býsna há. Þeir eru ekki nema 6 þús. eða þar um bil allt í allt. Og ég skil ekki, hvernig hv. þm. getur fundið það út úr orðum, sem ég hef aldrei sagt og ekki standa í nál., að okkur finnist þetta svo lítið, að ekki sé hægt að skipta sér af því. Hann er vísvitandi að snúa hlutunum við. Mér finnst 419 bæir vera mikið og fyllsta ástæða, eins og hverjum einasta þm. á þessu þingi, til að láta einskis ófreistað til að lengja vegakerfið, strax og fjármunir eru til þess. Þar að auki vil ég benda hv. þm. á, að það stendur í nál. og grg. vegamálastjóra að þeir 845 km, sem nú er lagt til að verði þjóðvegir, nái til 419 bæja, en af þessum 845 km eru 2/3 eða yfir 600 km þegar færir vegir, svo að það liggur ekki fyrir, hve margir af þessum 419 bæjum hafa ekki vegasamband og hve margir hafa það með öðrum vegum en þjóðvegum.

Sama máli gegndi um það, sem hv. þm. sagði um störf vegamálanefndar. Hann flutti úr sínum huga alls konar yfirlýsingar um það, hvað n. ætti að gera og hvað ekki að gera. Hann lýsti

því yfir, að það komi n. ekkert við, hvaða vegir séu þjóðvegir og hvaða vegir ekki. Ég vil aðeins benda hv. þm. á, að hann hefur ekki umboð til að gefa neinar yfirlýsingar um það, hvað þessi n. á að gera. Henni er falið almennt að endurskoða lög um vegi og brýr og engin takmörkun þar á sett. Ég hef reynt að útskýra fyrir honum á nefndarfundi, að eitt af því, sem hlýtur að koma mjög til álita og hefur verið rætt í n., er að flokka vegi miklu meira en gert hefur verið hingað til, þannig að það, sem nú eru þjóðvegir á Íslandi, gætu vel orðið eins og í öðrum löndum 3 eða 4 mismunandi flokkar vega. Mundu þá vegir, sem fyrir eru og ólagðir eru, flokkast eftir því, hvers konar vegur þarf að koma á viðkomandi svæði.

Ég vil enn fremur segja, að ég álít persónulega ekki, að þetta kerfi, sem við höfum haft um ákvörðun þess, hvað eru þjóðvegir og hvað ekki, sé svo dásamlegt, að það megi ekki íhuga endurskoðun á því. Hingað til hefur það verið háð samþykki Alþ., en í rauninni farið eftir því, hvað þm. hafa verið duglegir að koma sínum vegarspottum áfram, hvar þjóðvegum hefur fjölgað og hvar ekki. Við vitum vel, að árangurinn af þessu er sá, að til eru stór svæði á landinu, þar sem nálega hver einasta heimreið að sveitabæ er þjóðvegur, og önnur svæði, þar sem nauðsynlegir vegir í sambandi milli byggðarlaga eru ekki orðnir þjóðvegir enn þá. Mér finnst þetta dæmi eitt vera næg sönnun þess, að það er fyllsta ástæða til að endurskoða þetta kerfi. Það eru vissulega margar færar leiðir til að endurskoða það án þess að skerða það grundvallarvald, sem Alþingi hefur yfir því, hvaða vegir eru lagðir og hvaða vegir ekki.

Ég vil svo að lokum benda á, að þótt vegur sé tekinn í þjóðvegatölu, er ekki þar með ákveðið, að það verði byrjað að leggja hann í sumar eða haust. Þetta veit hv. þm. ósköp vel. Þess vegna felst í afstöðu til þessa máls enginn dómur um það, hvort þessi vegur eða hinn er nauðsynlegur eða ekki, enginn dómur um það, að einn eigi að bíða og annar ekki. Það er ákveðið fyrst og fremst við afgreiðslu fjárlaga, hvaða vegaframkvæmdir er ráðizt í á næsta ári. Fari svo, sem allar líkur benda til, að endurskoðun vegalaganna verði lögð fyrir Alþ. á komandi hausti, þá mun sjást mynd þeirrar endurskoðunar, sem væntanlega getur jafngilt opnun vegalaga og vel það, um leið og fjárlög eru afgreidd í haust. Þannig er vegur engu nær að verða lagður eða endurbættur, þó að hann sé tekinn í þjóðvegatölu nú, þegar tækifæri verða til þess fyrir afgreiðslu fjárlaga á næsta hausti.

Ég vil ítreka mótmæli mín gegn þeim furðulega málflutningi, sem hér var viðhafður, og neita því algerlega, að þær skoðanir, sem hv. þm. gerði vegamálastjóra og meiri hl. n. upp, eigi við nokkur rök að styðjast.

Frsm. minni hl. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að segja nokkur orð til andsvara þeim tveim hv. þm., sem nú hafa talað.

Það má vera furðulegt minnisleysi hv. form. samgmn., þegar hann leyfir sér að fullyrða, að ég hafi aldrei kvartað um það, að ekki væru kallaðir saman fundir í n. Það var liðið eitthvað fram yfir miðjan vetur, þegar ég sneri mér til hans beint og óskaði eftir fundi í n., en þá var hv. þm. að fara vestur til Ameríku og kom því ekki í verk, áður en hann fór í sína Ameríkureisu, að halda þennan fund. Mundi þetta nú ekki rifjast upp fyrir hv. þm., ef hann hugleiðir það? Eða vill hann segja, að það sé ósatt? Nei, þetta er satt, ekki varð af fundarhaldi, áður en hann fór í sína Ameríkuför. Svo kom varamaður. Þá sneri ég mér til varamannsins og óskaði eftir fundi. Hann kallaði eftir nokkurn tíma saman fund, og það var einasti fundurinn, sem þá hafði verið haldinn í samgmn., frá því að afgr. voru flóabátastyrkirnir í sambandi við fjárlög, en það varð að afgreiðast þá. Þá var því komið í verk að senda málið til umsagnar, en það hafði legið ósnert fram yfir miðjan vetur. Þegar svo hv. form. n., hv. 2. þm. Vesturl. (SÁ), kom aftur heim frá Ameríku, óskaði ég einnig eftir fundi, í n. Upp úr því hélt hann, eftir nokkurn tíma, fund aftur. Og það er sá fundur, sem leiddi til þess, að ein 3 eða 4 mál voru afgreidd frá n. En þetta er á seinni skipunum gert, því verður ekki neitað. Og það verða ekki bornar fram neinar sómasamlegar afsakanir fyrir þessu. Þetta eru engin vinnubrögð. Nú skyldum við segja t. d., að hv. þd. samþ. að opna vegalögin, samþ. það frv., sem hér er til umr. Er þá ekki orðinn ærið knappur tími fyrir n. að athuga þær till. til breytinga á frv., sem hér liggja fyrir? Það er ekki búið að koma því í verk að taka neina afstöðu til neinna brtt. við frv. Jú, það er hætt við því, að fólk segi þá: Það er komið alveg að þingslitum, og það er enginn tími til að athuga brtt., og við verðum þess vegna, af því að við erum komnir í ótíma, að hætta við að afgreiða málið. — Þetta eru ekki góð vinnubrögð, og hv. form. átti ekki að mannskemma sig á því að reyna að mæla þessu bót eða herma upp á mig ósannindi í sambandi við það, að ég hafi ekki rekið á eftir honum, því að það hef ég gert, — gert bæði við hann og þann mann, sem settist í formannssæti n. í hans fjarveru. Þar að auki á ekki að þurfa neinn eftirrekstur til við formenn n., þeir eru verkstjórarnir í n. og eiga að annast störfin, án þess að nm. séu á hælunum á þeim að reka á eftir þeim.

Þá kemur að efnishlið málsins. Við erum á móti því, segir hv. form. samgmn., að vegalögin séu opnuð, af því að það vantar fjármagn. Nú hefur það oft skeð náttúrlega, að vegalög hafa verið opnuð. Ég spyr: Hafa þá legið fyrir yfirlýsingar um það frá stjórnarvöldunum, að nú væri hægt að opna vegalög, af því að nú væru til nóg fjárframlög til að gera alla þá vegi, sem hafa verið teknir í þjóðvegatölu? Nei, hver einasti þm. veit, að slík yfirlýsing hefur aldrei legið fyrir. Það hefur aldrei legið fyrir nein skuldbinding af hendi Alþ. um, að það væri til nóg fjármagn til þess að byggja þá vegi, sem vegalög gætu talið í þjóðvegatölu. Þetta er því hrein fjarstæða. Þingið hefur opnað vegalögin með nokkurra ára millibili, alveg án tillits til þess, hvort menn vissu, að það væri til nóg fjármagn til þess að gera vegina, — alveg án tillits til þess. Síðan hefur verið ákveðið við afgreiðslu fjárlaga á hverju ári, hvað mikil upphæð yrði

ákveðin til þess að gera vegi, úr hópi hinna gömlu þjóðvega eða þeirra nýju, allt eftir ákvörðun þings og í samráði við þm. kjördæmanna.

Þetta er því annar fyrirslátturinn og öllu aumlegri en sá fyrri og óskynsamlegri. Það var þó á yfirborðinu hægt að skjóta sér á bak við það, að það væri milliþn. að starfa og hefði það verkefni að athuga vegalögin og þess vegna væri bezt að bíða eftir því, að menn heyrðu, hvað hún segði. En að koma með þetta, hlaupa frá hinum fyrirslættinum, því að fyrirsláttur er það og ekkert annað með endurskoðunina og er notað til að skjóta sér á bak við, en að skjóta sér á bak við fjármagnsskortinn í þessu sambandi, það er hlálegt, því að Alþ. hefur aldrei ákveðið nægilegt fjármagn til að leggja hina nýju þjóðvegi á því þingi, sem nýir vegir hafa verið teknir í þjóðvegatölu. Það gerist í sambandi við afgreiðslu allt annarra laga, sem sé fjárlaganna, eins og allir vita.

Ég spyr: Ef þetta er höfuðástæðan fyrir því, að nú er ekki lagt til, að vegalög séu opnuð, að ekki er fjármagn fyrir hendi, á þá að bíða með að opna vegalögin, þangað til nægilegt fjármagn liggur á borðinu til þess að gera þá vegi, sem heita þjóðvegir? Er það ætlunin? Það hlýtur að vera tilætlunin, úr því að fjármagnið verður að vera fyrir hendi. Þá virðist vera verið að gefa fyrirheit um, að það verði beðið með að opna vegalög, þangað til nægilegt fjármagn sé fyrir hendi. Þá hygg ég, að ýmsir þm. verði farnir að verða langeygðir eftir vegalagabreytingum.

Jú, hv. þm. gaf í skyn, að það mundi ekki langt undan, að fjármagnið kæmi. Ég vona, segir hann, að þegar vegalagan. lýkur störfum, þá komi fram stóraukið fjármagn til vegagerða, þá sé óhætt að opna vegalögin. — Það mundi gleðja mig alveg sérstaklega mikið, ef það kæmi stórkostleg fjárveiting til vegamála fljúgandi í fangið á okkur við það, að þessi vegalaganefnd skilaði áliti. Það væri alveg sérlega óvenjulegt og ánægjulegt, það verð ég að segja.

En hv. form. samgmn., sem er áhrifamikill þm. í liði stjórnarinnar, sagði: Það er ákveðin von mín, að stóraukið fjármagn komi til vegamála, þegar vegalaganefndin lýkur störfum. — Hún lýkur væntanlega störfum á þessu ári. Hún var skipuð í fyrra. Væntanlega lýkur hún störfum á þessu ári, svo að þetta er ekki langur tími, sem við þurfum að bíða eftir að fjármagnið komi.

Ef þetta er nú sannleikur hjá hv. þm., að fjármagnið sé rétt ókomið, það komi á þessu ári, um leið og vegalaganefndin skili af sér störfum, var þá ekki einmitt sjálfsagt núna að opna vegalögin og bæta ýmsum þeim vegum í þjóðvegatölu, sem aðkallandi þörf væri talin fyrir úr héruðunum og af þm., að lagðir væru einmitt á næstunni? Ég hefði haldið það, því að suma þeirra vega, sem nú eru ekki í þjóðvegatölu, er orðið meira aðkallandi að leggja en ýmsa af þeim, sem verið hafa lengri eða skemmri tíma í tölu þjóðvega. Það fer nokkuð eftir því, hvernig vegakerfið í kjördæmunum hefur breytzt, síðan vegalögin væru seinast endurskoðuð.

Ég hefði einmitt haldið, að ef við sæjum hilla undir aukið fjármagn til vegamála á næsta þingi eða fyrir næsta þing, þá hefði einmitt verið tímabært að opna vegalögin núna. Og ég kemst hér að allt annarri niðurstöðu en hv. þm., út frá einmitt þeim upplýsingum, sem hann gaf, að fjármagnið mundi koma, mjög mikið fjármagn til vegagerða, þegar vegalaganefndin lyki störfum.

Hann talaði um, að ég hefði haldið því fram, að drátturinn á þessu máli væri gerður til bekkni við stjórnarandstöðuna. Það sagði ég alls ekki. Þar hefur hv. þm. ekki hlustað nógu vel. Ég vék að því, að þessi aðferð væri viðhöfð í allt of ríkum mæli til þess, að sómasamlegt gæti talizt viðvíkjandi ýmsum málum stjórnarandstöðunnar, að liggja á þeim í n. frá byrjun þings og til þingloka og stundum þing eftir þing, og taldi að því engan sóma fyrir þingið, því að meiri hl. á alveg hiklaust að geta staðið fyrir sinni afstöðu og afgr. málin með eðlilegum hætti í n. til þingdeildanna, verið með þeim, afgr. þau með rökstuddri dagskrá, vísað þeim til stjórnarinnar eða á hvern annan þinglegan hátt, en ekki að níðast á málum stjórnarandstöðunnar. Það er óþinglegt í alla staði og óviðurkvæmilegt.

Hins vegar er búið að beita þetta mál þessum vinnubrögðum. Það er búið að liggja á þessu máli frá því í októbermánuði og þangað til nú í apríl. Númerið á þskj. ber það með sér, þetta er þskj. 27, 27. mál, en stjórnin lagði fram á annan tug mála á fyrsta degi þingsins. Þetta er með fyrstu málum, sem þm. báru fram á þinginu, og er fyrst nú að koma til 2. umr. sökum þeirra vinnubragða, sem hafa verið í n., því að málið fór snemma til nefndar.

Hv. 5. þm. Vesturl. sagðist koma hér í ræðustól til þess að mótmæla harðlega ósannindum og blekkingum, sem ég hafi farið með, og staldraði svo við tölu býlanna, sem hv. vegamálastjóri hafði gefið upp í bréfi sínu til n. að væru 419, sem kæmu til með að njóta þeirra vega, sem teknir yrðu í þjóðvegatölu, ef allar till. þm. yrðu samþ. Hitt þurfti ekkert að hrærast saman í höfði hv. þm., að ég lét í ljós þá skoðun mína, að þessi tala um 419 býlin væri sett í bréfið til þess að rökstyðja það, sem var rauði þráðurinn í bréfinu öllu, að það væri ekki tímabært að opna vegalögin. Hvað átti þá talan á býlunum að þýða annað en að það eitt með öðru, að það væru ekki nema 419 býli, sem kæmust í vegasamband, mælti með þessari niðurstöðu, sem var verið að rökstyðja, að nú væri ekki þörf á að opna vegalögin? Af þessu varð ljós afstaða embættismannsins, hún var þessi í gegnum allt bréfið: Það liggur ekki á. — Annars skal ég segja það, að ég man aldrei eftir bréfi frá vegamálastjóra, þegar samgmn. hefur fjallað um það, hvort ætti að opna vegalög, — ég man aldrei eftir bréfi frá vegamálastjóra, sem hafi mælt með opnun vegalaga. Þeir hafa alltaf getað sagt, þeir góðu embættismenn: Ja, það eru svo og svo mörg hundruð kílómetrar í viðurkenndum þjóðvegum, sem er ekki búið að gera enn þá, og það liggur nær að ganga á þá vegi og leggja þá heldur en að bæta nýjum við. — Þeir hafa alltaf verið tregir, eðlilega. En það geta verið gild rök fyrir því, að það

sé orðin meiri nauðsyn að gera veg, sem er alveg nýtekinn í þjóðvegatölu, heldur en þörfin, sem liggur fyrir því að gera veg, sem búinn er að vera tíu ár í tölu þjóðvega, ef vegakerfið hefur þróazt þannig. Þetta vita allir þm. Það er alls ekki hægt að ganga á að framkvæma vegalög á þann hátt að taka þjóðvegina eftir þeirri aldursröð, eftir því ártali, þegar þeir voru teknir inn sem þjóðvegir. Í því væri auðvitað ekkert vit. Nei, það getur verið orðin miklu meira aðkallandi þörf á að geta veitt á næsta þingi fjárveitingu í kjördæmi til vegar, sem hefur verið tekinn í þjóðvegatölu á þessu þingi, heldur en í annan veg, sem tekinn var í þjóðvegatölu t. d. fyrir tíu árum.

Hv. 5. þm. Vesturl. hafði engu að mótmæla. Ég hafði tilfært rétt úr bréfi vegamálastjórans, bæði þessa tölu um, að býlin væru 419, og aðrar tölur, sem í því bréfi voru því til rökstuðnings frá hendi embættismannsins, að ekki lægi á að opna vegalögin. En ég dró af því allt aðrar ályktanir og var frjáls að því. Ég þarf ekki að spyrja hv. 5. þm. Vesturl. að því, hvaða skoðanir ég hafi á vegaþörfinni, þegar upplýst sé, að 419 sveitabæir búi við vegleysur. Hann segir nú, að hann telji þetta háa tölu. Í n. var m. a. lagt út af því, að hér væri ekki um að ræða nema 419 bæi, sem kæmust í akvegasamband, þó að frv. væri samþ. Það var einmitt tekið í n. sem rökstuðningur fyrir því, að það væri óhætt að bíða. Það er bara svona fátt fólk, sem fær bættar samgöngur við þetta. Er það nokkur nauðsyn? Þetta var andinn í n., alveg í samræmi við anda bréfsins. En nú, þegar hv. þm. kemur hér í d., þá vill hann láta það sjást eftir sér í þingtíðindum, að hann hafi alls ekki tekið afstöðu á móti málinu vegna þess, að fólk í dreifbýli og fámenni hafi átt við málið að búa og hann hafi verið á móti opnun vegalaga þess vegna, af því hvað hausarnir voru fáir. Bréfið frá vegamálastjóranum studdi allt að þeirri afstöðu meiri hl., að nú væri aðgerðaleysi það eina, sem ætti við, það þyrfti ekki að opna vegalögin.

Ég held, að ég hafi nú svarað því, sem svara þarf frá hendi þessara þm. En ég endurtek það, að vinnubrögð samgmn. á þessu þingi hafa ekki verið til fyrirmyndar. Og það er ekki hægt með sanni að bera það fyrir sig, að nm. hafi ekki rekið eftir formanni sínum, því að það hefur verið gert hvað eftir annað. Og nú er svo komið, að málið er svo seint á ferð, að væri frv. samþ., þá á n. eftir að taka afstöðu til allra brtt., og yrði þá vafalaust sagt: Til þess er ekki tími. — Málið verður því að deyja drottni sínum, því að n. hefur ekki tíma til að starfa. Svo mikið hefur verið hangsað í n., að málið er komið í tímaþröng undir þinglok, en var borið fram með fyrstu þingmannafrv. á þessu Alþingi.

Ég endurtek svo afstöðu okkar í minni hl. Ég tel fyllstu rök mæla með því, að vegalög verði opnuð, og mæli með því, að frv. verði samþ.

Sigurður Ágústsson: Herra forseti. Mér þykir leitt að þurfa að lýsa hv. 4. landsk. þm. (HV) ósannindamann að því, að hann hafi nokkru sinni leitt tal að því við mig að halda fund í hv. samgmn. Þegar ég varð að hverfa af landi burt, bað ég varamann minn, Friðjón Þórðarson, sem tók sæti mitt á Alþingi, að halda fund í hv. samgmn. og taka fyrir þau þrjú mál, sem þar voru óafgreidd, hvað hann og gerði. Bæði talaði ég um þetta við Friðjón, og auk þess bað ég skrifstofustjóra Alþingis að sjá um, að það yrði gert.

Það er mjög leitt að þurfa að deila við hv. 4. landsk. um mál, sem virðist liggja jafnljóst fyrir og þessi mál í sambandi við opnun vegalaganna. Ég benti á það áðan, að það væri mín skoðun, þrátt fyrir það, þótt ég hafi verið meðflm. eða aðalflm. að ýmsum brtt. um opnun vegalaganna í sambandi við kjördæmi mitt á þessu þingi, að þá er ég á sömu skoðun og vegamálastjóri um það, að á meðan þeir þjóðvegir eru ekki lengra á veg komnir, sem þegar eru í tölu þjóðvega, þá er ekki rétt að bæta mörgum fleiri vegum í tölu þjóðvega, nema jafnframt sé séð fyrir stórauknu fjármagni til þeirra framkvæmda. Ég get bent á eitt dæmi, að í mínu gamla kjördæmi, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, er fé veitt á fjárlögum 1962 til 7 þjóðvega. Það eru 23 vegir í tölu þjóðvega í þeirri sýslu, 16 þjóðvegir fá ekkert fjármagn ár eftir ár og hafa þó allir þörf fyrir það. Telur hv. 4. landsk. þörf á því, eins og nú er farið fram á hvað við kemur Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, að bæta við 14 nýjum þjóðvegum? Ég benti á það áðan í fyrri ræðu minni, að ég tel, að með því að taka þessa 14 vegi úr tölu sýsluvega og hreppavega, þá er verið að gera þeim verri skil en þeir hafa í dag, ef ekki er séð um aukið fjármagn almennt til þjóðvega, þannig að þessir þjóðvegir geti fengið fjármagn, til þess að eitthvað sé gert til þess að koma þeim áleiðis.

Það er mjög leitt að þurfa að standa í orðaskaki hér við þennan hv. alþm., en hann gefur oft ríkulegt tilefni til þess.

Afstaða hv. þm. til þessa máls byggist kannske nokkuð á því, að hann er ekki nógu kunnugur þjóðvegum hér á landi, og má það þó einstakt heita, þar sem hann er forseti Alþýðusambands Íslands og ætti að hafa ferðazt mikið um byggðir landsins. Og það virðist ekki vera ofarlega í huga hans, að það þurfi aukið fjármagn til þjóðvega yfirleitt. En ég tel, að ef ekki fæst aukið fjármagn í sambandi við þær væntanlegu till., sem vegalaganefnd er að semja og verða uppistaðan í því frv., sem hæstv. samgmrh. kemur til með að leggja fyrir næsta þing, þá sé vonlaust að fjölga þjóðvegum að sinni, svo að nokkru nemi. Ef ekki verður gert ráð fyrir auknum fjárframlögum næstu ár til þjóðvega, þá er lítil von um það að taka miklu fleiri vegi í tölu þjóðvega næstu 3—4 árin.

Hv. alþm. hafa hallazt að því meira og meira s. l. tvö ár að hafa fjárveitingar til þjóðvega stærri en áður og þar af leiðandi færri í hvert kjördæmi, eða eins og ég benti á áðan, að af 23 þjóðvegum í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu fá aðeins 7 fjárframlög á yfirstandandi ári. Ég tel, að hér sé stefnt í rétta átt. Það vinnst miklu meira í þessum þjóðvegum, sem er verið að snúa sér að því að vinna að með miklum krafti, en fyrir það líða aðrir vegir, sem engin fjárframlög fá, en er búið að taka í

tölu þjóðvega. Ég held, að sú stefna, sem meiri hluti hv. samgmn. hefur tekið í þessum efnum, að fallast á málflutning bæði vegamálastjóra og vegalaganefndar, hafi verið rétt og ekki hægt annað að gera, eins og þessi mál lágu fyrir.

Frsm. minni hl. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Við því hafði ég aldrei búizt, að hv. 2. þm. Vesturl. (SÁ) hefði þá ofurgnægð af ósvífni að standa upp og neita því, að ég hefði beðið hann að halda fund í nefndinni. Ég gekk til hans þarna, sem hann er nú að setjast, að þessum stól, sem hann nú situr í, og óskaði eftir fundi í nefndinni. Vitni hef ég auðvitað engin, nema ef svo skyldi hafa viljað til, að sessunautar hans hafi heyrt það. En í því skjóli skákar hann sjálfsagt, að þeir hafi ekki hlustað eftir því. En þetta er sannleikur málsins, sem hann svo leyfir sér að koma og kalla mig ósannindamann fyrir. Hins vegar játaði hann afleiðingarnar af þessu, og þær voru þær, að þegar hann svo nokkru seinna fór til Ameríku án þess að hafa haldið fundinn, þá bað hann sérstaklega þann, sem settist í sæti hans, að halda fundinn og hann gerði það, en tilefnið var það, að ég hafði óskað eftir því, að form. n. héldi fundinn, og svo þrætir hann fyrir það og er lítill karl fyrir.

Ég hefði ekkert við það að athuga, ef hv. nefnd hefði bara sagt hreinlega: Ég tel ekki þörf á að opna vegalögin núna, því að það er á nóga vegi að ganga í sérhverju kjördæmi, — og hv. form. hefði síðan rökstutt það með sínum ólögðu vegum. En það var ekki gert. Það var skotið fyrir sig rökum, sem voru fyrirsláttur, eins og með störf þessarar endurskoðunarnefndar, sem fjallar um allt annað en það, hvaða vegir eigi að takast í þjóðvegatölu á hverjum tíma, og síðan í enn fráleitara skjól, að tala um, að það væru ekki peningar til að leggja nýja þjóðvegi og þess vegna ætti ekki að opna vegalögin. En Alþingi hefur aldrei séð strax fyrir fjármagni til að byggja þá vegi, sem var verið að taka á hverjum tíma í þjóðvegatölu, og málið á ekkert skylt við það, það kemur aftur til við afgreiðslu fjárlaga.

Ég þakka svo hæstv. forseta fyrir, að mér gafst tækifæri til að hnekkja þeim brigzlum, sem á mig voru borin, og a. m. k. endurtaka það enn þá einu sinni, að hv. þm. var beðinn að boða fund, gerði það ekki, en fól sínum staðgöngumanni það.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 88. fundi í Nd., 10. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Till. frá meiri hl. samgmn. á þskj. 635 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 20:9 atkv.

4. Jarðgöng á þjóðvegum.

Á 6. fundi í Ed., 20. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um jarðgöng á þjóðvegum [41. mál] (þmfrv., A. 46).

Á 9. fundi í Ed., 30. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Í 1. gr. þessa frv., sem hér er til 1. umr., er svo fyrir mælt, að þar, sem þannig hagar til, að torfæra eða hætta er á þjóðvegi, sem er ekki auðveldara að ryðja úr vegi eða brúa á annan hátt, skuli að undangenginni rannsókn og nákvæmri staðsetningu gera jarðgöng. Í 2. gr. er svo kveðið á um það, hvernig kostnaður af jarðgangagerð skuli greiddur, eða réttara sagt, hvernig fjár skuli aflað til þeirra framkvæmda. Ef jarðgöng eru ekki yfir 35 metrar að lengd, skal kostnaður greiðast af fé því, sem á fjárl. er hverju sinni veitt til vegarins. Síðan segir, og er það aðalatriðið í þessu frv., að frá 1. jan. 1962 skuli 3 aurar af hverjum benzínlítra af hluta ríkissjóðs af benzínskatti renna í brúasjóð. Kostnaður við jarðgöng, sem lengri eru en 35 m, skal greiddur af þessum tekjum brúasjóðs, og má eigi verja þeim á annan hátt.

Eins og í grg. segir og hv. þdm. er í fersku minni, var á síðasta Alþ. í þessari hv. d. borið fram frv. um jarðgöng á þjóðvegum. Aðalefni þess frv. var að kveða á um það, að ef jarðgöng yrðu lengri en 35 m, skyldi kostnaður greiðast úr brúasjóði, en án þess að þar væri gert ráð fyrir nokkrum sérstökum tekjum brúasjóði til handa vegna slíkra framkvæmda. Ekki var heldur gert ráð fyrir neinni ákveðinni upphæð úr brúasjóði vegna slíkra framkvæmda.

Þegar við 1. umr. málsins í þessari hv. d. komu fram ábendingar um, að lagasetning í slíkri mynd væri lítils virði, þar eð fé brúasjóðs væri af skornum skammti, það hrykki ekki til að standa undir því verkefni, sem honum væri ætlað. Margar stórar brúargerðir væru aðkallandi, og væri því vafasamt að ætla að skerða fé brúasjóðs, enda líklegt að framkvæmdin yrði sú, þrátt fyrir slíka lagasetningu, að engu fé úr brúasjóði yrði varið til jarðgangagerðar, þau yrðu látin sitja á hakanum, þar eð um ófyrirsjáanlegan tíma mundi þörf á öllum tekjum brúasjóðs til brúabygginga. Því var það, að samgmn. þessarar d. samþykkti einróma og að öllum nm. viðstöddum að breyta frv. í það horf, að frá 1. jan. 1962 skyldu 3 aurar af hverjum benzínlítra af hluta ríkissjóðs af benzínskatti renna í brúasjóð og skyldi þeim 3 aura skatti varið til að greiða kostnað við gerð jarðganga, sem lengri væru en 35 m, og skyldi óheimilt að verja þeim tekjum brúasjóðs á annan hátt, eða m. ö. o. að breyta frv. í þá mynd, sem það er nú flutt í. Frv. sigldi síðan hraðbyri gegnum þessa hv. d., en Nd. vildi hins vegar ekki samþykkja frv. Meiri hl. samgmn. þeirrar deildar lagði til, að málinu væri vísað til ríkisstj.

Okkur flm. þessa frv. hefur þótt rétt að leggja frv. aftur fyrir Alþingi í þeirri mynd, er samgmn. Ed. gekk frá því, og kanna þar með til hlítar vilja Alþingis í þessu máli. Flutnings-

menn frv. í fyrra áttu þess að sjálfsögðu kost að gerast flm. að þessu frv.

Þar sem ég geng út frá því, að afstaða þessarar hv. d. til málsins sé óbreytt frá því, sem var á útmánuðum síðasta vetrar, er ekki ástæða til að fara mörgum orðum um málið almennt. Það er alkunna, að á stöku stað hér á landi hagar þannig til, að ákveðnum byggðarlögum verður ekki komið í sæmilegt eða öruggt vegasamband við önnur héruð landsins nema með jarðgöngum. Einn þeirra staða, sem þannig er ástatt um, er Siglufjörður, fjölmennt byggðarlag, langstærsti síldarútgerðarbærinn á landinu og byggðarlag, sem fjöldi aðkomufólks sækir til á vissum árstímum. Landssamgöngur við Siglufjörð hafa ætíð verið erfiðar. Þar er yfir erfiðan fjallveg að fara, Siglufjarðarskarð, og hefur sá fjallvegur löngum verið erfiður yfirferðar og það svo, að á þeim fjallvegi hafa fjölmargir menn, bæði Siglfirðingar og aðrir, látið lífið, orðið úti í vetrarferðum milli Siglufjarðar og nærsveitanna. Fyrir allmörgum árum var akvegur lagður yfir Siglufjarðarskarð, en hann er oftast nær aðeins fær fyrir aðalsumarmánuðina. Það hefur því lengi verið mikill áhugi fyrir því að leggja þarna nýjan veg meðfram sjónum út svokallaða Hraunaalmenninga og um Dali og til Siglufjarðar. En á þeirri leið Siglufjarðarmegin er mikill farartálmi og torfæra, þar sem er fjallið Strákar. Í gegnum það verður að sprengja jarðgöng. Um þá framkvæmd hefur verið gerð kostnaðaráætlun, og jafnframt hafa þarna verið gerðar tilraunir og nokkur spotti af jarðgöngum verið sprengdur inn í klettabeltið. Þessi framkvæmd kostar mjög mikið samkvæmt þeirri áætlun, sem gerð var á sínum tíma, og hafa þó tölur þær sjálfsagt breytzt nokkuð til hækkunar síðan. Til þessa vegar hefur að undanförnu verið veitt dálitið fé á fjárlögum, og er farið að leggja veginn út Almenninga. Innan tíðar verður því komið að þessari miklu torfæru, Strákum, en þar strandar allt, ef ekki verða gerðar sérstakar ráðstafanir til fjáröflunar vegna jarðganganna. Það er alveg augljóst mál, að fjárveitingar þær, sem hverju sinni fást veittar til vegarins á fjárlögum, hrökkva alls ekki neitt til þessarar miklu framkvæmdar, enda er framkvæmdinni þannig háttað og verður að vera þannig háttað, þegar í hana verður ráðizt, að hana verður að vinna í einum áfanga, að því er talið er.

Samþykkt þessa frv. mundi að mínu áliti bjarga þessu máli og koma þessu áhugamáli þeirra þar fyrir norðan heilu í höfn. Það er að vísu ekki mikið fé, sem samkv. þessu frv. er ætlað til þessara framkvæmda, en samt sem áður er það svo, að ef það væri árlega lagt til hliðar, mundi fljótlega saman safnast nokkurt fé í þessu skyni. Jafnframt mundi svo opnast lánsmöguleikar til framkvæmdarinnar, þegar séð væri, að henni væru ætlaðir ákveðnir tekjustofnar.

Það þarf ekki að fjölyrða um það, að hér er um mjög mikið áhugamál að ræða, bæði hjá Siglfirðingum og nærsveitamönnum, og er ekki vafamál, að þetta mundi á margan hátt verða lyftistöng fyrir þau héruð, sem þarna eiga hlut að máli, bæði Siglfirðinga og sveitir þær, sem næst liggja.

Ég hef hér farið nokkrum orðum um þessa sérstöku framkvæmd, sem fyrirhuguð er og gerð hefur verið áætlun um. En það eru auðvitað fleiri staðir, þar sem gera þarf jarðgöng og þar sem vakandi áhugi er fyrir því, að hafizt verði handa um það að skapa grundvöll að framkvæmdum á þessu sviði. Þannig er það t. d. á Vestfjörðum, þó að ég ræði það ekki sérstaklega hér.

Ég skal svo að lokum aðeins benda á það, að sú tekjuöflun, sem þarna er bent á, að leggja örlítinn hluta af benzínskatti til þessara framkvæmda, er mjög eðlileg. Það er að mínu viti mjög eðlileg stefna, að benzínskattinum yfirleitt sé varið til samgöngubóta og samgöngubóta á landi þá fyrst og fremst. Með þessu frv. og samþykkt þess væri stigið spor í áttina til viðurkenningar á því sjónarmiði.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Svo sem hv. 1. flm. þessa frv. gerði hér grein fyrir í ræðu sinni, er hér um að ræða frv., sem á síðasta þingi var flutt af okkur hv. 3. þm. Vestf. Það er raunar fremur sjaldgæft, held ég, að mál beri að á þann veg, sem er um þetta frv. nú, að tekið er upp frv., sem aðrir hafa flutt, áður en séð er fyrir, að málið verði ekki endurflutt. Ekki skal ég þó vera að hneykslast yfir þessu. Þetta er að sjálfsögðu hverjum þingmanni leyfilegt, meðan málið er ekki fram komið, og væri sennilega nær að þakka, að það hefði komið fram þessi áhugi á að koma málinu heilu í höfn. Skal ég því ekki fara um þá hlið málsins fleiri orðum.

Ég ætla ekki heldur að fara að rökstyðja nauðsyn málsins. Aðild mín að þessu frv. áður gefur ótvírætt í ljós, hvaða skoðun ég hafi haft á þýðingu þessara ráðstafana til þess að skapa skilyrði til að gera jarðgöng á þjóðvegum, þar sem þess er nauðsyn og samgöngumálin verða ekki leyst á landi á annan hátt. En þar sem hv. 1. flm. vék að því í ræðu sinni áðan, að okkur fyrri flm. frv. hefði auðvitað verið gefinn kostur á að standa að þessu máli, sem sennilega er einnig ástæða til að þakka að hafi verið gert, en við höfum ekki kosið að gera það, þá er rétt, að hér komi fram ástæðan til þess, að það varð ekki og við stöndum ekki að málinu, eins og það liggur hér fyrir.

Við erum að sjálfsögðu efnislega alveg sammála því, svo sem fyrri aðild okkar að þessu máli og upphafið að flutningi þess ótvírætt sannar, að þetta vandamál sé leyst. Hins vegar var sú ályktun gerð hér á síðasta Alþingi, einmitt með hliðsjón af fjölda mála, sem lágu fyrir í sambandi við vegagerðir, bæði lántökur til vegagerða, frv. það, sem þá lá fyrir um jarðgöng á þjóðvegum, ótal vegalagabreytingar og ýmis önnur atriði snertandi vegamál, að þá var það talið skynsamlegt og enda byggt á áliti og umsögn vegamálastjóra, að það væru svo margir þættir vegamálanna, sem þyrftu endurskoðunar við, að rétt væri að framkvæma heildarendurskoðun á öllum gildandi lögum um vegi, þar sem öll þessi atriði kæmu til athugunar. Og ástæðan til þess, að frv. um jarðgöng á þjóðvegum var þá vísað til ríkisstj., svo sem öðrum slíkum málum, sem þá lágu fyrir, var byggð á þessari ályktun Alþingis. Nú stendur yfir athugun á

vegamálum í samræmi við þessa ályktun Alþingis, og verður að vænta þess, að þeirri athugun verði hraðað sem mest. Þar hlýtur að koma til greina það atriði einnig, sem hv. flm. minntist hér á síðast í ræðu sinni, að gera sér grein fyrir, hvernig fjár verði aflað til vegagerðanna, því að það er rétt, sem hann sagði, að það er á því hin mesta nauðsyn að tryggja aukið fjármagn til vegalagningar. Þær framkvæmdir, sem hér um greinir, t. d. í þessu frv. um jarðgöng, eru mjög kostnaðarsamar, og það verður ekki að þeim unnið nema í stórum áföngum. Það verður ekki leyst eftir sömu aðferðum og hingað til hefur gerzt með vegi, að vinna í smááföngum. Til jarðgangagerðar þarf stórvirk tæki, og það er vitanlega útilokað með öllu, að hægt sé að vinna að þeim nokkurn hluta af ári í fjölda ára. Það verður að gerast í einu átaki. Einnig kemur hið sama til greina, þar sem um er að ræða steinsteypta eða malbikaða vegi, sem hlýtur að verða mikilvægt atriði í náinni framtíð, og er raunar hafin ein framkvæmd á því sviði. Þetta ásamt mörgu öðru bendir ótvírætt til þess, að tímabært sé að athuga, hvort ekki þarf að vinna að vegamálum með nokkuð öðrum hætti en gert hefur verið, og aðstæðurnar hafa breytzt svo mjög, að nauðsynlegt er, bæði varðandi fjármagn og framkvæmd alla, að taka það mál til heildarathugunar.

Meðan svo standa sakir, að þessi mál eru í rannsókn, og meðan ekki er hægt að segja, að óeðlilegur dráttur hafi orðið á þeirri athugun, þá tel ég ekki eðlilegt, að verið sé að taka einstaka liði út úr og fara að gera um þá sérstakar samþykktir hér á Alþingi, hvorki í laga- né í þingsályktunarformi, því að það verður að sjálfsögðu að koma á þessi mál heildarskipulagi og allar framkvæmdirnar verða að rúmast innan þess ramma, sem þar verður settur.

Þetta er ástæðan til þess, að ég gerðist ekki aðili að flutningi þessa frv. nú. Stuðningur minn við málið er að sjálfsögðu hinn sami og verið hefur, en ég tel það ekki eðlileg vinnubrögð, meðan málið er í heildarathugun og meðan ekki hefur verið hægt að segja, að á því hafi orðið neinn óeðlilegur dráttur, að þá sé farið að taka einstaka þætti heildarvandamálsins upp og lögfesta ákvæði þar að lútandi, sem ekki er víst að falli svo endanlega inn í þann ramma um fjáröflun og tilhögun framkvæmda, sem að lokum verður niðurstaðan að samþykkt verði, þegar heildarathugun málsins liggur fyrir.

Flm. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Mér finnst það alveg ástæðulaust af hv. 6. þm. Norðurl. e. að vera með nokkra hneykslan eða hálfgerð ónot út af því, að þetta mál sé flutt inn á þingið af nokkrum öðrum en þeim, sem báru frv. um jarðgöng á þjóðvegum fram í fyrra, því að það er nú svo, eins og ég gerði reyndar rækilega grein fyrir í minni frumræðu og öllum hv. þdm. hér er kunnugt, að þetta frv., sem nú liggur fyrir, er gersamlega ólíkt því frv., sem þeir fluttu á síðasta þingi, vegna þess að eins og ég gerði grein fyrir áðan, þá var í því frv. ekki séð fyrir neinum tekjum til jarðgangagerðar og ekkert af fé brúasjóðs sérstaklega ætlað til þeirra framkvæmda. Ef það frv. hefði verið samþykkt í þeim búningi, sem það var upphaflega lagt fram, þá hefði það frv. því ekkert getað orðið annað en eintómt pappírsgagn. En það var einmitt samgmn. Ed., sem breytti frv. í það form, sem það nú er í, og gerði það að því frv., sem það nú er, og flm. þessa frv. eru að meiri hl. til úr samgmn. Þetta frv. flytja þrír af nm. í samgmn. ásamt hv. 5. þm. Norðurl. e., þannig að þeir eru vissulega ekki að gera þar annað en að bera það mál fram, sem þeir voru á sínum tíma í samgmn. upphafsmenn að.

Ég geri fastlega ráð fyrir því, að afstaða efrideildarmanna til þessa frv. sé algerlega óbreytt frá því á þinginu í fyrra. Það var því í sjálfu sér ekki og er væntanlega ekki ástæða til þess að kanna hug þeirra til málsins sérstaklega. Ég geri ráð fyrir því, að það fari fljótlega í gegnum þessa hv. deild. En frv. er fyrst og fremst borið fram til þess að kanna, hvort hv. Nd. situr enn fast við sinn keip í þessu máli.

Hv. 6. þm. Norðurl. e. var með nokkrar efasemdir um það, að sú heildarendurskoðun samgöngumála á landi, sem yfir stendur að hans sögn, mundi leiða til þess, að fallizt yrði á það sjónarmið, sem í þessu frv. greinir. Hann dró það í efa eða hann hreyfði a. m. k. efasemdum um, að það yrði fallizt á að verja sérstaklega hluta af benzínfé til jarðgangagerðar. Ef það er virkilega svo, þá er að mínum dómi því meiri ástæða nú þegar á þessu stigi að samþykkja þetta frv. til þess að undirstrika þá nauðsyn, sem á er í þessu efni, og þá er ástæða til þess fyrir þingmenn að staðfesta enn á ný þann vilja, sem kom fram í samþykkt þessa frv. hér í þessari hv. deild í fyrra.

Þetta er mál, sem er ekki pólitískt og getur ekki verið og á ekki að vera pólitískt. Það er auðvitað, t. d. í því kjördæmi, sem ég er fyrir, öllum jafnmikið áhugamál, hvar í flokki sem þeir standa, að þessi framkvæmd verði gerð, og ég er sannfærður um, að það er okkur öllum þingmönnunum úr því kjördæmi alveg jafnmikið áhugamál að reyna að koma þessari framkvæmd áfram. En það hefur ekki verið bent á aðra hagkvæmari leið í þessu skyni en gert er með þessu frv. Ég vænti þess því fastlega, að þetta frv. nú fái jafngóðar undirtektir hér í þessari hv. deild og það fékk í fyrra og það fái betri undirtektir í neðri deild.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Hv. 3. þm. Norðurl. v. hefur gert ýtarlega grein fyrir þessu máli, gangi þess á fyrra þingi og þeim till., sem nú eru fluttar. Hann ræddi allmikið um Siglufjarðarveg, hvaða þýðingu það hefði að koma þar á jarðgöngum, og þarf ég ekki að endurtaka neitt um það. En það er annar staður, sem er svipað ástatt um, og það er á Vestfjörðum, eins og hann að vísu nefndi, það er Breiðadalsheiði, sem liggur á milli Önundarfjarðar og Ísafjarðar. Þessi heiði er álíka há eða litlu lægri yfir sjávarmál heldur en Siglufjarðarskarð, 610 m há, en Siglufjarðarskarð 630, og það má segja sömu sögu um Breiðadalsheiði og Siglufjarðarskarð, að þar lokast vegir jafnvel um mitt sumar, þegar svo vill til um veðráttu, og er náttúrlega með öllu lokuð sú leið frá því á haustin og þar til komið er fram á næsta sumar. Það er því flest

það sama að segja um Breiðadalsheiði og Siglufjarðarskarð.

Löggjöf, sem gæti tryggt það, að hafizt yrði handa um það að koma á jarðgöngum á þessum tveimur stöðum, er því ekki þýðingarlítil fyrir alla þá, sem þurfa á þessum samgöngum að halda. Það hefur einnig verið gerð nokkur kostnaðaráætlun um jarðgöng þar, alveg eins og fyrir norðan, svo að það má búast við, að þessar tvær framkvæmdir verði það fyrsta, sem gert verður af þessu tagi, þegar fé er fyrir hendi í þessu skyni. Þegar búið væri að brúa þennan þröskuld fyrir vestan, þ. e. að gera jarðgöng yfir hæsta hrygginn á Breiðadalsheiði, er verulegum hindrunum rutt úr vegi á leiðinni vestur til Ísafjarðar, því að aðrar heiðar eru snjóléttari og miklu lægri, og auk þess er gert ráð fyrir, að Þingmannaheiðin leggist fljótlega niður og vegurinn verði þar lagður meðfram sjó, en engin jarðgöng þarf þar. Þetta er því áreiðanlega, hvað snertir þessa tvo landshluta, ákaflega þýðingarmikið mál, að það komist á rekspöl, fjáröflun og reglur um jarðgöng á þessum stöðum.

Hv. 6. þm. Norðurl. e. hefur frekar, að mér skildist, andmælt þessu frv., og mér er það nokkurt undrunarefni. Ég bjóst við, að hann mundi verða öruggur stuðningsmaður þess, þar sem hann var sjálfur flm. að svipuðu frv. á síðasta þingi. En það frv. var þó að því leyti gerólíkt, að þar var ekki séð fyrir neinum tekjum til þessara verka. Hann afsakar þessa afstöðu sína og þeirra flm. þá, sem vildu ekki vera flm. nú, með því, að nú séu vegalög í endurskoðun. Því er að svara í fyrsta lagi, að það er ekki verið að breyta neinum vegalögum með þessu frv. Þetta frv. er um það að auka hlutverk brúasjóðs, ætla honum að gera hin stærri jarðgöng og ætla honum tekjur til þess. Ég veit ekki til, að það sé nokkuð verið að endurskoða lög um brúasjóð, svo að þetta getur ómögulega fallið undir slíka endurskoðun, a. m. k. ekki að það þurfi að hindra þetta frv. með því. Þar að auki veit ég ekki, hvað hún á að standa lengi yfir, þessi endurskoðun á vegalögum, sem samþ. var till. um í fyrra. Ég vil þó benda á, að þá var verulegur ágreiningur um afgreiðslu þeirrar ályktunar, þar sem stjórnarflokkarnir felldu till. um það, að þingið kysi sjálft menn til þessarar endurskoðunar. Ég veit ekki einu sinni, hverja hv. ríkisstj. hefur valið til þessarar endurskoðunar eða hvað hún er komin á leið eða hvort hún er nokkuð komin á stað, mér er ókunnugt um það. Ef það er svo, að þessir menn eigi líka að fara að endurskoða hlutverk brúasjóðs, þá gæti ég trúað, að sú endurskoðun drægist allríflega. Og þá mætti lengi bíða eftir framförum í þessum efnum, ef ekkert má samþykkja af neinu tagi, sem þetta snertir, þangað til henni er lokið. Ég vil benda hv. þm. á, að það lítur ekki út fyrir, að þm. almennt séu þeirrar skoðunar, að þeir telji ekki réttmætt að flytja till. um vegi, þó að þessi þátill. í fyrra hafi verið samþykkt. Ég sé ekki betur en þm. úr flestum eða öllum flokkum séu búnir að flytja till. í báðum deildum þessa þings nú um nýja þjóðvegi. Hvað kemur til, að mennirnir gera þetta, fyrst þessi endurskoðun stendur yfir? Nei, það er áreiðanlegt, að þm. sjá fulla nauðsyn á því bæði að fá nýja vegi í þjóðvegatölu og eins t. d. að koma þessu máli fram, sem hér er flutt, þrátt fyrir þessa endurskoðun. Ég sé ekki heldur, að það þurfi að trufla neina endurskoðun, þó að slíkt sé gert, bæði að taka inn nýja þjóðvegi og eins að samþykkja þetta frv., hún getur verið í fullu gildi jafnt fyrir það. Og mér finnst fremur vera tylliástæða að þurfa að andmæla þessu frv. eða till. um nýja þjóðvegi með því, að þessi endurskoðun fari fram, sem getur staðið yfir næsta lengi. Það eru nú liðin 6 ár, síðan vegalögum var breytt, og menn úr flokki hv. 6. þm. Norðurl. e. hafa flutt á hverju einasta þingi í sex ár till. um nýja þjóðvegi. Þeir sjá ekki neina sérstaka annmarka á því, þó að ekki sé búið að framkvæma neina heildarendurskoðun á vegalögum landsins.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég hélt nú ekki, að þau fáu og ég hélt hógværu orð, sem ég sagði hér áðan, mundu gefa tilefni til þeirra ræðuhalda, sem síðan hafa átt hér stað, og einkanlega furðar mig á því, að báðir þeir hv. ræðumenn, sem hér hafa talað og talað nokkuð geyst, skuli hafa séð ástæðu til þess á ýmsan hátt að rangfæra mjög mín orð, sem ég mælti áðan. Ég hneykslaðist á engan hátt á því, svo sem hv. 1. flm. frv. sagði hér í síðari ræðu sinni, að þetta frv. er flutt hér. Ég tók einmitt beinlínis fram, að ég væri ekkert að hneykslast á því. Ég sagði hins vegar, og það hefur ef til vill komið eitthvað illa við hv. þm., að það væru óvenjuleg vinnubrögð, og ég stend við það, það eru mjög óvenjuleg vinnubrögð hér í þingi, að mál, sem aðrir hv. þm. hafa flutt á síðasta þingi, séu tekin upp af öðrum strax í byrjun næsta þings. Það hefði þó óneitanlega verið viðkunnanlegra að spyrja flm. að því a. m. k. áður, hvort þeir hygðust flytja þetta mál eða ekki. Ég vil halda fram, að þetta séu óvenjuleg vinnubrögð. Ég endurtek það hins vegar, að ég er ekkert að hneykslast á því, það er fullkomlega heimilt, og það er þeirra manna, sem þetta gera, að meta það, hvort þeir telja þetta heppileg vinnubrögð eða ekki.

Það var fært fram sem rök fyrir því, að þetta mál hefði verið tekið upp af öðrum, að raunverulega væri hér á mikill eðlismunur, vegna þess að frv. væri hér í allt öðru formi en það hefði verið flutt upphaflega á síðasta þingi. Hins vegar var þó upplýst, að það hefði orðið sameiginleg niðurstaða hér í þessari hv. d., einnig af hálfu flm. og allra aðila málsins, að frv. yrði afgreitt úr deildinni í því formi, sem það nú er lagt fram í, þannig að ekki virðast það vera sterk rök í málinu.

Þá sagði hv. 1. flm., sem hlýtur að hafa byggzt á því, að hann hefur ekki tekið alveg rétt eftir mínum orðum, af því að það er ekki vandi hans að rangfæra orð manna, að ég hafi efazt um það, að við heildarendurskoðun yrði fallizt á sjónarmið frv. um tekjuöflun. Ég lét í ljós hvorki efa né fullvissu um það. Ég sagðist telja, að það væri eðlilegt og að það væri beinlínis gert ráð fyrir því í ályktun þeirri, sem Alþingi samþykkti á síðasta þingi, að einnig fjárhagshlið vegamálanna yrði tekin til endurskoðunar í þeirri nefnd, og þar mundi það auðvitað koma til athugunar, að hve miklu leyti væri fært að

leggja það fé til vegamála, sem nú væri hluti af tekjum ríkissjóðs. Ég vil hvorki láta í ljós efa né vissu um afstöðu til þess máls. Það er, eins og við öll vitum, mikið vandamál, vegna þess að hér er um að ræða allverulegan tekjulið fyrir ríkissjóðinn. Að vísu má segja sem svo, að það yrði létt af honum töluvert miklum bagga á móti, ef vegirnir yrðu teknir af útgjaldagrein fjárlaga sem bein útgjöld ríkissjóðs, en engu að síður yrði þó að þessu allverulegur tekjumissir fyrir ríkið, ef það a. m. k. ætti að hafa á sínum snærum áfram viðhald veganna. Með þessu er ég ekki að segja, að það sé neitt óeðlilegt, að þetta verði gert, og það sé neitt óeðlilegt, að skattar af benzíni og bílum á einn eða annan hátt renni til vegamála, því fer fjarri. En það þýðir ekkert að vera að flytja till. í þingi án þess að gera grein fyrir afleiðingum þeirra á annan hátt. T. d. er um það rætt, að hér í þessu frv. og í því formi, sem það var afgreitt á síðasta þingi, sé séð fyrir tekjuöflun til brúasjóðs. Nú er það að vísu rétt, svo langt sem það nær. En það er séð fyrir þeim á þann hátt að taka tekjurnar af ríkissjóði, og þetta er auðvitað ekki annað en beinlínis væri um að ræða till. til útgjaldaauka á fjárlögum. Og það er auðvitað tilgangslaust fyrir þm., ef þeir vilja horfa ábyrgum augum á það mál, að gera slíkar till., nema þá sé hægt að sýna fram á, að það sé hægt að taka þann tekjustofn af ríkissjóði, annaðhvort með því að spara hans útgjöld eða afla honum nýrra tekjustofna á móti. Þetta verðum við að viðurkenna, þó að við höfum auðvitað mikinn áhuga á því að koma þessu máli fram.

Það var rætt um það hér af öðrum hv. þm., hv. 4. þm. Vestf. (SE), að ég hefði raunar andmælt frv. Það fer að verða nokkuð erfitt að koma orðum sínum fram, án þess að þau verði misskilin, ef það var hægt að misskilja mín orð áðan á þann veg, að ég væri að andmæla frv. Ég held, að ég hafi nokkrum sinnum tekið það fram í minni ræðu, að að sjálfsögðu væri skoðun mín óbreytt um nauðsyn þessa máls, þó að ég stæði ekki að þessu frv., af þeim ástæðum, sem ég greindi áðan. Það að fara svo að slá því fram, að þessi orð mín sýndu, að ég væri andvígur málinu, af því að ég leyfði mér að horfa á allar hliðar þess, finnst mér ekki vera alls kostar heiðarlegur málflutningur.

Það var að því vikið af þessum sama hv. þm., að það sýndi sig bezt, að menn hefðu ekki mikla trú á þessum umbótum í vegamálum, sem um væri rætt, eða endurskoðun þeirra, að það væru bæði nú og hefðu verið mörg undanfarin þing fluttar ótal till. til breytinga á vegalögum, bæði af þm. stjórnarflokkanna og stjórnarandstöðunni. Þetta er vissulega rétt. Menn hafa hreyft þar þeim umbótum, sem þeir hafa talið þörf að gera í sambandi við vegina. En hvernig stendur á því, að þetta hefur ekki verið samþykkt? Það stendur einfaldlega á því þannig, að það er ekki nóg að hafa þennan góða vilja, heldur verður einnig að horfa á málið frá breiðari sjónarhóli eða hærri, vegna þess að ástæðan til þess, að þetta hefur ekki verið gert, er sú, að það hefur ekki verið talið auðið að hækka fjárveitingar til vega. Það kann vel að vera, að það verði talinn af þessum hv. þm. einhver fjandskapur frá minni hálfu að segja það, að ég tel ekki hafa neina þýðingu að vera að opna vegalög og auka fjölda vega nema fá aukið fjármagn til veganna. En það verður þá að ráðast, hvernig þau orð verða skilin og hvernig þau verða túlkuð, því að þetta er mín ákveðna skoðun. Það er hreinn skripaleikur að vera að fjölga stöðugt vegum, þegar ljóst er og vitað af öllum hv. þm., að fjöldi núverandi þjóðvega er í algerlega óviðunandi ástandi og margir þeirra beinlínis alls ekki lagðir enn, — að þá sé það eitthvert sáluhjálparatriði að fara að opna vegalög. Nei, sannleikurinn er sá, að bæði um það mál, sem hér er um að ræða, og einnig með vegalögin, þá er það atriði málsins, sem þýðir ekkert fram hjá að ganga, hvernig eigi að leysa vandann, hvernig eigi að vera hægt að leggja þessa vegi með viðunandi hætti, afla nauðsynlegs fjármagns til þess, og það er einmitt með hliðsjón af því, að sú till., sem ég gat um hér áðan, var samþ. á síðasta þingi. Það virðist svo sem hv. þm., a. m. k. hv. 4. þm. Vestf., sé næsta ókunnugt um þessa ályktun, úr því að hann veit ekki eða sýnist ekki vita, að það var beinlínis tekið fram, að í þessari athugun ætti einmitt að felast heildarendurskoðun á öllum lögum um vegi og brýr og að það yrði reynt við þessa endurskoðun ekki aðeins að gera sér grein fyrir flokkun þjóðvega og hvað eðlilegt væri að auka þjóðvegakerfið, heldur einnig og ekki síður að gera sér grein fyrir því, hvernig væri á næstu árum hægt að vinna þannig að framkvæmd vegagerða og brúargerða, að það væri hægt að þoka þeim málum meira áleiðis en nú er gert, og það verður að sjálfsögðu ekki gert nema með því móti að sjá fyrir auknu fé til þeirra framkvæmda.

Hv. þm. hafa margir hverjir vakið hér máls á því, að það væri nauðsynlegt að taka lán til vegagerða. Þetta er eitt atriði, sem þarf að gera sér grein fyrir, að hve miklu leyti rétt er að taka lán til vegagerða og á hvaða hátt það verði gert. Hér er ekki um að ræða arðbærar framkvæmdir á þann hátt, að þær beinlínis skili sjálfar því fjármagni eða geti staðið undir því fjármagni, sem í þær er lagt. Hér yrði um að ræða lántöku ríkissjóðs til þessara framkvæmda, sem að vísu hafa hina mestu þjóðfélagslegu þýðingu, en geta ekki einar út af fyrir sig skilað arði af því fé, sem er um að ræða, nema á þann hátt, eins og stundum hefur verið imprað á varðandi einstaka vegi t. d., sem yrðu steinsteyptir, að af þeim yrði tekinn vegaskattur.

Ég fæ því ekki séð, að það geti af nokkurri sanngirni verið talinn fjandskapur við mál sem þetta, sem vissulega er hið þarfasta og ágætasta mál, að ég leyfi mér að benda á hér, hvaða vinnubrögð muni heppilegust til þess að leysa þann vanda, sem hér er við að glíma. Það er ekkert sérstaklega málinu til framdráttar að gera það að einhverju kappsefni milli deilda þingsins og að ætla sér að fara að knýja aðra hvora deildina til þess að standa andspænis því að þurfa að taka einhverja ákvörðun í málinu, sem kunni að teljast óvinsæl, það tel ég alls ekki sæmandi virðingu og sóma Alþingis. Ég tel það eitt hæfa í þessu máli að gera sér grein fyrir því, hvernig því verði fljótast komið í höfn, en ekki að reyna

að nota það af einum né öðrum í áróðurstilgangi.

Ég veit, að það, sem bæði hv. 1. flm. og einnig hv. 4. þm. Vestf. sögðu um ákveðna vegi í þeirra kjördæmum, er hárrétt. Þar er um að ræða vegaframkvæmdir, sem hvorar tveggja eru hinar brýnustu, og það er þess vegna eðlilegt, að þeir líti á þetta mál af meiri áhuga en aðrir, vegna þess að þeir finna, að þarna kreppir skórinn að. En ég vil leyfa mér að halda því fram, að það muni ekki auðvelda á neinn hátt lausn þeirra vandamála, sem þeir eiga við að glíma, að horfa á þetta mál óraunsæjum augum, heldur verðum við sameiginlega að gera okkur grein fyrir því, hvernig málinu verði bezt þokað áleiðis, þannig að það komist heilt í höfn og verði leyst á raunhæfan hátt, en ekki að það verði gert að neinu kappsefni eða þrefi milli deilda eða flokka. Ég vil halda því fram, og það er í samræmi við það, sem vegamálastjóri lagði til í rækilegri umsögn um þessi mál í fyrra, að *eins og þessi vegamál og brúamál eru orðin* fjölþætt og eins og hér er um stórt vandamál að ræða, að hægt verði að gera hér ný átök, þá sé málið þess eðlis, að það verði ekki hægt að vænta þess, að að því verði hægt að vinna á heppilegan hátt, nema einmitt með því að gera á því heildarathugun og heildartillögur um það, hvernig þennan vanda skuli leysa. Og þar sem þetta hefur nú ekki verið í athugun nema örfáa mánuði, frá því að ályktunin var gerð á síðasta þingi, þá fæ ég ekki séð, að Alþingi geti með neinum rétti haldið því fram, að það hafi verið með óeðlilegum seinagangi að því unnið af hæstv. ríkisstj. Mér er kunnugt um, að þessi athugun er hafin, og ég hef fulla ástæðu til að halda, að það sé eindreginn vilji ríkisstj. og hæstv. samgmrh., að þessu máli verði flýtt svo sem verða má. Ef sýnir sig, að það gerist ekki í því neitt með eðlilegum hraða, þá skal ekki standa á mér að taka undir aðfinnslur í því efni. En á meðan svo er ekki og á meðan að málinu er unnið á þann hátt, sem ég álít að sé öllum aðilum til hags, þá tel ég ekki eðlilegt að viðhafa nein óeðlileg vinnubrögð í sambandi við málið.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Hv. 6. þm. Norðurl. e. (MJ) hefur nú svarað þeim fáu orðum, sem við tveir flm. höfum sagt hér áður, og telur hann sérstaklega, að ég hafi rangfært ummæli sín, er ég nefndi það, að hann hefði andmælt frv. Ef ég hef átt að skilja ræðu hans áðan sem meðmæli með frv., þá er ég hættur að skilja ræðurnar hans, ég verð að segja það eins og það er. Og ég held, að þessi seinni ræða hans hafi þó tekið af allan vafa um það, hvað hann vill í þessu frv. Hann telur, að það séu mjög óheppileg vinnubrögð, eins og hann orðaði það, að taka upp annarra frv., sem hafi verið flutt áður, og flytja það nú, og hann sagði í fyrri ræðunni, að það væru sjaldgæf vinnubrögð, meðan menn vissu ekki, nema það frv. yrði endurflutt. Hvernig getur maðurinn búizt við því, að alþm. bíði og bíði eftir því að vita, hvort einhverjum dettur í hug að endurflytja frv. sitt frá því í fyrra eða hittiðfyrra? Og í þessu tilfelli þar nú málið þannig að, að óskað var eftir, að þeir yrðu meðflm., sem fluttu frv. í fyrra, og þeir neituðu. Áttum við hinir að bíða? Eftir hverju? Þetta held ég, að sé ein sönnun þess, að hann kærir sig ekkert um, að þetta frv. gangi fram, ef ég skil mælt mál. Og hann hefur rökstutt það með nokkru, hann hefur talið, að ekki sé séð fyrir fjáröflun á viðeigandi hátt til þessara framkvæmda. Samt er það nú svo í frv., eins og það líka var afgr. frá n. í fyrra, að það var séð fyrir því á ákveðinn hátt, hvernig brúasjóður ætti að fá fé til þessara jarðganga, en það telur hann ekki að sjá fyrir fjáröflun, af því að það sé tekið af benzinfé. Hvernig á þá að hafa frv., ef það má ekki sjá fyrir tekjuöflun með hluta af einhverjum skatti, sem kann að hafa runnið í ríkissjóð eða til annarra þarfa? Ég sé ekki, að þetta sé nokkur röksemd, eða þykir honum betra að flytja frv. um jarðgöng og sjá ekki fyrir einum einasta eyri til þeirra, eins og hann og hans meðflm. gerðu í fyrra? Er það eitthvað raunhæfari aðferð til þess að flytja mál? Mér kemur það ákaflega ókunnuglega fyrir *sjónir, að slíku sé hægt að halda fram, að það sé* betra að flytja frv. eins og þeir fluttu í fyrra, þar sem ekki var séð fyrir neinum eyri til framkvæmdanna, heldur en að flytja það eins og við gerum nú, með því að sjá fyrir fjáröflun.

Hv. þm. segist hafa áhuga á þessu máli, en vilji ekki afgreiða það, fyrr en hinni væntanlegu endurskoðun er lokið, sem hér var rætt um. Ég vil segja það alveg hreint út, að ég get alveg eins búizt við, að þessi endurskoðun taki mörg ár, og ég sætti mig ekki við það, að vegalög séu óbreytt allan þann tíma, í viðbót við þau sex ár, sem liðin eru frá síðustu breytingu á þeim. Ég sætti mig ekki heldur við það, að ekkert sé gert í þessu máli, þangað til slíku er lokið. Og ég hef nefnt það og endurtek það, að alþm. munu vera þeirrar skoðunar, að slík endurskoðun réttlæti alls ekki neina frestun á því að flytja mál um endurbætur á þjóðvegum eða um jarðgöng, þrátt fyrir þessa endurskoðun. En ef það er misskilningur hjá mér, að hv. þm. sé andvígur þessu frv., þá er ekkert við því að segja. Það kemur í ljós við atkvgr., hvor hefur á réttu að standa, og það er hægt að bíða eftir henni.

Nei, þetta er eitt af þeim framfaramálum, sem þarf að koma áfram og skerðir ekki hitt, þótt endurskoða þurfi vegalög, alveg eins og það þarf að koma nýjum vegum í þjóðvegatölu, þótt ekki sé lokið endurskoðun vegalaganna.

Hv. þm. sagði áðan, að hann sæi ekkert vit í því að vera að bæta við nýjum vegum í þjóðvegakerfið, þegar mikið af þjóðvegum væri ólagt. Ég er á annarri skoðun um þetta og nefndi það í framsöguræðu fyrir því frv., sem ég er meðflm. að um vegalögin. Það er sannarlega full þörf á því að taka veg eða vegi í þjóðvegatölu, þótt aðrir vegir séu ólagðir. Svo breytast aðstæður í landinu, atvinnuhættir og byggðirnar, að það er full þörf á því. Eða hvaða vit er í því að láta slíkt bíða, þar sem mjög kallar að að fá veg í þjóðvegatölu, — bíða eftir því, að lagður sé þjóðvegur á eitthvert eyðibýli, af því að hann er í þjóðvegatölu? Þarna er einmitt dæmi um það, að það þarf ekki að leggja suma þjóðvegina, sem nú eru, en aðkallandi nauðsyn að leggja vegi, sem eru ekki í þjóðvegatölu. Þess vegna er þörf á þessu,

enda þótt ekki sé komin á heildarendurskoðun um vegakerfi landsins.

Flm. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Hv. 6. þm. Norðurl. e. (MJ) vildi enn halda því fram, að það hefðu verið eitthvað óvenjuleg vinnubrögð, sem við hefðu verið höfð við flutning þessa máls. Út af því vil ég taka fram, að ég ræddi þetta mál fyrst við 1. flm. í fyrra, — hann er nú því miður ekki hér viðstaddur, en hann mundi sjálfsagt staðfesta mitt mál, — hann fékk tveggja sólarhringa umhugsunarfrest um það, hvort hann vildi gerast flm. að þessu frv., og ef hann hefði farið fram á annan tveggja sólarhringa frest eða fjögurra sólarhringa frest, þá hefði ég vissulega veitt honum það. En hann þurfti ekki að hugsa sig um lengur. Eftir þessa tvo sólarhringa sagðist hann ekki óska eftir að gerast flm. að þessu. Og það skal jafnframt tekið fram, að fús hefði ég verið til þess, að annaðhvort hann eða hv. 6. þm. Norðurl. e. hefði verið 1. flm., ef það hefði þótt skipta máli í þessu sambandi, en á það var ekki minnzt. Hitt skal játað, að ég ræddi ekki við hv. 6. þm. Norðurl. e., fyrr en eftir að 1. flm. frv. í fyrra hafði látið það uppi, að hann vildi ekki gerast flm. að málinu.

Ég fæ þess vegna ekki séð, að sú aths. þm. sé á rökum reist, að það sé eitthvað óvenjulegt í sambandi við þetta mál og að það hefði verið eðlilegra að bíða eftir því, hvort flm. frá í fyrra hreyfðu málinu. Þeir fengu sitt tækifæri og það ekkert af skornum skammti til þess að ákveða, hvort þeir vildu vera með flutningi þess eða ekki, og það er alveg þýðingarlaust fyrir hv. þm. að vera að ræða um þetta frekar.

Hv. þm. blandaði enn í sinni ræðu mjög saman vegagerð og þessu máli hér. Ég vil þó minna hann á, að í því frv., sem hann ásamt 3. þm. Vestf. flutti á síðasta þingi, þá var það einmitt aðalefni þess frv. að taka jarðgöngin út úr vegunum og setja þau á brúasjóð, af því að þeir töldu, samkvæmt því sem segir í aths. við það frv., að jarðgöngin væru hliðstæð brúargerðum. Með leyfi hæstv. forseta, vildi ég mega lesa upp úr grg., sem með því frv. var sett. Þar segir: „Hér er stungið upp á, að með þau," þ. e. jarðgöngin, „skuli fara eins og um algengustu torfæruna á þjóðvegum, óbrúaðar ár. Virðist í alla staði eðlilegt að fara eins að um þessar torfærur, hamra eða fjallseggjar, sem eru óbrúanlegar nema með því að gera jarðgöng í gegnum þær." Og síðan segir í lokin, með leyfi hæstv. forseta: „En um lengri jarðgöng er jafneðlilegt að greiða kostnað við þau úr brúasjóði." Hv. 6. þm. Norðurl. e. hefur því einmitt með flutningi þessa máls á þinginu í fyrra sýnt það svo rækilega sem verða má, að hann vildi ekki setja jarðgöngin á sama bekk og þjóðvegi, heldur setja þau á bekk með brúm.

En hv. þm. var mjög tamt að tala um þjóðvegi, og hann sagði að efni til, að það væri sín skoðun, að það hefði ekki neina þýðingu að fjölga þjóðvegum, meðan ekki fengist meira fé til þeirra og fjárveitingar í lögum væru ekki nægar til þess að sinna þörfinni á lagningu þeirra þjóðvega, sem þegar eru fyrir. Það er mjög mikið til í þessu hjá hv. þm. En í því frv., sem hann flutti á síðasta þingi ásamt hv. 3. þm. Vestf., gerði hann ráð fyrir því að bæta á brúasjóð nýju verkefni, sem sé því að standa undir jarðgöngum, án þess að sjá brúasjóði fyrir nokkru auknu fé, enda þótt það sé vitanlegt, að það er alveg jafnt á komið með brúasjóð að því leyti til eins og þjóðvegaféð, að hans fé hrekkur engan veginn til þess að standa undir þeim stóru brúargerðum, sem aðkallandi eru. En hv. þm. vildi opna brúasjóðinn að þessu leyti, þótt hann vilji ekki opna þjóðvegina. Hann vildi leggja á brúasjóð nýtt verkefni, þó að honum væri ekki séð fyrir neinu nýju fé til viðbótar. Ég verð að segja það alveg eins og það er, að mér finnst ekki mikið samræmi í þessu.

Það, sem á milli ber, er þá orðið þetta, að hv. þm., sem vill ekki bæta nýjum þjóðvegum við, af því að ekki sé hægt að veita til þeirra neitt meira fé, hann vill leggja á brúasjóð að sjá um lengri jarðgöng en 35 metra, án þess að aukið sé nokkru við fé brúasjóðs. En þegar farin er sú leið, sem hann taldi eðlilega, þegar um þjóðvegi er að ræða, að það ætti að útvega meira fé til þeirra, þegar farin er sú leið, sem í þessu frv. greinir, að sjá brúasjóði fyrir sérstöku fé til þess að standa undir þessum auknu framkvæmdum, sem hann á að hafa með höndum, jarðgöngunum, þá kemur hv. 6. þm. Norðurl. v. hér upp og slær úr og í og á ákaflega erfitt með, að því er virðist, að taka hreina afstöðu til þess, hvort hann er með þessu frv. eða á móti því.

Magnús Jónsson: Það voru aðeins örfá orð til áréttingar. — Því er haldið mjög fram, að ég hafi með ræðum mínum sannað það hér, að ég sé á móti þessu frv. Ég er alls ekki á móti frv. Hins vegar hefur í ræðum mínum falizt það, að ég teldi mjög vafasamt að fara að lögfesta þetta mál á þessu stigi. Það getur hins vegar vel verið, þegar það kemur í ljós, annaðhvort óhæfilegur seinagangur á þessari athugun eða að hún leiði ekki til þeirrar niðurstöðu, sem við, sem viljum þessu máli vel, teljum viðunandi, að þá sé rétt að lögfesta þetta frv. Þetta er mín skoðun.

Þá virðist það enn þá vera mjög óljóst fyrir þessum hv. þingmönnum, að þar sem í ályktun Alþingis er talað um endurskoðun vegalaga, þá á það einnig við brýr. Það er talað um endurskoðun á lögum um vegi og beinlínis tekið fram, að þar undir falli líka brýr og öll atriði varðandi framkvæmd og fjárveitingar í sambandi við þessi mál.

Þá er aðeins í þriðja lagi, að hv. síðasti ræðumaður sagði, að það sýndi ósamræmi hjá mér að styðja flutning frv. á síðasta þingi um, að kostnaður við greiðslu jarðganga skyldi leggjast á brúasjóð, en vera svo að telja hér svo mjög vafasamt að taka inn nýja þjóðvegi, af því að ekki væri séð fyrir auknu fjármagni til þeirra. Hér er að því leyti verulegur munur á, að með frv. okkar hv. 3. þm. Vestf. á síðasta þingi um jarðgöng var verið að lögfesta nýja reglu. Það var verið að lögfesta það atriði, sem skipti að sjálfsögðu meginmáli, að jarðgöng skyldu færast yfir til brúasjóðs, en ekki vera greidd eftir ákvæðum um vegi, og það skyldi litið á þessi jarðgöng sem brýr. Auðvitað var ljóst, að það mundi leggja auknar kvaðir á brúasjóðinn og

það mundi gera nauðsynlegt að gera ráð fyrir auknu fjármagni til þess sjóðs. En meginefni frv. var þó þetta, að það væri lögfest, sem varð að setja ákveðnar reglur um, að það skyldi líta á jarðgöngin að þessu leyti sem brýr, en ekki sem vegi, sem að sjálfsögðu var ekki sjálfsagt mál. Ég tel því ekki, að í þessu sé neitt ósamræmi, þótt ég játi það fúslega, að til þess að verulegum áfanga yrði í þessu náð, þá yrði að sjálfsögðu að sjá þessum sjóði fyrir auknum tekjum. En meðan það lá ekki fyrir, að á sjóðnum hvíldi einnig þetta verkefni, þá hlaut að sjálfsögðu fjáröflun til sjóðsins að miðast eingöngu við brýr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til samgmn. með 15 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Ed., 14. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 19. fundi í Ed., 20. nóv., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 46, n. 92 og 97).

Frsm. **meiri hl. (Jón Þorsteinsson)**: Herra forseti. Samgmn. hefur athugað þetta frv., sem hér liggur fyrir um jarðgöng á þjóðvegum, og mælir meiri hluti nefndarinnar með því, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Þetta frv. er ekki nýtt af nálinni. Á síðasta þingi var flutt hér frv. í þessari deild af þeim hv. 3. þm. Vestf. og hv. 6. þm. Norðurl. e. Í meðförum samgmn. og deildarinnar var sú breyt. gerð á því frv., að inn í það var bætt ákvæðum um tekjuöflun til þess að mynda sjóð til jarðgangagerðar, og þannig breytt var þetta frv. á síðasta þingi samþykkt samhljóða í þessari deild. Því frv. lyktaði hins vegar svo, að það fór ekki í gegnum Nd., heldur var því vísað þar til ríkisstj.

Það frv., sem hér er flutt, er alveg samhljóða frv. frá fyrra ári um jarðgöng á þjóðvegum, eins og það var samþykkt héðan úr deildinni, þannig að hv. dm. er efni þessa frv. vel kunnugt og þess vegna ekki þörf á að ræða um þetta í löngu máli.

Jarðgöng hafa fram að þessu naumast þekkzt hér í vegagerð. Hins vegar eru uppi nú allháværar raddir um það, að jarðgöng þurfi að gera a. m. k. á tveimur stöðum á landinu, og það hefur reynslan sýnt, að þau byggðarlög, sem eru þannig sett, að þau þyrftu helzt að tryggja góðar samgöngur á landi með jarðgangagerð, hafa orðið út undan, en hins vegar þau byggðarlög orðið miklu betur sett, sem hafa þurft að brúa fljót til að tryggja góðar samgöngur á landi til sín.

Það er á allan hátt eðlilegt að setja jarðgöngin á bekk með brúm, eins og gert er í frv., og leggja til, að 3 aurar af hverjum benzínlítra af hluta ríkissjóðs af benzínskatti skuli renna í brúasjóð, og skuli kostnaður við jarðgöng, sem lengri eru en 35 m, greiddur af þessum tekjum brúasjóðs, og má ekki verja þeim á annan hátt. Í jarðgangafrv. í þeirri mynd, sem það var upphaflega, þegar það var flutt á fyrra þingi, var ekki gert ráð fyrir neinum sérstökum tekjum til jarðgangagerðar, heldur aðeins sagt, að kostnaður af þeim skyldi greiddur úr brúasjóði, án þess að afla brúasjóði nokkurra tekna á móti. Nú er það vitað, að brúasjóður er mjög fjárþurfi og það er búið að taka ákvarðanir um verk og ráðstafa þeim sjóði þó nokkur ár fram í tímann, þannig að þó að jarðgöngunum hefði verið bætt á þennan sjóð, þá var þann veg allt of löng bið eftir því, að út úr því hefðu komið nokkrir möguleikar til þess að byggja jarðgöng.

Jarðgöng eru í sjálfu sér mjög kostnaðarsöm, og bæði af fjárhagslegum ástæðum og verkfræðilegum ástæðum þarf yfirleitt að gera jarðgöng í einum áfanga. Það er ekki hægt að taka kafla og kafla í einu, það yrði allt of dýrt að flytja öll þau verkfæri að og til, þau dýru verkfæri og tæki, sem til þess þarf að gera þetta, heldur þvert á móti talið, að við jarðgangagerð nýtist vinna og verkfæri bezt með því, að unnið sé í vöktum allan sólarhringinn. Jarðgöng er því naumast hægt að gera, nema það sé fyrir fram búið að safna í sjóð til þess að tryggja a. m. k. nokkurn hluta af kostnaðinum við verkið, og þá yrði sennilega jafnframt að fara þá leið að taka einhvern hluta af kostnaðarverðinu að láni. Ef ætti t. d. að taka allt kostnaðarverð jarðganga að láni, þá gæti það orðið svo dýrt, að t. d. vextirnir af láninu einir saman yrðu naumast greiddir með þeim venjulegu fjárframlögum, sem tíðkast á fjárlögum af hálfu ríkissjóðs, þannig að það væri alveg óhjákvæmilegt, að þar væri komin nokkur sjóðmyndun fyrir, sjóður, sem hefði fastar tekjur upp á að hlaupa í framtíðinni. Þessir 3 aurar af hverjum benzínlítra eru taldir munu gefa 1800 þús. kr. á ári í sjóðinn.

Nú er því auðvitað ekki að neita, að með því að taka þannig 3 aura af benzínlítra af hluta ríkissjóðs, þá er það í sjálfu sér tekjuskerðing fyrir ríkissjóð. Hitt verður maður þó jafnframt að hafa í huga, að af benzínskattinum eða innflutningsgjaldi af benzíni, sem alls mun nema af hverjum benzínlítra 147 aurum, fara 14 aurar, aðeins 14 aurar í vegasjóð, 19 aurar í brúasjóð, en allt hitt, eða kr. 1.14, rennur í ríkissjóð, þannig að þarna er yfirgnæfandi meiri hluti af þessu gjaldi, sem rennur í ríkissjóð, og væri auðvitað eðlilegt, að því yrði breytt í framtíðinni. En það verður líka að líta á fleira. Innflutningsgjald af benzíni hygg ég að á yfirstandandi ári, árið 1961, hafi verið áætlað 58 millj. kr., og á fjárlögum þeim, sem nú eru til meðferðar hér á Alþingi, er gert ráð fyrir sömu upphæð í innflutningsgjald af benzíni árið 1962. Nú er það hins vegar svo, að m. a. vegna þess, að bílainnflutningur hefur verið gefinn frjáls, þá álít ég, að reikna megi með talsvert aukinni benzínnotkun á árinu 1962, og ég hygg, að þegar það er haft í huga, þá mundi ríkissjóður ná þeirri upphæð, sem áætluð er í fjárlögum fyrir árið 1962, þó að þessir 3 aurar væru teknir af og þeim varið til jarðgangagerðar.

Á Alþingi í fyrra var samþykkt þáltill., þar sem segir svo, að Alþingi álykti að fela ríkisstj. að láta fara fram athugun og endurskoðun á gildandi lögum um opinbera vegi og brýr og láta jafnframt athuga möguleika á öflun fastra tekjustofna til vega- og brúargerða. Í þessari till. er

ekkert minnzt berum orðum á jarðgöng, og mér virðist það á engan hátt liggja ótvírætt fyrir, að nefndin taki það verkefni til meðferðar að athuga möguleika á föstum tekjustofnum til jarðgangagerðar, þó að það kunni hins vegar svo að vera. Nú má hins vegar búast við því, að þessi nefnd verði lengi að ljúka störfum, það geti sjálfsagt dregizt, að hún ljúki a. m. k. öllum sínum verkum, í eitt, tvö eða jafnvel þrjú ár, og eftir því er ekki hægt að bíða fyrir þau byggðarlög, sem sérstaklega þurfa á jarðgöngum að halda. Þar er full þörf á því, að farið sé að safna í sjóðinn strax. Svo að nefnt sé dæmi, þar sem einna brýnust þörfin er fyrir jarðgöng, í gegnum Stráka við Siglufjörð, þá hugsa ég, að þau jarðgöng með núverandi verðlagi komi til með að kosta sem lágmark 15 millj. kr., og væri vissulega ekki vanþörf á því, að farið væri að safna í sjóð til þess að standa undir kostnaði af þeirri vegagerð, enda þegar lengra er litið fram í tímann, þá er í sjálfu sér ekki hér um tekjuskerðingu fyrir ríkissjóð að ræða, þegar ríkissjóður þarf auðvitað, þegar til lengdar lætur, að standa undir kostnaðinum af jarðgangagerð, hvort sem það er gert með því að safna í sjóð eða á annan hátt, þó að sjóðsöfnunin sé á allan hátt miklu heilbrigðari og líklegri til þess að gefa árangur.

Frsm. minni hl. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Eins og fram hefur komið, varð samgmn. ekki sammála um afgreiðslu þessa máls. Meiri hl. hefur gert grein fyrir sinni afstöðu. Afstaða minni hl. kemur fram á þskj. 97, og hef ég raunar ekki miklu við það að bæta. Einn nm. var ekki viðstaddur afgreiðslu málsins. En ástæðan til þess, að ég gat ekki skrifað undir nál. meiri hl., er einungis sú, eins og fram kom raunar hér áðan, að öll vegamál eru nú í endurskoðun hjá sérstakri nefnd samkvæmt þál. frá í fyrra hér á Alþingi, og ég tel, að á þessu stigi málsins verði að gera ráð fyrir því, að sú nefnd skili áliti og allsherjartillögum og frv. um vegi á breiðum grundvelli, áður en þessu þingi lýkur, og að því er snertir jarðgöng, þó að ekki séu til lagaákvæði um þau í eldri lögum, þá mun það nú vera almennt viðurkennt, að það sé nauðsynlegt og sjálfsagt að taka inn í vegalög ákvæði um jarðgöng. Og í grg. þeirri, sem fylgdi þáltill., sem ég og nokkrir fleiri þingmenn lögðu fram á Alþingi í fyrra og var samþykkt, er beint talað um það, að þeirri nefnd sé ætlað að fjalla um lagaákvæði snertandi jarðgöng.

Ég get tekið það fram, að í sjálfu sér er ég málinu hlynntur að því leyti, að það verði tekin upp ákvæði um jarðgöng í vegalög og þeim áætlað fé eins og öðrum vegum á einhvern hátt. En ég held, að það sé ekki tímabært að semja lagaákvæði nú um þessi efni, sem svo kannske verður að einhverju leyti meira eða minna breytt við endanlega afgreiðslu vegalaganna, og af þeirri einu ástæðu taldi ég ekki tímabært að lögfesta nú þetta frumvarp.

Ég álít, að það gangi í aðalatriðum í rétta átt, að ríkið styrki eða kosti jarðgöng á þjóðvegum, því að það er í mörgum tilfellum vafalaust hagkvæmasta vegabót að fara í gegnum hæðir eða fjöll, ellegar jafnvel í sumum tilfellum að fara undir ár með göng í stað þess að brúa þær, eins og nú mun vera tíðkað allvíða erlendis.

Ég hef ekki lagt fram neina tillögu í þessu máli, en mun leggja fram tillögu, áður en málið verður afgreitt í deildinni.

Umr. frestað.

Á 21. fundi í Ed., 23. nóv., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 24. fundi í Ed., 28. nóv., utan dagskrár, mælti

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég kemst ekki hjá því að gera hér fyrirspurn um málsmeðferð. Það mál, sem mig langar til þess að spyrjast fyrir um, er frv. til laga um jarðgöng á þjóðvegum. Það er alllangt um liðið, síðan útbýtt var nál. um það mál, bæði frá meiri hl. og minni hl. samgmn. Skömmu eftir að nál. hafði verið útbýtt, var mál þetta að vísu á dagskrá tekið, en þó þá fyrst í stað út af dagskrá tekið, án þess að framsögur færu fram um það. Mánudaginn í s. l. viku var svo, ef ég man rétt, frv. þetta tekið á dagskrá, og þá fluttu þeir sínar framsöguræður um það, frsm. meiri hl. og frsm. minni hl. Síðan var málið tekið út af dagskrá að ósk fjmrh., að því er sagt var. Að sjálfsögðu hef ég ekki hið minnsta að athuga við það, að mál sé tekið út af dagskrá eftir ósk ráðherra, ef þeir ætla að taka þátt í umræðum um málið, en eru bundnir við aðra umræðu í annarri deild eða störf þar. En síðan hefur mál þetta ekki verið tekið fyrir til framhaldsumræðu. Það hefur að vísu verið tekið á dagskrá, ef ég man rétt, einu sinni eða kannske tvisvar, — ég held þó aðeins einu sinni, — en það hefur verið tekið út af henni aftur jafnharðan. Ekki er þetta þó fyrir þá sök, að svo mjög hafi verið hlaðið á þessa deild, að því er verkefni snertir, því að flesta þessa daga, sem síðan eru liðnir, hefur verið eitt eða þá í hæsta lagi tvö mál til meðferðar í þessari hv. deild, og afgreiðsla þeirra hefur ekki tekið langan tíma. Það er því ljóst, að það er eitthvað annað, sem stendur í vegi fyrir eðlilegri afgreiðslu þessa máls, heldur en annir þessarar hv. þingdeildar. Ég hef líka veitt því athygli, að á ýmsum fundum eftir þetta hefur hæstv. fjmrh. verið viðstaddur hér í deildinni, þannig að ekki hefur fjarvera hans eða störf í annarri deild staðið í vegi fyrir því, að fjallað væri um málið hér.

Ég er að vísu ekki þingvanur maður, en ég ætla þó, að svona meðferð sé nokkuð óvenjuleg, og ég verð að segja, að mér þykir hún mjög óvenjuleg. Af þessu tilefni langar mig til þess að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forseta, hvort þess megi ekki vænta, að þetta mál verði tekið á dagskrá næsta fundardag, þ. e. næsta fimmtudag. Í annan stað langar mig til þess að spyrja hæstv. forseta að því, hvort það sé samkvæmt ósk og áframhaldandi ósk hæstv. fjmrh., að mál þetta hefur ekki verið tekið fyrir til eðlilegrar framhaldsafgreiðslu. Og að lokum, ef svo skyldi fara mót von minni, að hæstv. forseti sæi sér ekki fært að taka málið á dagskrá á fimmtudaginn, hvort það sé þá ósk hæstv. fjmrh.,

að málið sé ekki tekið þá fyrir. Og ef svo er, hverjar ástæður liggja til þeirra óska hæstv. fjmrh.

Forseti (SÓÓ): Vegna ummæla hv. þm. vil ég taka fram, að 20. þ. m. var umrætt frv. tekið á dagskrá og var til umr., en umr. frestað, eins og þá var tekið fram, samkv. tilmælum hæstv. fjmrh. Ég skal taka það fram, að ég gekk út frá því, að hæstv. ráðh. mundi tala við mig um þetta mál frekar, vegna þess að hann óskaði eftir því, að það yrði tekið út af dagskrá þá. Það hefur hann ekki gert enn. Ég skal einnig játa það, að ég hef ekki innt hann eftir því, hvort hann mundi vera tilbúinn til þess, að málið yrði tekið á dagskrá aftur, svo að það er ekki samkv. hans ósk, að það hefur ekki verið tekið á dagskrá síðan, heldur eingöngu af því, að ég gerði ráð fyrir, að hann mundi að fyrra bragði tala við mig um þetta.

Hvað viðvíkur því að taka málið fyrir á næsta fundi, skal ég lofa að athuga og tala við hæstv. ráðh. um það. En ég mun ekki treysta mér til þess að taka það á dagskrá nema tala við hann áður vegna beiðni hans, sem hann hefur ekki gert frekar grein fyrir við mig.

En hvað snertir ummæli hv. þm. um það, að þetta væri óvenjuleg meðferð á máli, þá má e. t. v. segja það. En stundum vill það nú til og er ekki neitt einsdæmi, að mál hafi verið í athugun í ríkisstj., þó að það hafi verið komið til 1. eða 2. umr., og hafi svo stöðvazt á vissu stigi, ef á hefur staðið samkomulagi innan ríkisstj. um það. Ég hygg, að þetta sé ekki neitt einsdæmi. En sem sagt, ég skal athuga þetta við hæstv. ráðh. nú fyrir næsta fund og taka það þá á dagskrá, ef það er í lagi.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forseta fyrir þessar upplýsingar og fyrir þær undirtektir hans undir þetta mál, að það verði tekið fyrir á fimmtudag, ef ekki stendur þá neitt sérstakt í vegi. Ég hef að sjálfsögðu enga löngun til þess að fara að deila við hæstv. forseta um meðferð þessa máls. Ég veit, að hann er sanngjarn maður og réttsýnn. En eins og ég sagði áðan, þá álít ég það eðlilega ósk af hálfu ráðh., að máli sé frestað, ef hann er bundinn við umr. eða störf annars staðar, en hins vegar felli ég mig ekki við þann hugsunarhátt, að ráðh. geti stöðvað mál þingmanna, sem nefnd hefur skilað áliti um í þinginu, á þeirri forsendu eða með þeirri röksemd, að hann eða ríkisstj. þurfi að athuga það nánar. Það má þó í sambandi við þetta mál kannske að einu leyti til sanns vegar færa, að hæstv. ríkisstj. vilji taka það til athugunar, og það er einmitt af þeirri sömu ástæðu sem það var borið fram snemma þings. Það er sem sé nauðsynlegt eða a. m. k. æskilegt, að það sé tekin afstaða til þessa frv., áður en fjárlög eru afgreidd, og ef það væri svo, að hæstv. fjmrh. væri að hugsa um einhverjar aðrar leiðir til þess að leysa þetta mál og gæti bent á aðra leið, sem jafngóðum árangri skilaði, þá mundi ég fyrir mitt leyti fagna því. En þá verð ég að telja það eðlilegt, að hæstv. fjmrh. gæfi um slíkt yfirlýsingu eða a. m. k. hefði samráð um það við flm., en að málinu væri ekki frestað svona þegjandi dag frá degi.

Á 25. fundi í Ed., 30. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9:2 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 9:4 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9:4 atkv.

Á 27. fundi í Ed., 5. des., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 28. fundi í Ed., 7. des., var frv. aftur tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11:3 atkv. og afgr. til Nd.

Á 32. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 41. fundi í Nd., 5. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til samgmn. með 29 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Nd., 9. marz, utan dagskrár, mælti

Gunnar Jóhannsson: Herra forseti. Snemma á þinginu í vetur var í Ed. lagt fram frv. til laga um jarðgöng á þjóðvegum. Flm. frv. voru þingmenn frá Framsfl., Alþfl. og Alþb. Frv. náði samþykki Ed. og fór þaðan til Nd. Á fundi í Nd. var frv. tekið fyrir 5. febr. og því vísað til samgmn. með shlj. atkv. Síðan hefur ekkert heyrzt frá nefndinni um málið. Ég leyfi mér því að spyrjast fyrir um það, hvað þessum óeðlilega drætti valdi, og jafnframt fara þess á leit við hæstv. forseta, að hann sjái um, að samgmn. afgreiði málið frá sér, svo að hv. deild gefist kostur á að afgreiða frv. Afgreiðsla þessa frv. getur haft afgerandi áhrif í þá átt, hvernig fer um lagningu m. a. vegar í gegnum Stráka við Siglufjörð, og þar með, hvort á næstunni verði leyst hið algerlega óviðunandi vegasamband, sem nú er við kaupstaðinn. Ég vil því endurtaka ósk mína til hæstv. forseta, að hann sjái um, að samgmn. afgreiði frv. til deildarinnar.

Á 90. fundi í Nd., 12. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 46, n. 618 og 620).

Frsm. meiri hl. (Sigurður Ágústsson): Herra forseti. Frv. það á þskj. 46, sem hér er tekið til meðferðar í hv. d., um jarðgöng á þjóðvegum, er komið frá hv. Ed., þar sem það var samþykkt.

Nefndin ræddi frv. á tveim fundum sínum, en gat ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hl. n. hefur lagt fram nál. á þskj. 618, þar sem hann leggur til, að frv. verði vísað til hæstv. ríkisstj.

Eins og fram er tekið í nál. á þskj. 618, ákvað n. að senda vegamálastjóra og vegalaganefnd frv. og óska eftir umsögn þeirra um afgreiðslu þess. Lögðu báðir þessir aðilar til, að frestað yrði afgreiðslu frv. á þessu þingi, þar sem nú stæði yfir endurskoðun á gildandi lögum um vegi og brýr. Umsagnir beggja þessara aðila fylgja með nál. meiri hl. á þskj. 618.

Samkvæmt till. til þál., sem samþykkt var í sameinuðu Alþingi 2. marz f. á., varðandi nefnda endurskoðun, skipaði hæstv. samgmrh. hinn 10. maí s. l. nefnd, sem á að annast endurskoðunina, og er svo ráð fyrir gert, að hún hafi lokið störfum fyrir haustið. Er þess vænzt, að hæstv. samgmrh. leggi frv. fram á haustþinginu um nýskipun á vega- og brúamálum, og telur meiri hl. samgmn., að þá sé eðlilegt að taka ákvörðun um, á hvern hátt eigi að gegna þeirri framkvæmd um jarðgöng á þjóðvegum, sem frv. á þskj. 46 fjallar um. Það getur ekki verið neinn ágreiningur á meðal hv. þm. um nauðsyn þess, að jarðgöng verði sett á þjóðvegum, þar sem það hentar, eða eðlilegum vegaframkvæmdum verði komið á með öðrum hætti. Hvort það fjármagn, sem þarf til að standast kostnað við jarðgöng á þjóðvegum, er tekið af vega- eða brúafé, skiptir í raun og veru ekki máli, þó að telja verði eðlilegra, að það sé tekið af því fé, sem veitt er til vega. En eftir því sem verkefnum fjölgar í sambandi við bættar samgöngur á landi, er augljóst, að kappkosta verður af Alþ. og ríkisstj. að sjá fyrir stórauknu fjármagni til þessara framkvæmda. Tel ég, að í sambandi við endurskoðunina, sem vegalaganefnd hefur með höndum, sé höfuðnauðsyn, að hún geri till. um myndun nýrra tekjustofna til að standa undir þeim miklu og aðkallandi framkvæmdum, sem óhjákvæmilegt er að vinna að á sviði vega- og brúargerða á næstu árum. Ég tel, að endurskoðun vegalaga og brúa komi ekki nema að takmörkuðu gagni, ef ekki er séð fyrir auknu fjármagni til þessara framkvæmda.

Fjöldi vega, sem teknir voru í tölu þjóðvega, er vegalög voru opnuð 1955 og raunar áður, hefur ekki fengið fjárframlög ár eftir ár, og fjárskortur sá, sem valdið hefur aðgerðaleysi í þessum nauðsynlegu samgöngubótum, er aðalorsök þess, að vegalög hafa ekki verið opnuð síðan 1955. Þetta óviðunandi ástand verður að færa til betri vegar, og að því er stefnt með endurskoðun brúa- og vegalaga, sem nú er verið að framkvæma.

Hv. minni hl. hefur gefið út nál. á þskj. 620, þar sem lagt er til, að frv. verði samþ. Eins og ég hef áður tekið fram, leggur meiri hl. n. til, að frv. verði vísað til hæstv. ríkisstj. á þeim forsendum, sem fram eru færðar í nál. á þskj. 618.

Frsm. minni hl. (Björn Pálsson): Herra forseti. Það var ágreiningur í n. um afgreiðslu á þessu frv. Meiri hl. leggur til, að því sé slegið á frest, vegna þess að vegalöggjöfin sé í endurskoðun. Ég hygg nú, að það, sem aðallega vakir fyrir meiri hl., sé að fá málinu frestað, en ekki það, að vegalöggjöfin sé í endurskoðun.

Þetta er dálítið sérstakt með jarðgöngin. Það er ekki víða, sem þarf jarðgöng hér á landi, og endurskoðun þessarar n., sem á að fjalla um vegamálin, verður sennilega aðallega bundin við vegi og brýr, en ekki jarðgöng. Vera má, að það verði nú tekið með, vegna þess að frv. þessu verður sennilega frestað. En það, sem fyrir okkur vakir í minni hl., er það, að við álítum, að beri að hraða þessu máli sem mest. Það, sem við teljum nauðsynlegast eða brýnast, er Siglufjarðarvegur. Þetta er kaupstaður með um 3000 íbúa, þarna er mikið athafnalíf, a. m. k. tíma úr árinu. Það er svo með marga, að þeir kunna illa við sig þar, sem ekki er hægt að hafa samgöngur við aðra landshluta nema sjóleiðina meiri hluta ársins, enda nauðsynlegt fyrir allt atvinnulíf, að samgöngur séu sem beztar.

Fyrir okkur, sem í minni hl. erum, er ekki aðalatriði, hvernig þetta fé er fengið, en aðalatriðið er, að málinu sé hraðað. Ég fyrir mitt leyti hefði alveg eins vel getað fellt mig við það, ef ríkisstj. hefði hlutazt til um það, að lán væri tekið eingöngu í þessu skyni og málinu hraðað. En það, sem fyrir okkur vakir með því að leggja til, að þetta frv. verði samþykkt, er það, að við álítum, að það beri brýna nauðsyn til að hraða þessu máli. Ég er sannfærður um, að það verður ekki við annað unað en að vegur verði lagður til Siglufjarðar, og þá borgar sig ekki að draga það. Ég er sannfærður um, að það borgar sig ekki. Siglufjarðarkaupstaður liggur vel við sjávarútvegi, höfnin er afar góð og styttra á miðin þar en í flestum öðrum kaupstöðum norðanlands, jafnvel öllum, þannig að þar eru mjög góð skilyrði til bátaútgerðar. En það einkennilega hefur skeð, að það er lítið um sjálfstæða bátaútgerð frá Siglufirði. Það eru helzt trillur. Vafalaust á það mikinn þátt í því, að ríkið hefur haft þarna mikinn atvinnurekstur, og það hefur óbeint orðið til að draga úr framtaki einstaklinganna. Þeir hafa treyst meira á atvinnu hjá öðrum en sjálfum sér. En hvað sem því líður, þá er það sannfæring okkar, að það beri brýna nauðsyn til þess að hraða þessari vegagerð. Hvort það verður gert með því að leggja skatta á benzín, eins og hér er gert ráð fyrir, eða taka lán, er í sjálfu sér ekki aðalatriði. Aðalatriðið er að hraða málinu sem mest, og það er þess vegna, sem ég legg til, að þetta frv. sé samþ.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta að sinni. Þetta er sjálfsagt öllum ljóst, og krafan um, að nokkurn veginn trygg vetrarleið fáist til Siglufjarðar, fellur vitanlega ekki niður, henni verður haldið vakandi og þess vegna er bara tímaspursmál, hvenær í þetta verður ráðizt. Mín skoðun er, að það borgi sig bezt að gera það sem fyrst, hraða því sem mest.

Gunnar Jóhannsson: Herra forseti. Á þinginu í fyrra var þetta frv. flutt í Ed., og þar náði það samþykki, en hér í Nd. dagaði málið uppi. Frv. var aftur flutt í Ed. í vetur og hlaut þar sömu afgreiðslu, þ. e. a. s. það var samþ. og því vísað hingað til Nd. Nú hefur samgmn. tekið málið fyrir til afgreiðslu og meiri hl. n. leggur til, að

því verði vísað til hæstv. ríkisstj. Aftur leggur minni hl. til, að frv. verði samþ.

Ég þarf ekki að fara inn á efni frv. nema að litlu leyti. Þar er gert ráð fyrir, að stofnaður verði jarðgangasjóður. Taka skal 3 aura af hverjum benzínlítra, sem skulu renna í sjóðinn, sem bera skal kostnað við jarðgöng, sem eru lengri en 35 m.

Það er öllum ljóst, að á ýmsum stöðum á landinu er þannig háttað með vegasamband, að það verður tæplega leyst á viðunandi hátt nema með mjög dýrum aðgerðum, m. a. með því að sprengja göng í gegnum fjöll. Þetta á t. d. við Siglufjörð, og að nokkru leyti má segja það sama um aðra staði, m. a. á Vestfjörðum. Nú er það vitað mál, að þó að farið yrði inn á þá braut, sem frv. gerir ráð fyrir, að taka vissan hluta af benzínskattinum til myndunar jarðgangasjóðs, yrði það á engan hátt til að leysa samgönguvandræði viðkomandi staða til fullnustu. En það sýndi þó vilja Alþ. til að gera eitthvað raunhæft í málinu.

Á undanförnum þingum hefur lítið verið rætt um þessi vegamál og því minna framkvæmt. Ég verð að segja það, að mér finnst, að allar framkvæmdir Alþ. í þessum málum auðkennist af furðulegri tregðu til þess að leysa þessi mál á viðunandi hátt. Á sama hátt og staðið hefur verið í vegi fyrir því, að nokkuð raunhæft væri gert í þessum málum, þannig að hrinda þeim áleiðis til hagsbóta fyrir þessi bæjarfélög, sem verst eru stödd með vegasamgöngur, hefur verið lagt í það að byrja á mjög dýru mannvirki, sem er að steypa veg frá Hafnarfirði til Keflavíkur. Slík vegarlagning kemur til með að kosta eitthvað á annað hundrað millj. kr. Það er þó vitað, að í þessu byggðarlagi er sæmilega góður vegur, og sízt hefði mátt ætla, að meira lægi á því að leggja þangað steinsteyptan veg heldur en að leysa hin miklu samgönguvandræði, sem ýmsir aðrir hafa við að búa.

Ég hef margsinnis áður hér á Alþ. lýst því, hvernig vegasambandið er við Siglufjarðarkaupstað, og þarf ekki að endurtaka það hér. Ég verð að segja það, að mér kemur mjög einkennilega fyrir afgreiðsla meiri hl. samgmn. á þessu frv. Þar er sagt m. a., að göng gegnum fjöll eða undir ár séu einn þáttur vegagerðar og lagaákvæði þar að lútandi eigi að eðlilegum hætti heima í heildarlagabálki um samgöngur á landi. Verði því að sníða ákvæði um jarðgöng á þjóðvegum þannig, að það geti fallið inn í það frv., sem vænta verður að senn komi frá endurskoðunarnefnd vegalaga. Það má vel vera, að slík nefnd sé eitthvað að starfi, en a. m. k. hefur ekkert frá henni heyrzt, sem hægt er að byggja á, og jafnvel þó að vegamálastjóri hafi í viðtali og bréfi til nefndarinnar mælt á móti þessu frv., þá verð ég að segja, að mér kemur einkennilega fyrir, að hann skuli hafa tekið þá stefnu í málinu, sem raun er á. Það er vitað mál, að fyrir frv. þessu er mjög mikill áhugi á viðkomandi stöðum. Það er líka vitað, að vegasambandið við Siglufjörð verður ekki leyst á annan hátt en með jarðgöngum, enda hefur því verið marglofað af forustumönnum allra flokka. Það verður sízt til þess að auka virðingu Alþ. á meðferð mála, að það skuli geta komið fyrir þing eftir þing, að frumvörp, sem Ed. hefur afgr., skuli Nd. ýmist fella eða vísa frá. Ég vil enn taka það fram, að þetta frv. er á engan hátt fullkomin lausn á vandamálunum, þótt að lögum yrði, en er þó til bóta frá því, sem nú er. Ég verð að mótmæla nál. meiri hl. og tel það í alla staði óforsvaranlegt að afgr. ekki frumvarpið jákvætt, eins og Ed. hefur gert.

Frsm. meiri hl. (Sigurður Ágústsson): Herra forseti. Ég er dálítið undrandi yfir málflutningi hv. 11. landsk. þm. Hann túlkar mál sitt þannig, að okkur, sem skipum meiri hl. samgmn., vanti áhuga og skyldurækni til að sýna þessu máli þann sóma, sem því ber. Þetta er mjög röng túlkun. Það er sameiginlegt áhugamál allra hv. þm. strjálbýlisins, að þeir vilja vinna af alhug að bættum samgöngum á landi. Við í meiri hl. teljum rétt, að þar sem verið er að framkvæma endurskoðun á vega- og brúalögum, þá komi þetta mál að sjálfsögðu þar undir. Og ég efast stórkostlega um, að það sé rétt hjá hv. alþm., að þetta muni tefja lagningu Siglufjarðarvegar um Stráka. Ég tel, að það sé síður en svo ástæða til að halda það, og ég er þess fullviss, eins og ég benti á í ræðu minni áðan, að eftir að vegalaganefnd hefur lokið störfum sínum, sem gert er ráð fyrir að hún hafi gert fyrir næsta þing, þá muni verða lagt fyrir Alþ. frv. til laga um stórauknar framkvæmdir á sviði vega og brúa, eins og ég hef margtekið fram í málflutningi mínum og kemur einnig fram í nál. okkar í meiri hl.

Ég tel, að þetta sé sú rétta afgreiðsla málsins, og ég heiti vissulega á alla hv. þm. strjálbýlisins, að þegar væntanlegt frv., sem verður lagt fyrir næsta þing, kemur hér til afgreiðslu á Alþ., þá verði reynt að standa að því, að unnt verði að fá stóraukið fjármagn til þessara framkvæmda.

Þó að þetta frv., sem borið var fram í Ed. og hlaut samþykki þar, hefði verið samþ. hér í d., þá er ég þess fullviss, að það hefði ekki gefið þær tekjur, sem þyrfti með til að leggja Siglufjarðarveginn, því að vissulega eru margir vegir, bæði Múlavegur, Ennisvegurinn o. fl. vegir, sem eru mjög aðkallandi fyrir viðkomandi byggðarlög og þarf stóraukið fjármagn til, ef þeir eiga að vera framkvæmdir.

Ég get þess vegna ekki fallizt á málflutning hv. 5. þm. Norðurl. v. eða hv. 11. landsk. þm., að nál. það, sem minni hl. samgmn. hefur lagt fram, sé ekki fært fram af fullri sanngirni og með ósk um það, að þessi mál fái góða afgreiðslu á næsta þingi.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja hér umr., en ég vildi bara vekja athygli á yfirlýsingu hv. 2. þm. Vesturl. um það, þegar hann skoraði á þm. strjálbýlisins að standa að því á næsta þingi, að fjárframlög til samgöngumála í landinu yrðu stóraukin. Ég fagna þessari yfirlýsingu, og mér er það fullkomlega ljóst, að hv. þm. mun standa við hana, þegar að því kemur, að til framkvæmdar hennar kemur, og ég treysti því einnig eins og hann, að aðrir hv. þm. standi að því, að fjárframlög til samgöngubóta verði stóraukin á næsta Alþ. Ég lýsi sérstaklega ánægju minni yfir því, að formaður hv. samgmn. skyldi gefa svo ánægjulega yfirlýsingu.

Frsm. minni hl. (Björn Pálsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Ég held, þó að hv. frsm. meiri hl. sé að halda því fram, að till. þeirra sé ekki fram borin með það fyrir augum að slá málinu á frest, að það sé ekki hægt að taka það alvarlega. Vitanlega er það svo. Og það er búið að tala um þennan veg í hvað mörg ár? Áki Jakobsson, meðan hann var þm. Siglfirðinga, flutti frv. um þetta. Það er búið að tala og tala um þennan veg sí og æ, og fólkið þráir þennan veg. Þessi vegur er samgönguæð m. a. milli Skagafjarðar og Siglufjarðar. Hann gerir auðveldara að flytja búsafurðir þangað og skapar mikla mjólkursölu t. d. úr Fljótum. Fólkið á Siglufirði hefur haft meiri og minni óþægindi af því, að samgöngur hefur vantað á landi.

Hvað kostar þessi vegur? Það er líklegt, að hann kosti með öllu í kringum 20 millj., jarðgöngin og vegarlagning út hlíðina. Og hversu mikill peningur eru þessar 20 millj.? Það er eins og hálfur nýsköpunartogari. Það er svipað og tveir 250 tonna togararnir, sem ríkið er að borga nú. Það þarf enginn að halda því fram, ef Alþ. hefði haft eða hefur áhuga á að gera þetta, að það sé ekki hægt. Það hefur verið eytt álíka fjárhæðum og þetta í ónauðsynlegri hluti.

Það eru milli 2 og 3 þús. manns, sem þurfa þessarar vegarlagningar með. Það er af skilningsleysi gagnvart þessu fólki, að ekki er gert meira og fyrr í þessu máli. Ég vil ekki væna hv. frsm. um það, að út af fyrir sig vilji hann persónulega ekki vel í þessu efni. En það er áhuginn, sem skortir. Það er ekki eingöngu getuleysi. Og eins og ég tók fram áðan, þá er það ekkert atriði, hvorki fyrir fólkið á Siglufirði né okkur í minni hl., hvernig peninganna er aflað, en peningana þarf að fá. Ef þetta frv. væri samþ., skapaðist þar greiðslugrundvöllur, þannig að það væri vegur að fá lán til að gera framkvæmdina. Ef ríkisstj. og þingmeirihl. vill vinna að því að afla fjárins á annan hátt, þá er ekkert um það að segja. Aðalatriðið er, að fólkið þarf að fá þennan veg, og það borgar sig að láta það hafa veginn, því að undirstaða undir öllu heilbrigðu atvinnulífi og afkomu fólks yfirleitt er, að samgöngur geti verið í lagi.

Ég vona nú, að þetta lagist allt og þetta komi. Fólkið er farið að lengja eftir að fá veginn. Það er mikils virði, að eitthvað sé gert í málinu, svo að fólkið viti, hvers það má vænta.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Í sambandi við þetta frv. hefur helzt verið rætt um Siglufjarðarveg, þ. e. veginn um Stráka. Og það er rétt, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að það hefur oft verið rætt um þennan veg. Siglfirðingar þrá að fá hann. Það mun líka vera rétt, að vegurinn kosti a. m. k. 20 millj. kr. eða jafnvel meira en það. Það er því vitað mál, að hann verður ekki lagður á einu ári, og tæplega heldur á tveimur árum.

Nú hefur verið frá því skýrt, að ríkisstj. er að undirbúa fimm ára áætlun í vegamálum og öðrum framkvæmdum. Það liggur einnig hér fyrir bréf frá vegamálastjóra, þar sem hann segir sitt álit á þessu máli og minnir á, að nú starfar mþn. í vegamálum, sem gerir till. um aukin fjárframlög til vegamála. Þessi n. mun skila af sér, áður en næsta reglulegt Alþ. kemur saman. Þegar að þessu er gætt, að þessi vegur mun verða í 5 ára áætluninni og að því er unnið nú af n. að leggja fram till. um aukin fjárframlög til vega almennt, þá hygg ég, að það væri ákaflega lítill stuðningur við þetta mál, þó að þetta frv. út af fyrir sig næði fram að ganga, sem gerir ráð fyrir 3 aura benzíngjaldi af hverjum lítra, ekki aðeins til Siglufjarðarvegar, heldur vitanlega til margra annarra vega. Þessir 3 aurar gera 1½ millj. kr. eða kannske rúmlega það yfir árið, þannig að hlutur Siglufjarðarvegar yrði ekki ýkja mikill á þessu ári, þó að þetta frv. væri samþ.

Ég hygg, að þeir, sem sækja það fastast að fá Siglufjarðarveg sem fyrst, geti að athuguðu máli, þegar þeir hugleiða það, hvað er í undirbúningi í sambandi við þetta, sætt sig við þá afgreiðslu, sem meiri hl. hv. samgmn. leggur hér til að hafa.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 91. fundi í Nd., 13. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Till. frá meiri hl. samgmn. á þskj. 618 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 19:8 atkv.

5. Almannatryggingar (frv. AGl og BjörnJ).

Á 8. fundi í Ed., 24. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar [45. mál] (þmfrv., A. 53).

Á 10. fundi í Ed., 31. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 11. fundi í Ed., 2. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Alfreð Gíslason læknir): Herra forseti. Í þessu frv. er um að ræða þrjár breytingar frá gildandi ákvæðum almannatryggingalaga, og vildi ég gera með örfáum orðum grein fyrir þeim breytingum, sem hér eru lagðar til.

Það hlýtur að teljast óviðkunnanlegt að mismuna mönnum, sem standa á sama stigi örorku. Þetta er þó gert í lögum um almannatryggingar. Þessi mismunur ákvarðast af orsök örorkunnar. Örorka, sem slys hefur valdið, er hærra metin til lífeyrisbóta en örorka, sem er afleiðing sjúkdóms. Þessi greinarmunur finnst mér a. m. k. óeðlilegur og ranglátur og forkastanlegt að gera hann að sjónarmiði við ákvörðun bótaupphæðar. Þetta misræmi ber að mínum dómi að uppræta sem allra fyrst. Örorkulífeyrir á að vera jafnhár, hvort sem slys eða sjúkdómur er örorkuvaldurinn.

Í 2. mgr. 14. gr. laganna segir svo, orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Heimilt er Tryggingastofnuninni að verja allt

að 10% þeirrar heildarfjárhæðar, sem árlega er greidd í örorkulífeyri samkv. 1. mgr. þessarar greinar, til greiðslu örorkustyrkja handa þeim, sem misst hafa 50—75% starfsorku sinnar. Tryggingaráð setur reglur um slíkar bótagreiðslur, sem ráðherra staðfestir.“

Hér er um að ræða örorku, 50—75%, af völdum sjúkdóma. Í þeim tilvikum er aðeins heimilað að verja takmarkaðri fjárhæð samkvæmt reglum, sem löggjafinn lætur öðrum eftir að semja. Í 37. gr. laganna, 2. mgr., er hins vegar ákvæði um 50—75% örorku af völdum slysa. Sú mgr. hljóðar svo:

„Ef örorkan er 50% eða meiri, greiðist hálfur örorkulífeyrir fyrir 50% örorku, hækkar síðan um 2% fyrir hvert örorkustig, sem við bætist, unz örorkan nemur 75%. Þá greiðist fullur lífeyrir.“

Hér skal m. ö. o. ákveðin fjárhæð greiðast bótaþegunum eftir reglum, sem löggjafinn ákveður sjálfur. Þannig mismuna lögin þessum tveim hópum öryrkja. Þeir eru jafnmiklir öryrkjar, aðeins er orsök örorkunnar ekki sú sama hjá báðum hópum. Nú mætti spyrja: En hvernig er þetta í framkvæmd? Er ekki framkvæmdin sú sama, þegar um báða þessa hópa er að ræða? Nei, engan veginn. Þar kemur mismunurinn einnig fram. Þeir öryrkjar, sem hafa orðið fyrir slysum, fá bæturnar skilyrðislaust og án skerðingar, en hinir fá bætur eða bætur ekki, og ákvarðast það af efnahag og aðstöðu. Þannig má segja, að enn í dag gildi skerðingarákvæði um vissan hóp öryrkja. Skerðingarákvæði 22. gr. laganna, sem orðin voru mjög óvinsæl, voru afnumin í fyrra með stuðningi allra flokka hér á þingi. En sú réttarbót náði því miður ekki til allra bótaþega, eins og ég hef nú þegar bent á.

Þetta þarf að leiðrétta og það sem fyrst. Það þarf að leiðrétta á þann veg, að allir 50—75% öryrkjar fái sömu bætur miðað við örorkustig og að þær bætur ákvarðist í lögum í samræmi við það, sem nú gildir um örorku af völdum slysa. Um þetta fjallar 1. gr. frv., og fer ég ekki fleiri orðum um það.

Í 2. gr. er rætt um bótahækkun. Þar er ákvæði um 13.8% hækkun frá 1. júlí s. l., eins og gert er ráð fyrir í fram komnu frv. ríkisstj. Auk þess er ráðgert, að fullar verðlagsbætur verði greiddar frá næstu áramótum, og þá miðað við gildandi vísitölu framfærslukostnaðar á hverjum tíma.

Ég gerði að nokkru leyti grein fyrir þessu ákvæði frv. nýlega, þegar frv. hæstv. ríkisstj. var hér til 1. umr. á dögunum, og get því verið fáorður um það nú. Sú verulega hækkun, sem gerð var á bótagreiðslum til gamalmenna, sjúklinga og öryrkja snemma árs 1960, verður skammgóður vermir þessum olnbogabörnum, ef hún á strax að renna út í sand dýrtíðar og verðbólgu, en þetta er það, sem nú hefur gerzt. Þótt hækkunin hafi á sínum tíma verið veruleg, urðu bæturnar þó aldrei meira en rétt sómasamlegar eða tæplega það, enda skildist mér á hæstv. félmrh. um daginn, að hann viðurkenndi það atriði. Þess vegna ber nú brýna nauðsyn til að verðtryggja þessar bætur, sem aldrei máttu minni vera.

Hæstv. ríkisstj. vill lögleiða 13.8% hækkun bótanna. Þetta nær of skammt, eins og ég hef þegar bent á. Sú hækkun bætir illa upp dýrtíðarvöxtinn frá 1. marz 1960 til 1. júlí 1961, hvað þá meir. Á þessu tímabili, frá því að lögin voru sett um hækkun bóta, þar til á að fara að greiða 13.8% hækkunina, hafa flestar nauðsynjar hækkað í verði miklu meira en þessari fyrirhuguðu hækkun nemur. Sú dýrtíðaraukning, sem komin er síðan 1. júlí í sumar, er þess vegna óbætt þrátt fyrir þessa 13.8% hækkun Vísitalan, sem 1. okt. er komin upp í 114 stig og fer senn upp í 119—120 stig, segir til um það, að hækkunin á dýrtíðinni er tvöföld eða ríflega það á við hækkun, sem bótaþegunum er ætluð, 13.8% hækkun. Þess vegna er það, að við leggjum til, við sem þetta frv. flytjum, að ekki verði gengið lengra á hlut bótaþega almannatryggginganna en þegar er orðið og að þeim verði framvegis frá 1. jan. greidd full vísitala á bætur sínar.

Um 3. gr. frv. get ég verið mjög fáorður. Þar er gert ráð fyrir því, að allt landið verði eitt verðlagssvæði, að skipting landsins í tvö verðlagssvæði verði afnumin. Þetta er mál, sem ég hygg að menn í öllum flokkum hér á þingi séu sammála um að gera beri.

Ég vil aðeins minna á, að það voru menn úr Alþfl. og Sjálfstfl. hér á þingi í fyrra, sem höfðu orð á þessu og töldu sjálfsagt þá, að stefnt yrði að því, að skipting landsins í tvö verðlagssvæði yrði numin úr gildi. Þetta ákvæði er úrelt og gerir upp á milli bótaþega eftir því, hvar þeir búa á landinu. Ég veit ekki, hvort það hefur nokkurn tíma átt rétt á sér, en það á ekki rétt á sér lengur að dómi flestra. Það er svipaður kostnaður til lífsuppihalds, hvar sem er á landinu, en hins vegar er bótaþegum mismunað allverulega, eins og nú standa sakir, eftir því, hvar þeir búa í landinu. Þetta ber að afnema og afnema sem fyrst, af því að það er ranglátt.

Við flm. frv. höfum takmarkað okkur í þessu frv. við þrjár brtt. Það er fleira athugavert, sem við sjáum, við lögin um almannatryggingar, fleiri ákvæði, sem við teljum að breyta þyrfti. En þessi þrjú atriði eru mikilsverð og raunar knýjandi nauðsyn, að þeim verði breytt í það horf, sem við leggjum til. Við vildum takmarka okkur við fáar brtt. í þeirri von, að þær fengjust frekar fram, og síðar má svo taka fyrir það annað, sem breyta þarf í þessum lögum.

Ég hef svo ekki fleiri orð um þetta frv., en legg til, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 17 shlj. atkv.

Á 79. og 80. fundi í Ed., 5. og 6. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 81. fundi í Ed., 6. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 53, n. 335 og 592).

Frsm. meiri hl. (Kjartan J. Jóhannsson): Herra forseti. N. hefur rætt frv., en ekki orðið sammála

um afgreiðslu þess. Meiri hl. n. leggur til, að málinu sé vísað til hæstv. ríkisstj.

Um einstök atriði frv. er það helzt að segja, sem ég vil leyfa mér að lesa hér, með leyfi hæstv. forseta, upp úr bréfi, sem n. hefur borizt frá endurskoðunarnefnd almannatryggingalaga um þetta mál:

„Breytingar þær, sem í frv. felast, eru þríþættar, þ. e. í fyrsta lagi breytt ákvæði um bætur lífeyristrygginga til 50—75% öryrkja, í öðru lagi ný ákvæði um vísitöluuppbætur og í þriðja lagi ákvæði um afnám verðlagssvæðaskiptingar. Um þessi atriði vill n. taka fram eftirfarandi:

Það er rétt, sem fram kemur í grg. fyrir frv., að í lögum um almannatryggingar er gerður munur orðið á örorku, hvað bætur snertir, eftir því, hvort vinnuslys eða sjúkdómur hefur valdið henni. Í frv. er hins vegar gert ráð fyrir, að þessi munur haldist að nokkru leyti. Að þessu leyti má skipta öryrkjum í þrjá flokka, þ. e.: a) Örorka yfir 75%, þessir öryrkjar fá fullan lífeyri, hvort sem um almenna örorku eða slysaörorku er að ræða. b) Örorka 50—75%. Heimilt er að greiða örorkustyrk, ef um almenna örorku er að ræða, en greiða skal skertan lífeyri, 50—100%, ef um slysaörorku er að ræða. c) Örorka 15—49%, engar bætur, ef um almenna örorku er að ræða, en skertur lífeyrir, 15—49%, greiddur í einu lagi, ef um slysaörorku er að ræða. Að nokkru leyti stafar framangreindur munur vafalaust af eðlismun á tryggingunum. Þótt höfuðmarkmiðið sé að sjálfsögðu að gera öryrkjann hæfan til síns fyrra starfs eða annars starfs við hans hæfi, er það sjónarmið ríkjandi hér, þegar um vinnuslys er að ræða, að hinum slasaða beri að fá bætur fyrir læknisfræðilegt örorkutap án tillits til vinnutaps og að atvinnurekstrinum beri að standa undir útgjöldum slíkra bóta. Í sumum nágrannalöndum okkar, einkum í Noregi, hafa viðhorf manna í þessu efni breytzt mjög. Í slysatryggingum er örorkustigið að mestu leyti ákvarðað eftir töflum, sem þó koma misjafnlega heim við raunverulegt orkutap. Telja verður fráleitt að miða almennan örorkulífeyri einhliða við læknisfræðilegt orkutap, vegna þess að margir hafa ef til vill há laun, þó að heilsufari þeirra sé þannig háttað, að þeir yrðu metnir öryrkjar, jafnvel á háu stigi, ef örorkan væri aðeins metin með hliðsjón af líkamsástandi þeirra. Þar eð skerðingarákvæði hafa nú verið numin úr lögum, ættu þeir rétt á örorkulífeyri í hlutfalli við matið, þrátt fyrir miklar launatekjur. Það er álit n., að endurskoða þurfi ákvæðin um örorkulífeyri og örorkustyrk, enda verði þá einkum tekið til athugunar: 1) Auknar ráðstafanir til endurhæfingar, en þær mundu geta haft í för með sér fækkun örorkulífeyrisþega. 2) Örorkulífeyrir verði greiddur varanlegum öryrkjum með sama eða svipuðum hætti og nú á sér stað. 3) Bætur til þeirra, sem hafa verulega skertar vinnutekjur eða verulegan kostnað vegna fötlunar, komi ef til vill í stað núgildandi örorkustyrks. 4) Bætur, ef til vill framhaldsdagpeningar, til þeirra, sem ekki teljast varanlegir öryrkjar, en eru óvinnufærir lengur en dagpeningatíma sjúkrasamlaga.

Í 71. gr. almannatryggingal. er kveðið svo á, að á allar bótagreiðslur skuli greiða verðlagsuppbætur samkvæmt vísitölu eftir sömu reglum og greitt er á laun til opinberra starfsmanna, sem lægst laun hafa samkvæmt launalögum. Með lögum nr. 4/1960, um efnahagsmál, var tenging kaups við vísitölu framfærslukostnaðar hins vegar numin úr gildi í því skyni að koma í veg fyrir öra verðbólguþróun af völdum víxlhækkana kaupgjalds og verðlags. Nefndin telur, að gild rök yrðu að hníga að því, ef annan hátt ætti í þessu efni að hafa um bætur almannatrygginga en laun. Að sjálfsögðu má bæta skert lífskjör bótaþega með öðrum hætti en vísitöluákvæðum, enda hefur á undanförnum árum oft verið erfitt að greina á milli verðlagsbóta og raunverulegra kjarabóta."

Um þriðja atriðið, afnám verðlagssvæðaskiptingarinnar, þá er það að segja, að sá liður hefur í för með sér mjög verulegan útgjaldaauka, — útgjaldaauka, sem mundi nema samtals fyrir tryggingarnar 32 millj. kr., sem mundu skiptast þannig, að ríkissjóður þyrfti að greiða 11½ millj., hinir tryggðu 10.2 millj. og sveitarsjóðir 5.8 millj., en atvinnurekendur 4.5 millj."

Með hliðsjón af þessu áliti og því m. a., sem hér er vísað til í nál. meiri hl., að afnám verðlagssvæðaskiptingarinnar, sem nefndin í sjálfu sér er hlynnt, mundi hafa í för með sér veruleg útgjöld fyrir sveitarsjóði, sem nú munu hafa áætlað sín gjöld fyrir það ár, sem nú er að líða, og einnig fyrir ríkissjóð, en fjárlög hafa þegar verið afgreidd, þá teljum við, sem myndum meiri hl. n., rétt að fresta þessari breytingu og væntum þess, að það verði tekið til athugunar, um leið og lögin eru endurskoðuð í heild, en það má vænta þess, að þeirri endurskoðun verði lokið fyrir næsta þing.

Viðvíkjandi vísitölubreytingunni, sem lögð er til í 2. gr., þá virðist ekki liggja á því heldur, vegna þess að hækkun hefur þegar verið framkvæmd með lögum frá þessu þingi, sem nú stendur, 13.8% frá 1. júlí 1961 og 4% frá 1. júní 1962.

N. leggur því, eins og ég sagði í upphafi, til, að þessu máli sé vísað til hæstv. ríkisstj.

Umr. frestað.

Á 82., 84., 86., 87., 88. og 89. fundi í Ed., 9., 10., 12., 13. og 14. apríl, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 90. fundi í Ed., 14. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. minni hl. (Alfreð Gíslason læknir): Herra forseti. Ég skal ekki hafa mörg orð um þetta mál. Frv. var lagt fram hér snemma í vetur og hefur nú fengið afgreiðslu í nefnd. Meiri hl. leggur til, að því verði vísað til hæstv. ríkisstj., en minni hl. leggur til, að frv. verði samþ.

Í þessu frv. felast þrjár breytingar, sem við flm. frv. töldum mikilsvert, að fengjust fram hið fyrsta.

Fyrsta tillagan var þess efnis, að dregið skyldi úr misrétti, sem nú gildir hvað öryrkja snertir, þannig að það er gerður mismunur á öryrkjum um bætur eftir því, hver orsök örorkunnar hefur verið.

Þetta frv. var sent til umsagnar endurskoðunarnefnd almannatryggingalaganna, og sú endur-

skoðunarnefnd sendi álitsgerð um frv. Um þessa fyrstu till. okkar um afnám misréttisins í greiðslu bóta til öryrkja segir þessi nefnd:

„Það er rétt, sem fram kemur í grg. fyrir frv., að í lögum um almannatryggingar er gerður munur á örorku, hvað bætur snertir, eftir því, hvort vinnuslys eða sjúkdómur hefur valdið henni.“

Er þannig staðfest það, sem í frv. og grg. þess felst, að hér er gerður grófur munur á. En endurskoðunarnefndin bendir á, að þótt bætt sé úr þessu, þá sé ekki bætt að fullu úr misréttinu, því að enn verði eftir misrétti um bætur til öryrkja á stigunum 15—49%. Þetta mun vera rétt. En ég held þó, að vert væri að bæta nú úr misréttinu, þótt það yrði ekki gert að fullu í þetta sinn. M. ö. o.: nefndin viðurkennir misréttið, en telur með frv. ekki, að því er mér virðist, nógu langt gengið.

Önnur brtt. í frv. fjallar um, að allar greiðslufjárhæðir almannatrygginga verði verðtryggðar. Er svo ákveðið, að bótaupphæðirnar skuli breytast í samræmi við breytingu á vísitölu framfærslukostnaðar. Um þessar brtt. ræðir endurskoðunarnefnd almannatryggingalaganna stuttlega í umsögn sinni til hv. heilbr.- og félmn. Þar segir m. a. svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Með lögum nr. 4 1960, um efnahagsmál, var tenging kaups við vísitölu framfærslukostnaðar hins vegar numin úr gildi í því skyni að koma í veg fyrir öra verðbólguþróun af völdum vixlhækkana kaupgjalds og verðlags.“

Ég verð að segja, að mér finnst þessi setning í umsögn endurskoðunarnefndarinnar vera dálítið út í hött. Hverjum dettur í hug, þótt verðtryggingu almannabóta yrði komið á, að það mundi koma af stað örri verðbólguþróun? Ég held, að það kæmi ekki til greina.

Þá segir nefndin í sinni umsögn:

„Nefndin telur, að gild rök yrðu að hníga að því, ef annan hátt ætti í þessu efni að hafa um bætur almannatrygginga en laun.“

Ég skal viðurkenna, að það þarf gild rök til. En er ekki hér um gild rök að ræða? Hér er um öryrkja að ræða, og hér er um bætur að ræða til öryrkja, sem raunverulega eru fyrir neðan þurftarlaun. Hvað er ástæða til að verðtryggja, ef ekki þegar svona stendur á?

Síðan segir þessi endurskoðunarnefnd:

„Að sjálfsögðu má bæta skert lífskjör bótaþega með öðrum hætti en vísitöluákvæðum.“

Já, ég viðurkenni það, það er rétt. Og ég skyldi ekkert hafa á móti því, ef tillaga kæmi fram um það að bæta skert lífskjör bótaþega með einhverjum öðrum hætti. En sú ágæta nefnd ómakar sig ekki að benda þá á einhverja eðlilegri eða betri leið til þess að bæta þessi skertu lífskjör bótaþega en verðtryggingu miðað við vísitölu framfærslukostnaðar.

Mér finnst gæta hér þessarar hræðslu, sem orðin er nokkuð útbreidd, ekki sízt í stjórnarliðinu, hræðslu við vísitölu framfærslukostnaðar. Þetta orð er að verða eins konar bannorð hjá ýmsum í landinu og er reynt að útrýma því, þar sem það er hægt. Þetta get ég ekki viðurkennt að sé rétt. Vísitala framfærslukostnaðar er öruggur mælikvarði og mjög eðlilegt, að ýmislegt sé miðað við hana, þegar um það er að ræða að verðtryggja. Enn þá er í mörgum atriðum miðað við vísitölu framfærslukostnaðar, svo sem um verðtryggingu skulda, svo að dæmi sé nefnt. Ég held, að það sé mjög eðlilegt, ef menn á annað borð fallast á, að ástæða sé til að verðtryggja þessar lúsabætur, sem öryrkjar fá og aðrir bótaþegar, þá sé eðlilegast og hagkvæmast að miða við vísitölu framfærslukostnaðar.

Þriðja brtt. í þessu frv. fjallar um það, að landið skuli allt gert að einu verðlagssvæði og bætur hvarvetna hinar sömu og þær eru samkv. ákvæðum fyrsta verðlagssvæðis. Endurskoðunarnefnd almannatryggingalaganna leiðir hjá sér að úrskurða nokkuð í þessu efni, getur þess aðeins í grg. sinni, hvaða kostnað slíkt mundi hafa í för með sér, en virðist annars ekki taka afstöðu til þessa máls. Hins vegar vita það allir hv. þdm., að þessari hugmynd, að gera landið allt að einu verðlagssvæði, vex jafnt og stöðugt fylgi, jafnt innan þings sem utan, og er nú á síðustu tímum töluvert sótt á af hálfu sveitarfélaga, að þessi breyting verði gerð, enda mun hv. heilbr.- og félmn. hafa verið sammála um, að þessa breytingu þyrfti að gera. Það er aðeins sá skoðanamunur, að minni hl. n. vill láta gera það hið fyrsta, en meiri hl. vill draga það og bíða enn um skeið.

Ég tók það fram, að þetta frv. var lagt fram á Alþingi snemma í vetur, löngu fyrir áramót, enda segir svo í 3. gr.: „Frá 1. janúar 1962 skal landið allt vera eitt verðlagssvæði.“ Að sjálfsögðu fær það ekki staðizt í dag, og við í minni hl. leyfum okkur þess vegna að leggja fram skrifl. brtt. til leiðréttingar á þessu, þannig að 3. gr. verði breytt og í stað orðanna „Frá 1. jan. 1962“ komi: Frá 1. janúar 1963. Með þessari brtt., ef hún yrði samþykkt, ætti ekki að vera vandi fyrir alla þá, sem hafa fengið augun opin fyrir nauðsyn á að breyta í þessu efni og gera allt landið að einu verðlagssvæði, að samþykkja þetta atriði og þetta ákvæði frv.

Ég vil svo leyfa mér að óska þess, að hæstv. forseti leiti afbrigða fyrir þessari till.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 792) leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Ég skrifaði undir nál. minni hl. með fyrirvara og vil nú í örfáum orðum gera grein fyrir því, hver fyrirvari minn er.

Ég er alveg fyllilega samþykkur 1. gr. frv. og tel það réttlætismál, að dregið sé úr þeim mun, sem er nú á bótum til þeirra, sem verða fyrir slysum, og hinna, sem verða fyrir orkutapi af sjúkdómsástæðum.

Ég er einnig alveg samþykkur 3. gr., um það, að landið verði gert að einu verðlagssvæði. Ég tel það sjálfsagt réttlætismál, eins og nú er komið, þar sem verðlag og lífskostnaður í landinu má teljast svipaður í öllum landshlutum. En munur var á, þegar landinu var upphaflega skipt í verðlagssvæði. Ég tel þær reglur úreltar og valda á ýmsan hátt erfiðleikum, t. d. að því er snertir búsetu í landinu. Hún hefur truflandi áhrif, sú regla. Þeir, sem eru bóta- og lífeyrisþegar,

leita vitanlega frekar þangað, sem meiri bætur er að fá.

En aftur á móti er það 2. gr., sem er um það að taka upp vísitölu í sambandi við bótaupphæðir, láta þær hreyfast eftir vísitölu, þar er ég ekki á sama máli. Ég sé ekki, að það sé rétt að láta vísitölu verka á þennan þátt, úr því að vísitalan er ekki lengur hrein regla í launamálum, enda er það svo gölluð regla frá mínu sjónarmiði, að varla er hægt að hafa vísitölu nema til hliðsjónar, svona eins og veðurspámaður hefur loftvog til hliðsjónar. Það er eins og nefndin sagði, sem var vitnað til áðan, að það er hægt að leiðrétta bótagreiðslur, ef þær skerðast af dýrtíðar völdum, með öðrum hætti. Og slíkar leiðréttingar á að gera, þegar svo ber við, og ég trúi ekki öðru en það sé til þess að gera, ef menn bara gera sér þess grein, auðvelt að fá samstöðu um slíkt, vegna þess að það er þó yfirleitt mjög ríkt mannúðarsjónarmiðið hjá okkur Íslendingum, og hér er um slíkt að ræða.

Fyrirvari minn er þá gagnvart 2. gr. frv. Ég býst ekki við að greiða henni atkv., en frv. tel ég að öðru leyti réttmætt og meira en það — þýðingarmikið.

Frsm. minni hl. (Alfreð Gíslason læknir): Herra forseti. Ég verð að lýsa undrun nokkurri á afstöðu hv. 1. þm. Norðurl. e. gagnvart 2. gr. frv., því ákvæði að verðtryggja bætur almannatryggginga. Ég skil afstöðu hans að vissu leyti. Hún mótast af afstöðu hans til málsins, þegar um er að ræða atvinnutekjur manna. Hér er ekki um atvinnutekjur að ræða. Við getum kallað það laun, við getum kallað það styrk, sem þessir öryrkjar fá, en það eru ekki atvinnutekjur. Það eru tekjur, sem þeir fá vegna atvinnumissis. Hér gegnir allt öðru máli, enda eins og ég tók fram áðan, að þótt bætur almannatrygginga yrðu verðtryggðar eða vísitölutryggðar, þá mundi það ekki hafa nokkur áhrif á verðbólguna í landinu, hvorki nú né síðar. Ég veit ekki, hvort hv. þm. finnst það eðlilegra, sem gengur og gerist í okkar þjóðfélagi, ef auðugur maður lánar fátækum manni peninga, þá getur hann vísitölutryggt auð sinn með því, hann hefur rétt til þess. Er þetta nokkuð eðlilegra en að rétta öryrkjunum hjálparhönd? Það gilda í mörgum samningum um skuldir þau ákvæði, að upphæðir skuli greiðast í samræmi við vísitölu.

Frsm. meiri hl. (Kjartan J. Jóhannsson): Herra forseti. Aðeins örfá orð. Það er fátt eitt, sem ég þarf að svara. Ég hafði tekið fram í framsöguræðu minni flest af því, sem hv. 9. þm. Reykv. var að tala um núna, en ég vil þó aðeins í sambandi við þessa skrifl. brtt., sem nú kemur fram, segja það, að búizt er við, að endurskoðunarnefndin um tryggingamál, sem nú starfar, muni hafa lokið störfum fyrir næsta þing og leggja brtt. sínar um almannatryggingalögin þá fyrir, og ef sú nefnd kemst ekki að þeirri niðurstöðu, að það sé rétt að hætta verðlagssvæðaskiptingunni, þá er væntanlega tækifæri hér á hv. Alþingi að bæta úr því, og ég er sannfærður um það, eins og fram er tekið í nál. meiri hl., að það er meiri hl. fyrir því með þjóðinni og væntanlega á þingi líka að hætta þessari verðlagssvæðaskiptingu, sem er orðin óeðlileg. En eins og ég tók fram hér áður við umr., er þetta mjög kostnaðarsamt. Að vísu má segja, að það væri tækifæri til þess að sjá fyrir tekjum á næsta þingi með því að gefa þennan frest, sem hv. þm. stingur nú upp á. En ég tel samt ástæðulaust að samþykkja þessa brtt. og eðlilegra, þegar almannatryggingalögin eru í allsherjarendurskoðun, að svona mikilvægar breytingar verði gerðar samhliða öðrum breytingum, sem kunna að vera nauðsynlegar á lögunum eftir þann tíma, sem liðinn er, síðan allsherjarendurskoðun á þeim fór fram.

Ég hafði raunar dálítið gaman af þeim kafla ræðu hv. 9. þm. Reykv., þar sem hann talaði um vísitölu framfærslukostnaðar, og sérstaklega því, er hann sagði, að hún væri öruggur mælikvarði. Ég man ekki betur en það væri ekki talið, á meðan hún var og hét. Þá var ekki meira um annað talað en að hún væri röng og villandi, ef hún væri ekki beinlínis fölsuð. En það er gott, að hún hefur batnað svona mikið við það, að hún eiginlega lézt, ef maður mætti svo orða það.

Viðvíkjandi verðtryggingunni gat ég um það í framsöguræðu minni, að sú hækkun, sem nauðsynleg hefði verið á bótum almannatryggginga, væri þegar komin í framkvæmd að þessu sinni og væri því ekki ástæða til þess að taka það upp núna. Ef eitthvert nýtt form verður fundið, er eðlilegra að gera það í góðu tómi, og ég vænti þess, að sú nefnd, sem er að endurskoða þetta, muni nú finna þá leið, sem heppilegust verður til þess að tryggja það, að öryrkjar beri ekki skarðari hlut frá borði en aðrir þeir, sem verst eru settir í þjóðfélaginu.

Það er sérstaklega annað í sambandi við verðtrygginguna, sem ég vildi aðeins minnast á. Það er, hverjir það eru, sem greiða bæturnar raunverulega. Það eru margir aðilar, og það er sérstaklega frá þessu gengið í lögunum um almannatryggingar, hvernig kostnaðurinn skiptist á hina tryggðu, sveitarfélögin og ríkissjóð. Þess vegna er því nær óframkvæmanlegt að láta bæturnar breytast nema einu sinni á ári. Það þarf að gera áætlun um þetta fyrir fram árlega, hverjar greiðslur hinna tryggðu skuli vera, náttúrlega líka, hverjar greiðslur ríkissjóðs skuli vera og greiðslur sveitarfélaganna, og það er mjög erfitt, þó að það hafi verið gert, að breyta þessu. Ef sérstaklega hefur árað vel hjá tryggingunum, þá hefur það komið fyrir, að það hefur verið gert án þess að breyta gjöldum hinna tryggðu og framlagi ríkissjóðs eða sveitarfélaga á því ári, sem breytt hefur verið. Það hefur stundum verið gert hluta úr ári, ef það hefur árað svo vel hjá tryggingunum að öðru leyti, að þær hafi getað tekið á sig nokkuð af því skakkafalli, sem þær hafa orðið fyrir af þeim sökum. Hinum hlutanum hafa þær þá náð upp aftur, eftir að hægt hefur verið að breyta framlögum ríkissjóðs og sveitarfélaganna á næsta ári.

Ég held, að það sé ekki ástæða til, að ég segi meira um þetta að þessu sinni. Ég legg sem sagt til, að þessi skrifl. brtt. sé felld.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Það er ekki ástæða til þess, held ég, að við, sem stöndum að nál. minni hl., förum að deila, þó að okkur greini ofur lítið á um gildi vísitölu. Ég fyrir mitt leyti tel ekki, að það sé full verðtrygging í því að láta vísitölu ráða. Vísitalan er, eins og ég sagði áðan, meira til hliðsjónar, eins og loftvogin, heldur en hún sé öruggur mælikvarði, enda eru dæmin um það deginum ljósari, að henni hefur verið hagrætt til þess að fá með henni vissar niðurstöður. Slíkur mælikvarði, sem þannig er breytilegur eftir því, hvernig hentar, — eftir því, hvernig hentar einhverjum, sem með völd fara, — hann er ekki æskilegur mælikvarði. Hitt vildi ég segja, að ég mundi vera reiðubúinn til þess að flytja tillögur, sem mér sýndust vera raunhæfari um það, að bætur væru ekki látnar rýrna fram úr því, sem hægt er við að ráða, ekki a. m. k. fram úr því, sem kjör annarra, sem betur mega sín, rýrna.

En það, sem kom mér til þess að biðja um orðið, var sérstaklega það, að hv. frsm. meiri hl. (KJJ) taldi, að ekki væri ólíklegt, að landið yrði að tillögu þeirrar nefndar, sem er að endurskoða almannatryggingalögin, gert að einu verðlagssvæði, jafnvel á næsta ári. Og mér hefur skilizt, að fyrir því muni vera vilji.

Mér fannst það á hv. nm. í heilbr.- og félmn., að hugur þeirra stæði til þess að vilja styðja það fljótlega, að landið yrði gert að einu verðlagssvæði. En hvers vegna að vera að draga það? Hvers vegna að ganga ekki inn á þetta frv., a. m. k. að því er 3. gr. snertir? Þetta er stórt atriði, sem ég veit að fjöldi fólks úti um land, sem lifir á ellilífeyri, bíður eftir, hreint og beint bíður eftir. Hvers vegna að láta það bíða lengur í óvissu, ef mönnum á annað borð kemur saman um, að þetta sé málefni, sem eigi fram að ganga og þurfi sem fyrst að verða gildandi ákvæði? Ég skora þess vegna á þá, sem hafa þessa skoðun, en kannske að öðru leyti telja sig ekki viðbúna að ganga inn á frv., að samþykkja þessa grein. Lagaákvæði í sérstöku frv. um þetta á fullkomlega rétt á sér.

ATKVGR.

Till. frá meiri hl. heilbr.- og félmn. á þskj. 592 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 11:7 atkv.

Lagafrumvörp ekki útrædd.

1. Samningar milli læknafélaga og sjúkrasamlaga.

Á 1. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um framlengingu á samningum milli læknafélaga og sjúkrasamlaga** [2. mál] (stjfrv., A. 2).

Á 5. fundi í Nd., 19. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Hæstv. forseti. Frv það, sem hér liggur fyrir, er flutt til staðfestingar á brbl., sem út voru gefin um sama efni 30. sept. s. l., og fer í aðalatriðum fram á það, að samningur sá, sem í gildi hefur verið á milli læknafélaga og sjúkrasamlaga, verði framlengdur enn um sinn í þrjá mánuði, með nokkrum breytingum þó. Í samningi þeim, sem gilti á milli Sjúkrasamlags Reykjavíkur og Læknafélags Reykjavíkur frá 19. maí 1960, er svo ákveðið, að hvor um sig af aðilunum skuli tilnefna fulltrúa, ekki færri en tvo og ekki fleiri en fimm, í nefnd, er vinni að endurskoðun á öllu skipulagi læknaþjónustu, sem veitt er á vegum Sjúkrasamlags Reykjavíkur, svo og greiðsluháttum fyrir þá þjónustu. Þessi nefnd virðist ekki hafa starfað sem heild fyrr en þá a. m. k. mjög nýlega, en Sjúkrasamlag Reykjavíkur hefur haldið því fram, að það hafi eða stjórn þess gengið eftir því við nefnd Læknafélagsins, að sameiginlegir fundir yrðu haldnir um þetta mál. Í júlílok s. l. sagði Læknafélag Reykjavíkur upp samningnum, sem í gildi var, án þess að nokkuð hefði gerzt í því, að þessi nefnd, sem átti að starfa á vegum Læknafélags Reykjavíkur og sjúkrasamlagsins, hefði komið saman. Hinn 10. ágúst s. l. var aftur á móti lagt fram frv. til breyt. á þessum samningi af formanni samninganefndar Læknafélagsins og lagt til við Sjúkrasamlag Reykjavíkur, að sá háttur yrði tekinn upp eða sú skipun yrði tekin upp á þessum málum, sem þetta samningsfrv. gerði ráð fyrir. Það skal þó tekið fram, að í þessu frv. var ekki getið um eða gert ráð fyrir, hverjar greiðslur skyldu koma fyrir þá þjónustu, sem veitt var af hálfu Læknafélags Reykjavíkur, heldur yrði gerð grein fyrir því síðar, eins og var gert, rétt áður en samningurinn gekk úr gildi.

Þegar þetta uppkast að nýjum samningi var athugað af hálfu stjórnar Sjúkrasamlags Reykjavíkur, kom í ljós, að það tók aðeins til læknishjálpar hjá heimilislæknum, hjá háls-, nef- og eyrnalæknum og hjá augnlæknum, sem var aðeins nokkur hluti þess, sem samningurinn, sem gilt hafði, hafði fjallað um. Þegar eftir því var gengið, hvernig á því stæði, að þetta næði ekki til alls samningsins, var því svarað til, að síðar mundu svo koma tillögur um aðra sérgreinaþjónustu og læknisþjónustu á sjúkrahúsum. Í þessum nýju tillögum fólst, að því er talið var, gerbreyting frá því, sem áður var. Samningaviðræður hófust svo á milli aðilanna um miðjan ágúst s. l., en efni málsins var talið svo yfirgripsmikið af hálfu Sjúkrasamlags Reykjavíkur, að það taldi alveg útilokað að ljúka umr. um þetta fyrirkomulag fyrir 1. okt., eins og þyrfti þó að hafa verið, þar sem samningnum hafði verið sagt upp frá þeim degi að telja.

Samningamenn Sjúkrasamlags Reykjavíkur kváðu samlagið á þessu stigi hvorki geta samþykkt uppkastið né hafnað því í heild. Í fljótu bragði virtist það hafa að geyma bæði óaðgengilega hluti og mjög athyglisverða hluti. Samlagið liti á þetta uppkast sem fyrsta skrefið í þeirri endurskoðun, sem fram ætti að fara. Samlagið vildi athuga uppkastið gaumgæfilega, þar sem í því fælust mjög veigamiklar breytingar á núverandi skipun, ræða við Læknafélag Reykjavíkur um málið og væntanlega koma fram með gagntillögur til athugunar fyrir Læknafélagið. Til alls þessa þyrfti hins vegar talsverðan tíma og miklu lengri en til 1. okt. Í þessu sambandi var bent á, að aðeins 1½ mánuður væri til stefnu, en samlagið hefði ekkert færi haft á að kynna sér uppkastið áður, í öðru lagi, að engar tillögur lægju enn fyrir um sérfræðinga og sjúkrahúslækna, og loks, að enn hefðu engar kaupkröfur verið settar fram. Töldu þeir því óhjákvæmilegt, að ef samningar ættu ekki að falla niður frá 1. okt., þá yrði að semja til bráðabirgða á grundvelli gildandi samnings, á meðan viðræður um skipulagsbreytinguna stæðu. Töldu þeir, að samlagið mundi fallast á að greiða hækkun, eins og opinberir starfsmenn væntanlega fengju, því að hún hafði ekki þá verið ákveðin, á þann hluta af núverandi greiðslum til lækna, sem talinn yrði til launa. Lögðu þeir jafnframt til, að Hagstofa Íslands yrði beðin að reikna út, hvaða hækkun læknar ættu að fá á kostnaðarhlutanum, þar eð allir kostnaðarliðir munu hafa hækkað, og lögðu til, að samið yrði um þær hækkanir, annaðhvort til óákveð-

ins tíma, t. d. með mánaðar uppsagnarfresti, eða þá til ákveðins tíma, t. d. til 1. apríl 1962.

Formaður samninganefndar Læknafélagsins, sem um þetta fjallaði við stjórn sjúkrasamlagsins, tók þessari málaleitun stjórnar sjúkrasamlagsins vel. Nú urðu mannaskipti í nefnd Læknafélagsins vegna brottfarar úr bænum og aðrir komu í staðinn, en þó ekki fyrr en það miklu seinna, að viðræður hófust ekki á ný fyrr en í byrjun septembermánaðar. Þá var enn haldið áfram að ræða þá bráðabirgðalausn, sem þyrfti að fást, á meðan verið væri að semja um aðalatriði og efni málsins, þ. e. a. s. um hina breyttu nýju skipan og um launakröfurnar, sem að vísu voru þá ekki enn, í byrjun septembermánaðar, komnar fram.

Sjúkrasamlagsstjórnin gekk inn á, eftir að þessi mál höfðu verið rædd allýtarlega á milli nefndahlutanna, að greidd yrði uppbót á laun læknanna og þá greiðslu, sem þeim er ætluð fyrir ýmsum kostnaði, sem þeir hafa í sambandi við þjónustu sína, þannig að meðalhækkun á greiðslu sjúkrasamlagsins til læknanna yrði á þessu millibilstímabili um 13%, og er þá reiknað með, að kauphluti greiðslnanna hækkaði um 13.8%, eins og hjá opinberum starfsmönnum, en kostnaðarhlutinn um 11.9% eða 12%, þannig að meðaltalshækkun yrði 13%, og þetta yrði látið gilda frá 1. júlí s. l., eins og hjá opinberum starfsmönnum, og til áramóta, en á því tímabili var gert ráð fyrir að samningaviðræðurnar hefðu farið fram og náðst hefði þar einhver niðurstaða.

Eins og ég hef margtekið fram hér, voru þessar viðræður, sem þarna fóru fram, einungis um þá hlið málsins, sem sneri að bráðabirgðalausn fyrir tímabilið á meðan verið væri að semja, svo að tækifæri gæfist báðum aðilum til þess að reyna til þrautar, hvort um samninga gæti orðið að ræða. Á þetta féllst samninganefnd Læknafélagsins, og var því ekki talið, að út af þessu þyrftu að verða nein vandræði. Enn fremur var leitað til stjórnar Læknafélagsins um málið, og hún féllst líka á þetta fyrirkomulag, að það yrði haft, á meðan leitað væri eftir hinum endanlegu samningum. Síðan kemur það fyrir, að á fundi Læknafélagsins, sem haldinn var um málið skömmu síðar, — það mun hafa verið 13. sept., — var þetta fyrirkomulag fellt, þrátt fyrir það að samninganefnd Læknafélagsins hafði samþykkt það og stjórn Læknafélagsins mælt með því. Þegar svo var komið, var ekki annað eftir að gera en að ganga úr skugga um, hvort nokkur leið væri til þess að komast að einhverri niðurstöðu um hina nýju skipun. En meira að segja á þessu stigi höfðu læknarnir ekki enn borið fram kaupkröfur sínar, þær komu fyrst viku áður en samningurinn átti að ganga úr gildi, svo að það var gefið, að þarna gat ekki verið um mikinn tíma að ræða til þess, að samningaviðræður gætu farið fram,

Þegar svo var komið og sýnilegt, að engir samningar mundu geta náðst, blasti það við, að öll læknaþjónusta í Reykjavík og síðar öll læknaþjónusta, þar sem samningar voru í gildi við sjúkrasamlög, félli niður á vegum sjúkrasamlagsins og að greiðsla yrði ákveðin fyrir þá læknaþjónustu, sem veitt yrði, samkvæmt þeim taxta, sem læknarnir þá settu. Þetta var talið mjög óheppilegt í alla staði, því að það hafði komið í ljós, eftir að Sjúkrasamlag Reykjavíkur hafði gert á því nokkra athugun, að greiðslur samkvæmt taxta læknanna, eins og hann var fram settur í kröfum þeirra, mundi þýða um það bil 100% eða rúmlega það kauphækkun til lækna, og mundi þá sjálfsagt ýmsum, sem á læknisþjónustu hefðu þurft að halda, þykja þröngt fyrir dyrum. Það var þess vegna gripið til þess ráðs að gefa út bráðabirgðalög 30. sept. s. l., sem efnislega voru nákvæmlega eins og samninganefndir sjúkrasamlagsins og Læknafélagsins höfðu gengið frá, áður en félagsfundur Læknafélagsins felldi þá samkomulagsleið. Og þetta var eingöngu gert í þeirri veru að vinna tíma til þess, að halda mætti samningaaumleitunum áfram og að læknisþjónustan gæti farið fram á venjulegan hátt á þessu tímabili, á meðan samningaumleitanirnar stæðu yfir.

Það er að vísu til í lögum ákvæði, sem hefði heimilað ríkisstj. að leysa þetta mál á allt annan og harkalegri hátt, ef í það hefði verið farið, sbr. lögin um réttindi og skyldur lækna. En út í það var ekki farið, heldur eingöngu við það miðað að reyna að vinna tíma til þess að sjá, hvort ekki væri hægt að ná samkomulagi á milli sjúkrasamlaganna og læknanna. Ég get ekki láð sjúkrasamlögunum, að þau vildu hafa lengri tíma en þarna var til umráða, rúman mánuð til þess að athuga skipulagsbreytingarnar og um það bil viku til þess að athuga kaupkröfurnar. Það var gefið, að þetta var ekki hægt að gera á svo stuttum tíma, og mér fannst óbilgirni af læknunum að veita ekki lengri tíma til þess, enda voru þeir greinilega ekki sammála um þá kröfu sína, þar sem samninganefndin var með þessu, stjórnin mælti með því, þó að fundurinn felldi það síðar.

Ég tel svo ekki ástæðu til að ræða þetta frekar að svo stöddu, en vildi leyfa mér að leggja til, að málinu verði vísað til hv. heilbr.- og félmn.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Hér eru nú fyrir Alþingi til staðfestingar ein af þeim mörgu bráðabirgðalögum, sem hæstv. ríkisstj. hefur sett á milli þinga. Formálinn að þessum brbl. flestum er á líka lund, hann er um það, að ástand hafi skapazt, sem af hljóti að leiða mikil vandræði, og þetta margnefnda vandræðaástand, sem sagt er vera í sköpun, er síðan haft sem forsenda fyrir þeirri bráðu nauðsyn, sem á því sé að afstýra vandanum, bæta úr honum með setningu bráðabirgðalaga.

Á þennan hátt var forsendan fyrir bráðabirgðalögunum, sem hér voru rædd fyrir nokkrum dögum, þ. e. a. s. lögunum um bann gegn verkfallsaðgerðum í sambandi við flugfélögin eða utanlandsflug þeirra. Þar var sagt, að svo mikið vandræðaástand hefði skapazt, að á þann hnút hefði orðið að höggva með setningu bráðabirgðalaga af hæstv. flugmálaráðherra. — Jú, það var svo mikið vandræðaástand, sem þá hafði skapazt, að fjárhagur flugfélaganna hlaut að fara í kaldakol, var sagt, ef ekki yrði afstýrt vandræðunum með brbl., flugfélögin að stöðvast,

verða gjaldþrota, og alveg óskaplegt ástand, sem hefði af því leitt, ef ekki hefðu verið sett brbl., sagði hæstv. ráðherra þá. Og um hvað var að ræða í því tilfelli? Það var um það að ræða, að flugfélögin þurftu að semja við örfáa verkamenn á lægstu launum um það að laga svolítið laun þeirra og áttu þess fullan kost. En í stað þess að beita ríkisvaldinu til þess, að málið yrði leyst með hinni einu eðlilegu og sjálfsögðu og löglegu leið, að leysa kaupgjaldsmál hinna fáu verkamanna, sem voru í þjónustu flugfélaganna, með samningum, þá var beitt valdboði á þá, að þeir mættu ekki nota sinn verkfallsrétt, mættu ekki hafa sinn verkfallsrétt sem bakhjall við sinn samningsrétt, og flugfélögin skyldu fljúga áfram án þess að semja við þessa örfáu verkamenn. Skyldi ekki hafa verið heldur eðlilegri lausn á þessu vandamáli að segja við flugfélögin: Þetta er ykkur ekkert fjárhagsspursmál, þið farið ekki á hausinn fyrir það, þó að þið semjið um 12—15% hækkun við ykkar lægst launuðu menn, sem eru örfáir í ykkar þjónustu? Nei, það var ekki fær leið frá sjónarmiði ríkisstj. Það varð að taka réttinn af verkamönnunum og útskýra það með því, að óskaplegu vandræðaástandi hefði verið afstýrt með löggjöf. Það var gert með því að níðast á rétti verkamannanna, níða rétt verkamannanna af þeim með lagasetningu.

Ég verð að játa, að ég er að vísu ekki eins nákunnugur læknamálinu. En þó sýnist mér, að þar hafi verið forðazt að fara þá einu leið, sem sjálfsögð er í launamálum stétta, sem sé að *fara samningaleið, samninga og aftur samninga*, þrautreyna þá, ætla sér til þess nógu langan tíma og lenda ekki í þeim bobba, sem hæstv. ríkisstj. hefur lent í gagnvart læknastéttinni.

Ég tók eftir því, að hæstv. félmrh., Emil Jónsson, talaði um það áðan, að tíminn hefði verið svo ósköp naumur og þess vegna hefði orðið að leysa þetta mikla vandræðaástand, sem svo kirfilega er lýst í forsendum bráðabirgðalaganna, með setningu brbl. Ég lýsi því yfir sem minni skoðun, að svona mál, hvaða stétt sem í hlut á, hvort sem hún er láglaunuð eða hálaunuð, verði ekki leyst með brbl., það sé aðeins ein leið til fyrir hendi: að ná samningum. Ég er hræddur um, að þeirri eðlilegu lausn, samningaleiðinni, sé að mestu leyti lokað, þegar búið er að setja brbl. og skapa þann hita, sem þá skapast á milli þeirra, sem eiga að semja friðsamlega um þessi mál. Ég held, að það sé búið að stórspilla öllum möguleikum til samninga, þegar slíkt hefur gerzt í millitíðinni, þegar hnefi ríkisvaldsins hefur verið rekinn í borðið á milli *samningsaðilanna*.

Þetta mál læknanna er í eðli sínu sprottið af því, að læknastéttin telur sig búa við ósæmileg launakjör og óviðunandi vinnutíma og vinnuskilyrði. Og mér skilst, að þetta mál hafi staðið opið á annað ár og ríkisvaldinu a. m. k. fyrir meira en ári verið fullkunnugt um það, að læknar mundu ekki una hag sínum án þess að fá þar leiðréttingu á. Þess vegna held ég, að það sé gengið nokkuð á snið við sannleikann, þegar það er gert að höfuðafsökun, að tíminn hafi verið naumur til að leysa þessi mál með eðlilegum hætti.

Læknarnir hafa um s. l. aldarfjórðung orðið að leysa sín stéttarmál með samningum við sjúkrasamlögin, og það hefur jafnan tekizt þangað til nú. Nú vildu læknarnir gera tilraun til að fá leiðréttingu á ekki aðeins sínum launakjörum, heldur einnig sínum vinnutíma, og vildu í leiðinni ná samningum um ýmiss konar breytingar á *vinnutilhögun sinni*, að því er þeir töldu til bóta. Læknarnir gera grein fyrir því, að heimilislæknar sem samningsaðilar við Sjúkrasamlag Reykjavíkur verði að annast margvísleg störf, þeir verði að starfa sem almennir heimilislæknar, þeir verði að starfa sem heimilissérfræðingar, einkanlega eru það augnlæknar og hálslæknar, og í þriðja lagi sem sérfræðingar í hinum ýmsu greinum. Læknar segja mér, að þessir síðasttöldu, þ. e. a. s. sérfræðingar í hinum ýmsu sérgreinum læknisfræðinnar, stundi aðallega rannsóknir sjúklinga eftir tilvísun heimilislækna, en megi hins vegar ekki fást við *meðferð sjúklinga á kostnað Sjúkrasamlags* Reykjavíkur. Þó kváðu vera nokkrar undantekningar frá þessu að því er snertir húðlækningar. Þá eiga hinir almennu heimilislæknar í Reykjavík einnig að skipta með sér að vera á læknisverði, þ. e. a. s. á kvöldum, nóttum og helgidögum, og annast þá læknaþjónustu, sem kallar að hinum almennu heimilislæknum. Þetta eru þeir skyldugir að gera, allt þangað til þeir eru fimmtugir. Svona margþætt hafa verið störf heimilislæknanna í Reykjavík, og telja þeir, að þetta eigi ýmsar orsakir, en þó einkum og sér í lagi það, að þeir verði tilneyddir að sinna svona *margvíslegum störfum vegna launakjara sinna*. Það mun ekki vera óalgengt, að sami læknirinn hér í Reykjavík starfi á vegum Sjúkrasamlags Reykjavíkur sem heimilislæknir, sem sérfræðingur að einhverju leyti og jafnvel einnig sem spítalalæknir. Og þetta hrúgast á hinn sama mann, af því að hann verður að vera á snöpum eftir þessum þáttum starfsins til þess að geta framfleytt sér og sínum að mati læknanna. Mér er tjáð, að þeir hafi nú í meira en ár lagt mikla áherzlu á að fá breytingar á þessari starfstilhögun læknanna í Reykjavík með samningum, en orðið lítið ágengt í því efni.

Þá halda læknarnir því fram, að þeir hafi dregizt aftur úr í launum. Fyrir stríð er mér tjáð, að sjúkrasamlagslæknir, heimilislæknir, hafi haft 12 kr. á ári fyrir hvern fullorðinn samlagsmann, sem hann átti að sinna, en nú í haust, áður en 13% álagið kom á laun þeirra, hafi þeir haft kr. 139.90 fyrir sjúkrasamlagsmeðlim fullorðinn. M. ö. o.: það er viðurkennt af þeim, að laun þeirra hafi frá því fyrir stríð tólffaldazt að því er þennan þáttinn snertir. Hins vegar benda þeir á, að læknir hér í Reykjavík komist ekki hjá því að hafa geysilega mikinn tilkostnað í sambandi við að framkvæma sín læknisstörf, og þá kemur það fyrst og fremst til, að þeir verða að hafa góða og örugga bifreið til þess að geta innt læknisstarfið af hendi, og ég hygg, að menn verði að viðurkenna, að hjá því verði ekki komizt. Þeir segja, að fyrir stríð hafi þeir getað keypt góða bifreið fyrir 5000 kr., en það þýðir, að þeir þurftu ekki að vinna nema örfáa mánuði, til þess að hún væri fullgreidd með nokkurra mánaða launum. En nú

segja þeir, — og það fer ekki fjarri réttu, — að til þess að fá jafngóðan bíl þurfi þeir að borga 300—350 þús. kr., og það þýðir, að í flestum tilfellum er það meira en bruttóárstekjur læknis í Reykjavík. Læknarnir segja því, — þetta er ein af þeirra röksemdafærslum um, að laun þeirra hafi rýrnað, — að þessi útgjaldaliður þeirra, sem þeir meta nokkuð stóran, hafi sjötugfaldazt frá því fyrir stríð, en laun þeirra um það bil tólffaldazt.

Annar útgjaldaliður, sem læknarnir telja að hvíli allþungt á þeim hér í Reykjavík, er kostnaður í sambandi við lækningastofur. Sé þarna um að ræða lækni, sem nú er að fá lækningastofu, ungan lækni eða lækni nýkominn í bæinn, eða lækni, sem hefur orðið að skipta um læknisstofu, fær hann varla slíka aðstöðu, gott herbergi með biðstofu á tiltölulega góðum stað í bænum, fyrir minna en 2500—3000 kr. á mánuði, fyrir húsnæðið sjálft án ljóss og hita og ræstingar. Það er því sýnt, að þessi liður í sambandi við rekstur læknis í Reykjavík kostar nokkuð marga tugi þúsunda á ári. Læknarnir telja, að þessi stóri útgjaldaliður við sitt starf hafi a. m. k. þrítugfaldazt frá því fyrir stríð. Við sjáum því, að vegna þeirrar verðlagsþróunar, sem hefur verið í landinu, verða allstórir mínusar, sem dragast frá launum læknanna, þó að mörgum finnist bruttótekjur þeirra vera allháar.

Í þriðja lagi segja læknarnir, að fyrir þær tekjur, sem þeir hafi, verði þeir að vinna óhóflega langan vinnudag. Sumir læknarnir kalla þetta bókstaflega þjökun, vinnuþunginn, sem á þeim hvílir, nálgist það að vera réttnefnd þjökun. Til stuðnings þessari fullyrðingu sinni segja þeir, að heimilislæknir hjá Sjúkrasamlagi Reykjavíkur sé skyldugur til þess að vinna 10 tíma á dag fimm daga vikunnar, en 4 stundir á dag á laugardögum. Þessi skyldustarfstími þeirra gerir 54 stundir á viku. Látum það nú vera, ef þeir gætu látið sér þetta nægja. En þeir segjast ekki komast af með þennan vinnutíma, ef afkomu þeirra og fjölskyldu þeirra eigi að vera sómasamlega borgið. Læknarnir hika því ekki við, ef þeir eiga þess kost, að taka að sér önnur störf, meiri störf, leggja á sig lengri vinnudag, og telja, að nú sé svo komið, að það sé áreiðanlega ekki hollt heilsu læknanna sjálfra, og það sem verra sé, ofþreyttur læknir veiti ekki nægа tryggingu fyrir því að veita örugga og góða læknisþjónustu sjúklingum, sem til hans leita. Og það mundu þó flestir verða að viðurkenna, að sé um það að ræða, að læknar séu ofþjakaðir með of löngum vinnutíma, þá er það alvarlegasta hliðin á því máli, það er það, sem snýr að sjúklingunum, sem þeir eiga að lækna. Ég hygg, að það yrði að viðurkennast, að æskilegast væri, að svo væri búið að læknum, að þeir kæmust sómasamlega af fjárhagslega með ekki miklu meira en 8 stunda vinnudegi.

Á miðju sumri núna hafði Læknafélag Reykjavíkur, eftir því sem mér er sagt, tilbúnar tillögur sínar til breytinga á skipulagi læknaþjónustunnar hér í Reykjavík, og í ágúst voru þessar tillögur lagðar fyrir Sjúkrasamlag Reykjavíkur, en það taldi sig þá ekki við því búið að athuga þessar tillögur þá þegar, heldur bað um nokkurra mánaða frest til þess að athuga þær. Þetta mun hafa strax hleypt heldur illu blóði í forsvarsmenn læknanna, því að þeir töldu, að það væri öruggt, að Sjúkrasamlag Reykjavíkur og forsvarsmenn þess hefðu átt að vera vel kunnugir því, í hverju aðalóskir læknanna til breytinga á starfstilhögun voru fólgnar. Til sönnunar því benda þeir á, að í maímánuði 1960 hafi verið tilnefndir menn í nefnd, sameiginlega nefnd Læknafélags Reykjavíkur og Sjúkrasamlags Reykjavíkur, til þess að endurskoða skipulag læknaþjónustunnar. En það er hins vegar upplýst, að lítið hafi orðið úr störfum þessarar sameiginlegu nefndar, sem átti að taka til starfa í maí 1960, og mér er tjáð, að fulltrúar Sjúkrasamlags Reykjavíkur hafi lítt eða ekki tekið þátt í þessu nefndarstarfi og fulltrúar Læknafélags Reykjavíkur því unnið verkið einir, það að breyta læknaskipuninni og þannig vinnuaðstöðu læknanna, sem þeir hafa lagt mjög mikla áherzlu á, hafi ekki fengið neinar undirtektir.

Þegar nú leið fram í byrjun septembermánaðar í haust, þótti auðsætt, að ekki mundi takast að ná samningum um breytingar á læknaþjónustunni fyrir 1. okt., og þá gerðist það, sem hæstv. ráðh. vék að í sinni framsöguræðu, að stjórn Læknafélags Reykjavíkur og samninganefnd félagsins boðuðu til fundar þann 13. sept., og þar var flutt tillaga af stjórn og samninganefnd, sem sögð var að fæli í sér eiginlega úrslitakosti Sjúkrasamlags Reykjavíkur, þ. e. a. s., að ekki yrði lengra komizt samningaleið við sjúkrasamlagið. Í þessari tillögu fólst, að því væri lýst yfir, að samkomulag hefði náðst milli Læknafélags Reykjavíkur og Sjúkrasamlags Reykjavíkur til bráðabirgða um, að samningar aðilanna frá 19. maí 1960, sem höfðu að vísu þá um skeið legið uppsagðir miðað við 1. okt. í haust, skyldu framlengjast til 1. des. 1961, með þeim breytingum, að allar greiðslur til meðlima Læknafélags Reykjavíkur samkv. þeim samningi skyldu greiðast frá 1. okt. í haust til 1. des. með 13% álagi, en samningurinn síðan að falla úr gildi 31. des. 1961 án uppsagnar. Ég tók eftir því áðan, að þegar hæstv. ráðh. skýrði frá þessu, minntist hann ekki á, að í þessari till., sem var felld — kolfelld, hafi verið boðið aðeins, að kauphækkunin næði til 1. okt. Hann sagði, að það hefði verið boðið, að hún næði til 1. júlí. Ég hygg, að þetta sé rétt, að í þessari tillögu, sem felld var, hafi staðið, að kaupið skyldi hækka um 13% frá 1. okt að telja, en ekki frá 1. júlí, eins og algengast var um launaendurskoðun á þessu ári hjá flestum stéttum og þar á meðal opinberum starfsmönnum. Þetta mun heldur hafa spillt samkomulagsmöguleikum, að þeim var boðið upp á það, að launahækkunin ætti að koma miklu seinna en hjá öðrum, og er því verulegt atriði í þessu deilumáli, sem hefur orðið illvígara stig af stigi. Þá mun hafa verið fallizt á það, að í stað 1. okt. kæmi 1. júlí, en það er fyrst eftir að það hefur valdið leiðindum, ef ekki vonzku, að fyrsta boðið var það, að þeir fengju ekki neina kaupbreytingu fyrr en 1. okt.

Læknarnir halda því einnig fram, að þeir hafi oft fengið að heyra það hjá gagnaðilum sínum, samningamönnum Sjúkrasamlags Reykjavíkur, að það væri óhætt að þjarma nokkuð að þeim í

samningum, því að læknarnir í Reykjavík, sérstaklega eldri læknarnir, þyrðu ekki að búa við það að vera samningslausir, þeir teldu það mikið öryggi í að fá hinar ákveðnu tekjur frá sjúkrasamlaginu, þó að þær væru lágar, að án þess mundu þeir ekki vilja vera og mundu þess vegna sætta sig við flest. Læknarnir telja, að það hafi verið beitt við þá í raun og veru nauðungaraðstöðu út frá þessu og það hafi gert þá enn ákveðnari og harðari í því að sækja fastar sitt mál og láta það sýnast og sjást, að þetta væri á misskilningi byggt. En svo mikið er víst, að meðan á þessum umræðum stóð, var neitað öllum viðræðum við læknana um að fallast á breytingar á læknatilhögun, en á það lögðu þeir ekki síður áherzlu en sín launamál. Nú heyrðist mér þó hæstv. ráðh. segja það hér áðan, að sumt í þessum tillögum læknanna hefði verið óaðgengilegt, en annað í þeim tillögum hefði verið mjög athyglisvert, og er því merkilegt, að engar viðræður skyldu fást um þau atriðin, sem hæstv. ráðh. segir að hafi verið athyglisverð í þessum tillögum.

Eftir að tillagan hafði verið felld á fundi Læknafélagsins 13. sept., komu þessi mál næst á fund í félaginu 22. sept., og þar var borin fram ósk um það, að læknarnir veittu enn frest til 1. des. Þessi fundur mun hafa verið mjög fjölmennur, en þá var sú stifni komin í málið, að þeirri tillögu um að veita frest til 1. des. var vísað frá með miklum atkvæðamun.

Frá því hefur verið skýrt opinberlega, — ég held bæði í útvarpi og blöðum, — að launakröfur læknanna væru ofsalegar, þær væru um yfir 100% hækkun. Læknarnir játa, að þeirra kröfur séu allháar. En þeir gefa þá skýringu á sinni kröfugerð, að um 70—80% krafnanna leiði af þeim breytingum, sem Læknafélag Reykjavíkur vilji gera á fyrirkomulagi við læknisþjónustuna, en aðeins 20—30% af kröfum þeirra beri að skoða sem beina kauphækkun þeim til handa. Og þeir fullyrða, að þeir hafi a. m. k. dregizt aftur úr, miðað við margar aðrar stéttir, á síðustu 25 árum, sem nemi 20—30%. Það er líka kunnugt, að opinberir starfsmenn hafa látið sérfræðinga í tölvísi reikna það út, að þeir hafi yfirleitt dregizt aftur úr og þurfi að gera launakröfur um 30—34%.

Eitt af því, sem læknarnir benda sérstaklega á að hafi valdið launaskerðingu hjá þeim, er lagabreyting, sem gerð var 1955. Þá var það tekið inn í tryggingalögin, að lækni skyldu greiddar 5 kr. fyrir viðtalið og 10 kr. fyrir sjúkravitjun, en læknarnir halda því fram, og ég hygg, að það muni vera rétt, að bein laun þeirra hafi samtímis verið lækkuð um 14%. Nú skulum við segja, að þegar þetta var gert, hafi 5 og 10 kr. gjaldið bætt upp þessa lækkun á launum þeirra, það hafi staðizt á, En hitt mun vera staðreynd, að 5 kr. gjaldið og 10 kr. gjaldið hafa staðið óbreytt nú í 6 ár, og það hlýtur að viðurkennast, að það verður launalækkun. Hafi 5 og 10 kr. bætt upp 14% af föstu launanum þeirra fyrir 6 árum, þá gera 5 og 10 kr. það ekki nú, úr því að það gjald hefur ekki hækkað. Þess vegna er það, og sjálfsagt af mörgum fleiri ástæðum, sem læknarnir halda því fram, að þeir þurfi að fá a. m. k. 30% hækkun á sín beinu laun.

Óefað halda samningamenn Sjúkrasamlags Reykjavíkur því fram, að launakröfur læknanna, eins og þær séu fram settar, séu ekki aðgengilegar. Það er oftast nær venja í upphafi samninga, að kröfurnar séu mun hærri en menn að síðustu sætta sig við, oft er það a. m. k. svo, og vafalaust hefði því verið, ef menn hefðu gefið sér góðan tíma til ýtarlegra samninga, hægt að komast að eitthvað betri kjörum við læknana en hinum upphaflegu kröfum nam. Hins vegar munu samningamenn sjúkrasamlagsins vitanlega halda því fram, að efnahagur sjúkrasamlagsins leyfi ekki, að þeir slaki til við læknana og hækki laun þeirra eða breyti þeirra vinnutilhögun á þann hátt, að til aukinna útgjalda verði. En þá segja læknarnir m. a., að ef Sjúkrasamlag Reykjavíkur fylgdi fram sinni lagalegu aðstöðu til að innheimta samlagsiðgjöld, en á því sé mikill misbrestur, telja þeir, þá mundi Sjúkrasamlag Reykjavíkur fara langt með það að ná inn tekjum upp í þann kostnað, sem af meginþunga af kröfum læknanna leiddi. En fyrst og síðast undirstrika læknarnir það, að Sjúkrasamlagi Reykjavíkur hafi um langan tíma verið vel kunnugt um óánægju læknanna með laun sín og önnur starfsskilyrði, og benda því til sönnunar á, að sagt hafi verið upp samningum á miðju ári 1960, sú samningsuppsögn hafi að vísu verið dæmd ógild af gerðardómi, en allt frá þessum tíma hafi Sjúkrasamlag Reykjavíkur samt vitað það vel, að læknarnir mundu ekki una óbreyttum kjörum samkv. þessum samningum, heldur nota fyrsta tækifæri til þess að segja þeim upp. Þetta hefði því engum þurft að koma á óvart og sé því alls ekki um það að ræða, að Sjúkrasamlag Rvíkur hafi þurft að vera í neinum tímaskorti um það að þrautreyna samninga við læknana. En auk þess hafi ekki fengizt af stað viðræður um ýmsa þætti þeirra mála, sem þeir hafi viljað láta samningana snúast um, engu síður en um launakjörin, nefnilega um læknisþjónustuna og fyrirkomulag hennar, og þar hafi þeim verið mætt af stirðbusaskap, — það er þeirra skoðun.

En sé það aðalafsökunin fyrir hæstv. ráðh., að hann greip til þess óyndisúrræðis að setja brbl. til þess að fresta vandræðum þessa máls, að ekki hafi gefizt nógur tími til samninga, þá er það óafsakanlegt — alveg óafsakanlegt, allra helzt þegar vitað var um það frá miðju ári 1960, að þarna væri risið vandamál, sem yrði að leysa.

Nú sagði hæstv. ráðh. í lok ræðu sinnar, að þessi brbl. hefðu verið sett og skuli gilda til næstu áramóta, ef ekki takist nýir samningar milli þessara aðila innan þess tíma. Nú spyr ég að því: Eru þessir samningar í gangi, — það líður fljótt tíminn til áramótanna, — eða er komið svo, eins og ég gæti frekast búizt við, að vegna setningar brbl. sé búið að eyðileggja alla möguleika til samninga og að þeir komist alls ekki í gang? Það mundi gleðja mig alveg sérstaklega, ef hæstv. ráðh. gæti sagt: Samningarnir eru í fullum gangi og einhverjar vonir til þess, að þeim verði lokið, áður en ævi þessara brbl. lýkur, þ. e. a. s. fyrir áramót.

Nei, það, sem hér hefur gerzt, er sannarlega þess efnis, að þess er ekki að vænta, að læknarnir séu fúsari til samninga og verði samninga-

liprari eftir það, sem gerzt hefur. Þeir hafa verið úrskurðaðir til þess að inna sína læknisþjónustu af hendi, og þeim hefur verið skömmtuð þóknunin fyrir það. Þeir orða það sjálfir þannig, að þeir hafi verið dæmdir í galeiðuþrældóm hjá hæstv. félmrh., Emil Jónssyni, og það er mikið satt í því. Og það finnst mér eðlilegast af öllu, að læknar vilji ekki una neinum galeiðuþrældómi hjá þessum ágæta galeiðustjóra.

Ég lýk svo máli mínu um þetta mál með því að endurtaka, að ég tel í slíkum málum, launamálum stétta, enga lausn til nema samninga og aftur samninga, og að slík mál verði að leysa í okkar þjóðfélagi með samningum, frjálsum samningum. Setning brbl. í svona málum er engin lausn. Það er aðeins frestun á þeim vanda, sem skapazt hefur, og sennilega er vandinn þó alltaf gerður verri með slíku tiltæki. Ég held, að það eigi eftir að sýna sig, að hæstv. ríkisstj. leysi hvorki mál læknanna né verkfræðinganna né láglaunastéttanna með löggjöf. Sú löggjöf skapar aukin vandræði og verður alltaf endanlega brotin niður.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Hæstv. forseti. Ég vissi það fyrir fram, að hv. 4. landsk. þm. var skoðanalipur maður og fljótur að skipta um skoðun. En að hann gerði það svona fljótt, eins og í þessari ræðu, það hefur ekki verið venjulegt hjá honum, það hefur orðið að líða nokkru lengra á milli, þótt maður hafi orðið að horfa upp á, að það blési úr einni átt í dag og annarri á morgun. Hann byrjaði ræðu sína með því, hv. þm., að tala um verkamennina, sem hefðu verið órétti beittir með brbl. um flugið, og að þeir hefðu átt að fá fyrst og fremst tíma til að semja. Þessum fátæku mönnum hefði ekki verið það of gott, þótt þeir fengju þarna 17—20% í launabót, og virtist mér hann bera það tvennt fyrir brjósti, að láglaunamenn í þeim hópi fengju nokkra hækkun og að þessi hækkun færi fram á þann hátt, að það yrðu gerðir um hana samningar á milli aðila, en hún ekki ákveðin öðruvísi. Svo vendir hann sér í einu kasti yfir í læknana. Öll ræða hans var í þá átt að víta það harðlega, að þessi brbl. voru sett, til þess að það gæfist tóm til samningsumleitana, og þá var ekki verið að hugsa um hag þeirra fátæku verkamanna, sem þyrftu að greiða fyrir læknishjálp kannske 100% hærra verð en áður. Hann sem sagt var fljótur að skipta um skoðun eftir því, hvor brbl. voru, brbl. um flugið eða brbl. um læknana, og fór þá mjög sitt í hvora áttina. Annars lagði hv. þm. mesta áherzlu á það í öllum sínum málflutningi, að það væri það einasta rétta að semja sig áfram að niðurstöðu, en ekki að ná henni með valdboði.

Hann vildi líka reyna að láta líta svo út, að það væri Sjúkrasamlagi Reykjavíkur að kenna, að það hefði ekki verið unnið ötullega að því að reyna að fara samningaleiðina. En ég held nú, að hann geti ekki komið þeirri sök yfir á sjúkrasamlagið, vegna þess að sjúkrasamlagsstjórnin heldur því fram og ég ætla með réttu, að nefndarhluti læknanna í þessari endurskoðunarnefnd hafi hliðrað sér hjá því að eiga nokkurt samstarf við fulltrúa samlagsins þrátt fyrir nokkra eftirgangsmuni af hálfu framkvæmdastjóra samlagsins við formann nefndarhluta Læknafélagsins og ábendingu um það, að nú væri unnið að endurskoðun almannatrygginganna og væri því kjörið tækifæri, ef samstaða yrði í samninganefndinni um skipulagsbreytingar, sem útheimtu lagabreytingu. M. ö. o.: því er slegið föstu, að það var ákveðið í samningum á milli Læknafélags Reykjavíkur og Sjúkrasamlags Reykjavíkur í maímánuði 1960, að skipulag þessarar læknaþjónustu skyldi endurskoða og að það skyldu kosnir menn af beggja hálfu til þess að ganga til endurskoðunar á þessu máli. Sjúkrasamlag Reykjavíkur gengur eftir því æ ofan í æ við stjórn Læknafélags Reykjavíkur og þá menn, sem Læknafélagið hafði kosið til þessara starfa, að þeir gengju nú saman til athugunar á málinu og reyndu að koma sér niður á því, hvað ætti að gera. Nei, þeir fengu þetta ekki fram. Læknafélag Reykjavíkur og samninganefnd þess hliðraði sér hjá því að vinna með stjórn Sjúkrasamlags Reykjavíkur og samninganefnd þess að lausn málsins. Og það er fyrst um miðjan ágústmánuð, sem nefndin afhendir Sjúkrasamlagi Reykjavíkur uppkast, sem er einhliða samið af endurskoðunarnefnd Læknafélagsins. Þetta er það, sem gerðist, og þetta er það, sem hefur tafið framgang málsins svo, að það er ekki komið nema á byrjunarstig, þegar samningurinn á milli sjúkrasamlags og læknafélags er að falla úr gildi. Það er þetta, sem mér finnst vera aðalatriði málsins, að Sjúkrasamlag Reykjavíkur óskar eftir því, að það verði gengið til endurskoðunar á fyrirkomulagi læknaþjónustunnar, en fær það ekki, en fær svo framan í sig, þegar samningurinn er að renna út, uppkast um þetta, sem er einhliða unnið af Læknafélaginu.

Hv. þm. sagði, að þetta mál og umr. um það hefðu verið opnar í heilt ár og meira til, og það er rétt. En af hverju var ekki unnið að samningi um málið? Það var af því, að það var eingöngu annar aðilinn, sem var viljugur til þess að ganga til samkomulags. Hann sagði, hv. þm., að það væri að ganga á snið við sannleikann, þegar væri talað um nauman tíma. Það má sjálfsagt lengi deila um það. En þessi tími, sem hann segir að hafi verið til stefnu, var alls ekki fyrir hendi. Tíminn, sem er til stefnu til þess að ræða um skipulagsbreytinguna, er hálfur annar mánuður, því að þá er fyrst lagt fram af hálfu Læknafélagsins þetta uppkast. Og tíminn, sem er fyrir hendi til þess að ganga frá launum fyrir þessa læknaþjónustu, er ekki nema ein vika, því að það er fyrst einni viku áður en samningurinn fellur úr gildi, sem kröfur læknanna eru lagðar fram. Og það vildi ég telja að hv. þm. væri ljóst, sem eigandi aðild að ýmsum kjaradeilum launþega í einu og öðru formi, að ein vika til svo mikilla samninga eins og hér áttu sér stað er hvergi talin hæfileg.

Ég tel mig svo ekki þurfa að ræða þetta meira. Málið lá einfaldlega þannig fyrir, að við blasti, að allir samningar á milli læknafélags og sjúkrasamlags gengju úr gildi. Það hafði ekki gefizt tími eða tóm til þess að ræða þá nema mjög skamman tíma, og það var ekki unnt að komast hjá því að gefa út þessi brbl., ef ekki átti, eins

og ég tók fram áðan, að grípa til annarra og harðhentari ráða, því að í lögum um réttindi og skyldur lækna er heimild fyrir ríkisstj. til þess beinlínis að setja taxta. Úr því að ekki var gripið til þess ráðs og þótti ekki eðlilegt að grípa til þess ráðs og þarf vonandi aldrei að grípa til þess, þá var ekki um aðra leið en þessa að ræða, ef ekki átti að láta brjóta niður þá þjónustu, sem sjúkrasamlögin í landinu hafa veitt og ég tel æskilegt að þau veiti. Og það þykir mér koma úr hörðustu átt, ef hv. 4. landsk. telur sig nú þess umkominn að beita sér fyrir málstað þeirra, sem vilja ekki una við það, að sjúkrasamlögin starfi áfram í landinu.

Þórarinn Þórarinsson: Hæstv. forseti. Mér finnst það ekki úr vegi að byrja mál mitt um þetta frv. með því að varpa fram þeirri spurningu, hvers vegna það er í fyrsta sinn í þingsögunni, sem slíkt deilumál liggur fyrir eins og þetta, — hvers vegna það er í fyrsta sinn í þingsögunni, að reynt er að útkljá deilumál milli sjúkrasamlaganna og læknanna um kjör læknanna með brbl. eins og þeim, sem hér liggja fyrir. Hvers vegna hefur þetta aldrei áður komið fyrir á undanförnum árum, á þeim tíma, sem sjúkrasamlögin hafa starfað? Hvað er það, sem veldur því, að slíkt mál liggur nú fyrir Alþ. í fyrsta sinn? Svarið við þeirri spurningu er ákaflega einfalt. Það liggur í efnahagsmálastefnu hæstv. ríkisstj. og liggur í vinnubrögðum hæstv. ríkisstj. í sambandi við kjarasamninga.

Efnahagsmálastefnan, sem hæstv. ríkisstj. tók upp fyrir tæpum tveimur árum, hefur haft það í för með sér, að stórfelld skerðing hefur orðið á kjörum allra launastétta í landinu, jafnt þeirra, sem eru vel launaðar, og hinna, sem eru lakar launaðar. Og það á að sjálfsögðu sinn mikla þátt í því, að læknarnir hafa nú farið af stað með kröfur sínar og sett fram meiri kröfur en þeir hafa áður gert og mundu ella hafa gert. Þessar efnahagsaðgerðir hæstv. ríkisstj. hafa jafnframt leitt til þess, að launabilið á milli sambærilegra launastétta hér á landi og í öðrum löndum hefur aukizt alveg stórkostlega, þannig að t. d. verkamenn hér á landi hafa nú miklu lakari kjör en áður, miðað við stéttarbræður þeirra í öðrum löndum. Og þetta gildir um íslenzka lækna einnig. Vegna efnahagsaðgerðanna, sem hæstv. ríkisstj. hefur framkvæmt, hefur aukizt mjög bilið á launum lækna hér á landi og lækna annars staðar. Þar sem hins vegar svo háttar til, að víða erlendis er skortur á læknum, þá hlýtur þetta að leiða til þess, að ef kjör íslenzkra lækna fást ekki bætt, þá sækja þeir til starfa í öðrum löndum og ráða sig þangað. Og það er ein hin alvarlegasta hætta í sambandi við þessar efnahagsaðgerðir hæstv. ríkisstj., að stórkostlega hefur aukizt bilið milli launa sérmenntaðra manna á Íslandi og í öðrum löndum, og það veldur því, að sérmenntaðir menn íslenzkir stunda nú í vaxandi mæli störf í öðrum löndum. Þetta gildir ekki sízt um lækna og verkfræðinga, sem nú eru mest eftirsóttu sérmenntuðu stéttirnar. Á þennan hátt hefur stefna hæstv. ríkisstj. skapað hér mjög mikið og alvarlegt vandamál, sem er ein af meginorsökum þeirrar deilu, sem hér er háð, því að það er ekki hægt að vænta þess til lengdar, að Íslendingum takist að haldast á sérmenntuðum mönnum í landinu, ef ekki er hægt að bjóða þeim sambærileg kjör við það, sem annars staðar er hægt að fá. Það verður að vera ein af okkar meginstefnum, og þeirri stefnu er hægt að fullnægja, ef rétt er stjórnað í landinu, að ekki aðeins sérmenntuðum mönnum, heldur líka hinu vinnandi fólki séu tryggð jafngóð kjör og annars staðar. Þetta bil hefur hins vegar stórkostlega aukizt að undanförnu vegna þeirrar efnahagsstefnu, sem ríkisstj. hefur fylgt. Og það er ein af meginorsökum þeirrar deilu, sem hér liggur fyrir.

Önnur aðalorsök deilunnar liggur í því, hvernig hæstv. ríkisstj. tekur venjulega á kröfum um kjarabætur eins og þeim, sem hér liggja fyrir. Menn munu áreiðanlega minnast þess, hvernig hæstv. ríkisstj. tók á kröfum verkamanna fyrr á árinu. Fyrstu viðbrögð hennar voru þau, þegar verkamennirnir, láglaunamennirnir í landinu, báru fram kröfur sínar, að segja: Það er alls enga kauphækkun hægt að veita og það verður engin kauphækkun veitt, það verður engin kjarabót veitt. Og þannig var þetta mál látið dragast á langinn mánuðum saman. Þegar ríkisstj. svo fór að sjá fram á, að það mundi ekki vera hægt að stöðva þessar eðlilegu kröfur verkamanna og láglaunastétta í landinu, þá var boðin 3% kjarabót eða 3% launahækkun. Þannig var svo látinn líða alllangur tími. Þegar sýnt var, að þetta mundi ekki heldur ná fram að ganga, þá var boðin 6% kauphækkun. Og svo endaði þetta að sjálfsögðu með því, að það kom til stórfelldra verkfalla, vegna þess að stjórnin vildi aldrei taka skynsamlega á þessum málum, heldur flæktist á undan með tilboð, sem hún vissi að ekki mundi verða gengið að. Endalokin urðu svo þau, að það var samið um kauphækkanir, sérstaklega hjá þeim stéttum, sem eru betur settar, um vafalaust verulega meiri kauphækkanir en sennilega mundu hafa fengizt fram, ef ríkisstj. hefði í upphafi samið, án þess að til verkfalla hefði komið. Og það eru ákaflega svipuð vinnubrögð, sem hæstv. ríkisstj. hefur valið í því máli, sem hér liggur fyrir.

Eins og hér hefur verið rakið á undan og bæði hefur komið fram í ræðu hæstv. ráðh. og sérstaklega í ræðu hv. 4. landsk. þm., er það ekki aðalkrafa læknanna í þessu máli að fá bætt launakjör. Það er ekki aðalkrafan, þó að það sé ein af þeirra kröfum. Aðalkrafa þeirra er að fá bætt starfskjör, og það er sú krafa, sem þeir hafa sett fram á undan kröfunni um bætt launakjör. Það var viðurkennt af þeim ræðumönnum báðum, sem hér töluðu á undan mér, að þessar meginkröfur læknanna um bætt starfskjör hefðu legið fyrir strax 12. ágúst í sumar, og þá var hægt að byrja samninga um þessa aðalkröfu læknanna. En það mál var lagt í salt. Það var alls ekki gefinn kostur á því að ræða við læknana um þessa aðalkröfu þeirra. Það var látið liggja í salti, í stað þess að sjúkrasamlagið hefði strax átt að hefja viðræður við læknana á þessum grundvelli, því að það lá fyrir, að ef samkomulag næðist við læknana um

bætt starfskjör þeirra, þá mundi verða miklu auðveldara að jafna sjálft launaspursmálið á eftir eða kröfur þeirra um launahækkun, því að meginatriðið hjá þeim var að fá bætt starfskjör. En í stað þess að hefja samninga við læknana um þetta af hálfu sjúkrasamlagsins er það dregið á langinn og ríkisstj., sem að sjálfsögðu á að hafa milligöngu um þetta mál, skiptir sér ekki neitt af því. Þannig leið allur ágústmánuður og þannig leið fram í september. Og svo þegar átti að fara að vinna að málinu þá og eðlilegast var, að ríkisstj. hefði haft milligöngu um að reyna að leysa það, þá var þannig ástatt vikum saman, að hæstv. ríkisstj. var ekki starfhæf. Meiri hluti hennar var alltaf utanlands og jafnvel stundum ¾ ríkisstj., og hún gat þess vegna ekkert sinnt þessum málum. Þessu fylgdi að vísu sá kostur, eins og hefur komið fram í einu stjórnarblaðinu, Alþýðublaðinu, að landið var veizlulaust á meðan, vegna þess að það var enginn ráðherrann heima til að standa fyrir veizlufagnaði, — en af þessu leiddi jafnframt það, að stjórnin var óstarfhæf til þess að vinna að samningamálum eins og þessu, þ. e. að leysa deilu læknanna og sjúkrasamlaga. Og það átti sinn þátt í því, að þetta mál dróst á langinn og komst í eindaga um mánaðamótin september-október, eins og hér hefur verið lýst.

Ég hygg, að þegar nánar er litið á þessi mál, þá hljóti það ekki aðeins að vera óskir læknanna sjálfra, heldur óskir fólksins í landinu, að starfskjör læknanna séu þannig, að þeir geti veitt góða og örugga þjónustu. Við vitum það mjög vel, sem fylgjumst með störfum læknanna, að margir þeirra og sennilega flestir þeirra hafa lengri vinnudag en flestir eða allir aðrir menn í landinu og þeir verða að vera tilbúnir til starfa sinna jafnt á nótt sem á degi. Okkur er líka kunnugt um, að það eru margir hinna efnilegustu lækna þessa lands, sem hafa fallið í valinn fyrir aldur fram, vegna þess að þeir lögðu of hart að sér. Þess vegna er ég alveg sannfærður um, að það mundi ekki hafa mætt neinni andstöðu fólksins í landinu, — neinni andstöðu almennings hér í Reykjavík eða í Kópavogi, — þó að það hefði verið gengið til móts við læknana um það að bæta starfskjör þeirra. En það er meginatriðið í kröfum þeirra, þeir leggja megináherzluna á starfsskilyrðin. Sjálft launamálið hafa þeir látið koma í annarri röð. Og ég er ekki viss um það, þó að hæstv. ríkisstj. áliti sig geta aflað kjörfylgis á því að tala um, hve læknarnir hafi há laun, og reyni að æsa á móti þeim á þeim grundvelli, að þá sé það vilji almennings í landinu, að læknum sé ofþrælkað og þeir geti þess vegna ekki veitt þá öruggu þjónustu, sem nauðsynlegt er. Ég held, að ríkisstj. græði ekki á því að standa á móti óskum læknanna um bætt starfskjör, hvað sem svo kann að líða launaspursmálinu sjálfu á eftir.

Jú, það kom að vísu út úr þessu hjá sjúkrasamlaginu, áður en endanlega slitnaði upp úr, — það er rétt að geta þess, — að læknum var boðin 13% kauphækkun, en engin breyting á starfskjörum, sem var þó aðalkrafa þeirra. En hvað var að gerast í landinu á sama tíma? Hvers konar samningar áttu sér stað á sama tíma? Á sama tíma og þetta gerðist, að læknum var boðið upp á 13% kauphækkun, sem átti ekki aðeins að vera bein kauphækkun þeirra, heldur standa undir stórauknum kostnaði við ýmsan rekstur, sem starfi þeirra er samfara, eins og bílum og ýmsum tækjum, — á sama tíma og læknum er boðið upp á þessi 13% er yfirmaður sjúkrasamlaganna í landinu, hæstv. félmrh., að ganga frá samningum um það við yfirmenn á strandferðaskipunum og yfirmenn á varðskipunum, að þeir fái 27% kauphækkun. En þessir menn þurfa þó ekki að hafa neinn rekstrarkostnað samfara sínu starfi, eins og t. d. læknar þurfa að hafa. Og það gerðist meira. Á þessum sama tíma og læknunum var boðið 13%, bæði til launabóta og til að mæta auknum rekstrarkostnaði við starf sitt, þá er verið að semja við flugmenn um það, að þeir fái raunverulega 33% kauphækkun. Í báðum þessum tilfellum, hjá flugmönnum, sem fá um 33% kauphækkun, og hjá yfirmönnum á varðskipum og strandferðaskipum, sem fá 27% kauphækkun, er miðað við það kaupgjald, sem þeir höfðu, þegar viðreisnarlöggjöfin gekk í gildi fyrir tæplega tveimur árum. Hins vegar er sá taxti, sem kjör læknanna eru miðuð við, miklu eldri en þetta og að því er ég man bezt frá 1952, og hafa, eins og alkunnugt er, stórkostlegar breytingar á verðlagi átt sér stað síðan. Það, sem ríkisstj. gerir svo, þegar þannig er komið út í óefni, vegna þess að ekki er reynt neitt til þess á alvarlegan hátt að ná samkomulagi við læknana, — það, sem hún gerir þá, er að gefa út þau brbl., sem hér liggja fyrir. Í þessum brbl. felst engin lausn, aðeins þriggja mánaða frestur. Og það er áreiðanlegt, eins og hefur komið fram hér í ræðu hv. 4. landsk. þm., að slíkar aðferðir verða ekki til þess að greiða fyrir samkomulagi í þessu máli, þó að það vonandi náist á sínum tíma. Ég held, að það hefði verið miklu hyggilegra af hæstv. ríkisstj. og það hefðu náðst miklu hagkvæmari samningar fyrir alla aðila, ef strax hefði verið gengið til móts við læknana, þegar þeir settu fram sínar meginkröfur 12. ágúst s. l. þá setzt að samningaborðinu með milligöngu ríkisstj. Ég er sannfærður um það, að ef sú vinnuaðferð hefði verið viðhöfð, þá hefði náðst miklu hagkvæmara samkomulag en það, sem kemur til með að nást endanlega, eftir að búið er að setja þá stífni og þrjózku í þetta mál, sem eðlilega leiðir af þeim vinnubrögðum, sem sjúkrasamlagið og hæstv. ríkisstj. hefur í frammi haft við læknana. Sú vinnuaðferð verður ekki til að greiða fyrir lausn þessa máls frekar en sú vinnuaðferð, sem hæstv. ríkisstj. beitti við verkamenn fyrr á árinu, þar sem fyrst var sagt, að þeir fengju ekki neinar uppbætur, þar næst 3%, svo 6%, svo var látið koma til stórkostlegra verkfalla, og þá var samið vafalaust um meiri hækkun a. m. k. til þeirra, sem eru betur settir, heldur en mundi hafa verið samið um án verkfalla, ef fyrr hefði verið gengið í það að ná samkomulagi um lausn þessara mála.

En í sambandi við þessa deilu er ekki ófróðlegt að reyna að gera sér nokkra grein fyrir því, hvernig horfur eru með læknahald í landinu á komandi árum og hvaða áhrif hún getur haft á það, ef hún leysist ekki sómasamlega.

Nú mun þannig hátta til að áliti fróðra manna, að það mun vera nauðsynlegt, að 12—15 nýir læknar bætist við á ári hverju, bæði til þess að mæta auknum fólksfjölda, auknu spítalahaldi og svo til að koma í stað þeirra lækna, sem hætta störfum. Ástandið mun vera þannig í landinu, að það mun ekki vera meira en svo, að þeir læknar, sem fyrir eru, fullnægi þeim þörfum, sem nú eru, og víða er það ekki, eins og kunnugt er í sambandi við læknaskort víða úti um land. Það munu vera horfur á því á næsta ári, að það útskrifist nægilega margir nýir læknar til þess að fullnægja þörfinni á því ári, ef þeir setjast hér að. Hins vegar þegar kemur til næstu áranna þar á eftir og ef miðað er við þá læknanema, sem nú eru á miðstigi og seinasta stigi, þá mun sú aukning, sem þá verður, ekki nægja fullkomlega til þess að mæta þeirri þörf fyrir fjölgun lækna, sem verður á þessum árum, þannig að þótt jafnvel allir þeir læknanemar, sem ljúka námi á næsta ári, setjist hér að, má búast við því, að heldur vaxi læknaskortur í landinu. Ef það bætist svo við, að margir þessara manna leiti sér atvinnu í öðrum löndum og jafnvel þeir læknar, sem nú eru hér starfandi, sem mikil hætta er á að geti orðið, ef þetta mál leysist ekki sómasamlega, þá má búast við því á næstu árum, að hér verði verulegur læknaskortur. Ég hygg, að hæstv. ríkisstj. og stuðningsmenn hennar hefðu gott af því að gera sér grein fyrir þessari staðreynd, að vel getur svo farið, að ef ekki er haldið með fullri sanngirni og eðlilegri sanngirni á þessum málum læknanna, þá komi þjóðin til með að búa við verulegan læknaskort á komandi árum. Þetta verður að hafa mjög vel í huga í sambandi við það, þegar þessi deila verður leyst.

Ég held, að það væri svo heppilegt í sambandi við þetta mál, fyrst það hefur komið hér til þingsins kasta, að það verði látin fara fram athugun á öllu tryggingakerfinu í landinu, á sjúkratryggingakerfinu og öðru tryggingakerfi. Það gengur orðrómur um það, — ég skal ekki fullyrða neitt um það og hef ekki aðstöðu til að fullyrða um það, hve réttur hann er, — að það sé óþarflega mikið starfsmannahald, sem eigi sér stað í sambandi við rekstur sjúkrasamlagsins hér í Reykjavík og í sambandi við rekstur Tryggingastofnunarinnar, og að með bættum starfsháttum hjá þessum stofnunum megi koma fram verulegum sparnaði. En þetta er þingmönnum alveg ókunnugt um, því að störfum þessara stofnana, t. d. Tryggingastofnunarinnar, hefur verið þannig háttað, að ríkisendurskoðunarmenn og Alþingi hefur enga aðstöðu haft til að fylgjast með því, hvernig rekstri þessara stofnana er fyrir komið. Ég skal ekki fullyrða neitt um það, hvort þessi rekstur er aðfinnsluverður, en þrátt fyrir það er hann að mínum dómi rannsóknarverður, vegna þess að Alþingi ber að fylgjast vel með því á hverjum tíma, hvernig starfsháttum slíkra stórra ríkisstofnana er háttað. Ég held, að við hefðum einnig gott af því, að það væri gerður nokkur samanburður á því, hvernig rekstri þessara mála er háttað hér á landi og t. d. á Norðurlöndum, þar sem sennilega er helzt að leita fyrirmynda um framkvæmd þessara mála. Mér er sagt, að í mörgum efnum sé verulegur munur á því, hvernig rekstri slíkra stofnana sé háttað hér á landi og annars staðar á Norðurlöndum, og t. d. sé mikill munur á því, hvernig rekstri sjúkratrygginganna er háttað í Svíþjóð og er svo háttað hér á landi. Ég held, að það væri ærið rannsóknarefni fyrir okkur að kynnast því, hvernig t. d. fyrirkomulag sænsku sjúkratrygginganna er. Ég held, að það sé þess vegna mál til komið, fyrst þetta mál hefur komið hér inn í þingið, að t. d. Alþ. skipaði sérstaka mþn. til þess að athuga allt tryggingakerfið í landinu, hvernig því er fyrir komið, leita eftir fyrirmyndum annars staðar frá, þar sem þær eru beztar fáanlegar, eins og á Norðurlöndum, og athuga síðan, hvaða æskilegar breytingar væri rétt og nauðsynlegt að gera á þessum málum.

Það, sem ég vildi svo seinast gera að umtalsefni, er sú fullyrðing, sem nokkuð ber á og mér virtist koma fram í orðum hæstv. félmrh. hér áðan, þegar hann hóf mál sitt. Þessi fullyrðing er sú, að það sé ekki hægt að veita sérmenntuðum mönnum, eins og læknum og verkfræðingum, sæmileg kjör hér á landi eða sambærileg við það, sem annars staðar þekkist, vegna þess að það verði þá að ganga út yfir láglaunafólkið og skammta því minni skammt. Ég mótmæli fullkomlega þessari afturhaldskenningu. Ég hef þá trú á þessu landi og þessari þjóð, að ef rétt sé stjórnað, þá sé fullkomlega hægt að gera það hvort tveggja í senn, að láta sérmenntaða menn, sem við höfum mikla og vaxandi þörf fyrir í framtíðinni, búa við sambærileg kjör við það, sem annars staðar þekkist, og láta jafnframt verkafólk og bændur og annað vinnandi fólk í landinu búa við sambærileg kjör og annars staðar þekkist. Það á að vera takmark okkar Íslendinga að stefna að því, að við getum boðið okkar sérmenntuðu mönnum og okkar vinnandi fólki sambærileg kjör við það, sem annars staðar þekkist. Og það skulum við líka gera okkur ljóst, að ef okkur tekst ekki að búa þessu fólki, bæði því sérmenntaða og því, sem hefur ekki eins mikla menntun, hliðstæð kjör á við það, sem annars staðar þekkist, þá erum við illa komnir og þá getur orðið hætta á því í komandi framtíð, að það verði ekki aðeins sérmenntaða fólkið, sem kemur til með að leita héðan, en örugglega komum við þá til með að missa það. Nei, það er alveg óhætt fyrir okkur að kasta öllum átrúnaði á þessa afturhalds- og harlómsstefnu, sem nú er haldið uppi af hæstv. ríkisstj. og stuðningsflokkum hennar. Ísland er svo gott land, Íslendingar eru svo dugmikil þjóð, að það er hægt að tryggja sérmenntuðum mönnum hér á landi jafngóð kjör og annars staðar, hægt að tryggja vinnandi fólki jafngóð kjör og annars staðar, ef hér er rétt stjórnað og horfið er frá þeirri kreppu- og afturhaldsstefnu, sem nú ríkir í landinu, og aftur tekin upp sú framkvæmda- og framleiðslustefna, sem áður var.

Hannibal Valdimarsson: Hæstv. forseti. Hæstv. félmrh. taldi, að ég hefði komizt í mótsögn við sjálfan mig í ræðu minni, þegar ég hefði haldið því fram, að hálaunaðir menn eins og læknar ættu að fá lagfæringu á sínum launakjörum að

samningaleiðum, — og því hélt ég sannarlega fram, — en ályktun hæstv. ráðh. af þessu var sú, að það yrðu að vera þeir fátæku, sem borguðu, það væri þess vegna mín kenning, að læknarnir ættu að fá hækkuð laun, samkv. mínum vilja, á kostnað hinna fátæku. Það er eins og hv. 7. þm. Reykv. var að enda við að segja hér áðan, þetta er sú barlómskenning, sem hæstv. ríkisstj. heldur fram í hvívetna. Hún þarf ekki aðeins að traðka á eðlilegum samningsrétti hálaunastéttanna, heldur líka að fótumtroða samningsrétt láglaunafólksins, og það hefur einmitt þessi hæstv. ráðh. gert, bæði með lagasetningunni 1959 og svo aftur með allri stjórnarstefnunni og gengislækkun á gengislækkun ofan nú að undanförnu.

Ég er alveg sannfærður um, að hinir fátæku í landinu vilja, að læknarnir fái lífvænleg kjör, þannig að þeir geti gengið óþreyttir menn eða óþjakaðir menn að sínum störfum og framfleytt sér og sínum. Og það mun vafalaust ekki hneyksla verkalýðsstéttina, þó að kjör lækna væru nokkrum sinnum hærri að krónutölu en verkamannanna. Það hefur alla tíð verið svo, og út frá því hefur verið gengið, að menn, sem hafa kostað sig til langskólanáms, gætu ekki að náminu loknu gengið að vinnu með sömu kaupkjörum og óbreyttir verkamenn.

Það er sannarlega mín skoðun, að það beri að leysa launamál, jafnt hinna lægst launuðu stétta sem hinna hæst launuðu — eða öfugt, með samningum og ekki með valdboði eða lagasetningu. Og sá eilífi útsynningur hæstv. ríkisstj., að vera með brbl. á lofti í hvert skipti, sem þeir komast í árekstur við þessa eða hina stéttina, það er útsynningur, sem á eftir að gusta um þá sjálfa.

Enn dvaldi hæstv. ráðh. mjög við það, að það hefði verið um mikinn tímaskort að ræða til að ráða fram út þessum málum. En þó varð hann að viðurkenna, að á miðju ári 1960 hefði verið tilnefnd sameiginleg nefnd af Læknafélagi Reykjavíkur og Sjúkrasamlagi Reykjavíkur til þess að fjalla um samningaviðfangsefnið, starfsskilyrði læknastéttarinnar og launakjör þeirra. Ég benti á það, að ekkert sameiginlegt starf hefði fengizt út úr þessari nefnd og að síðustu hefðu fulltrúar Læknafélags Reykjavíkur lagt fram sínar tillögur, og það staðfesti hæstv. ráðh. líka, en ekkert kom frá hinum. Samt vildi hæstv. ráðh. halda því fram, að þetta hefði allt verið fulltrúum Læknafélags Reykjavíkur að kenna. Ef þessi nefnd hefði starfað eins og hún átti að starfa og þeir náðu ekki samkomulagi, þá hefði átt að koma sitt álitið frá hvorum, en það kom ekkert frá Sjúkrasamlagi Reykjavíkur eða þess mönnum. Staðreyndin, sem ég styðst því við, er þessi, að nefndarhluti læknanna vann verkið, skilaði tillögum um breytingar á læknaþjónustunni, en nefndarhluti Sjúkrasamlags Reykjavíkur skilaði engu áliti og hefur þannig vanrækt að vinna sitt verk. Auðvitað átti hann að koma með sína sérafstöðu í nál. líka, ef þeir hefðu unnið, en það kom ekkert frá þeim. Ég fæ ekki betur séð en að þarna hafi nefndarhluti Læknafélagsins rækt betur skyldu sína.

En hæstv. ráðh. áréttaði þessa skoðun sína um tímaskortinn enn þá einu sinni með því að segja: Það var ekki nema vika, það var ekki nema vika til samninga, til þess að leysa þetta yfirgripsmikla og vandasama mál. — Og einmitt þetta gefur mér tækifæri til þess að endurtaka enn: Það að ætla sér ekki nema viku til þess að leysa þessi mál, það var að grípa í rassinn á tímanum, og þess vegna fór sem fór. Það var mörgum tugum vikna glatað í starfsleysi, eftir að menn vissu, að þetta vandasama mál blasti við, og það blasti við ekki síðar en á miðju ári 1960, þegar samningunum var sagt upp, og það sköpuðust strax sárindi í málinu, þegar gerðardómur úrskurðaði þá samningsuppsögn ógilda, og þess vegna máttu menn vita, að þegar málið yrði tekið upp aftur, þá yrði að taka á því af sérstakri varfærni. En það var ekki gert.

Það er svo alveg rétt, sem hér var sagt áðan af hv. 7. þm. Reykv., að þumalfingratök hæstv. ríkisstj. á kaupgjaldsmálum eru alveg einstæð, ef það hefur vakað fyrir hæstv. ríkisstj. að halda öllum launabreytingum í skefjum, því að það að neita hinum lægst launuðu um lagfæringu var á móti gervöllum þjóðarviljanum. Það var viðurkennt af öllum, að lægst launuðu stéttirnar yrðu að fá launabætur vegna þeirrar dýrtíðar, sem stjórnarstefnan hafði hvolft yfir þjóðina. En það var sagt: Nei, skal ekki gert. — Og svo þegar búið er að knýja fram 10—12% kauphækkun, þá gerist hæstv. ríkisstj. beint aðili að samningum um 27% hækkun til hálaunaðra manna, því að laun yfirmanna á varðskipunum og vélstjóra og slíkra, sem samið var um síðar, geta ekki hafa farið fram hjá hæstv. ríkisstj. Og svo er látið gott heita að semja við aðrar hálaunaðar stéttir um 33%, en haldið áfram að berja hausnum við steininn gagnvart *lækkunum um lagfæringu á þeirra* kaupi. Í þessu er ekkert samhengi, enginn rökréttur þráður. Ég er þeirrar sömu skoðunar og hv. 7. þm. Reykv., að það væri ekkert óeðlilegt, þó að þessi óleysta samningaþræta læknastéttarinnar við Sjúkrasamlag Reykjavíkur yrði til þess, að fram kæmu rökstuddar óskir og kröfur á Alþingi um það að rannsaka, hvort ekki sé hægt að beita bættum vinnubrögðum, sparnaðaraðgerðum í sambandi við rekstur almannatrygginga og sjúkrasamlagsins. Ég minnist þess, að þegar um það var talað, — og um það var talað árum saman — að sameina rekstur áfengisverzlunar og tóbakseinkasölu, var því lengstum haldið fram, að það mundi ekki spara neitt. Nú hefur þetta hins vegar verið gert, og af því er a. m. k. látið mikið, að það hafi sparað laun margra manna, og minna húsnæði er nú komizt af með. Og það ætti a. m. k. að liggja í augum uppi, að tvö stór bákn ríkisstofnana, eins og Tryggingastofnunin og Sjúkrasamlag Reykjavíkur, sem er orðin mjög fjölmenn stofnun líka, ættu eftir þessari reynslu, og fyrir henni hefur hæstv. fjmrh. nýlega gert grein, að spara verulegt fé. Og ef því fé væri svo varið til þess að bæta starfsaðstöðu læknastéttarinnar og lagfæra laun þeirra nokkuð, þá væri því vel varið og þyrfti þá ekki að bitna á þeim fátæku. En e. t. v. er þetta nú allt saman í athugun hjá hæstv. ríkisstj., því að hún hefur rasjónaliseringu mjög í huga, og einhverja útlenda sérfræðinga hefur hún meira að segja í viðbót við þá innlendu í þjónustu

sinni til þess að athuga hagkvæmni í rekstri og framleiðni í fyrirtækjum og sparnað á öllum sviðum.

Það er áreiðanlegt, að þær ógöngur, sem hæstv. ríkisstj. er komin í í launamálum, launamálum allra stétta, ekki bara láglaunastéttanna, heldur líka hæst launuðu stéttanna, er afleiðing af samdráttar- og dýrtíðarstefnunni. Laun eru komin í algert ósamræmi hjá öllum launastéttum við það, sem er í nágrannalöndum okkar, og það þýðir jafnt hjá þeim hæst launuðu sem hinum lægst launuðu samdrátt, þannig að menn geta ekki leyft sér að lifa á þann hátt, sem menn gátu leyft sér fyrir t. d. 2—2½ ári. Það er orðinn samdráttur, kjaraskerðing hjá öllum launastéttum, og engar þeirra vilja una því, ekki einu sinni þær hæst launuðu. En aðferðin, sem hæstv. ríkisstj. hefur, þegar hún lendir svona í stríði við allar launastéttir, að setja bara lög, brbl., það er haldlaus aðgerð. Verkfallið heldur áfram hjá verkfræðingunum, og nú vill einmitt svo vel til, að hæstv. félmrh. er verkfræðingur sjálfur og ætti þannig að hafa öðrum betri skilyrði til þess að styðja þeirra mál. Þeir fara úr landi, þeir flýja land tugum saman. Og þeir gera annað, þeir eru áfram í verkfalli við hið opinbera. En þeir, sem fara ekki úr landi, setja upp eigin fyrirtæki eða ráða sig í þjónustu einkafyrirtækja, og afleiðingin af verkfallinu virðist vera eingöngu sú, að hið opinbera situr uppi verkfræðingalaust, hvernig sem menn eiga nú að hugsa sér byggðar hafnir, vegi og brýr án verkfræðinga, — ég á a. m. k. erfitt með að ímynda mér, að það sé fært, — og að því rekur, ef ekki er ætlunin að stöðva allar þessar opinberu framkvæmdir, að ríkið verður að kaupa verkfræðiþjónustuna af verkfræðingum í þjónustu annarra fyrirtækja eða hjá fyrirtækjum, sem þeir hafa sett upp, eftir töxtum, og það þættu mér tíðindi, ef það yrði ódýrara ríkinu.

Ég held, að hæstv. ríkisstj. ætti, ef hún hefur afskipti af kaupgjaldsmáli þeirrar stéttar, verkfræðinganna, að stuðla heldur að því, að það mál væri fyrr en seinna leyst með samningum, því að hlutur ríkisvaldsins í því máli verður því verri sem þeir eru látnir standa lengur í verkfalli, og þá verður ríkið og þess fyrirtæki, sem má ekki án verkfræðinga vera, verkfræðingalaust.

Læknavandamálið er á engan hátt leyst, enginn þáttur þess er leystur með brbl. Málið er að öllu leyti jafnóleyst og þann 30. sept., nema að því leyti, hvað aðstaða stjórnarvaldanna er verri, því að samningaviljinn er auðvitað stórum minni eftir þessi harðræði en áður var. Þetta er jafnfánýt aðferð og hjá Münchhausen barón, þegar hann ætlaði að draga sjálfan sig upp úr feninu á hárinu, en það er iðrótt, sem ég held að hæstv. ríkisstj. takist ekki eins og baróninum.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég skal nú ekki lengja þessar umr. mikið. En mig langaði til þess í tilefni af því, sem hér hefur nú komið fram í þessum umr., að leggja fyrir hæstv. félmrh. eina fyrirspurn.

Ég veitti því athygli, um það leyti sem brbl. voru sett, þau sem hér liggja nú fyrir til umr., að þá gaf Læknafélag Reykjavíkur út nokkra grg. um þetta mál, þar sem kom fram rökstuðningur læknanna á sjónarmiðum þeirra í þessari deilu. Þá tók ég eftir því, að fyrsta atriðið, sem læknarnir færðu fram gegn setningu þessara brbl., var það, að félmrh. hefði aldrei rætt við forsvarsmenn læknanna um þetta mál, en hins vegar hefði hann samt sem áður sett þessi brbl., sem læknarnir teldu að tvímælalaust yrðu til þess að torvelda lausn þess máls síðar. Nú vil ég spyrja hæstv. félmrh.: Er þetta rétt? Er hér réttilega frá skýrt? Er það svo í jafnalvarlegu máli eins og þessu og eins og kaupgjaldsmál eru allajafna, að hann sem ráðh. og ríkisstj. grípi til þess að setja brbl. á þann hátt, sem hér hefur verið gert, án þess að ræða við báða deiluaðila og kynna sér málið ofan í kjölinn? Læknarnir halda því líka fram í sinni skýrslu um málið, að það sé augljóst, að ríkisstj. styðjist einvörðungu við málstúlkun annars aðilans í deilunni, forstöðumanna Sjúkrasamlags Reykjavíkur og Tryggingastofnunar ríkisins, og því fari ríkisstj. í stórum atriðum með rangt mál, þegar hún flytur fram rök sín fyrir þessum brbl. Ég veitti því líka athygli í þessum umr., að hæstv. félmrh. sagði mjög oft: stjórn sjúkrasamlagsins heldur því fram, stjórn sjúkrasamlagsins túlkar þetta svona. En ég heyrði hann aldrei vitna í það, hver hefðu svo aftur verið andsvör læknanna í sambandi við þessar fullyrðingar hins aðilans.

Ég er á þeirri skoðun, að það sé ekki hægt að setja brbl. um slík mál sem þetta eða kjaramál almennt nema þá í algerum úrtökutilfellum. Ég get ekki séð, að neitt það hafi legið fyrir í þessu tilfelli, að það hafi gefið ástæðu til þess að grípa inn í málið á þann hátt, sem gert var. Mér finnst hins vegar mjög margt benda til þess, þó að ég skuli ekki gerast hér neinn dómari á milli þessara tveggja aðila, sjúkrasamlagsstjórnarinnar annars vegar og forustumanna læknanna hins vegar, að forustumenn sjúkrasamlagsins hafi verið verulega tregir til þess að ganga til samninga við læknana um það atriði þessarar deilu, sem þeir lögðu mesta áherzlu á, því að það hefur verið viðurkennt af hæstv. félmrh. í þessum umr., að læknarnir hafi lagt fram sínar tillögur og kröfur um breytingar á starfsskipulagi með 1½ mánaðar fyrirvara. Og ég trúi því ekki, að það hafi ekki mátt nota 1½ mánuð til samninga um slík atriði, og það því fremur sem allir aðilar áttu að vita það af langri reynslu, að þessi mál voru orðin þannig, að aðilar vildu ekki við þau una að öllu óbreyttu. Við höfum nokkrum sinnum heyrt það hér á Alþ., og við vitum það mætavel, að kjör lækna og starfsskilyrði þeirra hafa verið að færast í það horf, að stórkostlegt vandamál er í þjóðarbúinu sem heild, og það mál er því á margan hátt sérstaklega viðkvæmt. Læknarnir hafa mjög greiða aðstöðu til þess að fara úr landi og leita sér vinnu annars staðar. Það virðist víða vera möguleiki fyrir þá að fá sér störf erlendis, þar sem þeim er launað miklu betur en hér, og þeir, eins og við vitum, hafa slíka alþjóðalega menntun, að það er á margan hátt greiðara fyrir þá að komast í störf annars staðar, en við mjög knapplega settir með lækna hér innanlands. Ég álít því, að allar

stjórnarráðstafanir, sem eru í þá átt að torvelda, að samkomulag geti orðið á milli læknanna og sjúkrasamlagsstjórnanna eða Tryggingastofnunarinnar, með því að grípa inn í að þarflausu með setningu brbl., slíkar ráðstafanir séu stórvítaverðar. Ég hef líka veitt því athygli í þessum umr., að það stendur hér ómótmælt, að af hálfu forustumanna sjúkrasamlagsins og Tryggingastofnunar ríkisins hafi ekki komið fram neinar formlegar tillögur, eins og læknarnir hafa haldið fram, — það hafi ekki komið fram neinar formlegar tillögur eða tilboð um launakjör og breytingar á starfsskilyrðum þeirra. Þetta sýnist mér að bendi tvímælalaust til þess, að þessir opinberu aðilar, sem þarna eiga hlut að máli, hafi staðið mjög illa í stöðu sinni, og ríkisstj. hefði átt að ýta á þá að sinna sinni sjálfsögðu skyldu um að ganga til samninga í tæka tíð.

Ég skal ekki hafa þessi orð mín fleiri, því að það er langt liðið á fundartímann, en ég vænti þess fastlega, að hæstv. ráðh. svari þessari fsp. minni, því að mér finnst, að svar hans við þessari spurningu segi allmikið um það, hvernig lita ber á þessi brbl. frá hans hálfu. Er það rétt, sem læknarnir halda fram, að hann *hafi sett þessi brbl. án þess að ræða við* forustumenn læknanna um þetta vandamál, sem þarna lá fyrir?

Umr. frestað.

Á 7. fundi í Nd., 23. okt., var fram haldið 1. umr. um frv.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Það er nú ekki ýkjamargt í ræðum þeirra hv. þingmanna, sem síðast töluðu hér í þessu máli, sem ég þarf að svara, en nokkur atriði vildi ég þó mega minnast á.

Rauði þráðurinn í ræðu hv. 4. landsk. þm. var, í hans síðari ræðu, eins og raunar einnig í hinni fyrri, að afgreiðsla þessa máls ætti að vera samningsatriði á milli aðilanna, og ég er honum sammála um það, því að eðlilegast er, að það sé *samið og samningar takist á milli* aðilanna, eins í þessari deilu og öðrum tilsvarandi. Frv. miðar líka að því að sjá til þess, að tími sé til, að aðilarnir geti haldið viðræðum sínum áfram, og málið er ekki leyst og var fjarri því, að það ætti að leysast á þennan hátt til fulls, heldur var meiningin, að samningum yrði haldið áfram og freistað yrði til hins ýtrasta, að samkomulagi yrði náð á þann hátt.

Hv. þm. *vildi raunar telja, að dráttur sá, sem* hefði orðið á samningunum, væri að verulegu leyti Sjúkrasamlagi Reykjavíkur að kenna, þar sem engar tillögur hefðu frá því komið um lausn málsins. Hv. 4. þm. Austf. gekk raunar feti lengra, því að hann fullyrti, að það væri vegna tregðu Sjúkrasamlags Reykjavíkur, að ekki hefðu tekizt samningar, sem er alveg fráleitt, því að það var Sjúkrasamlag Reykjavíkur, sem *gekk eftir því, að samningar yrðu upp teknir*, og þeir voru ekki upp teknir fyrr en raun bar vitni vegna þess einmitt, að Læknafélagið tregðaðist við að taka upp þessa samninga. Hins vegar er það náttúrlega öllum vitað, að þeim, sem samningum segja upp, ef tveir aðilar eigast við, ber að leggja fram sínar tillögur fyrst. Það er ekki eðlilegt, þegar launþegi, ef ég má orða það svo, segir upp samningum, að þá byrji atvinnurekandinn að gera tillögur um lausn deilunnar. Launþeginn á að setja fram sínar kröfur fyrst, og síðan á að tala um þær og reyna að ná um þær eða aðrar samkomulagi. Þess vegna er alveg fráleitt, að ég tel, að það sé hægt að finna Sjúkrasamlagi Reykjavíkur það til foráttu, að það hafi ekki borið fram tillögur í málinu, vegna þess að því bar ekki að bera fram tillögur, heldur þeim, sem samningunum sagði upp.

Annars skal ég ekki rekja gang málsins að nýju. Ég gerði það ýtarlega í minni frumræðu og skýrði þar frá, hvernig þetta hefði gengið fyrir sig og hversu naumur hefði verið tíminn, *þegar kaupkröfurnar komu ekki fram fyrr en viku* áður en samningurinn gekk úr gildi.

Þá er annað atriði, sem mig langaði til að minnast á. Það kom fram, bæði hjá hv. 4. landsk. þm. og einnig hjá hv. 4. þm. Austf., eiginlega mjög nýstárleg kenning, nefnilega sú, að það að hækka laun hátekjumanna, eins og ég held að hv. 4. landsk. hafi orðað það, það þyrfti ekki að ganga út yfir láglaunafólkið, *það eiginlega gæti komið af sjálfu sér*, eins og nokkurs konar manna af himnum, þessi launaaukning læknanna, og þyrfti ekki frá neinum að takast. Þetta er kenning, sem ég held að fái aldeilis ekki staðizt, því að það á sér stað hér eins og annars staðar, að það er ekki hægt að kreditera einn án þess að debetera annan, og þegar einum eru veitt einhver fríðindi, þá er það gert á kostnað einhvers eða einhverra annarra. Við skulum *bara hugsa okkur*, að *laun læknanna hefðu* verið tvöfölduð, eins og krafa þeirra hljóðaði um. Þá er alveg gefið, að Sjúkrasamlag Reykjavíkur hefði orðið að hækka sín gjöld og meðlimir sjúkrasamlagsins hefðu þess vegna orðið að greiða sinn hlut beint af þessum kostnaði. Með hækkuðum sjúkrasamlagsgjöldum hefðu svo fylgt aukin framlög af hálfu hins opinbera, sem einnig hefði verið frá almenningi tekið, *þannig að í einu formi og öðru hefði þetta nátt*úrlega lent á öðrum þjóðfélagsþegnum. Ég held, að um þetta verði ekki deilt og þess vegna sé fráleitt, að hægt sé að hækka laun þessara manna, án þess að það sé nokkurs staðar tekið af.

Það má vel vera, og um það skal ég ekkert fullyrða, að laun lækna séu hér eitthvað lægri en þekkist í nágrannalöndum okkar, og hygg ég þó, að ekki liggi fyrir neinar tæmandi upplýsingar á því sviði, því að það þarf að taka tillit til fleira en launaupphæðarinnar sjálfrar. Það þarf einnig að taka tillit til framfærslukostnaðar og ýmislegs annars, sem verður ekki skilið að, þegar afkoma þessara manna hér og afkoma þeirra erlendis er borin saman.

Hv. 4. þm. Austf. innti mig eftir því, hvort ég hefði aflað mér upplýsinga um gang deilunnar hjá báðum deiluaðilum og þó sérstaklega hjá læknunum. Ég get upplýst hann um það, að ég aflaði mér þeirra upplýsinga. Að vísu hafði ég við hvorugan aðilann beint samband, en ég fylgdist með gangi deilunnar eigi að síður, eins grannt og ég taldi nauðsynlegt að gera, og

vissi á hverju stigi nokkurn veginn, hvernig þeir hlutir stóðu.

Hv. 7. þm. Reykv. taldi, að ríkisstj. hefði borið að hafa frumkvæði um lausn deilunnar. Ég er nú, eins og ég sagði áðan, sammála hv. 4. landsk. þm. að því leytinu, að ég tel, að aðilarnir sjálfir eigi að semja um þetta án íhlutunar ríkisins, ef hægt er að komast hjá því, enda er það svo, að sá *eini hlutur, sem stjórnin hefur átt* að þessari lausn, er að gefa út þessi brbl. til þess að vinna tíma, svo að aðilarnir sjálfir geti haldið áfram samningum beint sín á milli.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að rekja þessar ræður öllu lengra. Mér fannst sannast sagna, að málflutningur þeirra hv. 4. landsk. og 4. þm. Austf., og tók ég nú sérstaklega eftir því hjá hv. 4. landsk. þm., að hann fylgdi ekki þessu máli sínu eftir af sama sannfæringarkrafti og hann hefur stundum gert í öðrum málum, og fannst mér eins og hann gera þetta hálf-utangarna, sem ljósast kom fram, þegar hann fór að tala um galeiðuþrælana, því að ég get ekki ímyndað mér neinn óheppilegri samanburð en að líkja þessum mönnum og þeirra afkomu við galeiðuþrælana gömlu.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Þegar mál þetta var hér síðast á dagskrá, lagði ég eina fyrirspurn fyrir hæstv. félmrh. Ég spurði hann um, hvort það væri rétt, sem læknarnir héldu fram í sambandi við þessa deilu, að hann sem ráðherra hefði sett brbl. án þess að hafa nokkru sinni rætt við læknana um þessi deilumál.

Ég benti hér á, að ég hefði veitt því athygli og fleiri hlytu að hafa tekið eftir því, að læknarnir hefðu einmitt lagt á það höfuðáherzlu, að það virtist vera svo, að hæstv. ráðherra hefði aðeins kynnt sér sjónarmið annars aðilans og farið eftir því, sem forsvarsmenn Sjúkrasamlags Reykjavíkur hefðu sagt honum um deiluna, en hins vegar hefði hann aldrei haft beint samband við forsvarsmenn læknanna.

Ég taldi, að ef hér væri rétt frá skýrt af hálfu læknanna, væri það í rauninni vítavert af hæstv. ráðherra að setja brbl. þau, sem hann *setti, og á þann hátt, sem* það *var gert.* Nú hefur hæstv. félmrh. orðið að staðfesta hér í þessum ræðustól, að læknarnir skýri í þessum efnum rétt frá, hann hafi aldrei átt beint samtal við þá um þessi deiluatriði, en eigi að síður hafi hann skorizt í þessa deilu á þann hátt, sem allir vita, og sett brbl., með þeim afleiðingum, sem læknarnir hafa nú bent á, og ég hygg, að flestir telji, að emnig muni verða, að málið muni verða miklu torleystara á eftir. Hæstv. ráðherra segir að vísu, að hann hafi kynnt sér afstöðu beggja aðila í deilunni, en þó þannig, segir hann, að hann hafi aldrei haft beint samband við forsvarsmenn læknanna, Það er þá sem sé alveg sýnilegt mál, að hann hlýtur að hafa kynnt sér afstöðu læknanna fyrir milligöngu einhverra allt annarra aðila. Ég vakti líka athygli á því í umræðunum, sem fram fóru á síðasta fundi um þetta mál, að það var undarlegt, hvað hæstv. ráðh. vitnaði oft í það í þessum umræðum, sem forsvarsmenn Sjúkrasamlags Reykjavíkur héldu fram, eins og ráðherrann sagði, að þeir segðu þetta og segðu hitt.

Ég held, að það sé enginn vafi á því eftir það, sem nú er komið fram í þessu máli, að hæstv. ráðherra *hefur gert hina mestu skyssu í þessum* efnum og í rauninni staðið alveg óforsvaranlega að málinu. Það að grípa til brbl. í vinnudeilu og það um jafnviðkvæmt mál og þetta mál var er alveg óverjandi, án þess að ríkisstj. hafi gengið til botns í því, hvort hægt er með *því að hafa beint samband* við viðkomandi aðila að ná sættum í deilunni.

Ég hafði ekki tekið þátt í þessum umræðum að neinu verulegu leyti, en lagði fyrst og fremst fram þessa spurningu. Ég vil í tilefni af því, sem nú er fram komið, aðeins lýsa því yfir sem minni afstöðu, að ég tel, að að þessu leyti hafi verið farið mjög illa að í þessu máli og ber að víta það. Það er mjög alvarlegt, ef ríkisstj. er að þarflausu að skerast í leikinn í sambandi við vinnudeilur og setja lög þar um. Slíkt ber vitanlega að forðast. Og ég álít, að það verði að vera alveg sérstaklega þung rök, sem fram eru færð fyrir því að grípa inn í slíkar deilur með setningu laga.

En það er nú orðið sem orðið er í þessum efnum. Eftir stendur málið gersamlega óleyst, eins og allir vita. Sá tími, sem átti að vinnast, hefur ekki unnizt öðruvísi en svo, að engar viðræður munu fara fram á milli þessara aðila og málið í rauninni standa verr en nokkru sinni fyrr. Hvað á svo að gera, þegar þessi brbl. renna út? Framlengja þau með nýjum bráðabirgðalögum, — eða hvað? Málið þarf að leysa, og það verður ekki gert án þess að tala við þá aðila, *sem í deilunni standa, og vilji* ríkisstj. beita sér fyrir því að fá lausn, þá verður hún að gera það.

Ég vil nú vænta, að hæstv. félmrh. sjái, að hann hafi farið hér ranglega að, líklega eftir leiðsögn annarra, og að hann reyni að bæta fyrir það, sem rangt er gert í þessu, með því að hafa nú samband við læknana á beinan hátt og kynna sér afstöðu þeirra beint og milliliðalaust frá þeim og leita síðan eftir því að leysa málið, því að málið þarf að leysast.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég hafði talað tvisvar í þessu máli, svo að ég á víst aðeins rétt á athugasemd og ætla að nota mér það.

Hæstv félmrh. sagði hér áðan, að hann væri mér sammála um, að þetta mál væri þess eðlis, að það bæri að leysa það að samningaleiðum. Ekki þurfum við þá að deila um það. Hann viðurkenndi einnig, hæstv. ráðherra, að málið væri ekki leyst, þ. e. a. s. hann viðurkennir, að setning brbl. í svona máli sé engin lausn, og um það erum við þá einnig sammála. En það, sem ég held fram í viðbót við þetta, er það, að með setningu brbl. á þann hátt, sem hér var gert, hafi lausn málsins verið torvelduð og sé að öllu leyti erfiðari viðfangs en ef ekki hefði verið gripið til slíks óyndisúrræðis.

Þá sagði hæstv. ráðherra, að till. hefði að vísu komið frá læknunum og það hefði átt svo að vera, og þannig stæði ekkert upp á Sjúkrasamlag Reykjavíkur, þó að ekkert kæmi frá þeim nefndarhlutanum. En ég tel sannarlega, að sá nefndarhluti hefði átt að starfa og gera

grein fyrir sínu áliti með öðru nál. En slíku var ekki til að dreifa, og þannig tel ég, að upp á samninganefnd Sjúkrasamlags Reykjavíkur hafi staðið í þessu máli.

Þá var það þetta, að ég hefði haldið því fram, að það þyrfti ekki að taka neitt af fátækum fyrir það, þó að kjör hinna tekjuháu lækna væru löguð, og þetta hefði því litið þannig út, eins og ætlazt væri til þess, að þarna rigndi manna af himnum ofan. Þetta er ekki rétt hjá hæstv. ráðherra. Ég skýrði frá því, að læknarnir teldu, að Sjúkrasamlag Reykjavíkur fylgdi mjög slælega fram lagalegri aðstöðu sinni til innheimtu á samlagsiðgjöldum, og skýrði enn fremur frá því, að þeir teldu, að ef þar væri farið að réttum lögum um innheimtuaðferðir, þá gæti Sjúkrasamlag Reykjavíkur ef til vill fengið tekjur, sem hrykkju langt til þess að verða við meginkröfum læknanna. Þannig hafði ég sannarlega gert grein fyrir því, að uppi væru skoðanir um, að ef til vill væri án breyttra laga og án þess að íþyngja neinum hægt að verða við verulegum hluta af kröfum læknanna.

Þá fannst hæstv. ráðherra það fjarstæða, sem ég gat um, að læknarnir, eftir að þeim hefðu verið skömmtuð laun af löggjafarvaldinu með brbl., teldu sig vera í eins konar galeiðuþrældómi hjá hæstv. félmrh. og hann væri þannig orðinn þeirra virðulegi galeiðustjóri. En það er ekkert furðulegt, þó að þeir líti svo á. Menn líta á það sem mikilsverð mannréttindi að mega setjast að samningaborði með gagnaðila um sín laun og þar með sín lífskjör, og þess vegna finnst þeim frelsi þeirra stórlega skert, þegar gripið er til þess að setja brbl. um að svipta læknastéttina þessum rétti. Og það var þessi réttur, sem læknastéttin var svipt með setningu brbl., og þar með er skert þeirra frelsi, og það hafa þeir leyft sér að kalla galeiðuþrældóm hjá hæstv. ráðherra.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég skal nú ekki eyða löngum tíma í að ræða við hv. 4. landsk. þm. um galeiðuþrældóm læknanna. Það fer álika vel í munni og þegar talað var hér um móðuharðindin á síðasta þingi, og er hvort tveggja álika réttnefni. En ég get ekki stillt mig um að endurtaka það, sem ég sagði áðan, að einhvers staðar þurfa læknarnir að fá sín laun frá, og það er alveg gefið, að ef þeir fá laun sín hækkuð, eins og þeir óskuðu eftir, þá hlýtur það á einn hátt eða annan, beint og óbeint, að koma niður á þeim, sem erfiðasta aðstöðu eiga í þjóðfélaginu, því að það eiga þeir sennilega, sem mest þurfa á aðstoð læknanna að halda.

Báðir þessir hv. þm., sem nú töluðu hér, sögðu, að það væri eiginlega vítavert að gefa út brbl. og að manni skildist að ráða málinu til lykta með lögum. En málinu er alls ekki ráðið til lykta. Það, sem gert er, er það, að það er unninn tími fyrir samningsaðilana til þess að tala saman. Ég skal rifja það hér upp aftur, sem ég sagði síðast, þegar málið var á dagskrá hér í þessari hv. deild, að samninganefnd læknanna og samninganefnd sjúkrasamlagsins ræddu það mjög ýtarlega, hvernig væri hægt að lengja það tímabil, sem til umráða væri til samninga. Samninganefnd læknanna var búin að komast að samkomulagi við samninganefnd sjúkrasamlagsins um að framlengja frestinn um tvo mánuði eða jafnvel lengur til þess að geta rætt um málið betur sín á milli. Stjórn Læknafélagsins hafði líka gengið inn á þetta. En það er fundurinn, félagsfundurinn, sem fellir það, og sýnir þetta, að það hafa verið margir einmitt í hópi læknanna, sem vildu, að þessum samtölum yrði haldið áfram, þó að fresturinn, sem rann út 1. okt., væri útrunninn.

Ég get því ekki séð neitt vítavert í því, þó að það sé greitt fyrir því, að samningarnir geti haldið áfram. Ef það væri með þessum brbl. verið að setja niður deiluna til fulls og ákveða læknunum laun í framtíðinni, þá mætti segja, að það væri eðlilegt og sjálfsagt að tala við báða málsparta beint og gera sér alveg grein fyrir, hvernig málið stæði. En þegar aðeins er um það að ræða að vinna tíma til þess að geta freistað þess enn um stund, hvort ekki næst samkomulag, þá sé ég ekki neitt vítavert í því, heldur alveg þvert á móti. Það er verið að hjálpa til að gera það, sem samninganefnd læknanna og stjórn Læknafélagsins vildu að gert yrði.

Ég þarf ekki að skýra það fyrir hv. þingmönnum, hvað hefði gerzt, ef ekkert hefði verið gert í þessu af hálfu ríkisstj. Samningarnir runnu út 1. okt., og sjúkrasamlagið var þar með sett út úr „funksjón". Borgarar bæjarins hefðu orðið að leita til læknanna beint, án aðstoðar sjúkrasamlagsins, og greiða þeim þann taxta, sem þeim þá þóknaðist að setja upp. Þá hygg ég, að mörgum fátæklingnum hefði þótt þröngt fyrir dyrum. Og ég verð að segja það sem mitt álit, að ég tel, að svona tilræði við sjúkrasamlagið, þá þörfu stofnun, sé svo skaðlegt, að það meira en réttlæti þær aðgerðir, sem gerðar hafa verið með þessum brbl. Það lá alveg ljóst fyrir, þegar brbl. voru sett 30. sept., að það náðist ekki samkomulag og að læknisþjónustan, eins og hún hafði verið framkvæmd áður, var þar með niður fallin, læknisþjónusta á vegum sjúkrasamlagsins, því að við sjúkrasamlagið var enginn samningur. Og það var það, sem ríkisstj. taldi háskalegast af öllu, ef starfsemi sjúkrasamlagsins félli að meira eða minna leyti niður, eins og blasti við, þegar samningurinn hefði átt að falla úr gildi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21:6 atkv. og til heilbr.- og félmn. með 29 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

2. Bann gegn stöðvun millilandaflugs.

Á 1. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um bann gegn stöðvun eða hindrun millilandaflugs íslenzkra flugvéla [6. mál] (stjfrv., A. 6).

Á 4. fundi í Nd., 16 okt., var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., er brbl., sem út voru gefin 6. júní s. l. Hv. þm. er kunnugt um, í tilefni af hverju lögin voru gefin út. Það var af brýnni nauðsyn til þess að koma í veg fyrir, að flugfélögin yrðu gjaldþrota og misstu það traust, sem þau hafa skapað sér á erlendum vettvangi. Farþegafjöldi með Flugfélagi Íslands og Loftleiðum h/f hefur aldrei verið eins mikill og á s. l. sumri. Farþegar með Loftleiðaflugvélum eru nær eingöngu útlendingar, og útlendir ferðamenn með flugvélum Flugfélags Íslands hafa aldrei verið fleiri en nú. Ef stöðvun hefði orðið á millilandaflugi í júníbyrjun s. l., þótt sú stöðvun hefði ekki verið nema tiltölulega fáa daga, — ég tala nú ekki um, ef hún hefði verið nokkrar vikur, — hefði þessi farþegafjöldi tapazt. Þá hefðu þeir, sem voru búnir að panta sér far hjá íslenzku flugfélögunum, afturkallað sínar pantanir, og ekki nóg með það, eftirleiðis hefðu útlendir ferðamenn ekki pantað far hjá íslenzkum flugfélögum, vegna þess að flugfélögin hefðu verið búin að missa það traust, sem þau nú njóta. Þetta er annar þátturinn, sem leiddi til þess, að þessi lög voru gefin út, og svo hitt, að fjárhagur flugfélaganna hefði farið í kaldakol, ef um stöðvun hefði verið að ræða.

Það er ánægjulegt fyrir okkur Íslendinga, sem erum ekki fjölmennari en við erum, hvað flugið hefur rutt sér braut og að íslenzku flugfélögin njóta álits víða um heim, og hinn aukni farþegafjöldi er skýrasti votturinn um það. Íslenzku flugfélögin starfa án beinna styrkja frá því opinbera og eru stöðugt að færa út kvíarnar. Þetta er að verða þýðingarmikill atvinnuvegur hjá þjóðinni. Það munu um 600 manns vera fastir starfsmenn hjá flugfélögunum, og það má því ætla, að um 3000 manns hafi framfærslu sína af þessari atvinnu beinlínis.

Ég held, að það sé ekki ástæða til að svo stöddu að fjölyrða meira um útgáfu þessara laga. Ég held, að hv. þm. hljóti að vera sammála um það út af fyrir sig, þótt þá greini á um margt annað, að við því verði að sporna, að til þess gæti komið, að flugfélögin misstu þá fótfestu, sem þau nú hafa í atvinnulífinu, og þann grundvöll, sem þau hafa skapað sér á alþjóðlegum vettvangi. Menn getur svo greint á um ýmislegt annað. Lög þessi gripu ekki út af fyrir sig inn í þá vinnudeilu, sem stóð yfir. Það voru aðeins örfáir menn, sumir sögðu, að það væru jafnvel ekki nema tveir menn hjá Loftleiðum, sem vinnudeilan næði til, — það má vera, að þeir hafi verið þrír, e. t. v. fjórir, ég hef ekki kynnt mér það nákvæmlega, — en fullyrða má, að hjá báðum flugfélögunum voru þetta aðeins örfáir menn, sem vinnudeilan út af fyrir sig náði til. Þetta var forsvarsmönnum vinnudeilunnar ljóst. Það var vitanlega nokkuð svipað, vinnudeilan í vor og 1955. Þá veittu forstöðumenn vinnudeilunnar Loftleiðum h/f undanþágu. Loftleiðir fengu að halda áfram sinni starfsemi í langa verkfallinu 1955, og þessi undanþága var gefin vegna þess, að það var ljóst, að það hafði ekki bein áhrif á lausn vinnudeilunnar út af fyrir sig, þótt Loftleiðir væru stöðvaðar að því sinni. Eins og það skaðaði ekki gang verkfallsins 1955 að leyfa Loftleiðum þá að fljúga, svo skaðaði það ekki heldur lausn verkfallsins 1961, þótt flugfélögin héldu áfram starfsemi sinni í millilandaflugi. Þessi lög ná aðeins til að leysa eða koma í veg fyrir, að millilandaflugið stöðvaðist. Þau ná ekki til innanlandsflugsins. Ef lögin næðu til innanlandsflugsins, væru vitanlega fleiri menn, sem verkfallið snerti beinlínis. Til þess að fara ekki inn í vinnudeiluna sjálfa með þessum lögum var látið nægja að láta þau gilda um utanlandsflugið.

Ég legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. samgmn.

Eðvarð Sigurðsson: Forseti. Það mál, sem hér liggur fyrir til staðfestingar á brbl., er, eins og hæstv. ráðh. gat hér um, vegna þeirra laga, sem ríkisstj. setti í sumar, meðan á verkföllunum stóð. Hæstv. ráðh. vill láta liggja að því, að þessi lög, sem þá voru sett, hafi ekki gripið inn í þær deilur, sem yfir stóðu í sumar, og hafi ekki haft, að mér skilst, nein áhrif þar á og tilgangurinn hafi ekki verið sá að grípa inn í þau verkföll, sem þá stóðu yfir, þegar brbl. voru sett. Ég held, að þetta sé eins víðs fjarri sannleikanum og nokkuð getur verið.

Við skulum fyrst aðeins rifja upp, hvað um var að ræða í sumar í verkföllunum. Það var, að eftir nærri sex mánaða látlausar tilraunir til þess að fá leiðréttingar á þeim samningum, sem verkalýðsfélögin höfðu sagt upp, raunverulega löngu áður, þá loksins voru tilkynntar vinnustöðvanir, sem hófust síðan í lok maímánaðar, um mánaðamótin maí—júní, hjá fjöldamörgum félögum, m. a. hjá verkamannafélaginu Dagsbrún í Reykjavík, sem á einmitt aðild að þessu máli, þannig að það voru hennar félagsmenn, sem þessi lög fyrst og fremst voru sett gegn. Röskum sex mánuðum áður en verkfallið hófst var rætt við ríkisstj. af hálfu verkalýðsfélaganna og leitað eftir samkomulagi við hana um ráðstafanir, sem gætu komið í veg fyrir það, að til verkfalla þyrfti að koma. Ríkisstj. lét í raun og veru aldrei svo lítið að svara því. Það var ekki fyrr en á miðjum vetri, komið fram í marzmánuð, þegar sameiginleg nefnd, bæði frá verkalýðsfélögunum og atvinnurekendum, gekk á fund hæstv. ríkisstj., að loksins kom neikvætt svar við öllu, sem eftir hafði verið leitað. Það verður sem sagt ekki sagt, að verkalýðshreyfingin hafi í vetur eða í aðdraganda þeirra verkfalla, sem urðu í sumar, farið með einhverju harki og látum og ekki gefið ríkisstj. eða atvinnurekendum svigrúm til þess að átta sig á, hvað í vændum

hlyti annars að vera. Ég þarf ekki að minna á, að ástæðan til þess, að svo var komið, var það, að tvisvar sinnum höfðu gerðir samningar verið skertir allfreklega: Fyrst í byrjun ársins 1959. Ég held, að það sé viðurkennt af opinberri hálfu, þ. e. a. s. af hæstv. ráðherrum, sem þá voru í ríkisstj., að sú kjaraskerðing, sem þá fór fram, hafi a. m. k. numið 6%, kaupið hafi verið lækkað um 6%. Síðan með ráðstöfununum í fyrravetur, veturinn 1960, gengisfellingunni og öllu, sem í sambandi var við gengislækkunina, afnámi vísitöluuppbótanna o. s. frv. Þá var það staðreynd samkvæmt þeim tölum, sem hagstofan gefur út með vísitölunni, að kjör manna höfðu verið skert um 18% frá því í marz 1960 og þangað til í maí í vor, að menn loksins létu til skarar skríða gegn þessum kjaraskerðingum.

Það hlaut þess vegna að vera hverjum manni ljóst og átti a. m. k. að vera þeim, sem áhrif hafa hér og valdaaðstöðu, að til tíðinda hlaut að draga. Ríkisstj. hafði verið vöruð við og þess leitað, að hún gerði ráðstafanir til þess að koma til móts við kröfur verkalýðsfélaganna, svo að ekki þyrfti að koma til neinna stórátaka eða stöðvana.

Hæstv. ríkisstj. lýsti því yfir margsinnis í fyrravetur, þegar gengisskráningarlögin og annað slíkt, viðreisnarmálin öll voru hér til umr., að afskipti af vinnudeilum hugsaði hún sér ekki að hafa, það væri mál, sem verkalýðsfélögin og atvinnurekendur ættu að leysa sín í milli, en hún mundi ekki hafa afskipti af. Ég held, að það verði nú ekki sagt, að ríkisstj. hafi staðið við þetta. Síður en svo. Og ég er ekki heldur að segja, að ríkisstjórnir eigi endilega að láta þessi mál algerlega afskiptalaus. Ég held, að þeim beri að reyna að forða vandræðum, og áreiðanlega á ríkisstj. í málum sem þessum að reyna að koma á sættum milli aðila og reyna að forða vandræðum. En sú hefur nú ekki orðið á raunin.

Hvernig stóðu mál, þegar þessi brbl. voru gefin út? Þá hafði verkfall staðið í röska viku hér í Reykjavík, líklega 9 daga. En tveimur eða þremur dögum áður en þessi brbl. eru gefin út, var samið við verkalýðsfélögin á Akureyri og Norðurlandi, og það var vitað þá, að sams konar samningar mundu gerðir hér í Reykjavík, og það voru aðeins þeir, sem vildu ekki sjá, sem vissu þá ekki, að það var búið að semja um það, sem hlaut að koma. Flugfélögin höfðu markað sína afstöðu við hlið atvinnurekenda. Þau eru bæði í Vinnuveitendasambandi Íslands, að sjálfsögðu fyllilega meðvitandi um það, hvaða skyldur og hvaða réttindi það hefur í för með sér. Flugfélögin höfðu sjálf kosið sér sína stöðu. En þrátt fyrir þetta gaf verkamannafélagið Dagsbrún í Reykjavík flugfélögunum um viku lengri frest frá vinnustöðvun en nokkrum öðrum atvinnurekendum, til þess að þau gætu komið sínum málum í kring. Þessi frestur var af engum notaður, hvorki af flugfélögunum né heldur af ríkisstj. Maður sá það a. m. k., er brbl. komu, að ríkisstj. hafði sannarlega fylgzt með þessum málum. Ekki eitt eða neitt var reynt til þess að ná samkomulagi.

Hæstv. ráðh. sagði hér áðan, að ef ekki hefði verið gripið til þessara ráðstafana, hefðu flugfélögin orðið gjaldþrota. Það er næstum því hlægilegt að segja þetta. En það getur vel verið, að þetta sé rétt, ég ætla ekki út af fyrir sig að rengja það. En veit hæstv. ráðh., hvers konar hégómaupphæð hér var um að ræða, ef flugfélögin hefðu gengið að — við skulum segja öllum kröfum verkalýðsfélaganna? Það er hreinn hégómi í milljóna- og tugmilljónarekstri flugfélaganna og hafði að sjálfsögðu ekki minnstu áhrif á það, að rekstur þeirra kæmi illa út, nema að sjálfsögðu, að með því var hægt að forða þeirri rekstrarstöðvun, sem annars blasti við.

Nei, það var allt annað, sem hæstv. ríkisstj. gerði á þessum tíma, heldur en reyna að koma á sættum, reyna að koma í veg fyrir vinnustöðvunina eða reyna að stytta vinnustöðvunina. Ekkert af þessu var gert, heldur alveg öfugt. Maður skyldi halda, að það hefði beinlínis verið áhugamál hæstv. ríkisstj., að verkfallið í sumar yrði sem allra lengst.

Ég vil nota það tækifæri, sem ég hef hér, til þess að lýsa því yfir, að verkalýðshreyfingin skoðaði þessi lög og skoðar þau enn og önnur slík, sem álíka eru, sem hrein ofbeldislög gagnvart sér. Með slíkum lögum sem þessum er verið að skerða þann rétt, sem verkamenn telja sér helgastan, verkfallsréttinn, sem á að vera þó bundinn í lögum, öðrum íslenzkum lögum, en svo er skertur, þegar mönnum eða ríkisstjórnum býður svo við að horfa, eins og nú hefur orðið reyndin á, sérstaklega varðandi þetta fólk, og er það í annað sinn, sem ríkisstj. setur brbl. til þess að hlaupa undir bagga með þessum milljónafyrirtækjum, sem flugfélögin eru.

Gildistími þessara laga er þannig, að ef Alþingi ætlar að samþykkja þau, þá er um aldur og ævi búið að taka verkfallsréttinn af þeim mönnum, sem eitthvað starfa við millilandaflug. Ég held, að það sé skylda hv. alþm. að skoða hug sinn vel, áður en þeir samþykkja þessi brbl., sem hér er verið að leita staðfestingar á. Það er sem sagt verið með því að svipta alla, sem við millilandaflug vinna, verkfallsréttinum um aldur og ævi, nema önnur lög verði sett, sem afnemi þessi, eða þau afnumin.

Hæstv. ráðh. sagði, að það hefði borið brýna nauðsyn til þess, að þessi lög yrðu sett í sumar. Látum skoðun hans á því liggja milli hluta núna. Ég er búinn að lýsa minni afstöðu til þeirra. En var það ekki sérstakt ástand og mjög tímabundið ástand, sem gerði þetta svona brýnt? Gerði þetta tímabundna ástand í sumar það að verkum, að það skyldu sett lög, sem svipta þessa menn verkfallsrétti um aldur og ævi? Ég vil mjög eindregið skora á hv. dm. að greiða atkv. gegn þessum lögum og það strax við 1. umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 5. fundi í Nd., 19. okt., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18:5 atkv. og til samgmn. með 22 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

3. Sjómannalög.

Á 1. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á sjómannalögum, nr. 41 19. maí 1941 [7. mál] (stjfrv., A. 7).

Á 4. fundi í Nd., 16. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til sjútvn. með 21 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

4. Siglingalög.

Á 1. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á siglingalögum, nr. 56 30. nóv. 1914 [8. mál] (stjfrv., A. 8).

Á 4. fundi í Nd., 16. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þetta mál er gamall kunningi. Það hefur verið hér til umr. bæði á síðasta þingi og áður, svo að það þarf ekki að hafa um það mörg orð. En efni frv. er það að samræma gildandi siglingalög því, sem tíðkast á Norðurlöndum. Hefur verið við Norðurlandalögin miðað við samningu frv., þar sem það er talið eðlilegt, að svipuð ákvæði gildi um þessi efni í þeim löndum, sem nánust samskipti hafa á þessu sviði. Það var gerð ýtarleg grein fyrir frv., þegar það var flutt hér í fyrra. Það var afgreitt úr hv. sjútvn. með meðmælum, en náði ekki endanlegu samþykki, og ég vildi þess vegna vona, að afgreiðsla málsins gæti orðið sú nú í þetta sinn, að það gengi nokkru örar eða fljótar en það gerði síðast, svo að frv. gæti nú orðið að lögum. Frv. er vel undirbúið, að ég ætla, og hefur verið ýtarlega athugað af öllum, sem þar eiga hlut að máli.
Ég leyfi mér að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til sjútvn. með 27 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

5. Áburðarverksmiðja (stjfrv. um verzlun með áburð).

Á 1. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 23. maí 1949, um áburðarverksmiðju [22. mál] (stjfrv., A. 22).

Á 7. fundi í Nd., 23. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 8. fundi í Nd., 24 okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. svipað þessu hefur verið áður flutt hér í hv. Alþingi og er því þingmönnum að nokkru kunnugt. Breyting hefur þó verið gerð á frv. frá því, sem það áður var. Áður var gert ráð fyrir, að Áburðarverksmiðjan h/f fengi einkarétt til þess að flytja inn áburð, en nú hefur þessu verið breytt þannig, að aðrir, sem vildu taka það að sér, gætu það, enda þótt þetta frv. verði að lögum. Í 2. mgr. 1. gr. segir orðrétt:
„Þar til Áburðarverksmiðjan h/f hefur fullnægt þörfum landsmanna á tilbúnum áburði með eigin framleiðslu, getur ríkisstj. falið henni að flytja inn tilbúinn áburð, enda verði áburðurinn seldur á kostnaðarverði, sem háð er samþykki landbrh."
Þegar frv. líkt þessu var til umræðu hér á síðasta þingi, var það gagnrýnt að gefa einum aðila og þá sérstaklega áburðarverksmiðjunni, sem virðist ekki vera allt of vinsæl í augum nokkurra þingmanna, einkarétt til þess að annast þetta. Með þessu móti geta aðrir flutt inn áburð og keppt við áburðarverksmiðjuna, og við skulum þá segja, að það verði nokkur trygging fyrir því, að hér verði ekki nein okurstarfsemi á ferðinni frá hendi áburðarverksmiðjunnar. Hins vegar er það ljóst, að á hverjum tíma verður að vera einhver aðili, sem örugglega tekur það að sér að sjá bændum fyrir nægilegum áburði. Þess vegna er nauðsynlegt, að ríkisstj. feli þeim aðilanum að taka við pöntunum og annast innflutning nægilegs áburðarmagns, ef áburðareinkasalan verður lögð niður. En þetta frv. gerir ráð fyrir því að leggja niður áburðareinkasöluna, ekki vegna þess, að áburðareinkasalan sé illa rekið fyrirtæki, heldur vegna þess, að það hlýtur að vera praktískara að hafa innflutning áburðarins á hendi sama fyrirtækis og framleiðir áburðinn. Áburðareinkasalan hefur raunverulega ekkert starf á hendi nema tvo mánuði ársins. Það þarf að vísu að gera pöntun á áburðinum í október- eða nóvembermánuði, eins og venjulega, en starfsemin er svo aðallega í maí og júní, og þá þarf að taka á móti áburðinum og afgreiða hann. Eigi að síður verður að hafa hér skrifstofuhald allt árið og starfslið. Það leiðir því af sjálfu sér, að það verður einhver sparnaður að því að leggja þetta niður
Við skulum segja, að áburðarverksmiðjan tæki svo að sér innflutning alls áburðar, og það hygg ég að verði. Þótt heimild sé fyrir hendi fyrir aðra að keppa við áburðarverksmiðjuna, þá hygg ég, að hún hafi beztu aðstöðuna til þess að láta bændur hafa ódýran áburð, og þar kemur margt til. Áburðarverksmiðjan er með

sitt starfslið. Hún þarf ekki að bæta við skrifstofuplássi, þótt hún taki að sér að annast innflutning á áburði. Hún þarf ekki að bæta við sig skrifstofuliði, þó að hún taki þetta að sér. Í Gufunesi er bryggja, sem áburðarverksmiðjan á, og þá sjá allir, að það hlýtur að vera ódýrara að skipa áburðinum upp þar heldur en hér í Reykjavík. Í Gufunesi koma til með að verða nægilegar áburðargeymslur. Ekki þarf að leigja pakkhús hér í Rvík, eins og áburðareinkasalan gerir, sé áburðurinn fluttur þangað. Það miðar þess vegna allt að því, að það sé hentugt og það sé tímabært að fela áburðarverksmiðjunni að gera þetta. En þeim, sem tortryggja hana og telja öryggi í því, að hún hafi aðhald, ætti að vera fullnægt með því, að eins og 2. mgr. 1. gr. nú er orðin, getur SÍS eða önnur félög og kaupmenn tekið að sér innflutning á áburðinum, ef þeir treysta sér til þess að gera það á ódýrari hátt en áburðarverksmiðjan. Verði áburðarverksmiðjunni falinn innflutningurinn, verður auglýst eftir pöntunum. Bændurnir ráða því þá sjálfir, hvort þeir panta áburðinn hjá áburðarverksmiðjunni eða einhverjum öðrum aðila, og við getum þá verið sammála um, að þetta sé frjálslegast og frv. í því formi, sem það er nú, frjálslegra en það var áður, — ég get alveg fallizt á það, um leið og ég er sannfærður um, að eftir sem áður verði það áburðarverksmiðjan, sem annast innflutninginn á áburðinum, vegna þess að hún hefur betri aðstöðu til þess en nokkur annar með þeirri aðstöðu, sem hún hefur í Gufunesi. Svo er eðlilegt, að menn vænti þess, að í framtíðinni og kannske í náinni framtíð fari áburðarverksmiðjan að framleiða fleiri áburðartegundir og það verði stöðugt minnkandi magn af erlendum áburði, sem við þurfum að flytja inn. Því minni ástæða er þá til að hafa sérstakt innflutningsfyrirtæki eins og áburðareinkasölu, sem hefur þetta starf með höndum.

Ég hef skilið það þannig, og ég vil leyfa mér að vona, að það sé þannig, að hv. þingmenn vilji keppa að því, að framleiðsla á þeim áburði, sem við þurfum að nota, í fyrsta lagi það, sem við þurfum að nota, áður en við förum að keppa að því að framleiða áburð til útflutnings, verði framleitt hér. Ég vænti, að mönnum hafi ekki snúizt svo hugur, að þeir telji nú ekki ómaksins vert að keppa að þessu marki. Ég vænti, að það sé óbreytt skoðun hv. þingmanna, að það beri að keppa að þessu marki, enda þótt það hafi sézt á prenti nú síðustu vikurnar ýmislegt, sem ég vil telja algerlega óréttmæta gagnrýni á áburðarverksmiðjuna. Ég hef lengi verið í stjórn áburðarverksmiðjunnar, þótt ég sé það ekki núna, og þar hefur verið góð samvinna. Og ég held, að það verði að segja um þetta fyrsta stóriðnaðarfyrirtæki hér á landi, að það hafi tekizt með ágætum að reka það. Hitt kom mér alveg á óvart, þegar ég sá í einu blaði um daginn, að það var verið að gagnrýna mistökin á því, að kornastærðin á áburðinum væri ekki eins og átti að vera. Gagnrýnin er út af fyrir sig réttmæt, vegna þess að kornastærðin á að vera meiri en hún hefur verið. En tónninn í þessum skrifum og málflutningurinn var ekki við hæfi, og hann var ekki á neinn hátt réttmætur.

Nú er það svo, að stjórn áburðarverksmiðjunnar, — mér er kunnugt um það, — hefur gert ráðstafanir til þess, að kornin verði stækkuð, og það má vænta þess, að sú endurbót á verksmiðjunni verði fullgerð á næsta vori. Að þetta hefur ekki verið gert fyrr, er eingöngu vegna þess, að það hefur ekkert fyrirtæki enn verið fáanlegt til þess að gera þessar endurbætur. Það hafa verið ýmsir erfiðleikar á því. En nú á s. l. ári hafa verksmiðjustjórinn og vélaverkfræðingur verksmiðjunnar á sínu ferðalagi um Bandaríkin náð samkomulagi við eitt stórt firma í Bandaríkjunum, sem býðst til þess að gera þetta og hefur gert slíkt við eina verksmiðju í Bandaríkjunum og það tekizt vel. Þessi verksmiðja er nefnilega ekki sú eina, sem hefur ekki framleitt áburð af réttri kornastærð. Það gerðist líka í Bandaríkjunum, um það leyti sem var verið að byggja verksmiðjuna hér, og það er nú fyrir tveimur árum, sem þeim tókst að endurbæta kornastærðina í sínum áburði. Það ætti þess vegna að geta tekizt eins hér.

Það, sem hefur gerzt, síðan áburðarverksmiðjan í Gufunesi tók til starfa, er það, að hún hefur fullnægt þörfinni innanlands á köfnunarefnisáburði. Verðlag áburðarins hefur aldrei verið hærra en sambærilegur innfluttur áburður hefði kostað, stundum lægra, og enda þótt kornastærð áburðarins hafi ekki verið eins og bændur hafa óskað, hefur efnasamsetningin verið eins og hún átti að vera, þ. e. 33% köfnunarefni, enda kvarta bændur ekki undan því, að ekki spretti sú jörð, sem þessi áburður er borinn á. Það kvarta ekki aðrir bændur undan því en þeir, sem bera á eingöngu köfnunarefnisáburð ár eftir ár. Það hlýtur að hefna sín, því að þá fær jörðin ekki þau efni, sem hún þarf til þess að geta borið ávöxt. Þess vegna verður að bera steinefnaáburð á jörðina með. En það er einmitt þannig verksmiðja, sem okkur vantar og æskilegt er að við getum komið upp. Það er þess vegna einnig, sem sízt er ástæða til að vera að halda í einkasölu á áburði, þegar áburðarverksmiðjan er starfandi, áburðarverksmiðjan, sem ríkið á meiri hluta í, á 3/5 hluta í, en aðrir aðilar 2/5. Og það væri vissulega rangt, ef því væri haldið fram, — reyndar hefur það verið gert, því hefur verið haldið fram, — að þetta fyrirtæki væri okurstofnun. En það var fyrst á árinu 1960, sem hluthafarnir fengu 6% vexti af hlutabréfunum. Allt frá því 1951, þegar hlutafé var greitt, hafa þeir átt hlutafé í verksmiðjunni vaxtalaust, fengu 6% vexti 1960. Þetta er nú sá hagnaður, sem hluthafarnir hafa fengið. Þeir hafa ekki heldur gert kröfu til þess, því að þegar þeir lögðu sitt fjármagn í þetta fyrirtæki, var það ekki í því skyni að hagnast persónulega á því, heldur til þess að hjálpa til að koma upp þjóðnýtu og góðu fyrirtæki, og það er það, sem áburðarverksmiðjan er, fyrsti vísirinn að stóriðnaði, vísir, sem hefur ekki brugðizt, heldur lofar góðu og ætti að verða til uppövunar, til þess að prjóna við fleira af slíku tagi.

Það er gert ráð fyrir því í þessu frv., að eignum þeim, sem áburðareinkasalan á, sem munu vera um 5 millj. kr., verði varið til vísinda-

starfsemi í þágu landbúnaðarins, til jarðvegsrannsókna og til þess að reisa rannsóknarstofur og önnur þau húsakynni, sem slíkri starfsemi eru nauðsynleg, og með frv. er prentuð greinargerð eftir dr. Björn Jóhannesson jarðvegsfræðing. Þetta er eitt af því nauðsynlegasta fyrir landbúnaðinn, að það séu gerðar jarðvegsrannsóknir og að það geti legið ljóst fyrir, hvað þarf að bera mikinn áburð og hvaða áburðartegundir á hvern blett, sem á er borið, því að ef það er borið skakkt á völl, þá er verið að sóa verðmætum. Það er kannske borinn allt of mikill áburður á sums staðar, gæti fengizt eins mikill ávöxtur, þó að það væri borið allt að því helmingi minna, og það eru bornar skakkar áburðartegundir á hina ýmsu bletti í hinni ræktuðu jörð, vegna þess að það vantar nauðsynlegar upplýsingar. Þessum sjóði, sem safnazt hefur á rúmlega 30 árum hjá áburðareinkasölunni, verður ekki varið betur á annan hátt og mundi ávaxtast örugglega vel í þágu landbúnaðarins með þessum hætti.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða að svo stöddu meira um þetta, en legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hæstv. landbrh. hefur lagt fram hér stjórnarfrv. um breyt. á lögunum um áburðarverksmiðju. Þessum hæstv. landbrh. var falið af Alþingi fyrir rúmu ári að athuga mál um áburðarverksmiðjuna, sem þá lá fyrir Alþingi. Það var þá vísað til ríkisstj. og þar með náttúrlega fyrst og fremst til hæstv. landbrh. frumvarpi, sem ég hafði lagt hér fyrir um áburðarverksmiðjuna, því var vísað til ríkisstj. af meiri hl. fjhn., fulltrúum allra flokka annarra en Alþb., með svo hljóðandi nál., sem var að finna á þskj. 368 þá og ég leyfi mér að lesa upp, með leyfi hæstv. forseta:

„Sams konar frv. eða svipað hefur áður verið flutt á þingi, en ekki hlotið afgreiðslu.“ Það var sem sé það frv., sem ég flutti um breyt. á lögunum. „Verður að viðurkenna, að hér er um mjög veigamikið mál að ræða, þar sem ekki er talið ótvírætt um eignarrétt áburðarverksmiðjunnar samkv. 3. og 13. gr. áburðarverksmiðjulaganna. Í 3. gr. er svo ákveðið, að verksmiðjan skuli vera sjálfseignarstofnun. Í 13. gr. eru hins vegar ákvæði um, að ríkisstj. sé heimilt að leita eftir þátttöku félaga eða einstaklinga um hlutafjárframlög og verksmiðjan skuli þá rekin sem hlutafélag. Eftir að þessi heimild var notuð, hafa komið fram á Alþingi nokkuð skiptar skoðanir um eignarréttinn að verksmiðjunni. Meiri hluti fjhn. telur rétt, að málið fái afgreiðslu á þinginu, og leggur til, að því sé vísað til ríkisstj. til athugunar.“

Framsögu fyrir hönd meiri hl. hafði þá núv. hæstv. dómsmrh. M. ö. o.: í lok þess Alþingis, sem byrjaði 1959 í nóvember, — og þá tók núv. hæstv. ríkisstj. við, — var samþykkt, vegna þess að að áliti þessa meiri hl. í nefndinni lék vafi á um eignarrétt verksmiðjunnar, að fela sérstaklega hæstv. landbrh. að athuga þetta mál og þá náttúrlega að bera fram, þegar búið væri að athuga það, tillögur hér á Alþingi. Hvað gerir nú hæstv. landbrh.? Nú leggur hann fram frv., sem er að vísu svipað og frv., sem hann hefur lagt fram á undanförnum tveim árum, en hafði um leið tækifæri til þess að koma með í þessu frv. breytingar í samræmi við það, sem ég hafði lagt til að þyrfti að gera til þess að breyta lögunum um áburðarverksmiðjuna, og taka af öll tvímæli um eignarréttinn á henni. Hæstv. landbrh. var um nokkurt skeið hér í fjhn. þessarar hv. deildar.

Mér er ósköp vel kunnugt um, að hæstv. núv. landbrh., alveg eins og núv. hæstv. dómsmrh., hafa báðir, eins og líka fram gekk af áliti meiri hl. fjhn., sem ég las upp áðan, verið í vafa um, hvernig ætti að líta á eignarréttinn á áburðarverksmiðjunni. En hvað gerir nú hæstv. landbrh. í þeirri ræðu, sem hann flytur hér áðan? Hæstv. landbrh. segir orðrétt, að ríkið eigi þessa verksmiðju að 3/5 hlutum, en einstakir hluthafar eigi hana að 2/5 hlutum. Ég vil spyrja hæstv. landbrh.: Segir hann þetta að yfirlögðu ráði og að athuguðu máli, eða skrapp þetta út úr honum? Hefur hann athugað, hvernig þessu máli er varið, og komizt að þeirri niðurstöðu, sem þessi orð báru vitni um? Eða sagði hann þetta óvart? Það er orðið alveg óhjákvæmilegt, að úr þessu máli verði skorið. Það er enn svo hér í þjóðfélaginu, að það er verið að refsa mönnum fyrir ýmsa smáþjófnaði, svipta þá frelsi, svipta þá jafnvel kosningarétti. En ef það á að stela úr eigu ríkisins stærsta stóriðjufyrirtæki, sem til er á Íslandi, sem nú er áreiðanlega yfir 300 millj. kr. virði, með aðstoð ráðherra í ríkisstj. Íslands, þá er skörin farin að færast upp í bekkinn. Þegar Alþingi og meiri hlutinn á Alþingi er orðinn svo múlbundinn, að hann þorir ekki að hreyfa sig eða láta sínar skoðanir í ljós, þegar þannig er verið að fara með eigur ríkisins, þá er komið illa fyrir meiri hluta Alþingis. Lögin eru ótvíræð. Lögin mæla svo fyrir um, að þetta fyrirtæki er sjálfseignarstofnun, rétt eins og t. d. Landsbankinn. Og allt, sem þannig hefur verið lögfest sem sjálfseignarstofnun, er eign þjóðarinnar. Það vita allir, hvernig það er til orðið, 13. gr. og orðalagið þar, að verksmiðjan skuli rekin sem hlutafélag. Útlend áhrif komu til við síðustu umr. málsins í síðari deild. Ég ætla ekki að rekja það mál, það hefur verið rakið hér áður. En það, sem er ósvífið, er að ætla nú smátt og smátt með yfirlýsingum ráðh. á Alþingi, meira eða minna máske lítt athuguðum, að gera þessa ríkisstofnun að hlutafélagi, að einkafyrirtæki og að svipta ríkið eignarhaldinu á henni. Og ég vil vekja athygli á því, að haldist ráðamönnum þjóðarinnar uppi að framkvæma svona hluti með þeim aðferðum, sem nú er verið að reyna að framkvæma þetta viðvíkjandi áburðarverksmiðju ríkisins, þá er hægur eftirleikurinn. Það er jafnauðvelt að gefa út, þegar þetta Alþingi væri sent heim, bráðabirgðalög um að gera Landsbanka Íslands að hlutafélagi með 10 millj. kr. kapítali, úthluta þeim hlutabréfum kannske á nafnverði til réttra manna. Það eru engin takmörk fyrir, hverju hægt er að stela af ríkinu, ef farið er inn á þetta. Þess vegna þykir mér það hart, að nú skuli vera komið fram hér frv., sem fjallar um breyt. á l. um áburðarverksmiðju, en að fram hjá þessu máli skuli gengið og að hæstv. landbrh. skuli um leið hafa þau um-

mæli, sem hér eru höfð. Og skal ég nú víkja nokkuð að þessu frv. og því, sem er aðalatriðið í því.

Fyrsta aðalatriðið í þessu frv. er að afhenda áburðarverksmiðjunni það vald og það starf, sem Áburðarsala ríkisins hefur nú. Áburðarsala ríkisins er ríkisfyrirtæki, sem starfað hefur í 32 ár. Samkvæmt þeirri skoðun, sem hæstv. landbrh. virðist hafa, á að leggja þetta ríkisfyrirtæki niður, en afhenda verkefni þess hlutafélagi. M. ö. o.: það, sem hefði verið rétt að gera, var að taka af allan vafa um það, sem til er í hugum sumra manna, að áburðarverksmiðjan væri ríkisfyrirtæki, slá því föstu, að þetta væri eign ríkisins. En í staðinn fyrir að taka þann vafa af, er nú lagt til af hálfu hæstv. ráðh. að leggja niður eitt ríkisfyrirtæki, áburðarsöluna, og fá verkefni þess ríkisfyrirtækis í hendur því, sem ráðh. álítur vera hlutafélag. M. ö. o.: í staðinn fyrir að bæta úr ranglæti, sem framið hefur verið undanfarin ár í praxis, þá á nú að bæta ofan á þetta ranglæti með því að taka úr höndum þjóðarinnar og fá í hendur hlutafélags verkefni, sem ríkið hefur verið látið annast fram að þessu. Hverjir eru það, sem hafa óskað eftir því, að þetta væri gert? Hafa bændur landsins verið að krefjast þess, að áburðarsalan væri fengin einhverjum öðrum í hendur? Hafa komið fram kröfur frá kaupfélögunum eða öðrum samtökum almennings í landinu um, að áburðarsalan væri lögð niður? Ekki svo að mér sé kunnugt. Ég hef það fyrir satt, að það séu aðeins fjórir menn á Íslandi, sem hafi lagt til, að áburðarsalan væri lögð niður, þessir fjórir menn eiga sæti í stjórn áburðarverksmiðju ríkisins og það hafi verið gert að frumkvæði stjórnarformannsins, Vilhjálms Þórs. Og þegar þessi tillaga stjórnarformannsins, Vilhjálms Þórs, var til umræðu í stjórn áburðarverksmiðjunar, var borin fram svo hljóðandi rökstudd dagskrá af hálfu eins af stjórnarmeðlimum verksmiðjunnar, — sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Með því að núgildandi lög um áburðarverksmiðju ákveða hlutverk hennar það eitt að framleiða áburðarefni og félagssamþykktir Áburðarverksmiðjunar h/f skilgreina einnig markmið félagsins hið sama og lögin gera og með því að Alþingi hefur ekki fallizt á frumvarp landbúnaðarráðherra um, að áburðarverksmiðjan annist innflutning og verzlun með áburð, sem tvívegis hefur verið lagt þar fram án árangurs, og með því enn fremur, að hluthafafundur Áburðarverksmiðjunnar h/f hefur ekki fjallað um neinar breytingar á félagssamþykktunum og að enginn aðili, hvorki einstakir menn né félög hafa samkvæmt yfirlýsingu stjórnarformanns á síðasta stjórnarfundi mælzt til né óskað þeirrar breytingar á starfsemi verksmiðjunnar, sem hér liggur fyrir, telur fundurinn sér ekki fært, eins og sakir standa, að gjalda jákvæði við fram kominni tillögu og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá."

Svona leit einn af stjórnarmeðlimunum á þessa till., sem þarna var flutt og svona var rökstudd, að hvergi hafi komið fram neinar óskir um, að þessi breyting væri gerð, nema frá stjórnarformanninum, Vilhjálmi Þór, og þeim stjórnarfulltrúum, sem tóku undir við hann. Alþ. hefur tekið þannig í þetta mál, að tvívegis er búið að leggja þetta hér fyrir, án þess að það hafi nokkurn tíma verið afgr. úr nefnd, og var þó stjórnarfrv. í bæði skiptin. M. ö. o.: þessi till. virðist eiga formælendur fá. Það virðist vera úr innsta hring í stjórn áburðarverksmiðjunnar, sem þessar óskir koma um að fá að sölsa undir sig eitt ríkisfyrirtæki í viðbót og fá í sínar hendur innflutninginn á áburði.

Hæstv. landbrh. sagði, að þetta ætti að vera sparnaðarráðstöfun. Hvernig er það nú um innflutning til landsins á áburði þeim, sem áburðarverksmiðjan ekki framleiðir? Ég hef það fyrir satt, að um 80% af þeim áburði sé flutt beint frá útlöndum til þeirra staða, þar sem honum er skipað upp, og liggja í þeim héruðum, sem eiga að nota hann. Hvað mun vera fyrirhugað af hálfu stjórnar áburðarverksmiðjunnar, þegar meiri hluti hennar hefur óskað eftir að fá að leggja niður Áburðarsölu ríkisins? Ég hygg, að það hafi verið fyrirhugað af hálfu meiri hlutans í stjórn áburðarverksmiðjunnar að flytja útlenda áburðinn inn ósekkjaðan í skipum, skipa honum á land í Gufunesi, láta sekkja hann þar, skipa honum síðan fram aftur eða a. m. k. þeim 80% af honum, sem ættu að fara til annarra staða á landinu, og flytja hann síðan með íslenzkum skipum á hinar ýmsu hafnir landsins. Það þekkir hver, sem veit, hver umskipunarkostnaðurinn er hér í Reykjavík og grennd og sekkjunarkostnaðurinn, hvað þetta mundi þýða viðvíkjandi þeim hluta áburðar, sem bændur nota og aðrir, sem fluttur er inn erlendis frá. Ég er hræddur um, að þetta mundi síður en svo þýða nokkurn sparnað. Ég held, að það sé ekki það, sem vakir þarna fyrir. Það virðist vera allt annað. Það virðist vera sá fjandskapur við allt, sem heitir ríkisfyrirtæki, sem virðist vera að magnast svo, að það er ekki einu sinni farið að skirrast við það að taka ríkisfyrirtæki eins og sjálfa áburðarverksmiðjuna, verðmætasta verksmiðjubákn landsins, úr eigu ríkisins með ófrjálsri hendi og reyna að afhenda það hluthöfum. Ég held, að það þýði þess vegna ekki að koma hér fram fyrir okkur í þessari hv. d. og ætla að fara að veifa framan í okkur einhverjum sparnaði í sambandi við þetta. Ég held, að það sé ekki byggt á neinum rökum í því sambandi.

En hæstv. landbrh. hafði lítið fyrir að ræða 2. gr. þessa máls, og var hún þó upphaflega, þegar hann lagði þetta frv. fyrir þingið, eitt höfuðatriðið í því, sem hann ræddi um. Af hverju kinokar hæstv. landbrh. sér við að ræða 2. gr. þessa máls? Með 2. gr. er verið að breyta ákvæðunum í l. um fyrninguna. Af hverju er verið að breyta þessum ákvæðum í l. um fyrningu? Það er verið að leggja til að breyta þeim vegna þess, að í tvö ár er stjórn áburðarverksmiðjunnar búin að brjóta lögin. Í reikningum áburðarverksmiðjunnar 1959 og reikningum áburðarverksmiðjunnar 1960 eru fyrningar af áburðarverksmiðjunni ekki reiknaðar samkvæmt lögum, heldur eru brotin lögin. Í reikningunum 1959, sem ég hef látið birta hér á Alþingi áður, eru fyrningarafskriftir settar upp í 14.9 millj., tæpar 15 millj., en ef farið hefði verið eftir lögunum,

hefðu þessar fyrningarafskriftir verið helmingi minni eða um 8 millj. M. ö. o.: það eru teknar 7 millj. kr. af hreinum tekjum áburðarverksmiðjunnar á árinu 1959 og settar inn í fyrningarafskriftir. Á því ári voru tekjur áburðarverksmiðjunnar um 4 millj. kr., þannig að hefðu reikningarnir verið færðir rétt á því ári og samkv. lögum, þá voru hreinar tekjur áburðarverksmiðjunnar 11 millj. kr. Á því ári var öll vaktavinna og dagvinna í verksmiðjunni 4.9 millj. kr., tæpar 5 millj., en allir vextir hins vegar, sem verksmiðjan borgaði, 4.7 millj. kr. Þetta gefur ofur litla hugmynd um afkomu verksmiðjunnar, gróða verksmiðjunnar og hvað það er, sem er verið að reyna að dylja. Það er verið með reikningunum 1959 að brjóta lögin, að stela undan 7 millj. kr., sem færðar eru á afskriftir, en áttu að færast á hreinar tekjur. Þetta endurtekur sig 1960. Þá voru fyrningarafskriftir 18.7 millj. kr. Framleiðslugreinin er þá uppfærð 4.9 millj. kr., vextir eru uppfærðir 5.9 millj. kr. Hefði verið reiknað samkvæmt lagafyrirmælum, hefðu fyrningarafskriftirnar átt, held ég, að vera ca. 10 millj. kr., þær eru 8 millj. kr. meiri en vera bæri. Hreinar tekjur voru 1960 2.2 millj. kr. Ef 8 millj. hefðu bætzt við þær, sem ranglega voru færðar á fyrningarafskriftir, hefðu hreinar tekjur verið 10 millj. kr. Öll vinnulaun eru 5 millj. tæpar, vextirnir tæpar 6 millj. Það er góð mynd, sem þetta gefur af, hvað skatturinn til fjármagnsins á Íslandi er mikill og hvað vinnulaunin eru lág, og eru þó vinnulaun í áburðarverksmiðjunni með betri vinnulaunum, sem verkamenn fá á Íslandi. En það sýnir hins vegar, hvað þessi stóriðjufyrirtæki gefa af sér, og það sýnir líka, hvað verið er að reyna að dylja af hálfu hæstv. landbrh. og hæstv. ríkisstj. Hann er að reyna að dylja, hvílíkur ofsagróði er af ýmsum fyrirtækjum hér á Íslandi, vegna þess að það er verið að ljúga því að alþýðu manna, að hér sé allt rekið með tapi, að atvinnureksturinn þoli ekki hátt kaup, og mundi þó rekstur áburðarverksmiðjunnar þola þrefalt það kaup, sem mönnum var borgað þar, svo að ég tali ekki um það, sem væri það eðlilega í þessu, að kaup verkamanna væri hækkað verulega og áburðarverðið lækkað verulega til bænda. En því rifja ég upp þessa hluti hér um fyrningarafskriftirnar og hina raunverulegu reikninga áburðarverksmiðjunnar, að 2. gr. þessa frv., sem hæstv. landbrh. kaus að þegja um, á að slá því föstu, að það megi að lögum falsa reikningana svona framvegis, eins og þeir hafa verið falsaðir í þessi tvö ár. Það á að löggilda fölsunina, það á að breyta lögunum í samræmi við það, sem falsað hefur verið. Það verður kannske það, sem verður endirinn á stuldinum á áburðarverksmiðjunni úr eigu ríkisins, að það verði seinna meir sett lög um það, að enn fremur skuli allt, sem stolið hefur verið til þessa, skoðast löglega tekið. A. m. k. 2. gr. í þessu frv. miðar að því að reyna að gera löglegt það, sem fært hefur verið ólöglega fram að þessu.

Mér finnst það satt að segja hart, að það skuli geta viðgengizt ár eftir ár með stærsta fyrirtæki landsins, að gefnir séu út reikningar, sem eru í andstöðu við lög, sem brjóta lög, og að menn finni ekki ástæðu hér á Alþingi til þess að gera meiri athugasemdir við það en þær, sem ég hef gert, þó að ég hins vegar verði að viðurkenna, að nokkur áminning er það, þótt þegjandi sé, sem Alþingi hefur gefið hæstv. landbrh. með því tvö ár að hafa ekki afgreitt þetta fyrningarafskriftafrv. hans.

Hæstv. landbrh. sagði hér áðan, að hluthafarnir, sem hann í ræðu sinni vildi gefa 2/5 hluta áburðarverksmiðjunnar, hefðu nú í fyrsta skipti fengið 6% af sínu fé, það væri allur sá hagnaður, sem hluthafarnir hafi fengið, enda hefði þetta verið lagt fram í góðu skyni til að styðja að því að koma upp miklu stóriðjufyrirtæki, en ekki fyrst og fremst í hagnaðarskyni. Ég hef aldrei borið neinar brigður á, að það hafi verið í góðu skyni gert af hálfu þeirra, sem lögðu fram þetta hlutafé, enda í því frv., sem ég hef flutt hér, viljað endurgreiða þeim það fé, sem þeir hafa lagt fram, mjög ríflega. En ég vil minna hæstv. ráðh. á, um hvað er þarna að ræða. Hlutafé þessa rekstrarhlutafélags, Áburðarverksmiðjunnar h/f, er 10 millj. kr. Af þessu hlutafé eiga aðrir aðilar en ríkið 4 millj. kr., og mikið má nú vera, ef meginið af þessum 4 millj. kr. eða a. m. k. verulegur hluti af þeim var ekki lánaður úr ríkisbönkunum, til þess að þeir gætu keypt það. Látum það nú vera. 4 millj. kr. hafa þeir lagt þarna fram. Og ef allt gengur sinn gang um áburðarverksmiðjuna, ef hún er skrifuð niður samkv. lögum, meira að segja líka þó að hún væri skrifuð niður samkvæmt þeim ólögum, sem hæstv. landbrh. leggur til að leiða í lög, þá verður endirinn sá, að þetta fyrirtæki, sem gefur mjög vel af sér, verður skuldlaust. Það líða kannske ekki nema ein 10—15—20 ár þangað til. Þegar þetta fyrirtæki er skuldlaust og ef sú skoðun yrði ofan á seinna meir, að hlutafélagið ætti þetta fyrirtæki, hvers virði verða þá þessar 4 millj. kr., sem hluthafarnir lögðu fram? Ég verð nú að segja, því miður, að ég hef ekki við að breyta þeim tölum, í hvert skipti sem um þetta er rætt á Alþingi, af þeirri einföldu ástæðu, að hæstv. núv. ríkisstj. hefur tekið upp þann sið eða réttara sagt þann ósið að fella gengið á Íslandi á hverju ári, sem áður tíðkaðist aðeins á tíu ára fresti. Áburðarverksmiðjan var, seinast þegar við ræddum þetta mál, metin líklega upp á einar 250—300 millj. kr. Ég býst við, að nú eftir nýjustu gengislækkun ríkisstj. muni hún vera metin þó nokkuð mikið yfir 300 millj., eða a. m. k. ef ætti að byggja hana nú upp, mundi hún kosta jafnvel upp undir einar 340 millj., og ef við reiknum með því, að það verði ekki haldið áfram að lækka gengið á næstu árum eins ört og núv. ríkisstj. hefur gert, heldur að það kynni að fá að standa, hvað miklu jafngilda þá þessar 4 millj. kr., sem þessir hluthafar lögðu fram 1951? Það mundi jafngilda nú í dag um 140 millj. M. ö. o.: hæstv. landbrh., sem talaði um það ósköp fallega hér áðan, að þessir vesalings hluthafar, sem af mikilli brjóstgæzku hafi lagt fram þessa aura sína og ekkert fengið aftur, séu ekki öfundsverðir, — en í sömu ræðunni og hann segir þetta réttir hann að þeim með því að segja: Þið eigið 2/5 hluta áburðarverksmiðjunnar, — þá réttir hann að þeim 140 millj. kr. Heldur hæstv. ráðh., að þetta

sé ekki sæmilega gott, að ávaxta 4 millj. kr. þannig, að þær verði að 140 millj., eða er hann vanur enn þá gróðavænlegri fjárfestingu? Ég held, að ef þetta á að vera fordæmið um, hvernig Sjálfstfl. ætlar sér að fara með eigur ríkisins og innleiða hér frjálst framtak á Íslandi, líka framtak í því að taka úr eigu ríkisins og fá einstaklingum í hendur, þá væri það ekkert undarlegt, þó að ýmsir dugandi fésýslumenn hyggi gott til glóðarinnar að fylgja þeim flokki.

Nú segir máske hæstv. landbrh. við mig: Já, en ríkið á 6 millj. kr. þarna, ríkið á meiri hlutann. — Heldur hæstv. landbrh., að ég álíti, að Sjálfstfl. yrði í nokkrum vandræðum með, hvernig ætti að fara með þann hluta, sem ríkið á? Sjálfstfl. kærir sig kannske ekkert um að hampa því nú, en einum af hans þm. og ekki þeim minnst metna varð þó á í fyrra á Alþ. að sýna þessari hv. d., hvað Sjálfstfl. hygði að gera í framtíðinni í þessum efnum. Það var, ef ég man rétt, lagt hér fram af hálfu eins elzta þm. og reyndasta í Sjálfstfl. í þessari hv. d. till. um að selja öll hlutabréf ríkisins, þessar 6 millj., ef ég man rétt, á nafnverði, og ég efast ekki um, að það hefur átt að tryggja um leið, að það lenti í góðum höndum, réttum höndum, — svo að það eru hæg heimatökin að láta framtakssama dugnaðarmenn, kannske með réttum pólitískum lit, eignast þessar 6 millj. hlutabréfa, sem ríkið á, fyrir hóflega borgun, svo að það verði ekki bara þeir, sem keyptu hlutabréf fyrir 4 millj. kr. 1951, sem sitji að því að eignast áburðarverksmiðjuna fyrir lítinn pening, heldur fái réttir menn líka tækifæri seinna meir til þess að kaupa — á nafnverði — hlutabréf ríkisins í fyrirtækinu. Og þá væri fyrir 10 millj. kr. búið að afhenda einstökum aðilum í landinu fyrirtæki, sem nú í dag er varla undir 340 millj. kr. virði.

Ég verð að segja það, að mér finnst það hart ár eftir ár að þurfa að koma hér fram og rekja þessa sögu. Mér finnst það hart að finna ekki innan ríkisstj. í þessu efni það mikinn heiðarleika í meðferð á eignum ríkisins, að menn kippist ofur lítið við, þegar menn sjá fram á, hvernig eigi að fara með stærstu fyrirtækin, sem til eru á Íslandi. Ég veit, að það var ekki upphaflega meiningin, þegar frv. um áburðarverksmiðju ríkisins var lagt hér fyrir 1949, að það yrði neitt annað en ríkiseign, ótvíræð ríkiseign. Það var aðeins vegna harðvítugra áhrifa frá Marshallstofnuninni, sem það var þvingað í gegn á síðustu dögum þingsins, í síðustu umræðunum í Ed., að breyta þessum lögum. Og ég veit, að það var reynt að þvinga það sama fram viðvíkjandi sementsverksmiðjunni, að gera hana að hlutafélagi, og ég veit, að sú ríkisstj., sem þá sat að völdum, stjórn Sjálfstæðisfl. og Framsfl., stóð á móti því, að slík breyting væri gerð, og þverskallaðist, gott ef það var ekki eitt til tvö ár, og hafði það í gegn á endanum, lét ekki undan þeim ameríska þrýstingi, þannig að sementsverksmiðjan er enn ríkiseign eins og áburðarverksmiðjan á að vera og er samkvæmt lögum. Mér finnst það þess vegna hart, ef á að nota þennan þrýsting erlends valds, sem fram kom og látið var undan í Ed. í maí 1949, til þess að farga úr eigu ríkisins með þessu þokkalega móti, sem nú er reynt að gera, þessu mikla fyrirtæki. Þess vegna segi ég það viðvíkjandi þessum fyrningarafskriftum, sem hér er lagt til að taka upp: Það er engin ástæða til þess að breyta þessu, ekki nokkur ástæða, og það er sízt af öllu ástæða til að breyta þessu, á meðan menn hafa ekki komið sér niður á endanlega, að Alþingi taki af öll tvímæli um það, að þetta fyrirtæki er eign ríkisins. Ef ætti að fara að safna saman þeim auði í fyrningarsjóðinn, sem lagt er til með 2. gr. þessa frv., ef ætti að afskrifa á ári 10—11 millj., upp í 18 millj. kr. af þessu fyrirtæki, þá er sannarlega ekki að undra, þótt menn spyrji: Handa hverjum er verið að safna þessum auði? Hverjir eiga að eiga hann? Það er þess vegna ekki undarlegt, þó að maður vilji fá gengið úr skugga um það alveg ótvírætt, að það sé ríkið sjálft, þjóðin sjálf, sem er að eignast þetta, en að það sé ekki verið að safna þessu handa hluthöfum, sem eigi að gefa þetta fyrirtæki seinna meir.

Hitt er svo annað mál, en ekki undarlegt, þó að hugur manns hvarfli að því, um leið og lagt er til að löggilda 18 millj. kr. fyrningarafskriftir á ári af þessu fyrirtæki, — að huguriinn hvarfli til þess áróðurs, sem hæstv. ríkisstj. hefur rekið í sambandi við launagreiðslur og fjársöfnun, auðsöfnun á Íslandi. Það er reynt að berja inn í þjóðina, að hún hafi lifað yfir efni fram, þeirri mestu haugalygi, sem fram hefur verið haldið nokkurn tíma í íslenzkum stjórnmálum. Það hefur verið reynt að berja það inn í þjóðina, að verkamenn á Íslandi hefðu of hátt kaup og atvinnureksturinn þyldi ekki kauphækkun, og á sama tíma liggur það fyrir, að öll verkalaun í þessu fyrirtæki, sem við hér erum að ræða um, eru um 5 millj. kr., en gróðinn á því, ef afskriftir eru réttar, um 10—11 millj. kr. tvö síðustu árin, og þá eru samt greiddar 5—6 millj. kr. í vexti, skatturinn til fjármagnsins, fyrir utan um 10 millj. kr. í fyrningarafskriftir, ef rétt er afskrifað. Reikningar áburðarverksmiðjunnar sýna það ef til vill bezt, hve gersamlega ekki aðeins óþarfar, heldur vítaverðar þær ráðstafanir hafa verið, sem gerðar hafa verið á tveim undanförnum árum, í fyrsta lagi að skera niður vísitöluna og banna hana, í öðru lagi að lækka gengið í marz 1960, í þriðja lagi að lækka gengið í ágúst 1961.

Það er máske skiljanlegt, að hæstv. landbrh., þegar þessi ríkisstj. stendur að þessu, kinoki sér við að ræða 18 millj. kr. fyrningarafskriftirnar, sem hann leggur til að staðfestar séu eftir á svo að segja með svona lögum, og ef vill mætti athuga þessar vítaverðu ráðstafanir ríkisstj. frá hagsmunasjónarmiði áburðarverksmiðjunnar, hvernig þær líta þá út. Það hefur verið sagt hér stundum undanfarið, að gengislækkunin hafi verið gerð fyrir atvinnureksturinn í landinu. Hvernig skyldi gengislækkunin hafa komið við áburðarverksmiðjuna? Skyldi hún hafa hjálpað henni mikið? Ég held, að ég fari ekki rangt með það, að skuldir áburðarverksmiðjunnar hafi bara við gengislækkunina fyrri, sem fór fram í marz 1960, hækkað um 26 millj. kr. Það er hjálpin, sem atvinnureksturinn, áburðarverksmiðjan, fær með gengislækkuninni. Það er nokkurn veginn sama, hvar drepið er niður,

það er sama vitleysan og sömu óheilindin, sama óréttlætið gagnvart verkamönnunum, sama vitleysan gagnvart atvinnurekendunum. Ég held þess vegna, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, eigi að fara til nefndar. En ég vil leyfa mér að vona, að hv. fjhn. taki þetta frv. til mjög gaumgæfilegrar athugunar, mjög kritiskrar rannsóknar, þegar til hennar kemur. Það er það margt ljótt og varasamt, sem fram kemur, þegar þetta frv. og það, sem það stefnir að, er athugað, að það veitti ekki af, að sú hv. þingnefnd léti þetta frv. fá þá meðferð, sem það verðskuldar. Hins vegar hef ég lagt hér fram frv., sem ég hef flutt nokkrum sinnum undanfarið, það er 32. mál þessa þings, á þskj. 33, sem mun vafalaust bráðlega verða hér á dagskrá, og þá verður tækifæri til þess að ræða um þetta. Það mun vafalaust, eins og vant er, ganga sinn gang til hv. fjhn. líka. Og ég vil leyfa mér að vona, að þegar bæði þessi frv. eru komin til þeirrar hv. nefndar, þá verði loks þessu máli ráðið til lykta, þannig að Alþingi kinoki sér ekki lengur við að kveða á um, hvað sé ríkisins og þjóðarinnar og hvað sé einstaklinganna, og við þurfum ekki lengur að standa í óvissu um það og meiri hl. í þingnefnd eins og fjhn. að afgreiða frv. með því að vísa til ríkisstj. hlutum eins og því, að það sé vafamál, hver kynni að eiga 340 millj. kr., sem séu í einu fyrirtæki í landinu.

Ég vona svo, að hv. fjhn. beri gæfu til þess að tryggja rétt þjóðarinnar og ríkisins í sambandi við þetta mál og að lokum fari svo, að þau frv. um áburðarverksmiðju, sem afgreidd verði frá þessu þingi, slái því föstu, að það sé ríkið, að það sé þjóðin, sem eigi þetta fyrirtæki, en þeim hluthöfum, sem lagt hafa fram til þess fé, verði sýnd full sanngirni í allan máta. Og þegar slíkt væri gert, mætti líka taka til athugunar ýmsa aðra hluti, sem felast í því frv., sem hér liggur fyrir, en að afgreiða það án þess að hafa hreint borð um hitt, það nær að mínu áliti ekki nokkurri átt.

Ágúst Þorvaldsson: Herra forseti. Þetta frv., sem hér er til umræðu, er nú gamall kunningi okkar hér í þessari hv. deild. Mig minnir, að það hafi tvisvar sinnum áður verið flutt hér. Hæstv. landbrh. sagði að vísu áðan, þegar hann mælti fyrir þessu frv., að nú hefði verið gerð nokkur breyting á, þar sem í frv. væru nú ákvæði um það, að fleiri aðilar en áburðarverksmiðjan geti komið til með að flytja inn áburð og verzla með hann. Ég var að lesa frv. og leita að ákvæðunum um þetta og finn ekki. 2. mgr. 1. gr. er svo hljóðandi:

„Þar til Áburðarverksmiðjan h/f hefur fullnægt þörfum landsmanna á tilbúnum áburði með eigin framleiðslu, getur ríkisstj. falið henni að flytja inn tilbúinn áburð, enda verði áburðurinn seldur á kostnaðarverði, sem háð er samþykki landbúnaðarráðherra.“

Ríkisstj. getur falið áburðarverksmiðjunni einni að flytja inn og selja tilbúinn áburð. Og í athugasemdum um þetta segir svo um 1. gr.:

„Í samræmi við framanritað gerir 1. gr. frv. ráð fyrir, að áburðarverksmiðjan annist sjálf sölu framleiðsluvara sinna til kaupenda á kostnaðarverði, sem háð er samþykki landbrh. Í 2. mgr. er ríkisstj. síðan heimilað að fela verksmiðjunni innflutning á tilbúnum áburði. Áburður þessi skal sömuleiðis seldur á kostnaðarverði, sem háð er samþykki landbrh.“

Sem sagt, ég fæ ekki annað skilið en það sé um það eitt að ræða í þessu frv. að leggja niður áburðareinkasöluna og afhenda áburðarverksmiðjunni í Gufunesi innflutning og sölu tilbúins áburðar, aðrir aðilar geti þar ekki komið til greina, og ég vil biðja hæstv. landbrh. að skýra það fyrir mér og þingheimi, hvar þau ákvæði er að finna í frv., sem gera ráð fyrir öðru.

Annars vildi ég segja um þetta mál, að mér þykir afar einkennilegt, að það skuli vera lögð svo mikil áherzla á að leggja niður þetta gamla fyrirtæki, aldarþriðjungsgamalt ríkisfyrirtæki, sem að allra dómi, sem hafa haft viðskipti við það, hefur reynzt framúrskarandi vel, verið heiðarlegt og gott til fyrirgreiðslu á allan hátt. Ég veit ekki til þess, að nokkur bóndi t. d., — og það eru eingöngu bændurnir, sem skipta við þetta fyrirtæki, — hafi óskað eftir, að þetta yrði gert. Ég veit ekki heldur til þess, að samtök bændanna, hvorki Búnaðarfélag Íslands, sem er nú þeirra faglegi félagsskapur og ætti að hafa forustu í þeim málum, sem að þessu lúta, hafi nokkru sinni óskað eftir þessu, og ekki heldur Stéttarsamband bænda.

Mér er kunnugt um það, að Búnaðarfélag Íslands og þau samtök óska vitanlega eftir því, að hið opinbera reyni að koma á fót sem fullkomnustum jarðvegsrannsóknum til þess að leiðbeina bændum um notkun hins tilbúna áburðar, því að sannleikurinn er sá, að við höfum allt of lítið enn þá af slíkum rannsóknum. Ég þekki ofur lítið til um þetta, vegna þess að ég er í tölu þeirra fáu bænda á landinu, sem hafa notið slíkrar fyrirgreiðslu. Atvinnudeild háskólans hefur á undanförnum árum verið með dálítinn hóp jarða til athugunar í þessu sambandi, og ég hef verið í þeim hópi, og ég veit, hversu geysiþýðingarmikið það er, að jarðvegsrannsóknir séu stundaðar og að bændurnir geti fengið glöggar leiðbeiningar um það, hvernig þeir eigi að nota áburðinn. Þess vegna vil ég taka undir það, sem hæstv. landbrh. sagði um það mál áðan. En mér finnst, að það hljóti að verða að leysast á annan hátt en þann að leggja niður þetta gamla, góða fyrirtæki og ætla að byggja upp úr rústum þess eða reytum, sem mér skilst að séu ekki sérstaklega miklar, framkvæmdir á þessu sviði. Ég held, að framkvæmd á því sviði, ef á að tryggja fullkomnar jarðvegsrannsóknir í landinu, hljóti að vera yfirgripsmikið starf og kosta verulegt fé, sem ég að vísu vil óska að verði sem fyrst komið í framkvæmd. Það tel ég alveg nauðsynlegt.

Þegar áburðarverksmiðjan í Gufunesi var stofnuð eða frv. um hana var borið fram hér á Alþingi, mælti Vilhjálmur Þór, þáv. ráðherra, fyrir því máli, og þá sagði hann við 1. umr. um málið í Nd. Alþingis, 15. sept. 1944, eftirfarandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er gert ráð fyrir, að verksmiðjan verði ekki verzlunarfyrirtæki, heldur afhendi hún áburðinn til Áburðarsölu ríkisins, sem annist söluna eins og hingað til. Það kom til mála að

láta verksmiðjuna sjálfa selja áburðinn, en mér finnst eðlilegast og réttast, að áburðarsalan haldi áfram að starfa, þar sem einhver aðili verður að hafa á hendi innflutning og verzlun með aðrar tegundir áburðar en þær, sem framleiddar eru í verksmiðjunni. Verksmiðjan ætti þá aðeins að framleiða og afhenda áburðinn til verzlunarinnar, eins og hún hefur áður fengið áburð sinn frá útlöndum.“

Mér finnst þetta skjóta nokkuð skökku við þá hugmynd, sem nú er uppi og landbrh. hæstv. beitir sér nú fyrir um það að leggja þetta fyrirtæki niður og afhenda það til áburðarverksmiðjunnar.

Það er áður búið að minnast á það hér í þessum umræðum, hv. 3. þm. Reykv. gat um það, að um 80% af innfluttum áburði væri flutt um aðrar hafnir til bændanna en Reykjavíkurhöfn, aðeins 20% af áburðinum færu hér um Reykjavíkurhöfn og væri ekið héðan á bifreiðum til bænda. Ég get ekki séð, ef það er hugmyndin að flytja þennan tilbúna útlenda áburð inn ósekkjaðan og koma upp starfsemi til þess í Gufunesi, annað en það hljóti að verða mjög kostnaðarsamt og flutningarnir til bændanna og allt það umstang, sem þessu fylgir, hljóti að leiða af sér gífurlega aukinn kostnað, í staðinn fyrir að á undanförnum árum hafa bændur búið við miklu hagstæðari skilyrði að þessu leyti en áður, vegna þess að áburðurinn hefur komið til þeirra á næstu höfn við þá. Ég veit það t. d. af nokkurri reynslu í sambandi við það, þegar farið var að flytja hinn tilbúna áburð um Þorlákshöfn, hversu vel það hefur reynzt okkur bændum á Suðurlandi að fá hann fluttan þar upp og hversu mikið hagræði það hefur verið okkur.

Nú vildi ég leyfa mér að beina þeirri fsp. til hæstv. landbrh., hvort það sé gert ráð fyrir því að flytja áburðinn inn ósekkjaðan og sekkja hann og dreifa honum frá Gufunesverksmiðjunni og hvað það muni kosta að reisa byggingar þar, sem til þess þarf, kaupa vélar og bæta þau löndunarskilyrði, sem þar eru fyrir hendi, til þess að hægt sé að framkvæma þetta verk. Ég vil biðja hann um að skýra frá því, hvað er áætlað að þetta muni kosta. Þetta er það, sem mér liggur fyrst og fremst á hjarta að vita nú í sambandi við þetta, og enn fremur: ég tæki því með fegins hendi að fá einnig að heyra það, ef óskir hafa einhvers staðar komið frá bændum í landinu, fá að heyra, hverjir það eru eða hvaðan þær óskir hafa komið um að gera þessa breytingu, sem fyrirhuguð er.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Í því stjórnarfrv., sem hér liggur fyrir, er m. a. lagt til, að áburðarverksmiðjan verði gerð að verzlunarfyrirtæki, hún hefur ekki verið það áður samkvæmt þeim lögum, sem um hana gilda. Í 8. gr. laganna um áburðarverksmiðju frá 1949 segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Áburðarsala ríkisins kaupir af verksmiðjunni áburð til notkunar innanlands fyrir kostnaðarverð, er verksmiðjustjórn áætlar og ákveður fyrir 1. marz ár hvert að fengnu samþykki landbrh.“

Samkvæmt þessu hefur það verið þannig til skamms tíma, að áburðarverksmiðjan hefur ekki selt sína framleiðsluvöru beint til bænda og annarra notenda, heldur hefur Áburðarsala ríkisins keypt allan áburðinn og verzlað með hann, en síðustu tvö árin, þ. e. a. s. árið 1960 og árið 1961, hafa þessi ákvæði í 8. gr. laganna verið sniðgengin. Þessi tvö ár mun áburðarverksmiðjan hafa selt áburð, sem hún framleiddi, beint til notenda, en áburðarsalan ekki keypt hann af henni, eins og lögin mæla fyrir um. Ég tel, að það hefði þurft lagabreytingu, áður en þessi háttur var upp tekinn, en breytingin var gerð án þess, að gerð væri nokkur breyting á lögunum.

Í því frv., sem hér liggur fyrir, er enn fremur gert ráð fyrir því, að áburðarverksmiðjan taki að verzla með innfluttan tilbúinn áburð, sem Áburðarsala ríkisins hefur áður annazt. Ákvæði um þetta er nokkuð öðruvísi orðað í því frv., sem hér liggur fyrir, en í þeim tveim stjórnarfrv., sem áður hafa legið fyrir Alþingi um þessa hluti. Þá var lagt til, að ríkisstj. yrði veitt heimild til að fá áburðarverksmiðjunni einkaleyfi til innflutnings á tilbúnum áburði. Nú er þetta orðað þannig, að ríkisstj. geti falið henni að flytja inn tilbúinn áburð. Mér skildist á hæstv. landbrh., þegar hann mælti fyrir þessu frv. áðan, að hann gerði ekki ráð fyrir því, að þar væri um einkaleyfi að ræða til verzlunar með innfluttan áburð, en eins og þegar hefur verið bent á af öðrum, þá sést ekkert um það í frv., að aðrir eigi að fá heimild til innflutnings á áburði. Verði að því ráði horfið að leggja niður Áburðarsölu ríkisins, hefði ég talið rétt, að það yrði skýrt ákveðið í lögum, að áburðarverksmiðjan fái ekki einkaleyfi til innflutnings á útlendum áburði, jafnvel þó að hún fái heimild til að verzla með þá vöru.

Í 2. gr. þessa frv. eru ákvæði um gjald í fyrningarsjóð verksmiðjunnar. Ég held, að þessi ákvæði í þessu nýja frv. séu alveg eins og þau hafa verið í þeim frv., sem legið hafa fyrir tveim síðustu þingum um þetta atriði. Þar segir, að verksmiðjustjórn skuli heimilt með samþykki landbúnaðarráðherra að ákveða tillag í fyrningarsjóð, þannig að samanlagðar fyrningarafskriftir véla eða húsa, sem orðin eru ónýt, og brotavirði þeirra verði jafnhátt kostnaðarverði sams konar eigna, er afla þarf í þeirra stað.

Ég held, að ég hafi látið orð falla um það á síðasta þingi, þegar þetta var til umræðu, að ég gæti ekki komið auga á það, að hægt væri að framkvæma þetta, þótt að lögum yrði. Hver getur séð það löngu fyrir fram, hvað ný hús og nýjar vélar muni kosta, þegar á þeim þarf að halda, og ákveðið síðan fyrningarsjóðsgjald eftir því? Verðlag á slíkum hlutum er árlega að taka breytingum, jafnvel þótt þeir tímar komi væntanlega, að gengi íslenzku krónunnar verði ekki lækkað árlega. Ég held, að þessi regla sem þarna er stungið upp á, ef reglu skyldi kalla, sé þannig, að hún mundi verða óframkvæmanleg. Ef nauðsynlegt þykir að breyta fyrningarsjóðsgjaldi, þarf að setja um það öðruvísi ákvæði og ákveðnari reglur en lagt er til í frv.

Í grg., sem frv. fylgir, eða athugasemdum segir, að megintilgangur þess sé að koma á hag-

kvæmara og ódýrara fyrirkomulagi en verið hefur við verzlun með tilbúinn áburð. Og síðar í athugasemdunum segir: „Með þessu móti yrði unnt að minnka verulega milliliðakostnað við áburðarverzlun.“

Ég verð að draga það mjög í efa, að fyrirkomulagið á áburðarverzlun yrði hagkvæmara og ódýrara, þó að þessi breyting yrði gerð, sem þetta frv. stefnir að, eða milliliðakostnaður við áburðarverzlun mundi minnka. Engar upplýsingar sé ég hér í athugasemdunum um það, hver sölukostnaður Áburðarverksmiðjunnar h/f hefur orðið, t. d. í fyrra, árið 1960, þegar hún annaðist sjálf um sölu á sinni framleiðslu til notenda. Ef til vill hefur hæstv. ráðherra einhverjar upplýsingar um það. En ég tel ekki líkur til þess, að sölukostnaðurinn á áburði verði minni en hann hefur verið, þó að þessi breyting verði gerð. Áburðarsala ríkisins hefur verið vel rekið fyrirtæki undanfarið með litlum kostnaði. Það væri fróðlegt að vita, hvort gerðar hafa verið áætlanir um, hver kostnaðurinn muni verða, ef áburðarverksmiðjan taki að sér innflutning og sölu á útlendum áburði, — það væri fróðlegt að vita, hvort slíkar áætlanir hafi verið gerðar, og væri þá gott, að sú nefnd, sem fær þetta mál til meðferðar, fengi að kynnast þeim.

Það getur að sjálfsögðu komið til mála að leggja niður eitthvað af ríkisfyrirtækjum, koma þeirri starfsemi, sem þau hafa annazt, fyrir á annan hátt, ef sýnt er, að það muni vera hagkvæmt. Hér tel ég, að það hafi ekki komið fram viðkomandi þessu máli, að líkur séu til, að breytt verði til batnaðar. Þó, eins og ég sagði áðan, að það geti komið til mála að leggja niður eitthvað af ríkisfyrirtækjum, þá tel ég, að byrjað sé á öfugum enda, ef byrjað er á því að leggja niður ríkisfyrirtæki sem hefur verið sérstaklega vel stjórnað og af mikilli hagsýni rekið.

En hvernig hefur rekstri Áburðarverksmiðjunnar h/f verið hagað undanfarin ár? Þegar slíkt frv. sem þetta liggur fyrir, þá tel ég ástæðu til að athuga það, hvort rekstur áburðarverksmiðjunnar hafi verið þannig, að fýsilegt sé að fela því fyrirtæki fleiri verkefni en það hefur haft. Ég vil í þessu sambandi nefna það, að árin 1959, 1960 og 1961 hefur verksmiðjustjórnin talið með gjöldum verksmiðjunnar hærra fyrningarsjóðsgjald en lögákveðið er og sett áburðarverðið þeim mun hærra.

Það eru ákvæði í lögum um áburðarverksmiðju um gjald til fyrningarsjóðs. Það er fyrst nefnt í 8. gr. laganna. Ég ætla að lesa greinina í heild, með leyfi hæstv. forseta. Hún er þannig:

„Áburðarsala ríkisins kaupir af verksmiðjunni áburð til notkunar innanlands fyrir kostnaðarverð, er verksmiðjustjórn áætlar og ákveður fyrir 1. marz ár hvert að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra. Í hinu áætlaða kostnaðarverði skal reikna með nauðsynlegum og lögákveðnum tillögum í fyrningarsjóð og varasjóð verksmiðjunnar.“

Þannig hljóðar 8. gr. En verksmiðjustjórninni er hvergi veitt vald til að meta það, hvað séu nauðsynleg tillög í fyrningarsjóð, enda segir í 8. gr., að reikna skuli með nauðsynlegum og lögákveðnum tillögum í sjóði verksmiðjunnar. Og Alþingi ákvað þetta sjálft, hver gjöldin skyldu vera. Þau eru ákveðin í 10. gr. laganna. Þar er það metið af sjálfu Alþ., hver fyrningarsjóðsgjöldin eigi að vera. Þar segir, að framlag áburðarverksmiðjunnar til fastra sjóða hennar skuli árlega vera: a) til fyrningarsjóðs 2½% af kostnaðarverði húsa, lóðar og annarra mannvirkja og 7½% af kostnaðarverði véla og annarra áhalda, b) til varasjóðs allt að 3½% af kostnaðarverði framleiðslunnar. Öll árin, sem verksmiðjan hefur verið rekin, fram til ársins 1959, hefur fyrningarsjóðsgjaldið verið reiknað með þeim hundraðstölum, sem lögin ákveða og nefndar eru hér að framan, en síðustu árin, árin 1959 og 1960, voru reikningsfærð hærri fyrningarsjóðsgjöld en lögákveðin eru, þ. e. 3% af verði húsa, lóðar og annarra mannvirkja í stað 2½% og 12½% af kostnaðarverði véla og annarra áhalda í stað 7½%. Og snemma á þessu ári, sem nú er að líða, 1961, mun verksmiðjustjórnin hafa ákveðið og tekið inn í sína áætlun um kostnaðarverð áburðarins enn hærra gjald til fyrningarsjóðs tvö næstu árin á undan.

Ég hef ekki fengið sundurliðun á þeirri fyrningarsjóðsupphæð, sem færð er til gjalda á rekstrarreikningi verksmiðjunnar árið 1959, en mér sýnist þó ljóst af reikningnum, að þar muni fyrningargjaldið ofreiknað um a. m. k. 5—6 millj. kr. Áburðarverðið var þá hækkað sem þessu nam. Ég fékk hins vegar á síðasta aðalfundi áburðarverksmiðjunnar sundurliðun á fyrningarsjóðsgjaldi, sem reiknað var árið 1960, og mér reiknast svo til, að þá hafi verið tekið í fyrningarsjóð a. m. k. 7¼ millj. kr. umfram það, sem ákveðið er í lögunum. Á því ári, 1960, seldi verksmiðjan áburð, samkv. rekstrarreikningi, fyrir 45428335 kr. Þessi upphæð, sem mér reiknast til að hafi verið tekin til fyrningarsjóðs fram yfir það, sem lögákveðið er, er því rétt um 16% af heildarsöluverðmæti áburðarins. Og eins og áður segir, mun verksmiðjustjórnin enn hafa hækkað fyrningarprósentuna árið 1961, eins og áður án nokkurrar lagaheimildar, og bætt þessari hækkun við söluverð áburðarins.

Það er því mikið fé, sem áburðarverksmiðjan er búin að taka af bændum og öðrum áburðarkaupendum síðustu 3 árin með hærra áburðarverði en leyfilegt er samkv. lögunum um áburðarverksmiðju. Hér hefur verksmiðjustjórnin haft ranga aðferð. Ef hún taldi fyrningargjaldið of lágt ákveðið í lögunum, og það mun hún gera, þá átti hún að óska þess við Alþ., að lagaákvæðinu um þetta atriði yrði breytt. Þetta gerði verksmiðjustjórnin ekki, heldur reiknaði gjaldið hærra en löglegt var og ákvað söluverð áburðarins hærra en leyfilegt var. Þeir hæstv. ráðh., sem hafa farið með landbúnaðarmálin árin 1959—61, gátu hindrað þetta, og þeir hefðu átt að gera það. Þeir gátu hindrað það, vegna þess að kostnaðarverðsáætlun verksmiðjustjórnar er árlega háð samþykki landbrh. En af einhverjum ástæðum hafa þeir veitt samþykki sitt til þess, að bændum og öðrum áburðarnotendum væri seldur áburðurinn á þessum árum hærra verði en rétt var.

Þegar stjórnarfrv. svipað því, sem hér liggur

fyrir, var til 1. umr. á Alþ. í okt. í fyrra, var m. a. rætt um þetta tiltæki verksmiðjustjórnarinnar, að reikna hærra fyrningarsjóðsgjald 1959 en lögin ákveða og setja áburðarverðið þeim mun hærra. Ef ég man rétt, sagði hæstv. landbrh. þá, að menn gætu höfðað mál gegn áburðarverksmiðjunni út af viðskiptunum, ef þeir teldu, að áburðurinn hefði verið seldur hærra verði en rétt var. Ríkissjóður á 3/5 hlutafjárins í Áburðarverksmiðjunni h/f, og verksmiðjan á að starfa eftir lögum frá Alþingi. Ég tel, að menn ættu að geta fengið hlut sinn réttan í viðskiptum við slíkt fyrirtæki án þess að standa í málaferlum. Það var gerð tilraun til þess á síðasta aðalfundi Áburðarverksmiðjunnar h/f að fá leiðréttingu á þessu máli. En það fékkst ekki, og ríkisstj. hafði að sjálfsögðu úrslitaatkvæði um það, eins og annað, því að ríkisstj. fer þarna með 3/5 af atkvæðamagninu í samræmi við eignarhlut ríkisins í fyrirtækinu.

En áburðarverksmiðjan ætti að endurgreiða viðskiptamönnum sínum það, sem ólöglega hefur verið af þeim tekið. Alþingi ætti að gera ráðstafanir til þess, að sú leiðrétting verði gerð. Það fyrsta, sem Alþ. ætti nú að gera viðkomandi áburðarverksmiðjunni, er að hlutast til um, að verksmiðjan skili aftur til viðskiptamanna sinna því fé, sem hún hefur ólöglega af *þeim tekið*.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður vitnaði hér í nokkuð, sem átti að hafa gerzt á síðasta aðalfundi Áburðarverksmiðjunnar h/f, þar sem gerð var tilraun, að hann sagði, til þess að fá leiðréttingu á því, sem rangt hefur verið gert í garð bænda með því að selja þeim dýrari áburð en löglegt var. Og hv. þm. sagði, að ríkisstj. hafi haft úrslitaatkvæði þar. Ef ég man rétt, reyndi ekki á það. Ég held, að mér sé óhætt að fullyrða, að þeir, sem fóru með atkvæði Sambands ísl. samvinnufélaga á þeim fundi, hafi litið öðrum augum á þetta mál en hv. síðasti ræðumaður. Ég held, að sá, sem fór með atkvæði þess á fundinum, hafi haft meiri ábyrgðartilfinningu en hv. ræðumaður hafði, og það hafi ekki reynt á atkvæði ríkisstj. á þeim fundi.

Það má merkilegt heita, að maður, sem hefur verið kaupfélagsstjóri, þetta fullorðinn og reyndur, skuli leyfa sér að bera á borð þann málflutning, sem hann viðhafði hér áðan í sambandi við áburðarverksmiðjuna. Það er orðin einhver hugarfarsbreyting hjá þessum hv. þm. frá því, sem stundum hefur heyrzt. Hann furðar sig á því, að áburðarverksmiðjan skuli nú í tvö s. l. ár hafa sjálf selt þann áburð, sem hún framleiddi. Þetta gerði hún ólöglega, sagði hv. þm., og hún hafði engan millilið, heldur seldi áburðinn beint til notendanna. Það var eins og það væri einhver glæpur eða lögbrot að fela ekki áburðareinkasölunni að annast þetta. Hv. þm. ætti þó að vita, að landbrh. er heimilt að gefa áburðarverksmiðjunni heimild til þess að verzla með áburð, og getur hann þar flett upp lagabókstaf, ef hann vildi það viðhafa, sem ég ætlast þó til að hann hafi gert. En áburðarverksmiðjan vitanlega sparar fé á því að selja áburðinn sjálf heldur en að greiða til áburðareinkasölunnar umboðslaun. Áburðarverksmiðjan þurfti að afgreiða áburðinn í Gufunesi, enda þótt áburðareinkasalan annaðist útskriftir á nótum og innheimtu. Ég hygg, að áburðarverksmiðjan hafi ekki bætt við sig neinu starfsliði, þótt hún annaðist útskrift á nótum á áburðinum og afgreiðsluna, eins og hún hefur raunverulega gert áður, þar sem hann er í vörugeymslum áburðarverksmiðjunnar uppi í Gufunesi. Ég get ekki fullyrt hér, hvað mikið hefur sparazt þarna, og man ekki nú nákvæmlega, hvað greitt var til áburðareinkasölunnar fyrir afgreiðsluna undanfarin ár. Ég man ekki, hvort það var ½ eða 1%, ég held, að það hafi verið 1%. Og þegar salan er 45 millj. kr., geta menn náttúrlega reiknað, hvað umboðslaun hafa verið til áburðareinkasölunnar að óþörfu, hvort sem um var að ræða ½ eða 1%. Áburðarverksmiðjan hefur að mestu leyti sparað þann kostnað með því að annast afgreiðsluna sjálf. Það má vel vera, að það séu fleiri hér í hv. d., sem telja, að það hefði verið sjálfsagt að greiða þennan milliliðakostnað að ástæðulausu. Það væri fróðlegt, ef það væri, að þeir létu í sér heyra.

Þá tekur þessi hv. þm. í sama streng og hv. 3. þm. Reykv. Hv. 3. þm. Reykv. er nú svo vanur að tala um lögbrot og þjófnað í sambandi við áburðarverksmiðjuna, að ég hygg, að flestir séu nú hættir að taka það alvarlega, enda veit ég, að hv. þm. meinar ekki þetta, þegar hann viðhefur stóryrðin. En að hann skuli fá hér annan þm. úr öðrum flokki til þess að taka undir þessar fullyrðingar, það er nýmæli og það er meira en ég hafði búizt við og ég hygg flestir hv. þm. (**EOl:** En er þarna ekki um lögbrot að ræða?) Hv. þm. spyr: er ekki hér um lögbrot að ræða? Það væri gaman að vita, hvort hann spyr í alvöru eða hvort hann spyr að gamni sínu. (**EOl:** Í alvöru.) Þá er eðlilegt, að það sé endurtekið hér, það sem var upplýst hér í hv. d. í fyrra, þegar þetta mál var til umr., að áburðarverksmiðjustjórnin gerði þetta ekki að óathuguðu máli. Áburðarverksmiðjustjórnin taldi sér skylt að sjá hagsmunum verksmiðjunnar borgið, og þess vegna lét hún lögfræðing sinn, Theodór Líndal prófessor, túlka 8. gr. laganna og segja sitt álit á því, hvort það samrýmist lögunum að auka afskriftirnar. Og verksmiðjustjórnin gerði meira. Hún leitaði til fleiri ágætra lögfræðinga um þetta mál, og þeir voru á sama máli, enda segir í lagagr., að það megi afskrifa eins og nauðsynlegt er talið. Og hvað er nauðsynlegt í þessu efni? Getum við ekki verið sammála um, að það sé nauðsynlegt, að afskriftirnar séu svo ríflegar, að það sé hægt að halda verksmiðjunni við, að það sé hægt að kaupa nýja vél, þegar sú eldri bilar? Og nú, þegar verksmiðjan er að verða búin að starfa í nærri 10 ár, verksmiðja, sem er með þessi mörgu og miklu vélabákn, sem fyrnast á 10—12 árum, þá er komið að því, að það þurfi að fara að endurnýja vélarnar. Hefði það ekki verið ábyrgðarleysi af verksmiðjustjórninni að gera nú engar ráðstafanir til þess að tryggja þannig hag verksmiðjunnar, bæði nú og eftirleiðis, að hún gæti endurnýjað sig? Ég er alveg sannfærður um, að bændurnir ætlast til þess, að það sé gert. Og það er illa gert að taka upp þann hátt að vera að reyna að ala á ríg í þessu

efni og beinlínis að blekkja bændur. Hagsmunir landbúnaðarins eru svo bezt tryggðir, að bændur eigi kost á því að fá áburð á hverjum tíma með sanngjörnu verði. Þeir hafa fengið það frá áburðarverksmiðjunni, hann hefur sízt verið dýrari en innfluttur áburður, og ég er viss um, að bændur ætlast til, að verksmiðjurekstur inn sé þannig, að verksmiðjan sé gangfær, ekki aðeins nú, heldur alltaf. Við skulum muna það, áð það tókst að koma þessari verksmiðju upp með sérstökum hætti, af því að okkur var gefinn kostur á sérstöku fé í því skyni. Er það víst, að það verði einnig eftirleiðis? Ber ekki skylda til þess að reka fyrirtækið þannig, að það geti endurnýjað sig, og þá sérstaklega þegar það er mögulegt án þess, að framleiðslan sé dýrari en sambærileg erlend framleiðsla? Og þegar hér er verið að tala um lögbrot, þá vil ég bara biðja þá hv. þm., sem annt er um sóma sinn, að kynna sér það nánar og taka til greina það, sem lögfróðir menn segja um þetta, og spara sér fullyrðingar, sem styðjast ekki við nein rök.

Hv. 1. þm. Norðurl. v. spurði að því, hvernig rekstur áburðarverksmiðjunnar hefði gengið undanfarið? Hann hefur gengið, eins og ég áðan sagði, alveg prýðilega, að telja má, með því að verksmiðjan hefur getað framleitt áburð á samkeppnisfæru verði og lagt í fyrningarsjóði til tryggingar fyrir framtíðina.

Hv. 2. þm. Sunnl. taldi, að áburðarverksmiðjunni væri gefinn einkaréttur með þessu frv., eins og það er orðað. Hann bara bætti einu orði inn í. Hann sagði, að það væri meiningin, eins og það væri orðað þarna, að ríkisstj. gæti falið áburðarverksmiðjunni einni, — það stendur hér hvergi „einni," — og enda þótt ríkisstj. feli áburðarverksmiðjunni að annast innflutning á áburði, þá stendur það hvergi hér í frv., að öðrum sé bannað að flytja inn áburð. (Gripið fram í.) Segulbandið geymir þetta ábyggilega einnig, segulbandið geymir það, og það stendur hvergi hér í frv., að öðrum verði bannað að flytja inn áburð, þó að ríkisstj. feli áburðarverksmiðjunni að sjá um þetta, því að eins og ég sagði áðan, verður að fela einhverjum aðila að annast innflutninginn, til þess að það verði tryggt, að nægilegur áburður verði fluttur til landsins. (SkG: Er það svo með innflutning yfirleitt?) Yfirleitt, nei, ekki yfirleitt, en með áburð, vegna þess að það á ekki að verða sú breyting á, að áburður verði seldur með hagnaði fyrir þann, sem flytur inn, heldur eingöngu með kostnaðarverði, eingöngu með kostnaðarverði og á því lægsta verði, og vilji einhver eftir þessu frv., þó að það verði að lögum, flytja inn áburð í samkeppni við áburðarverksmiðjuna, þá er enginn vafi á því, að honum leyfist það, eins og þetta er orðað þarna. Áburður er á frílista. Það hefur aldrei verið neinn hörgull á því, hvað mætti flytja inn mikið af áburði. Það hefur á hverjum tíma verið fluttur inn áburður eins og þörf hefur verið fyrir. Veit ég, að hv. þm. áttar sig á þessu. En það er ekkert við því að segja, að hann skildi frv. á þennan veg, og mér dettur ekki í hug að vera að finna neitt að því.

Hv. 2. þm. Sunnl. var að tala um, að það væri einkennilegt að vera að leggja niður þetta gamla fyrirtæki. Það er náttúrlega alls ekki einkennilegt, vegna þess að verkefni þessa gamla fyrirtækis er orðið svo miklu minna en það var áður. Áður annaðist áburðareinkasalan innflutning á öllum áburði til landsins, köfnunarefnisáburðinum líka. Nú flytur hún aðeins inn steinefnaáburðinn. Og verkefni þessarar einkasölu fer vonandi stöðugt minnkandi, ef áburðarverksmiðjan í Gufunesi getur fært út kvíarnar og orðið það fyrirtæki, sem ég og hv. 2. þm. Sunnl. erum sammála um að hún eigi að verða. Og ég vil segja það, að þetta gamla fyrirtæki, áburðareinkasalan, — ég hef ekkert verið að lasta það, ég hef aldrei haldið því fram, að hún hafi verið illa rekin, síður en svo, en það er fyrirtæki, sem er ekki lengur nauðsynlegt, — það er enginn vafi á því, að það má spara talsverða upphæð með því að leggja hana niður, og þá á að gera það.

Hv. 2. þm. Sunnl. var að tala um það, hvort bændur hefðu óskað eftir þessu eða bændasamtök. Ég spyr nú: Er nokkur von til þess, að t. d. kaupfélögin óski eftir því, að áburðareinkasalan verði lögð niður, ef kaupfélagsstjórarnir eða kaupfélagsstjórnirnar tryðu því, sem hv. 1. þm. Norðurl. v. var að segja hér áðan og hv. 2. þm. Sunnl., að þetta fyrirtæki sé bráðnauðsynlegt? Og ef stjórnir kaupfélaganna og kaupfélögin tryðu því, sem hefur verið skrifað í blöðin undanfarið um áburðarverksmiðjuna og áburðareinkasöluna, að þetta sé alveg ómissandi, framkallar það ekki óskir eftir því rétta, ef þeim, sem eru að blekkja, tekst það.

Nei, áburðareinkasalan er óþörf í dag, og þess vegna er hér flutt frv. um að leggja hana niður. En af einhverjum sérstökum ástæðum hafa nokkrir þm. talið ástæðu til að ganga fram fyrir skjöldu og mæla gegn þessum sjálfsögðu ráðstöfunum. Þessir hv. þm. hafa aldrei haldið því fram, að ég hefði áhuga fyrir því, að áburðarverzluninni væri hagað öðruvísi en æskilegt er og hagkvæmt, þannig að bændur eigi ávallt þess kost að fá sem ódýrastan áburð. Og ég veit, að þeir trúa mér ekki til þess, þó að þeir séu mér ekki sammála í öllu. Og ég vil upplýsa þessa hv. þm. um það, að stjórn áburðarverksmiðjunnar hefur gert sér fulla grein fyrir því, að hún getur annazt innflutning og dreifingu á áburði á hagkvæman og hagkvæmari hátt en áburðareinkasalan. Í stjórn áburðarverksmiðjunnar eru 5 menn, og þar er verksmiðjustjóri og fleiri verkfræðingar og framkvæmdastjóri. Fjórir í stjórn áburðarverksmiðjunnar af fimm, verkfræðingar áburðarverksmiðjunnar, þessir menn hafa allir gert ýmsa útreikninga og gert sér fulla grein fyrir því, hvað þeir eru að segja, þegar þeir skrifuðu landbrn. og beinlínis gerðu tilboð um að annast innflutning á áburði og selja áburðinn nokkru lægra verði en áburðareinkasalan hefur gert eða getur gert. Og þeir hafa fært rök fyrir því, að það gætu sparazt vissir liðir í kostnaðinum, þannig að bændur mundu fá áburðinn ódýrari með þessu fyrirkomulagi en áður. Og það vill nú svo til, að í stjórn áburðarverksmiðjunnar eru ýmsir menn, sem eru vanir viðskiptum og rekstri fyrirtækja. Og sumir af þessum mönnum hafa a. m. k. stundum haft traust þeirra manna, sem nú gagnrýna það, að áburðarverksmiðjan taki að sér þessi störf.

Í sambandi við það, þegar hv. síðasti ræðumaður var að tala um verðlagið á áburðinum og að það væru 6 millj. kr., sem hefðu verið ranglega teknar af bændum, þá sé ég ástæðu til þess að minna á, að verðlagning áburðarins þau tvö ár, sem ég hef komið þar nærri sem ráðherra, hefur farið fram eftir samhljóða óskum stjórnar áburðarverksmiðjunnar. Það eru fimm menn í stjórninni. Það hefur komið fram í þessum umr., að það er einn af þessum fimm, sem hefur sérstakt traust nokkurra manna hér í hv. d., en líka sá maður, sem þetta sérstaka traust hefur, hefur verið með í tillögu um það áburðarverð, sem ákveðið var endanlega, bæði s. l. vor og vorið 1960, og á meðan ég var í stjórn áburðarverksmiðjunnar, var alltaf samstaða um það, hvaða tillögur skyldi gera til landbrh. um verð. Ég sé ástæðu til þess að segja þetta hér, vegna þess að það virðist vera svo, að a. m. k. þessi eini maður hafi sérstakan trúnað hv. síðasta ræðumanns, og ég vil vekja athygli á því, að hann beitir geiri sínum einnig að þessum sérstaka manni, sem hann treystir, þegar hann talar um, að áburðurinn hafi verið verðlagður of hátt og tekið meira af bændum en réttmætt var.

Ég get svo endurtekið það, að ég er algerlega ósammála hvað þetta snertir. Ég tel, að áburðarverðið hafi þessi tvö ár, sem ég átti endanlega að samþykkja verðlagið, verið eins lágt og forsvaranlegt var fyrir hagsmuni verksmiðjunnar og það sé þess vegna, að þessi stóryrði séu að öllu leyti ástæðulaus, um leið og þau eru óviðeigandi. En þeim er vitanlega ætlað að fá bændur til þess að trúa því, að þetta sé satt. Það er verið að gera lymskulega tilraun til þess að blekkja bændur, reyna að fá þá til þess að trúa því, að það væri verið að tryggja hagsmuni þeirra með því að haga fyrningarafskriftum áburðarverksmiðjunnar þannig, að það væri ekki hægt að endurnýja þær vélar, sem brotna eða bila. Þetta er lágkúrulegur hugsunarháttur, sem liggur þarna á bak við, og algerlega ólíkur þeim hugsunarhætti, sem yfirleitt er ríkjandi hjá bændum. Og ég veit, að bændur gera sér grein fyrir því, að þessari áburðarverksmiðju verður ekki haldið við og hún verður ekki stækkuð með því, að þessi hugsunarháttur fái að þróast eða ráða.

Ég held, að það sé ekki fleira, sem ég þarf að segja við hv. 1. þm. Norðurl. v. Ég held, að ég hafi svarað öllum þeim getsökum, sem hann var með. En þá væri kannske rétt að segja örfá orð út af því, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði hér áðan. En ég man nú ekki betur en ég hafi heyrt þá ræðu nokkrum sinnum áður, og ég man ekki betur en ég hafi a. m. k. einu sinni eða tvisvar svarað þessari ræðu, og það má þá búast við, að það verði endurtekning hjá mér eins og hv. 3. þm. Reykv., en það er náttúrlega enginn skaði með því skeður.

Hv. 3. þm. Reykv. var að tala um það frv., sem hann hefur flutt hér. Það er um það að gera áburðarverksmiðjuna að ríkiseign. Það frv. er vitanlega alveg óskylt því frv., sem er hér á dagskrá, og þó að þetta frv. verði að lögum, stendur það ekkert í vegi fyrir því að lögfesta frv. hv. 3. þm. Reykv. Það má vitanlega alveg eins fela áburðarverksmiðjunni innflutning á áburði, þó að hún verði gerð að ríkisfyrirtæki, og það er jafnnauðsynlegt, að fyrningarafskriftir verði í samræmi við endurnýjun á kostnaðinum, þó að áburðarverksmiðjan verði gerð að ríkiseign. Hún þarf að endurnýjast alveg jafnt fyrir því. Þess vegna er það, að það er eiginlega óþarfi, finnst mér, að ræða frv. hv. 3. þm. Reykv. samtímis hinu frv.

En í sambandi við eignarréttinn á verksmiðjunni nú vil ég segja það, að hv. 3. þm. Reykv. hefur gefið nokkuð undir fótinn með það, að hluthafarnir, sem eiga 2/5 af bréfunum, eigi nokkuð mikinn rétt þarna, vegna þess að í 3. gr. þess frv., sem hann flytur hér, gerir hann ráð fyrir því, að það megi kaupa hlutabréfin á talsvert hærra verði en nafnverði. Og er þá ekki verið að gefa í skyn, að hluthafarnir eigi þarna nokkuð mikinn rétt og meiri rétt en hv. þm. hefur stundum haldið fram? Ég er hræddur um, að 3. gr. frv. geti falið það í sér, ef lagaprófessorar færu nú að stúdera það, og það væri þá alveg á móti vilja hv. þm., ef hann ýtti undir þá skoðun, að hluthafarnir ættu beinlínis 2/5 í verksmiðjunni. Um hitt verður ekki deilt, að Áburðarverksmiðjan h/f er hlutafélag og að ríkið á 3/5 og hluthafarnir 2/5. Hvernig hægt er að komast hjá því að skilgreina það, að þeir, sem eiga 2/5 í hlutafélaginu, eigi ekki 2/5 í eignunum, það er vitanlega lagamál, og ég hef rætt þetta við marga lögfróða menn, sem eru á einu máli. En það skal viðurkennt, að við nál., sem gefið var út 2. maí 1960, hefur ekki verið gefið neitt svar enn. Það skal viðurkennt, að ríkisstj. hefur tekið á móti því, en það hefur ekki í nál. verið orðað þannig, að það bæri að leggja þá niðurstöðu hér fyrir Alþingi, heldur er málinu vísað til ríkisstj. til athugunar. Ég get upplýst hv. þm. um það, að að svo miklu leyti sem þetta mál þarf athugun, þá er það í athugun, og það hefur verið athugað. En því miður, þeir menn, sem ég hef rætt við, virðast vera nokkuð á einu máli. Nú vil ég segja það, að ef þessi athugun verður lögð hér fram, sem ég sé ekki annað en ætti að geta orðið og ekki ástæða til annars, þegar hún liggur skjalfest fyrir rn., en við skulum nú gera ráð fyrir því, — ef hún væri þannig, þessi athugun, og leiddi það í ljós, að t. d. þrír lögfræðingar teldu, að eignarréttur hluthafanna væri tvímælalaus, mundi hv. 3. þm. Reykv. taka það gilt? Ég geri ráð fyrir því, að hv. 3. þm. Reykv. tæki ekki neina athugun gilda, nema því aðeins að athugunin leiði í ljós, að réttur hluthafanna sé sem sagt enginn. Ég skal láta bíða að fullyrða nokkuð um það, hvað athugunin segir, þangað til hún liggur fyrir skjalfest, en ég hef ástæðu til þess að ætla, að hv. 3. þm. Reykv. haldi áfram að fullyrða á sama hátt og hann hefur gert áður, ef niðurstaða þessarar athugunar leiddi það í ljós, að hluthafarnir ættu 2/5 í verksmiðjunni. Og ég hef ástæðu til þess að ætla þetta vegna fullyrðinga hv. þm. um lögleysu stjórnar áburðarverksmiðjunnar í fyrningarafskriftunum. Hv. þm. fullyrðir, að hér sé um hreinan þjófnað að ræða hjá stjórn áburðarverksmiðjunnar, enda þótt fyrir liggi álit færustu manna um það, að þetta samrýmist lagagr. Þannig hefur þessi

hv. þm. — og reyndar fengið einn mann í lið með sér, hv. 1. þm. Norðurl. v. — það er eins og þeir hafi fyrir fram ákveðið úrslitin, þeir hafa fyrir fram kveðið upp þann sleggjudóm, að áburðarverksmiðjustjórnin hafi framið lögbrot, og það er eins og þeim komi ekkert við úrskurður færustu lögfræðinga í þessu máli. Þegar málflutningurinn er kominn á svona stig, mundi kannske einhver segja, að það væri ekki lengur ástæða til að ræða í alvöru um þetta mál við þessa menn. En eigi að síður, jafnvel þótt þetta væri skoðun sumra, sem á málið hafa hlustað, skal ég ekki telja eftir mér að halda umr. áfram um málið og gera frekari tilraunir til þess að sannfæra þessa hv. þm. um, að það ber að hafa það, sem sannast reynist, að taka rökum, þegar þau eru lögð fram af sérfróðum mönnum, en ekki halda áfram að berja höfðinu við steininn.

Hv. 3. þm. Reykv. var að tala um það, að 80% af áburðinum væri flutt beint á hafnir úti á landi, en 20% til Reykjavíkur. Ég skal viðurkenna, að ég hef ekki þessar tölur fyrir framan mig, og má vel vera, að þær séu alveg réttar. En ég sé ekki, hvaða áhrif það hefur á það, þótt áburðarverksmiðjan fari að flytja inn áburð. Ef áburðarverksmiðjan tekur að sér að flytja inn áburðinn, þá vitanlega gerir hún það með þeim hætti, sem ákjósanlegastur er, sem hagkvæmastur er og á ódýrastan máta. Það er enginn vafi á því, að áburðurinn hækkar ekki í verði, þótt stjórn áburðarverksmiðjunnar eigi að sjá um innflutninginn. Ástæðan til þess, að ég hef áhuga á að láta áburðarverksmiðjuna annast þetta og nota þannig aðstöðuna í Gufunesi, bryggjuna, geymsluna, skrifstofuhúsin og það fólk, sem þar er, er eingöngu sú að gera áburðinn ódýrari en hann hefur verið. Það er ekkert annað, sem vakir fyrir mér, en að ég hef þessa skoðun, og ég er alveg sannfærður um, að þið haldið því ekki fram, að ég hafi áhuga á því að gera áburðinn dýrari en hann þarf að vera.

Það var verið að spyrja hér áðan um það, hvort nokkur áætlun hafi verið gerð um kostnaðinn hjá áburðarverksmiðjunni við að flytja inn, og ég get upplýst, að það hefur verið gert, en ég hef hana ekki hér fyrir framan mig. Stjórn verksmiðjunnar, verksmiðjustjóri og verkfræðingar hafa gert slíka áætlun. Og ég get sagt meira, að þessi áætlun hefur verið send rn. og rn. hefur látið endurskoða hana á tveimur stöðum. Annar aðilinn, sem fékk áætlunina til endurskoðunar, hefur skilað af sér, en hinn ekki. Og annar aðilinn hefur talið, að áætlunin væri raunhæf. Hvað hinn aðilinn segir, verður ekki sagt um, fyrr en hann hefur skilað af sér. Við skulum ekki ætla, að stjórn áburðarverksmiðjunnar, verksmiðjustjóri og verkfræðingar og þessi aðili, sem er löggiltur endurskoðandi og fróður um rekstur fyrirtækja, sem er á sama máli og verksmiðjustjórnin, að þetta séu menn, sem hafi litið vit á rekstri fyrirtækis, innflutningsmálum eða hvernig þessu verður bezt fyrir komið. Ástæðan til þess, að ég hef sent þessa áætlun til endurskoðunar og athugunar annarra, er ekki sú, að ég rengi stjórn áburðarverksmiðjunnar eða verkfræðinga, heldur til þess að hafa tvöfalt öryggi fyrir því, að það sé vit í að gera þetta, ef að því ráði verður horfið, þannig að því fleiri fróðir menn sem verða sammála um þetta, því meira öryggi er í því, að það verði rétt, og því meiri vissa er fyrir því, að þeir, sem tala hér á móti þessu, gera það af vanþekkingu. Það er ekki út af fyrir sig sagt þeim mönnum til hnjóðs, það er ekki ætlazt til þess, að þeir hafi þá þekkingu á þessu, sem þarf til þess að vera dómbær um það. En þá ber að spara sér stóryrði og fullyrðingar um þau mál.

Það er ekki ástæða til að fjölyrða meira um afskriftirnar. Hv. 3. þm. Reykv. sagði svipað um þær og hv. 1. þm. Norðurl. v. Hann sagði, að þetta væri lögbrot, en ég bendi á aftur, að vélarnar eru orðnar 9—10 ára gamlar og það er gert ráð fyrir, að þær fyrnist á 10—12 árum. Það verður því að fara að endurnýja þær. Ef það á að gerast, verður að afskrifa þær með endurnýjunarverði, en ekki því verði, sem þær voru keyptar á, því að endurnýjunarverðið er a. m. k. þrisvar sinnum hærra en upphaflega verðið. Og það er enginn vafi á því, að jafnvel þótt engin gengisbreyting hefði orðið hér á landi, hefðu vélarnar hækkað nokkuð eigi að síður.

Hv. 3. þm. Reykv. var að tala um, að núv. stjórn hefði tekið upp á því að lækka gengið á hverju ári. En áður hefði það ekki verið gert nema einu sinni á áratug. Ég held, að vinstri stjórnin hafi ekki setið nema tvö ár eða rúmlega það, en hún lækkaði gengið þrisvar. Að vísu viðurkenndi hún ekki, að það væri gengislækkun. Það var kallað yfirfærslugjald. Út í það skal ég ekki fara. En vegna þess að hv. 3. þm. Reykv. man þetta og veit þetta, ætti hann líka að vita, að það er gagnslaust að vera að fullyrða það hér í hv. d., að núverandi ríkisstj. hafi fellt gengið tvisvar. Það, sem núv. ríkisstj. hefur gert, er ekki annað en viðurkenna það, sem orðið hefur 1960. Það er afleiðing af því, sem gerðist 1958 og 1957. Gengisskráningin í sumar er afleiðing af því, sem gerðist í vor. Og ég vildi gjarnan óska þess, að hv. 3. þm. Reykv. hefði ekki aðstoðað þá, sem ollu gengislækkuninni í sumar, eða hina, sem voru valdir að henni 1958 og 1957. En hann getur nú, hv. þm., farið í sinn eigin barm, og ef hann leitar þar vel, þá finnur hann, hvort samvizkan er alveg hrein í þessu efni.

Ég held, að það sé ekki ástæða til að svara þessum hv. þm. öllu meira. Það hefur komið flest fram við þessar umr., sem máli skiptir, og náttúrlega miklu meira en máli skiptir af hendi þeirra, sem hafa mælt á móti frv. Frv. fer til hv. fjhn., og hv. nm. geta náttúrlega fengið allar þær upplýsingar, sem þeir kunna að óska, til n., og það er áreiðanlega bezt fyrir málið, að það sé athugað sem bezt, og því betur sem hv. nm. og hv. þm. kynna sér það, því vissari er ég um, að þeir ljá málinu fylgi, þegar til atkvgr. kemur.

Umr. frestað.

Á 9. fundi í Nd., 30. okt., var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 10. fundi í Nd., 31. okt., var fram haldið 1. umr. um frv.

Einar Olgeirsson: Forseti. Hæstv. landbrh. hafði haldið hér nokkra ræðu út af því, sem ég hafði verið að gagnrýna hans frv. Hann talaði eitthvað um það í byrjun sinnar ræðu, að ég hefði haft allmikil stóryrði og sum ljót. Ég er hræddur um, að ég hafi ekki haft nein stóryrði, sem ekki væri hægt að standa við utan þingsalanna, ef út í það færi. Það mál, sem hér er um að ræða, er svo ljótt, að það verður áreiðanlega seinna skoðað sem eitt af ljótustu málum þingsins, ef ekki verður hægt að koma í veg fyrir það.

Ég ætla nú fyrst að athuga þær röksemdir hæstv ráðh., sem á yfirborðinu kynnu að virðast eðlilegastar. Það er sú röksemd, þegar hann segir, að það verði að vera hægt að halda verksmiðjunni við. Bændur hljóti að ætlast til þess, að hún sé gangfær, og þess vegna sé ekki nema sjálfsagt, að hann hafi tekið þær ákvarðanir, sem gerðar hafi verið og hann hefur staðið að ásamt meiri hluta verksmiðjustjórnar og kannske sjálfur verið í henni, a. m. k. um skeið, um að reikna fyrninguna rangt, ólöglega. Það er tvennt alveg ólíkt, sem hæstv. ráðh. blandar þarna saman. Það er annars vegar þetta: Er skynsamlegt að afskrifa svona og svona mikið af einu fyrirtæki og leggja það í fyrningu, eða er það löglegt? Þetta er tvennt alveg gerólíkt og þarf alls ekki að fara saman. Ég skal nefna ráðherranum dæmi. Í lögum um Sogsvirkjunina, sem er sameign Reykjavíkurbæjar og ríkisins og lætur áburðarverksmiðjunni í té rafmagn enn þá nokkur ár í viðbót á mjög lágu verði, er ákveðið, að ofan á hennar kostnaðarverð megi leggja 5%. Það er allt, sem má leggja ofan á kostnaðarverðið á rafmagninu, sem m. a. áburðarverksmiðjan fær. Sogsvirkjunin hefur ekki í lögum neina heimild til þess að safna í neina fyrningarsjóði, ekki heimild til neinna afskrifta. Það má vel halda því fram og er eðlilegast, að því sé haldið fram, að það væri mjög skynsamlegt, við skulum segja, að fyrirtæki eins og Sogsvirkjunin gæti safnað fé í að undirbúa ný mannvirki eða annað slíkt. En löggjafinn, Alþingi, mælir svo fyrir, að það skuli ekki gert. Löggjafinn ákveður, að það skuli aðeins lögð 5% ofan á það kostnaðarverð, sem á rafmagninu er á hverjum tíma. Löggjafinn segir m. ö. o.: Þessi fyrirtæki skulu ekki eiga sjóði til þess að geta endurnýjað sig, til þess að geta reist ný mannvirki eða annað slíkt. — Það má deila um, hvort þetta sé skynsamlegt, en eitt er ótvírætt, að þetta er löglegt, þetta er lagafyrirskipun. Alveg eins er það með áburðarverksmiðjuna. Löggjafinn mælir svo fyrir, að það skuli vera alveg ákveðin prósenta, sem lögð er til hliðar, það er í 10. gr. frumvarpsins, með leyfi hæstv. forseta:

„Framlag áburðarverksmiðjunnar til fastasjóða hennar skal vera á hverju ári sem hér segir: Til fyrningarsjóðs 2½%“ o. s. frv.

Þetta er ákvörðun, lögleg ákvörðun, og eftir þessum lögum ber að fara. Ef þeir t. d., sem ættu sæti í stjórn Sogsvirkjunarinnar, ætluðu á morgun að leggja t. d. 20% á allt rafmagnið og segja: Þetta er alveg nauðsynlegt, það er nauðsynlegt, að fyrning sé fyrir endurnýjun, — þá verður hreinlega sagt við þessa menn: Heyrið þið, þið eruð með lögbrot, mínir herrar, þið verðið kærðir tafarlaust. — Og ég gæti trúað, að áburðarverksmiðjan yrði ein sú fyrsta, sem kærði. Hún fengi aldeilis að vita af því. Þarna eru ákveðin lög, og eftir þeim lögum ber að fara, og ekki sízt þegar menn eru ráðherrar, þá eiga menn að sjá um, að þau lög séu í gildi, þeim lögum sé hlýtt. Hvað sé löglegt í þessum efnum og hvað sé skynsamlegt, það getur verið tvennt alveg ólíkt. Það er ákaflega margt óskynsamlegt, sem er í lögum og sérstaklega t. d. þeim bráðabirgðalögum, sem hæstv. ráðh. hefur staðið að í sumar og hans hæstv. ríkisstj. En það er löglegt vafalaust engu að síður, meginið af því, nema það, sem brýtur í bága við stjórnarskrána.

Lög og skynsemi fara ekki alltaf saman. Þess vegna þýðir ekki að vera með þessar röksemdir. Það, að menn hafi eitthvað að finna að því, sem er í lögum, það þýðir, að menn verða að reyna að gera svo vel að breyta því. Í tvö ár er þessi hæstv. ráðh. búinn að reyna að fá breytt þessum lögum um áburðarverksmiðjuna, en hefur ekki fengið það, Alþingi hefur ekki viljað fallast á það. Engu að síður lætur hann það viðgangast, að stjórn áburðarverksmiðjunnar haldi áfram að brjóta lögin. Þetta eru hlutir, sem ekki eiga að eiga sér stað. Mér er sem ég sjái, ef það væru einhverjir aðrir, ekki eins háttsettir í þjóðfélaginu, sem brytu lögin þannig. Hvað yrði gert við þá? Ég er hræddur um, að dómsmrh. verði nú að fara að láta þessi mál til sín taka, ef þetta á að halda svona áfram. Þess vegna er þetta, sem er í raun og veru eina röksemdin, sem hæstv. ráðh. hefur reynt að koma fram með, þess vegna er hún alveg haldlaus. Það eina, sem hann sannar með því, er, að hann hefur tekið þátt í að brjóta lögin og látið það viðgangast undir sinni stjórn, að þessi lög hafa verið brotin.

Svo segir hæstv. ráðh. út af minni ræðu, sem ég hélt hér, að hann hafi heyrt hana áður. Það er vafalaust alveg rétt hjá honum. Það er anzi hart, að hann skuli ekki hafa lært neitt af þessari ræðu, þegar hann er búinn að heyra hana máske oftar en einu sinni, og er alveg makalaust, að ráðh. skuli vera svona tornæmur, og auðséð, að það veitir ekki af að þylja þetta nokkuð oft yfir þeim enn þá og jafnvel fleiri en ég, ef það á að komast inn í þeirra ferkantaða koll.

Svo segir hæstv. ráðh., að ég sé með tillögur á Alþ. um að gera áburðarverksmiðjuna að ríkiseign. Bara þetta orðatiltæki sýnir, hvað hæstv. ráðh. skilur lítið í þessu öllu saman. Ég hef aldrei verið með neina tillögu hér á Alþingi um að gera áburðarverksmiðjuna að ríkiseign. Áburðarverksmiðjan er ríkiseign og hefur alltaf verið ríkiseign. Það eina, sem ég er að koma í veg fyrir, er, að henni sé stolið, að henni sé stolið með nokkrum yfirlýsingum, bæði núv. hæstv. ráðh. og fyrri landbrh., að ráðh., sem ekki skilja þetta mál, séu að gefa yfirlýsingar um það, að þessi áburðarverksmiðja sé eign hlutafélags, sem alls ekki á hana. Það er alveg ótvírætt í l., að mínu áliti alveg ótvíræður skilningur laganna í þessum efnum. 3. gr. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Verksmiðjan er sjálfseignarstofnun, er lýtur sérstakri stjórn. Verksmiðjuna má hvorki selja

né veðsetja, nema heimild sé veitt til þess af Alþingi.“

Verksmiðjan er sjálfseignarstofnun, eins og Landsbanki Íslands er sjálfseignarstofnun og annað slíkt. Þetta er alveg ótvírætt. Hæstv. ráðh. er að reyna að færa þetta í þann búning, eins og þetta sé eitthvað sérstök skoðun, aðeins mín og kannske okkar, sem í Alþb. erum. Því fer fjarri. Sá maður, sem var forsrh., þegar þessi lög voru samþykkt, Stefán Jóh. Stefánsson, núv. sendiherra í Kaupmannahöfn, hafði tækifæri til þess hér á Alþingi að láta í ljós sína skoðun á þessu máli, eftir að það gloprðist einu sinni út úr einum hæstv. landbrh., að það væri hlutafélagið, sem ætti verksmiðjuna. Hann lýsti því alveg ótvírætt, ekki bara sem sinni skoðun, heldur ótvíræðri túlkun laganna, að verksmiðjan væri auðvitað ríkiseign. Og hæstv. forsrh. þeirrar ríkisstj., sem stóð að því að samþykkja þessi lög, ætti að hafa nokkra hugmynd um það. Hann er þar að auki lögfræðingur líka, fyrst hæstv. ráðh. er farinn að vitna svona mikið í lögfræðinga. Annar málsmetandi maður, sem líka hefur átt sæti með mér í fjhn., þegar þetta mál hefur verið rætt, hefur látið skoðun þar í ljós um þetta og líka í nál. og ræðum. Það er núverandi herra forseti landsins, Ásgeir Ásgeirsson. Hann er alveg ótvírætt þeirrar skoðunar, að þessi verksmiðja sé ríkiseign, alveg ótvíræð ríkiseign. Þegar síðast var kosið í stjórn þessarar verksmiðju, var þar stungið upp á þeim manni, sem mun nú vera formaður hennar, Vilhjálmi Þór bankastjóra. Það kom fram aths. við það, eins og eðlilegt var, að hann væri í stjórn þess banka, sem með lögum væri bannað að sæti í stjórn atvinnufyrirtækis. Forseti sameinaðs Alþingis gaf úrskurð um það, hve þessi maður væri hæfur, hvort hann mætti vegna þessara ákvæða l. sitja í stjórn áburðarverksmiðjunnar. Og hver var úrskurður forseta Sþ.? Úrskurðurinn var sá, að af því að þetta fyrirtæki væri ríkiseign, mætti maðurinn sitja þar. Ef það væri eitthvert venjulegt hlutafélag, sem ætti þetta, þá hefði það ekki gengið.

Það er ákaflega leitt, að hæstv. landbrh. skuli sýna þessa vanþekkingu á l., eins og er þó búið að reyna að koma honum í skilning um lögin. Það er ákaflega leitt og dugir náttúrlega ekki að gefast upp við það, því að þessi vanþekking hæstv. ráðh. á l. getur orðið þjóðinni ákaflega dýr.

Svo minntist hæstv. ráðh. á, að ég virtist álíta, að þessir hluthafar ættu einhvern rétt, fyrst ég vildi í því frv., sem ég hafði flutt, gera vel við þá. Ég hef alltaf viljað gera vel við þessa hluthafa, vegna þess að ég álít, að á vissan hátt hafi tveir landbúnaðarráðherrar verið að blekkja þá með yfirlýsingum, sem þeir hafi gefið á Alþingi á síðustu 7 árum. Þegar því var fyrst yfir lýst af einum landbrh. hér, að hann skoðaði áburðarverksmiðjuna sem eign hlutafélagsins, þá var verið að gefa þessum hluthöfum undir fótinn um, að þeir ættu þarna fé, sem þeir alls ekki eiga. Og þeir hafa kannske verið eitthvað tregir á það, a. m. k. hafa þeir í álitum til hv. fjhn. lagzt á móti því, að mitt frv. væri samþykkt, m. a. vegna þess, að þeir hafa talið sig eiga þarna eitthvað í þessu út frá yfirlýsingum landbrh. Þessum hluthöfum hefur kannske ekki verið það ljóst, að strax og 13. gr. væri brott fallin, er yfirleitt enginn réttur, sem þeir eiga, þeirra hlutabréf ábyggilega einskis virði. Hlutabréfin fjalla bara um rekstur áburðarverksmiðjunnar, og það, sem þeir hefðu ekki haft upp úr þeim, á meðan þeir hefðu séð um rekstrinn, þá gætu þeir yfirleitt ekki haft neitt upp úr þeim hlutabréfum eftir á. Hins vegar hef ég aldrei viljað á neinn hátt níðast á þessum mönnum. Ég álít, að það hafi verið vitleysa strax frá upphafi, þegar Ed. samþykkti að stofna þetta hlutafélag til rekstrar áburðarverksmiðjunnar, og menn hafi verið fengnir í þetta meira eða minna undir fölskum forsendum, þess vegna eigi að lofa mönnum að losa sig út úr þessu og fara vel að þeim þannig og gera vel við þá. Og það er eingöngu þess vegna, sem ég hef lagt til, að þeim væri greitt þarna út og tillit tekið til þess, að m. a. fyrir aðgerðir hæstv. núv. ríkisstj. er þeirra fé orðið miklu minna virði en það var, þegar þeir lögðu það fram.

Svo talar hæstv. ráðh. um, að hann hafi talað við lagaprófessora. Ég ber náttúrlega mjög mikla virðingu fyrir lagaprófessorum. En ég gæti trúað, að það væru ekki allir lagaprófessorar á sömu skoðun, frekar en allir lögfræðingar séu á sömu skoðun. Ég held, að það þýði ekkert að vera að vitna í neina lagaprófessora eða lögfræðinga um skilning á þessum hlutum. Það er aðeins einn aðili, sem þarna á að taka af öll tvímæli um, og það er sjálfur löggjafinn, það er Alþingi. Og Alþingi hefur tekið af öll tvímæli um þetta í 1.—12. gr. laganna, sem eru eins og frv. var, þegar þetta var lagt fyrir og fór í gegnum fimm umr. í deildunum. 13. gr., sem er skellt inn í við síðustu umr. í Ed., á síðustu annadögum þess umrótasama þings vorið 1949, óhugsuð tiltölulega, meira eða minna undir erlendum þrýstingi og erlendum áhrifum, sú grein er eins vandræðaleg og við var að búast, eins og til hennar var stofnað. Og sú eina grein, sem hún takmarkaði að einhverju leyti, er raunverulega 2. gr. Þess vegna byrjaði hún með því, að ríkisstj. sé heimilt þrátt fyrir ákvæði 2. gr., allt annað er látið standa, allt annað eins og það leggur sig. Þess vegna er það enginn annar en Alþingi sjálft, sem á þarna að taka af öll tvímæli um, og það á Alþingi ekki að bíða lengur með.

Nú vil ég spyrja hæstv. ráðh., þar sem mér hefur borizt það til eyrna: Er það svo, að það sé nú þegar verið að undirbúa ráðstafanir til þess að fara að framkvæma þá hluti, sem frv. hans fjallar um, án þess að Alþingi segi sitt síðasta orð um þetta? Er það hugsanlegt annars vegar, að hæstv. ráðh. sé sjálfur með það í undirbúningi, af því að hann hefur nú í tvö ár ekki fengið það fram á Alþingi, sem hann hefur óskað eftir, að gera ráðstafanir án Alþingis til þess að framkvæma þetta? Er það í fyrsta lagi hugsanlegt, að hæstv. ráðh. ætli að sýna Alþingi þá lítilsvirðingu? Þeir áttu þetta til í gamla daga máske, einhverjir höfuðsmenn á Bessastöðum, að gera það, en ég hélt, að það mundi varla geta komið fyrir Alþingi nú á 20. öld. Er það í öðru lagi hugsanlegt, að það sé nú þegar verið að hefja undirbúning að því

að láta byggja geymsluhús fyrir áburð þarna inni í Gufunesi, — ég man nú ekki, hvað það heitir í Strompleiknum, en eitt af stærstu geymsluhúsum á Íslandi, leggja grunn að einhverju slíku? Ég veit ekki, hvort það á að vera 30 m breitt og 90 m langt. Er máske hugsanlegt, að það sé byrjað á því nú þegar að leggja þarna grunn að stærsta geymsluhúsi á Íslandi til þess að skipa þarna áburði upp og fara að sekkja hann þar um og annað slíkt? Ég spyr bara, því að maður er orðinn ýmsu vanur upp á síðkastið, og væri gott að fá hugmynd um það. Er máske farið erlendis af hálfu stjórnar áburðarverksmiðjunnar að ræða nú þegar um kaup á erlendum áburði? Ég veit það, að formaður áburðarverksmiðjustjórnar er mjög framtakssamur maður, og það má vel vera, ef honum væri gefið undir fótinn og það af hæstv. ráðh., að hann ætti til að fara að gera eitthvað í slíkum efnum nú þegar. En ég kynni satt að segja ekki við það. Ég held, að hæstv. ríkisstj. ætti að ljúka ýmsum öðrum málum, sem liggja hjá henni og eru búin að liggja lengi, áður en hún fer að flýta sér út í þetta mál, eitt hneykslismálið til. Og svo vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. landbrh. svo að segja persónulega: Finnst honum það viðkunnanlegt, að hann sem ráðherra í ríkisstj. Íslands herði svona á aðgerðum í þessu máli að leggja niður áburðarsöluna og flytja hana í hendur áburðarverksmiðjunnar? Hæstv. landbrh. er sjálfur hluthafi í Áburðarverksmiðjunni h/f, þessu rekstrarfélagi hennar. Ég veit, að hann er ekki stór hluthafi, það er enginn stór hluthafi þar, en engu að síður fannst mér óviðkunnanlegt af hæstv. ráðh. sem hluthafa í þessu félagi að gera ráðstafanir til þess að afhenda því fyrirtæki ríkisins. Það er í öðru lagi mjög óviðkunnanlegt af hæstv. ráðh. sem hluthafa í þessu félagi að gefa yfirlýsingar hér á Alþ. sem ráðh., sem landbrh., um skilning á l., sem getur bakað ríkisstj. stórkostlegan skaða og reynzt ríkinu útgjaldadrjúgt seinna meir í málarekstri út af þessum málum. Og það er í þriðja lagi óviðfelldið af hæstv. ráðh., sem sjálfur hefur verið, meðan hann ekki var ráðh., fulltrúi hluthafanna, einkahluthafanna í þessu rekstrarfélagi, — það er óviðkunnanlegt af honum að gefa svona yfirlýsingar eins og hann hefur gefið hér um eignina að sínu áliti á áburðarverksmiðjunni. Það er óviðkunnanlegt. Og ég vil spyrja hæstv. ráðh.: Álítur hann það viðfelldið, að hann sem hluthafi og fyrrum fulltrúi hluthafanna í stjórn áburðarverksmiðjunnar sé að gefa svona yfirlýsingar hér á Alþ., eins og hann hefur gefið nú um eignina á verksmiðjunni, í staðinn fyrir að segja við Alþingi: Ég vil, að Alþ. útkljái þetta mál. Ég vil, að þetta sé ekki borið fram á Alþ. nú í áttunda eða tíunda sinn og það sé alltaf óútkljáð. Ég vil ekki standa í þessu svona. Ég krefst þess, að Alþ. segi af eða á í þessu máli, — mundi a. m. k. í hans sporum álíta það viðfelldnara fyrir hann að láta Alþ. bera ábyrgðina í þessum efnum. Ef meiri hl. Alþingis vill gefa áburðarverksmiðjuna, þá hann um það, þá látum meiri hl. Alþ. segja af eða á í þessu máli. Það mundi a. m. k. vafalaust hægt að halda áfram í sömu fótsporin og efla einkaframtakið í landinu með því að gefa því Landsbankann næst, bæta bara h/f við, útdeila hlutabréfum o. s. frv. En ég mundi í sporum hæstv. ráðh. álíta, að það væri viðkunnanlegra fyrir hann, að Alþ. tæki ákvörðun um þetta. Ég mundi í hans sporum vilja segja: Ég skora á Alþingi að afgreiða nú þessi mál, þannig að það sýni sinn vilja, en liggi ekki á bæði hans málum og mínu máli og afgreiði hvorugt.

Áburðarverksmiðjan er ótvíræð eign ríkisins, á meðan 3. gr. ekki verður breytt. Allt það, sem gert hefur verið og stefnt hefur að því að reyna að túlka 13. gr. þannig, að áburðarverksmiðjan væri eign hlutafélagsins, það eru eingöngu orð nokkurra ráðh., sem fallið hafa hér á Alþ., sem fyrir því eru, ekkert annað. Og þau orð álít ég ekki hafa stoð í lögum. En þau orð, þegar þau falla af hálfu ráðh., sem hafa með þetta að gera, þá nálgast þau það að reyna að hjálpa til þess, að það væri e. t. v. seinna meir hægt að ná þessu fyrirtæki úr höndum ríkisins, og þá mundi það raunverulega vera eins og verið væri að stela úr sjálfs sín hendi því, sem mönnum hefur verið trúað fyrir, þegar menn mæla svona ógætilega. Ég vil minna hæstv. ráðh. á, að það er langt frá því, að t. d. Alþb. eða Alþfl. séu einu aðilarnir í landinu, sem eru þessarar skoðunar. Þessi skoðun nær langt inn í Sjálfstfl. líka. Einn af þeim fulltrúum, sem var á flokksþingi Sjálfstfl. núna, kom til mín eftir þá ræðu, sem ég hélt hér seinast, þegar við vorum að ræða þetta mál, til þess að þakka mér fyrir þá ræðu og segja, að hann væri á sömu skoðun. Það hafi verið gerð samþykkt einmitt þar sem hann var fundarstjóri, í stjórn Búnaðarsambands Suður-Þingeyinga, 19. apríl 1960, þar sem m. a. var samþykkt samhljóða eftirfarandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Fundur Búnaðarsambandsins lýsir sig mótfallinn frumvarpi því, sem nú liggur fyrir Alþingi, þess efnis að leggja áburðareinkasölu ríkisins niður. Telur fundurinn, að sú breyting á sölufyrirkomulagi tilbúins áburðar, sem nú er fyrirhuguð, mundi sízt verða til bóta fyrir bændur, enda nýtur áburðarsala ríkisins óskoraðs trausts fyrir góða þjónustu og hagkvæman rekstur. Verði hins vegar breyting gerð á sölufyrirkomulagi tilbúins áburðar, skorar fundurinn á Alþingi að taka Áburðarverksmiðjuna h/f eignarnámi og þjóðnýta alla áburðarvinnslu í landinu.“

Þarna gætir auðsjáanlega þess misskilnings, sem einmitt hæstv. ráðh. og hans menn hafa verið að koma inn á, að það sé verið að berjast um það að gera áburðarverksmiðjuna að ríkiseign, taka hana eignarnámi. Því fer fjarri. Hún er ríkiseign, og það þarf bara að slá því föstu, að þrátt fyrir öll klaufaleg ummæli vissra landbrh. sé hún það. Í 13. gr. stendur alveg greinilega, þar sem ákveðið er að safna til þessa hlutafjár: „Ef slík framlög nema minnst 4 millj. kr., leggur ríkissjóður fram hlutafé, sem þá vantar til, að hlutaféð verði alls 10 millj. kr., og skal verksmiðjan þá rekin sem hlutafélag.“ Það þýðir m. ö. o., að reksturinn á verksmiðjunni er hlutafélagsins. Það eru mörg dæmi um þessa hluti. Hæstv. ráðh. þyrfti ekki að athuga nema eitt af þeim gömlu, stóru fyrirtækjum hér í Reykjavík, Völund, til þess að sjá

þessa skiptingu, lóðirnar, sjálf verksmiðjan, sérstakt hlutafélag, reksturinn eitt hlutafélag. Þarna er um að ræða hluti, sem eru svo fjarri lagi, þegar athugaðir eru peningarnir, sem þarna eiga hlut að máli, að engum hefði nokkurn tíma dottið þetta í hug, ef þetta hefði ekki af tilviljun álpazt út úr einum hæstv. landbrh., að fyrir 4 millj. kr. hlutafé gætu nokkrir menn og nokkur samtök í landinu öðlazt eignarrétt á því, sem nú mundi vera ca. 140 millj. kr. virði. Hverjum hefði dottið það í hug, að Alþingi ætlaðist til slíks?

Hæstv. ráðh. blandaði svo að síðustu inn í þessi mál tali um gengisskráninguna og alla vitleysuna, sem ríkisstj. hefði gert sem afleiðingu verkfallanna. Ég skal nú ekki fara að ræða þau mál við hann undir þessum lið. Það gefst tilefni til þess, þegar sjálf gengisskráningin og öll þessi hringavitleysa og lögbrot og stjórnarskrárbrot ríkisstj. koma til umr. En við skulum nú láta okkur alveg nægja að halda okkur við sjálfa þá vitleysu, sem hæstv. ráðh. leggur til að hérna sé gerð, að leggja niður áburðarsöluna og að staðfesta lögbrotin í sambandi við fyrningarsjóðina, og þá röngu yfirlýsingu hans um, að áburðarverksmiðjan væri eign hluthafanna. Það, sem verður að taka af öll tvímæli um á þessu þingi, er, að áburðarverksmiðjan sé eign ríkisins, og leysa hluthafana út með sanngjörnu og heiðarlegu móti, þannig að það sé ekki verið að ala neinar tálvonir hjá þeim um, að þeir séu að eignast þarna stórfé með ódýru móti, og koma þannig í veg fyrir, að ráðherrar í ríkisstj. Íslands séu með vanhugsuðum yfirlýsingum á Alþingi að reyna að ráðstafa úr eigu ríkisins stærstu og verðmætustu stóriðjufyrirtækjum þjóðarinnar. Þetta eru hlutir, sem geta ekki gengið, og ég álít það vera alveg óhjákvæmilegt, að svona verði þetta mál ekki lengur látið standa, það verði tekin endanleg afstaða hér á Alþingi, bæði gagnvart því frv., sem hæstv. ráðh. nú flytur, og því frv., sem ég flyt og seinna verður hér til umr., að fjhn. gangi þannig frá þessum málum, að málin sofni nú ekki lengur þar, heldur verði afgreidd og alveg höggvið á hnútinn í þessum efnum. En eins vil ég sem sé mælast til um leið, og það er, að það verði ekki farið að koma aftan að þinginu, að það verði farið með einhverjum stjórnarráðstöfunum að leysa þessi mál, þegar Alþingi er tvisvar sinnum búið að neita því að verða við þeim kröfum, sem ríkisstj. hefur sett fram.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég vildi fyrst beina þeirri spurningu til hæstv. landbrh., hvort hann sé ekki að leika hér skrípaleik með Alþ.? Á tveimur undanförnum þingum hefur legið fyrir frv. frá hæstv. ráðh. um það að leggja áburðarsölu ríkisins niður. Nú flytur hann þetta frv. í þriðja sinn, og það er nú til 1. umr. í fyrri deildinni. En ég hef fengið þær fréttir, og ég hygg, að þær séu réttar, að á sama tíma og þetta mál er hér til 1. umr. í fyrri d., þ. e. frv. um að leggja áburðarsölu ríkisins niður, þá hafi hæstv. ráðh. með bréfi, sem hann ritaði áburðarverksmiðju ríkisins í gær, tekið ákvörðun um það, að áburðarsalan sé lögð niður sem sérstakt fyrirtæki og áburðarverksmiðju ríkisins hafi verið falið verksvið hennar. Ef þessar fréttir eru réttar, sem ég hef ástæðu til að halda, þá finnst mér, að hæstv. ráðh. leiki hér alveg furðulegan skrípaleik með Alþ. Hann tekur ákvörðun, sem hann bæði nú og tvívegis áður hefur borið undir Alþ. og ekki fengið þar jákvæðar undirtektir, — hann gerir sér litið fyrir og tekur ákvörðunina upp á eigin eindæmi, áður en hann er búinn að fá nokkra vitneskju um það, hvaða viðhorf Alþingi hefur til málsins, aðra en þá, sem hefur komið fram á tveimur undanförnum þingum, að frv. hans um þetta efni hefur dagað uppi. Mér finnst, að það hefði verið óhjákvæmilegt fyrir ráðh., fyrst hann lagði þetta mál fyrir Alþ. á annað borð og taldi nauðsynlegt, að Alþ. fjallaði um það, að bíða eftir ákvörðun þess um þetta efni, en ekki taka þá ákvörðun einhliða með stjórnarúrskurði, að þetta skyldi gert, sem hann þykist hér vera að bera undir Alþingi.

Þeim mun fráleitara finnst mér þetta líka vera hjá hæstv. ráðh. vegna þess, að í þeim umr., sem hér hafa farið fram á Alþ., hefur hann engin rök fyrir því, að þessi ráðstöfun sé eðlileg og hana beri að gera. Ef slík ráðstöfun eins og þessi væri eðlileg, þá þyrfti a. m. k. tvennt að liggja fyrir. Það þyrfti að liggja fyrir í fyrsta lagi, að það væri einhver ósk frá þeim aðilum, sem mest varða þessi mál, um þá breytingu, sem hér er ráðgerð, og þar á ég við bændastéttina. Það hafa komið fyrirspurnir um það til hæstv. ráðh. hér í umr., hvort nokkrar slíkar óskir hafi komið fram. Og hæstv. ráðh. hefur ekki bent á eina einustu ósk um þetta efni. Hann hefur ekki getað nefnt einn einasta bónda, sem óskaði eftir þessu, ekki einn einasta fund, þar sem bændur hafi verið saman komnir, sem óskuðu eftir þessu, ekki einn einasta félagsskap, sem bændur eru riðnir við, sem óski eftir þessari breytingu. Það liggur þess vegna eins ljóst fyrir og verða má, að sú breyting, sem lagt er til að gera í þessu frv. og hæstv. ráðh. mun nú vera búinn að gera, er ekki gerð eftir óskum frá bændastéttinni, sem mest á þó undir því, að þessi mál séu sæmilega af hendi leyst. Hæstv. ráðh. hefur ekki getað bent á neina slíka ósk.

Annað, sem mætti nota til réttlætingar fyrir umræddri breytingu, væri það, að það væri hægt að sýna fram á, að hér væri raunverulega um sparnað að ræða fyrir þá, sem þessarar þjónustu eiga að njóta, bændurna. Hæstv. ráðh. hefur ekki fært nein rök að því, að þessi ráðstöfun verði líkleg til þess að hafa sparnað í för með sér. Það liggur fyrir í reikningum áburðarsölu ríkisins, að allur rekstrarkostnaður hennar á seinasta ári var 340 þús. kr. Ég hygg, að það sé ekki hægt að búast við því, að þessi kostnaður geti orðið lægri en hann hefur verið á seinasta ári undir stjórn áburðarsölu ríkisins, og þó að nýtt fyrirtæki taki þetta að sér, muni sá kostnaður alls ekki geta orðið lægri, enda hefur sjálfur ráðh. viðurkennt það í umr., að áburðarsala ríkisins hafi verið og sé mjög vel og hagsýnilega rekið fyrirtæki, og ekki fært nein rök að því, að það mundi geta leitt einhvern sparnað af þessari ráðstöfun frá því, sem nú er. Og þar með er þessi önnur aðalröksemd, sem gæti legið að þessu frv., fallin um sjálfa sig.

Ég hef hins vegar haft fréttir af því, að áburðarverksmiðjan hafi sótt þetta mál af slíku ofurkappi eða sá meiri hluti, sem ræður þar, að hann hafi boðizt til þess að selja erlenda áburðinn eitthvað lægra verði, ef hann fengi söluna í sínar hendur. En ef svo er, að áburðarverksmiðjan ætlar að selja erlenda áburðinn eitthvað lægra verði en áður hefur átt sér stað, þá getur það ekki stafað af því, að rekstrarkostnaður við sjálfa söluna á erlenda áburðinum verði lækkaður, heldur að það verði lagt þeim mun meira á þann áburð, sem verksmiðjan sjálf framleiðir, á meðan er verið að koma því í kring, að áburðarverksmiðjan taki að sér söluna á erlenda áburðinum.

Það hefur í blaðagrein, sem sá maður, sem er fróðastur um þessi mál og bezt þekkir til, hefur nýlega skrifað, verið sýnt fram á það, að þær ráðstafanir, sem áburðarverksmiðjan hefur uppi í sambandi við þessi mál, muni verða til þess að gera erlenda áburðinn dýrari og verða til þess, að þjónustan við bændur verði að öllum líkindum lakari en hún hefur áður verið. Sá maður, sem ég á hér við, er dr. Björn Jóhannesson, sem hefur fylgzt betur með þessum málum og hefur meiri þekkingu á þessum málum en nokkur annar hérlendur maður. Þær fyrirætlanir, sem áburðarverksmiðjan virðist hafa með höndum, eru í stuttu máli þær að flytja áburðinn inn ósekkjaðan hingað til lands og sekkja hann svo hér í því húsnæði, sem hún kynni að koma upp í Gufunesi. En mér skilst, að þetta eitt, að gera þessa breytingu, að flytja áburðinn inn ósekkjaðan, það sé líklegt til að hafa strax í för með sér stofnkostnað upp á 10—12 millj. kr. Ef á að fara að flytja áburðinn þannig inn ósekkjaðan, þá þarf bæði að stækka bryggjur og styrkja bryggjur í Gufunesi, þá þarf að koma þar upp sérstökum uppskipunartækjum, þá þarf að koma þar upp sérstakri bryggju fyrir umsekkjunina og til geymslu á erlenda áburðinum, og þá þarf að kaupa sérstök sekkjunartæki. Og mér hefur skilizt það á kunnugum mönnum, að þegar búið sé að koma þessu öllu saman upp, verði hér um stofnkostnað að ræða, sem komi til með að skipta millj. kr. eða jafnvel kosta 10—12 millj. kr. Hér er lagt í stofnkostnað, sem er algerlega óþarfur, ef það fyrirkomulag væri haft á áburðarkaupunum, sem nú er haft, þ. e. að flytja áburðinn inn sekkjaðan. Annað kemur svo til greina í þessu sambandi, að nú er sú skipan komin á, að áburðurinn er fluttur beint frá útlöndum til hafna úti um land, þar sem bændur taka á móti honum. Ef aftur á móti áburðurinn er fluttur inn ósekkjaður til Gufuness, þá þarf að skipa honum þar upp og skipa honum út aftur, og þar kemur til sögunnar nýr, dýr umskipunarkostnaður, sem hlýtur að hafa það í för með sér, að áburðurinn verður dýrari en ella, auk þess sem það er ekki eins tryggt, að hann geti komið til bænda í tæka tíð til hafna úti um landið, eins og verið hefur að undanförnu, þegar hann hefur verið fluttur beint sekkjaður frá útlöndum. Og t. d. hygg ég, að bændur á Suðurlandi muni telja það betur farið, að áburðurinn verði fluttur beint frá útlöndum til Þorlákshafnar, eins og átt hefur sér stað á undanförnum árum, heldur en að hann sé fluttur hingað til Gufuness og þeir þurfi að sækja hann þess vegna mun lengri leið en áður, en það hlýtur að sjálfsögðu að hafa aukinn flutningskostnað í för með sér fyrir þá.

Ég held þess vegna, að það liggi nokkurn veginn ljóst fyrir, að þær breyt., sem hér eru ráðgerðar af hæstv. ráðh. og meiri hluta stjórnar áburðarverksmiðjunnar, verði til þess að gera áburðinn dýrari en nú er, þó að áburðarverksmiðjan, meðan hún er að ná þessum innflutningi undir sig, þykist geta selt hann eitthvað ódýrari en gert hafi verið að undanförnu. Það fyrirkomulag, sem á að taka upp, er þannig vaxið, að það hlýtur óhjákvæmilega að hafa meiri kostnað í för með sér en það fyrirkomulag, sem áður hefur verið á þessum málum.

Það mætti halda áfram að rekja þetta lengra, en þess gerist ekki þörf. Það, sem ég hef bent hér á, nægir til að sýna það tvennt, sem er meginatriði í þessu máli. Í fyrsta lagi það, að enginn bóndi, enginn þeirra, sem eiga hagsmuni sína undir þessari verzlun, hefur óskað eftir þessari breytingu, og að það er óhjákvæmilegt, að sú breyting, sem hér er fyrirhuguð, hlýtur að leiða til aukins kostnaðar, en ekki til sparnaðar.

Og ég verð að segja það að síðustu, að þá er í raun og veru ekki verið annað að gera en að leika hér hreinan skrípaleik með Alþingi. Eftir að slíkt mál eins og þetta er tvívegis búið að daga hér uppi og eftir að það er komið lengra að þessu sinni í hv. Alþingi en til 1. umr. í fyrri deildinni, þá rýkur hæstv. landbrh. til og notar hæpin lagaákvæði til að taka það vald í sínar hendur að gera þá breyt., sem þetta frv. fjallar um, áður en hann fær nokkuð að vita um endanlegan vilja Alþingis í málinu. Til hvers var hæstv. ráðh. þá að leggja þetta mál fyrir Alþingi, ef hann taldi sig hafa vald til að gera það og þyrfti ekki að spyrja Alþingi neitt um það? Hvað kemur honum til að gera það? Það stafar að sjálfsögðu einfaldlega af því, að ráðh. er alls ekki viss um, að hann hafi þetta vald í sínum höndum, og telur þess vegna eðlilegra, að þingið fái að skera úr um það. Eftir að hann sennilega kemst svo að raun um, að það sé vafasamt, hvort hann muni koma málinu fram á Alþingi, þá rýkur hann í það að taka þessa ákvörðun, sem er í raun og veru ekkert annað en hreinn skrípaleikur með Alþingi og sýnir viðhorf núv. ríkisstj. til Alþingis, hvernig hún sniðgengur það á allan hátt, þar sem hún telur sér það mögulega fært, og gerir það á jafnhæpinn hátt og hæstv. landbrh. hefur gert nú að þessu sinni. Og menn hljóta að spyrja: Ef ráðherrar leyfa sér að gera slíka hluti eins og þessa, að bera mál undir Alþingi og afgreiða það svo, taka ákvarðanir um það, áður en þingið er búið um það að fjalla, — hvað kann sú ríkisstj. ekki að leyfa sér að gera í áframhaldi af þessu?

Ég held þess vegna, að það væru eðlileg viðbrögð Alþingis í tilefni af því, sem hæstv. ráðh. hefur nú gert, að fella þetta frv. og jafnframt að ógilda þá ráðstöfun, sem hann hefur gert, — ráðstöfun, sem tvímælalaust er í andstöðu við þá stétt, sem mestra hagsmuna á að gæta í þessu sambandi, og verður henni líka fyrirsjáanlega til aukins kostnaðar og óþæginda. Ég

held, að hæstv. ráðh. hafi með aðgerð sinni teflt þessu máli þannig, að Alþingi eigi ekki neinn annan kost, ef það ætlar að gæta ekki aðeins réttar bændanna, heldur sóma sjálfs sín í þessum málum og gefa ekki ófyrirleitnum ráðh. fordæmi til þess að troða á rétti Alþingis.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Það er í dag rétt vika liðin, síðan þessi umr. hófst, 1. umr. um það frv., sem hér liggur fyrir. Ég sagði nokkur orð um málið þá. Hæstv. landbrh. gerði síðan nokkrar aths. við það, sem ég hafði um það sagt, og í tilefni af þeim aths. vil ég enn fara nokkrum orðum um þetta mál.

Ég benti á það, að áður en áburðarverksmiðjan tók að verzla sjálf með áburðinn, sem hún framleiðir, — en það hefur hún gert í fyrra og í ár, þ. e. a. s. hún hefur nú þessi síðustu tvö ár selt beint til notenda sína framleiðslu, — þá hefði þurft að breyta lögum verksmiðjunnar. Ráðh. telur, að heimilt hafi verið að fela verksmiðjunni að annast þessa sölu, og hann vitnar í lög um áburðarsölu ríkisins. En það er þýðingarlaust að vitna í þá heimild, sem þar er. Samkvæmt þeirri heimild gat ráðh. að vísu falið einhverju verzlunarfyrirtæki að annast áburðarsöluna, en skv. lögum áburðarverksmiðjunnar er hún ekki verzlunarfyrirtæki. Það er beint fram tekið í lögunum, að annað fyrirtæki skuli selja framleiðsluvörur hennar. Það, sem skortir, er lagaheimild handa áburðarverksmiðjunni til að annast söluna, og það er sú lagaheimild, sem ríkisstj. m. a. vill fá samkvæmt því frv., sem hér liggur fyrir. Meðan sú heimild er ekki fyrir hendi handa áburðarverksmiðjunni, er það ólöglegt, að hún annist slíka verzlun.

Hæstv. ráðh. spyr, hvort menn vilji ekki spara milliliðakostnað. En hefur það verið gert með því að fela áburðarverksmiðjunni söluna á áburðinum, sem hún framleiðir? Engar upplýsingar liggja fyrir um það atriði. Það eitt er kunnugt, að milliliðum hefur ekki fækkað. Það er aðeins áburðarverksmiðjan, sem þarna tekur við þeirri verzlun, sem áburðarsala ríkisins hefur áður haft. Ráðh. sjálfur sagðist ekki geta upplýst, hvað hafi sparazt við þetta.

Það liggur þannig ekki fyrir, að neitt hafi sparazt við þessa ráðstöfun, og eins og ég hef áður bent á, þá tel ég það mjög ólíklegt, að áburðarsalan verði rekin með minni kostnaði en verið hefur nú undanfarið.

Þá er það verzlunin með útlenda áburðinn, sem ráðh. vill koma í hendur áburðarverksmiðjunnar. Hann segir, að stjórn áburðarverksmiðjunnar, verksmiðjustjóri og verkfræðingar verksmiðjunnar hafi gert áætlun um verzlun áburðarverksmiðjunnar með innfluttan áburð, og hann tók fram, að þetta væru mjög færir menn. „Og ég get sagt meira," sagði hæstv. ráðh., „áætlunin var send ríkisstj." Tæpast verður nú sagt, að þetta séu merkilegar fréttir, að ríkisstj. hafi fengið að skoða áætlun, sem hún byggir tillögur sínar á. En þó að mjög færir menn hafi gert áætlunina, þá treysti ráðh. þeim ekki fullkomlega, og því sendi hann áætlun þeirra til annarra, að því er manni skildist til yfirskoðunar, til þess að hafa tvöfalt öryggi, eins og hæstv. ráðh. komst að orði. Það verður fróðlegt fyrir þingnefndina að skoða þessa endurskoðuðu áætlun.

Hæstv. ráðh. telur nauðsynlegt að fela einhverju sérstöku fyrirtæki að flytja inn útlendan áburð. Þetta kom fram í ræðu hans, og líka segir í 1. gr. frv., 2. mgr., að ríkisstj. geti falið áburðarverksmiðjunni að flytja inn tilbúinn áburð. Hvernig stendur á þessu? Ef verzlun með útlendan áburð á að vera frjáls, eins og mér skildist á ræðu hæstv. ráðh. að hann teldi að ætti að vera, þá er engin þörf á því, að ríkisstj. feli sérstökum aðila þann innflutning. Vafalaust munu einhver verzlunarfyrirtæki útvega landsmönnum þessa vöru eins og aðrar, sem kaupa þarf frá útlöndum, án þess að þeim sé sérstaklega falið það af yfirvöldunum. En ordalagið á frvgr. gæti bent til þess, að enn sé það vilji ráðh. að láta áburðarverksmiðjuna hafa einkaleyfi til innflutnings á útlendum áburði, eins og hann hefur lagt til í frv. sínum á tveimur síðustu þingum. Sé hins vegar stefnt að því, að áburðarverksmiðjan hafi möguleika til innflutnings á áburði án þess að hafa einkarétt til þess, þá væri viðkunnanlegra að orða þetta öðruvísi. Þá mætti setja í lög, að áburðarverksmiðjan skuli hafa heimild til að verzla með áburð. Hún gæti þá rekið slíka verzlun í samkeppni við aðra. Að vísu gæti hún komið í veg fyrir eðlilega samkeppni í verzlun með innfluttan áburð, ef hún héldi áfram, eins og hún mun hafa gert s. l. ár, að lækka útlenda áburðinn í verði með því að leggja nokkuð á sína innlendu framleiðslu í því skyni, en ef ég man rétt, hafa komið upplýsingar um, að það hafi verið gert árið sem leið. (**EystJ:** Það gæti orðið erfitt að keppa við það.) Það gæti orðið erfitt að keppa við verzlun, sem væri þannig rekin, já.

Ég kem þá aftur að því, sem ég gerði fyrst og fremst að umtalsefni 24. þ. m., þegar umr. um þetta frv. hófst hér í d. Það var sú ákvörðun verksmiðjustjórnarinnar að reikna hærra fyrningarsjóðsgjald en ákveðið er í lögum og bæta þeirri hækkun við söluverð áburðarins. Verksmiðjustjórnin byrjaði á þessu 1959 og hefur haldið því síðan. Eins og ég gerði grein fyrir, eru það orðnar margar milljónir króna, sem verksmiðjan hefur tekið af bændum á þennan hátt með hærra áburðarverði en ákveðið er í lögum.

Hæstv. ráðh. sagði, að verksmiðjustjórnin hefði ekki gert þetta að óathuguðu máli, hún hefði fengið lögfræðing sinn til að íhuga þetta og láta uppi álit sitt, og fleiri lögfræðinga hefði hún fengið til að skoða málið, og þm. ættu að taka til greina það, sem lögfróðir menn segja, sagði ráðh. Þetta virðist fljótt á litið nokkuð álitleg lífsregla, sem ráðh. er að benda okkur á að fylgja. En þegar betur er að gáð, kemur fljótt í ljós einn stórgalli á ráðleggingu ráðh. Hann er sá, að þeir lögfróðu eru oft ósammála, og þá getur stundum verið vandasamt að finna, hver þeirra hefur réttast að mæla. Í þessu máli liggur það fyrir, að hæstv. landbrh. telur sjálfur ekki öruggt að byggja á áliti lögfræðinga áburðarverksmiðjunnar. Hann hefur á tveim síðustu þingum og í þriðja sinn á þessu þingi

lagt fram frv. um breyt. á l. um áburðarverksmiðjuna. Í frv. er m. a. lagt til, að ákvæðum laganna um fyrningarsjóðsgjald verði breytt. Með þeirri fyrirhuguðu lagabreytingu er stefnt að því að gera verksmiðjustjórninni mögulegt að reikna fyrningarsjóðsgjaldið í framtíðinni á sama hátt og hún hefur gert síðan 1959, en ef það væri rétt, sem lögfræðingur verksmiðjunnar hefur haldið fram, að þetta hafi verið löglegt, þá gæti verksmiðjustjórnin haldið því áfram, án þess að nokkur lagabreyting væri gerð. Tillöguflutningur ríkisstj. um þetta efni sýnir því glöggt, að hún sjálf treysti ekki því lögfræðingaáliti, sem hæstv. landbrh. er hér að vitna til.

Um þetta mál sagði ráðh. enn fremur, að allir þeir fimm menn, sem sæti eiga í stjórn áburðarverksmiðjunnar, hefðu verið sammála um hækkunina á fyrningarsjóðsgjaldinu og áburðarverðinu. En þær byrðar, sem lagðar hafa verið á bændur með of háu áburðarverði síðustu árin, eru þeim ekkert léttbærari fyrir það, þó að allir stjórnarnefndarmennirnir í áburðarverksmiðjunni hafi verið sammála um að hækka verðið.

Þegar hér var komið ræðu ráðh. á þriðjudaginn var, var hann kominn í þann ham, að hann fór að tala ljótt. Hann sagði, að ég væri með lymskulega tilraun til að blekkja menn, lágkúrulegan hugsunarhátt o. s. frv. Ég hef ekki farið með neinar blekkingar. Ég hef vitnað í lögin um áburðarverksmiðjuna. En úr því að hæstv. ráðh. telur rétt og sæmilegt að hafa svona orðbragð, þá verður það víst svo að vera. Ekkert skaðar það mig og ekki heldur það mál, sem ég er að flytja. Það kemur stundum fyrir, að menn nota ljót orð, þegar rökin skortir. Sú hefur líklega verið ástæðan hjá hæstv. ráðh. í þetta sinn.

Ég vil að lokum ítreka það, að ég tel, að áburðarverksmiðjan eigi að endurgreiða viðskiptamönnum sínum það, sem hún hefur tekið af þeim síðan 1959 með of háu áburðarverði. Samtals er þetta orðið mikið fé.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er ánægjulegt að heyra það, að allir þessir hv. þm, sem hafa rætt hér í dag um áburðareinkasöluna og frv. það, sem fer fram á, að hún verði lögð niður, leggja áherzlu á, að þeir geri þetta fyrst og fremst til þess að tryggja hagsmuni bænda, og þá ekki síst hv. 7. þm. Reykv. (ÞÞ), sem hafði miklar áhyggjur af því, að bændur fengju ekki eins góð kjör með áburðinn, ef áburðareinkasalan yrði lögð niður.

Ég vil upplýsa þessa hv. þm. um það, ef þeir hafa ekki vitað það áður, að það er þetta sjónarmið, sem ræður hjá mér, að ég vil stuðla að því, að bændurnir fái sem ódýrastan áburð. Það er einnig hægt að upplýsa þessa hv. þm. um það, að bændur spyrja ekki um, hvort þeir kaupa áburðinn af áburðareinkasölunni, áburðarverksmiðjunni eða einhverjum öðrum aðila. Bændurnir spyrja að því, hvað áburðurinn kostar og hvort þeir eigi kost á að fá þann áburð, sem þeim hentar. Það er þetta, sem bændurnir spyrja um, og ef mögulegt er að tryggja, að áburðurinn verði ódýrari en hann hefur verið og að þjónustan verði ekki lakari en áður, þá verða bændurnir ánægðir, og þá höfum við gert skyldu okkar, hvað það snertir að tryggja landbúnaðinum ódýran áburð. En það verður ekki gert með því að hafa marga aðila, sem verzla með áburð. Það verður ekki gert með því að hafa óþarfa milliliði. En það gæti tekizt með því að hafa frjálsa samkeppni eða undirbúa það góða aðstöðu á einhverjum ákveðnum stað, að dreifingin og öll aðstaða yrði hagkvæmari en áður hefur verið.

Í fyrra var flutt frv. um að gefa áburðarverksmiðjunni einkarétt á að flytja inn áburð. Það var gert vegna þess, að sú skoðun var ráðandi, að áburðarverksmiðjan hefði betri aðstöðu en nokkur annar aðili til þess að gera þetta með ódýru móti. Áburðarverksmiðjan hefur sína bryggju og hún hefur sínar vörugeymslur og er að byggja vörugeymslu núna, — ég vil taka það fram, af því að það var spurt eftir því áðan, — skrifstofur, sem þarf ekki að auka, og skrifstofufólk, sem þarf ekki að bæta við, þótt nokkru sé bætt við starfið. Þetta leiðir til þess, að þarna er hægt að vinna þau verk, sem áburðareinkasalan gerir nú með sérstöku fólkshaldi í sérstöku húsnæði, sem tekið er á leigu. En vegna þess að hv. þm. mörgum líkaði ekki að gefa áburðarverksmiðjunni einkaaðstöðu með lögum til innflutnings á áburði, er þessu frv. breytt í það horf, að um leið og fram er tekið, að ríkisstj. geti falið áburðarverksmiðjunni að sjá um innflutning á áburði, er ekki lokað fyrir það, að aðrir geti einnig flutt inn áburð í samkeppni við áburðarverksmiðjuna. Og má þá ætla, að þetta frv. fái meira fylgi en frv. í fyrra, þar sem áburðarverksmiðjunni er ekki gefinn með lögum einkaréttur. En ég hef þá skoðun, að áburðarverksmiðjan muni með þeirri aðstöðu, sem hún hefur, geta gert þetta á það ódýran og hagkvæman hátt, að aðrir geti ekki keppt við hana.

Það kom fram hér áðan hjá einum hv. þm., hv. 3. þm. Reykv., að það væri óviðeigandi fyrir mig að vera að ræða um áburðarverksmiðjuna eins og ég geri, þar sem ég væri hluthafi í áburðarverksmiðjunni, að vísu lítill hluthafi, sagði þessi hv. þm. Mér hafði aldrei dottið í hug, að ég væri minntur á það, að ég væri hluthafi í áburðarverksmiðjunni, að það ætti kannske að reyna að fara að stimpla mig sem einhvern braskara í sambandi við það fyrirtæki. Ég hafði ekki búizt við því. En þetta sýnir, að flest getur fram komið í umr., sérstaklega þegar menn eru að ræða mál eins og áburðarvinnslu og áburðarinnflutning, mál, sem þeir hafa aldrei komið nálægt áður.

Stjórn áburðarverksmiðjunnar eða meiri hluti hennar hefur látið gera athugun á því, hvort mögulegt væri fyrir áburðarverksmiðjuna að annast innflutning og dreifingu á áburði á ódýrari og hagkvæmari máta en verið hefur. Verksmiðjustjóri verksmiðjunnar og aðrir verkfræðingar hafa gert athugun á þessu, og fleiri aðilar hafa komið þar við sögu, og niðurstaðan hefur sýnt það, að áburðarverksmiðjan getur gert þetta á ódýrari og hagkvæmari hátt en gert hefur verið. Og það er þess vegna, sem áburðarverksmiðjunni hefur með bréfi, dagsettu í gær, en undirskrifuðu

klukkan eitt í dag, verið falið samkv. heimild í lögum að taka að sér rekstur áburðareinkasölunnar. Það er ekki verið að leika neinn skrípaleik á Alþ. með þessu móti. Áburðareinkasalan verður ekki lögð niður nema með lögum. Þess vegna er jafnnauðsynlegt að flytja það lagafrv., sem hér er verið að ræða um, þótt heimild sé í lögum um áburðareinkasölu samkv. 4. gr. Þar segir: „Ríkisstjórnin getur falið Sambandi ísl. samvinnufélaga eða öðrum aðila, ef henta þykir, rekstur áburðareinkasölu ríkisins.“

Það er rangt, sem hv. 1. þm. Norðurl. v. sagði hér áðan: „eða öðru verzlunarfyrirtæki,“ það stendur ekki í lögunum. Og þá er það einnig rangt hjá þessum hv. þm., að það hafi ekki verið lögum samkvæmt, þegar áburðarverksmiðjunni var falið að annast sölu á sinni eigin framleiðslu. Sýnir það, að málstaður hv. þm. er ekki sterkur, þegar hann getur ekki haft orðrétt upp úr 4. gr. l. um áburðareinkasölu ríkisins frá árinu 1935.

Það bréf, sem stjórn áburðarverksmiðjunnar var skrifað, hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Með bréfi Áburðarverksmiðjunnar h/f, dags. 7. f. m., býðst áburðarverksmiðjan til þess að annast kaup og innflutning á erlendum áburði á næsta vori. Jafnframt skuldbindur áburðarverksmiðjan sig til að selja innfluttar áburðartegundir 100 kr. lægra verði hverja smálest en Áburðarsala ríkisins gerði á yfirstandandi ári, miðað við sama gengi í ísl. krónu og var á s. l. vori og að óbreyttu innkaupsverði í erlendum gjaldeyri á þessum tegundum áburðar, sekkjuðum af sömu framleiðendum og keypt var af síðast, og að óbreyttum vinnulaunum frá því, sem nú er. Út af þessu vill ráðuneytið hér með, samkv. heimild í 4. gr. l. nr. 51 28. jan. 1935, fela Áburðarverksmiðjunni h/f rekstur Áburðarsölu ríkisins frá 1. nóv. 1961 að telja með þeim skilyrðum, sem að framan greinir. Samráð ber að hafa við ráðuneytið um allar meiri háttar ákvarðanir í sambandi við áburðarsöluna. Rekstrarfé Áburðarsölu ríkisins má ekki festa í nýjum áburðarkaupum án samþykkis ráðuneytisins. Loks skal á það bent, að ekki má leigja erlend skip til áburðarflutninga án samþykkis viðskmrn.“

Eins og sjá má af þessu, er Áburðarverksmiðjunni h/f falinn rekstur áburðareinkasölu ríkisins frá 1. nóv. þ. á. að telja með þeim skilyrðum, að hún — áburðarverksmiðjan — útvegi ódýrari áburð en áburðareinkasalan hefur gert og gæti gert. Nú hafa hv. þm. heyrt því haldið fram, að áburðarverksmiðjan geri þetta til þess að ná áburðarsölunni undir sig, þetta eigi að gera með því að falsa reikninga og með því að láta framleiðslu áburðarverksmiðjunnar borga með innflutta áburðinum. Vitanlega verða þarna sérreikningar á innflutta áburðinum. Og þó að nokkrir hv. þm. leyfi sér að tala um áburðarverksmiðjuna og stjórn áburðarverksmiðjunnar eins og nokkurs konar misindismenn, sem þar ráða, þá vil ég eigi að síður segja það sem mína óbifanlegu skoðun, að þarna verður alveg sérstakt bókhald og það eitt vakir fyrir stjórn áburðarverksmiðjunnar að gera þessa hluti á hagkvæmari og hentugri hátt en áður. Og ég veit, að sem betur fer, þá er það nú meiri hluti okkar þm., sem trúir því, að þessu sé þannig varið. En það er óskiljanlegt kapp, sem nokkrir hv. þm. hafa lagt á að gera stjórn áburðarverksmiðjunnar tortryggilega, og það ekki síður hv. þm. úr þeim þingfl., sem á tvo fulltrúa í stjórn áburðarverksmiðjunnar af fimm. Ég held, að þessi hv. þingflokkur, Framsfl., verði að athuga sinn gang betur og fela þeim mönnum að fara með stjórn í verksmiðjunni, sem hann treystir, því að eins og fram hefur verið tekið, hefur ákvörðun um afskriftir í verksmiðjunni verið tekin af allri stjórninni ágreiningslaust, eftir að umsögn lögfræðinga kom til. Það hefur einnig verið í sambandi við verðlagningu áburðarins ágreiningslaus tillaga, sem hefur verið staðfest af landbrn. í þau tvö ár, sem ég hef haft með það að gera.

Hv. 1. þm. Norðurl. v. sagði hér áðan, að það væri ljóst, að ég teldi, að það væri vafasamt, að stjórnin hefði lagaheimild til þessara afskrifta, þar sem farið væri fram á að lögfesta þær í því frv., sem um er að ræða. Ég hef áður sagt, að það væri ekki ágreiningur um þetta meðal hinna lögfróðu manna. En það er greinilega ágreiningur um það á meðal hinna ólöglærðu manna, eins og t. d. hv. 1. þm. Norðurl. v. og hv. 3. þm. Reykv. Og til þess að koma í veg fyrir stöðugar umr. árlega og brigzlyrði í sambandi við þetta mál hér á Alþingi hefur verið talið rétt að lögfesta þetta ákvæði á svo ótvíræðan hátt, að hinir ólöglærðu menn skilji þetta einnig. Af þessari ástæðu er farið fram á það ákvæði, sem er í 2. gr. frv.

Annars er það fátt, sem ástæða er til að svara af því, sem hv. 1. þm. Norðurl. v. sagði hér áðan. Hann endurtók aðeins fullyrðingar sínar um það, að hin ólöglega afskrift hefði byrjað á árinu 1959 og árið 1959 hefði verið byrjað að verðleggja áburðinn á ólöglegan hátt og taka af bændum hærra verð en leyfilegt er, og af þessari ástæðu telur hann sjálfsagt, að áburðarverksmiðjan endurgreiði bændum það, sem of mikið hefur verið af þeim tekið. Hv. þm. telur, að það hafi verið ljótt að tala um blekkingar í sambandi við þennan málflutning hér, þegar þetta var síðast rætt. En ef það er ljótt að nefna blekkingar í sambandi við þetta, þá veit ég ekki, hvaða orð hæfir því betur, því að eitt er víst, að þessi hv. þm. veit betur en fullyrðingar hans gefa til kynna. Hann veit, að áburðurinn hefur verið verðlagður á löglegan og réttmætan hátt, en hann gerir sér vonir um, að þessar fullyrðingar og þessi blekkingastarfsemi geti leitt til þess að skapa tortryggni meðal bænda og úlfúð. Og hann gerir sér ef til vill vonir um það að geta fengið eitt eða tvö atkv. út á þessa blekkingastarfsemi. Ég þekki ekki annað orð heppilegra í íslenzku máli um slíkan málflutning, eins og viðhafður var af hv. 1. þm. Norðurl. v., heldur en blekkingar af verstu tegund. Og ég hygg einnig, að nú síðustu dagana hafi þessi sami þm. lesið lög um áburðareinkasölu ríkisins, 4. gr., og hann hafi vitað það hér áðan, að það er ekki minnzt á, að það skuli vera verzlunarfyrirtæki, sem ríkisstj. geti falið starfsemi einkasölunnar. En hann leyfði sér að nota orðið verzlunarfyrirtæki og byggja svo rök sín og fullyrðingar um það, að áburðarverksmiðjan

hafi ekki haft leyfi til að verzla með eigin vörur, á því, að það hafi þurft að vera verzlunarfyrirtæki, sem ríkisstj. hafi heimild til að fela þá starfsemi. Þessi hv. þm. hefur leyft sér við þessar umr. að viðhafa þá mestu blekkingastarfsemi, sem dæmi eru til hér í þingsölunum, og það er ljótt, vegna þess að það er vitað, að þm. vissi miklu betur en hann lét í veðri vaka, og það er leitt, að þessi hv. þm., sem oft er hógvær og hefur langa þingsögu, skyldi nú leyfa sér að koma þannig fram, og óskiljanlegt, vegna þess að hann bætir ekki sinn málstað með því.

Hv. 3. þm. Reykv. endurtók mest af því, sem hann sagði fyrir nokkrum dögum, þegar málið var hér til umr., endurtók það, sagði, að áburðarverksmiðjan hefði ekki haft heimild til þess að afskrifa eins og hún gerði, vitnaði í Sogsvirkjunina og sagði, að Sogsvirkjunin hefði ekki heimild til þess. En þessi hv. þm. veit, að hér er ekki um sams konar lög að ræða. Lög um Sogsvirkjun kveða á um álagningu á rafmagnið, það er talað um ákveðna prósentu, 5% af verði, en í lögunum um áburðarverksmiðju er talað um að vísu ákveðna prósentu, en það stendur „eftir þörfum“ í lagagreininni, og það er það, sem lögfræðingarnir byggja sinn úrskurð á. Það er ótvírætt þörf á að afskrifa eitt fyrirtæki svo ríflega, að það sé mögulegt að halda því starfshæfu. Og nú er það svo, að áburðarverksmiðjan hefur verið rekin um 9 ára skeið, og það er gert ráð fyrir, að vélarnar fyrnist á 10—12 árum. Í áburðarverksmiðjunni eru dýrar vélar og margar vélar, og þær hafa a. m. k. þrefaldazt í verði, síðan þær voru keyptar upphaflega. Ef afskriftirnar væru miðaðar við innkaupsverðið, er ljóst, að verksmiðjan gæti ekki endurnýjað vélakostinn, eins og ætlazt er til, og ég segi það enn, að ég hef ekki talað við nokkurn lögfræðing, — en þeir eru þó orðnir margir, — sem ekki staðfesti það, að stjórn áburðarverksmiðjunnar hafi haft heimild til þeirra afskrifta, sem gerðar hafa verið.

Nú kom það hér fram hjá einum hv. þm., að það væri kannske ekki rétt að byggja á úrskurði lögfræðinga í þessu, það væri eðlilegra að fara eftir því, sem hinir ólöglærðu segðu og staðfestu þar um.

Hv. 3. þm. Reykv. talaði um það áðan, að áburðarverksmiðjan ætti nú sennilega að fara að taka að sér verkefni einkasölunnar. Það hefur verið upplýst með því bréfi, sem lesið var hér áðan. Hv. þm. fullyrti, að ef þetta væri gert, þá væri það ekki samkvæmt lögum. Ég trúi því, að hv. 3. þm. Reykv. hafi ekki verið búinn að lesa 4. gr. laga um áburðareinkasölu ríkisins, þegar hann viðhafði þessa fullyrðingu. Ég trúi því, að það hafi verið sagt í ógáti, en ekki vísvitandi skrökvað því, og þá er ekki um það að fást. Menn geta í hita dagsins talað af sér, eins og þar stendur, og það er unnt að fyrirgefa.

Þessi hv. þm. spurði að því, hvort verið væri að byggja í Gufunesi vörugeymslur og eitthvað fleira. Það er rétt, það er verið að byggja vörugeymslur. Vörugeymslurnar í Gufunesi hafa verið of litlar. Verksmiðjan hefur orðið að senda áburð út á land í oft lélegar geymslur, ef til vill á miðjum vetri, þegar illa hefur staðið á, vegna þess að geymslurnar í Gufunesi hafa verið of litlar. Ég hygg, að stjórn áburðarverksmiðjunnar hafi verið sammála um, að það væri þörf á að byggja vörugeymslu í Gufunesi, það væri þörf fyrir rekstur þessarar verksmiðju, og þá ekki síður ef starfsemi verksmiðjunnar yrði aukin, t. d. með því að fara að framleiða fjölbreyttari áburðartegundir. Þessi vörugeymsla stendur þess vegna í fullu gildi. Og það má þá líka segja, að hún komi sér vel að því leyti í vor, þegar áburðarverksmiðjan fer að flytja inn áburð, því að eitthvað af þessum áburði verður flutt í Gufunes, þótt ef til vill eitthvað af áburðinum verði flutt beint á aðrar hafnir.

Það var spurt að því, hvort áburðarverksmiðjan mundi flytja áburðinn inn lausan eða sekkjaðan. Ég get ekki fullyrt um það. Ég býst við, að það verði gerð athugun á því, hvort heppilegt sé að flytja inn lausan áburð. En ég er sannfærður um, að stjórn áburðarverksmiðjunnar gerir í þessu efni það, sem er praktískast, og það, sem er ódýrast. Ef það borgar sig að flytja inn lausan áburð, þá verður það gert. Ef það borgar sig ekki, þá verður það ekki gert.

Og þá kem ég aftur að því, að hv. þm. minnti á það, að ég væri hluthafi í verksmiðjunni, en að vísu mjög lítill hluthafi. Ég ætla ekki að orðlengja neitt um það. En hv. þm. geta haft hvaða skoðun sem þeir vilja á því, hvort hér er um eiginhagsmuni að ræða frá minni hendi eða hvort þessi stjórnarráðstöfun er gerð vegna þess, að það er verið að stuðla að því, að áburðurinn geti orðið ódýrari en ella. En ég þakka hv. þm. fyrir að taka það fram, að ég sé lítill hluthafi.

Ég veit ekki, hvort þörf er á að svara nokkru af því, sem hv. 7. þm. Reykv. sagði hér áðan um áburðarverzlun, áburðarverksmiðjuna og áburðareinkasöluna. Ég held, að mér hafi verið ljóst, áður en þessi hv. þm. kom hér upp í ræðustólinn að tala um áburðarverzlunina, að hann hafi ekki nálægt slíku áður komið, og það, sem hann sagði hér, bar a. m. k. þess ljóslega vitni. Af því að mér er nú meinlaust við þennan hv. þm., þá harma ég það, að hann, án þess að vera fáfróðari en gerist, en fáfróður á þessu sviði, skyldi leyfa sér að fullyrða, að þessi ráðstöfun, að fela áburðarverksmiðjunni innflutning og dreifingu áburðarins, verði til þess, að bændur verði að kaupa dýrari áburð en áður. Það er leitt, þegar hv. þm. eru með fullyrðingar í málum, sem þeir hafa ekki nokkra þekkingu á, og það hefur ekki þessi hv. þm., hann hefur enga þekkingu á þessu máli, ekki nálægt því komið, og hefði þess vegna verið sæmst fyrir hann að minnast ekki á áburðarsölu eða áburðarverzlun.

Hv. þm. gerði hér að umtalsefni einn mætan mann, dr. Björn Jóhannesson, og talaði um, að hann hefði skrifað um þetta mál. Ég efast ekkert um fræðimennsku dr. Björns Jóhannessonar um jarðveg og hvaða áburðartegundir eigi að bera á. Ég efast ekkert um það. Og ef ég ætlaði að fara að bera einhvers staðar á blett, þá mundi ég leita ráða hjá honum. En um það, hvernig á að dreifa áburðinum, hvernig á að haga innflutningi á áburðinum, um það dytti mér aldrei í hug að leita ráða hjá dr. Birni, því að nálægt slíku hefur hann aldrei komið, og það var leitt, að sá mæti maður skyldi fara langt út fyrir

sitt verksvið og fara að skrifa um mál, sem hann hafði aldrei komið nálægt. Nei, það er alveg sitt hvort að ákveða um það, hvaða áburðartegund eigi að fara í jörðina og hvernig jarðvegurinn er, eða um það, hvernig beri að annast innflutning og dreifingu á áburði. Það er alveg sitt hvað, og það hefði verið miklu betra fyrir dr. Björn Jóhannesson, að hann hefði aldrei skrifað þessa grein.

Ég undrast það ekkert, þótt hv. 7. þm. Reykv. hafi verið búinn að fá fréttir af bréfinu, sem var sent núna eftir hádegið, því að hann hefur haft samband við forstjóra áburðareinkasölunnar eða einn mann úr stjórn áburðarverksmiðjunnar, þann eina, sem hefur nokkurt traust af stjórnendum áburðarverksmiðjunnar hjá þessum hv. þm., og það er ekkert undarlegt. En bréfið, þótt það hafi verið dagsett í gær, þá er það ekki undirskrifað fyrr en klukkan eitt í dag og ekki sent fyrr en eftir hádegi í dag. Og þar sem ég tel, að það hafi nú verið svarað flestu af því, sem fram hefur komið hjá þessum hv. þm., sem endilega vilja halda í áburðareinkasöluna og ekki trúa áburðarverksmiðjunni fyrir þessu verkefni, þá vil ég aðeins segja það, að það er sannfæring mín, að þessi ráðstöfun leiði til raunverulegrar lækkunar á áburðarverðinu, þetta leiði til þess að gera meðferð á áburði, verzlun með hann og dreifingu á honum hentugri og ódýrari en verið hefur, og ég er viss um, að það þarf ekki að spyrja bændur um, hvort þeir séu því samþykkir. Það er það, sem þeir vilja. Þeir vilja, að áburðurinn verði á hverjum tíma seldur eins ódýrt og mögulegt er og að dreifingunni verði þannig háttað, að það sé sem þægilegast fyrir þá. Og það er þetta, sem hefur vakað fyrir mér í sambandi við þessa ráðstöfun. Það er ekki verið að leika neinn skrípaleik hér á Alþingi í sambandi við það að fela áburðarverksmiðjunni rekstur einkasölunnar, því að það er ótvírætt lagaheimild til þess, en áburðareinkasalan verður ekki lögð niður nema með lögum, og þess vegna var jafnmikil þörf á því að flytja þetta frv., ef um það er að ræða að leggja áburðareinkasöluna niður. Það, sem nú hefur verið gert, er að fela öðrum aðila rekstur áburðareinkasölunnar, á meðan lög um þá einkasölu eru til.

Umr. frestað.

Á 11. fundi í Nd., 2. nóv., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Skúli Guðmundsson: Hæstv. forseti. Það kom fram í umr. um þetta mál í fyrradag hér í d., að landbrh. er búinn að fela áburðarverksmiðjunni að annast þá starfsemi, sem Áburðarsala ríkisins hefur haft að undanförnu. Þetta er furðulegt tiltæki af stjórninni að gera slíkt, áður en það frv., sem hér liggur fyrir og er nú til umr., hefur fengið nokkra afgreiðslu í þingi. En af því að ég hef hér aðeins athugasemdartíma, þá ætla ég ekki að ræða um þann þátt málsins að þessu sinni.

Ég hef bent á það áður í þessum umr., að áburðarverksmiðjan hafi enga heimild til að verzla með áburð. Í lögum, sem hún á að starfa eftir, segir, að Áburðarsala ríkisins skuli kaupa þann áburð, sem verksmiðjan framleiðir, og annast verzlun með hann, þ. e. a. s. selja hann til notenda. Lögin um áburðarverksmiðju hafa því verið sniðgengin nú síðustu tvö árin, með því að hún hefur sjálf annazt sölu til notenda á þeim áburði, sem hún framleiðir. Í lögum um verzlun með tilbúinn áburð frá 1935, 4. gr. þeirra, segir hins vegar, að ríkisstj. sé heimilt að fela Sambandi ísl. samvinnufélaga eða öðrum aðila, er henta þykir, rekstur Áburðarsölu ríkisins. Ég vitnaði í þessa heimild og orðaði það þannig, að hæstv. ráðh. hefði getað falið einhverju verzlunarfyrirtæki að annast rekstur áburðarsölunnar. Hæstv. ráðh. reyndi síðar að gera veður út af þessu orðalagi mínu. Hann reyndi að gera veður út af því, að í staðinn fyrir að segja, að ráðh. hefði getað falið Sambandi ísl. samvinnufélaga eða öðrum aðila að annast þetta, þá sagði ég, að hann gæti samkv. lögum falið einhverju verzlunarfyrirtæki að gera þetta. Nú sjá það auðvitað allir, að sá aðili, sem verzlar með innfluttan áburð, hver sem hann er, er verzlunarfyrirtæki, og það er ekki hægt að fela þetta öðrum en þeim, sem hafa leyfi til að reka verzlun. Það er því alveg furðulegt, þetta upphlaup hæstv. ráðh. út af þessu orðalagi mínu. Það stendur eftir óhaggað, að samkv. lögum áburðarverksmiðjunnar hefur hún ekki heimild til að taka slíkt að sér, það þarf fyrst að breyta lögum hennar, áður en hún tekur að sér slíka verzlun. Hún hefur ekki einu sinni leyfi til að selja beint til notenda þann áburð, sem hún framleiðir sjálf, hvað þá innfluttan áburð.

Enn eru það svo staðlausar fullyrðingar hæstv. ráðh., að ég sé með blekkingastarfsemi, þegar ég bendi á skýlaus ákvæði laga um áburðarverksmiðju um gjald til fyrningarsjóðs og sýni fram á það, að verksmiðjan hafi síðustu árin, síðan 1959, reiknað miklu hærri gjöld til fyrningarsjóðsins en lögin ákveða og þar með lagt skatt á bændur og aðra, sem áburð nota, selt þeim áburðinn hærra verði en löglegt er. Stjórn áburðarverksmiðjunnar byrjaði á þessu árið 1959, en það var einmitt fyrsta árið, sem núv. stjórnarflokkar stóðu að stjórn landsins. Landbrh. á að samþykkja kostnaðarverðsáætlun verksmiðjunnar hverju sinni og hafði það á valdi sínu að stöðva þessa hækkun, hafði það á valdi sínu auðvitað að láta stjórn verksmiðjunnar fara hér að lögum. Þegar stjórnarskiptin urðu um áramót 1958 og 1959 og einn af þm. Alþfl. varð landbrh., hefur stjórn áburðarverksmiðjunnar séð sér leik á borði að koma fram þessari hækkun og hefur haldið því áfram síðan, eins í tíð núv. hæstv. landbrh., sem hefur látið þetta viðgangast.

Þórarinn Þórarinsson: Hæstv. forseti. Hæstv. landbrh. hefur nú staðfest það, sem ég hélt hér fram, þegar seinast var rætt um þetta mál í d., að hann sé búinn að taka ákvörðun um það að fela áburðarverksmiðjunni að annast þau störf, sem Áburðarsala ríkisins hefur áður annazt. Ég verð að endurtaka það, sem ég sagði þá, að ég verð að lýsa furðu minni yfir þessu tiltæki ráðh. og fyllstu andúð á því, í fyrsta lagi vegna þess, að með þessari ráðstöfun sinni hefur hæstv. landbrh. augljóslega, ef maður segir ekki: brotið lög, a. m. k. sniðgengið lögin,

því þó að hann hafi heimild til þess í l. um Áburðarsölu ríkisins að fela einhverju verzlunarfyrirtæki að fara með þann rekstur, þá eru þannig ákvæði í l. um sjálfa áburðarverksmiðjuna, að löggjafinn ætlast bersýnilega til þess, að það fyrirtæki annist ekki verzlun, og þar með var ráðh. óheimilt að fela áburðarverksmiðjunni að annast þessa starfsemi. Þetta hefur hæstv. ráðh. sjálfur líka þrívegis viðurkennt hér á Alþ. Hann hefur þrívegis farið fram á það hér á Alþ. að fá heimild til þess að gera þetta. Ef ráðh. hefði talið sig hafa skýlausa heimild í lögum til þess að gera þetta, þá mundi hann ekki hafa verið að biðja Alþ. þrisvar sinnum um að veita sér þessa heimild. Það liggur þess vegna fyrir um það álit ráðh. sjálfs, að hann þurfi að fá þessa heimild frá Alþingi og geti ekki gert þetta verk, án þess að sú heimild liggi fyrir. Þess vegna hefur hæstv. ráðh. framið hér lagabrot eða a. m. k. mjög stórlega sniðgengið lögin að því áliti, sem hann hefur áður látið uppi um þetta mál með því að flytja það frv., sem hér liggur fyrir, þrisvar sinnum á Alþ. Þess vegna er þessi verknaður ráðh. mjög vítaverður, þó að ekki sé litið á hann nema frá þessu eina sjónarmiði.

En hér kemur vissulega fleira til. Hér kemur það til, að það er verið að leika hreinan skrípaleik með Alþingi. Það er að leika skrípaleik með Alþingi að biðja um heimild þess, og áður en Alþ. er svo búið að taka endanlega afstöðu til þess, þá fremur ráðh. það verk, sem hann er að biðja um heimild til þess að gera. Þetta sýnir af hálfu hæstv. ráðh. fullkomið virðingarleysi fyrir Alþ. og að hann er að leika hreinan skrípaleik með það.

Og hver er skýringin á því, að hæstv. ráðh. gerir þetta? Hver getur verið skýringin á því, að hann gerir þetta? Það liggur nokkurn veginn í augum uppi. Hæstv. ráðh. er á tveimur undanförnum þingum búinn að biðja um heimild til þess að gera þetta og hefur ekki fengið hana hjá Alþ. Hann biður nú um hana í þriðja sinn og finnur, að undirtektir eru þannig, að það sé a. m. k. mjög vafasamt, að þessi heimild verði veitt. Og hvað gerir ráðh. þá? Þá gripur hann til þess að gera það upp á sitt eigið eindæmi, sem hann er að biðja Alþ. um að leyfa sér, og lætur þannig sína flokksmenn og fylgismenn á þinginu standa frammi fyrir gerðum hlut, treystir á það, að þegar hann sé búinn að gera þessa ráðstöfun, þá neyðist fylgismenn hans til þess að veita honum heimildina eða til þess að staðfesta þennan verknað hans. Þetta er aðferðin, sem hann hefur haft hér frammi til þess að reyna að þvinga sína eigin flokksmenn og fylgismenn á þinginu til að fylgja sér. Þegar farið er að leika þingmenn með þessum hætti, þá er vissulega orðið lítið úr þingræðinu, og þeir þm. eru sannarlega geðlitlir, sem sætta sig við slíka meðferð eins og þessa. Og það verð ég að segja um hv. fylgismenn stjórnarinnar, að þeir eru sannarlega geðlitlir menn, ef þeir sætta sig við slíka meðferð og hæstv. landbrh. hefur viðhaft í þessu máli.

En sem sagt, um þessa ákvörðun ráðh. er það tvennt rétt, að í fyrsta lagi gerir hann þessa ráðstöfun samkv. eigin áliti, sem hefur legið fyrir hér þrisvar sinnum í þinginu, í fullkomnu heimildarleysi, og í öðru lagi er hann að leika hreinan skrípaleik með þingið með því að fara þannig að eins og hann hefur gert og ég hef nú lýst.

En annað atriði er í þessu máli, sem er ekki síður ástæða til þess að ræða um, og það er afstaða hæstv. landbrh. og hans flokks gagnvart því, sem þeir kalla frjálsa samkeppni. Það vantar ekki, að forkólfar Sjálfstfl. séu að lýsa því yfir í tíma og ótíma, að þeir séu fylgjandi frjálsri verzlun og frjálsri samkeppni. Og hæstv. landbrh. hefur verið að flagga með það í sambandi við þetta frv., að hér væri hann að stuðla að því að koma á frjálsri verzlun með erlendan áburð, hann vildi leggja þá einokun niður, sem nú væri ríkjandi í þessum efnum, og koma á frjálsræði í staðinn. En hvernig er það, sem þessi hæstv. ráðh. er að koma á frjálsræði í þessari verzlun? Ef hæstv. ráðh. vildi koma á frjálsræði um verzlun með erlendan áburð, þá ætti hann að sjálfsögðu að gera það með þeim hætti, að þegar einkasalan væri afnumin, þá hefðu allir aðilar jafna aðstöðu til samkeppni. Er það það, sem þessi hæstv. ráðh. gerir? Sannarlega ekki. Það, sem hann gerir, áður en einkasalan er afnumin, er að fela einum aðila einokun til þess að fara með verzlunina, kannske svo og svo langan tíma, og skapar honum að sjálfsögðu með því stórlega bætta aðstöðu til samkeppninnar. Þegar svo loksins verzlunin er gefin frjáls, þá er þessi eini aðili búinn að hafa tíma til þess að búa um sig og skapa sér aðstöðu til að hafa þessa verzlun í sínum höndum, sem aðrir aðilar hafa ekki fengið aðstöðu til að gera.

Nú á næstunni verður það þannig, að það er áburðarverksmiðjan ein, sem getur gert ráðstafanir til þess að kaupa áburð og búið sig undir það að taka á móti erlendum áburði. Aðrir aðilar fara að sjálfsögðu ekki út í það, meðan þeir vita ekkert um það, hvað verður gert í þessum efnum. Þótt að nafninu til eigi, ef þetta frv. verður samþ. og það lagfært í samræmi við það að koma hér á frjálsri verzlun, þá er hér verið að skapa einu fyrirtæki með aðgerð hæstv. ráðh. stórkostlega betri aðstöðu til þess að fara með þessa verzlun heldur en öðrum aðilum. En þetta er líka nákvæmlega það, sem fyrir Sjálfstfl. vakir, þegar hann er að tala um frjálsa verzlun og frjálsa samkeppni. Sjálfstfl. er ekki fylgjandi frjálsri verzlun og frjálsri samkeppni. Sjálfstfl. er fylgjandi því að skapa vissum aðilum betri aðstöðu en öðrum til samkeppni, skapa þeim óbeint einokunaraðstöðu, eins og hér er gert í sambandi við áburðarverksmiðjuna. Þær breytingar, sem t. d. nú er verið að gera á fyrirkomulagi svokallaðra innflutningshafta, eru raunverulega ekki neinar aðrar en þær, að það er verið að skapa vissum aðilum betri aðstöðu en öðrum. Stjórnarsinnar flagga ákaflega mikið með því, að þeir séu að draga úr innflutningshöftum o. s. frv. En hvað kemur í staðinn? Það koma lánsfjárhöft í staðinn, — lánsfjárhöft, sem eru ákveðin af stofnunum, þ. e. af bönkunum, þar sem sjálfstæðisforkólfarnir hafa meirihlutaaðstöðu með Alþfl. og geta þess vegna skapað vissum verzlunarfyrirtækjum stórlega bætta að-

stöðu á kostnað annarra. Það er með þessum hætti, sem Sjálfstfl. framkvæmir sína „frjálsu samkeppni", það er að skapa vissum aðilum forgangsaðstöðu og betri aðstöðu á kostnað annarra í gegnum lánsfjárhöft eða þá beint með því að skapa einum aðila sérstaka forréttindaaðstöðu, eins og nú er verið að gera í sambandi við áburðarverksmiðjuna varðandi sölu á erlendum áburði, jafnvel þó að sú verzlun yrði að nafninu til síðar meir gefin frjáls. Það er svona, sem Sjálfstfl. vill framkvæma það, sem hann kallar frjálsa samkeppni.

Hæstv. ráðh. gerði lítið úr minni þekkingu á áburðarverzlun. Ég skal ekki heldur gera mikið úr þekkingu minni í þeim efnum. En ég held, að það sé þó alveg óhætt fyrir mig, þegar borið er saman það, sem ég hef sagt um þessi mál hér á þinginu, og það, sem hæstv. landbrh. hefur sagt um þessi mál, þá þori ég fullkomlega að bera mína þekkingu saman við þá þekkingu, sem hann virðist hafa á þessum málum, ef dæmt er eftir þeim upplýsingum, sem hann hefur verið að gefa hér í þinginu. En ég tek það hins vegar ekkert nærri mér, þótt hæstv. ráðh. geri lítið úr þekkingu minni í þessum efnum, en ég tek það að sama skapi ekki eins vel upp hjá hæstv. ráðh., þegar hann er að gera lítið úr þekkingu dr. Björns Jóhannessonar í þessum efnum, því að það veit hæstv. ráðh. mætavel og miklu betur en ég, að dr. Björn Jóhannesson er miklu fróðari en hann um þessi mál, ekki aðeins hvað snertir áburðarnotkun, heldur líka hvað snertir áburðarverzlun. Og í þeim mörgu orðum, sem hæstv. ráðh. hefur látið falla hér á Alþ., hefur hann ekki að neinu leyti getað hnekkt þeim röksemdum, sem hafa komið fram í grein dr. Björns Jóhannessonar og við höfum verið að vitna hér til í þinginu. Hann hefur ekki að neinu leyti getað borið á móti því, sem dr. Björn Jóhannesson hefur haldið fram, að það verði dýrara að flytja erlenda áburðinn inn ósekkjaðan en sekkjaðan. Hann hefur ekki getað hnekkt því, sem dr. Björn Jóhannesson hefur sagt í því sambandi, að með því að flytja áburðinn inn ósekkjaðan hljóti flutningskostnaður að verða miklu meiri á honum, þegar allt kemur til alls, heldur en hann er, ef áburðurinn er fluttur inn sekkjaður. Og það getur líka hver og einn gert sér ljóst, þar sem munurinn verður sá, að meðan áburðurinn er fluttur inn sekkjaður, er hægt að flytja hann beint frá útlöndum til hafna úti um landið, en með því að flytja hann inn ósekkjaðan, þá verður að flytja hann fyrst hingað til Gufuness og síðan að flytja hann þaðan aftur til hafna úti um landið, að því leyti sem ekki er hægt að flytja hann landleiðina. Hér bætist við alveg nýr flutningskostnaður, sem ekki er til nú nema að sáralitlu leyti. Og sá flutningskostnaður er verulegur, eins og hæstv. ráðh. hlýtur að gera sér grein fyrir, ef hann kynnir sér þetta mál.

Auk þess fylgir það því, ef þessi aðferð verður tekin upp, að það þarf að koma upp miklum mannvirkjum í Gufunesi, það þarf að styrkja bryggjur þar og bæta við, það þarf að kaupa þangað nýja krana til að skipa hinum ósekkjaða áburði upp, það þarf að koma upp nýjum sekkjunartækjum þar, sem verða þó hins vegar ekki notuð nema lítinn tíma á ári. Öllu þessu fylgir að sjálfsögðu mikill kostnaður, sem hægt er að komast hjá, ef áburðurinn er fluttur inn sekkjaður, eins og nú er gert, enda vitnar dr. Björn Jóhannesson í grein sinni til erlendra sérfræðinga um þessi mál, sem hafa kynnt sér þetta og kveða hiklaust upp þann dóm, að hér muni verða um dýrara fyrirkomulag að ræða en það, sem nú er haft á þessu máli. Og ég hef ekki heyrt nein rök frá hæstv. ráðh. hér í þinginu, þar sem hann reyni til þess að hnekkja þessum skoðunum dr. Björns Jóhannessonar. Hann leyfir sér hins vegar að fara með hreina sleggjudóma um þennan mann, sem tvímælalaust er langfróðasti maður um þessi efni á landi hér. Og ég verð að segja það, án þess að kveða þó of sterkt að orði, að ég álít þessa sleggjudóma hæstv. landbrh. um hinn mikla fræðimann á þessu sviði, dr. Björn Jóhannesson, vera með öllu ósæmilega.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að láta öllu fleiri orð falla í tilefni af því, sem hæstv. ráðh. sagði hér um daginn, eða þegar þetta mál var seinast hér til umr., og þann verknað, sem hann hefur framið, heldur aðeins vísa til þess, sem ég hef þegar sagt.

Að síðustu vildi ég segja nokkur orð um verðlagningu áburðarins, bæði erlends áburðar og innlends áburðar, eftir að svo er komið, að áburðarverksmiðjan er farin að fjalla um sölu erlends áburðar.

Þegar þannig er komið, er búið að skapa þessu fyrirtæki, áburðarverksmiðjunni, fullkomlega einokunaraðstöðu, bæði á innlendum og erlendum áburði. Ég álít, að það sé með öllu rangt, að fyrirtæki, sem hefur einokunaraðstöðu, eins og áburðarverksmiðjan kemur til með að hafa í þessum efnum, hafi sjálft rétt til þess að verðleggja sína vöru. Það er ekki eðlilegt fyrirkomulag, að fyrirtæki, sem hefur verið sköpuð einokunaraðstaða, geti sjálft verðlagt þá vöru eða þá þjónustu, sem það á að leysa af höndum. Það er að sjálfsögðu annar aðili, óhlutdrægur aðili, sem á að meta þetta. Þess vegna tel ég, að það sé alveg óhjákvæmileg afleiðing af því, sem nú hefur verið gert, og hefði raunar átt að vera búið að gera áður, að það sé ekki stjórn áburðarverksmiðjunnar sjálfrar, það sé ekki einokunarfyrirtækið, sem eigi að hafa sjálfsmat í þessum efnum og verðleggja vöruna, heldur eigi það að vera gert af öðrum óvilhöllum aðila og þá að sjálfsögðu aðila, sem væri þannig skipaður, að þeir, sem hefðu mestra hagmuna að gæta í sambandi við þetta efni, fengju aðstöðu til þess að fylgjast með því og hafa áhrif á það, hver verðlagningin væri. Og ég trúi ekki öðru en flokkur hæstv. landbrh., ef hann er nú jafnandvígur einokun eða telur einokun óheppilega, eins og hann vill vera láta, þá fáist hann til þess að viðurkenna þetta sjónarmið, að það sé ekki rétt, að það fyrirtæki, sem hefur einokunaraðstöðu, ákveði sjálft verðið á framleiðsluvöru sinni eða þjónustu sinni, heldur sé það annar, óvilhallur aðili, sem eigi að gera það, og þess vegna eigi Sjálfstfl. að vera fús til þess að gera þá breytingu á l. um áburðarverksmiðjuna, að í stað þess að það er áburðarverksmiðjustjórnin, sem nú hefur valdið til þess að ákveða verðið

á þessum vörum, þá verði settur á stofn nýr aðili, óvilhallur aðili, sem fái vald til þess að ákveða áburðarverðið framvegis.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það var vitað fyrr, að hv. 7. þm. Reykv. hefur sérstaka ást á nefndum og þykir sjaldan of mikið af þeim, enda hafði hann tillögu hér fram að bera um það að stofna nú enn eina nefnd. E. t. v. hefur þessi hv. þm. von um það að fá sæti í n. og hafa það starf með höndum að verðleggja áburð. Það má vel vera, að eftir þær umr., sem hér fara fram um áburðarverksmiðjuna og áburðarsöluna, hafi hann öðlazt nokkra þekkingu til þess að fá sæti í þessari nefnd og verðleggja áburð.

En það er náttúrlega ekki rétt, sem þessi hv. þm. sagði, að áburðarverksmiðjan réði því sjálf, hvaða verð væri sett á áburðinn. Hv. þm. þarf ekki annað en að fletta upp lögunum, og þar stendur skýrt og greinilega, að það skuli vera bundið við kostnaðarverð, og það þarf að vera endanlega samþykkt af ráðh. Hv. Alþ. kýs meiri hluta stjórnarinnar, 3 menn af 5. Ég held, að hv. Alþ. verði að reyna að velja þá menn í stjórn áburðarverksmiðjunnar, sem það getur treyst, og þar að auki tilnefnir SÍS fjórða manninn, — þá ætti SÍS að geta valið mann, sem það treystir, — og fimmti maðurinn er svo kosinn af öðrum hluthöfum. En það vill svo til, að stjórn áburðarverksmiðjunnar hefur verið sammála um, hvaða tillögur skyldi gera til landbrh. að undanförnu, öll stjórnin sammála um það. Það hefur komið ein tillaga. SÍS-fulltrúinn hefur ekki skorið sig frá, fulltrúi Framsfl. í stjórn áburðarverksmiðjunnar hefur ekki skorið sig frá, stjórnin öll hefur verið sammála og gert tillögu um, að verðið skuli miðað við kostnað. Hún hefur verið sammála um það, að áburðarverksmiðjan skuli ekki rekin með tapi, hún skuli vera rekin þannig, að hún geti orðið starfhæf áfram, og stjórn áburðarverksmiðjunnar hefur á þennan hátt ekki aðeins verið að þóknast hagsmunum bændastéttarinnar, því að bændur gera kröfu til þess, að áburðarverksmiðjunni verði haldið í starfhæfu ástandi, heldur hafa þeir gert þetta af skyldu við þjóðfélagið, því að þetta er fyrirtæki, sem þjóðin á að meiri hluta til, og þetta er þjóðþrifafyrirtæki, sem er skylt að halda í rekstrarhæfu ástandi og vinna að aukningu á. Ég held, að ef hv. Alþ. er óánægt með þá stj., sem nú er í áburðarverksmiðjunni, væri nær að gera till. um breyt. á l., þannig að mætti strax endurkjósa, heldur en að fara að skipa nefnd, til þess að einhver hv. þm., sem kannske vildi fá sæti í slíkri nefnd, gæti komizt þar að.

Hv. þm. talaði um, að það hefði verið talað óvirðulegum orðum um dr. Björn Jóhannesson, sleggjudómur um fræðimann. Allir hv. þingmenn, nema þessi eini hv. þm., sem hlustuðu á það, sem ég sagði hér, þegar þetta mál var til umr., munu ekki geta tekið undir þessa fullyrðingu þm., vegna þess að ég kvað ekki upp neinn sleggjudóm um fræðimennsku dr. Björns. Ég sagði miklu frekar, að þessi maður væri fræðimaður hvað jarðvegsrannsóknir snertir og ég væri fús til þess að leita til hans, ef mig vantaði vitneskju um, hvaða áburðartegundir skyldi bera á. En að hann sé fræðimaður á viðskiptasviði, því neitaði ég alveg og því neita ég enn, og þess vegna mundi ég ekki, ef ég þyrfti með, leita ráða hjá honum á því sviði. Ég hygg, að margir af þeim, sem eiga sæti í stjórn áburðarverksmiðjunnar, séu miklu fróðari dr. Birni á því sviði, og ég álít, að hann hafi gengið út fyrir sinn verkahring, þegar hann skrifaði hina frægu grein í Tímann, og fullyrðingar hans um það, að áburðarverksmiðjan skuli endilega flytja inn lausan áburð, ósekkjaðan, hvort sem það borgi sig eða ekki, eru vitanlega ekki svaraverðar. Áburðurinn verður því aðeins fluttur ósekkjaður til landsins, að það borgi sig. Það er reikningsdæmi: Hversu mikið verður áburðurinn ódýrari með því að kaupa hann ósekkjaðan? Hversu mikið verður fraktin ódýrari með því að flytja hann ósekkjaðan? Þetta er reikningsdæmi, og ég hygg, að hv. 7. þm. Reykv. og við báðir, ef við leggjum saman, gætum reiknað út, hvort það borgar sig að flytja inn ósekkjaðan áburð eða sekkjaðan. En þá verðum við fyrst að vita, hver er munur á innkaupsverði á ósekkjuðum áburði og sekkjuðum, við verðum að vita, hver er munurinn á fraktinni að flytja hann ósekkjaðan eða sekkjaðan, og við verðum að vita, hvað kostar að sekkja hann hér. Og við verðum þá vitanlega líka að taka með í reikninginn, hvað það kostar að flytja hann úr Gufunesi og út á hinar ýmsu hafnir kringum landið. Það eru þarna einar tvær eða þrjár óþekktar í þessu dæmi, en ég hygg, að ef við legðum saman, mundum við finna þær. Og stjórn áburðarverksmiðjunnar vitanlega flytur áburðinn inn í því ásigkomulagi, sem borgar sig. Það þýðir ekkert að halda því fram, að stjórn áburðarverksmiðjunnar, verksmiðjustjóri, framkvæmdastjóri og verkfræðingar verksmiðjunnar geti ekki reiknað svona einfalt dæmi. En það komu ekki fram í grein dr. Björns neinir útreikningar, heldur aðeins fullyrðingar um, að það ætti að flytja inn lausan áburð og það borgaði sig ekki. Er þetta einhver fræðimennska? Er þetta eitthvað, sem á að taka tillit til? Ég segi, að þegar menn ganga út fyrir sína fræðimennsku og fara að skrifa um það, sem þeir hafa ekki þekkingu á, þá hafa þeir menn minnkað sjálfa sig, og mér þykir það leitt, að dr. Björn gerði það með þessum skrifum sínum.

Hv. þm. talaði um, að hér hafi verið brotin lög. Mér þykir það leitt, ef hv. þm. hefur ekki flett upp í lögunum, áður en hann viðhafði þessa fullyrðingu. Hann tekur undir með flokksbróður sínum og talar um, að það sé óheimilt að fela öðru fyrirtæki en verzlunarfyrirtæki að annast rekstur áburðarsölunnar. En ef hv. þm. hefur gleymt að lesa lögin, áður en hann fór að tala um lögin, þá vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa hér upp 4. gr. laga um verzlun með tilbúinn áburð, en 4. gr. hljóðar svo:

„Heimilt er ríkisstjórninni að fela Sambandi íslenzkra samvinnufélaga eða öðrum aðila," — ekki verzlunarfyrirtæki, heldur aðila, — „er henta þykir, rekstur áburðarsölu ríkisins og leggja fram eða ábyrgjast fé, sem til þess þarf."

„Eða öðrum aðila, er henta þykir." Þetta veit ég að er alveg ljóst, þegar menn hafa lesið þessa grein, og ég ætla, að hv. 7. þm. Reykv. sé einnig í þeirra tölu, — þegar þeir hafa lesið þessa

grein, hætta þeir að tala um lögbrot í þessu efni. En tali menn um, að það sé verið að brjóta einhver lög, sem þeir hafa ekki lesið, þá er það of mikil fljótfærni af einum þm. Það er of mikil fljótfærni. En það er sjálfsagt að fyrirgefa þetta, ef það er gert af gáleysi, en ef þetta er gert af ásetningi, þá er það verra.

Hv. þm. talaði um, að hér sé verið að leika skrípaleik. Í hverju liggur þessi skrípaleikur? Liggur hann í því, að það er farið að lögum, að einu fyrirtæki er falinn rekstur Áburðarsölu ríkisins samkv. lögum? Er það skrípaleikur? Getur nokkur skrípaleikur legið á bak við það að gera áburðarverzlunina ódýrari og einfaldari en áður hefur verið? Er einhverjum gert tjón með því? Er það einhver skaði, þótt bændur fái áburðinn 100 kr. lægri hvert tonn á næsta vori en annars hefði verið, ef óbreytt ástand hefði ríkt? Hv. 7. þm. Reykv. mun e. t. v. segja, að bændur hafi ekki óskað eftir því. Ég er alveg sannfærður um, að þeir fagna því. Þeir hafa hins vegar kannske ekki verið búnir að átta sig á því, sem ekki var von, að þessi möguleiki væri fyrir hendi. En hann er fyrir hendi, og þess vegna er skylt að nota hann, og þess vegna er enginn skrípaleikur hér leikinn, þótt þessi stjórnarathöfn hafi verið gerð, enda þótt frv. það, sem hér liggur fyrir og er til umr., hafi verið lagt fram, því að frv. fer ekki fram á heimild til þess að ráðstafa áburðareinkasölunni, frv. fer fram á það, að áburðareinkasalan verði lögð niður, og hún verður ekki lögð niður, nema lögunum verði breytt, og það er Alþingi eitt, sem getur það. Þess vegna er frv. lagt fram.

Nú segir hv. þm., að þetta frv. sé lagt fram í þriðja sinn. Það er rétt. Það hefur verið tvisvar lagt fram áður, en þó ekki í því formi, sem það nú er. Nú hefur 1. gr. frv. verið breytt þannig, að það er ekki gert ráð fyrir því með lögunum, að áburðarverksmiðjan ein geti flutt inn áburð, heldur er gert ráð fyrir því samkv. 2. mgr. 1. gr., að ríkisstj. geti falið áburðarverksmiðjunni að flytja inn áburð, m. ö. o. aðila, sem tryggir það, að nægur áburður sé fyrir hendi. En þrátt fyrir þetta geta aðrir flutt inn áburð, ef þeir treysta sér til að gera það á eins hagkvæman hátt og áburðarverksmiðjan. Það er þessi breyting, sem hefur verið gerð á frv. frá því í fyrra, og það er enginn vafi á því, að mörgum þm. finnst það vera betra í þessu formi en það var, enda kom það hreinlega fram í hv. fjhn., sem fjallaði um málið á síðasta þingi. Það má þess vegna ætla, að frv. hafi nú í þessu formi mun meira fylgi en það áður hafði.

Hv. þm. var að tala um, að það væri verið að skapa áburðarverksmiðjunni alveg sérstaka aðstöðu til einokunar. Þetta er ekki rétt. En það skal viðurkennt, að áburðarverksmiðjan hefur sérstaka aðstöðu. Hún hefur þá aðstöðu að geta gert þetta á ódýrari og hagkvæmari hátt en annar aðili, og það held ég að við verðum að fullyrða, þangað til á annað reynir. En það væri ekki nema gott, að það reynist svo, að það væri hægt að gera það á enn hagkvæmari hátt, því að hverjir njóta þess nema þá bændurnir, að áburðurinn verði ódýr? Og það má þó segja, að það njóti þess fleiri. Það njóta þess allir landsmenn, ef áburðarverðið getur lækkað, vegna þess að áburðarverðið fer inn í verðlag landbúnaðarvara. Það er þess vegna hagmunamál að tryggja það, að áburðarverðið geti á hverjum tíma orðið sem lægst.

Hv. þm. talaði um, að það sannaði, að ég teldi heimildina fyrir auknum afskriftum vafasama, að það væri farið fram á að breyta þessari heimild samkv. 2. gr. frv. Það sannar það ekki. Hitt er annað mál, að þetta er þriðja þingið, sem hv. þm. úr stjórnarandstöðunni leyfa sér að fullyrða, að lögin hafi verið brotin. Lögfróðir menn skilja lögin eins og þau eru nú, að það sé heimilt að afskrifa samkv. endurnýjunarverði. En hér í hv. Alþ. eru menn, sem koma með fullyrðingar, sem stangast á við fullyrðingar hinna lögfróðu manna. Og það er til þess að hv. 7. þm. Reykv. og hv. 1. þm. Norðurl. v. skilji, hvað í l. felst, að gera þetta orðalag skýrara og tvímælalaust, og ég ætla, að það sé öllum fyrir beztu, að orðalag hverrar lagagreinar sé þannig, að það sé auðveldast að skilja það, einnig fyrir þá, sem eru ekki lögfróðir. Það er þess vegna, sem er eðlilegast, að um leið og þetta frv. er lagt fram, þá verði þetta lagaákvæði gert skýrara.

Hv. 7. þm. Reykv., enda þótt hann segði hér marga furðulega hluti, sem gaman er að geyma á spjöldum þingtíðindanna, þá gekk hann þó ekki eins langt að einu leyti og flokksbróðir hans, hv. 1. þm. Norðurl. v. Ég vænti, að hv. þm. hafi nú tekið eftir, hvernig hann rökstuddi sitt mál, hvernig hans fullyrðing var. Hann sagði: Þessi lögbrot byrjuðu 1959, þegar Alþýðuflokksráðherra var landbrh., þá notaði stjórn áburðarverksmiðjunnar tækifærið til þess að brjóta lögin. — Öll stjórnin, einnig fulltrúi SÍS, einnig fulltrúi Framsfl., kosinn af Alþingi. En það var þá, sem var alveg sérstakt tækifæri til þess að brjóta lögin. Hvers vegna? Það var vegna þess, að það var bæjarfógeti landbrh. Það var líklegast, að hann væri fúsari en ólöglærður maður, fyrirrennari hans, til þess að brjóta lögin. Hafa nú ekki hv. þingmenn tekið eftir, hve mikill ósómi er að baki þessum fullyrðingum og hvað mikil rakaleysa þetta er, að einmitt vegna þess að það var bæjarfógeti, reyndur maður á þessu sviði, þá vildi stjórn áburðarverksmiðjunnar nota tækifærið loksins til þess að brjóta lögin, ekki meðan það var ólögfróður maður í ráðherrastól, heldur bara í þetta eina skipti, sem lögfróður maður kom? (Gripið fram í.) Þetta er það, sem menn hljóta að taka eftir, því að það hefur oft verið, sem ólögfróður maður hefur verið landbrh. og þá ekki síður frá Framsfl. en öðrum. En þetta er bara dæmi um það, hvernig fullyrðingar koma hér fram, sem stangast alveg á við heilbrigða skynsemi.

Ég tel ekki ástæðu til að svara fleira af því, sem þessir hv. þm. sögðu. Fullyrðingar þeirra stangast á við staðreyndir algerlega. Þeir tala um lögbrot, og ég vænti þess, að þeir hafi gert það í gáleysi, áður en þeir lásu lagagreinina, því að lagagreinin er skýr. Hér er ekki um nein lögbrot að ræða. Þeir tala um, að lögin hafi verið brotin í sambandi við afskriftir áburðarverksmiðjunnar. Það er einnig út í bláinn, vegna þess að það stangast algerlega á við staðreyndir og margendurtekna úrskurði hinna færustu

manna. Og ég verð að segja, að það er ótrúlegt, hvers vegna þessir hv. þm. sækja þetta mál af svo miklu ofurkappi sem þeir hafa gert. Þeir vita báðir, þessir menn, að með því að breyta þessari skipan með áburðarinnflutninginn, leiðir það til þess að lækka áburðarverðið. Þeir vita, að bændur njóta þess, og þeir vita, að allir landsmenn njóta þess. Samt er haldið áfram að þræta og fullyrða án þess að hafa nokkur frambærileg rök. Það er óskiljanlegt, þegar greindir menn haga sér á þann veg.

Lúðvík Jósefsson: Háttv. forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, felur í sér tvær meginbreytingar. Hin fyrri er sú að heimila aðrar afskriftarreglur hjá áburðarverksmiðju ríkisins en raunverulega hafa verið bundnar í lögum, og hin er sú að leggja niður áburðarverzlun ríkisins. Þær umr., sem hér hafa farið fram um þetta frv., hafa miklu meir snúizt um síðara atriðið, um þá ákvörðun, sem felst í frv. um að leggja niður áburðareinkasöluna. En þessi tvö atriði, sem frv. raunverulega fjallar um, eru alleinkennileg að því leyti til, að bæði eru þau þannig, að hæstv. ríkisstj. eða hæstv. landbrh. heldur því fram, að þessi atriði séu bæði bundin í lögum á þann hátt, sem hann er nú að leggja til í þessu sérstaka frv. Hann viðurkennir, að þær afskriftareglur hafi verið notaðar hjá verksmiðjunni, og hann segir, að það styðjist við lög, sem lagt er nú til að binda ákveðið með þessu lagafrv. Hann játar, að þessar afskriftareglur hafi verið viðhafðar árin 1959 og 1960, og eflaust er ætlunin að nota þær áfram 1961. Um hitt atriðið, um það að leggja niður áburðareinkasöluna, segir hann, að það sé greinilega til heimild í l. um áburðareinkasölu til þess að leggja niður þá stofnun. Maður verður að játa, að það er alveg furðulegt að flytja og það æ ofan í æ frv. á Alþingi um efni, sem jafnframt er fullyrt að séu til skýr lagaákvæði um, og um efni, sem farið er að framkvæma, áður en til kasta Alþ. kemur að taka afstöðu til þess frv., sem lagt er fyrir Alþingi. Það er í rauninni alveg furðulegt, að hæstv. landbrh. skuli svo halda því fram hér á eftir, að þetta séu ekki óvenjuleg vinnubrögð. Mig langar til að víkja að þessum tveimur efnisatriðum frv. nokkrum orðum sérstaklega.

Hið fyrra er um afskriftareglurnar. Hæstv. landbrh. vill halda því hér fram, að áburðarverksmiðjan hafi leyfi til þess samkv. gildandi lögum að afskrifa á reikningum sínum þannig, að hún miði við endurkaupsverð á eignum sínum á því verðlagi, sem gildir á hverjum tíma. En í l. stendur alveg greinilega, hvernig haga skuli þessum fyrningarafskriftum. Þar stendur, að til fyrningarsjóða skuli greiða 2½% af kostnaðarverði húsa, lóðar og annarra mannvirkja og 7½% af kostnaðarverði véla og annarra áhalda. Liggur nú einhver vafi á því, hvernig löggjafinn hefur skilið þessi orð fram til þessa, hvað er kostnaðarverð á húsum, sem fyrningarafskriftir skulu miðaðar við, og hvað er kostnaðarverð á vélum, sem fyrningarafskriftir skulu miðaðar við? Þetta orðalag er ekkert einstakt fyrir áburðarverksmiðjuna. Þetta er sama orðalagið og gildir um öll önnur fyrirtæki í landinu í sambandi við þeirra afskriftir. En afskriftir eru í lögum nokkuð misjafnlega háar. En þetta orðalag að tilnefna tiltekinn hundraðshluta sem fyrningarafskrift af kostnaðarverði mannvirkja, af kostnaðarverði véla, þetta er bundið í lögum og þetta er búið að framkvæma árum saman gagnvart öðrum aðilum í þjóðfélaginu. Og þetta kostnaðarverð, sem lagt er til grundvallar og hefur verið lagt til grundvallar, er sá stofnkostnaður, sem var á þessum eignum, þegar lagt var í stofnkostnaðinn á sínum tíma, þegar húseignirnar voru byggðar, þegar vélarnar voru keyptar. Við þetta hafa allir þurft að binda sig samkv. framkvæmd skattalaga. En nú bregður svo einkennilega við, að einn aðili, sem er líka alveg greinilega bundinn af þessu orðalagi með lögum, skutlar sér út úr þessu og segist ekki vera bundinn af þessum skilningi þessara hugtaka. Og eina smugan, sem menn eru að reyna að fara hér í gegnum, er sú, að á öðrum stað í þessum lögum er sagt, að verðlag á áburði skuli miða við kostnaðarverð á framleiðslu vörunnar, þegar nauðsynlegar og lögákveðnar fyrningarafskriftir hafa farið fram. En í sérstakri grein, sem fjallar um fyrningarafskriftir, er búið að segja nákvæmlega, hvernig þetta skuli fara fram. Og þá á að nota þetta ákvæði. Jú, þarna stendur orðið „nauðsynlegt“, og það er nauðsynlegt að afskrifa enn þá meira, og í krafti þess afskrifum við eins og okkur sýnist, eins og við teljum að það muni kosta að byggja upp þetta mannvirki aftur. Hér er auðvitað alveg ljóslega verið að brjóta gildandi lagafyrirmæli, og á þennan hátt hefur áburðarverksmiðjan tekið sér vald til þess að telja í sínum árlega kostnaði miklu hærri fyrningarafskriftir en hún hefur raunverulega haft heimild til frá löggjafans hálfu, og á þennan hátt hefur hún gert áburð í landinu dýrari en hún hafði leyfi til samkv. lögum. Að þessu er búið að finna. Hæstv. ráðh. hefur reynt hér áður að sýna brtt. í þessum efnum og ekki fengið sínu máli framgengt á Alþ., en samt skulu lögin vera brotin í framkvæmd ár eftir ár. Það er í rauninni harkalegt, að þetta skuli geta átt sér stað, og vaknar þá vitanlega sú spurning: Hvernig stendur á því, að aðrir aðilar í landinu mega ekki fara eftir sömu aðferðum í þessum efnum? Hvernig stendur á því, að þeir mega þá ekki breyta sínum afskriftum líka, fyrst þessi eini getur það?

En þegar þetta atriði þessa frv. er athugað, kemur auðvitað upp í hugum manna, að menn hafi ekki verið á eitt sáttir um það, hver raunverulega ætti þetta mikla mannvirki. Það er að vísu ljóst, að það stendur í lögum áburðarverksmiðjunnar, að hún sé sjálfseignarstofnun, og það hefur alltaf verið litið svo á, að slík stofnun, sem stofnuð er samkv. lögum frá Alþingi og samkv. forgöngu ríkissjóðs og er ákveðin sem sjálfseignarstofnun í lögum, sé raunverulega eign ríkisins. En nú vill svo til, að í þessum sömu lögum um áburðarverksmiðjuna er að finna grein, sem segir, að hlutafélag skuli annast rekstur verksmiðjunnar, og hlutafélag var þar með samkv. ákvæðum laganna stofnað um rekstur verksmiðjunnar. Einstaklingar áttu þar kost á því að kaupa hluti upp á 4 millj. kr. og ríkið á móti upp á 6 millj. kr., og þar með var það 10 millj. kr. hlutafé, sem var stofnféð í sam-

bandi við rekstur þessa mannvirkis. En mannvirkið kostaði á sínum tíma 135 millj. kr., að talið er. Ríkið útvegaði auðvitað allt fé nema þessar 4 millj. En svo eru menn farnir að leggja þann skilning í þetta sumir hverjir að segja: Raunverulega er það þetta hlutafélag, sem á fyrirtækið, á áburðarverksmiðjuna. Hluthafarnir, sem þarna eiga 4 millj. af 10, 4/10 hluta af þessu hlutafé, eru að kasta eign sinni á 4/10 hluta af þessu mikla mannvirki. Eftir tiltölulega stuttan tíma eiga þessir hluthafar óumdeilanlega samkvæmt þessari skýringu áburðarverksmiðjuna að 4/10 hlutum, því að svo er gert ráð fyrir í lögum um verksmiðjuna, að hún kemur til með að eignast sjálfa sig að fullu og öllu eftir vissan tíma. Nú er talið, að áburðarverksmiðjan muni kosta fullar 300 millj. kr. Þessir 4/10 hlutar mundu því eiga verðmæti í þessari verksmiðju, miðað við núverandi verðlag, upp á 120 millj. kr. Þær hafa rentað sig heldur vel þessar 4 millj., sem menn lögðu fram sem hreint gervifé á sínum tíma, ef þeir ættu að eignast 120 millj. kr. af verðmæti þessarar verksmiðju á þennan sérstaka hátt.

Þegar menn vita, að það er uppi nokkur ágreiningur um skilning á þessum efnum, á eignarafstöðunni til þessarar verksmiðju, þá er skiljanlegt, að menn vilji líka ganga nokkuð fastar eftir því, hvernig þessi verksmiðja er rekin í sambandi við gróðasöfnun hennar.

Það er auðvitað alveg gefið mál, að ef stjórn verksmiðjunnar heppnast að fá að brjóta lögin um fyrningarafskriftir hjá þessari verksmiðju, þá eignast samkvæmt þessum skilningi þetta hlutafélag verksmiðjuna á nýju endurkaupsverði á miklu styttri tíma.

Ég tel, að það sé enginn vafi á því, að það er ríkið, sem raunverulega á þessa verksmiðju. Hlutafélagið hefur aldrei verið nema um rekstrinn. Og það á vitanlega að taka af öll tvímæli í þessum efnum, og það ber hv. Alþingi skylda til að gera, fyrst uppi eru skoðanir um það og fullyrðingar um það, að þetta hlutafélag eigi verksmiðjuna.

Ég kem svo að hinu meginatriðinu í þessu frv., sem er um það að leggja niður áburðareinkasölu ríkisins. Það vill svo einkennilega til, að stjórn áburðarverksmiðjunnar virðist leggja á það eitthvert ofurkapp, að áburðareinkasala ríkisins verði lögð niður og að áburðarverksmiðjan fái í sínar hendur alla verzlun með áburð í landinu. M. ö. o.: Þeir aðilar, sem alveg sannanlega hafa haldið hér uppi hærra áburðarverði í landinu en þeim var heimilt samkvæmt lögum, þeir aðilar, sem brotið hafa alveg skýlaus ákvæði laga um fyrningarafskriftir og þar með ákvörðun um kostnaðarverð á áburði, hafa haldið áburðinum of dýrum, þeir vilja fá einir allra aðstöðu til þess að verzla með áburð í þessu landi.

Það er ósköp skiljanlegt, að þeim sé að sumu leyti illa við það, að áburðareinkasalan sé til við hliðina á þeim og fáist nokkuð við þessi mál. Þeir, sem hafa sannanlega haldið uppi of háu áburðarverði, tala svo djarft um það núna, að þeir ætli að lækka áburðarverðið, og hæstv. landbrh. reynir að afsaka gerðir sínar í þessum efnum, að hann hafi bréf upp á það frá þessari stjórn áburðarverksmiðjunnar, að hún ætli að lækka hvert tonn af innfluttum áburði um 100 kr. Það hafa svo sem heyrzt svona rök áður. Ég minnist þess t. d., að það var djarft um það talað hér fyrir nokkrum árum, m. a. af stuðningsmönnum hæstv. landbrh., að það væri t. d. hægt að lækka fargjöld hér í landinu, ef við legðum niður Skipaútgerð ríkisins og afhentum t. d. Eimskipafélaginu allan þann rekstur. Það væri svo sem í beinu framhaldi af þessu að nota slík rök síðar meir, að segja: Nú höfum við fengið bréf frá Eimskipafélaginu, sem lofar því að lækka flutningsgjöld nokkuð, og út á það leggjum við niður Skipaútgerð ríkisins og alla þá þjónustu, sem hún hefur haft með að gera. — En á meðan Eimskipafélagið þurfti að keppa við Skipaútgerð ríkisins, sýndi það sig ekki að því að vera lægra í verðlagningu. Og án efa, meðan áburðarverksmiðjan fékkst beint við áburðarsölu, þá sýndi hún sig ekki að því að halda verðinu svo langt niðri sem henni bar þó raunverulega skylda til.

Það eru auðvitað gerviástæður að leggja fram einhver bréf, sem eiga að sýna, að verð sé lækkað í bili. Það trúir enginn á þá verðlækkun hjá þeim aðila, sem hefur sýnt sig að því að halda uppi of háu verði, jafnvel þó að hann kunni að gera það í bili.

Hæstv. landbrh. segir í þessum umræðum, að hann hafi heimild til þess samkvæmt 4. gr. laganna um áburðarverzlun ríkisins að leggja þá verzlun niður og fela öðrum aðila þessa starfsemi. Það má vel vera, að í þeim lögum séu ákvæði, sem heimila ráðh. að leggja niður áburðareinkasöluna og fela öðrum aðila þau störf, sem hún hefur haft með höndum. En finnst hæstv. landbrh. það eðlilegur gangur mála að flytja fyrst frv. á Alþingi um það að leggja niður áburðareinkasöluna, og láta Alþingi hafa það mál til meðferðar, en á meðan málið liggur fyrir Alþingi, þá tekur hann ákvörðun samkvæmt þessari lagagrein og leggur niður stofnunina eða alla starfsemi hennar? Finnst honum þetta vera eðlileg vinnubrögð? Er þetta ekki óvirðing við Alþingi? Auðvitað var það eðlilegt, að Alþingi fengi að segja sitt orð um það, hvort Alþingi vildi leggja niður þessa stofnun eða ekki. Það var það eðlilega. Það ætlaði hæstv. ráðherra sér að gera í upphafi, en hann mátti ekki vera að því að bíða eftir því. Honum fannst undirtektir Alþingis vera það daufar við hans mál. Og hæstv. ráðherra segist hafa haft heimild til þess að fela áburðarverksmiðjunni þessa starfsemi. Ég fyrir mitt leyti dreg í efa, að hann hafi nokkurs staðar í lögum heimild til þess að fela áburðarverksmiðjunni að hafa með höndum þessa sölu á áburði. Það er alveg þvert á móti í 8. gr. laganna um áburðarverksmiðju, þar er beinlínis tekið fram á þessa leið:

„Áburðarsala ríkisins kaupir af verksmiðjunni áburð til notkunar innanlands fyrir kostnaðarverð."

Það er beinlínis gert ráð fyrir því í lögunum um áburðarverksmiðju ríkisins, að hún annist ekki sjálf söluna á sínni framleiðslu til innlendra kaupenda, heldur er gert ráð fyrir því í lögunum, að það sé Áburðarsala ríkisins, sem á að kaupa af áburðarverksmiðjunni framleiðsluna

fyrir innanlandsmarkaðinn. Ég hef hvergi fundið í lögunum um áburðarverksmiðju heimild til þess, að hún annist þessa verzlun. Og ég vil nú spyrja hæstv. landbrh.: Á hvaða ákvæðum í lögunum um áburðarverksmiðju byggir hann þá framkvæmd sína að fela henni þennan rekstur? Í lögunum um áburðarverksmiðju er auðvitað starfssvið verksmiðjunnar markað, hvað hún á að gera. Hvar er það að finna í þeim lögum, að ætlazt sé til þess, að hún geti rekið svona starfsemi? Eins og ég hef bent á, þá er þvert á móti í þeim lögum að finna ákvæði um það, að til þess sé ekki ætlazt, að hún annist þessa starfsemi, heldur að áburðareinkasala ríkisins hafi þetta með höndum.

Ég tel því, að bæði þessi ákvæði, sem er að finna hér í þessu lagafrv. til breytinga frá gildandi lögum, hið fyrra um að breyta fyrningarafskriftum áburðarverksmiðjunnar og hið síðara um það að leggja niður áburðareinkasöluna, — ég álít, að bæði þessi atriði séu þess eðlis, að það eigi ekki að samþykkja þau á þann hátt, sem þau koma hér fyrir í þessu frv. Það á ekki að breyta þeim fyrningarafskriftum, sem bundnar eru í lögum hjá áburðarverksmiðjunni, og það er engin ástæða til þess að leggja áburðareinkasölu ríkisins niður. Það hefur þvert á móti komið skýrt fram hér í þessum umræðum, að áburðareinkasalan hefur verið vel rekin og að engin samtök bænda hafa óskað eftir því sérstaklega að leggja þá stofnun niður. Þá stofnun, sem er vel rekin og virðist vera fullkomlega í sátt við þá aðila, sem hún á að skipta við, virðist ekki vera ástæða til að leggja niður, — og allra sízt á þann hátt, sem nú er gert, með því fyrst að sýna Alþingi tillögur um málið, en biða ekki eftir úrslitum á Alþingi um málið, heldur leggja hana niður með sérstöku bréfi.

Það er heldur hvimleitt að verða var við það hjá núv. hæstv. ríkisstj., hvað hún virðist hafa mikla trú á því að stjórna hér með beinum tilskipunum og bréfum. Hún gefur út bréf um, að það megi brjóta lög í sambandi við fyrningarafskriftir. Hún gefur út bréf um, að það eigi að leggja niður tiltekna stofnun, sem Alþingi er að fjalla um, hvort skuli starfa áfram eða ekki. Og hún gefur út í sífellu bráðabirgðalög út af öllu, jafnvel þeim málum, sem hún hefur ekki kynnt sér, hvernig raunverulega standa, eins og hér hefur verið upplýst í umræðum nú á þessum vetri. Þetta er hvimleitt. Hið eðlilega er auðvitað það, að Alþingi fái að afgreiða slík mál sem þessi eftir réttum þingreglum, þegar tími líka gefst til þess.

Hæstv. landbrh. sagði hér í umræðunum, að verð á áburði frá áburðarverksmiðjunni væri bundið samkvæmt lögum sem kostnaðarverð, og vildi þar með láta líta svo út, að um þetta verð gæti ekki verið neinn ágreiningur. En eins og ég hef vikið hér að áður, ef stjórn verksmiðjunnar hefur samkvæmt þessum orðum: „nauðsynlegum og löglegum afskriftum," heimild til þess að breyta þeim fyrningarafskriftum, sem annars eru festar í lögum, þykir mönnum þá ekki þetta kostnaðarverð vera nokkuð hlaupandi, að í rauninni geti stjórn verksmiðjunnar ákveðið það svo að segja hvað sem henni sýnist? Og er heppilegt, að stjórn verksmiðjunnar, sem þannig hefur framkvæmt þetta og þannig lítur á þessi mál, fái einræðisvald í sambandi við verðlagningu á áburði? Er það heppilegt? Getur það verið til hagsmuna fyrir bændur landsins, sem eiga að kaupa áburð, að fela slíkri stjórn, sem þannig hefur haldið á málunum, í rauninni eftirlitslítið vald á því, hvernig áburðurinn er verðlagður í landinu, sá innflutti líka?

Ég álít fyrir mitt leyti, að það eigi að vísu að afgreiða það frv., sem hér liggur fyrir, en það eigi að fella það, því að bæði ákvæðin, sem það fjallar um, eru þess eðlis, að samþykkt frv. mundi ekki verða þeim til góða, sem fyrst og fremst þurfa að kaupa áburð í þessu landi.

Að lokum vil ég svo spyrja hæstv. ráðherra að því, í tilefni að því, sem nú hefur hér komið fram: Er það ekki ætlun hans og ríkisstj., að þetta mál, sem hér liggur fyrir, fái hér endanlega þinglega afgreiðslu, þrátt fyrir það þó að hann hafi nú tekið upp að framkvæma þau mál, sem frv. fjallar um, á þann hátt, sem honum þykir henta? Er það ekki ætlunin, að málið fái hér þinglega afgreiðslu og síðan verði þá farið eftir því, sem Alþingi ákveður í þessum efnum? Eða á bara að leika sér hér að umræðum um málið og svo fari ríkisstj. sínu fram, hvað svo sem Alþingi segir? Og ef ríkisstj. fellst á það, að hér skuli afgreiða þetta mál, getur hún þá ekki fallizt á það að bíða með framkvæmd á t. d. niðurlagningu á áburðareinkasölunni, þar til Alþingi hefur við afgreiðslu þessa máls sagt álit sitt um, hvort meiri hl. er hér á Alþingi fyrir því að leggja þessa stofnun niður eða ekki? Getur ekki ríkisstj. fallizt á að bíða með þá framkvæmd, þar til Alþingi hefur afgreitt þetta mál hér að fullu í þinginu? Ég vænti, að hæstv. landbrh. vilji m. a. svara þessum spurningum mínum.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að blanda mér mikið inn í þessar umræður, en af því að þær eru af hendi hæstv. landbrh. orðnar svo miklar lögskýringar, að það nálgast kennslustund, þá langar mig til þess að fá nokkrar frekari skýringar frá hæstv. ráðh., því að ég efast ekki um, að hann kunni skil á því, sem ég kann að spyrja um. Ég mun síðar geta rætt við hann um nefndaskipanir af hálfu hæstv. ríkisstj. Það gefst tækifæri til þess að ræða um það mál síðar. En ég veit ekki, hvort hæstv. ríkisstj. hefur efni á því að tala um nefndaskipanir.

Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra: Hvar er það í grein dr. Björns Jóhannessonar, sem hann minnkar sjálfan sig að dómi hæstv. ráðh.? Hvar er þær takmarkanir að finna, að hann megi ekki eins og aðrir þegnar í þessu þjóðfélagi ræða um þetta mál?

Í öðru lagi: Af hverju framkvæmdi ekki stjórn Áburðarverksmiðjunnar h/f fyrningarafskriftirnar með þeirri lögskýringu, sem nú er gefin, fyrr en 1959? Vanrækti hún þá að framkvæma lögin um áburðarverksmiðju?

Í þriðja lagi: Liggja fyrir útreikningar hjá Áburðarverksmiðjunni h/f um það, að framkvæmanlegt sé að lækka verðið á áburðinum eins og nú er lýst yfir?

Í fjórða lagi: Hvar stendur það í lögum um

áburðarverksmiðju, að hún megi eða skuli reka verzlun með áburð?

Í fimmta lagi: Af hverju er verið að breyta 8. gr. áburðarverksmiðjulaganna og heimila henni að reka verzlun með áburð, ef það er heimilt nú? Hæstv. ráðherra hefur sjálfur lýst því yfir hér í umræðum, að tilgangur þessa frv. um áburðarverksmiðjuna, sem hér er til umræðu, sé sá fyrst og fremst að leggja niður áburðareinkasöluna. Ég spyr: Af hverju er þá verið að breyta tveim greinum í lögunum um áburðarverksmiðju, fyrst tilgangurinn er sá einn að leggja áburðareinkasöluna niður?

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umræður, enda hef ég ekki nema stuttan athugasemdartíma, og ég þarf ekki heldur að víkja nema að örfáum atriðum í ræðu hæstv. landbrh.

Hæstv. landbrh. sagði, að ég hefði verið að leggja til, að sett yrði á laggirnar ný nefnd til að ákveða áburðarverðið. Það má vel vera, að það sé hægt að leysa þetta mál án þess, að ný nefnd sé sett á laggirnar til þess að taka þessa ákvörðun, og sennilega er það rétt, eins og ég skal víkja að. En ég álít, að það sé með öllu óforsvaranlegt að láta aðila, sem hefur einokunaraðstöðu, ráða því, hvaða verð er á vöru hans og þjónustu, og því fremur álít ég það vera með öllu óforsvaranlegt, þar sem Sjálfstfl. viðheldur í dag stórkostlegum verðlagshöftum gagnvart flestum einkafyrirtækjum í landinu, sem heyja þó samkeppni sín á milli um vöruverðið. Hvers vegna er þá ekki miklu frekar ástæða til þess, að sé haft verðlagseftirlit með aðila, sem hefur einokunaraðstöðu?

Ég tel, að sá aðili, sem ætti að fara með þetta vald í sambandi við áburðinn, sé fyrir hendi. Það er núna hlutverk 6 manna nefndarinnar svokölluðu að meta dreifingarkostnað hjá þeim fyrirtækjum, sem fara með verzlun á landbúnaðarvörum. Hvers vegna gæti þessi nefnd ekki alveg eins metið framleiðslu- og dreifingarkostnaðinn hjá áburðarverksmiðju ríkisins? Ég held, að það væri alveg upplagt mál að hafa það þannig. En ég trúi því ekki, fyrr en ég tek á, að Sjálfstfl. sé á móti því, að haft sé verðlagseftirlit með fyrirtæki, sem hefur einokunaraðstöðu, en vill hins vegar halda í stórkostleg verðlagshöft gagnvart einkafyrirtækjum, sem heyja þó samkeppni um vöruverð og þjónustu. Þar væri vissulega miklu minni ástæða til þess að hafa verðlagshöft en þó í hinu tilfellinu.

Hæstv. ráðherra gerði nú talsvert meira úr þekkingu minni á þessum málum en áður, því að hann taldi, að við mundum vera nokkurn veginn jafnsnjallir og værum þess vegna færir um að reikna þessi mál út, ef við legðum saman. En hann vildi hins vegar ekki taka neitt aftur af því, sem hann hafði sagt um þekkingu dr. Björns Jóhannessonar, en það verð ég að telja mjög miður farið, vegna þess að ég er sannfærður um, að þó að ráðherrann léti þessi orð falla um Björn, sem hann hefur látið hér falla, þá veit hann ósköp vel, að það er enginn maður hér á landi, sem veit meira, ekki aðeins um áburðarnotkun, heldur um áburðarverzlun, en einmitt þessi maður, enda reyndi hæstv. ráðherra ekki hið minnsta til þess að hnekkja þeim ummælum, sem dr. Björn hefur látið frá sér fara um þessi mál. Þrátt fyrir sleggjudóma hæstv. ráðh. stendur það jafnt óhrakið, sem dr. Björn Jóhannesson hefur um þessi mál sagt, og þarf ég þess vegna ekki að fara frekar út í það.

Ég kem þá að því atriði hjá hæstv. ráðherra, þar sem hann var að afsaka það, að hann hefði ekki framið lögbrot með þeirri ákvörðun að fela áburðarverksmiðjunni að annast áburðarsöluna. Þessu til sönnunar vitnaði hæstv. ráðherra í lögin um áburðarsöluna. Það er rétt. Samkvæmt þeim lögum hefur landbrh. heimild til þess að fela verzlunarfyrirtækjum meðferð og sölu á erlendum áburði. En hæstv. ráðherra gleymdi að minnast á önnur lög og það þau lög, sem meginmáli skipta. Hann gleymdi að minnast á lögin um áburðarverksmiðju ríkisins. Í þeim lögum er skýrt tekið fram, að áburðarverksmiðjan skuli láta áburðarsöluna annast verzlun með framleiðsluvörur sínar, sem þýðir ekkert annað frá hendi löggjafans en það, að áburðarverksmiðjan á að starfa hreinlega sem framleiðslufyrirtæki, en ekki sem verzlunarfyrirtæki, enda var það beint tekið fram í grg., þegar frv. að þessum lögum var fyrst lagt fram hér á Alþingi. Þar er það beinlínis tekið fram, að þetta ákvæði sé sett í lögin til þess að tryggja það, að áburðarverksmiðjan sé ekki verzlunarfyrirtæki. Og þegar þáv. landbrh., Vilhjálmur Þór, mælti fyrir þessu máli á Alþingi, þá tekur hann beint fram í ræðu sinni, að þetta ákvæði sé sett inn í frv. til að tryggja það, að áburðarverksmiðjan sé ekki verzlunarfyrirtæki. Og hvers vegna er líka hæstv. ráðherra búinn að biðja um það þrisvar sinnum hér á Alþingi að fá heimild til þess að fela áburðarverksmiðjunni þessa verzlun? Var það vegna þess, að hann áliti, að heimildin væri fyrir hendi? Sannarlega ekki. Það var vegna þess, að ráðherrann gerði sér þá ljóst, að hann hafði ekki þessa heimild. Þess vegna bað hann um hana, og þess vegna er það, sem það liggur alveg ljóslega fyrir, að hæstv. ráðh. hefur brotið lög eða hefur a. m. k. sniðgengið lög með þessari ákvörðun sinni.

Ég kem þá að því atriði, sem hæstv. ráðherra var að reyna að mótmæla, sem sagt því, að ekki væri verið að leika skrípaleik með Alþingi með því háttalagi, sem hæstv. ráðherra hefur hér haft í frammi. Hvað er það annað en skrípaleikur að vera að biðja Alþingi um heimild til ákveðinnar framkvæmdar og gera svo þessa framkvæmd, áður en Alþingi er búið að segja sitt orð um það, hvað það vill gera í þessum efnum? Hvað er verið að gera annað með Alþingi en að leika skrípaleik með það með þessu háttalagi? Til hvers er hæstv. ráðherra að biðja Alþingi um heimildina og bíður svo ekki eftir því að vita um vilja þess? Hvers vegna tók hann ákvörðun, áður en hann fékk að vita, hver niðurstaða Alþingis yrði? Hvers vegna fer hann með Alþingi á þennan hátt? Einfaldlega vegna þess, að hæstv. ráðh. veit, að það mundi verða sama niðurstaðan nú, ef þingmenn væru fullkomlega frjálsir, eins og hefur orðið á tveimur undanförnum þingum, að hann mundi ekki fá þessa heimild samþykkta. Þess vegna tekur hann þessa ákvörðun upp á sitt eindæmi, lætur fylgismenn,

þingmenn Sjálfstfl. og Alþfl., standa frammi fyrir þeirri staðreynd, að ráðherrann sé búinn að gera þetta og þess vegna eigi þeir raunverulega ekki um annan kost að velja en að fylgja ráðherranum, úr því sem komið er, eða láta hann fara frá, því að það mundi ráðherrann verða að gera, ef Alþingi vildi ekki fallast á að veita þessa heimild. En ég verð að segja það, að ef það væri einhver dugur í hv. þm. Sjálfstfl. og Alþfl. að halda uppi virðingu Alþingis og láta ekki ófyrirleitna stjórnarherra fara með Alþingi eins og þeim sýnist, þá eiga þeir ekki annan sæmilegan kost en að fella þetta frv. Annars taka þeir þátt í þessum skrípaleik með Alþingi, sem hæstv. ráðherra hefur byrjað á.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það var nú ekki margt, sem þarf að svara.

Hv. 7. þm. Reykv. var að tala um, hvers vegna væri verið að leggja þetta frv. fram, sem hér er til umræðu, það væri í þriðja skipti nú. Ég vænti þess, að hv. þm. hafi lesið frv., og hann sér, að það er tvíþætt. Það er í fyrsta lagi það að leggja niður áburðareinkasöluna. Það verður ekki gert nema með lögum. Það er í öðru lagi það að gera lagaákvæðin um afskriftir svo skýr, að hv. 7. þm. Reykv. og aðrir, sem tala um, að alltaf sé verið að fremja lögbrot í verksmiðjunni, skilji þessi lagaákvæði. Þess vegna er þetta frv., sem hér er verið að ræða um, ekkert skylt þeirri stjórnarathöfn að fela áburðarverksmiðjunni rekstur áburðareinkasölu ríkisins. Það er alveg rangt, og það er leitt, að hv. þm. skuli misskilja svo mjög það, sem hér er um að ræða. Hv. 4. þm. Austf. talar um, að ég hafi lagt niður áburðareinkasöluna. Áburðareinkasalan verður ekki lögð niður, nema þetta frv. verði samþykkt. En áburðarverksmiðjunni hefur samkvæmt lögunum verið falinn rekstur áburðareinkasölunnar, og hv. 7. þm. Reykv. segir, að það hafi ekki verið leyfilegt, alls ekki verið leyfilegt, þrátt fyrir það þótt skýrt sé tekið fram í 4. gr. laga um innflutning og verzlun með erlendan áburð, að ríkisstj. geti falið SÍS eða öðru fyrirtæki, er henta þykir, þessa starfsemi. Hv. 7. þm. Reykv. vissi, að hann var að segja ósatt. Þess vegna bætir hann frá eigin brjósti við einu orði inn í lagagreinina og segir: verzlunarfyrirtæki. Ég vil biðja hv. þingmenn að fletta upp í lögunum, og þá sjá þeir, að það er ekki talað um verzlunarfyrirtæki. Það er sagt: „SÍS eða öðru fyrirtæki, er henta þykir". Það er ekkert undan tekið, og þess vegna er það skrípaleikur, sem hv. 7. þm. Reykv. er að leika hér, þegar hann með því að bæta orði inn í lagagreinina frá eigin brjósti hefur það sem forsendu fyrir þeirri niðurstöðu, sem hann vill fá. Ég segi bara: Það er ekki leyfilegt að haga málflutningi á þennan veg, alls ekki. Og ég undrast, að hv. þm. skyldi gera þetta, enda þótt ég hafi lesið greinina fyrir honum áðan. Það er hægt að fyrirgefa mönnum fljótfærni, það er hægt að afsaka það, þótt menn viðhafi fullyrðingar án þess að hafa kynnt sér málsatriðin nákvæmlega og vel. Það er hægt að afsaka. En ég get ómögulega afsakað hv. 7. þm. Reykv., eftir að ég hef lesið fyrir hann lagagreinina, að hann skuli samt gerast svo djarfur að bæta orði inn í til þess að breyta merkingu lagagreinarinnar. Þetta er ekki leyfilegt og þetta mætti kalla að væri verið að misbjóða Alþ. Eða hver er það, sem vill ekki átelja það, þegar þannig er vísvitandi skrökvað? Það hefur hv. þm. gert núna.

Hv. 3. þm. Vesturl. kom hér með nokkrar spurningar, sem hann óskaði eftir að fá svarað. Ég skrifaði þær niður í flýti, ég held, að ég hafi náð þeim.

Hann spyr: Hvað er það í grein dr. Björns Jóhannessonar, sem minnkar hann? Hvað er það í greininni? Ég hef nú ekki blaðið fyrir framan mig. Ég vona, að hv. þm. fyrirgefi, þó að ég haldi ekki svo mikið upp á Tímann, að ég geymi hann. En það vill nú svo til, að það þarf ekki að lesa greinina að nýju til þess að geta alveg sannfærzt um það, því að dr. Björn Jóhannesson leyfir sér það að fara með fullyrðingar í greininni, sem hann getur á engan hátt staðið við. Hann fullyrðir í greininni, að það eigi að flytja inn lausan áburð, hvort sem það borgar sig eða ekki. Þetta er sleggjudómur, og þegar hv. þm. eru að tala um, að ég hafi farið óviðeigandi orðum um þennan fræðimenn, þá er það alls ekki rétt. Ég hef einmitt veitt þessum manni viðurkenningu sem fræðimanni. En þegar hann fer út á þau svið og ætlar að fara að skrifa um mál, sem hann hefur ekki sérþekkingu á og sízt meiri en þeir, sem eru í stjórn áburðarverksmiðjunnar, og fara með fullyrðingar, beinlínis fullyrðingar eins og þær, að það eigi að flytja inn lausan áburð, hvort sem það borgar sig eða ekki, þá segi ég: Þessi maður, sem ég hef mætur á sem fræðimanni, hefur minnkað sig að óþörfu.

Þá er það önnur spurning, sem hv. 3. þm. Vesturl. spyr. Hann spyr: Hvernig stendur á því, að það var byrjað á þessum afskriftum 1959 og afskrifað með þessum hætti meira en skýrt er tekið fram um prósentuna? Ég hélt, að þessi hv. þm. þyrfti ekki að spyrja um þetta. Man ekki þessi þm. árið 1958? Man hann ekki þá miklu gengisfellingu, sem þá kom? Veit hann ekki, að einmitt með ráðstöfunum 1958 var kostnaðarverð allra véla áburðarverksmiðjunnar næstum tvöfaldað? Og það var einmitt eftir þessar ráðstafanir, sem nauðsynin kom til þess að auka afskriftir verksmiðjunnar, ef það ætti að vera mögulegt að endurnýja vélakostinn og byggja fyrirtækið upp. Ég vænti þess, að þetta sé nægilegt svar til hv. þm. Og þetta svar og þessi skýring er vitanlega fullnægjandi og kveður enn á ný niður þá fullyrðingu hv. 1. þm Norðurl. v., þegar hann talaði um, að afskriftirnar hafi verið auknar, vegna þess að það var bæjarfógeti, fulltrúi Alþfl, í landbrh.-sæti þetta ár. Það var smekklegt að fullyrða, að það hafi verið notað tækifærið, af því að það var reyndur lögfræðingur í starfinu.

Þá er það þriðja spurningin: Hvar stendur í lögum, að áburðarverksmiðjan megi verzla með áburð? Hvernig stendur á, að hv. þm. er að spyrja um þetta? Hvernig stendur á, að hv. þm. lætur sér ekki nægja að lesa lög um sölu og innflutning á áburði, þar sem heimilað er að fela SÍS eða öðru fyrirtæki, er henta þykir, — í þessu tilfelli verður það áburðarverksmiðjan, — innflutning áburðar? Eða ætlar hv. 3. þm. Vesturl.

sér að leika það eftir hv. 7. þm. Reykv. að bæta orði inn í lagagreinina, þegar hann kemur hér upp næst, til þess að breyta skilningnum sér í vil? Ég vona, að hv. 3. þm. Vesturl. taki ekki að þessu leyti hv. 7. þm. Reykv. sér til fyrirmyndar og láti sér nægja að lesa greinina óbreytta og eins og hún er, og þar er ekkert undanskilið, það má fela það hvaða fyrirtæki sem er, enda ekki talað um, að það sé verzlunarfyrirtæki.

Og þá var fjórða spurningin, af hverju væri beðið um heimild samkv. 2. gr. frv., sem hér er um að ræða. Því hef ég svarað áður. Það er vegna þeirra, sem eru í dag og alltaf með fullyrðingar um, að þetta samrýmist ekki löggjöfinni, þá þykir sjálfsagt að gera þessi lagaákvæði svo skýr, að enginn efist um, að þarna sé um réttmæta heimild að ræða.

Ég hef nú svarað þessum spurningum öllum og því, sem á góma hefur borið hjá þessum hv. þm., og tel ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta. Ég hef verið að velta því fyrir mér og reyndar fleiri hv. þm., hvað veldur því, að þetta mál er sótt með svona miklu kappi hjá þessum hv. þm., sem tala á móti frv. og eru á móti því, að áburðarverksmiðjan taki við rekstri áburðareinkasölunnar, á meðan lög um áburðareinkasölu eru fyrir hendi. Það er ekki vegna þess, að þeir trúi því, að bændur fái ekki eins góða þjónustu og áður með áburðarkaup. Það er ekki vegna þess, að þeir trúi því, að áburðurinn verði ekki ódýrari með þessu fyrirkomulagi. En hver getur þá ástæðan verið? Vissulega ætti hv. 4. þm. Austf. að óska þess eindregið, alveg eins og aðrir þm., að áburðurinn geti orðið sem ódýrastur, og stuðla að því eins og aðrir hv. þm., að fyrirkomulagið með áburðarverzlunina verði gert sem einfaldast, en það er það, sem verið er að gera með þessu móti.

Ég hef oft tekið undir það, að áburðareinkasalan út af fyrir sig hefur alls ekki verið illa rekin. Það er ekkert verið að klaga upp á það. Ekki er verið að ofsækja forstjóra áburðareinkasölunnar, það veit hann sjálfur bezt. Það verður ekki farið illa með hann. En hlutverk áburðareinkasölunnar er stöðugt að minnka, og það er orðið svo lítið, að það borgar sig ekki lengur að halda þessu fyrirtæki við. Það borgar sig ekki að leigja sérstakt skrifstofuhúsnæði hér í Reykjavík til þessarar starfsemi, sem raunverulega er ekki nema tvo mánuði á ári. Það borgar sig ekki að greiða hafnargjöld og uppskipun á áburði hér í Reykjavík, þegar hægt er að komast hjá því, og það vitanlega borgar sig ekki að vera að greiða pakkhúsleigu hér í Reykjavík, ef hægt er að komast hjá því. Og þegar áburðarverksmiðjan hefur skrifstofupláss, hefur starfslið, hefur bryggju og hefur geymslur, þá getur hún gert þetta með hagkvæmara móti en verið hefur. Ég er sannfærður um það, að síðar meir, þótt nú sé deilt um þetta mál, verða menn sammála um, að þetta er réttmæt og sjálfsögð ráðstöfun. Og það er einmitt vegna þessarar sannfæringar minnar, sem mér er svo hjartanlega sama um öll hnýfilyrði og hrópyrði þeirra manna, sem eru svo smekklegir að ráðast gegn þessu máli.

Halldór E. Sigurðsson: Hæstv. forseti. Hæstv. landbrh. var að ljúka hér máli sínu, og það fyrsta, sem hann kom að, var það, hvert væri meginefni þessa frv., sem hér er til umr. Hæstv. ráðh. sagði, að það væru tvö atriði, sem væru ástæða til þess, að þyrfti að fá þetta frv. afgreitt frá Alþ. Í fyrsta lagi, segir hæstv. ráðh., er það að leggja áburðareinkasöluna niður. Þetta atriði kemur ekki fram fyrr en í 3. gr. frv. Það er þó að dómi hæstv. ráðh. aðalatriði frv. Fer það aftan að síðunum, að aðalatriði frv. birtist í síðustu grein þess. Í öðru lagi, segir hæstv. ráðh., er að fá það skýrt og undandráttarlaust, að menn geti ekki deilt um það ákvæði, hverjar afskriftirnar eigi að vera af áburðarverksmiðjunni. Þetta atriði kemur fram í 2. gr. frv. En af hverju nefndi hæstv. ráðh. ekki 1. gr. frv.? Það er þó venja, að í 1. gr. frv. sé aðalatriði þess. En hæstv. ráðh. nefndi ekki 1. gr. frv., eins og hún væri feimnismál. En af hverju nefndi hæstv. ráðh. ekki 1. gr. frv.? Af því að 1. gr. er um að breyta 8. gr. l. um áburðarverksmiðju ríkisins, og hún byrjar svo, með leyfi hæstv. forseta, hér í frv.:

„Áburðarverksmiðjan selur framleiðslu sína innanlands á kostnaðarverði.“

Hér er mergur málsins. Það er höfuðatriði þessa frv. að heimila áburðarverksmiðjunni að selja framleiðsluvörur sínar innanlands. Það getur hún ekki samkv. gildandi lögum, og svar hæstv. ráðh. við spurningu minni áðan breytir engu þar um, því að hann fór að tala um allt önnur lög en ég var að spyrja um.

Í 8. gr. áburðarverksmiðjulaganna segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Áburðarsala ríkisins kaupir af áburðarverksmiðjunni áburð til notkunar innanlands fyrir kostnaðarverð.“

Hér er það atriði, sem hæstv. ráðh. þarf að fá lagaheimild fyrir til þess að geta gert það kleift, sem hann er búinn að gera með bréfinu sæla. Og það er þess vegna ekki undarlegt, þó að það væri feimnismál hjá hæstv. ráðh. að nefna það atriði, sem er aðalatriði þessa frv.

Út af þeim svörum, sem hæstv. ráðh. gaf við mínum spurningum, vil ég segja það í fyrsta lagi, að hann sýndi ekki fram á það með neinum rökum, að það væri neitt það atriði í grein dr. Björns Jóhannessonar, sem minnkaði hann, því að hann ræðir þar mál með rökum og sýnir fram á, hvaða möguleika þessi leið hafi og hvaða möguleika aðrar leiðir hafi. Og það sýnir bezt, að hæstv. ráðh. gat ekki hnekkt þessu, að hann fór hér alveg fram hjá þriðju spurningu minni, en hún var um það, hvort fyrir lægju útreikningar hjá áburðarverksmiðjunni um það, að henni væri kleift að selja áburðinn ódýrara en hann er nú. Hæstv. ráðh. gekk alveg fram hjá því að svara þessu.

Þá taldi hæstv. ráðh., að það væri vegna þess, að það hafi verið bæjarfógeti landbrh., sem hefði verið hægt að koma fram eðlilegum lögskýringum í sambandi við áburðarverksmiðjulögin 1959. En man ekki hæstv. ráðh. það, að fyrirrennari þess ráðh. var fyrrv. lögreglustjóri, svo að þar hallast nú ekki á, ef á að fara út í þess háttar skýringar?

Þess vegna er það, að í svörum hæstv. ráðh. var ekki að finna neitt, sem réttlæti það, sem hann hefur haldið fram í sínum málflutningi

hér. Það er hvergi að finna í lögum um áburðarverksmiðju ríkisins, að hún megi selja áburð, heldur hið gagnstæða, og þess vegna er hæstv. ráðh. að fá lög afgreidd frá Alþingi til þess að reyna að gera það löglegt, sem hann er nú búinn að gera án lagaheimildar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 12. fundi í Nd., 3. nóv., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÍG, GÞG, IngJ, JóhH, JR, MÁM, PS, SÁ, SI, BGr, HH, BK, BBen, EI, EmJ, GíslJ, GuðlG, RH.

nei: HÁ.

GJóh, JSk, LJós, SkG, BFB, EðS, EOl, EystJ, GeirG greiddu ekki atkv.

12 þm. (GunnG, HS, HV, IG, EinS, KGuðj, SE, ÞÞ, AGb, ÁÞ, BP, GíslG) fjarstaddir.

Frv. vísað til fjhn. með 25 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

6. Síldarútvegsnefnd (stjfrv. um skipun nefndarinnar).

Á 2. fundi í Sþ., 12. okt., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 74 29. des. 1934, um síldarútvegsnefnd, útflutning á síld, hagnýtingu markaða o. fl. [28. mál] (stjfrv., A. 28).

Á 9. fundi í Nd., 30. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Hæstv. forseti. Á síðasta þingi var borið fram frv. til laga um síldarútvegsnefnd, útflutning á síld, hagnýtingu markaða o. fl., sem í fólust talsvert miklar breytingar á núgildandi lögum. Þetta frv. náði ekki afgreiðslu, en á síðasta stigi eða síðustu dögum þingsins var það afgr. með rökstuddri dagskrá, sem er svo hljóðandi:

„Í trausti þess, að ríkisstj. láti endurskoða lög nr. 74 29. des. 1934, um síldarútvegsnefnd, útflutning á síld, hagnýtingu markaða o. fl., og að sú endurskoðun verði framkvæmd í samráði við síldarútvegsnefnd, Landssamband íslenzkra útvegsmanna, Alþýðusamband Íslands og félög síldarsaltenda, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.“

En við þessa dagskrártill. kom fram brtt. frá hv. 3. þm. Reykn., sem, með leyfi hæstv. forseta, er svo hljóðandi:

„Á eftir orðunum „félög síldarsaltenda“ í till. bætist: enda geri ríkisstj. ráðstafanir til að koma sem fyrst á þeim endurbótum, sem þingmeirihluti er örugglega fyrir.“

Eitt af aðalatriðunum, er óhætt að segja, í þessu frv., sem náði ekki afgreiðslu, var að fjölga í síldarútvegsnefnd um tvo menn, þ. e. a. s. taka inn í n. einn fulltrúa fyrir félög síldarsaltenda á Norðurlandi og Austurlandi og annan fulltrúa fyrir félög síldarsaltenda á Suðvesturlandi. Um þetta var talið að væri fullt samkomulag, þó að ekki næðist samkomulag um nokkur önnur atriði í frv. Það var þess vegna talið vera í samræmi við vilja Alþingis, að gefin yrðu út brbl., sem ákvæðu, að fulltrúar þessara félaga yrðu teknir upp í nefndina, áður en síldarsöltun hæfist á s. l. sumri. Þess vegna voru gefin út brbl. 9. maí s. l., sem fólu þetta í sér og annað ekki. Endurskoðun laganna í heild bíður þess vegna, eða réttara sagt, það verður unnið að henni, en þetta atriði þótti rétt að leiðrétta strax og vera í samræmi við fram kominn vilja Alþingis við afgreiðslu málsins.

Þetta frv., sem hér er lagt fyrir, er til staðfestingar á þeim brbl. Ég vil leyfa mér að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til sjútvn. með 28 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

7. Almannatryggingar (stjfrv. um gjald fyrir læknishjálp).

Á 29. fundi í Sþ., 18. des., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 24 1956, sbr. l. nr. 28 1959 [125. mál] (stjfrv., A. 250).

Á 40. fundi í Nd., 2. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Þetta frv. er í nánu sambandi við það frv., sem var til umr. hér næst á undan og var lagt fram af þáv. hæstv. heilbrmrh., Jóhanni Hafstein, fyrir jólin, og gat hann í ræðu sinni hér áðan um aðalefni þess, en það er, að nú verði læknum heimilt að taka gjald fyrir viðtöl og vitjanir einnig á 2. verðlagssvæði, en það var áður einungis á 1. verðlagssvæði, og auk þess er numin úr lögum sú lögákvörðun gjaldsins — 5 eða 10 kr. — sem hingað til hefur gilt, en ætlazt til, að um þetta verði sett ákvæði í reglugerð eða gjaldskrá héraðslækna. Það sýnist vera eðlilegt, að sams konar reglur gildi um þetta hvarvetna, og nokkur tekjuauki mundi verða af þessu fyrir þá lækna, sem áður hafa ekki notið þessara hlunninda, svo að að því leyti stuðlar það, svo langt sem það nær, að lausn þess vandamáls, sem við höfum verið að ræða um. Að öðru leyti er sjálfsagt, að þetta mál verði athugað í sambandi við fyrra frv. og málið í heild, og sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um

það og legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 28 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

8. Meðferð einkamála í héraði.

Á 12. fundi í Ed., 9. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um meðferð einkamála í héraði [71. mál] (stjfrv., A. 90).

Á 13. fundi í Ed., 10. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fylgja þessu frv. úr hlaði með mjög mörgum orðum, en vil þó víkja nokkuð að aðdraganda þess.

Það frv., sem hér er flutt, er að mestu leyti, — þó hafa orðið á því nokkrar breytingar við athugun málsins, — samhljóða frv., sem flutt var á Alþingi 1955, en hafði þá átt alllangan aðdraganda og undirbúning. Dómsmrh. hafði skipað árið 1952 hæstaréttardómarana Einar Arnórsson, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson í nefnd til þess að endurskoða löggjöf um meðferð einkamála í héraði. Síðar var Theodór Líndal hrl. skipaður í þessa nefnd, en Einar Arnórsson hvarf frá störfum í nefndinni mjög skjótlega, a. m. k. var störfum nefndarinnar ekki langt komið. Fyrrv. dómsmrh., Bjarni Benediktsson, hafði svo farið yfir þetta frv. og rætt það við þá, sem sömdu frv., áður en málið var lagt fyrir á þingi 1955. Þessari heildarlöggjöf er ætlað að koma í staðinn fyrir einkamálalöggjöfina nr. 85 frá 1936 og geymir að vísu allmörg nýmæli, miðað við þá löggjöf, enda hefur verið stuðzt við reynslu af framkvæmd þeirra laga, en þau lög voru fyrsta heildarlöggjöfin um meðferð einkamála í héraði hér á landi. Áður var þetta í fjölmörgum lögum frá mismunandi timum og á víð og dreif, og var þess vegna sú heildarlöggjöf, sem sett var 1936, á sínum tíma til mikilla bóta og mikill lagabálkur.

Þegar frv. var lagt fram á Alþingi 1955, í Nd., fékk það ekki afgreiðslu, eins og kunnugt er, en allshn. Nd. sendi frv. hins vegar til umsagnar ýmissa aðila, og það eru fyrst og fremst þrír aðilar, sem um málið hafa fjallað síðan. Það var sent til umsagnar lagadeild háskólans, Félagi héraðsdómara og Lögmannafélagi Íslands. Lögmannafélagið hefur haft allveruleg afskipti af málinu, rætt það á fundum sínum oftar en einu sinni og skipað nefnd í málið til þess að athuga það, og eftir að nefnd Lögmannafélagsins hafði um það fjallað, var það rætt á fundum þar áfram. En er þetta skeði á árinu 1956, var það skoðun Lögmannafélagsins og þeirra, sem um það fjölluðu, að þeir teldu tæpast tímabært að fella úr gildi lögin frá 1936 og taka upp þessa nýju löggjöf, með þeim breytingum, sem í henni felast. Þessu frv., sem hér liggur fyrir, fylgja sem fylgiskjöl, til þess að þm. og n., sem um þetta fjallar, eigi auðveldara með að átta sig á málinu, þær tillögur, sem gerðar hafa verið um breytingar af Lögmannafélaginu, héraðsdómurunum og lagadeildinni, og svo loks álitsgerðir hæstaréttardómaranna um þessar brtt., sem fram hafa komið. Auk þess gera þeir svo nokkrar brtt. við frv., eins og það var 1955, miðað við breytta löggjöf á þessum tímum.

Það er ljóst, að það er allmikið verk fyrir þingnefnd að fara í gegnum þennan lagabálk. En það er á það að líta, að hann er nú búinn að eiga langan aðdraganda, sem sagt frá 1952, og hefur verið lagður fyrir þingið 1955, og síðan hafa þeir aðilar, sem ég gat um áðan, fjallað um málið og höfundar frv. upphaflega tjáð sig um þær brtt., sem fram hafa komið, þannig að þingnefndir geta nú gengið rakleitt að afgreiðslu málsins eða athugun þess, þar sem þessir aðilar hafa allir tjáð sig um málið og þeirra greinargerðir eða álitsgerðir liggja fyrir.

Ég vona þess vegna, að þegar á allt þetta er litið, muni auðnast að afgreiða þetta mál á þessu þingi. En mér þykir ekki ólíklegt, að það kynni að teljast hagræði í því, að nefndirnar, allshn. þessarar hv. deildar og Nd., sem málinu yrði væntanlega vísað til, hefðu þegar í upphafi samvinnu við athugun málsins, eins og oft tíðkast, og mundi, að ég hygg, vera vinnuhagræði í þessu sambandi. Að sjálfsögðu er það á valdi allshn. eða þeirrar nefndar þessarar hv. deildar, sem fær málið til meðferðar, að athuga það, en þó þykir mér rétt að benda á, að ég held, að það væru ekki óskynsamleg vinnubrögð. Að svo mæltu leyfi ég mér að leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr. og allshn.

Alfreð Gíslason læknir: Herra forseti. Það er aðeins eitt atriði í ræðu hæstv. ráðh., sem mig langaði til þess að vekja athygli á. Ég tók eftir, að hann sagði, að ýmsir hefðu tæpast talið tímabært árið 1955 eða 1956 að breyta löggjöfinni frá 1936, og mér skildist, að það hefði verið m. a. ástæðan fyrir því, að málið gekk ekki fram á þinginu 1955—56. Nú langaði mig til þess að spyrja hæstv. ráðh. að því, af því að hann er nú líka lögfróður maður, hvort það sé tímabærara nú að koma þessu máli í gegn og hvort sérstakar breytingar hafi á orðið, sem geri þann mun á, að það sé tímabært nú frekar en 1956, hvaða ástæður liggi þá til þess. Í þessum orðum mínum felst að sjálfsögðu engin gagnrýni, ég hef mjög lítið vit á þessu, en ég tel, að það væri ágætt að fá að heyra um það fyrir þá n., sem fær málið til meðferðar, hvort hér væri um að ræða einhverja veigamikla breytingu, sem hvetti til þess, að málið fengi afgreiðslu á þessu þingi.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Í sambandi við þessa athugasemd, sem fram hefur komið, er á það að líta, að ég gat þess áðan, enda kemur það fram í grg., að við meðferð málsins hjá Lögmannafélaginu hafi ekki verið álitið tímabært að fella úr gildi lögin þá. Nú

var það að vísu aðeins einn aðili, sem þar var um að ræða, en hins vegar mikilsverður aðili. En 1952 hefur það þótt tímabært, því að annars hefði ekki verið stofnað til þessarar heildarlöggjafar af þáv. dómsmrh. og í samráði við hæstaréttardómara að endurskoða löggjöfina frá 1936, miðað við þá reynslu, sem fengin var hjá okkur. Einnig er á það að líta, að hæstaréttardómararnir kynntu sér og gerðu mjög ýtarlega grein í frv. þá fyrir löggjöf annarra þjóða, einkum Norðurlandanna, á þessu sviði og þeim breytingum, sem á henni hefðu orðið og mættu teljast þess eðlis, að þær féllu vel inn í okkar löggjöf og gætu orðið til bóta.

Ég sá ekki ástæðu til þess hér að fara að víkja að þeim allmörgu nýmælum í þessu frv. Það er t. d., að um sáttanefndirnar og sáttameðferðina eru töluvert miklar grundvallarbreytingar í þessu efni. En það er hins vegar rétt, að af sumu í þeim tillögum, sem Lögmannafélagið hefur bent á, hefur verið höfð hliðsjón og tekið til athugunar, en annað ekki. Þetta gengur nokkuð vítt og breitt í gegnum frv., en kemur að vísu í ljós undir meðferð málsins, þegar menn við yfirlestur frv. geta borið saman hinar einstöku greinar eða till., sem fram hafa komið, og ég vona, að það sé í því formi, að þingnefndin eigi auðvelt með að átta sig á þeim breytingum, sem hér er um að ræða.

En aðalatriðið er þó, eins og ég sagði, að þótt komið hafi fram þetta sjónarmið hjá Lögmannafélaginu, þá er það ekki nema einn aðilinn að þessu. Héraðsdómararnir t. d. voru annarrar skoðunar í þessu efni, og það kemur ekkert í þá átt fram hjá lagadeildinni, og undir meðferð málsins er það greinilegt, að þeir hæstaréttardómarar, sem að þessu hafa unnið, og fyrrv. dómsmrh. hafa lagt á það mikla áherzlu að koma þessari löggjöf fram. En þetta er ekki svo að skilja, að hér sé um nýja löggjöf á þessu sviði að ræða, heldur er þetta endurskoðun, eins og ég sagði í upphafi, á heildarlöggjöfinni um meðferð einkamála í héraði frá 1936, svo það kann nú að vera, að það reynist í sjálfu sér kannske minni nýmæli en ég hef verið að gefa í skyn, þegar á allt er litið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

9. Skipulagslög.

Á 62. fundi í Ed., 12. marz, var útbýtt:

Frv. til skipulagslaga [173. mál] (stjfrv., A. 377).

Á 63. og 64. fundi í Ed., 13. og 15. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 65. fundi í Ed., 16. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Lög um skipulag bæja, sem nú gilda, eru að stofni til frá árinu 1921 og því orðin yfir 40 ára gömul. Það er því ekki að undra, þótt nokkur áhugi hafi vaknað fyrir því og það meira að segja fyrir mörgum árum, að endurskoða þyrfti þessi lög. Ástæðurnar til endurskoðunarinnar eru margar. Í fyrsta lagi þær, að þýttbýlismyndun í landinu hefur verið mjög ör á síðustu áratugum og ýmis vandkvæði komið fram í því sambandi, sem nauðsynlegt er að skipulagslögin taki til. Í öðru lagi hefur lóðagjald eða lóðaverð á þessum stöðum hækkað mjög verulega, og á það raunar alveg sérstaklega við um Reykjavík, þ. e. a. s. þann hluta lögsagnarumdæmisins, sem er í höndum einstakra manna. Það má í þriðja lagi nefna það, að með hinni mjög auknu bílaumferð og þá alveg sérstaklega í þéttbýlinu hafa skapazt vandamál, sem segja má að væru ekki til fyrir 40 árum, þegar lögin voru sett, og ekki heldur 1938, þegar sú eina endurbót á lögunum, sem teljandi er, var framkvæmd. En lögunum hefur verið lítils háttar breytt bæði 1926, 1932, 1938 og 1951. En af þeim er eiginlega breytingin 1938 sú eina, sem nemur nokkru, en þá var breytt samsetningu skipulagsnefndar, stofnað til möguleika til þess að fá sérstakan skipulagsstjóra og nokkur atriði fleiri tekin til meðferðar.

Síðan þetta gerðist, hefur, eins og menn vita, verið háð heil heimsstyrjöld og ýmislegt gerzt í okkar þjóðfélagi, sem kallar mjög á lagfæringu á þessum lögum. Það var gert tilhlaup til þessarar lagfæringar árin 1940 og 1948, raunar einnig 1958, og ýmislegt hefur verið gert til athugunar á þessu vandamáli. En frumvörp, sem um þetta hafa verið borin fram, hafa ekki náð fram að ganga. Það var þess vegna snemma árs 1960, að ég fól skipulagsnefnd ríkisins að endurskoða síðasta frv., sem hér var lagt fram áður á Alþingi, 1958, og leitast við að fá þannig frá frv. gengið, að líkur væru til, að það gæti náð fram að ganga. Það, sem sérstaklega var til hindrunar því, að málið næði að ganga fram 1958, skilst mér að hafi verið það, að þar var gert ráð fyrir verðhækkunarskatti allmiklum, sem bera átti uppi kostnað við skipulagsbreytingar, sem gerðar kynnu að vera eða skipulagsuppdrættir gerðu ráð fyrir. Um þetta atriði náðist ekki samkomulag, og var þess vegna tekinn upp sá háttur af nefndinni, sem nú endurskoðaði lögin, að skilja þessi tvö vandamál að, taka breytingarnar á skipulagslögunum út af fyrir sig og svo aftur fjáröflunina til þeirra út af fyrir sig síðar, þannig að vera mætti, að takast mætti á þennan hátt að koma fram öðru atriðinu, þó að hitt leysist ekki með alveg jafnmiklum hraða.

Skipulagsnefnd hefur nú í tvö ár haft þetta mál til meðferðar og fengið sér til aðstoðar Pál Líndal lögfræðing, sem hefur fært frv. í form og unnið að samningu þess með skipulagsnefndinni. Þá hafa einnig verið fengnir til sérfræðingar, bæði innlendir og erlendir, til þess að vera með í ákvörðun ýmissa sérstakra atriða í frv.

Ég held, að ég þurfi svo ekki að taka fram fleira um sjálfan aðdraganda málsins, en skal þess í stað fara í gegnum frv. og rétt minnast á einstakar greinar þess.

I. kafli frv. fjallar um stjórn skipulagsmála. Ég skal rétt aðeins geta þess, áður en ég fer út í einstakar greinar frv., að frv. er flutt nákvæmlega óbreytt eins og nefndin skildi við það og skilaði því í hendur ríkisstj. Ríkisstj. hefur ekki tekið afstöðu til einstakra atriða í frv., en vill eiga möguleika til að ræða þau og e. t. v. breyta nokkuð frá því, sem nefndin hefur lagt fram. Ég tek þetta fram að gefnu tilefni, því að það eru strax hér á eftir nokkur atriði, sem frá minu sjónarmiði geta orkað tvímælis.

I. kafli frv. er, eins og ég sagði, um stjórn skipulagsmála. Þar er strax um eina breytingu að ræða, þar sem gert er ráð fyrir, að fjölgað verði í skipulagsnefndinni um tvo menn og breytt nafni á henni, þannig að hún verði kölluð skipulagsstjórn, til aðgreiningar frá öðrum skipulagsnefndum, sem gert er ráð fyrir að stofna annars staðar. Þessir tveir nýju menn, sem bætt er í skipulagsstjórnina, eru báðir tilnefndir af ráðherra, annar samkv. tilnefningu Sambands ísl. sveitarfélaga, en hinn án tilnefningar. Þetta mun vera gert til þess, að nánara samstarf og nánari tengsl fáist á milli sveitarstjórnanna, skipulagsstjórnar og ráðuneytisins, en það eru þessir þrír aðilar, sem um málið eiga að fjalla. Í síðari hluta 1. gr. er svo verkefni skipulagsstjórnarinnar nánar skilgreint. Það er að ganga frá skipulagsuppdráttum, er berast til staðfestingar, og eiga frumkvæði að skipulagningu og endurskipulagningu, þar sem hún telur þess þörf. Í 2. gr. er svo gert ráð fyrir, og það er nýmæli, að sett séu á laggirnar sérstök skipulagsumdæmi, þar sem talin er þörf fyrir slíkt, og að þessi skipulagsumdæmi falli alveg saman við kjördæmi til Alþingis, þannig að það verði átta skipulagssvæði eða skipulagsumdæmi, sem stofnað verði til á þennan hátt, og eins og í 3. gr. segir, að í hverju skipulagsumdæmi, sem þannig er stofnað til, verði skipulagsnefnd, sem skipuð verði 7 mönnum. Ég fyrir mitt leyti vil hafa allan fyrirvara um þessa aðferð, því að mér finnst, að það gæti a. m. k. orðið svo, að hún yrði nokkuð þung í vöfunum. Aðferðin áður hefur verið sú, að það hefur verið stofnað til skipulagsnefnda í ýmsum kauptúnum og þéttbýli, en ekki verið farið út í svona víðtæk skipulagssvæði eins og hér er gert. Síðan er gert ráð fyrir því í 4. gr., að ef talið er nauðsynlegt að taka fyrir sameiginlega hluta af þessum skipulagssvæðum, þá verði samvinnunefndir hafðar til þess að ráða fram úr því. Þá er í 5. gr. gert ráð fyrir vali skipulagsstjóra og því verkefni, sem honum er ætlað, þ. e. a. s. fyrst og fremst að sjá um mælingar og gerð skipulagsuppdrátta, þar sem ekki eru starfandi sérstakar skipulagsnefndir fyrir, sem annast þessi störf. Síðan skal skipulagsstjóri hafa umsjón með því, að hvarvetna sé farið eftir gildandi skipulagi. Hann skal fylgjast með störfum skipulagsnefnda og byggingarnefnda, og skipulagsstjóri skal sitja alla fundi skipulagsstjórnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt. Sem sagt, hann er framkvæmdastjóri skipulagsstjórnar.

Í II. kafla er svo kveðið á um skipulagsskyldu og eftirlit með framkvæmd hennar. Þar er sú breyting frá núgildandi lögum, að það er gert ráð fyrir, að allir staðir, sem hafa 100 íbúa eða fleiri, skuli nú skipulagsskyldir, en áður var þessi tala 200. Enn fremur er í greininni gert ráð fyrir því, að möguleiki sé til að taka fleiri staði til skipulagningar, þar sem sérstaklega stendur á, eins og t. d. hverfi, sem myndast í kringum ákveðna starfsemi, eins og jarðhitasvæði, orkuver, skólasetur, flugvelli eða annað slíkt, og meiningin, að þeir gætu orðið skipulagsskyldir eins og þeir staðir, sem hafa yfir 100 íbúa. Síðan er gert ráð fyrir því, að það sé haft mjög grannt eftirlit með því, að farið sé eftir skipulagsuppdráttunum og þeim fylgt að öllu leyti, og hvað gera skuli, ef út af er brugðið.

Þá er III. kafli um mælingu skipulagsskyldra staða. Þar er líka nýmæli frá því, sem er í gildandi lögum, þar sem í 11. gr. er gert ráð fyrir, að aðeins verði mælt það svæði, sem talið er að muni fullnægja eðlilegum vexti byggðarinnar næstu 25 ár, en var í eldri lögum 50 ár, sem náttúrlega er að heita má út í hött, þar sem enginn maður mennskur virðist geta séð svo langt fram í tímann og breytingarnar nú gerast svo fljótt, að það að binda sig við 25 ár er sjálfsagt miklu meira en nóg.

Þá er IV. kafli um gerð skipulagsuppdrátta, hvernig þeir skuli gerðir úr garði. Það eru ekki tekin upp í þetta frv. eins ýtarleg ákvæði og voru í gömlu lögunum um gerð uppdráttanna, heldur gert ráð fyrir, að það verði gert í reglugerð, sem síðar verði um þetta efni sett. Þá eru í 20. og 21. gr. ákvæði um, hvernig með þessa skipulagsuppdrætti skuli fara, þegar skipulagsstjórn hefur gengið frá þeim, hvaða frestir skuli gefnir sveitarstjórnum til umsagnar o. s. frv. og hvernig með skuli fara, ef athugasemdir sveitarstjórnarinnar verða svo miklar, að orkað geti tvímælis, hvort uppdrátturinn skuli lagður fram.

Nokkurt áframhald af þessu kemur svo fram í V. kafla, þar sem kveðið er á um framlagningu skipulagstillagna og samþykkt þeirra og staðfestingu og hvernig með skuli fara athugasemdir, sem frá sveitarstjórnunum og almenningi alveg sérstaklega koma.

Þá er VI. kafli alveg nýmæli. Þar er gert ráð fyrir því, að verði endurbyggður einhver byggingarreitur eða gamalt og úrelt skipulag verði numið úr gildi og nýjar byggingar upp teknar á svæðinu, gangist sveitarstjórnin fyrir félagsmyndun þeirra, sem lóðarréttindi eiga á svæðinu, og þeir komi sér síðan saman um, hvernig byggt skuli upp.

Þá er VII. kafli um forkaupsrétt, eignarnám og skaðabætur og VIII. kafli um lóðaskrá, sem gert er ráð fyrir að stofna til á skipulagsskyldum stöðum, og IX. kafli um greiðslu kostnaðar við skipulagið, þar sem yfirleitt er gert ráð fyrir, að mælingar og skipulagsuppdrættir séu kostaðir að hálfu leyti af sveitarsjóðunum og að hálfu leyti af skipulagsstjórn eða ríkissjóði. En til þess að fá tekjur á móti handa ríkissjóði er gert ráð fyrir, að heimilt sé að leggja 3% gjald á brunabótaverð hverrar nýbyggingar, sem reist er á skipulagsskyldum stað, og fellur það gjald í

gjalddaga, þegar brunabótavirðing hefur farið fram, og rennur til þessarar starfsemi.

Ýmislegt fleira mætti sjálfsagt taka upp og undirstrika, en það er mjög ýtarlega gerð grein fyrir öllu í grg. þessa frv., svo að ég sé ekki ástæðu til þess. En ég skal taka fram að lokum, að mér er ekki, eins og við önnur frumvörp, sem ég hef borið fram, sérstakt áhugamál, að þetta frv. verði samþykkt á þessu þingi. Ég hef miklu frekar borið það fram til þess, að hv. alþm. gæfist kostur á að sjá það og sveitarstjórnir landsins og skipulagsskyldir staðir fengju tækifæri til þess að athuga það og gera um það sínar athugasemdir, áður en það verður samþ. á Alþingi. Ég held, að þetta sé skynsamlegur háttur á meðferð málsins, og vænti þess, að hv. þdm. geti verið mér sammála um það. Eigi að síður vildi ég mega leggja til, að þessu frv. yrði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 12 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

10. Síldarútvegsnefnd. (frv. EystJ og HÁ).

Á 1. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 74 29. des. 1934, um síldarútvegsnefnd, útflutning á síld, hagnýtingu markaða o. fl. [19. mál] (þmfrv., A. 19).

Á 9. fundi í Nd., 30 okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Eysteinn Jónsson): Forseti. Við höfum leyft okkur tveir hv. þm. að flytja þetta frv. um breyt. á l. um síldarútvegsnefnd, útflutning á síld, hagnýtingu markaða o. fl.

Við teljum engan vafa á því, flm., að löggjöfin, sem sett var um síldarverkun og síldarsölu 1934, hafi gert stórfellt gagn, komið að mjög miklu liði og bjargað feiknamiklum verðmætum. Og raunar má kveða svo rammt að þessu, að síldarsöltun, sem áður var afar ótryggur atvinnuvegur, þannig að menn þorðu orðið varla nærri að koma, má nú teljast með hinum þýðingarmestu atvinnugreinum landsmanna og ekkert óvissari en margar aðrar. En það kom hér til, að þegar vel veiddist, var svo mikið saltað, að menn buðu niður verðið hver í kapp við annan, verðið féll og menn urðu fyrir stórtjóni. Á hinn bóginn fór auðvitað líka illa, ef mjög lítið veiddist. Nærri stappaði, að illa færi, hvernig sem gekk. Á þessu var bót ráðin með því, að ekki mætti salta meira af síld en síldarútvegsnefnd leyfði, og loks var þar við bætt, að síldarútvegsnefnd skyldi einnig annast um sölu á allri síldinni. Þó er að vísu hægt að hafa það öðruvísi samkvæmt lögunum. En það hefur aldrei orðið öðruvísi í framkvæmd en þannig, að síldarútvegsnefnd hefur fengið einkasölu á allri síld. Með þessu móti bjargaðist mikið, og það sköpuðust nokkuð öruggir markaðir fyrir helztu tegundir síldar, sem flutt hefur verið út í tunnum.

Á hinn bóginn held ég, að engum geti dulizt það, sem setur sig inn í þessi mál, að því fer alls fjarri, að ástandið í þeim sé eins og það þyrfti að vera. Það kemur nefnilega í ljós, að með þessu móti verður framleiðslan mjög einhæf og allt verður þetta reyrt í mjög rammar skorður, sem mörgu hafa bjargað, en eru líka á margan hátt háskalegar, þegar til lengdar lætur.

Og það er okkar skoðun, að nú væri rétt að breyta til í þessu efni, þó ekki þannig að afnema eftirlitið með framleiðslu á helztu gamalreyndum tegundum síldar, þ. e. a. s. stórsíld saltaðri í tunnur. Það er ekki okkar uppástunga, að þar verði afnumið eftirlitið með eða breytt til um sölufyrirkomulag á þeirri síld að svo stöddu að minnsta kosti. En við stingum upp á, að nú verði verkun á allri annarri síld gefin frjáls og líka sala út úr landinu, og rök okkar fyrir þessu eru í stuttu máli þau, sem ég skal greina.

Það þarf ekki lengi að kynnast síldarneyzlu og meðferð og verkun á síld í öðrum löndum til að sjá, hve þar er um geysilega margbrotna vöru að ræða, margar tegundir síldar og óendanlega fjölbreytni í verkun og pakkningu og öllu slíku. Ef við svo berum alla þessa feiknarlegu fjölbreytni saman við síldarútflutning okkar, þá fer manni ekki að standa á sama og fer að leita að ástæðunni fyrir því, að svona sárafáar tegundir af síld, svona einhæf vara er boðin héðan. Hvers vegna er síldin t. d. ekki tekin hér og flökuð og skorin niður með ýmsu móti og pökkuð með öllu mögulegu móti, eins og gert er erlendis? Hvers vegna er t. d. ekki alveg eins hægt að taka hér síld úr tunnum og pakka hana í neytendapakkningar með margvíslegu móti eins og slíkt er gert erlendis við þessa sömu síld? En komi menn á slíkar stöðvar erlendis, þá sjá menn, að þar eru smáfyrirtæki, sem kaupa síld í tunnum og afhenda hana síðan aftur í margvíslegum neytendapakkningum og það þótt ekki sé um niðursuðu eða niðurlagningu að ræða, hagræða síldinni með ýmsu móti til sölu á viðeigandi markaði. Hvers vegna er þetta ekki gert á Íslandi?

Ef maður svo gengur um söltunarstöðvarnar og talar við þá menn, sem hafa haft og hafa þessi mál með höndum, rekið síldarsöltun árum saman og áratugum saman, og spyr þá: Hvers vegna gerið þið ekki þetta, hvers vegna seljið þið bara saltsíld í tunnum? — þá segja þeir yfir höfuð: Það er af því, að við höfum ekki leyfi til að reyna fyrir okkur með sölu út úr landinu á nokkurri síld. Þó að við kynnum að vilja verka síld og pakka með öðru móti, þá megum við ekki reyna fyrir okkur með að selja hana, megum ekki afla okkur sjálfir sambanda fyrir þessa vöru erlendis. — Og þó að þeir vilji ekkert ljótt segja um síldarútvegsnefnd, a. m. k. sumir, þá segja þeir sem svo: Það er ekki von, að fáir starfsmenn á vegum síldarútvegsnefndar

geti fylgzt með öllum möguleikum, sem kunna að vera til í heiminum á því að selja mismunandi tegundir af síld í mismunandi pakkningum. — Þeir segja: Hvernig geta fáir menn, hversu vel færir sem þeir eru og hversu sem þeir vildu leggja sig í líma, hvernig er hugsanlegt, að þeir geti fundið alla möguleika, sem eru á því að pakka og verka og selja síld? — Maður hlýtur að fallast á slíkt.

Og þá beinist hugurinn að því, hvernig væri hægt að fá fleiri áhugamenn í þetta. Við flm. sjáum ekki, að það muni vera hægt með öðru móti en því að losa þarna um og vita, hvort þá losni ekki úr læðingi ný öfl, hvort síldarverkunarstöðvarnar fara þá ekki að leggja fyrir sig að pakka síldinni með margvíslegu nýju móti og leita sér sambanda fyrir þá vöru erlendis, hvort þá bregði ekki þannig við, að fjöldi Íslendinga fari að kynna sér neyzluvenjur, óskir neytenda í öðrum löndum um þessa vöru, sem óhugsandi er, að fáir menn geti annazt, því að hér er um svo margbreytilega vöru að ræða.

Að vel athuguðu máli er það okkar till., að breytt verði síldarútvegsnefndarlögunum eins og hér er gert ráð fyrir: að gefa frjálsa verkun og sölu á annarri síld en stórsíld í tunnum.

Nú eru dálítil vandkvæði á því að draga þarna línuna varðandi það, hvað skuli teljast stórsíld í þessu sambandi. Við settum þess vegna það ákvæði inn í frv., a. m. k. til að byrja með, — það má þá athuga það nánar í nefnd, — að ráðh. væri ætlað að ákveða með reglugerð eða auglýsingu, hvar þessi mörk skuli liggja. Þetta er dálítið vandasamt. Ég hef talað um þetta við fjöldamarga menn, sem fást við síldarsöltun, og síldarmatsmenn og fleiri, og að athuguðu máli komumst við flm. að þeirri niðurstöðu, að hyggilegast væri í bili a. m. k. að ganga þannig frá þessu. Með því að hafa kunnuga menn sér við hlið á að vera hægt að draga þarna sæmilega glögga línu.

Nú telja kannske sumir óeðlilegt að gefa þetta frjálst. Við færum þessi rök, sem ég hef greint, og þau, sem er að finna í grg., fyrir okkar skoðun í því efni. Við teljum tímabært að gera þetta og það sé mikil nauðsyn að ræsa þannig fram í þessum málum og sjá, hvað gerist, hvort ekki er hugsanlegt, að þessi mál leysist þá eitthvað úr læðingi. Sumir segja kannske, að við hefðum átt að ganga lengra og leggja til að gefa alveg frjálsa síldarverzlunina. Það höfum við ekki viljað gera, vegna þess að það er okkar skoðun, að allvel hafi gefizt að hafa takmörkun og einkasölu á þeim þekktu síldartegundum, sem seldar eru í stórsölum. Þar er selt í stórum samningum og stórsölum. Það væri glannaskapur að okkar viti að slá öllu lausu. Hitt er að okkar dómi nálægt hyggilegri millileið, að halda í skipulagið, sem verið hefur, varðandi þessa síld og þessa aðalverkunaraðferð, en gefa hitt frjálst, í þeirri von, að það verði þá farið að framleiða fjölbreyttari vöru.

Ef við athugum, að síldin er þannig verkuð hjá okkur, að tekið er á móti henni og hún er sorteruð í blóðspreng í síldarhrotunum upp á akkorð, þá sjáum við, að það vantar auðvitað alla nákvæmni í meðferð á vörunni, og það þótt sumt af henni sé tekið upp úr tunnunum aftur og kastað úr. Auðvitað þyrfti að vera hægt að hagræða síldinni í pakkningar í ró og næði á síldarstöðvunum utan aðalannatímans. Það hafa ýmsir verið að gera tilraunir með að salta síld holt og bolt í pækil og taka hana síðan upp að haustinu, þegar minna er um að vera, og sortera hana. Ég er ekki í vafa um, að þetta mundi stóraukast, ef menn fengju frjálsari hendur til þess að finna sér markaði fyrir síld, sem pökkuð væri á annan hátt en söltuð í tunnur með gamla laginu.

Ég mun ekki hafa um þetta fleiri orð. En okkur flm. finnst, að hér gæti verið um allmikið mál að ræða.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til sjútvn. með 29 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

11. Efnahagsmál.

Á 2. fundi í Sþ., 12. okt., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 4 20. febr. 1960, um efnahagsmál [20. mál] (þmfrv., A. 20).

Á 9., 12., 13., 14., 15. og 16. fundi í Nd., 30. okt., 3., 6., 7., 9. og 10. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 17. fundi í Nd., 13. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Eysteinn Jónsson): Hæstv. forseti. Efni þessa frv. er í raun og veru tvíþætt. Það er annars vegar að lækka vexti í það, sem þeir voru, áður en ríkisstj. setti efnahagslöggjöfina í byrjun árs 1960, á hinn bóginn að láta sparifé landsins vera í umferð, í stað þess að loka það að verulegu leyti inni og frysta í bankakerfinu.

Eins og hv. þm. vita mjög vel, voru þessir tveir höfuðþættir ofnir í samdráttarkeðjuna: annars vegar að setja á okurvexti og á hinn bóginn byrja að draga inn í Seðlabankann hluta af því, sem landsmenn lögðu fyrir í sparisjóðum og innlánsdeildum samvinnufélaga, og frysta það þar inni og koma í veg fyrir, að það fé gæti notazt til útlána. Þessar ráðstafanir hafa að dómi okkar flutningsmanna þessa frv. reynzt mjög óheppilegar og gert mikið tjón, verkað í þá átt að draga úr framleiðslunni stórkostlega og þjóðartekjunum þann tíma, sem þær hafa verið í framkvæmd. Vextir þeir, sem framleiðslan hér þarf við að búa, eru hærri en í flestum öðrum löndum og miklu hærri en keppinautar útflytjendanna hér eiga við að búa í sínum löndum. Það má nærri geta, hvaða áhrif þetta hefur á útflutningsframleiðsluna hjá okkur.

Það kveður svo rammt að þessu vaxtaokri hér, að jafnvel eftir lækkunina, sem ríkisstj. neyddist til að framkvæma í byrjun árs 1961

vegna þess, hvað gagnrýnin var sterk og áhrifin háskaleg, að jafnvel eftir þessa lækkun meta sölusamtök hraðfrystihúsanna í sínum rekstraráætlunum eða verðmyndunaráætlunum, að vaxtakostnaðurinn hjá húsunum sé 40—45% af vinnulaununum. Þetta er niðurstaðan af þeim verðreikningum, sem ég hef haft með höndum frá þessum samtökum.

Á þessu sjáum við, hvernig þetta vaxtaokur leikur útflutningsframleiðsluna og hvaða áhrif þetta hlýtur að hafa á fiskverðið og rekstur sjávarútvegsins. Að vísu kemur vaxtabyrðin í sjávarútveginum mjög fram hjá vinnslustöðvunum, vegna þess að bátar selja yfirleitt fiskvinnslustöðvunum fiskinn strax upp úr sjónum. En þetta er eigi að síður nokkuð glöggt dæmi og sést, í hvert öngþveiti þessum málum er stýrt með þessu móti.

Talsvert mikið af því lánsfé, sem er í sjávarútveginum og landbúnaðinum, er frá Seðlabankanum komið með endurkaupum á víxlum frá þessum atvinnugreinum, endurkaupum, sem Seðlabankinn hefur með höndum. Og það var siðvenja hér áður, að Seðlabankinn tók ekki nema 5—5½% í vexti af þessum endurkaupavíxlum. En þeir, sem stóðu fyrir viðreisninni, skelltu þessum vöxtum upp í 9—9½%, en neyddust raunar síðar, eftir tæpt ár, til að lækka þá ofan í 7—7½%, sem þeir eru núna. Hér er um hreina skattlagningu á útflutningsatvinnuvegina að ræða, alveg hreina skattlagningu að ræða, því að þetta fjármagn, sem Seðlabankinn setur í umferð með þessu móti, kostar bankann vitaskuld sáralítið. Hér er því um hreina skattlagningu að ræða á þessa starfsemi, sem mái er að linni. Virðist vera alveg nægilegt, að framleiðslan greiði fyrir þessi lán 5—5½%, eins og var áður.

Þá voru vextir hækkaðir mjög á útlánum viðskiptastofnana og innlánsvextir um leið. Það var sagt, að þetta ætti að þjóna tvenns konar tilgangi: draga úr útlánum, draga úr eftirspurn eftir lánum og vera til hagsbóta fyrir sparifjáreigendur. En hvorugt hefur orðið. Eftirspurn eftir útlánum hefur vafalaust verið meiri en nokkru sinni fyrr, síðan þetta nýja kerfi var sett á fót, að ekki sé meira sagt, a. m. k. ekki minni. Og það er af því, hvernig þjarmað hefur verið að atvinnurekstrinum og mönnum yfir höfuð. Menn hafa verið að reyna í ofboði að útvega sér lán til þess að komast hjá því að missa eignir sínar og að rekstur þeirra strandaði.

Varðandi hagsbætur sparifjáreigenda af hinum hækkuðu vöxtum og þeirri pólitík er það að segja, að pólitík hinna háu vaxta hefur m. a. orðið til þess að skrúfa upp dýrtíðina í landinu, og hefur endahnúturinn verið rekinn á þessa pólitík með því að fella gengi peninganna í annað sinn á 16 mánuðum. Ekki aðeins allur ávinningur, sem sparifjáreigendur gátu hugsað sér af þessari stefnu, hefur orðið að engu, heldur hefur þessi stefna leitt til stórfelldara tjóns fyrir sparifjáreigendur en nokkurn gat órað fyrir að kæmi til mála, þegar á þessu var byrjað. Þetta hefur farið verr en menn vildu spá fyrir fram. Það er ekkert vafamál, að fyrir sparifjáreigendur mundi borga sig miklu betur, að það yrði tekin upp sú pólitík að reyna með öllu hugsanlegu móti að halda jafnvægi í verðlagsmálunum með því að ýta undir aukningu framleiðslunnar, fyrst og fremst með hóflegri vaxtapólitík. En þessi okurvaxtastefna með öðru fleira verður til þess að draga úr framleiðslunni og þar með ýta undir dýrtíðaraukningu og gengislækkanir, sem engum verða að jafnmiklu tjóni og sparifjáreigendum.

Ríkisstj. mun að vísu hafa séð missmíði á þessari vaxtapólitík og slakaði þess vegna til í ársbyrjun 1961. Það var látið heita svo, að það væri gert vegna þess, að eitthvað hefði lagazt, þannig að það væri fremur hægt að koma því við en hefði verið áður. En það var auðvitað ekkert nema fyrirsláttur, því að allt stóð þá verr en nokkru sinni fyrr. En lækkun vaxtanna þá kom aðeins vegna þess, að ríkisstj. sá, að hún hefði gert herfilega vitleysu með því að taka upp þessa okurvaxtapólitík, enn fremur vegna þess, að andúð manna í landinu var mjög sterk gegn þessu og augljóst það tjón, sem bæði framleiðendur og almenningur urðu fyrir vegna þessarar stefnu.

Ég hef nú rætt hér um áhrif þessarar stefnu á framleiðsluna í landinu. En það mætti einnig margt um það segja, hvernig þessi okurvaxtapólitík kemur út fyrir almenning, eins og t. d. þá, sem þurfa að byggja sér þak yfir höfuðið og gera aðrar framkvæmdir. Hvaða vitglóra er í því, eins og upphaflega var til ætlazt, að þetta fólk borgaði 11—12% vexti af almennum, venjulegum lánum? Þá er einnig þess að geta, að þegar okurvaxtapólitíkin var tekin upp, var breytt öllum lánskjörum hjá stofnlánasjóðum, bæði fyrir sjávarútveginn og landbúnaðinn, stórhækkaðir vextirnir og stytt lánin um leið. Þannig var allt gert til þess að setja fótinn fyrir, að þar gæti haldið áfram jafnör uppbygging og verið hafði. Þetta á eftir að koma mönnum stórkostlega í koll, áður en langt um líður, að þannig hefur með þessari nýju lána- og vaxtapólitík verið settur fóturinn fyrir eðlilega uppbyggingu, bæði í landbúnaði og sjávarútvegi, iðnaði og öðrum greinum. En í þessu frv. er það einn liðurinn að færa vextina og lánstímann í fjárfestingarlánasjóðum landsmanna yfir höfuð í sama horf og þeir voru áður.

Ég ætla, að menn hljóti að vera búnir að fá reynslu fyrir því, að engin íslenzk framleiðsla getur í raun og veru borið þessa okurvexti og að það muni vera öllum fyrir beztu að breyta um stefnu í því efni.

Þegar hin nýja efnahagspólitík var tekin upp, var það einn liðurinn, eins og ég gat um í upphafi þessara orða, að láta Seðlabankann draga inn til sín hluta af sparifjáraukningunni og einnig hluta af því, sem safnaðist í innlánsdeildir kaupfélaga. Það var sagt, að þetta ætti að gera til þess að draga úr verðbólguþróuninni. Fram að þeim tíma höfðu víst allir verið sammála um, að það væri mjög þýðingarmikið fyrir þjóðarbúskapinn, að sparifé væri í umferð. Menn höfðu mjög mikið talað um það og gert sér grein fyrir því, að það safnaðist lítið sparifé í landinu, það þyrfti að vaxa, ekki til þess að það væri lokað inni og lagt dautt í efnahagskerfinu, heldur til þess að hægt væri að lána sparifé út aftur og láta það vera í umferð í framleiðslu og framkvæmdum. En það virðist vera eitt trúar-

atriði þeirra, sem standa fyrir þessari stefnu, að það sé verðbólguaukandi og þjóðhættulegt, að sparifé fái þannig að vera í umferð. Og þeir tala um útlán á sparifénu aftur til fyrirtækja og einstaklinga eins og þar væri að ræða um ábyrgðarlausa lánapólitík, eins og verið væri að búa til peninga, sem mundu valda því, að allur þjóðarbúskapurinn færi úr skorðum og afkoma landsins út á við yrði með öllu óbærileg.

Þetta eru harla nýstárlegar kenningar og furðulegar og eiga auðvitað ekkert skylt við veruleikann, því að vafalaust er það eitt undirstöðuatriði í þjóðfélagi, þar sem ónunin verkefni bíða alls staðar og alls staðar er fólk, sem vill ráðast í nýjar arðgæfar framkvæmdir, — í slíku þjóðfélagi er það undirstöðuatriði, til þess að framleiðslulífið geti gengið með eðlilegu fjöri, að það fjármagn, sem safnast á heilbrigðan hátt í sparifjáraukningu og lagt er fyrir í landinu, sé haft í umferð, lánað út þeim, sem vilja standa fyrir framkvæmdum og framleiðslu. Þetta er hvorki meira né minna en lífsskilyrði og ein helzta undirstaða þess, að íslenzkt þjóðfélag geti orðið byggt upp með hæfilegum krafti.

Við leggjum því til, að heimildin til þess að draga sparifé inn í Seðlabankann og frysta það þar inni sé gersamlega numin úr lögum, því að hún hefur verið misnotuð á herfilegan hátt nú undanfarin misseri. Í júnímánuði í vor fékk ég upplýsingar um þessi mál, og þá mun hafa verið búið að frysta inni um 150 millj. kr. af sparifénu í Seðlabankanum. Og þar að auki höfðu bankarnir, það sem kallað er, bætt aðstöðu *sína eitthvað* við Seðlabankann. Því fór því alls fjarri, að þetta fjármagn hefði farið til útlána. Það hafði verið dregið inn gersamlega og lagt dautt og meira til, því að aðstaða lánsstofnana hafði þar að auki batnað gagnvart Seðlabankanum.

Til viðbótar þeim lánasamdrætti, sem felst í þeirri nýstárlegu pólitík að loka sparifé inni og leggja það dautt í kerfið, var fundin upp sú aðferð að lána minna út á afurðir landsmanna í rekstrarlán en áður hafði verið gert. Þetta var framkvæmt þannig, að þrátt fyrir gengislækkunina fyrri og mikla verðhækkun á útflutningsvörum, sem af henni hlaut að stafa, var tekin upp sú stefna að lána sömu krónutölu út á *magn afurðanna og áður*. Því var slegið föstu, að það hefðu verið verðbólguútlán að lána út á afurðirnar eins og gert hafði verið, og byrjað að draga inn á þennan hátt.

Þar að auki var svo ákveðið, sem sérstakt vinarbragð í garð landbúnaðarins, að ekki mætti hækka í krónutölu í Seðlabankanum, sem er nú eins konar afgreiðsluskrifstofa fyrir stjórnarráðið, sú fjárhæð, sem lánuð væri samanlagt út á landbúnaðarafurðir, hversu mikið sem landbúnaðarframleiðslan ykist. Þetta var vinakveðja aukalega til landbúnaðarins frá ríkisstj. og sýnir ofur lítið, hvernig ríkisstj. metur landbúnaðinn sem þátt í efnahags- og framleiðslulífinu, og sýnir líka áhugann á því, — eða hitt þó heldur, — að *landbúnaðarframleiðslan vaxi*. Það var sem sé sérstaklega ákveðið, að það mætti ekki lána einni krónu meira í heild út á landbúnaðarafurðir en áður þrátt fyrir hinar gífurlegu verðhækkanir og hversu mikil sem aukningin á landbúnaðarframleiðslunni kynni að verða. Það skyldi undir öllum kringumstæðum vera slegið þar slagbrandi kirfilega fyrir. Slík óhæfa yrði ekki studd af bankakerfinu, að landbúnaðarframleiðslan ykist.

Þessi samdráttur, sem á þennan hátt var innleiddur í lánakerfinu, með því að minnka þannig raunverulega stórkostlega lánin út á afurðirnar, nemur stórfé til viðbótar því sparifé, sem beinlínis er lokað inni. Lánasamdrátturinn í heild nemur því mörg hundruð millj. kr., enda afleiðingarnar af honum þannig fyrir framleiðsluna og fyrirtækin mörg í landinu, að þau hafa orðið fyrir stórtjóni og miklu framleiðslutapi vegna þessa fruntalega samdráttar, sem framkvæmdur hefur verið á þessa lund í bankakerfinu.

Ég veit ekki, hve mikið hefur bætzt við hið dauðadæmda sparifé síðan í maí eða júní s. l. vor, en ég efast ekki um, að það hefur drjúgum bætzt við það síðan. Og í hvert skipti, sem út kemur hefti af tíðindum Seðlabankans, þar sem skrifar einn aðalráðunautur ríkisstj. um þessi mál, er verið að gorta af því, að alltaf gangi betur og betur að draga saman lánastarfsemina og loka inni sparifé. Er það talinn alveg sérstakur vottur um, hvað allt sé heilbrigt og á góðri leið.

Þessar aðfarir eru viðhafðar til þess að skapa lánsfjárskort, — ég segi: beinlínis skapa, því að ég sé ekki, að hægt sé með nokkrum skynsamlegum rökum að halda því fram, að það séu verðbólguútlán að lána út það, sem lagt er inn í bankana. Jafnhliða því, sem svona er unnið að samdrættinum, er mönnum svo daglega, eins og gefur að skilja, bæði þeim, sem hafa framleiðslu með höndum, reyna að koma sér upp íbúðum t. d. eða bara reyna að bjarga sér einhvern veginn undan dýrtíðarófreskjunni og hagræða málum sínum, neitað um lán og sagt, að peningarnir séu ekki til. Það er sagt, að peningarnir séu ekki til, eftir að búið er að gera þessar ráðstafanir, sem ég hef verið að lýsa. Menn fá þessi svör: Það sé því miður ekki hægt, peningarnir séu ekki til.

Og hvers vegna eru svo öll þessi ósköp gerð? Jú, það er sagt, að þetta sé gert til þess að styrkja gjaldeyrisstöðuna, því að þessi samdráttur verði að koma. Hann hjálpi til að minnka kaupgetuna og draga úr fjárfestingunni. Þess vegna sé verið að reka þessa pólitík, dæma verulegan hluta af sparnaðinum til dauða. Það verði að reka þessa pólitík til að bjarga gjaldeyrisstöðunni út á við.

En það hefur víst aldrei hvarflað að þeim mönnum, sem fyrir þessu standa, að þessar ráðstafanir allar bljóta að draga stórkostlega úr framleiðslunni. Mönnum er alveg unnvörpum neitað um lán til þess að innleiða ýmsar tækninýjungar, sem mundu kasta af sér með aukinni framleiðni og auknum tekjum á stuttum tíma margföldu því fé, sem væri látið út úr hinum dauðu sjóðum til þess að koma þeim á. Mönnum er neitað um nýtízkutæki til þess að bæta aðstöðu sína á síldveiðum og í iðnaði. Og þannig mætti endalaust telja, hvernig þessi pólitík, sem á að vera, að því er sagt er, til þess að styrkja stöðu landsins út á við, — hvernig hún grefur

undan eðlilegum framförum og skrúfar landið og þjóðina niður, í stað þess, að ef skynsamlega væri á þessum málum haldið, án þess að út í nokkurn glannaskap væri farið, — ég er ekki að mæla með því, að það sé farið út í neinn glannaskap í útlánapólitíkinni eða lána út peningamagn, sem ekkert er á bak við, ég hef aldrei verið talsmaður þess, — ef skynsamlega væri að farið og sá sparnaður, sem raunverulega verður með þjóðinni, væri hyggilega notaður til þess að ýta undir aukna framleiðni og aukna framleiðslu og aukið eðlilegt starf til þess að auka tekjurnar, þá mætti búast við miklu betri árangri í heild í þjóðarbúskapnum.

Tökum dæmi um heimili, sem væri í vanda með að ráða fram úr vandamálum sínum. Auðvitað væri um tvennt að velja, ef það hefði dálitil peningaráð. Önnur aðferðin væri sú að nota þetta fé til að kaupa aukinn bústofn eða kaupa bát eða kaupa ný tæki á bát eða ný tæki til iðnaðar, sem allt væri til að auka framleiðsluna. Hin aðferðin væri sú að leggja þessa peninga í frystihólf ríkisstj. í Seðlabankanum, — eða þá bara frystihólf, sem menn kæmu sér upp heima hjá sér, en það væri alveg sambærilegt við þessa stefnu, sem ríkisstj. rekur, að þetta heimili kæmi sér upp einhverju hólfi og þar væru þessir peningar látnir. Ég sé, að menn kíma að þessu. En þetta er nú þrátt fyrir það ekkert broslegt, því að þetta er það, sem nú er verið að gera með því að loka inni hluta af sparifénu.

Það eru alls staðar möguleikarnir, og það er alls staðar fólk, sem þarf á þessu fjármagni að halda til þess að auka tekjur sínar og þjóðarbúsins um leið. En ríkisstj. segir: Nei, það má ekki, það eyðileggur gjaldeyrisstöðuna út á við að lána út allt sparifé, og það er fundið upp þetta nýja læknislyf að leggja peningana í staðinn í frystihólfið. Og það er alveg hliðstætt því, að heimili, sem ætti um tvennt að velja, tæki upp á því að leggja peninga í kæliskápinn, í stað þess að reyna að notfæra þá til að rífa sig út úr erfiðleikunum með aukinni framleiðslu og auknu starfi, eins og íslenzka þjóðin hefur ævinlega gert á undanförnum áratugum og nærri því hvert einasta heimili í landinu, þangað til þetta nýja „patent“ var fundið upp.

Það mætti nær endalaust færa til dæmi um, hvað þetta er óheppileg stefna og hversu hörmulega þetta kemur niður. Ég vil ekki fara lengra út í það að sinni.

Ég vil að lokum aðeins rifja upp, að með þessu frv. er lagt til að færa vextina í það, sem þeir voru fyrir viðreisnina, að heimildin til þess að taka sparifé úr umferð og fé innlánsdeildanna verði numin úr lögum og að vextir og lánstími á fjárfestingarlánum til ræktunar, bátakaupa og þvílíks lækki og færist í það, sem þeir voru fyrir viðreisnarráðstafanirnar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjhn. með 25 shlj. atkv.

Nefndaráliti frá 1. minni hl. fjhn., á þskj. 633, var útbýtt 6. apríl, og nál. frá meiri hl. fjhn., á þskj. 763, var útbýtt 13. apríl, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

12. Ferðaskrifstofa ríkisins.

Á 2. fundi í Sþ., 12. okt., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 33 1. febr. 1936, um ferðaskrifstofu ríkisins [23. mál] (þmfrv., A. 23).

Á 8., 9., 13., 15. og 16. fundi í Nd., 24. og 30. okt., 6., 9. og 10. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 18. fundi í Nd., 14. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Efni þessa frv. er að fella niður einkaleyfi eða einkarétt ferðaskrifstofu ríkisins til þess að taka á móti erlendum ferðamönnum.

Á undanförnum árum hafa risið hér upp nokkrar ferðaskrifstofur, sem einstaklingar reka, sem vinna að því að greiða fyrir ferðalögum Íslendinga erlendis. Þessar ferðaskrifstofur, a. m. k. sumar þeirra, hafa unnið sér gott orð. Það er augljóst, að ef þær hefðu leyfi til að greiða fyrir komum útlendinga hingað, gæti það tvímælalaust orðið mjög til þess að örva ferðalög útlendinga til Íslands. Þess vegna væri eðlilegt, að þessar ferðaskrifstofur fengju ekki síður leyfi til þess að taka á móti ferðamönnum erlendum heldur en ferðaskrifstofa ríkisins. Það gæti tvímælalaust orðið til þess að örva komur útlendinga hingað, en eins og kunnugt er, keppa nú allar þjóðir að því að örva ferðalög útlendinga og fá þannig gjaldeyristekjur.

Annað, sem er og ekki síður athyglisvert í þessu sambandi, er það, að ýmsar erlendar ferðaskrifstofur, sem eru stórir aðilar á þessu sviði, hafa nú engin viðskipti við Ísland vegna þess, að þær vilja hafa sinn sérstaka umboðsmann hérna, en ekki sama umboðsmann og aðrar erlendar ferðaskrifstofur hafa. Þetta leiðir til þess m. a., að í stórum ferðabókum, sem þessar ferðaskrifstofur gefa út, er engar upplýsingar hægt að fá um Ísland eða ferðalög hingað, og það á að sjálfsögðu sinn þátt í því að draga úr komum útlendinga hingað. Ef þessar erlendu ferðaskrifstofur gætu fengið sína eigin sérstöku umboðsmenn hér á landi, mundi það verða til þess, að þær mundu hefja starfsemi í þá átt að fá útlendinga til þess að koma hingað til lands. Það er tvímælalaust mjög mikilvægt atriði í sambandi við að örva hingað komur erlendra ferðamanna að fá hinar erlendu ferðaskrifstofur til að gera mun meira í þessum efnum en þær hafa gert hingað til. Og þetta á einmitt að vera auðvelt, síðan hinar nýju einkaferðaskrifstofur komu til sögunnar hér á landi. Það er völ umboðsmanna hér, sem geta greitt fyrir hinum erlendu ferðaskrifstofum í sambandi við þessi ferðalög.

Ég tel af þeim ástæðum, sem ég hef nú greint, að það ætti að vera verulegur ávinningur að því að afnema einkaleyfi ferðaskrifstofu ríkisins í þessum efnum og gefa þetta frjálst, — ávinningur

í þá átt, að hingað kæmu fleiri erlendir ferðamenn en ella, og af því mundum við fá auknar gjaldeyristekjur og aukna ýmsa atvinnustarfsemi í landinu.

Það þarf ekki að taka það fram, því að það er öllum kunnugt, að aðrar þjóðir vinna nú mjög að því að greiða fyrir komum erlendra ferðamanna og bæta aðstöðu þeirra á þann hátt, að þeir leiti til landa viðkomandi þjóða. Við eigum það á hættu að dragast aftur úr í þessari samkeppni, ef við gerum ekki allt það, sem hægt er, til þess að greiða fyrir slíkum ferðalögum hingað til lands.

Því hefur verið haldið fram, að ef þetta einkaleyfi ferðaskrifstofunnar yrði afnumið, mundi það verða til þess að draga úr þeim tekjum, sem hún hefur nú af komum erlendra ferðamanna til landsins. Ég tel, að þetta sé misskilningur. Ferðaskrifstofa ríkisins hefði áfram nægum verkefnum að sinna, þó að fleiri aðilar bættust við á þessu sviði. Þetta mundi ekki verða til þess að taka verkefni frá henni, heldur mundi verða aukið það verkefni, sem þarf að vinna í þessum efnum, og það mundu einkaferðaskrifstofurnar taka að sér. Auk þess hefur ferðaskrifstofa ríkisins mörg önnur verkefni en að taka á móti erlendum ferðamönnum og hefur þess vegna ærið verk að vinna, jafnvel þó að einhver samdráttur verði hjá henni á því sviði, sem ég reikna ekki með að þyrfti að verða.

Ég tel ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta mál að þessu sinni, en leyfi mér að leggja til, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til samgmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til samgmn. með 22 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

13. Landsútsvör.

Á 2. fundi í Sþ., 12. okt., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um landsútsvör [24. mál] (þmfrv., A. 24).

Á 8., 15. og 16. fundi í Nd., 24. okt., 9. og 10. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 18. fundi í Nd., 14. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt tveim öðrum þingmönnum að flytja hér frv. til laga um landsútsvör. Efni þess er alþingismönnum áður kunnugt, þar eð frv. efnislega samhljóða þessu lá hér fyrir síðasta þingi, þótt ekki fengi það afgreiðslu þá. Efni frv. er í skemmstu máli sagt það, að þau fyrirtæki, sem hafa samskipti við landsmenn alla, eigi að greiða útsvar, ekki í sveitarsjóð, eins og nú tíðkast, heldur í sameiginlegan sjóð allra sveitarfélaganna á Íslandi, jöfnunarsjóð, og þaðan eigi útsvörin að renna til hinna einstöku sveitarfélaga í réttu hlutfalli við fólksfjölda í hverju þeirra. Þau félög, sem undir þetta mundu falla, væru fyrst og fremst þau félög, sem reka viðskipti við landsmenn í heild, eins og t. d. skipafélög, heildsölufyrirtæki, sem verzla við landið vítt og breitt, útflutningssamtök, eins og t. d. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Sölusamband ísl. fiskframleiðenda og Skreiðarsamlagið o. s. frv., tryggingafélög, sem reka tryggingastarfsemi fyrir landið allt, og undir þetta mundu einnig heyra verzlunarstofnanir ríkisins og þá fyrst og fremst Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins, en hún greiðir nú útsvar samkvæmt sérstökum lögum um aukaútsvör ríkisstofnana, en ekki útsvör, sem skiptast á sveitarfélögin eftir viðskiptum þeirra.

Fyrirkomulagið á útsvarsálagningu þessari er í frv. lagt til að verði með þeim hætti, að skipuð verði 5 manna niðurjöfnunarnefnd landsútsvara, og er Sambandi ísl. sveitarfélaga ætlað að leggja til eða ráðstafa mönnum í þessa niðurjöfnunarnefnd. Landsútsvörin eiga síðan að innheimtast af félmrn., þ. e. a. s. þau mundu í framkvæmd sjálfsagt verða innheimt af starfsmönnum jöfnunarsjóðs, en jöfnunarsjóður heyrir, svo sem kunnugt er, undir félmrn. Þá er gert ráð fyrir því, að réttindi útsvarsgreiðenda í jöfnunarsjóð yrðu metin með svipuðum hætti og greiðenda annarra útsvara, þannig að þeir ættu þess kost að kæra álögð útsvör, fyrst til þeirrar nefndar, sem leggur þau á, en síðan, vilji þeir ekki hlíta þeim úrskurði, þá eigi þeir rétt á að skjóta máli sínu til ríkisskattanefndar. Og þá gerir frv. ráð fyrir því, að þau fyrirtæki, sem greiða landsútsvör, megi ekki skattleggja af sömu veltu eða af sömu viðskiptum með venjulegu sveitarútsvari.

Um útsvör þeirra stofnana, sem ræðir um í þessu frv., gilda tvær reglur: Annars vegar lög um útsvör, sem samþykkt voru hér á Alþingi í hittiðfyrra, og hins vegar gildir um ríkisstofnanir regla, sem felst í lögunum um aukaútsvar ríkisstofnana. Varðandi ríkisstofnanirnar má geta þess, að þær greiða nú í útsvör um það bil 15 millj. kr. Í fjárlagaáætlun fyrir árið 1962 er gert ráð fyrir, að útsvarsgreiðslur þessara fyrirtækja, — eða það væri kannske réttara að segja nú, eins og málum er háttað, þessa fyrirtækis, því að áður var um að ræða tóbakseinkasöluna og áfengisverzlunina, sem nú eru orðin eitt fyrirtæki, eins og hv. alþm. munu bezt vita, — þessu fyrirtæki er áætlað samkvæmt fjárlögum 1962 að greiða nokkuð á 16. millj. kr. í útsvar. Allir vita, að þetta fyrirtæki, sem verzlar á vegum ríkisins með áfengi og tóbak, selur öllum landsmönnum varning sinn. Hér er því um hreina landsverzlun að ræða. Á hinn bóginn hefur ekkert sveitarfélag í landinu neina aðstöðu til þess að leggja neitt útsvar á tóbaksverzlunina. En á þeim örfáu stöðum úti á landinu, þar sem áfengisverzlunin hefur útsölur, er lagt útsvar á útibú hennar, og er mér ekki fullkunnugt um, hve hárri upphæð af þeim 15 millj., sem fyrirtæki þessi greiða í útsvar í ár, það nemur, sem fellur til útsvara utan Reykjavíkur, en mér er nær að halda, að það muni vera um 1 millj., máske nokkuð á aðra millj. kr., sem önnur

sveitarfélög en Reykjavík fá af þessu 15 millj. kr. útsvari. Það sjá auðvitað allir menn, sem vilja líta með sanngirni á þetta mál, að það er með öllu óeðlilegt, að fyrirtæki eins og áfengis- og tóbaksverzlunin, sem að verulegu leyti er skattheimtufyrirtæki ríkisins, greiði útsvar, sem næstum að öllu leyti rennur til eins sveitarfélags í landinu og ekki til annarra, eins og ég hef hér sýnt fram á, að raun ber vitni um. Það hefur að sjálfsögðu mætt mikilli andstöðu þeirra, sem eru á Alþingi í forsvari fyrir þetta sveitarfélag, sem nýtur þessara réttinda, — það hefur mætt andstöðu þingmanna Reykjavíkur að breyta þessu. En ég vil vekja athygli á því, að þó að þessu yrði breytt í það horf, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., mundi Reykjavík eftir sem áður verða stærsti aðilinn að þessum tekjustofni sem fjölmennasta sveitarfélag landsins. Þá mundi hún njóta sinna réttinda sem slík, en ekki umfram það.

Um önnur þau fyrirtæki, sem eru talin í frv. og reka viðskipti við landsmenn í heild og ættu samkvæmt þessu frv. að greiða landsútsvar, er það að segja, að það verður með engu móti talið ranglátt, að þau greiði útsvar, sem verði lyftistöng fleiri en því eina sveitarfélagi, sem nú nýtur þeirra útsvara, — ég segi: fleiri en því eina sveitarfélagi, sem nú nýtur þeirra útsvara, enda þótt það sé máske ekki fullkomlega nákvæmt, þar eð einhver þau fyrirtæki, sem hér undir mundu falla, greiða máske einhver útsvör nú til annarra sveitarfélaga en Reykjavíkur, en það er áreiðanlega í svo litlum mæli, að ekki er orð á því gerandi. Raunin er því sú, að útsvör allra slíkra fyrirtækja renna til Reykjavíkur, en ekki til annarra sveitarfélaga í landinu.

Það mundi nú einhver máske segja, að þær vörur, sem heildsölufyrirtæki selja, þær vörur, sem skipafélög flytja, fari flestar í gegnum Reykjavík og þar af leiðandi sé ekki nema eðlilegt, að útsvör komi á þau í Reykjavík. Þar er því til að svara, að það er alls ekki meiningin að svipta Reykjavík neinu af sínum réttmæta rétti í þessu, heldur aðeins að hún njóti hans í hlutfalli við það, sem aðrir landsmenn einnig fá. En um nokkur önnur fyrirtæki, eins og t. d. útflutningssamtökin, er það að segja, að þar er ranglætið svo hrópandi, að ég held, að það þurfi býsna mikla hörku, jafnvel fyrir þá, sem eru sérstaklega til þess valdir að vera í forsvari fyrir Reykjavík á Alþingi, að neita því, að það sé ranglátlega að farið, eins og nú er háttað. Ég skal taka dæmi: Það er fiskur, sem veiddur er úti í Vestmannaeyjum, verkaður þar, settur í skip þar og seldur síðan til útlanda á erlendan markað. Þegar á að fara að greiða útsvar af veltu þeirri, sem verður af þessari verzlun, kemur í ljós, að þessi fisksala er bókuð hjá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna í Reykjavík, því að þar eru aðalstöðvar Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, og þar kemur útsvarið á þessa vörusölu. Það sjá allir menn, að vara, sem er framleidd úti á landsbyggðinni, seld þaðan til útlanda, unnið þar að henni á allan hátt, hún kemur aldrei til Reykjavíkur öðruvísi en sem tala í dálkum í einni stofnun, sem hefur að vísu kontór í Reykjavík.

Það er með öllu ranglátt, að allt útsvar af þessari verzlun renni til Reykjavíkur, en ekki að neinu leyti til þess staðar, þar sem varan var framleidd og unnin og þaðan sem hún var seld að lokum. En svo er þetta nú. Það gefur enda auga leið, að með þeirri skipan útsvarsmála, sem nú er, hefur Reykjavík möguleika umfram öll önnur byggðarlög landsins til þess að ná til sín óeðlilega háum tekjum af útsvörum, vegna þess að hún hefur nú samkvæmt lögum rétt til þess að skattleggja ýmiss konar verzlun fólks, sem er ekki innan vébanda Reykjavíkur, hefur þar máske aldrei komið. Það sýndi sig líka, að þegar ríkisstj. lét á sínum tíma undirbúa og síðan setja ný lög um útsvör, varð raunin sú, að það þótti þurfa að hafa í þeim lögum þrenns konar útsvarsstiga, þegar um var að ræða persónuútsvör á fólkið í landinu. Einn útsvarsstiginn var fyrir það fólk, sem býr í kaupstöðum landsins utan Reykjavíkur, og hann var hæstur. Með lögum er heimilt að leggja á það fólk hærri útsvör en nokkra aðra þegna þessa lands. Í öðrum stiganum og þeim næsthæsta var það fólk, sem býr í sveitum landsins, þ. e. a. s. í sveitarfélögum, sem hvorki eru Reykjavík né heldur kaupstaðir utan Reykjavíkur. Á það fólk er heimilt að leggja nokkru lægri útsvör en fólkið í kaupstöðum utan Reykjavíkur. En þriðji útsvarsstiginn er fyrir það fólk, sem býr í Reykjavík, og er hann lægstur. Það verður skiljanlegt út frá því, að Reykjavík hefur, áður en hún þarf að jafna niður útsvörum á þær persónur, á það fólk persónulega, sem í höfuðborg landsins býr, aðstöðu til þess að ná til sín útsvörum af svo fjöldamörgu öðru, sem landsbyggðin hefur ekki neitt svipaða aðstöðu til þess að ná og í sumum tilfellum enga.

Ég ætla því, að þegar þetta mál er skoðað niður í kjölinn, muni öllum réttsýnum mönnum finnast sem hér sé leiðréttinga þörf, og ég mælist sérstaklega til þess við þá hv. þingnefnd, sem væntanlega fær þetta mál til meðferðar, að hún hugleiði réttmæti þess og geri síðan tillögur sínar um það, hvort hún vill láta frv. falla eða hvort hún vill gera það að lögum. En ég mælist eindregið undan því, að hún hafi þann hátt á, sem stundum vill við brenna hér, að hún afgreiði málið alls ekki.

Herra forseti. Ég óska eftir því og legg það til, að þegar þessari umr. lýkur, verði málinu vísað til 2. umr. og til hv. heilbr.- og félmn. Ég ætla, að ég muni það rétt, að þar hafi útsvarsmál verið á undanförnum árum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 22 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

14. Áburðarverksmiðja (frv. EOl).

Á 4. fundi í Nd., 16. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt á l. nr. 40 23. maí 1949, um áburðarverksmiðju [32. mál] (þmfrv., A. 33).

Á 18. fundi í Nd., 14. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Hv. þm. er þetta frv. kunnugt, svo að ég þarf ekki að hafa sérstaklega mörg orð um það. Það hefur verið flutt hér áður, og ég vona, að það fari nú að koma að því, að það verði flutt hér í síðasta sinn. Það gengur í stuttu máli út á það að taka af öll tvímæli um, að áburðarverksmiðjan sé eign ríkisins, sjálfseignarstofnun, eins og stendur í 3. gr. l. um áburðarverksmiðju, og að láta þess vegna falla burt 13. gr. frv., þar sem tekið er fram, að áburðarverksmiðjan skuli rekin sem hlutafélag, en sú grein hefur orðið til að villa ýmsa, þannig að þeir hafa haldið, að áburðarverksmiðjan væri eign þessa hlutafélags. Með samþykkt þessa frv. væru tekin af öll tvímæli um þetta.

Áburðarverksmiðjan er nú 350 millj. kr. virði. Áburðarverksmiðjan hefur samkv. ársreikningunum 1960 í sínum fyrningarsjóðum 65 millj. kr. og í varasjóði 7 millj. kr., þannig að það er raunverulega búið að leggja þarna til hliðar um 72 millj. kr., frá því að hún tók til starfa.

Áburðarverksmiðjan hefur á ári gróða, sem er um 11 millj. kr., eftir að hafa greitt 5 millj kr. í vinnulaun og eftir að hafa greitt um 6 millj. kr. í vexti, þannig að áburðarverksmiðjan er með beztu fyrirtækjum fjárhagslega séð, sem rekin eru á landinu. Ég vil þess vegna vona, að hv. alþm., sem eiga m. a. að sjá um það að standa vörð um eigur ríkisins, að láta ekki óhlutvanda menn ræna þeim, — að þeir skilji, að það dugir nú ekki lengur að láta þetta mál standa svo, að það orki nokkurra tvímæla, að þetta mikla fyrirtæki sé eign ríkisins.

Í 3. gr. þessa frv. er ákvæði um, að ríkinu skuli skylt að innleysa hlutabréf þeirra aðila, sem eiga hlutabréf í rekstrarfyrirtækinu Áburðarverksmiðjan h/f, á nafnverði, en ef hluthafar krefjast meira, skuli samkv. ákvæðum þar um þingnefnd hafa þá heimild af hálfu Alþingis að greiða þeim meira. Eins og ég hef tekið fram áður, álít ég rétt, að það sé gert vel við þá hluthafa, sem þarna eru í, því að þeir hafa að nokkru leyti með óvarkárnum yfirlýsingum ráðherra á undanförnum 10 árum verið nokkuð blekktir um, hvaða vald eða eign þeir öðluðust með því að kaupa þessi hlutabréf í upphafi. Hins vegar sér hver maður, að þótt hluthafar hafi einu sinni keypt hlutabréf í rekstrarfélaginu Áburðarverksmiðjunni h/f fyrir 4 millj. kr., þá gefur það þeim engan eignarrétt í 350 millj. kr. fyrirtæki ríkisins, sem samkv. lögunum, 3. gr. þeirra, er sjálfseignarstofnun.

Ég vil leyfa mér að vona, að þetta frv. verði nú afgreitt frá þinginu. Það er beinlínis hættulegt, ef þetta mál dregst lengur. Það er búið að dragast allt of lengi. Og ég er hræddur um, að ef ekki verður farið að afgreiða þetta mál, þá fari svo, að það takist að ræna þessu mikla fyrirtæki úr eigu ríkisins. Ég veit að vísu, að sú stefna er uppi nú, svo að segja stefna ránd ýranna, að hrifsa til sín það, sem hægt er í þjóðfélaginu, og svífast einskis. En ég álít, að okkur, sem sitjum hér á Alþingi, beri að reyna að verja eigur ríkisins fyrir slíku rándýrseðli. Ég álít, að það eigi að berjast gegn þeirri stefnu rándýranna að reyna að breyta Íslandi í nokkurs konar frumskóg gróðans, þar sem hver og einn rífi til sín það, sem hann getur. Og ég vil a. m. k. og hef reynt á undanförnum árum að leggja mitt fram til þess, að þetta mesta fyrirtæki íslenzku þjóðarinnar sé ekki rifið þannig til nokkurra örfárra manna, sem hafa ekkert til þess unnið að eignast það.

Ég vil leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og til hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjhn. með 25 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

15. Sjúkrahúsalög.

Á 11. fundi í Sþ., 1. nóv., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á sjúkrahúsalögum, nr. 93 31. des. 1953, og l. nr. 31 25. maí 1960, um breyt. á þeim lögum [54. mál] (þmfrv., A. 70).

Á 30. og 32. fundi í Nd., 5. og 7. des., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 33. fundi í Nd., 8. des., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Björn Fr. Björnsson): Hæstv. forseti. Frv. það, sem hér er til umr. og fjallar um breyt. á lögum um sjúkrahús, er endurflutt. Það lá fyrir þessari hv. deild á s. l. þingi og var vísað til heilbr.- og félmn. d. og þar dagaði málið uppi. Í fyrra stóðum við fjórir þm. Sunnl. að þessu frv., en nú hefur einn helzt úr lestinni, hv. 3. þm. Sunnl., og er mér ekki fyllilega ljóst, hvers vegna þessi hv. þm. telur sér ekki fært að vera samflm. að frv. í þetta sinn.

Í fyrra gerði ég allýtarlega grein fyrir málinu og stefnu frv., þannig að ég get sparað mér að hafa í þetta sinn mörg orð um málið, en vil þó leyfa mér að drepa á helztu atriði þess.

Frv. gerir ráð fyrir þeirri breytingu á sjúkrahúsalögum, að Vestmannaeyjakaupstaður fái sömu fyrirgreiðslu af hálfu ríkissjóðs, bæði að því er varðar stofnkostnað og rekstrarstyrk, eins og fjórðungssjúkrahúsum er ætluð í lögum. Í Vestmannaeyjum ríkir mikill áhugi á því, að byggt verði sem fyrst nýtt sjúkrahús, sem hæfi svo sem bezt má verða nútímakröfum. Sjúkrahús það, sem nú er í Eyjum, hafa Vestmanneyingar

búið við yfir 30 ára tímabil. Það er talið mjög úr sér gengið og ófullnægjandi og erfitt að koma við nauðsynlegum endurbótum. Það var á sínum tíma byggt af hinum mesta myndarskap og víðsýni.

Hér þarf ekki að rekja, hversu læknavísindum hefur fleygt fram á síðustu áratugum og jafnframt hversu kröfur til læknis- og sjúkrahjálpar hafa aukizt. Það er eðlilegt, að fólkið sætti sig ekki í þessu efni við annað en það, sem bezt er eftir atvikum. Hitt er svo annað mál, að margs og víða er mikil þörf í sjúkrahús- og læknamálum. Framkvæmdir í þessum efnum eru fjárfrekar og ríkissjóður hefur oft verið vanmegnugur og ekki síður hin einstöku héruð og bæjarfélög, sem að sínum hluta eiga að standa að sjúkrahúsmálum. En þó verður að leggja til atlögu um sjúkrahúsbyggingar, þar sem þörfin er rík og ekki sízt þar sem fólkið sjálft er reiðubúið af áhuga og fórnfýsi að leggja sinn hlut fram og hefur um langt skeið lagt á sig fjárhagsbyrðar, til þess að ekki standi á, að hlutur þess verði lagður fram til fulls, en svo er í Vestmannaeyjum.

Hvers vegna er farið þess á leit, að sjúkrahúsið í Vestmannaeyjum njóti sömu kjara og fjórðungssjúkrahús? Svo sem alkunna er, hafa Vestmanneyingar lengst af verið mjög afskiptir í afstöðu til annarra byggðarlaga og einangrunin verið hlutskipti þess fólks, sem þar býr. Þessi einangrun hefur að vísu verið rofin að nokkru og í mörgu verið reynt að bæta um eftir föngum. En þrátt fyrir greiðari samgöngur er auðsætt, að bæjarfélagið verður í sjúkrahúsmálum sem og mörgum öðrum efnum að búa sem mest að sínu, og er því um algera sérstöðu að þessu leyti að ræða. Það er ljóst, að enda þótt fjórðungssjúkrahús kunni að rísa upp á Suðurlandsundirlendinu, eins og vikið er að í sjúkrahúslögum, kæmi það sjúkrahús engan veginn að neinu haldi fyrir Vestmannaeyjar, — sjúkrahús í Reykjavík að mjög takmörkuðu leyti oft og tíðum. Sýnist flm. þessa frv., að slík aðstaða hljóti að skera úr um réttmæti þeirrar tilhögunar, sem frv. gerir ráð fyrir. Annað kemur einnig til, sem styður stefnu frv. Íbúatala Vestmannaeyja er um 4700. Á vetrarvertíð sækir þangað fjöldi manna víðs vegar að, sennilega hátt á annað þúsund manns, til hvers konar starfa. Fjöldi skipa úr ýmsum verstöðvum og einnig kaupskip, innlend og erlend, leita þangað með hundruð manna innanborðs, sem þurfa á ýmiss konar þjónustu í Eyjum að halda og m. a. sjúkrahjálp. Minnast má þess, þó að alvitað sé, að Vestmanneyingar vinna að meginhluta í þágu sjávarútvegsins og störf Eyjabúa þannig hin áhættusömustu. Verulegur hluti af útflutningsverðmætum þjóðarinnar mun koma úr Eyjum. Heyrt hef ég því fleygt, að sá hluti hafi jafnvel mjög nálgazt 20%, og væntanlega er þar ekki ólíklega til getið, að hann hafi komizt svo hátt og ætíð þó verið mikill. Einnig í þessu efni eiga Vestmannaeyjar nokkra sérstöðu.

Þann aðstöðumun, sem Vestmanneyingar búa við í því máli, sem hér greinir, ber að sjálfsögðu þjóðfélaginu að jafna, og þá ekki síður þegar til hins er litið, hvern hlut bæjarbúar draga árlega í sameiginlegan sjóð landsmanna. Hér er því að áliti okkar flm. bæði rétt og skylt að koma til móts við hófsamlegar og eðlilegar óskir. Svo hljóðandi ályktun hefur bæjarstjórn Vestmannaeyja fyrir nokkru samþykkt:

„Bæjarstjórnin beinir áskorun til þingmanna Suðurlandskjördæmis um að flytja frumvarp á komandi þingi um fjárframlag til sjúkrahúsbyggingar í Vestmannaeyjum, og njóti sjúkrahúsið hliðstæðrar fyrirgreiðslu um fjárframlög og réttindi eins og fjórðungssjúkrahús hafa notið eða kunna að njóta."

Þessari ályktun bæjarstjórnar hafa fylgt athafnir af hálfu bæjarbúa. Þeir hafa safnað drjúgu fjármagni þegar í sinn sjúkrahússjóð. Er mér tjáð, að fjárhæðin sé allt að því ein milljón og þessir peningar handbærir. Þannig fylgir hugur máli af hálfu bæjarbúa, að til athafna dragi sem allra fyrst um byggingu fullkomins sjúkrahúss í kaupstaðnum. Um það verður ekki villzt og ekki heldur um hitt, að mikið er í húfi og mikils um vert, að bæði vel og fljótt takist til að koma þessu byggingarmáli þeirra fram.

Við flm. frv. eigum enn þess von, að vel verði tekið á þessu máli og að það megi nú á þessu yfirstandandi þingi ná fram að ganga. Ég veit ekki ljóslega, hvað hefur valdið því, að það dagaði uppi í heilbr.- og félmn. Það getur kannske margt valdið því. Það er á okkar allra vitorði, að í þessum málum, sjúkrahúsmálum, er mikils fjármagns þörf og erfitt að leysa allan vanda í þeim efnum. En ég held, að ég megi halda því fram, án þess að rengt verði, að Vestmannaeyjakaupstaður hafi algera sérstöðu í þessum efnum og það geti enginn eða mjög fáir landshlutar verið lagðir þar að jöfnu, þar sem Vestmannaeyjar eru. Þess vegna á ég og við flm. fyllilega von þess, að Alþingi gangi frá þessu máli og í þá stefnu, sem greinir í frv., sem hér liggur fyrir.

Mér þykir ekki ástæða til þess að rekja málið frekar, en þykist hafa gert sæmilega grein fyrir þeim höfuðatriðum, sem við teljum að styðji frv. Vil ég svo að lokum óska þess, að málinu verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari og til heilbr.- og félmn. deildarinnar.

Guðlaugur Gíslason: Hæstv. forseti. Ég er mjög sammála hv. 1. flm. þessa frv. um þörf þess, að byggt verði nýtt sjúkrahús í Vestmannaeyjum. Hann gat þess í sinni framsöguræðu, hv. 1. flm., að ég hefði helzt úr lestinni við flutning þessa frv., frá því að það var flutt hér á síðasta þingi, og sagðist hann ekki vita ástæðuna fyrir því. Ég vil í þessu sambandi geta þess, að þegar hann tjáði mér, að þeir hefðu hug á að flytja þetta frv. aftur, þá benti ég á, að þeir yrðu að gera sér ljóst, að þetta mál væri heima í héraði talið svo aðkallandi, að þeir með flutningi þessa frv. tefðu ekki fyrir eðlilegum framgangi þess. Eftir það var ekki á það minnzt við mig, að ég yrði meðflm., og er það ástæðan fyrir því, að ég er ekki á þessu þskj., en hefði að sjálfsögðu orðið það eins og í fyrra, hefði mér verið boðið upp á það.

Annars er um flutning þessa frv., fyrst farið er að ræða það á þessum grundvelli, rétt að láta það koma fram, að ég tel, að það sé kannske

mjög góð sönnun fyrir afstöðu þeirra manna, sem stóðu að kjördæmabreytingunni á sínum tíma. Við héldum því fram þá, að hin ýmsu byggðarlög mundu fá betri stuðning fleiri þingmanna, ef kjördæmin yrðu stækkuð, og ég tel, að þetta frv. sanni það, að við höfum þar mjög á réttu að standa. Ég geri ekki ráð fyrir, að hvorki 1. né 2. flm. þessa frv. hefðu komið fram með það, hefði ekki kjördæmaskipunin verið komin á, og er ekkert við því að segja og hefði ekki verið hægt að ætlast til þess af þeim, þar sem þetta hefði þá ekki verið þeirra sérstaka áhugamál, svo að í þessu tilfelli hefur a. m. k. greinilega komið í ljós, að með kjördæmabreytingunni hefur þarna verið unnið gott verk.

Ég tel, að ég sé kannske kunnugastur þessu máli frá upphafi, og tel því rétt að gera grein fyrir því, eins og það liggur fyrir.

Það munu vera um 5 ár síðan fyrst var farið að tala um það í alvöru heima í héraði, að nauðsyn væri á því að byggja nýtt sjúkrahús í stað þess, sem nú er. Til þess, að við förum ekki í að breyta því sjúkrahúsi, sem nú er, liggja þær ástæður helzt, að það er þannig byggt og þannig staðsett, að því verður ekki að áliti sérfróðra manna komið við með góðu móti og ekki nema með ærnum kostnaði. Í árslok 1956 yfirtók bæjarsjóður Vestmannaeyja kvikmyndahúsrekstur þann, sem þá var á staðnum og var sá eini, sem var í gangi. Samhliða veitti þáv. menntmrh. kaupstaðnum heimild til undanþágu frá greiðslu skemmtanaskatts, og hefur því frá þeim tíma verið safnað í sjóð, og er réttilega sagt af flm., að sá sjóður er handbær og hefur verið lagður til hliðar úr bæjarrekstrinum og ætlaður sem undirstaða undir byggingu þessa mannvirkis. Einnig hefur á þessu tímabili af ýmsum félagasamtökum verið safnað fé, ýmist afhent sjóðnum eða það liggur í sérsjóði hjá þeim, og er ætlunin að nota það, þegar hafizt verður handa um bygginguna, og er mér ekki kunnugt um, hve mikið það er orðið samtals, en það mun vera allverulegt. Ég skal geta þess hér, að í vörzlu bæjarsjóðs eru ekki 800 þús. til 1 millj. kr., eins og fram kemur í frv. og fram kom hjá hv. frsm., heldur 1200—1400 þús. kr., þannig að fjárhagsaðstæður til að hefjast handa um byggingu eru betri en frv. gerir ráð fyrir.

En það er annað í þessu máli, sem ég get ekki fyllilega gert mér grein fyrir í sambandi við flutning þessa frv., en það er það, að allur undirbúningur að málinu er nú í dag kominn á lokastig. Fjármunum hefur verið safnað nægilega til þess, að það sé eðlilegt að hefja framkvæmdir þegar á næsta ári, teikningum er verið að ljúka, og sótt hefur verið um leyfi ráðuneytisins fyrir nokkru til að hefja bygginguna. Mér er ekki ljóst, hvað flm. ætlast til nú af okkur heima í héraði, hvort við eigum að bíða með frekari undirbúning, bíða með að knýja á að fá leyfi ráðuneytisins til þess að byrja eða halda áfram á þeirri braut, sem við nú erum. Það er þetta, sem mér finnst ekki liggja ljóst fyrir, og það er þetta, sem ég benti flm. á, að þeir mættu ekki gera neitt til þess að tefja fyrir málinu, þannig að það yrði hægt að hefjast handa þegar í vor, því að það er orðið aðkallandi og alveg nauðsynlegt, að þær framkvæmdir hefjist. Þessari byggingu verður ekki lokið nema á nokkrum árum, en málið hins vegar heima í héraði að okkar áliti komið á það stig, að það verði ekki lengur við unað, að ekki verði gerðar á því einhverjar úrbætur.

Það er réttilega tekið fram af frsm., að sjúkrahúsið, sem nú er, er orðið 34 ára gamalt. Og þó að það hafi fram að þessu haft nægilegt rúm fyrir sjúklinga eða nægilegt legurúmapláss verið þar og þó að það hafi á þeim tíma verið fullkomið, eftir því sem þá var talið eðlilegt, þá er það nú orðið mjög úrelt og ekki lengur viðunandi. Öll aðstaða fyrir lækna og starfslið í heild er þar engin, og það er fyrst og fremst kannske það, sem knýr á, að það verði að gera úrbætur, frekar en beint að það sé hægt að halda því fram, að legurúm í því húsi séu ekki nægileg.

Ég skal ekki fjölyrða meira um þetta mál, en aðeins að lokum ítreka það, sem ég sagði í upphafi, að málið er komið á það stig, að undirbúningi öllum er lokið og framkvæmdir verða að áliti okkar heima í héraði að hefjast þegar á næsta vori.

Flm. (Björn Fr. Björnsson): Hæstv. forseti. Mér þótti vænt um að heyra það hjá hv. 3. þm. Sunnl., að hann fylgir okkur þremenningunum fast eftir, svo sem ekkert hafi í skorizt. Hann gat þess réttilega, að ég ræddi við hann í haust, áður en við þremenningarnir lögðum þetta frv. fram, og óskaði eftir því við hann, að við yrðum allir fjórir saman um málið, og átti ekki von á öðru. Þá sagði hann, eins og hann drap réttilega á, að hann vildi, að við gerðum ekkert, sem gæti orðið til þess að tefja fyrir málinu eða skemma það. Og við höfðum ekkert gert annað í fyrra en leggja þetta frv. fram og ekkert gert annað í þetta sinn en að hafa hug á því að leggja sama frv. fram. Og ég skildi þennan hv. þm. þannig, að hann vildi alls ekki vera með okkur að flytja málið, vegna þess að hann vildi hvorki tefja málið í því horfi, eins og það var, né skemma það á neinn hátt. Og ég vona, að ég hafi ekki misskilið hv. þm. að þessu leyti, enda kom það fram í ræðu hans hér áðan, að hann taldi, að það væri nokkurt glapræði af okkar hálfu, flm., að vera einmitt á þessum tíma með frumvarpið. En ég sé ekki, að þetta frv., eins og stefna þess er, geti nokkuð tafið undirbúning málsins hjá ríkisstj., ef hún er farin að undirbúa það að sínu leyti, eða tafið fyrir aðilum heima í héraði. Það er hægt að halda öllum undirbúningi í fullum gangi á báðum þessum vettvöngum, ef verkast vill. Frv. er aðeins í þá stefnu, að þegar til kemur að reisa þetta hús, þá verði greiðsluhlutföllin, að því er varðar stofnkostnað, eins og segir í lögum að eigi að vera um fjórðungssjúkrahús. Um annað er ekki að ræða, þannig að ég held, að við hv. 3. þm. Sunnl. séum fyllilega sammála um þetta mál, enda átti ég þess von af honum, og brennur eldurinn einna sárast á þessum hv. þm., að því er málið varðar. Og mér þykir vænt um að heyra það og okkur flm. öllum þrem, að undirbúningur er kominn á flugstig, og þess vegna tel ég, að það sé fyllsta nauðsyn að flýta fyrir þessu máli og að það

nái sem fyrst fram að ganga á þessu þingi, úr því að svo er komið, því að þá má helzt ekki tefja nema sem allra minnst.

Framburð þessa frv. af hálfu okkar þriggja þm. á Suðurlandi taldi hann mjög færa stoðir undir, hversu réttmæt kjördæmabreytingin var á sínum tíma. Ég er 1. flm. þessa frv. og 2. flm. er hv. 2. þm. Sunnl. Við búum á Suðurlandsundirlendinu. Þó svo að kjördæmi okkar hafi verið stækkað allverulega og gegn okkar vilja á sínum tíma, látum við það ekki á okkur fá, þegar um hag og gengi fólksins er að ræða, sem í hinu útvíkkaða kjördæmi býr. En að það renni stoðum undir réttmæti þessarar breytingar, byltingar á sinni tíð, það fæ ég ekki séð. Það má heldur segja, að við þm. séum dálítið hreyfanlegir og eigum hægt með að samlaga okkur breyttum aðstæðum, þó að ekki séu góðar og hvergi nærri.

Mér þykir ekki ástæða til þess að ræða svo meira um þetta mál, en ég vænti þess og hef tekið það fram, að það er fyllilega nauðsynlegt, að frv. nái sem fyrst fram að ganga hér á Alþingi, úr því að byggingarundirbúningur allur er kominn á síðasta þrep. Og ég vil vænta þess, að einmitt upplýsingar frá hv. 3. þm. Sunnl. megi verða m. a. til þess að ýta málinu sem fyrst fram.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Hæstv. forseti. Ég skal ekki hafa mörg orð um þetta mál, en það er vissulega ánægjulegt, hversu mjög það er sótt af kappi af flm. málsins, þótt að vísu hefði mátt skilja á hv. síðasta ræðumanni, að í aðra röndina þætti honum ekki svo gott að þurfa að vera að bjástra við mál eins og þetta, því að það væri ekki svo ánægjuleg sú breyting, sem orðið hefði á kjördæmaskipuninni. En vissulega hefði hann ekki verið flm. þessa máls nema vegna þeirrar breytingar.

Það er svo, eins og fram hefur komið í umr., að Vestmanneyingar sækja nú eftir því að fá leyfi til að hefjast handa um sjúkrahúsbygginguþ. e. a. s. að endurbyggja sitt gamla sjúkrahús, og ég er sammála þeim skoðunum, sem fram hafa komið, að þess er mikil þörf og nauðsyn, og að mörgu leyti hafa Vestmanneyingar sína sérstöðu í þessu efni. Hins vegar er heilbrigðisstjórninni sá vandi á höndum um að veita leyfi til sjúkrahúsabygginga nú, að mjög miklar framkvæmdir eiga sér stað á sviði þessara mála með byggingu hinna stóru sjúkrahúsa, bæði landsspítalans og bæjarsjúkrahússins í Reykjavík, og enn fremur stendur enn mjög upp á ríkissjóð að inna af höndum greiðslur til annarra sjúkrahúsa, sem byggð hafa verið á síðustu árum og eru þegar tekin til afnota.

Hv. 3. þm. Sunnl. hefur átt viðræður við mig sem heilbrmrh. og landlækni um hina nýju sjúkrahúsbyggingu og leyfisbeiðni þeirra Vestmanneyinga að fá að hefjast handa í því sambandi. Það mál er enn í athugun, m. a. vegna þess, að það hefur þurft að koma til nánari skoðunar um fyrirhugaða stærð þessa sjúkrahúss en áður lágu fyrir tillögur um, og verður nú tekin til nýrrar endurskoðunar beiðni Vestmanneyinga um að reisa þetta sjúkrahús. Ég vil lýsa yfir fyrir mitt leyti, að mér þykir mjög eðlilegt, að gert sé hið ýtrasta til þess, að þeir fái leyfi til þess að hefjast handa í þessu sambandi, en það verður þó aðeins að hafa fyrirvara á í því sambandi, að möguleikarnir til greiðslna af hálfu ríkissjóðs eru mjög takmarkaðir á næstu árum eða a. m. k. á næsta ári og ef til vill fram á árið 1963 og kannske 1964. En það þarf sennilega ekki að hindra, að þetta leyfi verði veitt, vegna þess að aðstaða Vestmanneyinga er slík, að þeir munu geta hafizt handa af eigin rammleik, enda þótt ekki sé gert ráð fyrir fjárveitingum á næsta ári, eins og sakir standa.

Flutningur þessa máls er auðvitað að því leyti ekki til þess að greiða fyrir því, að veitt verði leyfi til sjúkrahúsbyggingarinnar, að það leggur þyngri byrðar en ella mundi verða á ríkissjóð, meiri greiðslur í stofnkostnaðinn eða hærri hlutföll af hálfu ríkissjóðs og einnig í rekstrarkostnaðinn, svo að að því leyti hefði kannske verið skynsamlegt að leggja ekki svo mikið kapp á þetta í bili og hefði mátt sækja þetta mál að því leyti með meiri forsjá.

Það er rétt, sem fram kom og ég viðurkenni, að Vestmanneyingar hafa að sumu leyti sérstöðu í þessum efnum og þá einkum og sér í lagi vegna sinnar einangrunar. Önnur rök, sem flutt voru fyrir því, að þetta ætti að verða fjórðungssjúkrahús með meiri fjárframlögum frá ríkinu, fá ekki staðizt, því að það eru í sjálfu sér ekki rök fyrir því, að ríkið eigi að leggja meira af mörkum til byggingar sjúkrahúss í Vestmannaeyjum en á ýmsum öðrum stöðum, að þetta sé ein stærsta verstöð landsins og hafi um 20% af útflutningsverðmætum þjóðarinnar, og mætti þá segja heldur, að þeir gætu hjálpað sér sjálfir, enda hafa þeir Vestmanneyingar alltaf getað hjálpað sér sjálfir og jafnvel ekki þurft að sækja hjálp upp á Suðurlandsundirlendið, þótt alltaf hafi verið gott samband að vísu þar á milli — (**Gripið fram í:** Og stofnfé komið þaðan.) og stofnfé komið þaðan, svo að þar kannske rennur blóðið til skyldunnar hjá hv. þm. En það er sem sagt þetta atriði, sem ég benti á, sem er í sjálfu sér ekki kannske til þess að greiða fyrir leyfisveitingu til sjúkrahússins. En það mun hins vegar á engan hátt hafa nein áhrif af minni hálfu, hvort þetta leyfi verði veitt eða ekki. Þetta er annað mál, og er eðlilegt að taka afstöðu til þess alveg sjálfstætt og óháð því, hvort þeir fá leyfi til þess að byrja á hinni nýju sjúkrahúsbyggingu.

Guðlaugur Gíslason: Hæstv. forseti. Það var aðeins örstutt athugasemd. — Ég sé, að hv. 3. þm. Sunnl., 1. flm. þessa frv., hefur nokkuð misskilið það samtal, sem við áttum um þetta mál í upphafi þings. Ég lét þá hvergi koma fram, að ég óskaði ekki eftir að vera meðflutningsmaður, heldur benti á, að þeir yrðu að gera sér það ljóst, að með endurtekningu þessa frv. tefðu þeir ekki fyrir málinu eða spilltu fyrir framgangi þess. Ég átti að sjálfsögðu við það, að ef þeir ætluðust til þess, að við biðum eftir samþykki hv. Alþingis fyrir, að það yrði fjórðungssjúkrahús í stað bæjarsjúkrahúss, þá gæti það orðið út af fyrir sig til að tefja málið, eins og nú er komið í ljós. Vestmanneyingar eru reiðubúnir að hefja þessa byggingu þegar í

vetur. En það er sýnt, að þetta mál verður ekki afgr. fyrir jól, og óvíst um afgreiðslu þess eftir áramót, þannig að það getur út af fyrir sig orðið til að tefja málið, ef við eigum að bíða eftir því. Ég hef þess vegna í samráði við bæjarstjórn sótt um leyfi fyrir sjúkrahúsbyggingunni sem bæjarsjúkrahúsi á þeim forsendum, að við teljum málið orðið svo aðkallandi, að leyfi til byggingarinnar þurfi að fást nú þegar eða sem allra fyrst. Það getur vel verið, að það breyti engu, það sé aðeins um að ræða skiptingu á framlagi ríkisins, hvort það er meira eða *minna, en ég held, að það a. m. k. flýti ekki* fyrir afgreiðslu málsins, að þetta frv. liggur hér fyrir, og það var það, sem ég vildi gera flm. ljóst, þegar þeir töluðu við mig um endurtekningu á flutningi þess á þessu þingi.

Umr. frestað.

Á 35. fundi í Nd., 11. des., var fram haldið 1. umr. um frv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 22 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

16. Húsnæðismálastofnun o. fl. (frv. JSk o. fl.).

Á 11. fundi í Nd., 2. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 42 1. júní 1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, *sparnað til íbúðabygginga, breyt. á I. kafla laga* nr. 36/1955 o. fl. [58. mál] (þmfrv., A. 75).

Á 19. og 21. fundi í Nd., 16. og 20. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 24. fundi í Nd., 23. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Skaftason): Hæstv. forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 75 að flytja ásamt 6 öðrum hv. þm. Framsfl. frv. til laga um breyt. á l. nr. 42 frá 1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga o. fl. Frv. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„1. gr. Stafliður d. í 1. mgr. 6. gr. laganna orðist svo:

Lánsupphæðin má nema allt að 2/3 hlutum verðmætis íbúðar samkvæmt mati trúnaðarmanna veðdeildar Landsbankans, þó ekki meira en 200 þús. kr. út á hverja íbúð. Ef fleiri íbúðir eru í sama húsi, má lána út á hverja íbúð fyrir sig. Þó skal engum einstaklingi veitt lán nema út á eina íbúð.

2. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi.“

Það er almennt talin rétt stefna hér á landi, að ríkisvaldið stuðli að því, að sem flestir einstaklingar geti búið í eigin húsnæði. Þrátt fyrir almennt fylgi við þessa stefnu hefur hv. Alþ. og hæstv. ríkisstjórnir aldrei hingað til gert þær ráðstafanir, er nægi til þess að koma á fót það fjársterku veðlánakerfi til húsabygginga, sem fært væri um að gegna því hlutverki að lána verulegan hluta af kostnaðarverði húsa, t. d. 75% af byggingarkostnaðinum. Reynslan, sem fengizt hefur í þessum málum, síðan hið almenna veðlánakerfi tók til starfa þann 2. nóv. 1955, sannar þetta mætavel. Hjá húsnæðismálastofnun ríkisins *munu nú liggja fast að 2000 lánsumsóknir um* lán til íbúðabygginga, lán, sem annaðhvort enga afgreiðslu hafa fengið eða þá mjög óverulega hefur verið lánað út á. Og þó mega hámarkslán samkvæmt l. nr. 42 frá 1957 ekki nema hærri fjárhæð en 100 þús. kr., sem vart verður talið nema meira en ca. 18% af verðmæti vísitöluhússins, eins og það var útreiknað fyrir síðustu gengisfellingu, en þá var verðmæti þess talið nema um 526 þús. kr., ef ég man rétt.

Efni þessa frv., sem ég er nú að mæla fyrir, gengur út á það, að hámarksupphæð lána úr byggingarsjóði ríkisins verði hækkuð úr 100 þús. kr. í 200 þús. kr. Ég vil strax taka það fram, að tilgangur flm. þessa frv. er ekki sá, að af *hækkun hámarkslánanna leiði það, að færri* einstaklingar geti notið lána úr byggingarsjóðnum en áður hefur verið, enda höfum við undirstrikað það mjög greinilega í grg. þeirri, sem fylgir frv. Okkur er fyllilega ljóst, m. a. af þeirri reynslu, sem fengizt hefur á þeim rúmum 5 árum, síðan hið almenna veðlánakerfi tók til starfa, að ekki er hægt að gera ráð fyrir, að til lækkunar á þeim fjölda, sem lán getur fengið úr byggingarsjóðnum, geti komið. Ég nefndi hér áðan, að fast að 2000 umsóknir lægju nú óafgreiddar eða mjög óverulega afgreiddar hjá húsnæðismálastjórninni. Ég hygg, að til þess að vinna þann hala upp, miðað við, að hægt væri að veita um 100 þús. kr. lán út á hverja þessara umsókna, þyrfti a. m. k. um 130 millj. kr. Og það er svo fjarri því, að þeir tekjustofnar, sem byggingarsjóðurinn nú hefur lögum samkvæmt, nægi á nokkurn hátt til þess að sinna því verkefni. Hækkun hámarkslána frá byggingarsjóðnum um helming er í fyllsta máta sanngirnismál. Sú hækkun gerir tæpast meira en að vega upp á móti þeirri hækkun, sem hefur orðið á byggingarkostnaði frá árinu 1955, þegar hámark þetta var ákveðið. Ef einnig er tekið tillit til þeirra vaxtahækkana, sem orðið hafa á lánum byggingarsjóðsins svo og á almennum lánum í landinu á þessum tíma, þá gefur það að sjálfsögðu auga leið, að þessi helmingshækkun nægir ekki til þess, að 200 þús. kr. lán nú geri meira en 100 þús. kr. lán gerði á árinu 1955. Ég hygg því, að það þurfi ekki að deila um það hér í hv. deild, að jafnvel þótt frv. þetta yrði samþykkt, þá nytu húsbyggjendur ekki meiri lánsaðstoðar frá byggingarsjóðnum eftir samþykkt frv. heldur en þeir nutu á árinu 1955, þegar hámarkslánin námu 100 þús. kr. Ég vil rökstyðja þetta nokkru frekar.

Í júní 1955 var húsbyggingarvísitalan umreiknuð eftir þeim reglum, sem nú gilda um útreikning hennar. Þá var hún 93 stig, og

byggingarkostnaður á hvern rúmmetra var þá um 850 kr. Hinn 1. okt. s. l. var húsbyggingarvísitalan hins vegar komin upp í 168 stig, eða hafði hækkað frá 1955 um 75 stig eftir hinum nýja grundvelli. Byggingarkostnaður á rúmmetra 1961, hinn 1. okt., var 1562 kr., eða hafði hækkað frá árinu 1955 um 712 kr.

Viðvíkjandi vöxtum af lánum frá byggingarsjóðnum vil ég taka þetta fram: Árið 1955 voru vextir af A-lánum um 7% og lánstími þeirra 25 ár. Af B-lánum voru vextir 5½% og lánstími 15 ár. Árið 1961 eru vextir hins vegar af A-lánum komnir upp í 8% og lánstími er óbreyttur, 25 ár, en af B-lánum voru vextir og lánstími óbreyttir frá því, sem áður hafði verið.

Þegar á þetta er litið, er alveg ljóst, að tvöföldun hámarkslána byggingarsjóðs ríkisins gerir ekki meira en halda við svipuðu hlutfalli milli lána byggingarsjóðsins og byggingarkostnaðarins og ákveðið var með löggjöfinni frá 1955. Þó er það hlutfall í sjálfu sér allt of lágt, og má benda á það, að á Norðurlöndum hafa starfað um fjölda ára öflug veðlánakerfi til húsbygginga, og hafa þau lánað húsbyggjendum allt að 90% af byggingarverði húsa til langs tíma og með mjög lágum vöxtum. Að sjálfsögðu verðum við Íslendingar að keppa að því að byggja hér upp veðlánakerfi, sem getur þjónað hagsmunum húsbyggjenda á svipaðan hátt og þau veðlánakerfi gera, sem nú eru fyrir hendi á Norðurlöndum.

Í grg. með frv. þessu höfum við flm. gefið upplýsingar um lán, sem afgreidd hafa verið úr byggingarsjóði ríkisins frá árinu 1957 til ársins 1961. Ég þarf ekki að rekja þær tölur, en vísa aðeins til þeirra, eins og þær koma fram í grg. En það er augljóst mál, að útlán úr sjóðnum hafa hvergi nærri fylgt þeirri hækkun, sem orðið hefur á byggingarkostnaði á þessum árum, þótt ekkert tillit sé tekið til þeirrar fólksfjölgunar í landinu og þar af leiðandi auknu eftirspurnar eftir lánum, sem orðið hefur á þessum árum.

Við flutningsmenn þessa frv. gerum ekki í frumvarpsgreinunum tillögur um, að lögfestar séu sérstakar tekjuöflunarleiðir, en bendum hins vegar í niðurlagi grg. á 4 atriði, sem við teljum að eðlilegt sé, að ríkisstj. og sá þingmeirihluti, sem hún styðst við, taki til athugunar, ef frv. þetta næði samþykki. Ég tel þetta eðlileg vinnubrögð, því að það er ljóst, að hæstv. ríkisstj. á að ýmsu leyti miklu betra með að ákvarða, hvar þær auknu tekjur skuli teknar til sjóðsins, er leiða mundi af samþykkt þessa frv.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um frv. þetta að sinni. Með því fylgir nokkuð löng grg., og er þar komið inn á, að mínu áliti, þau helztu atriði, sem hér skipta máli.

Ég legg því til, hæstv. forseti, að frv. þessu verði vísað til 2. umr. og til hv. heilbr.- og félmn.

Þorvaldur G. Kristjánsson: Hæstv. forseti. Hv. 1. flm. þessa frv. vék nokkuð að efni þeirrar grg., sem fylgir með frv. Þó saknaði ég eins atriðis, sem hann gerði ekki að umræðuefni í ræðu sinni, en ég tel þess eðlis, að það sé rétt að vekja athygli á því. Í grg. segir, að hið opinbera hafi sýnt nokkra viðleitni til þess að stuðla að þeirri þróun hér á landi, að sem flestir einstaklingar byggi og eignist eigin íbúðir. Segir í grg., að að þessu hafi verið stutt með því að efla opinbert veðlánakerfi til húsbygginga og merkasta sporið hafi verið stigið á þeirri braut í tíð vinstri stjórnarinnar með setningu l. nr. 42 frá 1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins o. fl. Maður hlýtur að staldra við við þessa fullyrðingu, þó að oft hafi hún heyrzt fyrr af munni framsóknarmanna. Þeir láta jafnan ekkert tækifæri ónotað til að koma þessari skoðun sinni á framfæri í umr. um húsnæðismálin. Þeir segja, að það bezta, sem í þeim hafi verið gert, hafi verið framkvæmt af kommúnistum undir forustu núv. hv. 4. landsk. þm., Hannibals Valdimarssonar. Það segja þeir að sé ólíkt merkilegra en það, sem gert var, þegar Steingrímur Steinþórsson fór með þessi mál í ríkisstj. Ólafs Thors frá 1953 til 1956.

Hv. 1. flm. frv. skýrði ekki, í hverju þetta liggur. Það finnst mér þó eðlilegt að komi hér fram. Hér liggur fyrir frv., sem varðar vissulega hin þýðingarmestu mál. Hver er stefna flm. þessa frv. í húsnæðismálunum? Á hvað leggja þeir áherzlu til að leysa meginvanda þessara mála, sem er lánsfjárskortur til íbúðalána? Svarið við þeirri spurningu virðist mér fást með því að gera sér grein fyrir, í hverju þetta merkasta spor er fólgið, sem stigið var í húsnæðismálunum undir leiðsögn kommúnista í vinstri stjórninni. Það er því eðlilegt að athuga strax á þessu stigi málsins, í hverju þessi merkilegheit eru fólgin.

Það eru nefnd lögin um húsnæðismálastofnun frá 1957, og þau lög eiga að vera merkilegri en lögin frá 1955, sem settu á stofn almenna veðlánakerfið. Þetta er nú því athyglisverðara sem lögin frá 1957 eru að meginstofni um almenna veðlánakerfið óbreytt frá því, sem áður var. En þó var gerð breyting, sem rétt er að hafa í huga. Með l. frá 1957 var nafni breytt á varasjóði almenna veðlánakerfisins, sem stofnað var 1955. Varasjóðnum var gefið nafnið byggingarsjóður ríkisins og honum fenginn einn nýr tekjustofn. Var það 1% álag, er innheimta skyldi aukalega á tekju- og eignarskatt og stríðsgróðaskatt og aðflutningsgjöld. Þessi tekjustofn hefur gefið byggingarsjóðnum um 5 millj. kr. á ári. En þá var ákveðið einnig, að til byggingarsjóðsins rynnu 2/3 stóreignaskattsins frá 1957. Hefur sjóðurinn fengið greitt fram til þessa 9.4 millj. kr. af þessum skatti.

Ég geri ekki ráð fyrir, að hv. flm. þessa frv. hafi fundizt svo mikið koma til þessara tekna byggingarsjóðs, að tilkoma þeirra sé merkilegra spor í húsnæðismálunum en sjálf stofnun sjóðsins og veðlánakerfisins 1955. Hinu gæti ég frekar átt von á, að hv. flm. fyndist skyldusparnaðurinn, sem lögfestur var með lögum nr. 42 frá 1957, merkasta sporið, sem stigið hefur verið í húsnæðismálunum. Ég verð að játa, að mér finnst þetta í sjálfu sér harla ósennileg skýring. En ef lögin frá 1957 eru merkust alls, sem gerzt hefur í húsnæðismálunum, þá hlýtur það að vera fyrir skyldusparnaðinn, sem er eina veigamikla nýjungin í þeim lögum frá því, sem var í húsnæðismálalögunum 1955.

Og auðvitað var það skyldusparnaðurinn, sem þótti svona merkilegur. Hér átti að vera fundinn árlegur tekjustofn, sem gæti aukið verulega það fjármagn, sem varið yrði til íbúðalána. Hér var til mikils að vinna. Til þess að bæta úr fjármagnsskortinum til íbúðalána þótti sjálfsagt að lögskylda ungt fólk á aldrinum 16—25 ára til að leggja til hliðar 6% af launum sínum, sem greiða skyldi svo viðkomandi, þegar hann hefði náð 26 ára aldri. En það var eins og þeir, sem að þessari lagasmíð stóðu gerðu ekki ráð fyrir því, að unga fólkið yrði nokkurn tíma 26 ára gamalt, því að þá hefði ekki verið útbásúnuð svo sem raun varð á þýðing skyldusparnaðarins til frambúðarlausnar á húsnæðismálunum.

Þetta sparnaðarkerfi var engin varanleg lausn á lánamálunum. Að halda slíku fram var helber blekking alla tíð. Það mátti vera öllum ljóst frá byrjun. Þetta sparnaðarkerfi var þannig byggt upp, að ekki var til ráðstöfunar til útlána nema mismunurinn á innborguðu sparnaðarfé og endurgreiðslum til þeirra, er náð hafa 26 ára aldri. Þessi mismunur var mestur fyrsta árið, sem kerfið starfaði, en minnkar ört á hverju ári, eftir því sem endurgreiðslurnar aukast vegna aukinnar inneignar þeirra, sem undir kerfið heyra, með ári hverju. Þetta leitar jafnvægis þannig, að fé það, sem inn kemur vegna skyldusparnaðarins, verður ekki meira en endurgreiðslurnar, nema sem svarar því, hvað yngri árgangar, sem inn í kerfið koma, eru fjölmennari þeim eldri, sem ganga frá og taka út skyldusparnaðinn. Og þessi mismunur, sem liggur í fólksfjölguninni, gefur ekki mikið fjármagn, sem hægt er að ráðstafa til frambúðar til íbúðalána. Tala þeirra, sem eru á skyldusparnaðaraldri og jafnframt inna skyldusparnað af hendi, eykst á ári hverju um hér um bil 400 manns. Á árunum 1958 og 1959 mun skyldusparnaður á hvern einstakling hafa numið að meðaltali um 2600 kr. á ári. Þetta svarar til þess, að þegar jafnvægi er komið á í skyldusparnaðarkerfinu, eins og það verður til frambúðar, þá ættu innborganir umfram endurgreiðslur að nema árlega eitthvað um 1 millj. kr. Þessi upphæð, um 1 millj. kr., er því það, sem fæst út úr kerfinu árlega og hægt er að verja til útlána á vegum húsnæðismálastofnunar. Þetta er það, sem til frambúðar er samkvæmt skyldusparnaðarkerfinu. Þetta virðist manni þá að sé merkasta sporið, sem stigið hefur verið í húsnæðismálunum að dómi framsóknarmanna.

En það merkilegasta við þetta úrræði er þó kannske það, að samkv. því skipulagi, sem komið var á í tíð vinstri stjórnarinnar, kostaði 2½ millj. kr. árlega framkvæmdin á skyldusparnaðarkerfinu, sem til frambúðar gat gefið 1 millj. kr. árlega til aukinna íbúðalána. Svo stórkostlega merkilegt var þetta spor, sem stigið var.

Ég held, að það verði að líta annað en til vinstri stjórnarinnar um úrræði í húsnæðismálunum. Það eru gróflega afskræmdar staðreyndir, þegar því er haldið fram, að merkasta sporið til úrlausnar þessu vandamáli hafi verið stigið, þegar kommúnistar fóru með þessi mál í ráðherratíð hv. núv. 4. landsk. þm. Það er ekki hægt að láta slíkum fullyrðingum framsóknarmanna ómótmælt. Og ég get naumast trúað, að hv. 4. landsk. líki slíkt oflof, og það **verður að segja** eins og er, að það lýsir harla litlum skilningi á hinum mikilvægu málum, sem húsnæðismálin eru, að láta sér fara um munn slíkar fjarstæðukenndar fullyrðingar. Það kann að vera, að nokkra skýringu sé að finna á þessu í því gegndarlausa kommúnistadekri, sem framsóknarmenn leggja sig fram um um þessar mundir. En heldur sýnist þetta framferði óvænlegt til rétts skilnings á þeim mikla vanda, sem úrlausnar þarf.

Nei, spor vinstri stjórnarinnar vísa ekki veginn. Það verðum við að gera okkur ljóst. Fjármagnsskorturinn til íbúðalána leysist ekki nema með auknum sparnaði. Hann getur aðeins orðið með tvennum hætti. Annaðhvort getur verið um að ræða frjálsan sparnað eða lögbundinn, í formi skatta og gjalda til ríkisins. En engin ríkisstj. hefur á undanförnum árum treyst sér til að hækka skatta, sem nokkru nemur, til að ná inn fjármagni til eflingar lánasjóðanna og aukningar íbúðalána. Allar ríkisstjórnir virðast hafa tekið skatta þegar svo háa, að þær hafa ekki treyst sér til þess að hækka þá sem neinu verulegu nemur í þessu skyni. Þetta hefur því reynzt ófær leið til að leysa úr lánsfjárskortinum til íbúðarlána. En þá stöndum við líka frammi fyrir þeirri staðreynd, að úrræðið, sem við eigum, er aðeins það að efla hinn frjálsa sparnað, stuðla að aukningu sparifjármyndunar í landinu. Hvernig okkur tekst það, fer eftir ástandi peningamálanna og efnahagsmálanna almennt. Það fer eftir þeim skilyrðum, sem efnahagskerfið veitir til aukinnar sparifjármyndunar á hverjum tíma.

Þegar almenna veðlánakerfið var sett á stofn með lögum nr. 55 frá 1955, var það byggt á hinni frjálsu sparifjármyndun. Veðdeild Landsbankans var, svo sem kunnugt er, veitt heimild til að gefa út bankavaxtabréf, annars vegar svokallaða A-flokka, vaxtabréf með föstum vöxtum og afborgunum, hins vegar svokallaða B-flokka, vaxtabréf með vísitölukjörum, þannig að greiðsla afborgana og vaxta var bundin vísitölu framfærslukostnaðar. Fjár til íbúðalána skyldi afla með sölu þessara vaxtabréfa. Salan hlaut að fara eftir því, hver skilyrði væru á hverjum tíma fyrir aukningu sparifjármyndunar í landinu. Hin frjálsa sparifjármyndun kemur aðallega fram í aukningu spariinnlána bankanna. Þess vegna var í upphafi samið við bankana um kaup á þessum bankavaxtabréfum. Þau voru og í upphafi seld, svo að um munaði, á frjálsum markaði. Þannig fór almenna veðlánakerfið mjög vel af stað. En þegar vinstri stjórnin tók við og áhrifanna fór að gæta af stefnu hennar í efnahags- og peningamálum, fór þegar að síga á ógæfuhliðina. Aukning sparifjármyndunarinnar minnkaði, bankar og sparisjóðir höfðu minni möguleika en áður til að kaupa bankavaxtabréfin, og sala þeirra hvarf af frjálsum markaði. Á þessum tíma fór almenna veðlánakerfið úr skorðum. Það brast grundvöllurinn undir tekjuöflun þess. Það skeði, þegar kommúnistar fóru með yfirstjórn þessara mála. Þetta skeði, þegar merkasta sporið var stigið í húsnæðismálunum að dómi framsóknarmanna, hv. flm. þessa frv. En þetta markaði alla vega djúp spor, sem verða

ekki afmáð nema eftir því sem áhrif efnahagsmálastefnu núv. hæstv. ríkisstj. koma fram í aukningu sparifjármyndunar í landinu. En þess sjáum við nú þegar glögg merki.

Á þeim tveim mánuðum, sem almenna veðlánakerfið starfaði á árinu 1955, var fjár aflað til þess með sölu bankavaxtabréfa að upphæð 25.5 millj. kr. Á árinu 1956 nam þessi sala 41.9 millj. kr. Á árinu 1957, þegar fer að gæta áhrifa vinstri stjórnarinnar, lækkar sala bankavaxtabréfanna strax niður í 32.3 millj. kr. Og enn versnar það svo stórkostlega, að lokaár vinstri stjórnarinnar, 1958, er salan komin niður í 15.4 millj. kr. eða 63% lækkun frá því, sem hún var árið 1956. Í tíð núv. hæstv. ríkisstj. tekur svo að rofa til. Árið 1960 nemur sala þessara bankavaxtabréfa 21.7 millj. kr. Og 15. ágúst í sumar var salan þá þegar orðin á þessu ári 30.7 millj. kr. eða 100% meiri en á öllu árinu 1958. Með því að efla þessa þróun byggjum við traustastan grundvöll undir almenna veðlánakerfið og lánastarfsemina til íbúðabygginga. Í raun og veru er þetta okkar eina leið, sem fær er til þess að ráða bót á miklu vandamáli. Þörfin er óumdeilanleg. Það þarf að fullnægja eftirspurninni eftir íbúðalánum, og ég er sammála hv. flm. þessa frv., sem hér liggur fyrir, um nauðsyn þess að hækka verulega lánsupphæð íbúðalánanna. En ég er þeim ekki sammála um, að í þeirri viðleitni eigi að hafa að leiðarljósi aðgerðir vinstri stjórnarinnar í þessum málum, því að þau spor hræða vissulega. En ég ann framsóknarmönnum hins vegar að ástunda gælur sínar og dekur við kommúnista, þótt mér þyki það lýsa helzt til miklu ábyrgðarleysi í svo alvarlegu máli sem hér er til umræðu.

Flm. (Jón Skaftason): Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður, 1. þm. Vestf. (ÞK), telur sig vera sérfræðing síns flokks í þeim málum, er lúta að lánamálum húsbyggjenda hér á landi. Sú ræða, sem hann flutti hér áðan, virðist mér þó ekki bera vott um, að hann væri sérlega kunnugur þessum málum. Hann taldi flutning þessa máls dæmi um, að framsóknarþingmenn hér stunduðu kommúnistadekur. Að hans dómi var það sérstakt kommúnistadekur að leggja til, að lán til húsbygginga yrðu hækkuð um helming. Þessi niðurstaða hv. þm. er þeim mun einkennilegri, þar sem hann viðurkenndi í sömu ræðu, að hann teldi þörfina fyrir þessa hækkun ótvíræða og að mér skildist hækkun sanngjarna. Samt taldi hann flutning þessa máls sýna sérstakt kommúnistadekur okkar flm.

Það var eitt atriði, sem hv. þm. gerði sérstaklega að umræðuefni í ræðu sinni áðan. Það voru þau orð, sem er að finna í grg. með frv., að með lagasetningunni 1957, nr. 42, hefði verið stigið merkasta sporið á því sviði að efla opinbert veðlánakerfi á vegum ríkisins. Þetta taldi hann hina mestu fjarstæðu. Ég tel mér því skylt að fara nokkrum orðum um þetta atriði og rökstyðja það, sem ég hef sett í grg. um þetta atriði.

Þegar ég tala um, að á árinu 1957 hafi verið stigið merkasta sporið í þessum efnum, þá á **ég fyrst og fremst** við, að þá var í fyrsta skipti efnt til verulegrar sjóðmyndunar á vegum byggingarsjóðs ríkisins. Með þeirri löggjöf voru byggingarsjóðnum í fyrsta skipti tryggðar nokkuð verulegar tekjur. Að vísu tryggði löggjöfin frá 1955 byggingarsjóðnum nokkrar tekjur, en þær voru ekki nema lítill hluti af þeim tekjum, sem ráðgert var að byggingarsjóðurinn nyti, eftir að lögin frá 1957 voru sett. Ég vil víkja lítillega að nokkrum þeim helztu tekjustofnum, sem lagðir voru með löggjöfinni frá 1957 til byggingarsjóðsins.

Í fyrsta lagi var ráðgert, að þangað rynni fé af skyldusparnaði. Í áætlun, sem sjóðsstjórn byggingarsjóðs gerði á sínum tíma, áætlaði hún, að árlegar tekjur byggingarsjóðsins af þeim tekjustofnum, sem honum voru fengnir með þeirri löggjöf, mundu nema árlega um 40 milljónum kr., að því er mig minnir. Af þessum 40 millj. kr. áttu tekjur af skyldusparnaði að nema um 20 millj. kr.

Í öðru lagi var ráðgert með lögunum frá 1957, að um 2/3 hlutar af stóreignaskatti rynnu til veðlánakerfisins. Reiknað var með, að sá skatthluti mundi gefa í árlegar tekjur byggingarsjóðsins um 10 millj. kr. á ári. Hitt er svo annað mál, að tekjurnar, bæði af skyldusparnaðinum og þó ekki sízt af skattinum á stóreignir, hafa orðið miklu minni en ráð var fyrir gert í upphafi, og hygg ég, að flokkur hv. síðasta ræðumanns eigi ekki hvað sízt sök á því, að tekjur byggingarsjóðs af skatti á stóreignir eru svo að segja að hverfa. Maður hefur séð í blöðum því haldið fram, að nú standi jafnvel til að fella niður þær eftirstöðvar af þessum skatti, sem enn þá standa eftir. Stóreignaskatturinn nam, ef ég man rétt, upphaflega um 135 millj. kr. En ég hygg, að hann sé kominn niður í um 60—70 millj. kr. og tekjur byggingarsjóðsins af þessum tekjustofni hafi því minnkað tilsvarandi. Það er því sízt ástæða fyrir hv. síðasta ræðumann að tala um einhverja sérstaka ást þeirra hv. sjálfstæðismanna á hagsmunum húsbyggjenda, því að þeirra framkoma, t. d. í þessu atriði, sannar þá ást ekki í verki.

Það eru fleiri nýir tekjustofnar, sem lagðir voru byggingarsjóðnum til með löggjöfinni frá 1957. Það er 1% álag, er innheimta átti aukalega á tekju- og eignarskatt og stríðsgróðaskatt og aðflutningsgjöld samkv. tollskrá með gildandi viðaukum. Þetta var líka nýr tekjustofn.

Ég get því endurtekið hér úr þessum ræðustóli þau orð, sem er að finna í grg., að með löggjöfinni frá 1957 hafi verið stigið merkasta sporið á þeirri braut að efla opinbert veðlánakerfi til húsabygginga hér á landi. Ég þykist hafa fært að þessu nokkur rök. Að sjálfsögðu byggist þetta veðlánakerfi, eins og öll önnur lánakerfi, á því, að tekjur fáist til útlána. Og það er einmitt á því sviðinu, sem löggjöfin frá 1957 sker alveg úr um, að þar er miklu lengra gengið en nokkurn tíma áður hefur verið gert til þess að afla byggingarsjóði ríkisins tekna. — Ég tel mig þá hafa svarað þessu atriði úr ræðu hv. ræðumanns.

Hv. ræðumaður vék einnig að því, að hæstv. núv. ríkisstj. og þeir flokkar, sem hana styðja, væru miklu vinveittari hagsmunamálum húsbyggjenda en þeir flokkar, sem í stjórnarandstöðunni eru. Við skulum nú líta á þetta nokkru

nánar. Hann vildi halda því fram, að með frjálsri sparifjármyndun í landinu væri einungis hægt að tryggja fjármagn til þessara framkvæmda. Ég get fallizt á þetta, eins langt og það nær. En við skulum líta á, hvaða hlutir hafa gerzt í þessu efni á valdaskeiði núv. hæstv. ríkisstj. Málgögn hennar hafa æ ofan í æ lýst því yfir, að einn glæsilegasti árangur stjórnarstefnunnar til þessa væri aukning á innlánsfé í lánastofnanir landsins. Við skulum þá ætla, að húsbyggjendur í landinu og þ. á m. byggingarsjóður ríkisins hafi notið einhvers í af þeirri miklu innlánaaukningu, sem hefur orðið á s. l. tveimur árum. En hvað segir reynslan um það? Ég las hér upp áðan úr grg., hver útlán byggingarsjóðs ríkisins hafa orðið á árunum 1957—61, og þau sýna, að á tveim seinustu árunum eru útlánin að vísu dálítið hærri en þau voru árin 1957 og 1958, en þar munar mjög litlu, og ég hygg mig muna það rétt, að árið 1956 hafi verið lánað enn þá meira úr byggingarsjóði ríkisins en bæði árin 1960 og 1961. Það er því staðreynd, að byggingarsjóðurinn hefur a. m. k. ekki notið þeirrar innlánsaukningar, sem orðið hefur í bönkum landsins á valdaskeiði núv. hæstv. ríkisstj. Það sýna útlán sjóðsins þessi tvö síðustu ár.

Það er svo annað mál, sem þó tilheyrir þessu máli, að það er ekki einasta, að útlán byggingarsjóðsins nú tvö síðustu árin hafi ekki aukizt, svo að nokkru verulegu nemi, heldur hefur byggingarkostnaður á valdatímabili þessarar hæstv. ríkisstj. vaxið svo stórlega, að hann hefur raskað öllum eðlilegum möguleikum almennings í landinu til þess að byggja húsnæði yfir sig. Það er því eðlilegt, að hv. síðasti ræðumaður geti staðið hér nokkuð kotroskinn í ræðustóli og hælt sér og sínum flokki fyrir góða framgöngu í lánamálum húsbyggjenda. Ég get ekki, þótt ég beiti fyllstu sanngirni í mati mínu á því atriði, orðið honum sammála um þá niðurstöðu.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég gerði ekki ráð fyrir því að taka þátt í þessum umr., en nafn mitt hefur verið nefnt í sambandi við þetta mál, sem til umr. er.

Frv. er að meginefni um það, að nú séu aðstæður svo breyttar að því er verðlag snertir í landinu og byggingarkostnað, að ástæða sé til þess að hækka það hámark, sem verið hefur um byggingarlán á íbúð, nálega um 100%, og hygg ég, að flestir hljóti að vera sammála um það, að til þess sé ærin ástæða og í raun og veru sé ekki verið að hækka með slíkri breytingu þau lán, sem veitt eru út á íbúð hverja, heldur aðeins að gefa lánsupphæðinni svipaðan kaupmátt og hin lægri upphæð hafði fyrir svo sem fimm árum.

Það var svo hv. 1. þm. Vestf. (ÞK), sem sá tilefni til þess út af ummælum í grg. með frv. að vefengja það, að breyting sú, sem gerð var á húsnæðismálalöggjöfinni 1957, væri einn merkasti áfanginn, sem stiginn hefði verið í sambandi við úrlausn húsnæðismálanna. Að sjálfsögðu er alltaf hægt að deila um slíkar fullyrðingar, og ég skal engan veginn ætla mér neitt dómarasæti um það. En það er, sem betur fer, ekki neitt á huldu, hvaða breytingar voru gerðar á húsnæðismálalöggjöfinni 1957, og fyrir því hefur að verulegu leyti verið gerð grein af hv. flm., sem hér talaði nú rétt áðan. En eitt af því, sem gerðist með setningu þessara laga, var það, að húsnæðismálastofnuninni eða byggingarsjóði ríkisins var þá tryggt 118.2 millj. kr. stofnfé, og þess gleymdi hv. 1. þm. Vestf. alveg að geta. Þetta var þannig: Í fyrsta lagi var byggingarsjóði ríkisins tryggður sem eign varasjóður hins almenna veðlánakerfis, sem var 20.9 millj. kr., í öðru lagi lán ríkisins til lánadeildar smáíbúða, 32.8 millj., og í þriðja lagi A-flokkabréf ríkisins, sem keypt voru fyrir tekjuafgang ríkissjóðs árið 1955, að upphæð 11.3 millj., og svo 2/3 hlutar af væntanlegum stóreignaskatti, en sú upphæð skyldi nema 53.2 millj. kr., eða þetta samtals 118 millj. kr. Nú hefur það verið tekið fram hér alveg réttilega, að það er Sjálfstfl., sem hefur séð meiri ástæðu til þess að undanþiggja stórgróðamennina í landinu þeim stóreignaskatti, sem réttilega og sanngjarnlega var á þá lagður, heldur en að þessi upphæð færi til þess að hjálpa fátæku fólki í landinu til þess að leysa úr sínum húsnæðismálum, og þetta er kórónan hjá Sjálfstfl. í húsnæðismálunum, einn helzti gimsteinninn, sem glitrar í þeirri kórónu.

Auk tekna af þessu stofnfé sjóðsins, sem áætlað var að næmu árlega um 23 millj. kr., var svo gert ráð fyrir tekjuöflun til hans, sem nema mundi um 7—8 millj. kr., eftir áætlun þeirra manna, sem til þess voru fengnir, en það voru einmitt trúnaðarmenn Landsbanka Íslands, og svo enn fremur tekjur af sparnaðarframlögum, hinum svokallaða skyldusparnaði, en árleg sparnaðarframlög voru áætluð um 15 millj. kr., og var gert ráð fyrir því, að meginhluti þess fjár hlyti að verða til útlána á hverjum tíma, og svo lengi sem ég fylgdist nákvæmlega með þessum málum, þá sýndi það sig, að þessi áætlun um skyldusparnaðinn, tekjurnar af honum, stóðst fyllilega og gerði betur. Hitt var svo alveg vitað mál, að þegar 5 árin væru liðin og greiðslur ættu að koma aftur til þeirra, sem höfðu sparað samkvæmt skyldusparnaðarlagaákvæðunum, þá yrði auðvitað að gera ráð fyrir því að afla byggingarsjóði ríkisins tekna í staðinn. Það var engin eilífðarlausn, sem hér hafði verið gerð, en hún hafði þó verið gerð þannig, að veruleg úrbót var að í bili og meira að segja um nokkur ár fram í tímann.

Samanlagt var áætlað, að eigið fé sjóðsins til útlána gæti á næstu árum orðið um 40 millj. kr. Samkvæmt áætlun, sem trúnaðarmenn Landsbankans gerðu svo og heimiluðu að birt væri sem fskj. með þessu frv., áttu eignir sjóðsins í árslok 1961 að vera orðnar 163 millj. 230 þús. kr. og lánsupphæð samtals á árinu 1961 af þessum föstu tekjustofnum 25 millj. 640 þús. kr. Í árslok 1966 áttu eignir sjóðsins að vera orðnar 292 millj. 170 þús. samkv. þessari töflu, sem starfsmenn Landsbankans sömdu, að ég hygg eftir beztu vitund. En það er ekki von, að svona áætlun standist, þegar liður upp á 53 millj. í stóreignaskatti hefur verið að litlu leyti innheimtur og að því er fregnir herma nú ákveðið að gefa stórgróðamönnunum hann algerlega eftir. Þá verður hann auðvitað ekki til tekna fyrir

byggingarsjóð ríkisins. Nú má það merkilegt heita, að málsvari þess flokks, sem þetta er að framkvæma, skuli líta yfir svona þýðingarmikið atriði í sambandi við umr. um þetta mál.

Annars var skyldusparnaðurinn settur á í **tvenns konar tilgangi.** Hann var í fyrsta lagi tekjuöflun um visst árabil fyrir byggingarmálin í landinu, en hann var líka settur á til þess að tryggja unga fólkinu, sem hefði lagt þetta starfsfé húsnæðismálanna í té, forgangsrétt að lánum, þegar lánið væri fallið til endurgreiðslu á ný. Og það er það, sem ég vil a. m. k. vænta að núverandi stjórnarflokkar geri ekki, að svipta unga fólkið þeim rétti, sem því var með þessum lögum helgaður, að eiga forgangsrétt að lánum, þegar skyldusparnaðarfé þess hefði þjónað byggingarmálunum eins og verða mátti og átti að koma unga fólkinu til endurgreiðslu á ný. En að einu leyti held ég, að illa hafi verið farið með unga fólkið, sem lagt hefur fram fé í skyldusparnaðinn. Í lögunum segir, að það eigi að greiða því vexti eins og almennir útlánsvextir séu. En ég er hræddur um, að það hafi gleymzt að hækka vextina til unga fólksins, og það gæti e. t. v. verið ástæða til þess að athuga, hvort ekki hafi verið brotin á því lög, þegar vextirnir voru hækkaðir almennt. Og er það þá annar gimsteinninn í kórónu þessarar virðulegu hæstv. ríkisstj. í sambandi við húsnæðismálin að hafa líklega haft stórfé af unga fólkinu, sem hefur lagt húsnæðismálastofnuninni og byggingarsjóði ríkisins til stórfé á undanförnum árum.

En mér heyrist, að myndin af því, hvernig húsnæðismálin standi núna, sé ekkert sérlega glæsileg, þrátt fyrir það, þó að hinn virðulegi Sjálfstfl. sitji nú við stjórnvöl. Ég veit ekki betur en það sé staðreynd, að það hafi dregið mjög úr byggingu íbúðarhúsnæðis í landinu á undanförnum árum. Og orsökin til þess afturkipps er versnandi efnahagsafkoma í landinu. En þegar færri íbúðir eru byggðar, þá hefði átt að verða auðveldara fyrir húsnæðismálastofnun ríkisins að fullnægja þeim umsóknum um lán, sem bærust. En það er síður en svo. Það var upplýst hér áðan af hv. flm. málsins, að um 2000 umsóknir biðu nú að mestu leyti óafgreiddar eða algerlega óafgreiddar, og mun sjaldan hafa staðið verr í þeim efnum. Þó er upphæðin, sem nú er veitt á íbúð, aðeins að verðgildi um það bil helmingur á við það, sem var, þegar húsnæðismálalöggjöfin var seinast endurskoðuð, og hygg ég því, að öllum megi ljóst vera, að í óefni er komið um þessi mál og hefur sjaldan horft verr en nú.

Þorvaldur G. Kristjánsson: Herra forseti. Hv. 4. þm. Reykn. virtist vera nokkuð viðkvæmur fyrir kommúnistadekrinu, og ég tek það ekki illa upp. En ég vil leiðrétta þann misskilning, að ég sagði ekki, að það væri kommúnistadekur að flytja þetta frv., heldur það að hafa þau villandi ummæli um afrek vinstri stjórnarinnar í húsnæðismálunum, sem fram koma í grg., og á því er mikill munur.

Þessi hv. þm. fór eitthvað að tala um þekkingu mína á húsnæðismálum. Við getum alveg látið það liggja á milli hluta, og ég geri mig ánægðan með það, að hv. þdm. dæmi um það fyrir sig. En mér fannst liggja í orðunum, að hann vissi þeim mun betur um þessi mál. Því kom mér það á óvart, þegar hann lagði aukna áherzlu á, að það væri merkasta sporið, sem hefði verið stigið í þessum málum, þegar löggjöfin var sett árið 1957 og stofnað til sjóðmyndunar til íbúðalána. Ég held, að enginn, sem nokkur skil veit á þessum málum, láti sér í alvöru detta slíkt í hug, að það hafi verið nokkur nýjung. Eða hvernig er það, hafa menn algerlega gleymt, þó að ég nefni ekki annað en byggingarsjóð verkamanna, sem er einmitt byggður upp á sjóðagrundvellinum? Ég ætla ekki að ræða frekar um þetta. Ég held, að það sé ljóst, að hvernig sem á þetta mál er litið, var það enginn stórviðburður og enginn merkisviðburður, þó að það væri 1957 breytt nafni á varasjóði almenna veðlánakerfisins, sem stofnaður var 1955. Það verður ákaflega erfitt að færa rök fyrir því, að það hafi markað einhver straumhvörf eða tímamót í þessum málum. Það væri aðeins hægt að hugsa sér þó, að það væri, ef þeir tekjustofnar, sem við var bætt um leið, hefðu verið sérlega veigamiklir. En hv. 4. þm. Reykn. kom í síðari ræðu sinni aftur inn á þetta atriði og gerði þar raunverulega ekkert annað en staðfesta það, sem ég sagði hér í minni fyrri ræðu, þ. e. a. s. að hér kom ekkert nýtt til nema ákvæðið um 1% álag á tekjuskatt, sem lögbundið var með lögunum frá 1957, ekki nýr árlegur tekjustofn, fyrir utan að hluta af stóreignaskattinum var varið til sjóðsins, eins og ég tók fram í minni ræðu. Við hv. 4. þm. Reykn. erum því algerlega sammála um það, hvað skeði í þessu efni. Ég verð að líta þannig á hans ræðu hér áðan. Hann bendir ekki á neina aðra nýja tekjustofna en þá, sem ég gat um. Og þessir tekjustofnar hafa þýtt það fyrir kerfið, eins og ég gat um áðan, að 1% gjaldið hefur gefið að meðaltali um 5 millj. kr. á ári, en stóreignaskatturinn hefur gefið 9.4 millj. kr. hingað til.

Hv. 4. þm. Reykn. sagðist geta fallizt á það með mér, svo langt sem það næði, að undirstaða fjármagnsöflunar til íbúðalána væri aukning spariinnlánanna eða hin frjálsa sparifjáraukning. En hann vildi draga úr þessari skoðun okkar beggja með því að benda á, hver væri árangurinn í tíð núv. ríkisstj., eftir að sparifjársöfnunin hefur aukizt svo sem raun ber vitni um. Í hverju kemur hún fram í sambandi við útlán til íbúðabygginga? spurði hv. þm. Með því að mér fannst, að honum væri ekki fullkomlega kunnugt um það, ekki a. m. k. nógu nákvæmlega, þá þykir mér rétt að víkja nokkuð að þessu atriði hér á eftir, og með því svara ég að nokkru leyti því, sem hv. 4. landsk. þm. (HV) sagði í sinni ræðu. En áður vil ég nokkuð víkja að umr. um það, hvað skeði, þegar byggingarsjóður ríkisins var stofnaður með lögum 1957. Við hv. 4. þm. Reykn. virðumst vera sammála um, að það séu aðeins tveir nýir tekjustofnar, sem komi þar til. Hins vegar erum við hv. 4. landsk. þm. ekki eins sammála, og þess vegna vil ég fara nánar út í það atriði. Og mér finnst fullkomin ástæða til þess, vegna þess að það er furðulegt, að það skuli hafa verið lagt fram af hálfu ríkisstj. eða félmrh., sem fór með

þessi mál árið 1957, önnur eins grg. og var lögð fram með frv. til húsnæðismálanna þá, vegna þess að í þeirri grg. er beinlínis skýrt svo óljóst, — mér liggur við að segja villandi frá því, sem er að gerast þar, að það verður ekki hægt að líta á þá grg. öðruvísi en sem frekar auvirðilegt áróðursplagg. Ég held, að það sé mjög ljóst, hvað þarf að gera, til þess að skera úr því, hvor hefur réttara fyrir sér, ég eða hv. 4. landsk. þm., í sambandi við það, hvað skeði, þegar byggingarsjóðurinn var stofnaður 1957. Og það verður gert með því að bera saman annars vegar 4. og 5. gr. l. nr. 55 frá 1957, um húsnæðismálastjórn og veðlán til íbúðabygginga, og hins vegar 3. gr. l. nr. 42 frá 1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins o. fl. Ef þessar greinar eru bornar saman, kemur í ljós það, sem ég sagði í minni fyrri ræðu, að það eru aðeins tveir nýir tekjustofnar, fyrir utan skyldusparnað, sem ég hef sérstaklega talað um, teknir upp í þessu sambandi. Allt tal í aðra átt er orðaleikur. Og það geta menn séð með því að bera nákvæmlega þessar lagagreinar saman.

En ég vil þá víkja að því, hver hefur orðið árangurinn í tíð núv. ríkisstj. Ég sagði áðan, að þegar farið hefði að gæta áhrifanna af stjórnarstefnu núv. hæstv. ríkisstj., hefði farið að rofa til í sambandi við sölu bankavaxtabréfanna og það svo mikið, að á þessu ári fram til 15. ágúst hafa selzt bankavaxtabréf fyrir 100% hærri upphæð en allt árið 1958. Og hér er um svo mikinn mismun að ræða, að ég held, að menn hljóti að taka eftir því. En þá segir hv. 4. þm. Reykn.: Hvernig kemur þetta út í útlánunum sjálfum? — Og samkv. því, sem hann sagði, virtist hann ekki sjá, að þetta kæmi þar fram. Þetta er á einhverjum misskilningi eða ónógum upplýsingum að sjálfsögðu byggt, en ég tel rétt, að þetta atriði sé nánar skýrt.

Á árinu 1960 voru afgreidd íbúðalán að upphæð 52.2 millj. kr. En á þessu ári fram til 15. ágúst var búið að afgreiða íbúðalán að upphæð 52.5 millj. kr. Þessa dagana er svo að ljúka, ef því er ekki lokið, að úthluta 20 millj. kr., sem að sjálfsögðu verður afgreitt fyrir næstu áramót, þannig að þetta ár hlýtur að koma út með meiri afgreidd íbúðalán en nokkurt ár í sögu þessara lána. Ég hygg, að þetta sýni svo glögglega sem vera má, að þegar við athugum þessa hlið málanna, þá kemur það einnig í ljós og auðvitað hlaut það að koma í ljós, að um verulega aukningu íbúðalána hefur verið að ræða.

Ég hef e. t. v. ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um þessi mál. Ræður hv. 4. landsk. þm. og hv. 4. þm. Reykn. gefa e. t. v. ekki tilefni til þess, nema ef sérstaklega skyldu vera hreystiyrði hv. 4. landsk. þm. hér í ræðu sinni áðan. Þessi maður taldi sig vera þess umkominn að tala um lélegt ástand húsnæðismálanna í tíð núv. ríkisstj. Ég hefði haldið, að allra sízt hefði einmitt þessi hv. þm. átt að hætta sér út á þá braut að gera nokkurn samanburð á húsnæðismálunum í hans stjórnartíð og í stjórnartíð annarra. Og mér þykir rétt að færa að þessum orðum mínum nokkra stoð, og ég skal vera mjög stuttorður. Ég gæti talað langt mál til þess að sýna fram á réttmæti þessara fullyrðinga minna.

Áður en þessi hv. þm. tók við yfirstjórn þessara mála, var hann manna fremstur í flokki að deila á það, að lánsupphæðirnar, sem veittar voru til íbúðalána, væru of lágar. Hann var fremstur í flokki að deila á lánskjörin, að þau væru slæm, ekki nógu góð. Og hvernig kemur það út, ef við berum svo saman þessi atriði? Hvernig var um þessi mál háttað, þegar hv. þm. var að deila á ástand þessara mála, og hver var árangurinn, þegar hann fór með æðstu stjórn þessara mála? Í þessu sambandi leyfi ég mér að benda á, að fyrir hans tíð var upphæð lána, sem veitt voru frá almenna veðlánakerfinu, að meðaltali um 55 þús. Þetta er á árinu 1955. Það er 2 eða 3 þús. lægra að meðaltali 1956. En strax er áhrifanna fer að gæta af hans yfirstjórn á þessum málum, er þetta meðaltal komið niður í 35 þús. kr., á árinu 1957. Ég benti á lánskjörin. Það var sérstakt ádeiluefni hjá þessum hv. þm., áður en hann tók við stjórn þessara mála, að 2/7 af lánum almenna veðlánakerfisins voru svokölluð vísitölulán. Það var bent á, að þau væru óhagkvæmari og það þyrfti helzt að afnema þau. Hvað skeði, eftir að þessi hv. þm. tók við yfirstjórn þessara mála? Þá var þessu breytt á þann veg, að lántakendur voru skyldaðir til þess að taka við lánum sínum þannig, að 50% af upphæðinni voru með vísitölukjörum. En um leið og þetta skeður, um leið og lánsupphæðirnar lækka í stjórnartíð þessa hv. þm., um leið og lánskjörin versna, þá skeður það, að byggingarkostnaðurinn hækkar. Á þessum tíma hækkaði byggingarkostnaðurinn um 30%. Þetta skeður á sama tíma sem lánin lækka í framkvæmd og lánskjörin versna. (**HV**: Hvað mundi það vera í dag?) Hvað mundi það vera í dag? segir hv. þm. Ég vil minna hv. þm. á það, að byggingarkostnaðurinn í tíð núv. ríkisstj. hefur ekki hækkað um 30%, hann hefur hækkað um 26%. (**Gripið fram í:** Þetta er nú dálítið skrýtinn reikningur.) Þessi reikningur er venjulegur prósentureikningur, byggður á þeim upplýsingum, sem hv. flm. gefa í þeirri grg., sem liggur hér. (**Gripið fram í:** Hvað eru þá vextirnir?) Það er reiknað beint út frá þeim upplýsingum, sem hv. flm. gefa. (**Forseti:** Ég vil biðja hv. þm. að gera svo vel að hafa ekki samtal.) Og það er hér verið að víkja að því, hvað hafi verið lánað út úr almenna veðlánakerfinu á hverjum tíma. Við skulum að gefnu tilefni athuga það nánar. Þegar það er athugað, þá kemur í ljós, að á því tímabili, sem almenna veðlánakerfið var starfrækt fyrir tíð vinstri stjórnarinnar, 1955—1956, eða í átta mánuði, var samtals veitt úr kerfinu 69.5 millj. kr. En á þeim tíma, sem vinstri stjórnin var við völd í 2½ ár, var veitt úr þessu sama kerfi 116 millj. kr. Og hvað sýnir þetta? Það sýnir það, að í tíð ríkisstj. Ólafs Thors var veitt að meðaltali á mánuði 8.7 millj. kr. úr kerfinu, en í tíð vinstri stjórnarinnar, þegar merkust spor voru stigin að dómi framsóknarmanna, þegar hv. 4. landsk. fór með yfirstjórn þessara mála, þá var veitt 3.9 millj. kr. að meðaltali á mánuði. Eins og ég sagði áðan, ég ætla ekki að vera langorður, því að ræður hv. 4. landsk. og hv. 4. þm. Reykn. gáfu ekki sérstakt tilefni til þess, en það mætti halda áfram að benda á frammistöðu hv. 4. landsk. þm. í þessum málum. Það mætti halda áfram að gera slíkt. Ég held því,

að hann sé ekki sérstaklega til þess kjörinn að deila á núv. hæstv. ríkisstj. fyrir frammistöðu hennar í þessum málum.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Hæstv. forseti. Ég hafði nú ekki hugsað mér að taka þátt í þessum umr. og bjó mig þess vegna ekkert undir það að geta gefið upplýsingar, sem ég kannske kynni að hafa getað gefið, ef ég hefði verið undir það búinn. En þó eru það nokkur atriði eða a. m. k. tvö í sambandi við þetta mál, sem ég vildi láta koma hér fram.

Þegar gerður er samanburður, eins og gerður er í grg. hv. flm., um afgreidd lán á ári, þá koma ekki í þessum samanburði fyrir síðustu árin öll kurl til grafar. Því er t. d. haldið fram, að á árinu 1960 hafi verið veittar 52.1 millj. kr. til þessara íbúðalána. En raunverulega voru fyrir hendi á því ári til útlána rúmar 70 millj., en nokkrum hluta af þeirri upphæð var ekki úthlutað fyrr en eftir áramótin og kemur því ekki með í veitt útlán á árinu 1960. En náttúrlega kemur það fram í hækkaðri upphæð á árinu 1961, enda er hún, eins og hér hefur margkomið fram, orðin, þó að ekki sé allt árið og ekki nálægt því, hærri á þessu ári en hún er talin í þessari upptalningu á árinu 1960. Það rétta er, að bæði árin 1960 og 1961 tókst að fá til útlána, — eða ég vil vænta þess, að það verði eins á þessu ári og var í fyrra, — 25 millj. kr. sölu í bankavaxtabréfum, sem ekki var fyrir hendi áður, og gerði það náttúrlega húsnæðismálasjóði miklu auðveldara fyrir um útlán en áður. En þar á móti kemur, og því er ekki að leyna, að tekjustofnarnir gömlu sumir hafa brugðizt alveg hrapallega, þannig að skyldusparnaðartekjurnar, sem koma til útlána nú, eru ekki orðnar nema brot af því, sem þær voru í upphafi. Endurgreiðslurnar í skyldusparnaðarkerfinu eru orðnar svo miklar, að tekjurnar, sem komu af því í upphafi og voru að ég ætla nokkuð verulega yfir 20 millj. kr., eru nú komnar niður í 5—6 millj. Það gerir það að verkum, að gömlu tekjustofnarnir hafa ekki getað staðið sig eins vel og þeir gerðu áður. En á móti því hefur aftur verið fengin, eins og hér kom fram hjá hv. 1. þm. Vestf. (ÞK), mjög veruleg aukning í sölu bankavaxtabréfanna, sem hefur gert það að verkum, að til ráðstöfunar á árunum 1960 og 1961 eru raunverulega ekki 52 millj., eins og talið er í grg. og mér finnst svolítið villandi, heldur raunverulega 70 millj. kr. bæði árin, þó að úthlutuninni fyrir árið 1960 hafi lítið eitt seinkað, þannig að nokkuð af henni hafi færzt yfir á 1961. En eins og ég segi, ef úthlutun allrar upphæðarinnar, sem er til ráðstöfunar 1961, verður lokið fyrir áramót, þá á upphæðin 1961 að verða þeim mun hærri. Þetta þýðir, að ef borið er saman það fé, sem hefur verið til úthlutunar á árunum 1957 og 1958 og á árunum 1960 og 1961, þá hefur þetta hækkað um yfir 50% í heildinni.

Það er gerð tilraun til þess í grg. líka að gefa skýrslu um það, hvað byggingarkostnaðurinn — á teningsmetra er það víst — hefur hækkað á árabilinu frá 1957 til ársins 1961, og það er talið, að hann hafi hækkað úr 1079 kr. á árinu 1957 og upp í 1418 kr. á árinu 1961, og skal ég ekkert segja um þessar tölur annað en það, að ég les þær aðeins hér í grg. og hef ekki haft neina aðstöðu til þess að sannprófa þær. En ef þessar tölur eru réttar, þá hefur hækkun byggingarkostnaðar frá 1957 og til 1961 numið um 32%, og lætur nærri, eins og hér var sagt áðan, að hækkunin í tíð núv. ríkisstj. hafi verið um 26%. Það er að vísu mikil hækkun, en hækkun hefur komið fyrir áður, og ég vil segja, ekki ósvipuð þessari. En samtímis því sem byggingarkostnaðurinn hefur hækkað á þessu fjögurra eða fimm ára tímabili, frá 1957 til 1961, um 32%, þá hefur fé, sem til ráðstöfunar hefur verið til útlána, hækkað — ekki um 32%, heldur um 50% rúm, þannig að það er þó a. m. k. nokkru meira en byggingarkostnaðaraukningunni hefur numið.

Það hefur verið sagt, að fjöldi umsókna sé mikill. Ég hef ekki heldur tölur um það hér, en ég held, að ég geti fullyrt, að þessum umsóknum hafi fækkað frá því, sem áður var, þannig að þær séu nú ekki fyrir hendi eins miklar og þær voru áður. Þannig hefur gengið á umsóknirnar, og verði hægt að halda áfram að auka fé til þessarar starfsemi, er stefnt að því marki, sem auðvitað á að stefna að, að það verði hægt að veita lán í þessu skyni nokkurn veginn jafnskjótt og umsóknir um þau berast.

Ég er ekki að halda því fram, að hér hafi verið ráðin endanleg bót á með þeim aðgerðum, sem gerðar hafa verið, langt í frá. Það er enn mikið ógert. En ég vil fullyrða, að það sé rangt, sem hér var sagt áðan, að það hafi aldrei verið eins illa komið þessum málum og nú er. Sú fullyrðing fellur áreiðanlega um sjálfa sig.

Annars er það út af fyrir sig ákaflega æskilegt, að haldið sé áfram að auka það fé, sem til ráðstöfunar er í þessu skyni, og ég vil vona, að það verði hægt að sinna þeim málum áfram, eins og gert hefur verið tvö síðustu árin. En hvað fljótt tekst að ná þar á enda, skal ég ekkert fullyrða um, og verður kannske aldrei náð. En þar kemur fyrst og fremst til, hvaða möguleikar eru í landinu til þess að leggja fram fé í þessu skyni. Það er eins og allir vita, að við erum í ákaflegri fjárþröng. Við eigum ekki ráð á nema litlum hluta af þeim fjármunum, sem við þurfum að nota, og hvort fé er þá notað í þetta eða í aðrar nauðsynlegar og aðkallandi framkvæmdir, verður að vera mat Alþingis og ríkisstj. á hverjum tíma. Það er náttúrlega öllum ljóst, að þó að þörfin sé fyrir hendi að gera þetta og hitt, þá eru ekki alltaf möguleikar til framkvæmdanna fyrir hendi. Möguleikarnir og þarfirnar standast ekki alltaf á, því miður.

Lúðvík Jósefsson: Hæstv. forseti. Það var alveg sérstaklega eitt atriði, sem fram hefur komið í þessum umr., sem mér fannst vera sett fram á þann hátt, að það væri full ástæða til þess að vekja athygli á því, hve villandi það er. Það kom mjög fram í ræðu hjá hv. 1. þm. Vestf. (ÞK) og nú aftur í ræðu hæstv. félmrh., að úthlutun íbúðalána hefði verið í krónutali nokkru hærri árin 1960 og 1961 en hefði verið á árunum á undan, og jafnvel látið sérstaklega orð liggja að því, að búast mætti við því, að á þessu ári væri raunverulega um talsverða hækk-

un að ræða frá því, sem verið hefur. En það vantar allmikið í þessa lýsingu, til þess að hún gefi rétta mynd af því, sem raunverulega hefur verið að gerast. Vildu ekki þessir ræðumenn og þá alveg sérstaklega hæstv. ráðh. skýra frá því, hvað mikill hluti af útlánum á vegum húsnæðismálastjórnar árin 1960 og 1961 eru fjármunir þess eðlis, að það voru víxlalán í bönkum landsins, sem var breytt yfir í föst lán á vegum húsnæðismálastjórnar, en húsbyggjendur í landinu voru búnir að fá til sinna bygginga fyrir löngu, voru búnir að fá til sinna bygginga árið 1959 og jafnvel 1958, og nú var þessum lánum aðeins breytt í formleg lán? Hér var sannarlega ekki um lánaaukningu að ræða, heldur aðeins var hér um lánabreytingu að ræða. Það væri mjög fróðlegt að fá það upp gefið hér, hvað mikið af þessum lánum á þessum tveimur árum var þessa eðlis. En húsbyggjendur hafa sannarlega fundið, að það jukust ekki mikið lánin þeirra þrátt fyrir þessa lánabreytingu, því að svo hafði það verið í bönkum landsins allajafna, að menn höfðu fengið þar talsvert mikil lán. Hið sanna er, að þegar tillit er tekið til þessa, eru hin raunverulegu lán, sem húsnæðismálakerfið veitir úr sínum eigin sjóðum, miklum mun lægri en áður hafði verið á hverju ári. Ég vil alveg sérstaklega fara fram á það við hæstv. ráðh., að hann gefi upplýsingar um það, hve miklu þessar fjárhæðir nema, því að annars er þessi samanburður vitanlega alrangur, því að það, sem máli skiptir í þessum efnum, er, hvað húsbyggjendur í landinu hafa fengið mikið af lánum til þess að ráða við sinn húsbyggingarkostnað á hverju ári.

En það var margt fleira í þessum umr., sem hér hefur komið fram, einkum hjá hv. 1. þm. Vestf., sem ég tel svo rangt og villandi, að alveg furðu gegnir í málflutningi. Hann hefur gert það í málflutningi sínum að sérstöku atriði að bera saman stjórn húsnæðismálanna og hinn opinbera stuðning við þau á tímum vinstri stjórnarinnar og á tímum núv. ríkisstj. Og hann hefur jafnvel farið í slíkan útreikning að reikna það út, að meðaltalslán, sem veitt hafi verið árin 1955 og 1956, hafi verið hærri en meðaltalslán, sem veitt voru aftur á árunum 1957, 1958 og síðar. Þó hafa þessi meðaltalslán enn verið að minnka — hann gat þess auðvitað ekki — í tíð núv. hæstv. ríkisstj. Auðvitað segja þessi meðaltalslán ekkert um stuðning hins opinbera í sjálfu sér við húsbyggjendur í landinu. Það er vitanlega heildarlánveitingin, sem hér gildir, og svo annar aðbúnaður að húsbyggjendum í landinu í sambandi bæði við verðlagsmál, lánakjör og vaxtakjör almennt og annað þess háttar. En þetta kemur einna bezt fram í opinberum skýrslum, sem liggja fyrir um það, hvernig húsbyggjendur í landinu hafa brugðið við á hverjum tíma, hvað þeir hafa treyst sér til að leggja út í byggingar, hvað þeir hafa komizt áfram í byggingarmálum? Samkvæmt skýrslu Landsbankans, birtri í Fjármálatíðindum, sem ég hef hér við höndina, kemur í ljós, að á þessum dýrðarárum, 1955 og 1956, — sem er nú auðvitað ekki nema að hálfu leyti síðara árið, það er a. m. k. talið hálft árið til vinstri stjórnarinnar, ef á að reyna að halla eitthvað á árið, en stundum vill nú fyrrv. ríkisstj. telja allt árið til sín, ef eitthvað er loflegt við það ár, — en hvernig var þá háttað um byggingar landsmanna? Árið 1955 er talið, að byggðar hafi verið í Reykjavík 564 íbúðir. Og árið 1956, þegar stóraukinn stuðningur frá hálfu vinstri stjórnarinnar kom við húsbyggjendur með stórauknum lánum í árslokin 1956 og ársbyrjun 1957, þá urðu byggingar 706. En svo kom vinstri stjórnin, og þá urðu byggingar í Reykjavík ekki 564, eins og þær voru árið 1955, heldur 935 og hafa aldrei orðið eins margar nokkurn tíma. Og árið á eftir, hitt ár vinstri stjórnarinnar, voru þær 845, en árið 1959 740, og síðan hafa þær farið fallandi. Það hefur aldrei verið byggt eins mikið af íbúðum í okkar landi og á árunum, sem vinstri stjórnin sat að völdum. Það votta opinberar skýrslur, og um það er ekki hægt að þrátta, og gildir það nákvæmlega sama um byggingar í Reykjavík og úti á landi. Þessar tölur ætti hv. þm. að festa sér í minni, þegar hann ræðir þessi mál.

Hv. 1. þm. Vestf. vildi gera lítið úr því, sem gert var í þessum málum varðandi aðstoð ríkisins við húsbyggjendur með lögunum um húsnæðismálastjórn 1957. En hann hefur hlaupið yfir eitt meginatriðið, sem þar var lögfest. Þar var lögfest, eins og hér hefur verið minnzt á af öðrum í þessum umr., að húsnæðismálastjórnin skyldi fá til eignar sjóði, sem nema 118 millj. kr. Ég skil það, að hv. þm. vill sem allra minnst tala um þennan stofnsjóð, vegna þess að hans flokkur hefur tekið til baka meginhlutann af þessu og gefið ríkismönnunum í landinu. Hann hefur tekið féð frá húsnæðismálastjórn og er nú að afhenda stórgróðamönnunum í landinu þetta. Það er eðlilegt, að hann vilji ekki tala um slíkar aðgerðir. En einmitt eitt það dýrmætasta, sem var verið að leggja grundvöll að með húsnæðismálalöggjöfinni 1957, var það að veita íbúðasjóði ríkisins þær eignir, sem gætu gefið af sér tekjur á komandi árum. Gamla veðlánakerfið var byggt upp á því, að það gat í rauninni aldrei gert neitt annað en tekið einhvers staðar eitthvað að láni og framlánað það til annarra. Það var í rauninni alltaf jafnfátækt. En með lögunum um húsnæðismálastjórn, sem sett voru 1957, var verið að leggja grundvöll að því, að húsnæðislánakerfið gæti fengið allverulegar árlegar tekjur, og vitanlega hefur komið sér vel fyrir núv. hæstv. ríkisstj. að hafa þær tekjur, m. a. til þess að lána út. En það sjá svo allir menn, að hefði þeim lögum verið framfylgt og lögunum um stóreignaskatt, stóreignaskatturinn innheimtur af stórgróðamönnunum í landinu, eins og lög stóðu til, þá hefði verið hægt að veita miklum mun meiri lán úr húsnæðislánakerfinu en gert hefur verið. En það er auðvitað fyrst og fremst Sjálfstfl. að kenna og núv. hæstv. ríkisstj., að það hefur ekki verið gert.

Hv. 1. þm. Vestf. gerir lítið úr skyldusparnaði. Um það er þó ekkert að deila, að í gegnum skyldusparnaðinn hefur húsnæðislánakerfið fengið til umráða nokkra tugi millj. kr., og þó að það þurfi að greiða út þetta fé aftur til þeirra, sem náð hafa þeim aldri, að þeir eiga kröfu á fénu aftur til baka, þá vitanlega rennur mjög mikið af þessu fé síðar meir til þess að aðstoða þessa menn við byggingar, eins og gert

var ráð fyrir með uppbyggingu þessara reglna.

Nei, það, sem riðið hefur baggamuninn, að nú standa þessi mál miklu erfiðari viðureignar fyrir húsbyggjendur en nokkru sinni áður, er það, að þau lán, sem nú eru veitt af húsnæðismálastjórn, eru minna virði í hlutfalli við byggingarkostnaðinn en þau hafa nokkurn tíma áður verið. Það er það, sem gerir stöðu húsbyggjenda nú verri en hún hefur nokkurn tíma áður verið. Byggingarkostnaðurinn hefur hækkað hrikalega mikið, og hann hefur raunverulega hækkað miklu meira en þær tölur gefa til kynna, sem hv. 1. þm. Vestf. vitnaði hér í. Þar er aðeins verið að ræða um hinn beina byggingarkostnað, en vitanlega standa þessi mál þannig, að stórhækkaðir vextir leggjast umfram þetta ofan á húsbyggjendur sem mjög aukin útgjöld. En þeir verða að standa í byggingunum venjulega í nokkur ár, og hinir háu vextir, sem við búum við nú, vitanlega leggjast þarna ofan á. En núv. hæstv. ríkisstj. hefur einmitt gert það, að hún hefur stórhækkað hinn almenna byggingarkostnað og auk þess hefur hún hækkað vextina stórkostlega. Og hún meira að segja gerði þá ráðstöfun, að hún hækkaði vextina af íbúðalánunum, og nú standa ýmsir enn þá eftir með lán frá húsnæðismálastjórn og verða að borga af þeim hærri vexti en maður þarf að borga af almennum víxlum í landinu. Þetta eru vitanlega alger ókjör, en þetta hefur verið gert, og svona er þetta. Það er því vitanlega ekkert um það að villast, að málin standa þannig, að þeir, sem eru að reyna að byggja yfir sig, eiga nú í meiri vanda en þeir hafa nokkurn tíma áður átt.

Það er að mínum dómi alger misskilningur hjá hv. 1. þm. Vestf. að halda því fram, að vandi húsnæðismálanna í okkar landi verði leystur, aðeins ef um nægilega mikinn sparnað er að ræða í þjóðfélaginu eða það safnist fyrir nægilega mikið af sparifé. Reynslan hefur nú sýnt, að það tryggir ekki á nokkurn hátt, að þetta sparifé verði handbært fé fyrir þá, sem standa í húsbyggingum. Ég veit ekki annað betur en það hafi komið skýrt fram hjá bönkum landsins, að þó að þeir fengju nú nokkuð aukið sparifé, þá væru þeir ekki tilbúnir til þess að hækka kaup sín á bankavaxtabréfum hjá íbúðalánakerfinu.

Nei, það leysir vitanlega ekki vandann, þó að um nokkurn frjálsan sparnað væri að ræða í landinu. Það eitt, sem getur leyst vandann í þessum efnum, er að byggja upp þannig íbúðalánasjóð, að hann ráði yfir svo miklum fjármunum, að hann geti veitt lán, sem einhverju verulegu nemur af byggingarkostnaðinum. Því er það eitt aðalatriði málsins að byggja upp öflugan byggingarsjóð, sem getur veitt lán. Að skilja sjóðinn eftir fjárvana og láta hann ganga til banka eða annarra aðila og reyna að slá lán frá ári til árs, sem hann framlánar, það vitanlega skilur sjóðinn alltaf eftir í vanda, og það er hætt við því, að hlutur húsbyggjenda verði allknappur, á meðan slíkt ástand er.

Ég vil líka benda á það í þessu sambandi, að það er fjarri því, að þessi frjálsi sparnaður nemi nokkuð stærri hlut í sambandi við þá fjármuni, sem íbúðalánakerfið hefur ráð yfir, en ýmsir aðrir aðilar. T. d. má benda á það, að atvinnuleysistryggingasjóður hefur tekið stóran þátt í því að lána íbúðalánakerfinu, svo að það geti aftur framlánað til húsbyggjenda í landinu. Það fer hins vegar heldur lítið fyrir skilningi hjá flokki hv. þm. á uppbyggingu þess sjóðs. Og ég vil ætla það, að hann eigi heldur lítið af því að hafa komið þeim sjóði á laggirnar. En hann hefur þó reynzt ein drýgsta stoðin fyrir húsnæðislánakerfið.

Ég vil líka minnast á byggingarkostnaðinn, sem hv. 1. þm. Vestf. hefur hér talað um að hafi hækkað um 26% frá 1958 til 1961, en ef sams konar reikningar eru lagðir til grundvallar, þá hefur byggingarkostnaðurinn ekki hækkað um 30%, eins og hv. þm. sagði, frá árinu 1956 til 1958. Sannleikurinn er sá, að sú hækkun, sem nemur um 14—15% og varð árið 1958, varð ekki fyrr en seinni part sumars eða eftir að efnahagslögin í lok maí árið 1958 voru samþykkt. Þar var því aðeins um að ræða hækkun á byggingarvörum seinni hluta árs og kaupi síðast á árinu 1958 eða síðast á tímabili vinstri stjórnarinnar. Hinn hlutann af tímabili vinstri stjórnarinnar, hálft árið 1956, allt árið 1957 og hálft árið 1958, var ekki um verðlagsbreytingar að ræða í þessum efnum. (ÞK: Ef hv. þm. leggur til grundvallar vísitölu byggingarkostnaðar í báðum tilfellum, þá er það einfalt reikningsdæmi og hann kemst að sömu niðurstöðu og ég.) Ég veit það, að verðlagsbreyting varð ekki á þessu tveggja ára tímabili, sem vinstri stjórnin sat við völd, — frá miðju árinu 1956 til miðs ársins 1958, — þá varð ekki um neina verulega verðlagsbreytingu að ræða í þessum efnum, og því getur hv. þm. ekki breytt. Það var aðeins þegar efnahagslögin voru samþ. í lok maímánaðar 1958, þá varð um nokkra hækkun á byggingarefni að ræða, en ekki fyrr en þá, og alls ekki þessa, sem hv. þm. hefur fullyrt hér um. En hitt ætla ég hins vegar að liggi hér alveg ljóst fyrir, að afleiðingarnar af stefnu núv. hæstv. ríkisstj. í þessum efnum hafa komið fram í þessu, að byggingar hafa dregizt verulega saman og að lánin, sem nú eru veitt, eru minni hluti af byggingarkostnaðinum en þau hafa nokkurn tíma áður verið. Það gerir vitanlega gífurleg hækkun á byggingarkostnaði og mikil hækkun á vöxtum. Það er þetta, sem ræður hér úrslitum.

Ég vildi láta þessi atriði koma hér fram í tilefni af því, sem hér hefur verið sagt, en skal svo ekki orðlengja um þetta frekar. En ég vildi mjög mælast til þess, að hæstv. ráðh. sæi sér fært að upplýsa það, hve mikill hluti af lánveitingum húsnæðismálastjórnar 1960 og 1961 var þess eðlis, að verið var að breyta gömlum bankalánum, sem húsbyggjendur höfðu, og nú voru aðeins færð yfir til húsnæðismálastjórnar.

Flm. (Jón Skaftason): Hæstv. forseti. Ég hygg, að flestir hv. þdm., sem voru hér í deildinni, þegar hv. 1. þm. Vestf. flutti sína síðari ræðu áðan, geti verið mér sammála um, að hann var allmjög hógværari í orðum og ályktunum en hann var í þeirri frumræðu, sem hann flutti um þetta sama mál, og tel ég það ljósan vott um, að ýmislegt, sem hann sagði í fyrri ræðu sinni, hefði hann betur látið ósagt, og skal ég ekki ræða frekar um það núna.

En til viðbótar þeirri staðhæfingu minni áðan í frumræðu og eins þeim orðum, sem er að finna í grg. um, að löggjöfin frá 1957 um húsnæðismálastofnun ríkisins hafi verið merkasta sporið, sem stigið hafi verið á þessu sviði, síðan efnt var til almenns, opinbers veðlánakerfis til húsbygginga hér á landi, vil ég aðeins nefna eftirfarandi:

Ég hef hér skýrslu fyrir framan mig um tekjur byggingarsjóðs ríkisins, sem nær til áranna 1959—61. Á árinu 1959 hefur það gerzt, að veðlánakerfið og byggingarsjóðurinn hafa fengið tekjur af þeim þrem nýju tekjustofnum, sem lagðir voru kerfinu til með löggjöfinni frá 1957, er námu samtals 26.3 millj. kr. Ég gat um það í upphafi, að samkvæmt áætlun sjóðsstjórnar á sínum tíma hefði verið gert ráð fyrir, að um 40 millj. kr. tekjur mundu fást til byggingarsjóðsins á hverju ári. 26.3 millj. kr. af 40 millj. kr. eru um 2/3 hlutar af heildartekjum sjóðsins. Það er þetta atriði, sem ég á við og ég undirstrikaði sérstaklega í ræðu minni hér áðan, þegar ég tala um, að merkasta skrefið á þessu sviði hafi verið stigið með setningu laganna frá 1957. Og ég hygg, að það sé erfitt að mótmæla því með nokkrum rökum, að löggjöf, sem tryggir lánasjóðnum um 2/3 hluta þeirra tekna, sem hann hefur, marki ekki spor og tímamót í þeim málum. Ég tel því, að um þetta atriði þurfi ég ekki að deila við hv. 1. þm. Vestf. frekar.

En það er annað atriði, sem mig langar til að koma lítillega að og hæstv. félmrh. gaf mér tilefni til að fara örlítið inn á með þeim fáu orðum, sem hann sagði áðan. Ég sé, að ráðh. er farinn úr salnum, þannig að þessi orð mín ná ekki til hans a. m. k. að sinni, en hæstv. ráðh. vildi halda því fram, að þær tölur um útlán úr byggingarsjóðnum, sem er að finna á bls. 2 í frv. og ná til áranna 1957—61, séu dálítið blekkjandi upp settar. Þessu vil ég algerlega mótmæla.

Við samanburð á útlánum byggingarsjóðsins frá ári til árs er nauðsynlegt, að sömu reglunni sé fylgt, og þá er um tvær reglur að ræða: annars vegar að miða við afgreiðslu lána hjá húsnæðismálastjórninni sjálfri eða miða við afgreiðslu lána, þegar þau eru greidd út úr veðdeild Landsbankans. Ég hef í þeim dæmum, sem ég hef nefnt hér í grg., fylgt síðari reglunni. Tölurnar, sem þar eru nefndar, eru byggðar á heildarlánum afgreiddum frá veðdeild Landsbankans á þessum árum. Þegar því hæstv. ráðh. er að láta liggja að því hér í ræðu sinni áðan, að við þau útlán, sem átt hafi sér stað á árunum 1960 og 1961, megi bæta að mér skildist um 20 millj. kr. hvort áranna, þá er hann að rugla þá uppsetningu á dæminu, sem ég hef hér fylgt, og gera allan samanburð rangan, því að þá miðar ráðh. við afgreiðslu á lánaumsóknum hjá húsnæðismálastofnun ríkisins. Það er t. d. augljóst um þá lánveitingu, sem nú var verið að afgreiða hjá húsnæðismálastofnuninni og hæstv. ráðh. telur hafa numið um 20 millj. kr., að sumt af þeim lánum, ef byggja má á fyrri reynslu í þessum efnum, kemur ekki til afgreiðslu frá bankanum fyrr en á næsta ári. Í heildarlánsfjárhæð ársins 1960, eins og hún kemur fram í grg. hjá mér, er nokkur fjárhæð af lánum, sem afgreidd voru hjá húsnæðismálastjórninni á árinu 1959, og eins er í tölunni 1961 nokkur hluti lána, sem afgreidd voru hjá húsnæðismálastjórninni 1960. Það er því alveg rétt, sem ég hef sagt og haldið fram, bæði í ræðum mínum áðan og eins í grg., að útlán þessara ára hafa sannanlega numið þeim fjárhæðum, sem þar eru nefndar. Það skal að vísu viðurkennt, að sennilega mun talan 1961 eitthvað hækka, vegna þess að sennilega verði eitthvað afgreitt af lánum frá veðdeildinni vegna síðustu úthlutunar nú fyrir áramót, en það verður, ef að líkum lætur, ekki mjög stór upphæð, sem kemur þar til viðbótar.

Hæstv. ráðh. vildi einnig halda því fram, að ástandið í lánamálum húsbyggjenda hefði oft verið verra en það er núna. Um þessa staðhæfingu hans vil ég ekki fullyrða neitt afdráttarlaust nú, þó að ég dragi réttmæti hennar mjög í efa.

Í grg. með frv. okkar framsóknarmanna er getið um það, að þann 15. ágúst s. l. hafi um 1557 óafgreiddar lánsbeiðnir legið hjá húsnæðismálastofnuninni. Eftir þeim upplýsingum, sem ég hef getað fengið, hefur sú tala hækkað nokkuð verulega fram til þessa tíma. Því sagði ég í frumræðu minni áðan, að hjá húsnæðismálastofnuninni lægju núna fast að 2000 lánaumsóknir, sem ekkert væri búið að sinna eða að mjög óverulegu leyti. Ég held, að ég megi fullyrða, að síðan löggjöfin var sett 1957, hafi ekki verið stærri hali lánsumsókna hjá húsnæðismálastofnuninni en núna. Ég held, að ég megi fullyrða það. En auk þess kemur svo margt fleira til, sem dekkir myndina enn meira og hv. síðasti ræðumaður vék einnig að. Það eru svo fjöldamörg önnur atriði, sem áhrif hafa á aðstöðu manna til að byggja sómasamlegar íbúðir yfir sig, heldur en þau fjárráð, sem byggingarsjóðurinn einn hefur. Að sjálfsögðu hefur allt verðlag í landinu útslitaáhrif í þessum efnum, og ég hygg, að um það þurfi ekki að deila, að byggingarkostnaður hafi aldrei verið jafnhár og nú er. Hæstv. ráðh. nefndi tölur úr grg. minni sem dæmi um hækkun byggingarkostnaðar. Hann sagði, að húsbyggingarvísitalan hefði verið 1079 stig 1957, en 1418 stig 1961. En eftir gengisfellinguna í ágúst s. l. hækkar þessi vísitala úr 1418 stigum í 1562, þannig að ef hann hefði tekið þá hækkun með í reikninginn, þá hefði hann fengið prósentuhækkunina töluvert meiri en hann nefndi áðan.

Ég skal ekki lengja þessar umr. meira. En ég tel, að það hljóti öllum að vera ljóst og raunar ekki umdeild sú þörf, sem er á því, að þarna sé myndarlega gripið á málum og ríkisvaldið beiti sér fyrir aðgerðum, er kynnu að létta húsbyggjendum byggingaraðgerðir sínar. Það er ekki farið fram á mikið með þessu frv. í raun og veru. Það er aðeins farið fram á það, að ríkisvaldið færi þá opinberu lánaaðstoð í sama horf og hún var ákveðin með löggjöfinni frá 1955. Það er farið fram á það að hækka lánsupphæðina um helming, til samræmis við þá hækkun á byggingarkostnaði, sem á þessu tímabili hefur orðið, og aðrar þær aðstæður í þjóðfélaginu, sem verka á byggingarkostnaðinn beint og óbeint.

Hannibal Valdimarsson: Þessar umr. hafa að mínu áliti verið með nokkuð einkennilegum hætti. Efni frv., sem liggur fyrir til umr., er einungis um það að hækka lánsupphæð húsnæðismálastofnunarinnar svo, að lánsupphæðin að verðgildi verði nokkuð álíka og fyrir 5—6 árum. Auðvitað hefði verið eðlilegt, að málsvari ríkisstjórnarflokkanna eða hæstv. félmrh. t. d., sem kom honum til aðstoðar í umr., hefði lýst yfir afstöðu sinni til þessa máls, hvort ríkisstj.-flokkarnir féllust á, að það væri ástæða til að breyta þessari krónutölu lánsupphæðanna eða hvort það væri ástæðulaust. (**ÞK:** Ég sagði, að ég væri sammála.) Og þýðir það þá, að það sé yfirlýsing frá ríkisstjórnarflokkunum um, að þeir samþykki frv.? (**ÞK:** Það er mín yfirlýsing.) Já, það getur nú verið endasleppt, því að það er ekki víst, að maðurinn verði á þingi, þegar hendurnar verða réttar upp. En ef það þýddi afstöðu flokksins, þá hefði það eitthvert gildi. Það hefur komið fyrir áður hér, að menn hafa talað fyrir hönd skynseminnar, en ekki fyrir hönd flokksins, — einmitt einn flokksbróðir þessa hv. þm., — og það er kannske þannig, sem þetta er núna og það hafi litla þýðingu. Það liggur þá allt enn á óljósu um það, hvort Sjálfstfl. og Alþfl., þrátt fyrir þessar löngu umr., ætla að vera með þessu frv. eða ekki. Það þýðir hækkun á krónutölu um 100%, en er aðeins lagfæring, til þess að lánsupphæð á íbúð hafi nokkurn veginn sama gildi og fyrir 5—6 árum, og hafa þessir hv. þm. þó gert heldur lítið úr því, hvaða aðstoð húsbyggjendur hafi fyrir 5—6 árum fengið til sinna mála.

Hv. 1. þm. Vestf. (ÞK) hefur farið svo öfugt fram á völlinn í þessum umr., að ég get ekki að því gert, að hann minnti mig á lýsingu Vatnsdælu, þar sem Vatnsdals-Ljót fór fram á völlinn heldur ófrýnileg með höfuðið milli fóta og gekk aftur á bak. Og hér var sannarlega líkt að farið. Allt öfugt, ekkert um nútíð eða framtíð, allt saman horfði aftur. Og það, sem hv. þm. færðist í fang, var í raun og veru það að sanna, að húsnæðismálalöggjöfin frá 1957 væri hin ómerkilegasta á allan hátt og aldrei hefði húsnæðismálum verið verr komið í okkar landi en einmitt eftir að hún var sett. Og allur hans málflutningur miðaðist við að sanna þessi öfugmæli. Mér finnst því ekki að furða, þó að manni komi Vatnsdals-Ljót í hug.

En það er kannske nokkurs virði að ganga þá úr skugga um, hvað það var, fara yfir það í heild, sem gerðist með lagasetningunni um húsnæðismál 1957. Og það var þá í fyrsta lagi þetta, eins og hér hefur verið sagt, að byggingarsjóður ríkisins fékk til eignarumráða 118.2 millj. kr. Þetta var hans stofnfé, sem samkvæmt áætlun sérfróðra manna var talið að mundi með ávöxtun vera orðið að 300 millj. kr. í árslok 1966 eða að 10 árum liðnum.

Og þá kemur að því, hvaða árlegar tekjur byggingarsjóðurinn átti að fá, og skal ég fara yfir það nú í heild.

Það var þá í fyrsta lagi, að 1% álag skyldi lagt á tekjuskatt og eignarskatt með stríðsgróðaskattinum, sem þá var innheimtur, og á tolltekjur ríkisins samkvæmt tollskrá, og var talið, að þessi tekjuliður gæfi 4—5 millj. kr. á ári.

Í öðru lagi voru það svo afborganir og vextir af lánum, sem veitt höfðu verið og veitt verða af framlögum ríkisins til útrýmingar heilsuspillandi húsnæði. Tekjurnar af því fé áttu að renna inn í byggingarsjóðinn sem hans árlegu tekjur.

Í þriðja lagi var svo lántökugjald af lánum, sem húsnæðismálastjórnin veitir, svo og vaxtatekjur þeirra lána, en þetta lántökugjald nemur 1% af lánsupphæðinni á hverjum tíma.

Í fjórða lagi kemur til árlegra tekna byggingarsjóðsins höfuðstóll og vaxtafé, sem fallið er í gjalddaga, ef þess er ekki vitjað innan 20 ára. En það skal játað, að litlar líkur voru til, að sá póstur gæfi neitt verulegt fé og e. t. v. ekkert.

Samkvæmt 4. gr. er svo gert ráð fyrir, að áfram starfi undir stjórn húsnæðismálastjórnar og veðdeildar Landsbankans veðlánakerfi til íbúðabygginga, og var það byggt á lögunum frá 1955. Veðdeild Landsbankans var heimilað samkv. þessari löggjöf að gefa út bankavaxtabréf í þessu skyni, og mega þau nema allt að 100 millj. kr. á ári í næstu 10 ár. Þessi vaxtabréf skulu vera þannig, að annar hlutinn, A-flokkur, verði með föstum afborgunum og vöxtum, vextirnir 7%, en lánstími þeirra allt að 25 ár. Nú er búið að gera eina breytingu þarna á, og það er að hækka vextina úr 7% í 8%, og hafði maður þó heldur samvizkubit af því, að vaxtafóturinn væri þarna fullhátt settur. En hann var eins og í löggjöfinni frá 1955. Hinn hlutinn, B-flokkur, má vera allt að 50 millj. kr. á ári og skal vera með vísitölukjörum, þannig að afborganir og greiðsla afborgana og vaxta séu bundnar vísitölu framfærslukostnaðar. Þetta voru ákvæði, sem voru mjög svipuð ákvæðum laganna um hið almenna veðlánakerfi frá 1955 og var haldið áfram í löggjöfinni. Það skal tekið skýrt fram, að þessi liður með vaxtabréfasöluna var ekki nýmæli í lögunum.

Í framsöguræðu minni, þegar ég lagði frv. fyrir á sínum tíma, gat ég þess enn fremur, sem nú skal greina, með leyfi hæstv. forseta, og sagði þá:

„Til þess nú að glöggva sig betur á því, hvaða fjármagn á nú að fara til húsnæðismálanna, móts við það, sem áður fór til sömu verkefna, er rétt að minna á það til viðbótar, að framlag til verkamannabústaða hefur nú verið tvöfaldað, er nú rétt við 4 millj., en var áður innan við 2. Komi sama framlag frá sveitarfélögunum, eins og lögin um verkamannabústaði gera ráð fyrir, þá gæti sú byggingarstarfsemi, sem fram færi fyrir þetta fé, numið 8 millj. kr. Auk þess útvegar svo ríkissjóður aðrar 8 millj. kr. á þessu ári til byggingar verkamannabústaða, og hefur það fé þegar verið tryggt. Til útrýmingar heilsuspillandi húsnæði, sem nú er á fjárlögum 4 millj. kr., eru nú 5 millj. í þessu skyni af fjárveitingu fyrri ára liggjandi fyrir. Þetta fé verður því aðeins greitt af hendi samkvæmt lagaákvæðum, að sveitarfélögin leggi fram jafnmikið fé á móti, og verður því unnt að verja allt að 18 millj. kr. til útrýmingar heilsuspillandi húsnæði, ef sveitar- og bæjarfélög leggja mótframlög á móti því fé, sem nú er til á þessa árs fjárlögum ásamt með geymslufé. Það er margfalt hærri upphæð en nokkru sinni áður hefur verið lögð fram í

því skyni að útrýma heilsuspillandi húsnæði á einu ári. Ef þessar tölur eru hins vegar teknar án mótframlaga bæjanna, er hér samt um að ræða 33 millj. kr. af nýju fé á árinu 1957 til húsnæðismála."

Þá er það þriðji kaflinn, um skyldusparnaðinn. Ég skal aðeins endurtaka það, sem ég áðan sagði, að það var áætlun gerð af hagstofunni um, að tekjurnar gætu orðið 15—16 millj. kr. á ári af þeim lið, og hæstv. félmrh., sem hér talaði áðan, staðfesti, að áætlunin hefði fyrstu árin fyllilega staðizt. Það vissi ég líka vel og fullyrti það hér áðan, því að fyrstu árin hefðu tekjurnar orðið ekki 15—16 millj., heldur 20 millj. kr. á ári, sagði einmitt Emil Jónsson, hæstv. félmrh. Hitt var svo ekki torskilið, að þegar lánstími unga fólksins á sparnaðarfénu væri útrunninn, kæmi að gjalddaga og þá þyrfti að gera nýjar ráðstafanir til þess að afla byggingarsjóði ríkisins tekna í staðinn fyrir þennan tekjustofn, sem ríkið yrði þá að fara að skila aftur.

Með lögunum frá 1957 var þannig gerð veruleg breyting um nýja tekjuöflun til byggingarmálanna og aukin fjárframlög, bæði til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis og til verkamannabústaða, og veit ég ekki til, að ráðstafanir hafi verið gerðar í því skyni síðar þrátt fyrir aukna dýrtíð.

Hér hélt hæstv. ráðh., þegar hann kom hv. 1. þm. Vestf. til aðstoðar, því fram, að upphæðirnar, sem nú væru lánaðar í gegnum byggingarsjóð ríkisins, húsnæðismálastofnunina, næmu allt að 70 millj. kr. á árunum 1960 og 1961. En það var sannarlega ástæða til þess að spyrja um það, sem hv. þm. Lúðvík Jósefsson sagði hér áðan, 4. þm. Austf., hvað mikið af því fé séu víxlar, sem búið var að lána einstaklingum í sparisjóðum og bönkum úti um land og þetta fólk þurfti að fá umfram 100 þús. kr. upphæðina hjá húsnæðismálastofnuninni, en tekst nú, að mér skilst, af þeirri 100 þús. kr. upphæð, sem þeir geta fengið til húsnæðismála. Það eru engin ný lán, það er breyting á lánum. Ég játa, að það er til hagræðis að fá breytt víxillánunum í sparisjóðum og bönkum í lán til lengri tíma, en það þrengir möguleikana til lána hjá húsnæðismálastofnuninni að öðru leyti og er þannig að því leyti bjarnargreiði.

En ég spyr: Hvað á þessi þagmælska að þýða? Því koma ekki hæstv. félmrh. og aðrir talsmenn ríkisstjórnarflokkanna fram með upplýsingar um það, hvaða nýir tekjustofnar hafa verið lagðir til húsnæðismálastofnun ríkisins og byggingarsjóði ríkisins á síðustu 2—3 árum, sem núverandi stjórnarflokkar hafa farið með völd? Hvers vegna þegja þeir um þetta? Hvaða nýtt fé hefur verið lagt fram? Það er allt of mikil þagmælska eftir langar umr. að þegja um þetta. En ég slæ því föstu, að ef andi þessa frv. nær samþykki, sem er sá, að hámarksupphæðir lána hjá húsnæðismálastofnun ríkisins verði með sama verðgildi og fyrir 5—6 árum, en þá var upphæðin 100 þús. kr. og þyrfti því nú að verða eigi minni en 200 þús. kr., — og sjá allir, að það er frekar of lágt en of hátt, en í samræmi við þær heildartekjur, sem húsnæðismálastofnuninni voru hins vegar tryggðar með húsnæðismálalöggjöfinni 1957, sem voru um 40—44 millj. kr. á ári, — þá þyrfti húsnæðismálastofnunin nú að hafa 80—88 millj. kr. Hefur hún það? Hefur henni verið tryggt það? Ef henni hefur ekki verið tryggt það, þá er hún verr fær til þess að gegna hlutverki sínu nú en áður var. Og það þarf ekkert að fara í neinar grafgötur með það. Henni hefur ekki verið séð fyrir slíku fé, að hún hafi nú 80—88 millj. kr. til umráða, og hún hefur haldið sér við það þrátt fyrir tvennar gengislækkanir og sívaxandi dýrtíð og aukningu byggingarkostnaðar, að þá hefur húsbyggjandinn enn þá orðið að sætta sig við að fá 100 þús. kr. upphæð til byggingar sinnar íbúðar, sem kostar nú eigi undir 500 þús. kr., meðalíbúð. Og þessi aðstoð hefur farið síminnkandi. Þess vegna held ég, að það sé rangt hjá hæstv. ráðh., þegar hann sagði, að fullyrðing mín um það, að húsnæðismálin hefðu aldrei í meira óefni komizt en nú og hefðu aldrei staðið verr, félli um sig sjálfa. Ég held, að hún standi þrátt fyrir fullyrðingu ráðh. Húsbyggjandinn á Íslandi hefur aldrei átt í eins miklum örðugleikum og nú, og það kemur fram í því, að færri og færri geta ráðizt í að byggja yfir sig, og er það alveg augljóst mál, þegar á það er litið, að hann fær nú aðeins þá sömu krónutölu og hann átti kost á fyrir 5—6 árum, en byggingarkostnaðurinn hefur stórkostlega aukizt. Vanefni húsnæðismálastofnunarinnar sjálfrar eru svo augljós af þessum staðreyndum, að það hefur dregið úr byggingum, en þrátt fyrir fækkun umsókna liggja nú fyrir um 2000 umsóknir óafgreiddar, og upphæðin er, eins og ég sagði fyrr í umr. í dag, aðeins hálf eða knapplega hálf að verðgildi á við það, sem lánsupphæðin var fyrir 5—6 árum. Hér er því úr ærnu að bæta fyrir hæstv. ríkisstjórnarflokka, ef þeir ætla að tefla mönnum sínum fram til þess að gorta af því, sem þeir hefðu gert fyrir húsnæðismálin í landinu.

Umr. frestað.

Á 25. fundi í Nd., 24. nóv., var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 26. fundi í Nd., 27. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

Geir Gunnarsson: Hv. forseti. Umr. um það mál, sem hér liggur fyrir, eru orðnar alllangar, og mun ég því ekki fara um það mörgum orðum. Af ræðum hv. 1. þm. Vestf. (ÞK) á dögunum var að heyra, að aðstaða húsbyggjenda væri betri í dag en verið hefði í tíð vinstri stjórnarinnar. Það má heita híræfni, að þessu skuli haldið fram, og ég veit naumast, hverjum eru ætlaðar þær upplýsingar hv. þm. Að vísu hétu núverandi ríkisstjórnarflokkar engum aðilum meira fyrir kosningar en einmitt húsbyggjendum, en það er mikil dirfska að halda því fram, að þær ráðstafanir ríkisstj., sem sérstaklega varða húsbyggjendur, hafi bætt aðstöðu þeirra frá því, sem áður var. Það liggur líka í augum uppi, að þeim ráðstöfunum var aldrei ætlað að auðvelda almenningi byggingu íbúðarhúsa, öðru nær. Þeir sérfræðingar í efnahagsmálum, sem mótuðu þá stefnu, sem ríkisstj. beitir sér fyrir, viðreisnar-

stefnuna, voru ásáttir um það, að fjárfesting í íbúðarhúsabyggingum hefði verið allt of mikil á tímabilinu næst áður en núv. ríkisstj. tók við, þ. e. a. s. á tíma vinstri stjórnarinnar, og gera yrði sérstakar ráðstafanir til þess að draga úr þeim framkvæmdum. Eitt stærsta spor ríkisstj. í þá átt að tryggja þá stefnu að draga úr íbúðabyggingum var að skera niður kaupgetu almennings, en til þess að almenningur geti lagt í íbúðabyggingar eða kaup á nýjum íbúðum, þarf lífsafkoma fólks að vera á þann veg, að launin nægi fyrir meira en brýnustu daglegum neyzluvörum. Til þess að svipta almenning allri aðstöðu í þessu efni gripu Alþfl. og Sjálfstfl. til þess að lækka kaupið, banna vísitöluuppbætur á laun og hækka stórlega verð á öllum neyzluvörum með stórfelldri gengislækkun. Jafnhliða hækkaði að sjálfsögðu allt byggingarefni í verði að miklum mun. Og þær ráðstafanir, sem núv. ríkisstj. hefur gert varðandi byggingarsjóði og lánamál almennt, stefna vitaskuld í sömu átt. Þær eru beinlínis gerðar til þess að draga úr fjárfestingu í íbúðabyggingum, sem sérfræðingar ríkisstj. töldu allt of mikla.

Það er því dæmalaus bjartsýni um, að málgögnum ríkisstj. hafi tekizt að rugla dómgreind almennings, að ætla að halda því fram, að ráðstafanir, sem samkvæmt uppskrift sérfræðinga ríkisstj. eru blákalt og beinlínis gerðar til þess að draga úr byggingu íbúðarhúsa, hafi bætt aðstöðu húsbyggjenda og að hún hafi verið lakari á tíma vinstri stjórnarinnar, þegar íbúðarhús voru byggð í svo ríkum mæli, að viðreisnarsérfræðingarnir töldu þá fjárfestingu allt of mikla. Ráðstafanir vinstri stjórnarinnar í húsnæðismálum voru gerðar til þess að bæta hag húsbyggjenda, enda jukust þá íbúðabyggingar. Ráðstafanir núv. ríkisstj. í húsnæðismálum eru hins vegar gerðar til þess að skerða hag húsbyggjenda, enda dregur úr íbúðarhúsabyggingum. Þetta er ósköp einfalt mál. Það mætti jafnvel snúa þessu við og segja, að ráðstafanir vinstri stjórnarinnar í húsnæðismálum hafi verið gerðar til þess að auka íbúðarhúsabyggingar, þess vegna hafi verið gripið til þess að bæta hag húsbyggjenda, en stefna núv. ríkisstj. sé að draga úr húsbyggingum og þess vegna hafi verið gripið til þess ráðs að skerða hag húsbyggjenda.

Þótt miklar deilur standi um það, hver árangur hafi orðið af uppskrift sérfræðinganna og af ráðstöfunum ríkisstj. til þess að ná öðrum markmiðum, t. d. að draga úr skuldasöfnun erlendis, að auka sparifjársöfnun og draga úr verðbólgunni o. fl., þá held ég, að allir geti verið sammála um, að þær aðgerðir, sem sérfræðingar ríkisstj. ráðlögðu og hún framkvæmdi til þess að draga úr íbúðarhúsabyggingum, hafi verið árangursríkar. Um það verður ekki deilt. Aðferðunum til þess að ná þessu marki hafa allir húsbyggjendur kynnzt: stórhækkun á verðlagi lífsnauðsynja til þess að skerða kaupmáttinn, stórhækkun vaxta, stytting lánstíma og a. m. k. hlutfallslegur samdráttur á lánum til húsbygginga og gífurleg hækkun byggingarefnis. Það má t. d. geta þess, að tvær útihurðarskrár kosta nú í dag rífleg vikulaun verkamanns. Hvenær er honum ætlað að eignast eina íbúð? Þeir, sem eru að byggja, geta auðveldlega borið saman aðstöðuna nú og fyrir valdatöku núv. ríkisstjórnarflokka. Þeir eru margir hverjir svo lengi í byggingarbaslinu, að þeir hafa af eigin raun kynnzt báðum tímabilunum. Og það þarf ekki að lýsa mismuninum fyrir þeim eða skýra fyrir þeim efndir ríkisstjórnarflokkanna á kosningaloforðunum.

Í ræðum þeim, sem hér hafa verið fluttar, hafa þessi mál verið rakin svo, að ekki er ástæða til að tína hér allt til. Á það var m. a. minnzt, að hluti af samanlagðri úthlutun úr byggingarsjóði ríkisins s. l. ár hafi verið víxlar, sem breytt var í föst lán. Sú upphæð hefur síðan hjá hlutaðeigandi einstaklingi verið dregin frá áður væntanlegu láni. Orð hafa um það fallið, að yfirtaka víxlanna hafi verið til hagsbóta fyrir lántakendur. En í þeirri ályktun eru borin saman tilvik á tímabili núv. ríkisstj. En hvernig lítur dæmið út, sé þetta atriði borið saman við það, sem að þessum víxilskuldurum sneri fyrir efnahagsmálaráðstafanir ríkisstj.? Áður höfðu húsbyggjendur þessa víxla á 7% vöxtum. Aðstoðin, ef svo mætti kalla það, var sú að hækka alla vexti og breyta síðan þessum víxlum, sem áður voru á 7% vöxtum, í lán með 9% bundnum vöxtum. Það má e. t. v. segja, að skárra hafi verið að breyta víxlunum í föst lán, eftir að ríkisstj. var búin að hækka víxilvextina. En stórum eru skuldararnir verr settir nú en áður en núv. ríkisstj. lét til sín taka í þessum efnum.

Nei, það er fráleitt að halda því fram, að ráðstafanir, sem vitandi vits eru gerðar til þess að draga úr íbúðarhúsabyggingum, bæti aðstöðu húsbyggjenda frá því, sem var á tíma vinstri stjórnarinnar. Í því felst alger mótsögn. Hvernig horfa þessi mál við í augum hins almenna húsbyggjanda í dag? Sannleikurinn er sá, að í augum hins almenna húsbyggjanda hefur veðlánakerfið í rauninni verið lagt niður, miðað við það, sem var, þegar núv. ríkisstj. tók við völdum. Þau lán, sem byggingarsjóður ríkisins veitir nú, nema aðeins því, sem svarar til hækkunar á byggingarkostnaði á stjórnartímum núv. ríkisstjórnarflokka, og kannske ekki einu sinni það. Hámarkslán úr byggingarsjóði ríkisins nema 100 þús. kr., og svo hátt lán fá ekki allir. En hækkun á byggingarkostnaði vísitöluíbúðarinnar nemur um 110 þús. kr. á tímabili núv. ríkisstj., sé miðað við 26% hækkun á byggingarkostnaði, sem forsvarsmenn hennar hafa sjálfir haldið sig við í þessum umr. Upp í þann byggingarkostnað, sem fyrir var, er ekkert lánað, ekki einn eyrir. Ekkert er lánað til að mæta byggingarkostnaði, eins og hann var fyrir 2—3 árum. Lán upp í þann kostnað hafa verið felld niður, en einungis lánaðar með okurvöxtum — er óhætt að segja — þær hækkanir, sem núv. stjórnarflokkar hafa sjálfir stofnað til. Auk hækkunar á byggingarefninu sjálfu og vaxtahækkananna koma svo til stórfelldar hækkanir á neyzluvörum almennings, svo að þótt eitthvað kunni að hafa verið afgangs áður af launum manna til greiðslu á byggingarkostnaði, afborgunum og vöxtum, þá er það naumast fyrir hendi eftir aðgerðir núv. ríkisstj., enda hefur í rauninni tekið fyrir, að almennir launþegar geti hafizt handa um byggingar, svo að sérfræðingarnir og ríkisstj. geta

verið ánægð með árangurinn af ráðstöfunum sínum í húsnæðismálum. Þær hafa vissulega borið þann árangur, sem þeim var ætlað. Sá árangur er tryggasti dómurinn um frammistöðu núv. ríkisstjórnarflokka gagnvart húsbyggjendum. Ég held, að enginn húsbyggjandi sé í vafa um, hvort ástandið hefur batnað eða versnað síðan vinstri stjórnin fór frá. Þeir þurfa engar tölur um það, hvorki frá hv. 1. þm. Vestf. né neinum öðrum.

Með því frv., sem hér liggur fyrir, er lagt til, að lán til húsbyggjenda séu hækkað, til þess að eitthvað a. m. k. komi upp í þann byggingarkostnað, sem var fyrir hendi, þegar núv. ríkisstj. tók við, en ekki sé látið nægja að lána hækkanirnar einar, og er sannarlega ekki vanþörf á því, þótt betur þurfi að gera í öðrum atriðum. Jafnvel þótt hærri lán stæðu til boða, dugir ekki það eitt, því að almenningur á erfitt með að standa skil á háum lánum í þeirri óðadýrtíð, sem nú hefur verið dembt yfir. Fleira þarf að koma til í húsnæðismálum, einkum aðgerðir til lækkunar á byggingarkostnaði, með tollaeftirgjöf eða öðru og með aðgerðum til lækkunar á vöxtum. En lítil von er til þess, að úrbætur fáist í þessum efnum, meðan við völd situr ríkisstj., sem hefur það að markmiði að draga úr byggingu íbúðarhúsa.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 22 shlj. atkv.

Á 52., 54. og 55. fundi í Nd., 20., 23. og 26. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 75, n. 302 og 310).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

17. Hefting sandfoks.

Á 12. fundi í Nd., 3. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um heftingu sandfoks og græðslu lands [60. mál] (þmfrv., A. 77).

Á 36. fundi í Nd., 14. des., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 40. fundi í Nd., 2. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Það frv., sem við flytjum hér til laga um heftingu sandfoks og græðslu lands, ég og hv. 3. þm. Norðurl. e., er gamall kunningi hér í deildinni. Við fluttum sams konar frv. á síðasta þingi, sem rætt var ýtarlega við 1. umr. og vísað til nefndar, en fékk svo ekki afgreiðslu úr nefnd. Ég sé ekki ástæðu til að ræða frv. á þessu stigi svo mjög sem ég gerði í fyrra, en víst er um það, að það hefur fengið alveg einstaklega nákvæma athugun hjá sérfræðingum í ræktunarmálum og landgræðsluefnum, þannig að ég geri ráð fyrir því, að fá mál hafi verið betur undirbúin til meðferðar í Alþingi.

1957 skipaði þáv. landbrh., Hermann Jónasson, 5 manna nefnd til þess að athuga um þessi mál, og skilaði nefndin eftir mjög ýtarlega yfirvegun og rannsókn nál. Þetta er í fjórða skipti, sem þetta mál kemur til meðferðar hér í Nd., og í þriðja sinn, sem við berum það fram, þessir tveir samflutningsmenn. Í þeirri mynd, sem við berum það fram núna, var það einnig borið fram í fyrra, en var nokkuð breytt frá því, sem áður var. Eins og við berum það fram núna, er það öldungis samhljóða till. nefndarinnar, sem hafði tekið málið til endurskoðunar fyrir áeggjan og skipan núv. hæstv. landbrh. Voru gerðar nokkrar breytingar á, að áliti mínu og okkar flm. til bóta. Hefur í raun og veru algerlega verið brotið við blað í ræktunarmálum þjóðarinnar, ef frv. nær fram að ganga og verður framkvæmt í þá stefnu, sem það fer.

Það er engum vafa undirorpið, að okkur Íslendingum er mikil nauðsyn þess, ef við ætlum að halda áfram þeirri landbúnaðarstarfsemi, því starfi bænda, sem unnið hefur verið í ræktunarmálum, halda því uppi í framtíðinni, að auka mjög á gróðurlendi landsins. Síðustu áratugi -- tvo til þrjá — hefur verið mikið unnið að ræktun, í raun og veru byltingarkennd þróun átt sér stað, og má segja, að það sé ekki mjög mikið eftir af landi, sem er verulega haganlegt til ræktunar, þó að það sé nokkuð. Þá er næst að taka fyrir það land, sem er lítt eða alls ekki gróið. Og það er einmitt út á það svið, sem þetta frv., sem hér liggur fyrir til umr., gengur. Það er kunnara en frá þurfi að segja, hversu mjög landið okkar hefur eyðzt fyrir ýmis atvik allt frá upphafi byggðar landsins og má segja fram til síðustu ára. Orsakir þess eru, svo sem kunnugt er, af margvíslegu tagi: eldgos og jökulhlaup, ágangur vatna og sandfokið, bæði af landi og eins frá sjávarströnd, og ýmiss konar harðindi á margri tíð. Og svo hafa sjálfsagt landsmenn sjálfir oft og tíðum átt nokkurn hlut að.

Á landnámstíð mun landið hafa verið gróið mjög fram yfir það, sem nú er, og væntanlega aldrei eins gróið og það var þá, og þó að umsögn Ara hins fróða, að landið hafi allt verið viði vaxið frá fjöru til fjalla, sé kannske nokkuð ýkt, þá er það vitað, að gróður hefur verið mikill. Á seinni öldum, alveg sérstaklega á 18. og 19. öld, hefur gróður eyðzt á stóru svæði í mörgum héruðum. Sérstaklega hefur eyðing lands þó verið átakanleg í Rangárvallasýslu og Þingeyjarsýslu, og var svo komið, að beztu menn sáu, að svo mátti ekki til ganga, að mjög hélt til landauðnar, og nú yrði að hefjast handa um landvarnir. Árið 1906 var svo samþykkt frá Alþingi löggjöf um sandgræðslu, og færðist þá sandgræðslan smám saman mjög í aukana og sandsvæði víða um land tekin til sérstakrar vörzlu og uppgræðslu. Og nú er svo komið eftir liðlega 50 ára gildi sandgræðslulaganna, að á annað hundrað þúsund hektarar munu vera innan sandgræðslugirðinga í landinu. En langstærsta átakið hefur þó verið í þessum efnum gert í Gunnarsholti á Rangárvöllum. Þessi ágæta jörð var árið 1923 svo að segja algerlega komin í eyði, en hafði þó verið áður mjög góð bújörð. Þarna í Gunnarsholti er eitt stærsta og áþreifanlegasta landvarnarátak, sem gert hefur verið. Þarna hefur svörtum sandi

verið breytt í hinar gróðursælustu lendur. Landið var fyrst girt, síðan var það grætt, þar hafin túnrækt, og nú er rekinn þar mikill landbúskapur, þannig að þessi jörð er í dag vafalaust ein stærsta og bezta bújörð á landi hér. En víða um land hefur á liðnum áratugum verið unnið hið mikilvægasta sandgræðslustarf.

Í sambandi við 50 ára afmæli sandgræðslunnar var gefin út bók mikil, rituð af sérfræðingum í þessum efnum, og þar eru allir á einu máli um það, að í sandgræðslumálum hafi verið unnið eitt hið mesta nytjastarf og starfið unnið af hinum ágætustu mönnum frá fyrstu tíð og allt til þessa dags, — af mönnum, sem hafa lagt sig alla fram til að ná sem mestum árangri á hverri tíð. Svo hefur komið til, sérstaklega á síðustu árum, aukin tækni, aukin þekking og reynsla, sem hefur orðið mikilsverður aflgjafi í viðureign við enn þá stærri verkefni, og starfssviðið þannig færzt út með hverju ári, sem hefur liðið. Í upphafi var að sjálfsögðu við margvíslegustu erfiðleika að etja, bæði að sjálfsögðu vegna fjármagnsskorts, eins og er enn í dag og ekkert miður en áður var, og auk þess hvers kyns fordóma, og eru margar sögur til um það. En þetta starf, sem sandgræðslumenn með hjálp alþjóðar hafa unnið, hefur fært þjóðinni heim sanninn um það, að gera má mikið í þessum efnum, ef vel er á verði staðið og áhugi, þrek og þekking er til staðar. Ótrú á sandgræðslustarfi er að segja má alveg horfin, en í staðinn vakinn stórhugur og vilji til stærri og glæsilegri landvinninga í þágu gróðurs og aukin trú á lífsmátt lands og þjóðar.

Eins og ég sagði í upphafi, þá má segja, að fyrstu sóknarlotu bændanna í landinu með tilstyrk alþjóðar sé lokið og nú hefst önnur, þar sem farið er út fyrir það land, sem er auðræktað, yfir á land, sem er ýmist svartur sandur eða mjög lítt gróið og stendur auk þess hátt uppi í hálendinu.

Það er ekki vafi á því, ef Íslendingar eiga framtíð fyrir höndum í sínu landi, sem við allir vonum, að þjóðinni mun fjölga ört, svo sem hún hefur gert nú á síðustu tímum. Fróðir menn telja, að mannfjöldinn hér í landi geti aukizt með áframhaldi í hlutfalli við það, sem verið hefur, um 2—3 og jafnvel 4% á hverju ári, þannig að um næstu aldamót geti mannfjöldinn orðið allt að 400 þúsund manns, og það má hver segja sér sjálfur, að það þarf mikið átak að gera í landbúnaðarmálefnum frá því, sem nú er, til þess að hægt sé að brauðfæða þjóðina, þ. e. a. s. hægt að framleiða búvörur, svo að verði nægilegt til neyzlu innanlands. Ég veit, að hæstv. landbrh. er að sjálfsögðu mjög inni á þessu og lætur sér mjög umhugað að koma fram ræktunarmálum, til þess að ekki strandi á búvöruframleiðslu, þegar þjóðinni fjölgar. Það er ekki nokkur vafi á því, að til þess að framleiðslan geti aukizt nokkurn veginn a. m. k. samstíga við neyzluþörf þjóðarinnar í framtíðinni, þarf að leggja ofurkapp á að hagnýta það land, sem hægt er að nýta á annað borð. Þessi landsvæði, sem verður að nýta í framtíðinni, eru sams konar auðlindir og sjórinn við strendur landsins. Og þá er það jafnauðsætt, að þessi ræktun og þetta ræktunarstarf þarf að eiga sér stað mjög fljótt og samtímis því, sem þörf neyzlunnar eykst, og alls ekki verða á eftir. Þannig sjáum við, að þetta mál, græðsla sanda og annarra ógróinna lendna, er eitt þýðingarmesta framtíðarmál þjóðarinnar. Og það er þess vegna, sem við flm. gerum fyllilega ráð fyrir því og erum enda þess fullvissir, að Alþingi taki mjög í sama streng og við, þar sem við segjum í grg., að þetta mál þurfi að vinnast fram hér á þingi og verða bundið með löggjöf. Í fyrra urðu umræður allmiklar og í raun og veru að mér fannst fyrir mína parta lærdómsríkar. Kom m. a. fram hjá hæstv. landbrh., að hann var fyllilega inni á öllum höfuðþáttum þessa máls. Og ég átti líka von þess, því að hann er eins og ég úr því héraði, þar sem sandurinn hefur einna fastast sorfið að landsmönnum, og ég hef oft verið með hæstv. landbrh. á fundum eystra, þar sem þessi mál hefur borið á góma og verið mjög umrædd og hann haft fyllilega auga á því, hversu miklir hagsmunir eru hér í húfi, og ég er viss um það, að hans hugur hefur í engu breytzt.

Ég hef rætt um, að við þyrftum að auka á búvöruframleiðslu landbúnaðarins og gerðum það bezt með þeim hætti, er segir í frv., en öðrum hætti varla eða ekki. En það eru margir, sem telja, að við gætum, ef vel væri á haldið, framleitt af slíkum varningi meira en þyrfti til þjóðarneyzlu, við gætum flutt út landbúnaðarvörur. Og víst er um það, að ef í ræktunarmálefnum tekst vel til, þá mun ekki standa á bændastéttinni að vinna að sínum hlut. Hennar hlutur yrði vafalaust ekki eftir, enda hefur starf bænda á liðnum árum og áratugum leitt það í ljós, að þar hefur verið unnið hvert stórvirkið á fætur öðru, og þeir hafa, sem taka má fram og undirstrika, fengið oft og tíðum drjúgan liðstyrk frá alþjóð gegnum löggjöf og fjárframlög.

Það er auðsætt, að það þarf að stórfjölga bústofni hér á næstunni, og hann gerir það að vísu, honum fjölgar. Bæði kúm og sauðfé fjölgar nokkuð ört, og framleiðslan hefur aukizt nú á tveimur undanförnum árum, sem fyrst og fremst er að sjálfsögðu því að þakka, að annað eins góðæri og ríkt hefur undanfarin tvö ár er mjög til undantekningar síðustu áratugi. Það þarf að fjölga væntanlega á næstu 30 árum sauðfé og kúm um a. m. k. helming og kannske mun meira, og ýmsar aðrar búgreinar þarf að færa út samsvarandi. Þetta kostar allt mikið fé, bæði að auka bústofninn og jafnframt ræktunina, til þess að geta staðið undir honum eðlilega. En eins og ég gat um áður, þá er það auðsætt, að án opinberra ráðstafana geta landbúnaðarmenn ekki lagt í þær stóru og mikilsverðu aðgerðir, sem þörfin krefur. Þess vegna er, að þetta frv., sem hér liggur fyrir og samið er af okkar helztu sérfræðingum í þessum efnum, gerir ráð fyrir því, að ríkið styrki á ýmsa lund það framtíðarstarf, sem verður unnið á vegum sandgræðslu og uppgræðslu lands yfirleitt.

Um efni frv. get ég verið fáorður. Ég veit það, að hv. dm. eru kunnugir þessu máli, og þarf ekki mjög að ræða um það. Tilgangurinn er fyrst og fremst að hindra eyðingu gróðurs, því að vissulega fram á þennan dag er eyðing gróðurs nokkur í þessu landi, og er auðsætt hverjum þeim, sem um landið fer. Auk þess á að græða upp

samkvæmt ákvæðum frv. sanda, mela og aura til aukinna landsnytja í heimalöndum og á afréttum. Uppgræðsla afréttanna er fullkomið nýmæli. Ég var á ferð uppi við Veiðivötn á s. l. sumri, Veiðivötn á Landmannaafrétti, og þar varð mér litið til eins fjalls, sem er þó nokkuð hátt yfir sjávarmáli og þakið sandi, þ. e. a. s. ógróið, nema hvað ræktunarmenn frá Búnaðarfélagi Íslands höfðu tekið smárein undir til athugunar, hvernig gengi um gróður, og var þar hvanngrænn blettur nokkuð stór. Þessir ræktunarmenn halda því fram, að uppi í 300—400 m hæð frá sjávarmáli megi nokkurn veginn rækta nauðsynlegt fóður, ekki aðeins fyrir sauðfé, heldur og jafnvel fyrir kýr. Og þarna er landflæmi alveg geysilegt. Sýnist það mjög rökstutt að leggja út í ræktun á þessum slóðum, þegar undirstaðan er nokkuð trygg, að mér skilst, með rannsóknum sérfræðinga í ræktunarmálum. Það hafa víðar verið gerðar tilraunir til ræktunar uppi í hálendinu, m. a. í Árnessýslu, og eftir því sem ég bezt veit með góðum árangri.

Það er gert ráð fyrir því, að sandgræðsla yfirleitt fari fram á vegum ríkisins, þ. e. a. s. undir forustu starfsmanna ríkisins, sérfræðinga þess í þessum efnum, en þó komi til sandgræðsla enn fremur á vegum hreppa og félaga, þó undir forstjórn sandgræðslustjórnar ríkisins. En eins og ég gat um áðan, þá er það afréttauppgræðslan, sem er eitt stærsta nýmælið í þessu frv. Gert er ráð fyrir því, að heimamenn, þ. e. hreppar, sýslufélög, fjallskilafélög og félög einstakra bænda, taki nokkurn þátt í þeirri uppgræðslu við hliðina á Sandgræðslu Íslands.

Í 20. gr. frv. er gert ráð fyrir, að Sandgræðslan, í samráði við Búnaðarfélagið og jarðvegsrannsóknadeild búnaðardeildar atvinnudeildar háskólans, geri tíu ára áætlun um framkvæmdir í sambandi við afréttauppgræðslu. Hér í frv. er gert ráð fyrir því, að þessir menn ljúki þessari áætlun fyrir árslok 1961, en því verður að sjálfsögðu að breyta og er hægast í nefnd.

Þá eru nýmæli nokkur í þessum lögum, þótt ekki séu eins stórfelld og uppgræðsla afrétta og ógróins lands. Geta má þess, að þegar gerð verða ýmis mannvirki, svo sem vegir, brýr, stíflugarðar, hafnir og fyrirhleðslur, þá ber að haga framkvæmdum þannig, að gróðri verði sem allra minnst spillt á hverjum stað og komið í veg fyrir uppblástur. Þetta er mjög mikilsvert nýmæli. Má sjá jarðrask vegna mannvirkjagerðar víða um landið og hefur valdið áframhaldandi spjöllum vegna uppblásturs á þeim stöðum.

Þá kem ég lítillega að því atriðinu, sem um er deilt og um hefur verið deilt á undanförnum árum, þ. e. kostnaðarhlið framkvæmda í þessum efnum. Nú síðast hefur nefndin, sem fjallaði um þetta mál, gert tillögu um það, að gjald verði ekki tekið af búfénaði, eins og gert var ráð fyrir í upphafstillögum nefndarinnar, heldur verði ríkissjóður látinn standa undir útgjöldum með því, að lagður verði nokkur skattur á áfengi, þannig að 5 kr. komi á hvern lítra selds áfengis. Og ég held, að ég megi segja, að nefndin hafi komizt að þessari niðurstöðu fyrir áeggjan og í samráði við hæstv. landbrh., og ég vil þakka hæstv. landbrh. fyrir að hafa komið einmitt með slíka till. Það má a. m. k. slá því föstu, að þetta er nokkuð öruggur tekjuliður, ekki síst ef litið er til þeirrar skýrslu, sem liggur fyrir frá Áfengisverzlun ríkisins um sölu á s. l. ári. En eins og ég segi, þá má lengi deila um það, hvernig á að afla fjár í þessu efni sem og fjölmörgum öðrum, og í raun og veru ekkert við það að athuga. Höfuðatriðið er, að menn komi sér saman um, hverjar leiðir skuli fara í því efni, því að það er alls ekki undankomu auðið. Það verður að afla fjár í þessu skyni. Það má líka hugsa sér, að það verði ákveðin fjárhæð lögð til þessara mála á fjárlögum hverju sinni. En það er fordæmi um það að leggja aukinn skatt á nautna- og munaðarvörur, t. d. fær Skógrækt ríkisins fé af vindlingasölu og virðist vera ekki óheppileg leið. Og sjálfsagt er þessi tillaga komin fram, áfengisskattstillagan, með hliðsjón af því, hvernig gefizt hefur að því er varðar Skógrækt ríkisins. En sem sagt, þessi hlið málsins, kostnaðarhliðin, sem er í raun og veru sú stærsta, hún er umtalsverðust um leið. En við flutningsmenn gerum fastlega ráð fyrir því, að þegar þetta atriði er nánar íhugað, þá verði hægt að finna útgöngudyr. Og ég vil treysta því, að hæstv. landbrh. og hæstv. ríkisstj. sjái einhverja fjáröflunarleið, sem betri þætti, ef eigi er samkomulag um þá, sem í frv. getur. En sem sagt, úrlausn í þessu máli má auðsæilega ekki dragast öllu meir en orðið er. Og þess vegna flytjum við flm. þetta frv., að við höfum ekki einungis áhuga á því, að þetta mál komist fram, heldur komist sem fyrst á leiðarenda, þannig að megi hefja af nýju og með enn þá róttækari aðgerðum uppgræðslustarfið.

Til stuðnings málinu vil ég leyfa mér að lokum að vísa til grg. mþn. í þessu máli og enn fremur til hins veigamikla rits um Sandgræðslu Íslands 50 ára, sem var gefið út á árinu 1956.

Í fyrra varð nokkurt karp um framburð þessa máls, og hæstv. landbrh. taldi, að við flm. hefðum eiginlega tekið málið frá honum. Þetta karp endaði í bróðerni, og allir urðu sammála um það, að þetta er ekki mál einstakra þingmanna út af fyrir sig. Þetta er alþjóðarmál, og við flm. töldum, að það mætti ekki draga að flytja málið í hv. Alþingi og engin ástæða til þess. Við eignum okkur það ekki fremur en aðrir þm. geta eignað sér það, en við teljum okkur hafa nokkra skyldu á hendi um að bera slík hagsmunamál fram, þegar dregizt hefur úr hömlu af hálfu þeirra, sem skylduna hafa ríkasta að bera þau fram.

Ég leyfi mér svo að óska þess, að máli þessu verði vísað til 2. umr. og landbn. að lokinni þessari umr. málsins.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Þetta mál hefur verið talsvert rætt hér í Alþingi, þar sem málið hefur verið flutt fjórum sinnum Og það má því segja, að það vanti ekki umr um málið, heldur miklu fremur raunhæfar aðgerðir.

Það er rétt, sem hér var sagt, að þetta mál var fyrst flutt í ársbyrjun 1958 af fyrrv. ráðh., Steingrími Steinþórssyni. Það var í dálítið öðru formi en nú. Þá var gert ráð fyrir að skattleggja búpeninginn til þess að fá tekjur handa sandgræðslunni og einnig að leggja skatt á allar seldar tóbaksvörur, 3% skatt. Það hefði nú mátt

ætla, að frv. næði fram að ganga 1958, því að þá höfðu þeir flutningsmenn, sem flytja frv. í ár og í fyrra, vissulega tækifæri til þess að vinna að framgangi málsins, þar sem þeir studdu þáv. ríkisstj. En af einhverjum ástæðum dróst það úr hömlu og frv. dagaði uppi. Ég vil ekki halda því fram, að það hafi verið af viljaleysi þessara hv. tveggja flm., heldur vegna þess, að það hefur verið einhver stífla eða einhver fyrirstaða, sem hefur ekki verið yfirstíganleg. 1958 var jafnmikil nauðsyn á að efla sandgræðslu og gróður lands og í dag. En sú ríkisstj., sem var við völd 1958, kom frv. ekki fram, enda þótt milliþn. hefði skilað því. Ég taldi óheppilegt að afla fjárins með skatti á búpening og tel, að frv., eins og það er nú endurbætt, sé miklu vænlegra og betra en upphaflega frv. En ég skal ekki fara nánar út í það. En það er ekki nema ágætt, að það kemur greinilega í ljós, að þótt hv. 4. þm. Sunnl. og hv. 3. þm. Norðurl. e. hafi haft áhuga 1958, þá hefur sá áhugi fyrir þessu máli vaxið stórum síðan. Er ekki nema sjálfsagt að taka því vel.

Árið 1959 flytja þessir hv. þm. frv. hér um bil eins og það var í þeim búningi, sem Steingrímur Steinþórsson flutti það. Það var haldið áfram að gera tillögur um skatt á búpening, en tóbaksskatturinn var lækkaður úr 3% niður í 1½%. Að því leyti til var frv. allmiklu lakara en það frv., sem Steingrímur Steinþórsson flutti. Vegna þess að mér líkaði ekki skatturinn á búpeninginn, óskaði ég eftir því, að mþn. ynni starfið upp og gerði nýjar tillögur til tekjuöflunar í þessu máli. Og nefndin kom sér saman um það, og það er rétt, það var að mestu eða kannske öllu leyti í samráði við mig, að breyta tekjuöfluninni, hverfa frá því að skattleggja búpeninginn, sem var mjög óvinsælt meðal bænda, og breyta tekjuöfluninni þannig m. a. að leggja skatt á allt selt áfengi og fella niður þann toll, sem tekinn er af innfluttum fóðurbæti, þannig að hann gengi til sandgræðslunnar.

Og hv. 4. þm. Sunnl. og hv. 3. þm. Norðurl. e. fluttu þetta frv., sem ég lét semja 1960, þeir fluttu það í fyrra, vegna þess, eins og þeir sögðu, að það væri orðið þreytandi að bíða eftir því frá ríkisstj. Ég skildi það ekki í fyrra, hvers vegna þeim datt í hug að taka þetta frv., sem lá hjá ríkisstjórninni í athugun, til flutnings, því að báðir þessir hv. þm. eru það þingvanir, að þeir vita, að ríkisstj. eða stuðningsmenn hennar fylgja ekki fremur tillögum, sem stjórnarandstæðingar flytja, heldur en þeim tillögum, sem stjórnin sjálf ber fram, þótt málið sé í sjálfu sér gott. Og það er vitað mál, að frv. var ekki flutt sem stjórnarfrv. í fyrra vegna þess, að ríkisstj. hafði deildar meiningar um það, hvernig tekjuöfluninni skyldi hagað. Það er fullkominn samhugur innan ríkisstj. um það að efla sandgræðslu og gróður lands, en það eru deildar meiningar um það, hvernig beri að afla fjárins. Málið er enn í athugun hjá ríkisstj. Og til þess að bæta fyrir það, að enn hefur ekki verið flutt frv. um sandgræðslu, til aukinna fjárframlaga til hennar, hefur verið aukið framlag á fjárlögum, bæði ársins 1961 og 1962, til sandgræðslunnar, auk þess sem ráðstafanir hafa verið gerðar til þess, að aðstaða til búrekstrar í Gunnarsholti hefur batnað og allverulegar tekjur hafa verið af búinu, sem gengið hafa til sandgræðslunnar, þannig að sandgræðslan hefur haft mun meira úr að spila 1961 og 1962 heldur en áður, enda þótt ekkert frv. hafi enn verið lagt fram eða lögfesting til nýrrar fjáröflunar. Þetta vil ég taka fram og tel ástæðu til, vegna þess að þetta mál er enn hjá ríkisstj. í athugun, og ég veit, að hv. flm. skilja það, að þótt þeir hafi brennandi áhuga fyrir málinu, þá er það ekki leiðin til þess að koma því fram til sigurs að taka stjórnarfrv., sem er ekki tilbúið, og flytja það, á meðan ríkisstj. er ekki búin að koma sér saman um, hvernig tekjuöfluninni skuli hagað. Það verður vitanlega ekki samþykkt frv. um þetta, fyrr en stjórnarflokkarnir eru búnir að koma sér saman um það. Þetta veit ég að jafnþingvanir menn og þessir tveir flm. eru vita og skilja.

Við þurfum ekki að halda langar ræður hér í hv. Alþingi um nauðsynina á að efla sandgræðsluna og auka gróðurlendið. Við þurfum þess ekki, vegna þess að við vitum þetta allir, og ég þekki engan þingmann, sem skilur þetta ekki, sem betur fer. Ég þekki engan hv. þm., sem veit það ekki, að þegar þjóðinni fjölgar jafnört og á Íslandi, þá þurfi jafnframt að auka bústofninn til þess að hafa nóga mjólk, til þess að hafa nóg gras og til þess að hafa nægilegar landbúnaðarvörur handa þjóðinni til neyzlu. En eigi að síður, þótt við vitum þetta öll, þá tökum við okkur oft tíma til þess að ræða um nauðsynina eigi að síður innbyrðis, og skal það síður en svo lagt illa út. En það er þó ljóst mál, að það er miklu nauðsynlegra að stiga stórt skref til framsóknar í þessu máli en að halda langar ræður um það.

Hv. 4. þm. Sunnl., sem talaði hér áðan, sagðist vita, að ég væri innilega sammála þeim tillögum, sem hér er verið að ræða um, og mig undrar ekkert, þó að hann viti það, vegna þess að þetta frv. var samið í samráði um mig. T. d. tillagan um það að skattleggja áfengissöluna, ég er þeirrar skoðunar, að það sé heppileg tekjuöflunarleið og að áfengið mundi að öllum líkindum seljast alveg eins vel, þó að það væri eitthvað lítillega hækkað í þessum tilgangi. En það eru ýmsir fleiri möguleikar, eins og sagt hefur verið, sem menn eru að velta fyrir sér í þessu máli, og það er nauðsynlegt að koma sér saman um það. En ríkisstj. í heild hefur sínar afsakanir í þessu, vegna þess að hún hefur lagt fram aukið fé til þessara mála, á meðan málið er í undirbúningi, þannig að sandgræðslustarfið er sízt minna nú en það hefur verið, og það geta menn fengið gleggstar upplýsingar um með því að tala við sandgræðslustjóra um þessi mál.

Ég tel ekki ástæðu til að tala langt mál um þetta. Hv. frsm. sagði hér áðan, að hann treysti ríkisstj. til þess að finna leiðir í þessu máli, ef ekki yrði samkomulag um þær leiðir, sem á er bent í frv., og ég er alveg samþykkur því. Ég er viss um, að ríkisstj. finnur leiðir í því efni, og einmitt vegna þess, að hv. 4. þm. Sunnl. veit þetta, að ríkisstj. finnur leiðir, sem hún kemur sér saman um, þá er náttúrlega miklu síður þörf á því fyrir þennan hv. þm. að taka það frv., sem lá hjá ríkisstj., á meðan ríkisstj.

var ekki búin að samræma þær leiðir, sem skyldi fara, og flytja það. Einmitt þessi fullyrðing hjá hv. frsm. og þessi viðurkenning á núverandi ríkisstj. sýnir, að það var enginn tilgangur með því að flytja þetta frv. Ég skil þann áhuga, sem þessi hv. þm hefur og báðir hv. þm., og ég skal meta hann, en það er bara ekki leiðin til þess að koma þessum málum fram, sú sem þeir hafa valið. Leiðin til þess að koma málinu fram er það að samræma skoðanir manna og finna þau spor, sem menn geta sameiginlega gengið í málinu.

Hv. þm. talaði um, að það hefði verið nokkurt karp viðvíkjandi flutningi málsins í fyrra. Ég man nú ekki, hvort það var svo mikið, en ég hef sennilega bent á það, að hv. þm. hefðu flutt frv., sem var hjá ríkisstj. og ekki tilbúið að því leyti, að ríkisstj. var ekki enn búin að samræma sínar skoðanir. Ég mun hafa talið, að vinnubrögðin kæmu ekki að gagni með þessu móti, eins og reynslan sýndi. Ég vil ekkert fullyrða um það, nema það geti komið fram frv. frá ríkisstj. á þessu þingi um málið, vitanlega breytt frá því, sem það er nú, því að ef ríkisstj. hefði verið á einu máli um að flytja það í því formi, sem það er, þá hefði það verið fyrir löngu gert. Það gæti vel farið svo, að enda þótt fjárveiting til sandgræðslu hafi verið hækkuð, þá yrði flutt frv. frá ríkisstj. á þessu þingi. Ég skal þó ekkert um það fullyrða, um leið og ég fullyrði þó, að ríkisstj. hefur áhuga á aukinni sandgræðslu.

Ég tel ekki ástæðu til að láta öllu fleira koma fram um þetta. Það er nú svo og raunar augljóst, að jafnvel þótt stjórnarandstæðingar vilji láta í það skína, að ríkisstj. sé ámælisverð fyrir að hafa ekki lögfest þær tekjur, sem æskilegastar eru fyrir sandgræðsluna, þá verða þessir hv. þm. að minnast þess, að frv. líkt þessu var flutt, á meðan þeir studdu ríkisstj., og það náði þá ekki fram að ganga. Og ef hv. þm. stjórnarandstöðunnar færu að hafa stór orð í garð ríkisstj. út af þessu máli, þá náttúrlega væri óhjákvæmilegt að rifja það upp og spyrja að því, hvers vegna þeir með sínum mikla áhuga hafi ekki komið málinu fram, á meðan þeir studdu ríkisstj. En það er ekki víst, að til þess þurfi að koma. A. m. k. komu áðan engin stóryrði fram eða fullyrðingar í öfgum hjá hv. frsm. Það skal metið, þegar menn sýna áhuga, og það er engin ástæða til að vera með neinar getsakir um, að það sé ekki vel meint, þessi flutningur frv. En leiðin til þess að koma málinu fram er ekki þessi. Hún er sú, að hinn samfelldi þingmeirihluti finni hinar raunhæfu leiðir í þessu, og það mun hann gera.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki á þessu stigi málsins ræða hin einstöku atriði þess frv., sem hér er til umr., en ummæli hæstv. landbrh. gáfu mér tilefni til að gera hér nokkrar athugasemdir. Hann lýsti því yfir, að sú tekjulind, sem farið er fram á í frv., að það yrðu álögur á vínsölu í landinu, sé heppileg sem tekjustofn fyrir sandgræðslu í landinu og hann fyrir sína parta sé því samþykkur, að sá tekjustofn sé lögfestur, ef ég skildi hann rétt. Hann lýsti því yfir í sambandi við það, að hann hefði verið andvígur því, að þetta fé yrði tekið af fóðurvörum eða bústofni bænda. Hann sagði að vísu ekki ákveðið, að þetta segði hann hér sem hæstv. landbrh. og þá í nafni ríkisstjórnarinnar, en hins vegar varð það ekki skilið öðruvísi en að hann teldi, að ekki væru á því nein sérstök vandkvæði að fá hæstv. ríkisstj. til að samþykkja þennan sérstaka tekjustofn.

Ég vil í sambandi við þetta benda á, að ég tel þetta óheppilegasta og rangasta tekjustofn, sem hægt er að skapa fyrir sandgræðsluna í landinu, og skal færa fyrir því nokkur rök. Í fyrsta lagi gera þeir menn sér ekki ljóst, hvað stórkostlegt böl áfengisneyzla í landinu er, sem leggja það til, að ákveðnu fé af þeim ágóða, sem fari í ríkissjóð, skuli varið til að standa undir einhverjum ákveðnum útgjöldum hjá þegnum þjóðfélagsins, — þeir gera sér það ekki ljóst frá mínu sjónarmiði, að ef til er nokkurt fé afgangs fyrir ríkissjóð af þeim gróða, sem kemur frá áfenginu, þá ber fyrst og fremst að verja því fé til áfengisvarna í landinu. Það verður ófrávíkjanleg krafa þeirra manna hér á Alþ., sem hafa opin augu fyrir því stórkostlega tjóni og því stórkostlega böli, sem ofneyzla áfengis í landinu hefur í för með sér. Og það hafa ekki verið gerðar hærri kröfur til þessa dags en raun ber vitni um vegna þess, að þeir aðilar hafa litið svo á, að ríkissjóður hafi ekki ráð á því að leggja miklu meira fé til framkvæmda þeirra mála í sambandi við tekjur, sem fást frá áfengissölunni. En komi fram nýjar till. um það að taka af þeim sjóði fé til þess að byggja upp hvort heldur er sandgræðslu, landbúnað á öðru sviði eða einhverjar aðrar framkvæmdir, þá er óhjákvæmilegt, að upp rísi þeir menn, sem líta svo á, að það fé eigi fyrst og fremst að fara til áfengisvarna.

Önnur meginástæðan fyrir því, að ég er á móti þessari fjáröflun til sandgræðslu, er sú, að því fleiri aðilar sem njóta góðs af ágóða af vínsölu í landinu fjárhagslega, því veikari verður mótstaðan í landinu gegn áfengisflóðinu, því fleiri aðilar sem hafa áhuga á því, að meira öl eða meira vín seljist og meiri gróði verði af áfengisneyzlu. Þetta er stórkostlegt siðferðilegt atriði í málinu og stórkostlegt atriði fyrir þá, sem enn þá hafa skilning á því, að það eigi að minnka áfengisgróðann, en ekki auka hann.

Ég vona því, að hæstv. ráðherra viðurkenni, að þetta hafi verið hans sérstaka einkaskoðun í málinu, það sé ekki skoðun hæstv. ríkisstj. og það sé ekki heldur skoðun allra þeirra manna, sem styðja nú hæstv. ríkisstj.

Það þýðir ekki fyrir hæstv. ráðh. að brosa að þessu máli, það er miklu alvarlegra en það. Ég sé ekki, að enn hafi ríkissjóður gert skyldu sína við þá vesalinga, sem hann hefur annars vegar tekið af stórkostlegt fé, með því að stuðla að því með áfengissölunni, að það yrðu vesalingar í landinu. Hann hefur ekki bætt fyrir þær sakir eins og skyldi. Og það er stórkostleg þörf á að veita miklu meira fé, annaðhvort beint úr ríkissjóði eða af tekjum áfengisverzlunarinnar, til þess að byggja upp fullkomið hæli fyrir afbrotaunglinga, bæði drengi og stúlkur, sem hefur verið vanrækt, þrátt fyrir það að ákveðið sé með lögum, að það skuli gert, og hefði átt að vera

búið að koma því í framkvæmd. En það hefur alltaf staðið á því, að ekki hefur verið til nægilegt fé til þess að koma upp þessum stofnunum og koma þeim málum á þann grundvöll, sem lagður hefur verið, til þess að vinna á móti því böli, sem hér er um að ræða. Og það verður að vera alveg ófrávíkjanleg krafa þeirra manna, sem skilja þessi mál, að hverjum einasta eyri, sem ríkissjóður geti séð af af ágóða af áfengisverzluninni, sé fyrst og fremst varið til þessara hluta, til að byggja upp aftur það, sem áfengisnautnin í landinu rífur niður. Það er einnig þörf á því að byggja hér upp drykkjumannahæli í miklu stærri stíl, drykkjumannavarnir á ýmsum sviðum, bjarga þeim sjúklingum, sem lenda í fangelsunum af ölæði. Þetta er miklu meira aðkallandi mál en öll sandgræðsla á Íslandi, og því verður áreiðanlega mótmælt harðlega af þeim mönnum, sem vilja berjast fyrir þessum málum og skilja þau, að það sé ekki einn einasti eyrir látinn til að standa undir hvorki sandgræðslu í landinu né öðru, fram yfir það, sem tekið er beint inn í ríkissjóð.

Ég vil einnig benda á, að ég tel það alveg fjarstæðu, þó að þar sé raunverulega allt öðru máli að gegna, að leggja á sérstakan benzíntoll til að standa undir slíku máli sem hér er á ferðinni, og það er krafa frá sömu mönnum sem gera það að ófrávíkjanlegri kröfu, að allur benzín- og bílatollur í landinu skuli renna til þess að byggja upp vegi og brýr í landinu, sem á miklu meira skylt við hann en þetta mál hér. En það er önnur saga og snertir miklu meira efnishlið málsins. Hitt er mál, sem Alþ. og ríkisstj. geta ekki lokað augunum fyrir og er nauðsynlegt að bæta úr, og ekki má taka neitt fé af þessum gróða, sem hér er, til annarra framkvæmda, fyrr en búið er að bæta þann tjón, sem áfengisneyzla í landinu hefur í för með sér og fer vaxandi — svo mjög vaxandi í landinu, að það er orðið langsamlega mesta böl þessarar þjóðar.

Flm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Hæstv. landbrh. tók vel í frv. það, sem hér liggur fyrir, og þess taldi ég líka von af hans hálfu, hann gerði það einnig í fyrra. En honum þótti sem við vildum ganga of harkalega fram í því að koma frv. gegnum þingið, það væri réttara og vissara að bíða ögn enn, ríkisstj. væri með þetta mál til endanlegrar afgreiðslu, en enn þá væri ekki fengin samstaða um það, með hverjum hætti undir kostnaði ætti að standa. En mér finnst nú, að nokkuð langur tími hafi liðið, án þess að það væri gert, hvorki meira né minna en þrjú ár. Hjá vinstri stjórninni sálugu var það þó árið 1958, sem fór forgörðum, en um áramótin eða nærri þeim var hún ekki lengur í lifenda tölu, þannig að þetta er ekki sambærilegt. Síðan eru þetta mörg ár, og hæstv. ríkisstj. hefur ekki komið fram með neinar till., og það teljum við flm. fremur til lýta og margir fleiri. Og ég vænti þess, að þegar þetta mál verður tekið fyrir í landbn., muni nefndin eiga tal við hæstv. landbrh. og leita eftir till., þannig að málið í heild megi leysast á þessu þingi.

Ég vissi það fyrir og við þm. yfirleitt, að þarna væri hnúturinn erfiðastur að leysa, þar sem fjáröflunarleiðin er, að öðru leyti væri samstaða um málið í heild. En ég þarf ekki að svara svo mjög hæstv. landbrh. Hann var yfirleitt inni á þessu öllu. Hann breiddi sig að vísu mjög yfir það, þegar ég lét orð falla um, að ég treysti ríkisstj. til þess að finna sæmilegan flöt á kostnaðaratriðinu. Það er út af fyrir sig víst traust. Ríkisstj. hefur það í hendi sér fullkomlega að koma fram máli eða fella hér á Alþingi, og það er ekki nema eðlilegt, að maður líti í veikleika sínum til ríkisstj., þegar góð mál eru fram flutt, að þeir vilji, stjórnarliðar og hæstv. ríkisstj., gera svo vel að vera hlynntir slíkum málum. Og ég treysti ríkisstj. til þess að veita þessu máli brautargengi það nægilegt, að fram megi ganga á þessu þingi, og mér skildist það á síðustu orðum hæstv. landbrh., að maður gæti átt von á því, og er gott um það að segja.

Að lokum vil ég varðandi ræðu hæstv. landbrh. láta í ljós undrun mína yfir því ráði, sem hæstv. landbrh. gaf okkur þm., að það sé tryggast að koma máli fram að bera það alls ekki fram. Það er nokkurt nýlundubragð að þessari ráðleggingu og þarfnast nánari skýringar. Ég held, að það sé eiginlega það fyrsta, sem gera skal til að koma máli fram, að sýna framan í það hér á hv. Alþingi.

Hv. 1. þm. Vestf. gat ekki fellt sig við þá tillögu, sem er í frv. um fjáröflun til að standa undir sandgræðslunni, áfengisskattinn. Það má vel vera töluvert í hans máli. En ég sé ekki ástæðu til þess að blanda áfengisvandamálinu mjög inn í sandgræðslumálið, enda þótt sandgræðslan kynni að njóta áfengisskatts, því að víst er um það, að það þarf ekki að reikna með því fyrir fram, að eftir því sem vínið verður dýrara, þá verði það því meir keypt. Það mætti frekar hugsa sér, að það mundi draga úr vinneyzlu, ef skattur væri á lagður. Að öðru leyti fannst mér hann rökstyðja mál sitt með þeim hætti, að í raun og veru ætti það ekki við í þessu efni. Áfengisvandamálið verður ekki leyst með því bragði að vera móti því að leggja aukinn skatt á áfengið í sambandi við sandgræðsluna, það sé ég ekki. En ég skil tilfinningar hans og veit, að hann hefur lengi verið þarfur bindindismálum í þessu landi og barizt við hlið margra annarra góðra manna gegn áfengisbölinu. Og það er allt vel um það.

Ég sé ekki ástæðu til þess að orðlengja mál þetta fremur. Ég vil endurtaka ósk mína um það, að að þessari umr. lokinni verði málinu vísað til 2. umr. og landbn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 41. fundi í Nd., 5. febr., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til landbn. með 29 shlj. atkv.

Nefndaráliti frá minni hl. landbn., á þskj. 525, var útbýtt 29. marz, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

18. Sala eyðijarðarinnar Lækjabæjar.

Á 12. fundi í Sþ., 6. nóv., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Lækjabæ í Fremri-Torfustaðahreppi [62. mál] (þmfrv., A. 79).

Á 29. fundi í Nd., 4 des., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Einar Ingimundarson): Hæstv. forseti. Ég flyt á þskj. 79 ásamt hv. 2. og 5. þm. Norðurl. v. frv. til laga um heimild fyrir ríkisstj. til að selja eyðijörðina Lækjabæ í Fremri-Torfustaðahreppi. Ég tel ekki þörf á að fara mörgum orðum um efni þessa frv., en eins og í grg. segir, þá er hér um eyðijörð að ræða, sem hefur verið í eyði um áratugaskeið. Hús á jörðinni eru engin og túnið, sem var litið, mun vera komið í órækt, og telja kunnugir menn, að engin líkindi séu til þess, að býli þetta verði endurreist, enda er hér um heiðarland að ræða. Hins vegar hefur Sigurgeir Jónatansson bóndi á Skeggjastöðum í Fremri-Torfustaðahreppi, þar sem jörðin er, farið þess á leit og óskað þess eindregið, að hann fái þessa jörð keypta, og hefur meðmæli hreppsnefndar Fremri-Torfustaðahrepps til þess. En Sigurgeir bóndi á Skeggjastöðum hefur haft afnot þessarar jarðar um skeið og séð um hana fyrir jarðareiganda. Mér er kunnugt um, að hreppsnefnd Ytri-Torfustaðahrepps hefur skrifað landbn. þessarar hv. d. og óskað eftir því, að þeim hreppi, þar sem jörðin liggur ekki, verði áskilinn forkaupsréttur að henni. Ég tel auðvitað sjálfsagt, að þetta erindi verði athugað í n. nákvæmlega, en ég hef þó ástæðu til að ætla, að hreppsnefnd Fremri-Torfustaðahrepps, þar sem jörðin er, muni ekki falla frá forkaupsrétti á jörðinni, ef um annan kaupanda verður að ræða en Sigurgeir Jónatansson bónda á Skeggjastöðum, eins og frv. þetta gerir ráð fyrir.

Ég legg svo til, að þessu frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 30. fundi í Nd., 5. des., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til landbn. með 28 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

19. Verzlunaratvinna.

Á 15. fundi í Nd., 9. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 52 27. júní 1925, um verzlunaratvinnu [68. mál] (þmfrv., A. 86).

Á 17. fundi í Nd., 13. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Einar Sigurðsson): Hæstv. forseti. Frv. það á þskj. 86, sem ég hef leyft mér að flytja, felur í sér rýmkun á leyfi til verzlunarrekstrar í sveit. Nú er kveðið svo á í lögum nr. 52 27. júní 1925, að meðmæli sýslunefndar þurfi til að fá leyfi til verzlunarrekstrar í sveit. Í fyrrnefndum lögum um verzlunaratvinnu segir svo í 2. og 3. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Enginn má reka verzlun á Íslandi eða í íslenzkri landhelgi, nema hann hafi fengið til þess leyfi lögum þessum samkvæmt.

Hver maður, karl eða kona, giftur sem ógiftur, getur fengið leyfi til verzlunar, enda hafi réttur til verzlunar ekki verið af honum dæmdur, ef hann:

1) Er heimilisfastur á Íslandi, þegar leyfi er veitt, og hefur verið það síðasta árið.

2) Er fjárráður.

3) Hefur forræði á búi sínu og hefur haft það síðasta árið. Ekki má veita þeim verzlunarleyfi, sem tvisvar hefur orðið gjaldþrota, nema komizt hafi á löglegir samningar um skuldagreiðslur milli hans og lánardrottna hans.

4) Hefur ekki verið dæmdur sekur um verk, sem er svívirðilegt að almenningsáliti. Ekki má veita manni verzlunarleyfi, ef ráðin hefur verið höfðun opinbers máls á hendur honum fyrir verk, sem er svívirðilegt að almenningsáliti, fyrr en hann hefur verið sýknaður með dómi.

5) Sannar, að hann hafi þá þekkingu á bókhaldi og vörum, sem telja má nauðsynlegt til þess að reka verzlun. Ráðherra setur nánari fyrirmæli um það, er hér að lýtur, eftir að hafa leitað álits verzlunarráðsins og Sambands íslenzkra samvinnufélaga. Fyrirmæli þessa töluliðs taka ekki til sveitaverzlana.

6) Fullnægir að öðru leyti þeim skilyrðum, sem eru sett eða sett kunna að verða í lögum til þess að mega reka verzlun."

Þetta sýnist vera æði nóg skilyrði til þess, að maður geti fengið leyfi til verzlunarrekstrar, og er óeðlilegt að mínu áliti, að það sé bundið nokkrum frekari skilyrðum. En þegar umsækjandi uppfyllir þessi skilyrði, sem honum eru sett í lögum, virðist ekki þurfa frekari meðmæli sýslunefndar, en svo er ákveðið í þessum lögum, ef hann hyggst reka verzlun í sveit, en þess er hins vegar ekki krafizt, ef umsækjandi hyggst opna verzlun eða reka verzlun í kaupstað eða bæ.

Hér skal ekki farið út í neinar hugleiðingar um þægindin fyrir hinn almenna neytanda, að hann eigi sem stytzt að sækja í verzlun. Þetta var meira atriði áður en nú, þegar bílarnir eru komnir til sögunnar. En alltaf hlýtur það að vera kostur, að ekki sé allt of langt milli verzlunarstaða. Hitt er svo annað mál, hvort umsækjandi um verzlunarleyfi sér sér ábata í því að starfrækja verzlunina með tilliti til afkomumöguleika, og það verður að vera eftir hans mati.

Hér er gert ráð fyrir því, að þetta ákvæði í lögum, sem lagt er til að fellt verði niður, hafi í einstaka tilfellum reynzt fjötur um fót þeirra, sem hafa viljað hefja verzlun, og er með tilliti til þess, sem hér hefur verið sagt, eðlilegt að ryðja því úr vegi. Því er þetta frv. flutt. En það, sem lagt er til að verði fellt úr lögum, er í 11. gr. laganna og er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Leyfi til sveitaverzlunar má ekki af hendi

láta, nema sýslunefnd telji heppilegt, að verzlun sé í þeirri sveit, enda sé umsækjandi þar heimilisfastur og að hennar dómi hæfur til að reka verzlun."

Ég legg að svo mæltu til, að frv. verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari umr. og til allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

20. Dragnótaveiðar í fiskveiðilandhelgi.

Á 16. fundi í Nd., 10. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 9. júní 1960, um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti [69. mál] (þmfrv., A. 88).

Á 17. fundi í Nd., 13. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Einar Sigurðsson): Hæstv. forseti. Frv. á þskj. 88 felur í sér breytingu á lögum, sem samþykkt voru á þinginu 1960, nr. 40 9. júní, um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti. Gengur þetta frv., sem hér er flutt, út á að lengja þann tíma, sem heimill er til dragnótaveiða, um hálfan mánuð á vorin og einn mánuð á haustin, hálfan júní og allan nóvembermánuð.

Það voru skiptar skoðanir um dragnótaveiðina á sínum tíma og verða alltaf. Þær verða það líka um fleiri veiðiaðferðir, svo sem troll, þorskanetaveiðar, humarveiðar, og svo mætti lengi telja. Allar veiðar eyða fiskinum meira eða minna. En Íslendingar eru hér ekki einir um hituna. Aðalatriðið er að eyða ekki fiskinum á viðurkenndum hrygningarsvæðum og drepa ekki ungviðið, en við þetta gengur illa að ráða. Alþjóðasamþykktir eru gerðar um möskvastærð, og er alltaf verið að stækka möskvana, og mætti sjálfsagt gera betur í þeim efnum. Mikla nauðsyn ber einnig til að friða viss hrygningarsvæði og uppeldisstöðvar, eins og Selvogsgrunnið hvað þorskinn snertir og ýmsa firði, eins og Eyjafjörð og fleiri, að því er tekur til síldarinnar. En engum blandast hugur um, að dragnótaveiðin veiti mikla atvinnu, bæði á sjó og í landi, og er ekki hægt að bera saman aðrar veiðar, a. m. k. ekki sunnanlands, þegar um afrakstur er að ræða, nema þá helzt handfæraveiðar. Það kann þó að gegna nokkuð öðru máli fyrir Norðurlandi og norðanverðu Austurlandi, þar sem að sumarlagi er meira byggt á línuútgerð, sem líkist þá vetrarvertíð syðra, enda er það svo, að dragnótaveiðar hafa lítið verið leyfðar fyrir þessum landshlutum.

Aðalrökin fyrir flutningi þessa frv. eru þau, að hjá þeim, er dragnótaveiðar ætla að stunda, sé það sóun á tíma að geta ekki hafið þessar veiðar fyrr en mánuði eftir að vetrarvertíð lýkur og eins að þurfa að hætta 2 mánuðum fyrir vetrarvertíð, en svo er kveðið á í fyrrnefndum lögum. Yfirleitt mun það svo, að þessi tími á milli vertíða verður dragnótaveiðimönnum ónýtur, og líða við það ekki aðeins þeir, sem þessar veiðar stunda, heldur einnig mikill hópur verkafólks í landi. Það er því í hæsta máta eðlilegt, að þessi biðtími verði nokkuð styttur, og er hér farið mjög hóflega í sakirnar í þessum efnum.

Þá má geta þess, að í nóvembermánuði losnar yfirleitt um flatfiskinn við ströndina og hann leitar á dýpra vatn, og er þá mjög algengt, að hann sé tekinn af erlendum togurum. Einkum eru þá Englendingar naskir á að ná í kolann, þegar hann syndir út fyrir línuna.

Til þess að gefa nokkra hugmynd um mikilvægi þessara veiða má geta þess, að s. l. ár stunduðu þær 113 bátar, þegar þeir voru flestir, með a. m. k. á fimmta hundrað sjómönnum. Ekki færri þarf til að verka aflann í landi, svo að atvinnulega séð eru þessar veiðar hinar mikilvægustu. Þá eru þær ekki minna virði fyrir þjóðarbúið í heild og gjaldeyrisöflunina, því að þær hafa vart gefið minna en um 100 millj. kr. hvort ár í útflutningsverðmæti. Við þá lengingu veiðitímans, sem hér er um að ræða, mætti gera ráð fyrir 30% aukningu, og færi þá þessi útflutningur að nálgast 5% eða 1/20 af heildarútflutningi landsmanna.

Að lokinni 1. umr. um frv. þetta er lagt til, að því verði vísað til 2. umr. og sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til sjútvn. með 21 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

21. Byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum.

Á 18. fundi í Nd., 14. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 16. febr. 1952, um opinbera aðstoð við byggingar í kaupstöðum og kauptúnum [75. mál] (þmfrv., A. 96).

Á 20. fundi í Nd., 17. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 23. fundi í Nd., 21. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Hæstv. forseti. Þetta frv. fjallar um breyt. á lögunum um verkamannabústaði eða þann kafla laganna um byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum, sem fjallar um verkamannabústaði.

Eins og kunnugt er, þá er það tilgangur laganna um verkamannabústaði að hjálpa þeim, sem eru efnaminnstir, til að eignast eigið húsnæði. Því voru þau ákvæði sett í lögin, að lánin mættu

vera allt að 90% af kostnaðarverði viðkomandi eignar og lánstíminn 42—75 ár. Þessum ákvæðum laganna var nokkurn veginn fylgt í upphafi, en mjög hefur hins vegar skort á það hin seinustu ár, og stafar það jöfnum höndum af fjárskorti byggingarsjóðsins og síhækkandi byggingarkostnaði, þannig að nú er svo komið, að t. d. á íbúð, sem kostar um 400 þús. kr., nema lán úr sjóðnum ekki nema 160 þús. kr., sem vantar mikið á að sé helmingur af kostnaðarverðinu, eða milli 30 og 40% af því. Þetta frv. er flutt til að bæta úr þessu, og meginbreytingarnar, sem í því felast, eru þessar:

Í fyrsta lagi er ákveðið nýtt framlag ríkisins til byggingarsjóðsins, er nemi árlega 5 millj. kr.

Í öðru lagi er ákveðið, að lán úr sjóðnum skuli aldrei nema lægri upphæð en 65% af kostnaðarverði viðkomandi eignar. Þetta mundi í framkvæmd þýða það, að t. d. út á íbúð, sem kostar 400 þús. kr., ætti sjóðurinn að veita lán, sem næmi a. m. k. 260 þús. kr. í stað þess, að samkvæmt þeim reglum, sem nú er farið eftir, mundi ekki verða lánað út á hana nema 160 þús. kr.

Í þriðja lagi er svo lagt til, að lágmarkstími lána verði lengdur úr 42 árum í 50 ár, og þetta er einnig gert til þess að gera lánskjörin hagstæðari.

Ég held, að þeir, sem kynna sér þessi mál, hljóti að telja þessar breytingar eðlilegar og sjálfsagðar, enda skilst mér, að breytingar, sem ganga í svipaða átt, hafi undanfarið verið til athugunar hjá þeim, sem ráða yfir þessum sjóði.

Ég flutti sams konar frv. og þetta á síðasta þingi, en það var að vísu ekki fyrr en nokkuð var á það liðið, og það frv. dagaði þá uppi. Ég vænti þess, að þar sem nú gefst meiri tími til að athuga þetta mál hér í þinginu, þá geti það orðið til þess, að þetta mál nái fram að ganga. — Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa lengra mál um þetta að sinni, en legg til, að að umræðunni lokinni verði því vísað til heilbr.- og félmn.

Jón Pálmason: Herra forseti. Samkvæmt þessu frv., sem hér liggur fyrir, er ráðgert að gera byggingum í kaupstöðum miklu hærra undir höfði með lánsfé en þekkist í sveitum. Hér er farið fram á að lána hvorki meira né minna en 65% af kostnaðarverði húsanna og að ríkissjóður leggi árlega fram 5 millj. kr. í þennan sjóð.

Nú er það svo, að til íbúðarhúsa í sveitum voru lengi veittar 60 þús. kr. á hús, og er nú alveg nýlega búið að samþykkja af stjórn Búnaðarbankans að *færa lánshæðina upp í 100 þús. kr.* Hún var á tímabili 75 þús. og svo nokkur ár 90 þús. og fer núna upp í 100 þús., og það mun aldrei verða meira en sem svarar 30% af kostnaðarverði húsanna. Ég vildi aðeins vekja athygli á þessu í sambandi við þetta frv. Ef það er ætlun manna að samþykkja þetta frv., verður það að fylgjast með að hækka stórlega lánsfé til íbúðarhúsa í sveitunum, því að sannleikurinn er sá, að það er miklu meiri þörf á að styrkja byggingu þeirra húsa heldur en í kaupstöðum, vegna þess að kostnaðarverð húsa nú er orðið svo hátt, að það er útilokað, að það komi fram í verði jarðarinnar. Í kaupstöðum hefur fram að þessu hins vegar verið svo, að það hefur verið hægt að selja húsin á kostnaðarverði og oft miklu meira en það. Hér verður að tryggja, að það sé nokkurn veginn samræmi á milli, ef farið er að breyta frá því, sem verið hefur.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 24 shlj atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

22. Gatnagerð bæjar- og sveitarfélaga.

Á 19. fundi í Nd, 16. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um opinbera aðstoð við varanlega gatnagerð á vegum bæjar- og sveitarfélaga [82. mál] (þmfrv., A. 107).

Á 23. fundi í Nd., 21. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Ingi R. Helgason): Herra forseti. Háttvirtir þingdeildarmenn. Nokkrir þingmenn úr hópi þingflokks Alþýðubandalagsins flytja hér frv. til laga á þskj. 107 um opinbera aðstoð við varanlega gatnagerð á vegum bæjar- og sveitarfélaga. Af okkar hálfu er litið svo á, að hér sé um mikið nauðsynjamál að ræða, og ég vænti þess, að undirtektir hv. þingdeildar undir málið verði í samræmi við þá skoðun okkar, það fái skjóta og góða afgreiðslu í hv. d. Einnig leyfi ég mér að vonast til, að hæstv. ríkisstj. hafi sama skilning á þessu máli og reyni fyrir sitt leyti að hraða því, að það verði að lögum.

Efni þessa frv. er í sjálfu sér skýrt og augljóst, og enginn hv. þdm. fer í neinar grafgötur um þýðingu þess og nauðsyn. Enda þótt vegakerfi í landinu hafi lengzt að miklum mun á síðustu árum og batnað, þá búum við að mestu leyti við malarvegi, sem hafa mikla ókosti og ágalla. Kostnaður við viðhald á þessum vegum er mjög mikill, og maður þekkir ástand þeirra, þegar rigning er og þegar sólskin er, og sérstaklega í kauptúnum og í kaupstöðum er gatnagerð af slíku tagi til mikils vansa.

Ég ætla rétt aðeins að hlaupa yfir greinar frv. í örstuttu máli.

Í 1. gr. segir, að stofna skuli sjóð, sem heiti *gatnagerðarsjóður, og tilgangur þessa sjóðs er* sá að stuðla að varanlegri gatnagerð í kaupstöðum og kauptúnum hér á landi. Í 2. mgr. þessarar 1. gr. er gefin skýring á því, hvað telst vera varanleg gatnagerð, en það er lagning nýrra vega og gangstétta með slitlagi úr steinsteypu eða hverju öðru efni, sem metið er jafngildi hennar, svo og lagning varanlegs slitlags á eldri götur og gangstéttir.

Í 2. gr. frv. segir um, hvaða tekjur skuli renna í gatnagerðarsjóð. Í gengislækkunarlögunum 19. febr. 1960 var lagt á sérstakt benzíngjald, innflutningsgjald af benzíni, sem nam 1.16 kr. á hvern lítra af benzíni. Þetta innflutningsgjald gefur ríkissjóði milljónatugi í tekjur á ári. Það má reikna með því, að 1 eyrir af þessu gjaldi

gefi ríkissjóði um það bil 500 þús. kr. í tekjur á ári, miðað við notkunina á benzíni á árinu 1960. Nú er það svo, að aðeins notendur og eigendur farartækja í landinu, benzínfarartækja, greiða þetta gjald og standa undir þessum tekjum í ríkissjóð. Það er mikið hagsmunamál fyrir þá, að vegalagning sé slík, að reynt sé að forða óþarfaviðhaldi á farartækjum þeirra, og má segja, að um hagsmunamál þeirra sé að ræða, að eitthvað af þessu gjaldi fari til varanlegrar gatnagerðar. Það er hliðarsjónarmið í þessu máli. Hér er lagt til í frv. í 2. gr., að 40 aurar af innflutningsgjaldinu, eins og það var ákveðið í gengislækkunarlögunum frá 1960, gangi í gatnagerðarsjóð. Það þýðir, að gatnagerðarsjóður fær 20 millj. kr. á ári af þessu innflutningsgjaldi, sé miðað við notkun benzíns á árinu 1960. Einnig er lagt til, að í gatnagerðarsjóð renni einnig 20% af þungaskatti bifreiða, sem er í raun og veru sérstakur skattur bifreiða, sem hafa dísilolíu fyrir orkugjafa. Þessi 20% þýða, miðað við þungaskatt bifreiða á árinu 1960, kringum 5 millj. kr. — 2. gr. frv., sem fjallar um tekjur í gatnagerðarsjóð, gerir þess vegna ráð fyrir, að gatnagerðarsjóður geti á fyrsta ári sínu ráðið yfir 25 millj. kr. til þess að stuðla að varanlegri gatnagerð á vegum bæjar- og sveitarfélaga.

Í 3. gr. eru ákvæði um, hvernig framlögum gatnagerðarsjóðs til sveitarfélaganna skuli háttað. Þau skulu ákvarðast af sérstakri sjóðsstjórn gatnagerðarsjóðs í samráði við Samband íslenzkra sveitarfélaga, og framlögin eiga í fyrsta lagi að miðast við rúmmetra slitlags og eiga líka að vera bundin við þá höfuðviðmiðun, að bæjarfélögin og sveitarfélögin leggi jafnháa fjárhæð á móti til þessara framkvæmda. Þó er gert ráð fyrir í 2. mgr. þessarar greinar, að hægt sé að hækka þetta hlutfall upp í 60%, þar sem um mjög slæmar aðstæður við vegagerð er að ræða.

4. gr. frv. fjallar um stjórn gatnagerðarsjóðs. Hún skal kosin hlutbundinni kosningu hér á hv. Alþingi og skipuð 5 mönnum.

5. gr. fjallar um það, að gatnagerðarsjóður sé undanþeginn tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum til ríkis og bæjar- og sveitarfélaga, og er þetta ákvæði hliðstætt ákvæði í lögunum um hafnarbótasjóð.

6. gr. frv. segir fyrir um það, hvernig bæjar- og sveitarstjórnir skuli sækja um framlög úr sjóðnum, og er reiknað með því, að þær sendi umsóknir sínar til stjórnar gatnagerðarsjóðs fyrir 1. des. ár hvert og láti þeim umsóknum fylgja áætlun um framkvæmdirnar og upplýsingar um, á hvern hátt — t. d. í fjárhagsáætlun — þeirra fjármuna verði aflað, sem koma sem hluti bæjar- og sveitarfélags til þessarar gatnagerðar á móti framlagi gatnagerðarsjóðs. Síðan er ákveðið í þessu frv., að sjóðsstjórnin meti umsóknir og hafi lokið því mati sínu fyrir 1. febr. næsta á eftir, þannig að bæjar- og sveitarfélögunum sé kunnugt um það fyrir 1. febr. ár hvert, hvort þau fá framlag úr gatnagerðarsjóði fyrir yfirstandandi ár eða ekki.

7. gr. frv. fjallar um það, að ef fjárhagur gatnagerðarsjóðs leyfir, þá sé sjóðsstjórninni heimilt að lána bæjar- og sveitarfélögum hluta af þeirra framlagi til hinnar varanlegu gatnagerðar, og þó er tekið fram, að hvergi megi þær lántökur verða til þess að torvelda sjóðnum að fullnægja því, sem honum er ætlað í 1. gr. um bein framlög. Verða þess vegna vaxtakjör og lánstími að miðast við það, að sjóðurinn sé alltaf fullfær um að sinna sínum verkefnum eftir 1. gr. frv.

8. gr. og 9. gr. er óþarft að útskýra. Þar er reiknað með, að vegamálastjóri sé framkvæmdastjóri gatnagerðarsjóðs og sjái um vörzlu sjóðsins, bókhald og fjárreiður, og ég tel það eðlilega skipan mála, sem og hitt, að ráðherra sá, sem fer með samgöngumál, setji í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

Ég tel óþarft að fjölyrða frekar um málið við þetta tækifæri, nema sérstakt tilefni gefist, og leyfi mér að óska eftir því, að málinu verði vísað til 2. umr. og til hv. heilbr.- og félmn.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Í sambandi við frv. það til laga á þskj. 107, er hér er til 1. umr., vildi ég láta það koma fram, að þessu máli hefur verið hreyft hér á Alþingi áður, og rekja nokkuð meðferð þess hér.

Á þinginu 1959—60 flutti Daníel Ágústínusson ásamt þeim Jóni Skaftasyni og Ingvari Gíslasyni, hv. þm., till. til þál. um aðstoð við gatnagerð í kaupstöðum og kauptúnum. Þessi till. gekk þá til fjvn. og var afgreidd af nokkrum hluta nefndarmanna, fulltrúum Framsfl. þar og fulltrúa Alþb. Till. þessi gerði ráð fyrir því, að undirbúin væri löggjöf um fjárhagslegan stuðning við gatnagerð í kauptúnum og kaupstöðum landsins. Nál. var afgreitt frá Alþingi 31. maí 1960, en till. varð hins vegar aldrei útrædd á því þingi og hefur ekki verið endurflutt síðan, m. a. vegna þess, að nokkur breyting hefur orðið á þessu. Hér á þinginu í fyrra fluttum við nokkrir þm. Framsfl. frv. til laga um vega- og brúasjóð. Var gert ráð fyrir í því frv., að benzínskatturinn og þungaskatturinn gengju í þennan sjóð og yrði svo gerð breyting á framkvæmd vegamála í samræmi við það. Þetta mál fékkst ekki heldur afgreitt frá hv. Alþingi. Hins vegar kom fram á þinginu í fyrra, seint á því þingi, till. um endurskoðun á vegalögum, og var henni vísað til fjvn. Alþingis. Vegamálastjóri fékk það mál til umsagnar nokkuð samtímis frv. okkar framsóknarmanna, þessa þáltill., og hann sendi svo sitt álit til fjvn. um, hvernig þessum málum yrði fyrir komið. Lagði hann þar til, að vegamálin yrðu tekin til gagngerðrar endurskoðunar, þannig að lög um opinbera vegi og brýr yrðu öll endurskoðuð í heild og þá jafnframt stefnt að því að fá þar fasta tekjustofna til framkvæmda í framtíðinni. Það var samkomulag innan fjvn. Alþingis að fallast á þessa lausn. Þar sem sjáanlegt var frá hendi okkar, sem vildum hraða þessu máli, að við áttum ekki kost á meiri hraða af hendi meiri hl. Alþingis, þá urðum við allir sammála um að fallast á þessa till., eins og hún kom frá vegamálastjóra, og fjvn. afgreiddi hana samhljóða. Sú ein breyting varð þar á, sem við urðum ekki sammála um, að við lögðum til, fulltrúar Framsfl. og Alþb. í fjvn., að sú nefnd yrði þingkosin, sem yrði falin þessi endurskoðun, en það fékk ekki náð fyrir augum stjórnarliða, og hefur því ráðh. einn skipað n. Nú er þessi nefnd starfandi, og lög

um opinbera vegi eru til endurskoðunar á hennar vegum, út frá því, sem ég hef hér rakið. Þar er m. a. lagt fyrir, að nefndin athugi um tekjustofna í sambandi við vegagerð og gatna. Þess vegna höfum við ekki, Framsóknarflokksmenn, hreyft hér tillögum í þessa átt á þessu þingi, því að við vildum bíða eftir því að sjá, hvað frá þessari nefnd kæmi í þessu máli.

Nú þarf ekki orðum að því að eyða, að hér er mikið nauðsynjamál á ferðinni. Það er vitað mál, að margir kaupstaðir og einnig nokkur kauptún stefna nú að því að gera sínar götur úr varanlegu efni, og ber þar hvort tveggja til, að þar sem umferðin er mikil, þar er viðhaldið orðið mjög dýrt, auk þess sem ryk og aurbleyta verða svo hvimleið vegfarendum í kauptúnum og kaupstöðum, þar sem umferð er mikil, að slíkt er með öllu óviðunandi. Þess vegna er þetta mál tímabært og hefur verið, svo sem sýnt er af flutningi þeirra tillagna, sem ég hef hér getið. Hins vegar hef ég litið svo á, að meðan þessi endurskoðun færi fram, bæri að bíða eftir því og ekki hægt að taka einstaka þætti út úr sérstaklega í sambandi við tekjuöflunina.

Hins vegar vil ég endurtaka það, sem fram kom í framsöguræðu minni í fyrra fyrir frv. til laga um vega- og brúasjóð og einnig þegar till. um endurskoðunina var afgreidd hér frá Alþingi, að að því ber að stefna, að vega- og gatnagerð í landinu njóta þeirra tekna, sem frá umferðinni koma. Þessi hlutföll hafa gengið mjög í öfuga átt frá sjónarmiði vegagerðarinnar og gatnagerðarinnar, því að allt fram til ársins 1955 lagði ríkissjóður meira í vegagerð hér á landi en hann hafði í tekjur af umferðinni, en nú mun hann hins vegar hafa sennilega helmingi meiri tekjur, ef ekki enn þá meiri, heldur en hann leggur til vegagerðar. Þessi þróun er með öllu óviðunandi, og ber að stefna að því að koma þessum málum fyrir m. a. á þann veg, sem hér er lagt til, að aðstoða gatnagerðina í kauptúnum og kaupstöðum, auk þess sem þarf stórum að auka fjármagnið til vegagerðarinnar í landinu. Hins vegar tel ég hyggilegt, fyrst samkomulag varð um endurskoðun á þessum málum í heild, að bíða eftir því, að þeirri endurskoðun ljúki, enda hefur mér verið tjáð af nefndarmönnum, að líkur séu til þess, að a. m. k. muni eitthvað heyrast frá nefndinni á þessu þingi. Af þeim ástæðum hef ég beðið með þær tillögur, sem ég hefði gjarnan viljað láta að öðrum kosti koma hér fram í þessum málum.

Flm. (Ingi R. Helgason): Hæstv. forseti. Það eru aðeins örfá orð. Hv. síðasti ræðumaður gat þess, að þetta hefði borið áður á góma hér í hinni virðulegu stofnun, og ég vissi það, að með þessum tillöguflutningi komum við ekki neinum á óvart, enda málið mjög brýnt og aðkallandi og vonum seinna, að þessi mál skuli vera í endurskoðun með sérstöku tilliti til þess að afla fastra, góðra tekjustofna til að standa undir varanlegri gatnagerð. En vegna þeirra afdrifa, sem tillögur hafa hlotið hér, sem hafa hnigið í svipaða átt og þessi, sýnist mér ekki síður tímabært að flytja tillögu eins og þessa einmitt nú. Það sýnir sig svo, hvort endurskoðuninni miðar það vel áfram, að þingmenn fái að sjá einhvern árangur hennar, meðan þing situr nú. Hér er hins vegar um að ræða sérstakan þátt málsins, ekki þann þáttinn, sem heyrir undir vegalögin almennt og ríkisgatnagerðina, heldur þann þáttinn, sem snýr að þeim verkefnum bæjar- og sveitarfélaganna, kauptúnanna og kaupstaðanna, að koma þessum málum í viðunandi horf hjá sér. Þau geta það ekki, miðað við sína tekjustofna, nema með óheyrilegum lántökum. Sum hafa að vísu farið út á þá braut og reyrt sér þunga fjárhagsbagga, en þau geta það ekki, nema fjárveitingavaldið hlaupi undir bagga. Og það má vel afgreiða þennan þátt málanna, um leið og vegalögin almennt yrðu tekin til endurskoðunar og vegaframkvæmdum á vegum ríkisins komið í fastara horf, að ganga frá lagaákvæðum varðandi stuðning við bæjar- og sveitarfélögin.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 24 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

23. Hafnargerðir og lendingarbætur.

Á 28. fundi í Nd., 30. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur [101. mál] (þmfrv., A. 157).

Á 53. og 54. fundi í Nd., 22. og 23. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 55. fundi í Nd., 26. febr., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Karl Guðjónsson): Hæstv. forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér frv. til l. um breyt. á l. um hafnargerðir og lendingarbætur. Sú breyt., sem ég legg til að gerð verði með samþykkt þessa frv., er sú ein, að inn í þá upptalningu laganna um verk eða framkvæmdir, sem teljast skulu framlagsskyldar úr ríkissjóði eins og þau lög gera ráð fyrir, skuli bætt sjómannastofum.

Lögin um hafnargerðir og lendingarbætur munu upphaflega aðeins hafa tekið til þess, að ríkissjóður væri að sínum hluta skyldur að greiða visst framlag af því, sem kostaði að gera hinar nauðsynlegustu hafnarbætur, þ. e. a. s. hafnargarða, bryggjur og dýpkanir. En á síðari árum hefur öll þróun farið í þá átt, að þetta hefur orðið ófullnægjandi. Það þarf fleira en bryggjur, hafnargarða, dýpkanir, til þess að höfn geti verið þess umkomin að leysa hlutverk sitt af hendi með þeim hætti, sem nútíminn krefst. Þess vegna hefur síðar verið bætt inn í framlagsskyldan kostnað t. d. bryggjukrönum, dráttarbrautum o. fl., og er þetta að sjálfsögðu allt saman í rökréttu framhaldi af því, sem upphaflega var. Nú er sem sagt svo komið, að flest það, sem þarf til þess, að skip geti fengið sig

afgreidd með nútímahætti í einni höfn, er framlagsskylt úr ríkissjóði að 2/5 hlutum eða að hálfu í hinum minni höfnum, þar sem kostnaðurinn er líka ekki mjög mikill. Fyrir þörfum skipanna hefur þannig verið séð að verulegu leyti og nokkurn veginn í samræmi við það, sem þörfin kallar á.

Á hinn bóginn hefur hlutur sjómannanna, sem á skipunum eru, nokkuð legið eftir í þessu efni. Ríkisvaldið hefur þó að sínu leyti viðurkennt einmitt í hafnalögunum, að sjómennirnir á skipunum séu ekki óviðkomandi uppbyggingu hafna, t. d. með því, að sem framlagsskyldar framkvæmdir af ríkisins hálfu eru taldar verbúðir í viðleguhöfnum, og er það einnig síðari tíma breyting á lögunum um hafnargerðir og lendingarbætur. En nú er svo komið málum, að í allmörgum höfnum landsins safnast á vissum árstíðum saman fjöldi skipa, þó að þau eigi þar ekki heimahöfn, og á þeim er fjöldi sjómanna, sem þar af leiðandi á ekkert heimili í landi. Það hefur ekki farið fram hjá neinum, hvorki yfirvöldum viðkomandi sveitarfélags né heldur yfirvöldum ríkisins, að með þessu skapast nokkurt vandamál. Hér á Alþingi höfum við t. d. orðið varir við það um allmörg undanfarin ár, að sífellt er sótt á um hækkaðan lögreglukostnað og fangahúsbyggingar í verstöðvum landsins, vegna þess að það dregur þar stundum til óspekta, þegar margir menn eru saman komnir, sem engan samastað eiga í landi eða þá mjög takmarkað olnbogarúm til eðlilegs skemmtanahalds og eðlilegs lífernis yfirleitt. Alþingi hefur líka orðið við ýmsum þessum beiðnum, og er þess skemmst að minnast, að á fjárlögum fer framlag ríkisins til löggæzlu á slíkum stöðum hækkandi ár frá ári. Það er skoðun mín, að hægt væri að verulegu leyti að komast hjá því, að slík þróun þyrfti að halda áfram, ef lögð væri við það veruleg rækt af ríkisins hálfu að sjá til þess eða stuðla að því, að í viðleguhöfnum landsins og höfnum landsins yfirleitt yrði komið upp góðum aðbúnaði fyrir sjómenn og annað það fólk, sem vegna atvinnuhátta safnast þar saman á vissum árstíðum, ef því væri séð fyrir verulega góðum húsakosti til heilbrigðs skemmtanahalds og til afdreps, þar sem það gæti setið við bóklestur eða skriftir. En slíkar sjómannastofur, sem nútímanum tilheyra, kosta að sjálfsögðu mikið fé og verða hreint ekki hristar fram úr erminni af máske fátækum sveitarfélögum eða bæjarfélögum, sem undantekningarlaust, þar sem svo stendur á, að mikill fjöldi manna safnast saman til vinnu, hafa í ákaflega mörg horn að líta um uppbyggingu varðandi þá atvinnuvegi, sem fólkið er einmitt komið til þess að vinna við á þeim stöðum.

Nútíma sjómannastofa þarf að hafa t. d. möguleika til þess að geta veitt gestum sínum gott úrval bóka, gott næði til að skrifa bréf eða hvað annað, sem menn kunna að vilja skrifa. Þar þarf að vera aðbúnaður til þess, að menn geti iðkað léttar íþróttir inni, þar sem svo hagar til, að fjölmennið á viðkomandi stað er að vetrarlagi. En þar þarf að fylgja útileikvangur, þar sem hagar til með þeim hætti, að um sumardvöl fólks er að ræða. Það þarf einnig að vera aðstaða til þess að sýna kvikmyndir o. s. frv., sem allir hljóta að kannast við að tilheyrir menningu okkar aldar.

Það eru ekki miklar líkur til þess, að ráðizt verði í það með myndarlegum hætti og með þeim hætti, sem fullnægjandi má telja, að koma upp nútíma sjómannastofum, nema því aðeins að ríkið geri sitt til þess að greiða fyrir því, að svo megi verða. Því er hér lagt til, að slíkar sjómannastofur verði byggðar eða komið á fót undir yfirstjórn vita- og hafnarmálaskrifstofunnar og þess ráðuneytis, sem með hennar málefni fer. Uppbygging slíkra sjómannastofa yrði háð samþykki þessara aðila eins og aðrar framkvæmdir í slíkum höfnum. En að því tilskildu, að myndarlega sé til hlutanna stofnað, þá vænti ég þess, að hv. alþm. þyki ekki til of mikils mælzt, þótt slíkar framkvæmdir yrðu framlagsskyldar úr ríkissjóði að ⅔ hlutum, eins og hverjar aðrar framkvæmdir, sem nú eru gerðar í höfnum landsins. Það er með öllu óséð, hvort þetta mundi nokkuð auka kostnað ríkissjóðs, því að eins og ég hef áður bent á, þá er allsendis óséð, hver lögreglukostnaður kann að verða á ríkinu, því að hann fer stöðugt vaxandi, til þess að halda í skefjum siðferði manna, þar sem ekkert er gert til þess að veita mönnum hæfilegan aðbúnað. En líklegt er, að uppbygging nútímafyrirtækja, eins og ég hér hef nefnt, mundi geta heft þá þróun, stöðvað hana og máske snúið henni við.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til sjútvn. með 21 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

24. Vegalög (frv. KGuðj).

Á 29. fundi í Nd., 4. des., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947 [103. mál] (þmfrv., A. 160).

Á 53. og 54. fundi í Nd., 22. og 23. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 55. fundi í Nd., 26. febr., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Í gildandi vegalögum er það ákvæði, að þar sem þjóðvegur liggur um kauptún eða kaupstað, þar skuli það vera skylda viðkomandi kauptúns eða kaupstaðar að viðhalda veginum, en hann er að því leyti leystur undan ríkisábyrgðinni sem þjóðvegur, þannig að vegagerð ríkisins þarf ekki að viðhalda honum eða endurbæta hann í samræmi við þarfir á þeim slóðum, sem afmarkast af kauptúni eða kaupstað. Þetta ákvæði orkar mjög tvímælis um sanngirni og er reyndar, þegar að er gætt, í sumum tilfellum alls ekki sanngjarnt.

Víða hagar svo til á landi okkar, að þjóð-

vegur, sem liggur í fjölbyggð héruð handan við eitthvert þorp, er að miklum meiri hluta notaður af allt öðrum en þorpsbúum sjálfum, en í slíkum tilfellum virðist það vera laust við alla sanngirni að leggja á herðar þorpsbúa einna að sjá um viðhald á slíkum vegi.

Ég hef þess vegna flutt hér frv. um það, að upp skuli teknar nýjar reglur í þessu efni, — upp skuli teknar þær reglur, að því aðeins skuli þorpi eða kaupstað skylt að viðhalda þjóðvegi, sem í gegnum þorpið liggur eða kaupstaðinn, að meiri hluti umferðarinnar reynist vera á vegum þorpsbúa sjálfra eða kaupstaðarbúa. Það er ákaflega auðvelt að komast að raun um þetta. Það er hægt að gera um það nokkrar úrtaksprufur, gæta þess einn eða tvo daga á ári, hvar eru skrásett þau ökutæki, sem um veginn fara, og finna þannig út, hvort vegurinn er að meiri hluta til eða ekki notaður í þágu þorpsbúa eða kaupstaðarbúa sjálfra.

Þá er og í þessu frv. gert ráð fyrir því, að þar sem umferðin í slíkum þorpum eða kaupstöðum fer upp fyrir ákveðið mark, þar skuli það vera skylda vegagerðar ríkisins að gera viðkomandi veg úr varanlegu efni, steinsteypu eða malbiki.

Ég get að sjálfsögðu ekki sagt til um það, til hve margra þorpa þetta ákvæði mundi nú þegar ná. Talning á umferð í þorpum mun ekki hafa verið gerð almennt. Þó hagar svo til, að árið 1957 gerði vegagerð ríkisins á því nokkra mælingu í tveim þorpum landsins, að telja má, hve mikil umferðin væri þar yfir sumarmánuðina eða þá mánuði, sem umferð er yfirleitt mest. Þetta var þó ekki gert í þorpunum sjálfum beinlínis, heldur á brúm, sem við þorpin voru, og ætla má, að umferðin um þær brýr hafi verið jöfn og umferðin um þorpin. Þetta var sem sagt mælt á Ölfusárbrúnni, en það mun segja til um, hver umferðin var um Selfossþorp, og á gömlu Rangárbrúnni við þorpið Hellu, og varð raunin sú, að meðalumferð á dag á Ölfusárbrúnni, þ. e. a. s. um Selfossþorp, reyndist vera um 800 bílar, en um Hellu um 400 bílar. Nú telur vegamálaskrifstofan, að ætla megi, að umferð vélknúinna tækja hafi frá þessum tíma aukizt um 25%, og svaraði þetta þá til þess, að nú væri umferðin um Selfossþorp 1000 bílar á dag. En að því er varðar þorpið á Hellu, þá gegnir nú öðru máli, því að svo sem mönnum er kunnugt, þá hefur verið breytt þar umferðarháttum, þannig að það hefur verið gerð ný brú á Rangá ytri, þannig að umferðin liggur ekki lengur í gegnum Helluþorp, en ætla má, að þar væri nú 500 bíla umferð, ef brúin hefði verið byggð á sama stað og gamla brúin er. Í öðrum þorpum er mér ókunnugt um það, hver umferðarþunginn kann að vera, en ætla má, að í nokkrum fleiri þorpum sé umferðarþungi í slíkum gegnumakstri orðinn það mikill, að hann sé kominn að þeim mörkum, sem í þessu frv. eru talin hæfileg til þess að vera í upphafi höfð sem mark að því, hvenær ætti að byggja þjóðveg í gegnum þorp úr varanlegu efni. Það er dýrt verk að leggja veg úr varanlegu efni, og munu fæst, ef þá nokkur af þorpum okkar eða kaupstöðum, sem þannig hagar til hjá, hafa efni á því að gera það á eigin kostnað, enda, eins og ég áður hef bent á, í þeim tilfellum, þar sem umferðin er að meiri hluta til í þágu annarra en þorpsbúa sjálfra, er ekki heldur sanngjarnt að ætlast til þess, að viðkomandi hreppur eða þorp beri kostnaðinn allan.

Hér hefur verið í frv. sett það mark, að þar sem umferð vélknúinna farartækja á aðalumferðarmánuðum fer yfir 400 tæki á dag, skuli gera vegi úr varanlegu efni. En það er kunnara en frá þurfi að segja, að þegar umferðin er komin að verulegu marki upp fyrir það, þá er um það bil ógerningur að halda sæmilegum malarvegum, þegar svo háttar til. Það er auðvitað tilfinnanlegra fyrir íbúa í þéttbýli heldur en þá, sem fjær búa vegi, þegar vegir rjúka mjög upp eða eru í mjög slæmu ástandi, hvað veldur hvers kyns óþrifum í viðkomandi þorpi, og er hin brýnasta nauðsyn, að úr verði bætt.

Ég vænti þess, að þegar hv. þm. taka að kynna sér þetta mál, sjái þeir nauðsyn þess og fallist á, að hér sé ekki farið fram á, að gerðar séu samþykktir um annað en það, sem sanngjarnt er.

Ég vil svo, herra forseti, leggja til, að um það er þessari umr. lýkur, þá verði málinu vísað til hv. samgmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til samgmn. með 21 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

25. Stuðningur við atvinnuvegina.

Á 20. fundi í Sþ., 12. des., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um stuðning við atvinnuvegina [115. mál] (þmfrv., A. 200).

Á 40., 41., 42. og 43. fundi í Nd., 2., 5., 6. og 8. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 45. fundi í Nd., 8. febr., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Lúðvík Jósefsson): Hæstv. forseti. Það er kunnugt, að eitt af mestu vandamálum í íslenzkum efnahagsmálum, sem við hefur verið að glíma á undanförnum árum, hefur verið hin mikla dýrtíð innanlands og hinn hraði vöxtur dýrtíðarinnar frá ári til árs. Þessi mikli dýrtíðarvöxtur hefur leitt til þess, að kaupgjald og framleiðslukostnaður allur innanlands hefur eðlilega farið síhækkandi, en þetta hefur aftur leitt til þess, að útflutningsframleiðslan, sem hefur verið fyrst og fremst bundin af hinu erlenda markaðsverðlagi, hefur komizt í fjárhagslega erfiðleika. Það hefur því orðið verkefni stjórnarvalda nú um margra ára skeið að reyna að jafna þarna metin, að reyna að aðstoða útflutningsframleiðsluna með ýmsum hætti og gera henni fært á þann hátt að standa undir síauknum framleiðslukostnaði innanlands. Við þekkjum það, að um langan tíma hafði það verið svo,

að gripið hafði verið til þeirra ráða, að ýmiss konar uppbætur voru greiddar útflutningnum og styrkir í ýmsu formi voru greiddir, og auk þess hefur hvað eftir annað verið gripið til þess að breyta gengi íslenzkrar krónu, og allt hefur þetta átt að vera til þess að jafna hér metin, að aðstoða nokkuð útflutningsframleiðsluna, sem hefur ekki fengið jafnmikla hækkun á sínum tækjum og verðlagshækkun hefur verið mikil innanlands.

Þegar núverandi ríkisstj. lét samþykkja hér á Alþingi nýja stefnu í efnahagsmálum á öndverðu ári 1960, var því lýst yfir, að með þeim ráðum, sem þá var gripið til, ætti að koma í veg fyrir þennan vanda, væntanlega um langan tíma. Gengi krónunnar var þá enn fellt og ýmsar aðrar ráðstafanir voru gerðar, og þetta átti að koma í veg fyrir áframhaldandi styrkja- og uppbótakerfi. En um það verður nú ekki deilt, að þetta hefur ekki farið á þann veg, sem ráð var fyrir gert. Ef litið er á reynsluna í þessum efnum, er hún í stuttu máli þessi: Í árslokin 1960, eftir að þessi nýja efnahagsmálastefna ríkisstj., viðreisnarstefnan, hafði staðið í nærfellt eitt ár, varð enn að grípa til nýrra millifærsluleiða vegna þeirra erfiðleika, sem útflutningsframleiðslan átti þá í. Þá var það, sem samþ. var, að ríkið skyldi annast greiðslu á öllum vátryggingariðgjöldum fiskiskipaflotans árið 1960, og þær greiðslur munu hafa numið 90—95 millj. kr. Í öðru lagi var gripið til þess ráðs í lok ársins 1960 að ákveða, að hlutatryggingasjóður skyldi greiða bætur vegna síldveiðanna þá á árinu, þvert ofan í það, sem gildandi starfsreglur voru um hjá hlutatryggingasjóði. Á þann hátt munu útgerðinni hafa verið greiddar um 10 millj. kr. árið 1960. Einnig voru gerðar ráðstafanir af hálfu ríkisstj. í gegnum viðskiptabankana í árslokin 1960 þess efnis, að viðskiptabankarnir tækju að sér að veita útgerðinni í landinu sérstök viðbótarlán við það, sem áður hafði þekkzt á styrkja- og uppbótatímunum, en það voru svonefnd veiðarfæralán til þriggja ára. Ég hygg, að sérstakar lánveitingar í þessu skyni hafi numið á milli 60 og 70 millj. kr. árið 1960. Ég vil minna á það í þessum efnum, að þegar gamla styrkja- og uppbótakerfið var hér í gildi áður, þá gerðu samtök útgerðarmanna ár eftir ár kröfu um að fá stuðning sem þennan, en þá þótti ekki fært að fallast á þennan lið, en nú þegar viðreisnarstefnan hafði staðið í nærfellt eitt ár, var gripið til þessa stuðnings. Í fjórða lagi má svo nefna það, að í árslokin 1960, eftir fyrsta viðreisnarárið, var gripið til þess ráðs að veita útgerðinni í landinu sérstök skuldaskilalán, sem áætlað var að mundu nema 350—400 millj. kr. Þessi lán voru að vísu ekki öll ný lán, þau höfðu verið veitt áður að allverulegu leyti í einhverju formi, af bönkum landsins aðallega, en nú átti að breyta þessum lánum í löng lán og nokkru vaxtalægri en hin almennu lán höfðu áður verið. Til þessa stuðnings þurfti að grípa við útflutningsframleiðsluna í árslokin 1960 eftir eins árs framkvæmd á hinni nýju efnahagsmálastefnu ríkisstj., viðreisnarstefnunni.

Það sjá auðvitað allir, að reynslan hefur því orðið nokkuð svipuð því, sem áður var, að hækkandi verðlag innanlands, aukinn framleiðslukostnaður fyrir útflutninginn leiddi til þess á fyrsta ári þessarar nýju efnahagsmálastefnu, að ríkisvaldið varð að grípa á nýjan leik ýmist til beinna styrkja eða óbeinna styrkja til þess að tryggja áframhaldandi rekstur útflutningsframleiðslu, enda var það svo, að í árslokin 1960 kváðu samtök útgerðarmanna í landinu upp þann dóm, að reynslan á fyrsta árinu af hinni nýju efnahagsmálastefnu væri sú, að útilokað væri fyrir útgerðina í landinu að halda áfram við óbreyttar aðstæður, beinn eða óbeinn stuðningur af hálfu ríkisins yrði að koma til, ef áframhald ætti að verða á rekstri atvinnutækjanna.

En svo kom annað ár viðreisnarinnar, árið 1961, hið nýliðna ár, og það fór mjög á sömu lund. Nú liggur það fyrir, að ríkisstj. hefur orðið að lofa útgerðarmönnum í landinu því að greiða fyrir þá öll vátryggingaiðgjöld fiskiskipa árið 1961, en þau munu nema um 110—115 millj. kr. Það varð einnig á árinu 1961 að grípa til þess eftir kröfum útflytjenda að lækka nokkuð vextina í upphafi ársins frá því, sem þeir höfðu verið á árinu 1960. Og á hinu nýbyrjaða ári, 1962, blasir hið sama við. Ríkisstj. hefur þegar heitið útflytjendum því að greiða öll vátryggingariðgjöld fiskiskipaflotans, jafnt báta sem togara, á árinu 1962, og áætlað er, að þau iðgjöld muni nema um 120 millj. kr. Auk þess hefur svo ríkisstj. gefið bein eða óbein fyrirheit um að lækka vexti enn nokkuð, og það var beinlínis með skírskotun til vilyrða ríkisstj. í þeim efnum, sem samtök útgerðarmanna samþykktu að hefja róðra nú á þessu ári, í trú á, að þar kæmi þeim nokkur stuðningur frá því, sem verið hefur, í formi vaxtalækkunar. Síðast, en ekki sízt, er svo að geta þess, að þrátt fyrir þau áform, sem ákveðin voru, þegar hin nýja efnahagsmálastefna ríkisstj. var samþ. í febrúarmánuði 1960, um það, að nú ætti ekki að þurfa framvegis að grípa til beins stuðnings ríkisvaldsins til aðstoðar við útflutningsatvinnuvegina, þá hefur einnig farið svo, að það hefur enn þurft að grípa til gengislækkunar, en það var gert á s. l. sumri, þegar ríkisstj. lækkaði enn gengi krónunnar, þannig að verð á erlendum gjaldeyri hækkaði um rétt að segja 13.2% frá því, sem áður hafði verið.

Það má því segja, að þrátt fyrir hina nýju efnahagsmálastefnu sé ástandið í öllum aðalatriðum svipað og það var áður, þannig að ríkisvaldið þarf enn að grípa inn í og aðstoða útflutningsframleiðsluna á beinan og óbeinan hátt, ýmist með beinum fjárgreiðslum eða óbeinum í gegnum bankakerfi landsins, nokkuð svipað og áður var, þó að millifærslan sé engan veginn eins mikil, þar sem gerðar hafa verið tvennar gengislækkanir.

Enn er sem sagt verið að glíma við sama vandann og áður, sama vandann og glímt hefur verið við í efnahagsmálum okkar nú um langan tíma. Það er mikil dýrtíðaraukning innanlands frá ári til árs, sem fljótlega leiðir af sér stóraukinn framleiðslukostnað, sem útflutningsframleiðslan á svo erfitt með að standa undir. Við vitum, að dýrtíðarhækkunin hefur haldið áfram á árunum 1960 og 1961, og kauphækkanir

urðu síðan sem afleiðing af því nokkrar á s. l. ári, og þó að reynt hafi verið að strika út þær kauphækkanir með nýrri gengislækkun, er það vitanlega engin lækning á vandanum. Enn þá standa málin þannig, að fyrr eða síðar koma á ný kauphækkanir til þess að jafna nokkuð upp hinn gífurlega dýrtíðarvöxt innanlands.

Það frv., sem hér liggur fyrir, gerir ráð fyrir því að taka nokkuð öðruvísi á þeim vandamálum, sem glímt hefur verið við um langan tíma, heldur en nú hefur verið gert og oft hefur verið gert áður. Með þessu frv. er bent á nokkrar leiðir til þess að veita útflutningsframleiðslunni nokkurn stuðning, til þess að hún eigi hægara með að standa undir hinum mikla framleiðslukostnaði innanlands, á þann hátt, að létt verði af útflutningsframleiðslunni ýmsum útgjöldum, sem auðvelt er að létta af henni, án þess að það eigi að kalla á nýja hækkun á verðlagi eða hækkun á kaupgjaldi út af fyrir sig fyrir framleiðsluna.

Í þessu frv. koma fram 8 till., sem allar miða að því að létta útgjöldum af útflutningsframleiðslunni. Að vísu mundu ýmsir fleiri en þeir, sem standa að útflutningsframleiðslunni, njóta góðs af þeim ákvæðum, sem felast í þessum tillögum, en fyrst og fremst eru þær auðvitað miðaðar við aðstöðu útflutningsins.

Ég skal nú víkja með nokkrum orðum að því, hvers eðlis þessar tillögur eru og hverju þær mundu fá áorkað, ef þær væru samþykktar, hvað þær mundu í raun og veru þýða fyrir útflutningsframleiðsluna í landinu.

Í fyrsta lagi er lagt til með þessu frv., að Seðlabankinn lækki til mikilla muna vexti af afurðalánum til útflutningsframleiðslunnar. Nú eru vextir af lánum, sem tekin eru út á útflutningsframleiðslu, 7% og verða síðan með framlengingarkostnaði 7½%. En samkv. þessu frv. er gert ráð fyrir því, að þessir vextir verði lækkaðir niður í 2½% og með framlengingarkostnaði í 3%. Hér er því um að ræða vaxtalækkun á sjálfum afurðalánunum, sem nemur 4½%. Það er viðurkennt, m. a. af sérfræðingum ríkisstj. í efnahagsmálum, að í raun og veru sé ekkert til fyrirstöðu að lækka vextina á þann hátt, sem kemur fram í þessari tillögu. Seðlabankinn getur lækkað þessa vexti niður í það, sem hér er rætt um. Auðvitað mundu tekjur Seðlabankans lækka við þetta, en í raun og sannleika er hvorki okkar seðlabanka né öðrum seðlabönkum ætlað það hlutverk að safna gróða. Og það er engin ástæða til þess að reka okkar seðlabanka þannig, að hann sé látinn hrúga upp gróða, eins og gert hefur verið að undanförnu. Auðvitað er það líka rétt, að þetta yrði ekki framkvæmt í svona ríkum mæli án þess að lækka aðra vexti jafnhliða nokkuð, bæði innlánsvexti og útlánsvexti. Það er rétt að athuga það vel, að þessi svonefndu afurðalán eru í rauninni mjög annars eðlis en aðrar lánveitingar bankakerfisins. Hér er um það að ræða fyrst og fremst, að lán eru veitt úr bönkum, sem nema samkv. heimild í lögum um það bil 2/3 af sannanlegu útflutningsverði framleiddrar vöru. Hér er um að ræða lán út á vöru, sem þegar er tilbúin til útflutnings, framleidd að fullu og öllu, en þarf af eðlilegum ástæðum að bíða nokkurn tíma, þangað til hún kemst á markað og þar til greiðsla er komin heim til Íslands fyrir vöruna. Nú eru okkar lög þannig, að raunverulega er það svo, að seðlabanki landsins hefur slegið óbeinu eignarhaldi sínu á alla framleidda vöru í landinu, sem ætluð er til útflutnings, vegna þess að það er ákveðið, að Seðlabankinn skuli fá í sínar hendur allan þann gjaldeyri, sem kemur fyrir útfluttar vörur. Framleidd vara og í mörgum greinum þegar seld, þó að hún sé ekki útflutt, jafngildir gjaldeyrisverðmæti, þar sem aðeins er um að ræða nokkurn biðtíma, þangað til þessi gjaldeyrisverðmæti verða handbær peningur. Það er út á slíkar vörur, sem seðlabanki landsins hefur lánað sérstök lán, þó að hann láni ekki út á aðrar vörur í landinu, og lán hans hafa um margra ára skeið verið út á svona vörur, 2/3 hlutar af útflutningsverði vörunnar. En nú síðustu árin tvö hafa þessi lán Seðlabankans verið lækkuð úr 2/3 eða úr 67% niður í 50—53%. En samkv. þessu frv. er lagt til, að Seðlabankinn verði skyldaður til þess að halda sér við gömlu regluna og lána 67% út á svona framleidda vöru og hann láni út á vöruna með þetta lágum vöxtum, sem ég hef hér nefnt, þar sem það er vitanlegt, að bankinn getur gert þetta fjárhagslega séð.

Þá er í öðru lagi lagt til í þessu frv., að allir almennir vextir bankanna í landinu, innlánsvextir og útlánsvextir, verði færðir í það sama sem þeir voru, áður en vaxtabreytingin var gerð í febrúarmánuði 1960, þ. e. a. s. að útlánsvextirnir yrðu þá færðir úr 9% niður í 7% af hinum almennu lánum. Auðvitað þarf útflutningsframleiðslan á allmiklu af slíkum lánum að halda, tekur mikið af slíkum lánum og greiðir auðvitað mjög mikla vexti til bankakerfisins af slíkum lánum. En það hefur verið áætlað, að fyrir útflutningsatvinnuvegina í landinu mundi vaxtalækkun samkvæmt þessum tveimur liðum, sem ég hef nú gert grein fyrir, nema á ári ekki minna en 100 millj. kr. Ég hygg líka, að raunin yrði sú, að lækkunin fyrir útflutningsatvinnuvegina yrði jafnvel nokkru meiri. En við skulum halda okkur við það að áætla, að hér yrði um lækkun á útgjöldum fyrir útflutningsframleiðsluna að ræða, sem næmi 100 millj. kr. á ári.

Í þriðja lagi gerir þetta frv. ráð fyrir því, að settar verði reglur um það, að framleiðendum verði greiddar framleiddar og örugglega seldar vörur hraðar en nú hefur átt sér stað. Lagt er til, að þegar svo stendur á, að útflutningsvara er örugglega seld með fyrirframsamningi og hún liggur tilbúin til útflutnings, þá sé seðlabanki landsins skyldur til þess að greiða framleiðendum út verð þessarar vöru, þegar einn mánuður er liðinn frá því, að varan er sannanlega tilbúin til útflutnings. En nú er þetta þannig, að framleiðendur verða oft og tíðum að bíða með svona vöru, sem er að fullu framleidd og raunverulega seld með fyrirframsamningum, — þeir verða að bíða með hana í geymslum sínum í marga mánuði og borga gífurlega háa vexti til bankakerfisins í landinu af slíkri vöru. Ég tel, að um leið og það kerfi er sett upp, að Seðlabankinn á að eignast allan gjaldeyri, sem fæst fyrir slíka vöru, þá á hann líka nokkuð til að vinna, þá á hann líka að bera nokkrar skyldur af þeirri vöru, sem veitir bankanum

þennan gjaldeyri, sem svona er ástatt um. Væri þetta gert, þá er enginn vafi á því, að hægt væri að lækka útgjöld framleiðslunnar í landinu að talsverðu leyti.

Þá er í fjórða lagi samkvæmt þessu frv. lagt til að lækka útflutningsgjöld af sjávarafurðum frá því, sem nú er, úr 7.4% niður í 2.9%, eða niður í það sama sem útflutningsgjöldin voru, áður en brbl. ríkisstj. voru sett á s. l. sumri, sem breyttu útflutningsgjöldunum. En útflutningsgjöld af sjávarafurðum hafa verið nú um nokkuð langan tíma einmitt um 2.9%. Þessi lækkun á útflutningsgjöldunum mundi nema í kringum 135 millj. kr. á ári. Það gefur auðvitað auga leið, að það er alveg útilokað, að við getum lagt slík útflutningsgjöld á okkar útflutningsvörur eða útfluttar sjávarafurðir, eins og nú er í gildandi lögum, þegar við stöndum í harðri samkeppni á mörkuðunum við t. d. Norðmenn og ýmsa aðra, sem flytja út fiskafurðir, þar sem það er vitað mál, að t. d. Norðmenn hafa svo að segja engin útflutningsgjöld hjá sér, enda er mála sannast, að það er mjög sjaldgæft, að nokkur þjóð leggi stórfelldan skatt á útfluttar vörur. Þvert á móti er það yfirleitt reglan, að það þykir sjálfsagt að aðstoða útflutning, að stuðla að auknum útflutningi í ýmsu formi. Í þessum efnum er sú regla alkunn frá mörgum þjóðum, að þær hafa byggt upp sérstakt lánakerfi hjá sér, svonefnt Exportcredit-kerfi, sem stutt er af viðkomandi ríkisstj., en það byggir á því að gera framleiðendum í einu landi kleift að flytja framleiðsluvörur landsins út og selja þær með nokkrum greiðslufresti. Viðkomandi framleiðendur í framleiðslulandinu fá framleiðsluvörurnar greiddar að fullu, strax og þeir afhenda vörurnar, út úr þessu Exportcredit-kerfi, þó að hins vegar kaupendurnir í öðrum löndum greiði vöruna ekki að fullu fyrr en jafnvel eftir nokkur ár. Þannig er unnið að því að aðstoða útflutningsatvinnuvegina við að halda uppi miklum útflutningi til að afla mikils gjaldeyris. En hitt verður að telja mjög sjaldgæft, að hlutunum sé snúið við og útflutningsframleiðslan sé stórkostlega skattlögð, eins og nú á sér stað hjá okkur. Það er því lagt til í þessu frv., að þessi gífurlega háu útflutningsgjöld verði lögð niður eða stórkostlega lækkuð og þannig verði dregið úr útgjöldum útflutningsframleiðslunnar á hverju ári sem nemur 135 millj. kr., þegar miðað er við framleiðslu síðasta árs.

Þá er fimmta tillagan í þessu frv. um það, að nýr háttur verði tekinn upp varðandi vátryggingu fiskiskipa, og ákveðið að lækka nú á fyrsta stiginu vátryggingariðgjöld frá því, sem nú er, á íslenzkum fiskiskipum um helming. Er lagt til, að ríkissjóður taki fyrst í stað að sér beinlínis baktryggingu á vátryggingu fiskiskipanna fyrir hálft það iðgjald, sem nú hefur verið, en síðan verði komið upp sérstöku vátryggingarkerfi fyrir allan fiskiskipaflotann, sem ætti að geta tryggt slíka lækkun á iðgjöldunum.

Rannsókn, sem hefur farið fram á vátryggingarmálum fiskiskipa hér og vátryggingu fiskiskipa t. d. í Noregi, bendir einmitt til þess, að það sé hægt að lækka vátryggingargjöldin hér til mikilla muna, og ég minnist þess, að hæstv. sjútvmrh. orðaði það svo hér í ræðu fyrir nokkru, að hann teldi, að í mörgum tilfellum mætti lækka þau um helming. Það er enginn vafi á því, að það vátryggingarkerfi, sem hér hefur verið í gildi, er mjög óheppilegt, þegar til lengdar lætur. Það er okkar þjóðarbúi mjög óhagstætt. Það sýnir sig, að endurtryggingarkjör þau, sem við búum við, eru mjög óhagstæð. Við erum því að tapa fjárfúlgum úr landinu að óþörfu, miðað við vátryggingarkerfið, eins og það er nú. Því er lagt til í þessu frv., að þessi háttur verði tekinn upp, sem gæti miðað að því að lækka vátryggingariðgjöldin um helming, en helmingslækkun á vátryggingariðgjöldum fiskiskipaflotans jafngildir því, að létt sé á útgjöldum hans um 60 millj. kr. á ári.

Þá er í sjötta lagi lagt til í þessu frv. að koma fram nokkurri lækkun á öðrum vátryggingariðgjöldum, sem hvíla á útflutningsframleiðslunni, en eins og kunnugt er, þarf útflutningsframleiðslan að borga mikil vátryggingariðgjöld af öðru en fiskiskipunum sjálfum. Það þarf að tryggja allar aðrar eignir útgerðarinnar í landinu, og það verður að tryggja alla framleiðsluna um lengri eða skemmri tíma. Þessar tryggingar eiga sér fyrst og fremst stað nú í gegnum almenn vátryggingarfélög í landinu, en á því er hins vegar enginn vafi, að þau hafa rakað saman miklum gróða á undanförnum árum. Er því lagt til í þessu frv. að fyrirskipa 25% lækkun á iðgjöldum þessara vátryggingarfélaga á árinu 1962. Það er að vísu ekki gott að segja um það með neinni nákvæmni, hvað þessi tillaga mundi þýða mikla lækkun fyrir útflutningsframleiðsluna í landinu, en það er enginn efi á því, að hér væri um allþýðingarmikla ráðstöfun að ræða, sem mundi hjálpa mjög til að færa niður hin almennu rekstrarútgjöld framleiðslunnar.

Þá er í sjöunda lagi tillaga um að fyrirskipa nokkra lækkun á farmgjöldum ísl. skipa hvað viðkemur flutningi á íslenzkum framleiðsluvörum á erlenda markaði. Er lagt hér til, að á árinu 1962 verði ákveðið að lækka frá því, sem nú hefur verið, farmgjaldataxta íslenzku skipanna um 20%. Það fer ekkert á milli mála, að íslenzku skipafélögin, sem flutt hafa íslenzkar framleiðsluvörur á markað að undanförnu, hafa öll hagnazt mjög vel. Má í rauninni segja, að hvert skipafélagið af öðru hefur verið byggt upp í landinu á tiltölulega skömmum tíma, einmitt vegna þess, hve hagnaðurinn á þessum flutningi hefur verið mikill. Ég vil líka minna á það, að samtök útgerðarmanna hafa gert einmitt kröfu um þetta, að ríkisvaldið skærist hér í leikinn og fyrirskipaði lækkun á þessum farmgjöldum, svo að samtök útvegsmanna almennt séð eru ekki í neinum vafa um, að það er full þörf á því, að þessi farmgjöld séu lækkuð. Ég veit, að sumum mun finnast það óeðlilegt að fyrirskipa lækkun á farmgjöldum íslenzku skipanna, en þá séu eftir þau erlend skip, sem nokkuð flytja á erlendan markað af okkar útflutningsvörum, og þau geti þá haldið uppi hærri farmgjaldatöxtum. En í raun og veru er þessu ekki svona varið. Sannleikurinn er sá, að íslenzku skipin flytja svo yfirgnæfandi meiri hluta af okkar útflutningsvörum á erlenda markaði, að það eru þeir taxtar, sem íslenzku skipin setja, sem eru hinir

gildandi taxtar. Erlendu skipin taka þá upp í öllum aðalatriðum og eru nauðbeygð til þess. Ef flutningstaxtar íslenzku skipanna yrðu lækkaðir, mundu líka erlendu skipin verða að lækka sína taxta. Á því er enginn vafi.

Þá er í áttunda lagi lagt til með þessu frv. að setja hámark á þá þóknun, sem sölusamtök útflytjenda mega taka fyrir það að annast sín umboðssölustörf fyrir framleiðendur í landinu. Það er lagt til, að slík sölusamtök megi ekki taka af útflutningnum nema sem svarar 1% af fob-andvirði vörunnar, en nú mun vera algengast, að þessi samtök taki 2%, og einnig er lagt til að setja mörk við því, hvað erlendum umboðsaðilum eru greidd há umboðslaun í sambandi við útfluttar íslenzkar vörur, og það er sett í frv., að hámarkið skuli vera 2% í umboðslaun til erlendra aðila. Nú mun vera æði algengt, að þeim séu greidd 4%, en slíkar greiðslur ná vitanlega engri átt. Þarna er beinlínis um það að ræða, að útflutningsframleiðslan í landinu er féflett, og nær vitanlega engri átt að þola slíkt.

Við flm. þessa frv. höfum reynt að gera okkur grein fyrir því, hvað þessar lækkunartillögur mundu þýða fyrir útgerðina í landinu, miðað við eitt rekstrarár, og það er álit okkar, að á þennan hátt mætti lækka rekstrarútgjöld útflutningsframleiðslunnar a. m. k. um 365 millj. kr. á hverju ári. Ef þessar tillögur væru samþ., yrði auðvelt að hækka fiskverðið frá því, sem það er nú, um 60—70 aura á kg, miðað t. d. við þorsk, og þá væri auðvelt að hækka hvert mál síldar um 50—60 kr. og einnig að standa undir a. m. k. 20% kauphækkun til þess fólks, sem vinnur að útflutningsframleiðslunni. Við viljum með flutningi þessa frv. benda á, að þessi leið er fær til þess að leysa þann vanda, sem verður að leysa, miðað við það ástand, sem nú er ríkjandi. Það verður fyrr eða síðar að hækka kaupið frá því, sem það er nú. Við vitum, að kaupgjaldssamningum hefur nú verið sagt upp hjá svo að segja öllum verkalýðsfélögum í landinu, og það má því búast við vinnustöðvunum eða nýjum kauphækkunum frá hálfu verkalýðsfélaganna í landinu fyrr eða síðar, og það er vitanlega engin lausn í þessum efnum, þó að ríkisstjórnin fari að álpast út í það einu sinni enn að lækka gengi krónunnar. Hið rétta er vitanlega að viðurkenna staðreyndir í þessum efnum. Dýrtíðin hefur stórhækkað, síðan kaup var síðast ákveðið. Launþegarnir hljóta að knýja fram nokkra kauphækkun á móti hinni auknu dýrtíð. Og þá er aðeins spurningin sú: Hvernig er hægt að aðstoða útflutningsframleiðsluna í landinu til þess að geta fengið risið undir slíkri kauphækkun? Það er tvímælalaust hægt með því að samþykkja þær tillögur, sem eru bornar fram í þessu frv. Það er hægt að létta af útflutningsatvinnuvegunum stórum útgjaldafúlgum, sem útflutningsframleiðslan verður nú að standa undir. Það er með öllu ástæðulaust að láta Seðlabankann hvíla með slíkum þunga á útflutningsframleiðslunni sem hann gerir nú, og það nær engri átt, að viðskiptabankar landsins taki af útflutningsframleiðslunni slíka okurvexti eins og þeir taka. Þessu verður að létta af útflutningnum, og það er hægt. Og það á vitanlega að gera ráðstafanir til þess að lækka hin óeðlilega háu útflutningsgjöld, sem eru alveg einstæð hér á landi. Þetta er líka hægt. Og ríkisstjórnin verður að játa það fyrr eða síðar, að það á að gera þetta. Leiðin er ekki heldur sú, að ríkissjóður útvegi fé á einn eða annan hátt til þess að greiða vátryggingariðgjöld fiskiskipaflotans, eins og nú er gert, og í því formi, sem nú er gert, því að á þann hátt er verið að greiða allt of háar fjárfúlgur út fyrir óeðlilega vátryggingu skipanna. Hér á að taka upp nýtt vátryggingarkerfi, eins og tillögur hafa komið fram um, og á þann hátt eigum við að geta lækkað okkar vátryggingarútgjöld til mikilla muna. Við eigum að geta komizt þar á svipað stig og keppinautar okkar í næstu löndum. Og við eigum ekki heldur að þola það lengur, að ýmsar hliðargreinar fái að sjúga til sín óeðlilegan gróða af útflutningsframleiðslunni, en þannig er þessu nú varið bæði hjá vátryggingarfélögunum og skipafélögunum í landinu, á því er enginn vafi.

Ég benti á það í upphafi míns máls, að það hefur í raun og veru engin grundvallarbreyting átt sér stað með hinni nýju efnahagsstefnu ríkisstj., viðreisnarstefnunni, varðandi þessi vandamál útflutningsframleiðslunnar. Ríkisstj. verður enn þá að veita útflutningsframleiðslunni beina styrki, svo að mörgum tugum milljóna skiptir, á hverju ári og knýja fram aukinn stuðning í ýmsu formi, eins og áður var, og svo virðist hún þurfa í sífellu að standa í gengislækkunum, en slíkt leysir vitanlega ekki þann vanda, sem hér er við að glíma. Nú bendum við flm. þessa frv. á, að það er hægt að komast fram hjá þessu, ef samkomulag fæst um að létta af útflutningnum ýmsum óþarfagjöldum, sem á útflutningnum hvíla.

Ég skal ekki fara um þetta fleiri orðum nú að sinni. En ég vona, að þetta frv. mæti fullum skilningi og þá engu síður hjá stuðningsmönnum hæstv. ríkisstj. en öðrum, af því að þeim hlýtur að vera það ljóst, að þeir hafa engan vanda leyst með sinni nýju efnahagsstefnu. Þeir standa í miðjum þeim sama vanda sem þeir stóðu í í upphafi, þeir hafa ekkert leyst. En hér er bent á raunhæf úrræði til þess að leysa vandann.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til sjútvn. með 22 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

26. Síldarleit úr lofti.

Á 29. fundi í Sþ., 18. des., var úthýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 56 21. apríl 1954, um síldarleit úr lofti [123. mál] (þmfrv., A. 239).

Á 43. fundi í Nd., 8. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 47. fundi í Nd., 12. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Jónas G. Rafnar: Herra forseti. Hv. 4. þm. Norðurl. v. og ég höfum á þskj. 239 leyft okkur að flytja frv. til l. um breyt. á lögum nr. 56 frá 1954, um síldarleit úr lofti. Eins og öllum hv. þm. er kunnugt, hefur undanfarin sumur verið haldið uppi síldarleit með flugvélum fyrir Norður- og Austurlandi. Einnig hefur varðskipið Ægir og m.s. Fanney verið notuð til síldarleitar. Hafa og fiskifræðingar, starfsmenn atvinnudeildar háskólans og aðstoðarmenn þeirra, verið um borð í skipunum og stjórnað leitinni. Jafnframt hafa þeir þá unnið úr rannsóknum á göngum síldarinnar og öðrum háttum hennar.

Um það munu ekki vera skiptar skoðanir meðal þeirra mörgu aðila, sem hagsmuna hafa að gæta í sambandi við síldveiðarnar, að síldarleitin, bæði í lofti og á sjó, hafi komið að mjög miklum notum. Má því fullyrða, að þessi starfsemi, sem hingað til hefur verið kostuð af ríkinu, fiskimálasjóði og síldarútveginum, verði stóraukin á næstu árum. Auk þess verkefnis að visa fiskibátunum á síldina þarf stöðugt að afla sem öruggastra upplýsinga um alla hagi hennar og háttu. Það verður vart gert nema með skipum, sem búin eru fullkomnum rannsóknartækjum, undir stjórn reyndra sérfræðinga. Þarf því án efa að fjölga þeim skipum, sem stunda síldarleit og síldarrannsóknir hér við land. Um síldarleit úr lofti fjalla sérstök lög, nr. 56 frá 1954. Þar er kveðið á um stjórn leitarinnar og framkvæmd, einnig hvaða aðilar eigi að bera kostnaðinn af leitinni og í hvaða hlutföllum. Eru lögin eingöngu miðuð við síldarleit úr lofti. Um síldarleit á sjó eru hins vegar ekki til nein bein lagaákvæði. Hefur sú leit verið að öllu leyti kostuð af ríkissjóði.

Flm. þessa frv. telja eðlilegt, að síldarleitin fyrir Norður- og Austurlandi lúti einni og sömu yfirstjórn, hvort sem um er að ræða leit úr lofti eða á sjó, enda hljóti þessar tvær greinar síldarleitarinnar að vera svo samantvinnaðar, að vart verði á milli skilið.

Brtt. okkar við gildandi lög um síldarleit úr lofti eru í aðalatriðum þessar:

1) Lagt eru til, að haldið verði uppi síldarleit úr lofti og af sjó fyrir Norður- og Austurlandi vor- og sumarmánuðina, eins og nánar er kveðið á um í 1. gr. frv. Ákvæðinu um síldarleit á sjó er þannig bætt við.

2) Samkvæmt lögunum annast nú þriggja manna nefnd framkvæmd síldarleitarinnar úr lofti, skipuð af atvmrh. samkvæmt tilnefningu stjórnar síldarverksmiðja ríkisins, síldarútvegsnefndar og stjórnar fiskimálasjóðs. Lagt er til, að síldarleitarnefnd verði skipuð sex mönnum, sem atvmrh. skipi samkvæmt tilnefningu eftirtalinna aðila: stjórnar síldarverksmiðja ríkisins, samtaka síldarverksmiðjanna á Norður- og Austurlandi, síldarútvegsnefndar, stjórnar fiskimálasjóðs, stjórnar Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og fiskideildar atvinnudeildar Háskóla Íslands. Með breyt. er þannig stefnt að því, að allir þeir aðilar, sem mestra hagsmuna hafa að gæta í sambandi við síldveiðarnar, geti komið sínum sjónarmiðum að við framkvæmd síldarleitarinnar.

3) Gert er ráð fyrir því, að síldarleitarstjóri ráði flugvélar og skip til leitarinnar í samráði við síldarleitarnefnd, að fengnu samþykki ráðherra.

4) Kostnaður við síldarleitina á hafi úti á áfram allur að greiðast úr ríkissjóði, en kostnaðurinn vegna leitarinnar úr lofti af sömu aðilum og lögin frá 1957 ákveða, þ. e. a. s. fiskimálasjóður ⅓ hluta kostnaðarins, en ⅔ hluta greiði síldarútvegsnefnd og síldarverksmiðjurnar, sem reknar eru á svæðinu frá Horni að Djúpavogi. Þá skiptingu ákveða lögin að miða skuli við tunnufjölda herpinótasíldar til útflutnings og málafjölda bræðslusíldar og skuli tunna saltsíldar látin jafngilda hálfu öðru máli til bræðslu. Í frv. er gert ráð fyrir þeirri breytingu, að fyrir 20. maí í stað „í júnímánuði", eins og í lögunum stendur, skuli stjórn síldarverksmiðja ríkisins, síldarútvegsnefnd og fiskimálasjóður leggja fram hver um sig 150 þús. kr. til þess að standa straum af kostnaði síldarleitar úr lofti, í stað 100 þús. kr., sem áður var. Er þessi hækkun talin nauðsynleg vegna aukins kostnaðar við síldarleitina.

5) Að lokum er gert ráð fyrir því, að verði frv. að lögum, skuli fella meginmál þess inn í lög nr. 56 frá 1954 og gefa þau út svo breytt með fyrirsögninni: Lög um síldarleit.

Þá eru og í frv. ákvæði til bráðabirgða, sem kveða á um, að síldarleitarnefnd verði skipuð fyrir 1. maí 1962, nái frv. lagagildi.

Að lokum vil ég geta þess, að hv. 4. þm. Norðurl. v. er fyrri flm. máls þessa, en hann átti ekki kost á að fylgja frv. úr hlaði nú við 1. umr. vegna fjarveru sinnar.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að mælast til þess, að frv. verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari umr. og til hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til sjútvn. með 25 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

27. Lántaka vegna Landsspítalans (frv. ÞÞ o. fl.).

Á 31. fundi í Sþ., 19. des., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um lántöku vegna Landsspítalans [126. mál] (þmfrv., A. 251).

Á 45. fundi í Nd., 8. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Einar Ágústsson: Hæstv. forseti. Á þskj. 251 hafa þrír þm. úr þessari hv. d. borið fram frv. til laga um lántöku vegna viðbyggingar við Landsspítalann. Þar sem 1. flm. frv. þessa dvelst nú erlendis, vil ég leyfa mér að fylgja frv. úr hlaði með örfáum orðum.

Frv. er efnislega á þá leið, að ríkisstj. sé heimilt að taka lán allt að 30 millj. kr. til að full-

gera sem fyrst þær viðbyggingar Landsspítalans, sem nú er verið að koma upp. Öllum er að sjálfsögðu kunnugt, hve sjúkrahúsaskortur er ákaflega tilfinnanlegur hér í Reykjavík, og verða sjúklingar oft að bíða langtímum saman eftir sjúkrahúsvist og iðulega langt fram yfir það, sem æskilegt væri, og stundum lengur en forsvaranlegt er. Þetta á sér sína eðlilegu skýringu í því, að fjöldi sjúkrarúma hefur því sem næst ekkert aukizt hér í borginni undanfarin ár og áratugi, á sama tíma sem íbúafjöldinn hefur margfaldazt, og er sjúkrarýmið nú auðvitað langt frá því að vera orðið í nokkru samræmi við fólksfjöldann, ekki sízt þegar þess er gætt, að sjúkrahúsin hér í Reykjavík eru sem kunnugt er rekin að meira eða minna leyti fyrir landið allt. Sérstaklega á þetta við um Landsspítalann og raunar ríkissjúkrahúsin öll, því að þau verða ávallt að taka við miklum sjúklingafjölda utan af landi. Aðstaða lækna og hjúkrunarliðs á Landsspítalanum er líka orðin mjög erfið vegna þrengsla og ónógra starfsskilyrða, enda þótt hjúkrun og læknishjálp sé þar með miklum ágætum og raunar langt fram yfir það, sem hægt er að ætlast til eftir aðstæðum, eins og þeim mun ljúft að votta, sem þangað hafa þurft að leita.

Það er líka orðið ærið langt síðan skilningur heilbrigðisyfirvalda vaknaði á nauðsyn úrbóta í þessu efni, og var fyrir rúmum tíu árum byrjað á viðbyggingum þeim við Landsspítalann, sem efni þessa frv. fjallar um. Ég vil í þessu sambandi leyfa mér að flytja stutt yfirlit yfir þær framkvæmdir í heild, sem hér er um að ræða, og byggi það á upplýsingum frá skrifstofu ríkisspítalanna, en þar er aftur stuðzt við kostnaðaráætlun skrifstofu húsameistara ríkisins.

Í fyrsta áfanga er ráðgert að byggja spítalaviðbyggingu í þrem álmum, sem nefndar eru tengiálma, vesturálma og austurálma, og eru þær samtals að stærð um 36500 teningsmetrar, áætlað kostnaðarverð 80 millj. kr. Þá er í þessum áfanga einnig bygging ketilhúss, um 2300 teningsmetrar er stærð, sem áætlað er að kosta muni 2½—3 millj. kr. Til þessara framkvæmda hefur þegar verið varið um 50 millj. kr., og ætti þá að vanta til þeirra um 33 millj. Í öðrum byggingaráfanga er ráðgert að byggja nýtt þvottahús, um 7700 teningsmetra, áætlað kostnaðarverð 8½ millj. kr., eldhúsbyggingu, um 10 þús. teningsmetra, fyrir 14 millj. kr., tengigang frá spítalabyggingu til eldhúss og þvottahúss fyrir 1 millj. og aðalinngang og upplýsingastöð fyrir gamla og nýja spítalann, er kosta mun um 2 millj. kr., þ. e. a. s. að fyrirhugað er að byggja fyrir 25 millj. kr. í öðrum byggingaráfanga. Af þessum framkvæmdum hefur nú verið lokið uppgrefti fyrir þvottahús- og eldhúsbyggingu, en annað hefur ekki verið gert. Í þriðja áfanga er ráðgert að byggja svonefnda norðurálmu, þ. e. álmu áfasta og byggða út frá miðri norðurhlið viðbyggingarinnar. Áætlað er, að þessi álma muni verða um 10 þús. teningsmetrar og kosta um 22 millj. kr. Þarna á að verða rúm fyrir röntgendeild, rannsóknardeild, skurðstofur fyrir handaðgerðir (plastkirurgi) o. fl. Þá hefur verð áhalda og annars innbús fyrir þessar viðbyggingar allar verið áætlað 15—20 millj. kr.

Af þessari stuttu lýsingu má ljóst vera, að mikið átak þarf til að koma öllum þessum fyrirhuguðu byggingum upp og í notkun og að hér er þörf mikils fjármagns, eða einhvers staðar á milli 90 og 95 millj. kr. alls, miðað við núgildandi verðlag. Þess er því tæplega að vænta, að hægt muni nú þegar að útvega allt það fé, sem þarf til að ljúka öllum þessum byggingum og til allra þessara áhaldakaupa. Enda þótt það væri tvímælalaust æskilegast að geta gert svo myndarlegt átak nú þegar, er ekki nema eðlilegt, að slíku verði að dreifa á nokkurt árabil. En með því að þörfin er brýn og framkvæmdir hafa að dómi flutningsmanna dregizt mikils til um of, þá er hér í frv. lagt til, að áherzla verði lögð á að fullgera nú þegar fyrsta byggingaráfangann, þ. e. viðbyggingu þá, sem risin er við Landsspítalann í þrem álmum, sbr. það, sem áður segir. Þegar þær álmur verða fullgerðar, bætast við sjúkrarými spítalans níu aðskildar sjúkradeildir með 25 rúmum að meðaltali eða samtals 225 sjúkrarúm. Eins og fyrr er getið, er talið, að kostnaður við að ljúka þessum viðbyggingum muni verða um það bil 35—40 millj. kr. með nauðsynlegasta búnaði. En í fjárlögum þessa árs eru veittar til framkvæmdanna um 7 millj. kr., og mundi því, miðað við svipaðar fjárveitingar á næstu árum, taka 4—5 ár að fullgera þennan áfanga. Augljóst er, hversu óheppilegt og raunar einnig háskalegt væri að þurfa að draga framkvæmdir svo lengi til viðbótar við allan þann tíma, sem þegar hefur þurft að bíða eftir þessum bráðnauðsynlegu úrbótum, og virðist þess vegna sjálfsagt að leita einhverra ráða til að stytta þennan biðtíma eftir föngum. Væri nægilegt fjármagn fyrir hendi, mundi að líkindum vera hægt að fullgera byggingu fyrsta áfanga nú á þessu ári, þær framkvæmdir eru þegar svo langt komnar, og taka í notkun. En með því mundi, sem fyrr segir, sjúkrarúmafjöldi spítalans tvöfaldast, og yrði þannig á myndarlegan hátt ráðin bót á því ástandi, sem nú ríkir á þessu sviði. Því er með frv. þessu, sem hér er til umr., lagt til, að ríkisstj. sé heimilað að taka allt að 30 millj. kr. lán eftir þörfum til að fullgera viðbyggingarnar, og er sú fjárhæð tiltekin með hliðsjón af því, að hún ásamt fjárveitingum þessa árs mundi hrökkva til framkvæmdanna. Lán þetta gæti orðið til skamms tíma, 4—5 ára, miðað við, að endurgreitt yrði af fjárveitingum næstu ára í þessu skyni. Verður því þess vegna ekki að óreyndu trúað, að ekki verði unnt að afla slíks láns, þegar um jafnmikið nauðsynjamál er að ræða.

Heilbrigðismál og umönnun sjúkra er sá flokkur mála, sem einna sízt má sitja á hakanum í menningarþjóðfélagi, og á mörgum sviðum þeirra stöndum við Íslendingar góðu heilli framarlega meðal þjóða og höfum oft náð ótrúlega góðum árangri í baráttu við ýmsa sjúkdóma, eins og óþarfi mun upp að telja. En sjúkrahúsaskorturinn í Reykjavík er orðinn alvarlegur fjötur um fót í þessu efni, og þjóðarheill krefst þess, að þar verði ráðin á bót hið allra fyrsta. Í byggingu hafa að undanförnu verið hér a. m. k. 3 stórar sjúkrahúsbyggingar og hefur þeim öllum miðað sorglega hægt áfram

og orðið m. a. af þeim sökum miklu dýrari en þurft hefði, ef áherzla hefði verið lögð á byggingu einnar þeirra í einu, en ekki byrjað á hinum, fyrr en þeirri fyrstu var lokið. Engu að síður er það staðreynd, að þeirra allra er full þörf, og því er sjálfsagt að vinna að framgangi þeirra eftir fyllstu getu. Með flutningi þessa frv. er því á engan hátt tilætlunin að bregða fæti fyrir aðrar sjúkrahúsabyggingar hér, heldur er tilgangurinn einungis sá að hraða einni þeirra eftir föngum vegna aðkallandi þarfar.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um þetta mál nú og leyfi mér að leggja til, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 46. fundi í Nd., 9. febr., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 21 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

28. Áætlunarráð ríkisins.

Á 32. fundi í Sþ., 1. febr., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um áætlunarráð ríkisins [127. mál] (þmfrv., A. 256).

Á 46. fundi í Nd., 9. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 47. fundi í Nd., 12. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Einar Olgeirsson): Forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér á þskj. 256 frv. til laga um áætlunarráð ríkisins. Ég hef flutt svipað frv. áður, en í þetta skipti breytt þessu frv. mikið, m. a. með tilliti til þess, að mér virðist svo sem þessi spurning um áætlunarráð hjá ríkinu og jafnvel áætlunarbúskapur sé að koma svo miklu meira á dagskrá hjá okkur, að það sé rétt fyrir okkur að reyna að gera okkur nokkra hugmynd um, hvernig við gætum við núverandi þjóðfélagsskipulag framkvæmt slíka stórbreytingu eins og það er að hverfa til þess að búa til áætlanir um þjóðfélagsþróunina og reyna að framfylgja þeim.

Ég vil þá í fyrsta lagi taka það fram í sambandi við þetta frv., — sem ég mun nú ekki fara mjög ræki lega í, heldur hins vegar reyna að gera sjálfum mér og öðrum nokkra grein fyrir þeim forsendum, sem ég álít fyrir því, að við gætum eins og nú standa sakir á Íslandi framkvæmt slíkt, — hverjar eru þær pólitísku forsendur fyrir framkvæmd svona áætlunarráðs. Ég held, að það sé óhætt að fullyrða, að skilningur á því, hve nauðsynlegt það væri í þjóðfélagi að hafa áætlunarbúskap að meira eða minna leyti, hafi farið mjög vaxandi. Alls staðar, þar sem menn vilja knýja fram tiltölulega örar framfarir, bæði í atvinnulífi og í lífskjörum manna, komast menn að þeirri niðurstöðu, að það þurfi til þess að skapa sér ákveðnar hugmyndir um, hvernig þróunin skuli gerast, sem sé menn hverfi meira og meira burt frá því að láta atvinnulífið afskiptalaust og til þess að reyna að skapa sér ákveðnar hugmyndir um, hvernig maðurinn eigi sjálfur að þróa sitt atvinnulíf. Það, sem hefur breytt mjög skoðunum manna í þessu efni, er, að sósíalisminn, þann tíma sem hann hefur nú verið framkvæmdur í heiminum, hefur sýnt mönnum og sannað, að það er hægt að skapa hjá tiltölulega frumstæðum þjóðum mjög miklar framfarir á tiltölulega skömmum tíma, séð frá sjónarhóli mannkynssögunnar, og þetta hefur orðið til þess, að líka í auðvaldsskipulaginu hafa menn meira og meira farið að taka upp þær aðferðir að reyna, þótt erfitt sé að ýmsu leyti við venjulegt auðvaldsskipulag að framkvæma það, þá hafa menn reynt meira og meira að taka upp þær aðferðir að koma á hjá sér áætlunum um þróun þjóðarbúskaparins, og ég álít, að undir vissum kringumstæðum sé mögulegt í einu þjóðfélagi, þótt ekki sé sósíalistískt, að koma þar við áætlunarbúskap að meira eða minna leyti. Skilyrðin til þess eru í fyrsta lagi, að viðkomandi ríki hafi yfirstjórn á utanríkisverzluninni og þar með það eftirlit, sem í því felst. Í öðru lagi, að það sé yfirstjórn ríkisins á bönkunum og þar með á fjárfestingarpólitíkinni. Og eins og menn vita, hafa þessar forsendur að mjög miklu leyti verið til staðar hér hjá okkur á Íslandi um alllangan tíma. M. ö. o.: undir svona kringumstæðum sé hægt að framkvæma að meira eða minna leyti áætlunarbúskap og það þó að einkaatvinnurekstur sé allmikill, einkum þó þegar bankarnir eru ríkiseign og þegar ríkið sjálft og bæirnir hafa við hliðina á einkaatvinnurekstrinum með allmikinn atvinnurekstur að gera. Hins vegar er það nokkurn veginn gefið, að til þess að svona áætlunarbúskapur sé framkvæmanlegur, þurfa auk þessa fyrirkomulags að vera þær pólitísku forsendur fyrir hendi, annaðhvort áhrif verkalýðshreyfingarinnar á ríkisvaldið og verkalýðsstéttarinnar yfirleitt að vera mjög sterk og skilningur annarra stétta í þjóðfélaginu á nauðsyn svona áætlunarbúskapar allríkur, eða þá ef um er að ræða land, sem er nýlosnað úr nýlendufjötrum, þannig að stéttirnar í því landi, bændastétt, verkamannastétt og borgarastétt, hafa allar meira eða minna hagsmuni af því að byggja upp hjá sér tiltölulega sterkt, nýtt atvinnulíf og geti þess vegna sameinazt um að koma á hjá sér hröðum framförum. Við þekkjum dæmin um þetta hvort tveggja, annars vegar í Noregi, þar sem þeir um alllangt skeið hafa með nokkrum árangri búið út áætlanir á hverju ári fyrir þróun þjóðarbúskaparins og með því megnað að halda Noregi nokkurn veginn utan við atvinnuleysi, og dæmi um hið síðara höfum við í fjölmörgum af þeim nýlendum, sem nýlega hafa verið að verða frjáls ríki, þar sem menn eiga miklar auðlindir og stéttirnar hafa að meira eða minna leyti komið sér saman um að reyna að þróa atvinnulífið á grundvelli þessara auðlinda sem fyrst. Þess vegna er það engin til-

viljun, að eitt eða annað form af áætlunarbúskap hefur verið tekið upp í ákaflega mörgum ríkjum Afríku og Asíu, þeim sem öðlazt hafa frelsi á síðustu tveim áratugum.

Eins og ég veit að menn kannast við, þegar þeir heyra þessar skoðanir, þá sjá menn, að að nokkru leyti hefur þetta líka verið til staðar hér hjá okkur á Íslandi á undanförnum tveim áratugum og þess vegna verið gerðar hér um tíma slíkar tilraunir og verið barizt fyrir því að koma hér á áætlunarbúskap. En það, sem þar hefur aftur á móti truflað, eru þau útlendu áhrif, sem vissar stéttir hér innanlands hafa orðið fyrir. Þingflokkur Alþb. og þingflokkur Sósfl. voru ætíð fylgjandi því að koma hér á áætlunarbúskap. Og Alþfl. var á sínum tíma mjög eindregið fylgjandi því og barðist fyrir því í þeirri fyrstu stjórn, sem hann tók þátt í, og hefur mér vitanlega aldrei horfið frá því fyrirkomulagi sem kenningu, þannig að þessir tveir flokkar verkalýðshreyfingarinnar, sem hér er um að ræða, hafa á undanförnum þrem áratugum á einn eða annan hátt staðið með því og jafnvel reynt að knýja fram tilraunir til þess að koma hér á áætlunarbúskap. Báðir borgaraflokkarnir á Íslandi, Sjálfstfl. og Framsfl., hafa á ýmsum tímum tekið að vísu nokkuð mismunandi afstöðu til þessa, en þó á vissum tímum báðir að meira eða minna leyti, ýmist í orði eða verki, tekið þátt í því eða lýst sig fylgjandi slíku. Sjálfstfl. eða meiri hluta hans gerði það 1944 með þeirri tilraun, sem þá var gerð í sambandi við nýbyggingarráð, og Framsfl. lýsti sig 1956 fylgjandi því, að slíkt væri gert, er vinstri stjórnin var mynduð, þó að ekki yrði úr framkvæmdum, og eftir því sem ég hef heyrt af síðasta miðstjórnarfundi Framsfl. eða landsfundi hans, þá mun þar hafa verið ákveðið að beita sér fyrir framkvæmdaáætlun hér á Íslandi. Hins vegar hefur það orðið svo, að í hvert skipti, sem verulega rík hafa orðið áhrif amerískra auðvaldsins hér á Íslandi, þá hafa þessir borgaraflokkar haft tilhneigingu til þess að hörfa frá þessu. 1947, þegar amerísku áhrifin brjótast hér í gegn og sú sjálfstæða íslenzka atvinnupólitík, sem áður hafði verið rekin, var brotin niður, þá gerðu menn sér vonir um að geta kannske þróað Ísland og íslenzkt atvinnulíf með svokallaðri frjálsri samkeppni. Og við urðum í upp undir 10 ár að bíta í það súra epli að sjá okkar framfarir meira eða minna stöðvast hér á landi þess vegna á vissum sviðum. 1959 komu aftur upp samsvarandi tálvonir, þegar þeir sömu menn, sem í dag ákalla hvað mest hjálp ríkisins, voru að boða það, að eingöngu með frjálsri samkeppni og með því að hörfa aftur til þeirra gömlu góðu daga kringum 1920 væri hægt að skapa framfarir í íslenzku atvinnulífi. Menn sjá nú þegar, hvernig það hefur gersamlega misheppnazt.

Það hefur þess vegna verið til staðar á undanförnum 20 árum nokkur skilningur á vissum tímabilum, líka hjá borgaraflokkunum á Íslandi, fyrir því, að Ísland ætti að meira eða minna leyti að taka upp áætlunarbúskap, án þess þó, — og það hefur verkalýðshreyfingin ekki heldur haldið fram að þyrfti að gera, — að útrýma með því einkaframtakinu, heldur ætla einkaframtakinu sitt vissa svið í þjóðfélaginu við hliðina á samvinnufyrirtækjum, bæjarfyrirtækjum og ríkisfyrirtækjum, og það, sem þetta frv. mitt gengur út frá, er, að það sé reynt að koma á samstarfi á milli hinna ýmsu stjórnmálaflokka á Íslandi án tillits til þess, hvort þeir eru á hverjum tíma í ríkisstj. eða í stjórnarandstöðu, um það að koma á og viðhalda áætlunarbúskap á Íslandi. Þess vegna breytti ég þannig því frv., sem ég hef áður flutt hér, að ég legg til, að Alþingi kjósi að loknum hverjum alþingiskosningum fimm manna nefnd, sem sé áætlunarráð ríkisins, ríkisstj. skipi formann úr hópi nm. og ríkisstj. skipi líka framkvæmdastjóra. Áður hafði ég lagt til, eins og var venjulega hér hjá okkur áður, þegar við gerðum slíkar tilraunir, að ríkisstj skipaði sjálf áætlunarráð. Ástæðan til þess, að ég legg þetta til, er sumpart sú, að ég sé, að a. m. k. ýmsir menn úr öllum flokkum viðurkenna að meira eða minna leyti nauðsynina á þessu, og hins vegar er alveg gefið, að ef við ætlum að gera af alvöru tilraun til þess að framkvæma svona áætlunarbúskap á Íslandi, í þjóðfélaginu, eins og það er nú, þá verður að vera hjá meiri hluta Alþingis á öllum tímum meira eða minna samstarf og helzt líka við viðkomandi stjórnarandstöðu um þetta. Það liggur einfaldlega í því, að a. m. k. þegar við ætlum að fara að leggja hér í einhverjar stærri framkvæmdir, við skulum segja að virkja okkar beztu fossa, virkja Þjórsá og virkja Jökulsá og koma upp í sambandi við það máske einhverri stóriðju, þá verður þetta fyrirtæki, sem getur tekið 5—6 ár að koma upp, og áætlanirnar, sem verða að miðast við slíka þróun þjóðarbúskaparins, verða ekki bara eins árs og fimm ára áætlanir, heldur jafnvel allt upp í 10 ár, þannig að með fjögurra ára kjörtímabili er óhugsandi að ætla að gera þessa hluti, án þess að þingflokkarnir standi meira eða minna saman um þetta, eða a. m. k. svo öruggur og stór meiri hluti, að um þetta náist verulegt samstarf, þannig að þó að ein ríkisstj. byrji á svona áætlunarbúskap á einum tíma og hún síðan fari frá, verði í minni hluta, við næstu kosningar og önnur ríkisstj. taki við, þá hafi verið það mikið samræmi og samstarf í því að ákveða þessa hluti, að allar þær fyrirætlanir og áætlanir, sem fráfarandi ríkisstj. hafi gert, séu ekki þar með meira eða minna eyðilagðar og það verði að byrja alveg frá nýju. Við verðum að gá að því, að með hinni gífurlegu tækniþróun nútímans á okkar litla þjóðfélag svo mikið í húfi, þegar það leggur út í einhverja stóriðju, að það getur eiginlega sporðreist þjóðfélagið, ef grundvöllurinn að slíku hefur ekki verið athugaður vel og menn komizt að sameiginlegri niðurstöðu um það, að án tillits til þess, hverjir það eru, sem fara með völdin á hverjum tíma, þá sé þessum stórvirkjunum, sem um er að ræða, haldið áfram, sem sé að sjálf heildarstefnan í sambandi við uppbygginga atvinnulífsins, ákvörðun og framkvæmd áætlunarinnar, haldist, þó að skipti um ríkisstj. Það er sú hugmynd, sem fyrst og fremst liggur á bak við þær breytingar, sem ég hef gert á þessu frv. Og einmitt vegna þess, að núv. ríkisstj. er nokkuð að tala um áætlunarbúskap, áætlun til allmargra ára, þá held ég, að það sé því þýðingar-

meira að undirstrika, að það verður að vera sem allra víðtækast samkomulag í íslenzka þjóðfélaginu um að leggja í slíkt. Það er svo mikið átak, sem við gerum með því, það krefst svo mikils skilnings af öllum aðilum, það krefst svo mikils samstarfs á milli atvinnurekenda, verkamanna, bænda og annarra, að það er svo að segja óhjákvæmilegt, að stéttir þjóðfélagsins séu sem allra mest sammála um það, sem út í er lagt. Við verðum að gá að því, að við stöndum hér í mjög svipuðum kringumstæðum og margar þær þjóðir, sem nú hafa verið síðustu árin að öðlast frelsi, standa svo að segja með ónumið land, að við verðum frá upphafi að reyna að tryggja, að það, sem við gerum í þessum efnum, sé rétt, það sé skynsamlegt og það verði helzt gert með því, að menn beri ráð sín saman um það sem allra mest. Ég hef satt að segja ekki mjög mikla trú á, að þeir útlendu sérfræðingar, sem hingað eru kallaðir, leiði okkur í allan sannleika um slíkt með nokkurra mánaða dvöl hér í hvert skipti. Ég held, að við verðum fyrst og fremst að rannsaka þetta sjálfir, en vera þó alveg óhræddir við að nýta ráð erlendu sérfræðinganna, hvaðan sem þau koma, en fyrst og fremst verðum við að reyna að hafa vald á þessum málum sjálfir.

Þá vil ég alveg sérstaklega undirstrika það í sambandi við þetta frv. nú, að ég álít, eins og málum er komið hér í Vestur- og Norður-Evrópu, að þá eigum við raunverulega bara tveggja kosta völ. Ef við ætlum að reyna að halda Íslandi sem sjálfstæðu landi, þá verðum við að fara inn á meira eða minna áætlunarbúskap. Valið stendur raunverulega á milli þess að innlimast í það mikla Vestur-Evrópubandalag, sem nú er í uppsiglingu, Efnahagsbandalagið svokallaða, og missa þar með raunverulega alla stjórn á þróun okkar atvinnulífs og þar með grundvöllinn að okkar sjálfstæði, eða hins vegar að reyna að koma hér á áætlunarbúskap. Og hvað er það, sem knýr okkur til þess? Það, sem knýr okkur til þess, er sú tæknilega þróun í þjóðfélaginu. Öll tæknileg þróun þessarar aldar hefur gengið í þá átt að skapa stærri og stærri heildir, og það er þróun þessi í stærri og stærri heildir, sem nú er að skapa þau risavöxnu ríki, sem eru að rísa upp í kringum okkur, eins og Efnahagsbandalagið, og ef við ætlum þess vegna að reyna að lifa sem lítið sjálfstætt ríki, þá verðum við a. m. k. sjálfir að standa sameinaðir. Það þýðir, að við verðum þá sjálfir í þessu litla landi að skipuleggja okkar þjóðarbúskap sem eina þjóðfélagslega heild og stjórna henni þannig, jafnvel þó að við höfum mismunandi skipulagsform innan þeirrar þjóðfélagsheildar hvað rekstur snertir. Hér á Íslandi voru við síðasta aðalmanntal, 1950, taldir 38 þús. verkamenn. Það er nokkurn veginn sama tala og vinnur hjá stærsta fyrirtæki Svíþjóðar, rafmagnshringnum sænska. Við sjáum bezt á slíku, að ef við ættum að reyna að tryggja sæmileg lífskjör fyrir okkar alþýðu, þá verðum við að geta fullnægt kröfum þeim, sem nútíminn gerir í þeim tæknilegu efnum, og það verður ekki gert nema með því að reka hluti í jafnstórum stíl og reka þá með því móti að geta hagnýtt yfirburði stórrekstrar yfir smárekstur, eftir því sem frekast er mögulegt. Og þó er það hjá þjóð eins og okkar alltaf mjög takmarkað, hvað mikið maður þorir að leggja í stóran rekstur, en a. m. k. þá, ef um smárekstur er að ræða, að þar sé sem allra mest samstarf og sem allra bezt skipulagning. Ég held þess vegna, að það sé alveg ótvírætt, að ef við eigum að reyna að halda Íslandi sem sjálfstæðu landi, þá þurfum við í vaxandi mæli, í ríkari og ríkari mæli að taka upp hjá okkur áætlunarbúskap.

Menn vilja nú kannske spyrja, hvernig þessi boðskapur, ekki sízt um slíkt samstarf á milli atvinnurekenda, verkamanna, bænda og annarra stétta, samrýmist þeirri stéttabaráttu, sem háð er í þjóðfélaginu. Ég vil taka það fram í því sambandi, að ef hér tækist að koma á áætlunarbúskap og það áætlunarbúskap, sem einkenndist af þeirri dirfsku og stórhug, sem nauðsyn væri á, og þar með af þeirri hröðu aukningu í atvinnulífinu, sem hægt væri að skapa hér, þá verða raunverulega atvinnurekendur og verkamenn, bændur og aðrar stéttir þjóðfélagsins aðeins að koma sér saman um það, svo að ég noti orð, sem okkar hagfræðingar vilja gjarnan nota oft núna, — þeir verða að koma sér saman um það að gera kökuna, sem ætti að skipta, sem stærsta. Um það ættu menn að geta orðið sammála, að því ættu menn að geta staðið sameiginlega að auka þjóðarframleiðsluna sem mest og sem hraðast og sem skynsamlegast. Síðan verður stéttabaráttan að segja til um og valdahlutföllin í henni, hvernig kakan skiptist, alveg eins og hún gerir það nú. Því sterkari sem verkamenn og aðrar alþýðustéttir eru og því betur sem þær halda saman, því meira réttlæti geta þær knúið fram í því, að þær fái sinn rétta hluta úr þessari þjóðarframleiðslu og auðvaldið rífi það ekki til sín í sínum venjulega vargaskap. En hins vegar er það nokkurn veginn gefið, að um það verða nokkuð skiptar skoðanir, hve hratt sé hægt að auka þjóðarframleiðsluna. Og þar hef ég tekið upp í þetta frv. till., sem, ef að lögum yrði, fælust í nokkurs konar fyrirmæli Alþingis til þessa áætlunarráðs um, hve hratt skuli reyna að auka þjóðarframleiðsluna. Og ég hef lagt til, að það sé reynt að auka hana um 10% á ári. Mér er ljóst, að það er allmikið.

Þjóðarframleiðsluaukningin hjá hinum borgaralegu löndum, hjá auðvaldslöndunum, hefur á síðasta áratug orðið að meðaltali frá 3% upp í 9½%. Það hæsta, 9½%, er hjá Vestur-Þýzkalandi, sem, eins og menn vita, hefur aukið sitt atvinnulíf mjög hratt á þessum áratug, 1950—60. Sósialistísku löndin hafa aukið sína iðnaðarframleiðslu allmiklu meira, að meðaltali um 13%. Það er vafalaust einna hægast að auka hratt framleiðslu í þeim löndum, sem eru að taka upp iðnað, láta iðnaðinn vaxa hjá sér, og ég álít, að við Íslendingar ættum að miða við það, að við reyndum að skapa í fyrsta lagi á grundvelli okkar sjávarútvegs og landbúnaðar miklu meiri iðnað en við gerum nú og enn fremur að leggja drög að því að koma upp öðrum iðnaði, sem ef til vill byggðist á innfluttum efnum. Ég álít, að það væri engan veginn óhugsandi, ef rétt væri áætlað frá upphafi hjá okkur, að auka þjóðarframleiðsluna á ári um 10%. Ég vil vekja athygli á því, að hvað fjárfestingu snertir höfum við Íslendingar á undanförnum 15 árum verið með einna

hæsta fjárfestingartölu allra þjóða í Evrópu, um 30%. M. ö. o.: við höfum tekið upp undir þriðjunginn af því, sem hver maður vinnur, og sett það fast, í ýmis framleiðslutæki, hús eða annað slíkt. En við höfum verið minna framsýnir, ef ég má nota vægt orð, en flestar aðrar þjóðir Evrópu í þessum efnum. Fjárfestingu hjá einni þjóð er í hagfræðinni venjulega skipt í tvennt: annars vegar í neyzlufjárfestingu, hins vegar í framleiðslufjárfestingu, sem sé, annars vegar í þá fjárfestingu, sem tekur yfir við skulum segja hús og einkabíla og annað slíkt, og hins vegar í þá fjárfestingu, sem fer í verksmiðjur, skip og önnur framleiðslutæki. Norðmenn t. d., sem hafa skipulagt þetta allvel hjá sér, hafa sett 75% af sinni fjárfestingu í framleiðslutæki, en 25% af sinni fjárfestingu í neyzlufjárfestingu. Við Íslendingar höfum yfirleitt verið með um 50—56% í neyzlufjárfestingu, meiri hlutann, einir allra þjóða í Evrópu líklega. Að sumu leyti hefur staðið sérstaklega á hjá okkur, því ber ekki að neita. Við höfum varið meira til húsbygginga á undanförnum tveim áratugum en líklega, — ja, ég skal ekki segja um þær þjóðir Evrópu, sem hafa verið að byggja sig upp eftir styrjöldina, en af þeim, sem ekki urðu fyrir verulegu tjóni, þá höfum við vafalaust varið mestu, enda var okkar land illa húsað um aldamótin. 10% af allri okkar þjóðarframleiðslu hefur farið í húsbyggingar, þriðji parturinn af allri fjárfestingunni hefur farið í húsbyggingar. Við höfum byggt óhagkvæmt, og við hefðum vafalaust getað byggt álíka mikið af íbúðum, kannske heldur minni, heldur hagkvæmari, fyrir jafnvel helmingi eða 1/3 minna fé en gert hefur verið.

Það hefur verið mikil óstjórn á okkar fjárfestingu, eins mikið og við höfum fjárfest þessa tvo áratugi, og þá fyrst og fremst vegna þess, að við höfum aldrei tekið okkur fram um það að reyna að stjórna þessu öllu sem einni heild, en það er það, sem við þurfum að gera. Enn fremur er því ekki að neita, að það hefur margt mistekizt hjá okkur, líka í sambandi við okkar iðnaðarfjárfestingu. Við höfum ekki athugað nægilega grundvöllinn að slíku. Við höfum stundum staðsett verksmiðjur skakkt, sem við höfum reist, og með lítilli fyrirhyggju. Það út af fyrir sig er ekkert óeðlilegt, slíkt kemur fyrir hjá flestum þjóðum, sem eru að byggja sig upp, ef ég má svo að orði komast. Það, sem hins vegar er aðalatriði fyrir okkur, er að læra af þessu. Ef við undirbúum okkur vel með þá miklu fjárfestingu, sem vafalaust er í vændum hjá okkur á næstu áratugum, lærum af okkar gömlu mistökum, þá ættum við að geta, ef við höldum áfram að verja eins miklu og við gerum nú, um 30% af okkar þjóðarframleiðslu, til fjárfestingar, skapað svo örar framfarir, að um 10% framleiðsluaukning yrði á ári. Það er að vísu rétt að minna á það, að meðan við erum fyrst og fremst veiðiþjóð, sem horfir bara á aflamagnið og gæftirnar, yrði slíkt náttúrlega alltaf miklum sveiflum háð hjá okkur. En því meir sem við verðum iðnaðarþjóð og ekki síst fiskiðnaðarþjóð, því öruggari verður slík framleiðsla. Ef við setjum okkur það að verða slík fiskiðnaðarþjóð og iðnaðarþjóð að fleira leyti, þá eigum við áreiðanlega að geta staðið við slíkar áætlanir, þó að þær séu hins vegar alltaf erfiðar, á meðan þjóðin er bara hráefnaframleiðandi. 10% aukning þjóðarframleiðslu á ári mundi þýða, svo framarlega sem réttlátlega væri skipt slíkri framleiðslu, og það þó að við héldum áfram að taka 30% af öllu saman til fjárfestingar, þá mundi það þýða milli 7 og 8% lífskjarabætur á ári, hvort sem það kemur fram í aukinni kaupgetu tímakaups eða öðrum formum. Það mundi þýða m. ö. o., að á einum áratug væri hægt að tvöfalda þau lífskjör, sem almenningur í landinu býr við. Það er þess vegna engum efa bundið, að ef hægt er að koma á samstarfi um áætlunarbúskap, ef hægt er að leggjast á eitt og skapa áhuga hjá öllum aðilum fyrir þessu, ef hægt væri að framkvæma eins djarfa áætlun og það er að auka um 10% þjóðarframleiðsluna á ári, þá gætum við í staðinn fyrir að hjakka allmikið í sama farinu, eins og hefur viljað brenna við oft undanfarið hjá okkur, lyft Grettistaki í endurbótum á lífskjörum almennings á næstu áratugum.

Að vísu verðum við alltaf að muna það, að sjálf aukning þjóðarframleiðslunnar er ekki einhlít í þessu efni. Það er tvennt annað, sem þarf að gerast um leið: Í fyrsta lagi réttlát skipting á þjóðartekjunum. Um það er auðvitað deilt, um það eru átök, og samt væri, ef hér væri rækileg rannsókn á þjóðarbúskapnum, hægt að ganga úr skugga um það, hvernig réttlátt væri að skipta þessum þjóðartekjum. Það hefur því miður aldrei fengizt rannsakað. Í öðru lagi er það forsenda fyrir slíku, að skynsamleg skipulagning sé á þjóðarbúskapnum. Það er náttúrlega hægt, þótt þjóðarframleiðslan aukist, að stjórna þjóðfélaginu svo vitlaust, að það fari meira eða minna í súginn hjá okkur. Þótt við ykjum þjóðarframleiðsluna, væri kannske ekki hægt að selja nema lítinn hluta af henni, það yrði ekki unnið það úr afurðunum, sem praktiskast og skynsamlegast væri, eða menn bæru sig að við það af svo lítilli framsýni og kunnáttu, að þjóðfélagið hefði ekki full not af því. Það er ekki nóg eitt út af fyrir sig að auka þjóðarframleiðsluna, réttlát skipting þjóðarteknanna og skynsamleg skipulagning á þjóðarbúskapnum þarf að fylgja með.

En ef þessu væri hvoru tveggja fullnægt, eins og ég hef tekið fram áður, án þess að breyta núverandi þjóðfélagsástandi, með því að viðhalda núverandi einkarekstri við hliðina á samvinnurekstrinum, bæjarrekstrinum og ríkisrekstrinum, þá væri hægt að skapa slíkar framfarir á næsta áratug, að við tvöföldum þá lífsafkomu, sem fólk býr við nú. Ég álít, eins og raunar hefur komið fram áður í tillögum, sem hér hafa verið fluttar, að þær lífskjarabætur yrðu og þyrftu alveg sérstaklega og fyrst og fremst að koma fram í því, að vinnuþrældómnum væri að verulegu leyti létt af Íslendingum. Ég þarf ekki að fara nákvæmlega inn á það hér. Það hefur verið rætt í sambandi við umr. um átta tíma vinnudaginn, hvort þörf væri á því, að kjarabætur miðuðust fyrst og fremst við það, að vinnutíminn styttist a. m. k. niður í átta tíma á dag, en fyrir þá átta tíma yrði borgað svo mikið, að árskaupið yrði 75 þús. kr., sem mundi þýða um 50% hækkun á kaupgetu tímakaups, ef maður reiknaði með því, að allar lífskjarabætur kæmu fram í því,

og gætu þær auðvitað komið fram í fleiri formum. Það er rétt að leggja áherzlu á, að það að létta af vinnuþrældómnum er að minu áliti alveg óhjákvæmilegt. Það var ákaflega eðlilegt hjá okkur fyrst eftir stríðið, eftir að við höfðum gengið gegnum 10 ára atvinnuleysi og kreppur, að þegar menn allt í einu gátu fengið að vinna svo að segja eins lengi og þeir treystu sér til, þá gripu menn því fegins hendi, ekki sízt þegar eftirvinna og næturvinna var greidd 50—100% hærra verði. Það var svo margt, sem fólk þurfti til að bæta úr brýnustu þörfunum. Við, sem þekkjum gamla tímann, munum þann tíma, þegar fólk hér í Reykjavík borðaði tros sex sinnum í viku og gat varla veitt sér kjöt á sunnudögum. Við munum eftir þeirri breytingu, þegar menn fóru að geta borðað kjöt tvisvar í viku. Við, sem þekktum það hér, að menn ættu ekki sængurver utan um rúmfötin sín eða lök, að menn ættu ekki nein spariföt til að klæðast í, ekkert nema vinnugallann, við vitum, hvers konar lífskjarabylting það var, þegar menn fóru að geta veitt sér sæmilegan mat, góð föt eða jafnvel góð föt til skiptanna og þegar menn fór að dreyma um það að geta eignazt íbúðir sjálfir, og hvernig menn þess vegna hafa tekið á þessi 20 ár við að umskapa alveg sitt lífsumhverfi, eins og líka sér hér á, þar sem ég býst við, að meiri hluti t. d. af verkalýðnum hér í Reykjavík og jafnvel enn þá frekar úti á landi muni eiga íbúðir, þó að margir berjist þungri baráttu, vinni og þræli mikið fyrir því og eigi sérstaklega um sárt að binda vegna þeirra miklu vaxta, sem nú eru á lánum. En nú er þessi vinnuþrældómur, t. d. hér í Reykjavík, búinn að standa í um 20 ár, að vísu með tveggja ára millibili, sem atvinnuleysi var, 1951—52, og þá er þetta orðið svo mikið, að sú kynslóð, sem svona hefur þrælað út, bíður þess ekki bætur. Sú kynslóð, sem vinnur 11 og 12 tíma á hverjum degi og vinnur svo að segja alla sunnudaga og flest sín svokölluðu sumarfrí, verður að fara á mis við svo margt, ekki sízt menningarlega og félagslega, að hún bíður þess ekki bætur, ef slíkum vinnuþrældóm léttir ekki. Og margir hafa þegar beðið af því heilsutjón. Þess vegna held ég, að það sé enginn efi á því, að þær lífskjarabætur, sem við eigum að skapa á Íslandi á næstunni, eiga fyrst og fremst að koma fram í því, að menn fái sæmilegan vinnudag, 7—8 tíma, geti fengið góða afkomu með því og hafi mikinn tíma afgangs til sinna hugðarefna, til sinna áhugamála, til sinna menningar- og félagsþarfa. Og um þetta átak ætti vissulega að vera hægt að skapa samstarf í þjóðfélaginu, bæði hjá vinnandi stéttum til sjávar og sveita og jafnvel skilning hjá atvinnurekendum, vegna þess að maður á satt að segja erfitt með að skilja, hvaða hagsmuni atvinnurekandi, ef hann hugsar um að lifa í tiltölulega stöðugu þjóðfélagi og ekki bara verðbólguþjóðfélagi, hefur af því að vilja endilega láta vinna 2—3 eftir- og næturvinnutíma á hverjum degi, sem hann borgar með tvöföldu kaupi, þar sem hann þó ekki einu sinni getur fengið eins mikið út úr verkamönnunum á þeim tveim tímum og hann fær með 8 tímum í staðinn fyrir 10—11, ef mönnunum er ekki ofþjakað.

Það er þess vegna, ef samstaða gæti orðið um að skapa slíka áætlun, þjóðin legðist á eitt um framkvæmd hennar, reisti sér svo hátt mark sem 10% aukningu þjóðarframleiðslunnar á ári og kæmi svo miklu réttlæti á hjá sér í þjóðfélaginu, að verkalýðurinn gæti bætt sín kjör um 7—8% á ári, þá mundi það þýða um leið að gerbreyta lífskjörunum. Við tölum oft um, að við hjökkum í sama farinu hvað kaupgetu tímakaupsins snertir, og það er rétt. En við skulum gera okkur grein fyrir því hins vegar, að það hafa verið unnin stórvirki með þessum gífurlega vinnuþrældómi, sem hér hefur verið framkvæmdur. Það þarf ekki nema líta hér á Reykjavík, sem á þessum 20 árum hefur verið meira en tvöfölduð hvað snertir ekki aðeins íbúatölu, heldur og húsbyggingar, og jafnvel meira en það: það eru íbúðarhús, sem mönnum hefðu þótt, líka jafnvel sjálfar verkamannaíbúðinar, lúxusíbúðir fyrir 30 árum. Ef hins vegar samstarf gæti náðst um að koma á að meira eða minna leyti áætlunarbúskap hér á Íslandi og leggja í einhverja svipaða áætlun og talað er um í þessu frv., 7. gr., þá veltur óskaplega mikið á því og máske allt, að það sé vísindalega rétt undirstaða fundin um aðferðirnar við þetta. Eins og getur nærri, er áætlunarbúskapur eða áætlunarráð eða hver slík áætlun ekki nema hið ytra form, sem beitt er. Spurningin, sem allt veltur á um, hvort þetta leiðir til raunverulegra lífskjarabóta og verður meira en hvert annað pappírsgagn eða þá misheppnaðar framkvæmdir, það er, að maður hafi lagt í þetta réttilega. Og þar verða menn aldrei of varkárir. Og til þess, — ef menn vildu taka þessa hluti alvarlega, eins og þeir verðskulda, — að Alþingi gæti nokkuð rætt um þetta, þá hef ég í 7. gr. lagt til, að Alþingi ákvæði höfuðatriðin í þróun næstu 10 ára, mælti fyrir við áætlunarráð, hvernig sú þróun skyldi vera, skipt í tvö 5 ára tímabil. Á fyrsta fimm ára tímabilinu legg ég til, að við byggjum algerlega á okkar gömlu atvinnuvegum, sjávarútveginum og landbúnaðinum, og leggjum höfuðáherzluna á að koma upp iðnaði á grundvelli beggja. Ástæðan til þess er, að áður en við færum að ráðast í t. d. stóriðju úr innfluttu efni, þá álít ég, að við þurfum að hafa notað þetta næsta fimm ára tímabil til rannsókna, til þess að afla sjálfum okkur þekkingar á þessu sviði. Við höfum allmikla þekkingu á sjávarútvegi og landbúnaði, og á grundvelli þeirra atvinnugreina getum við gert hluti, sem ég mundi ekki vera hræddur um að við gerðum neina vitleysu með. Þess vegna legg ég til, að þarna einbeitum við okkur að t. d. niðurlagningu í sambandi við síld og fisk, niðursuðu og öðru þess háttar. Og ég veit, að við þurfum ekkert gífurlega fjárfestingu í þetta. Við getum með einum 10—20 verksmiðjum í sambandi við sjávarútveginn margfaldað framleiðsluna, sem þarna er um að ræða. Ég hef látið gera allýtarlegar rannsóknir á þessu, og ég skal taka það hér fram, svo að maður taki það bara sem dæmi og það um ýmsa hluti, sem menn þekkja nú þegar vel, bæði viðvíkjandi síld, fiski, humar, laxi og öðru slíku, að það, sem í dag er útflutningsverðmæti fyrir okkur upp á um 6½ millj., það mundi með því að vera ýmist niðursoðið eða niðurlagt verða útflutningsverðmæti upp á um 43 millj. kr. Við

getum sex- til sjöfaldað útflutningsverðmæti þeirra vara í sjávarútveginum með því að meðhöndla þær öðruvísi, með því að fullvinna þær í stað þess að flytja þær út sem hráefni. Ég efast ekki um, að með þeim nýtízkuaðferðum, sem nú eru farnar að tíðkast í sambandi við laxaklakið og annað slíkt, getum við bókstaflega komið upp stórum búum í sambandi við laxaframleiðslu, sem að meira eða minna leyti mundi vera bæði í sambandi við sjávarútveg og landbúnað. Og hvað landbúnaðarvörurnar snertir, þá höfum við bara séð það á einu litlu sviði nú þegar, í sambandi við ullina, að það er hægðarleikur fyrir okkur að þre- til fjórfalda, kannske fimmfalda verðmæti ullarinnar með því að vinna úr henni allri saman innanlands. Við sjáum það líka á því sviði, sem við höfum helzt verið eitthvað nærri fiskiðnaði, eins og með hraðfrystingunni, að það er hægt að margfalda verðmæti fisksins, og alveg sérstaklega á þetta þó við um síldina, því að þar höfum við hagað okkur alveg eins og barbarar, hvernig við köstum henni í bræðslurnar í staðinn fyrir að vinna úr henni tvítugfalt og þrítugfalt dýrmætara efni? Ég held þess vegna, að á næstu fimm árum mundum við geta margfaldað verðmæti okkar framleiðslu með því að einbeita okkur að fullvinnslu á þessum gömlu afurðum okkar.

Á *þessum sama fimm ára tíma álít ég* svo að ætti að undirbúa síðara fimm ára tímabilið. Til þess að virkja hér stóra fossa, hvort heldur væri Þjórsá, Jökulsá eða annars staðar, þurfum við a. m. k. 4—5 ár, og á þeim tíma verðum við að gera okkur ljóst, í hvað við ætlum að leggja með stóriðju, sem við kæmum þar upp. Og satt að segja höfum við enn þá, Íslendingar, svo að segja ekkert gert að því að undirbúa þetta raunverulega. Við tölum um þessar miklu auðlindir, sem við eigum, við tölum um öðru hvoru, á einhverjum nefndarfundum eða kannske ríkisstjórnarfundum eða annars staðar, hvaða möguleikar þarna séu, en við höfum sjálfir ekki framkvæmt sjálfstætt neinar raunverulegar rannsóknir í þessu efni. Og mér finnst, að flestir, sem maður talar við um þessi efni, vaði raunverulega í villu og svíma um þetta, þess vegna komi í raun og veru upp sú hugmynd að kasta áhyggjunum upp á aðra, sem sé biðja bara aðra aðila um, hvort þeir vilji ekki taka þetta afl, sem við eigum, og hagnýta það og losa okkur við alla ábyrgð á því.

Ég er því miður enginn sérfræðingur í þessum efnum. Ég hef ofur lítið reynt að hugsa um þessi mál og nóg til þess a. m. k. að sjá, hver vandamál þau eru. Eitt sýnist mér nú þegar augljóst, að eitt af því, sem mikið var talað um hjá okkur fyrir nokkrum árum að reyna að vinna verulega að, að nota okkar rafmagn til áburðarframleiðslu, það sé ekki til að tala um, það sé svo ópraktískt. Þá hefur ákaflega mikið verið talað um alúmíníumframleiðslu. Ókosturinn við alúmíníumframleiðsluna er sá, að við verðum að flytja *ákaflega mikið hráefni inn hálfunnið, fullvinna* það hér og flytja það síðan út aftur. Og sjálfar verksmiðjurnar, sem þarna er um að ræða, eru gífurlega fjárfestingarfrekar. Ég skal ekki segja, að það sé neinn veg útilokað með alúmíníum, en erfitt er það fyrir okkur og sérstaklega erfitt fyrir okkur, ef við ætlum að reyna að gera það *sjálfir*.

Það hráefni, sem ég held að við ættum a. m. k. alvarlega að athuga, áður en við leggjum í önnur útlend hráefni til úrvinnslu, er olía. Sú grein, sem tekur mestum framförum í iðnaði veraldarinnar núna, er framleiðsla á plastefnum og öðru slíku, þessum undraefnum efnafræðinnar, sem gera það að verkum, að maður getur búið til úr hráefnum eins og olíu hluti, sem eru sterkari en stál eða aðrir málmar, og það, sem menn fyrir 20—30 árum unnu mestmegnis úr kolum eða öðru slíku, og það, sem stóru kemísku hringarnir í Þýzkalandi og annars staðar byggðu sitt mikla vald á, það er nú unnið úr sjálfri olíunni, með því að kljúfa olíuna og vinna þannig úr henni öll þessi nýtízku efni, plastið, nælonið og allt mögulegt slíkt. Þessi kemíski stóriðnaður væri fyrir okkur Íslendinga ákaflega vel athugandi. Hann þarf rafmagn, að vísu ekkert afskaplegt, hann þarf oft jarðhita eða hita, og af öllum þeim útlendu hráefnum, sem kæmi til mála að flytja inn, er olían tvímælalaust eitt það praktískasta fyrir okkur, einmitt vegna þess, hve auðvelt er að flytja hana inn og hve auðvelt er að dæla henni. Það er ekki nema eins manns verk að dæla olíu úr heilu skipi í þær verksmiðjur, þar sem olían síðan væri klofin, þannig að *við stöndum ákaflega þægilega að vígi til* slíks. Við flytjum olíu inn núna til þess að brenna henni. Einn frægur prófessor sagði nýlega, að það væri álíka barbarí að framleiða hita með því að brenna olíu eins og t. d. það væri líka hægt að framleiða hita með því að brenna peningaseðlum. Það, sem hefur gerzt í þessum efnum, eru slíkar byltingar í efnafræðinni, að þegar við ætlum, svona fáir eins og við erum og því miður vankunnandi á þessum sviðum, að fara að stjórna raunverulega sjálfir okkar efnahagslífi, allri okkar afkomu, þá þurfum við að hafa rannsakað þessa hluti. Við þurfum að hafa aflað okkur þekkingar á þessum hlutum, og við þurfum að sjá til þess, að við stöndum með þeim fremstu í heiminum til þess að afla okkur slíkrar þekkingar, vera óhræddir við að ná okkur í þá þekkingu, hvar sem hún er, hvort sem hún er í austri eða vestri, fá ráð sérfræðinga frá hinum ýmsu löndum, bera þau saman, tryggja okkur, að þeir sérfræðingar, sem kynnu að vera fulltrúar hringa og hafa hagsmuni sem slíkir, leiddu okkur ekki í neina villu, hefðum sjálfir þekkingu til að endurskoða þær upplýsingar og ráðleggingar, sem við fáum, gætum hagnýtt okkur líka mikið af þeirri sérþekkingu, sem Sameinuðu þjóðirnar hafa að bjóða í þessum efnum, og hefðum sjálfir líka framsýni til þess að ala sjálfir upp vísindamenn í þessu. Við verðum að gá að því, að þróunin er hröð á þessum tímum. Einn merkur brezkur vísindamaður, sem ég var nýlega að lesa eftir, skrifaði, að það mundu vart líða nema nokkrir áratugir, þangað til meiri hlutinn af starfandi mönnum, a. *m. k. með þeim þjóðum, sem framarlega stæðu*, væri vísindamenn. Það að stjórna sjálfri framleiðslunni, þekkja hana, hafa valdið á aðferðunum fer að verða aðalatriðið. Rétt eins og við nú höfum okkar litlu Sogsvirkjunarstöð upp frá sjálfvirka, þannig að mennirnir, sem þar eru að

fylgjast með, horfa bara á eitt lítið borð, fylgjast þar með vissum táknum, eins verður á næstu áratugum og er byrjað nú þegar víða að koma upp sjálfvirkum verksmiðjum, þar sem mennirnir bara hafa það hlutverk að vita hlutina, gera þá í krafti sinnar yfirburðaþekkingar og geta þannig framleitt margfalt meira en áður.

Við stöndum frammi fyrir gerbyltingu, miklu stórkostlegri en þeirri gömlu iðnaðarbyltingu, sem við einu sinni bárum svo mikla virðingu fyrir og máttum gera. Við stöndum hér vafalaust ekki aðeins frammi fyrir því að eiga eftir að rækta okkar land betur og uppskera af því, heldur líka að rækta okkar haf og vinna úr því efni. Við höfum ekkert nema fiskana úr því enn þá, og er þó dýrmætt. Hins vegar er gefið, að hafið sjálft er einhver stórkostlegasta hráefnalind, sem nokkur þjóð hefur aðgang að, líka hvað snertir að vinna öll þau föstu efni úr, sem notuð eru í stóriðju nútímans.

Það er þess vegna engum efa bundið, að það vinnandi fólk, sem fær hugmynd um allan þann undrakraft, sem felst í vísindum og þar með í framleiðslumöguleikum nútímans, það vinnandi fólk gerir kröfur til þess, að þessi þekking sé hagnýtt til þess að bæta kjör fólksins. Og sé að völdum yfirstétt, sem ber ekki skynbragð á þessa hluti, sem fylgist ekki með þessum hlutum, sem hagnýtir ekki þessa þekkingu mannkynsins, hlýtur sá dómur að verða kveðinn upp yfir henni af alþýðustéttunum, að hún hafi ekkert með það að gera að sitja við völd. Áminning vísindanna í dag er til allra stétta í þjóðfélaginu og ekki síður til þeirra, sem voldugir eru, að viðkomandi þjóðfélag — og í þessu tilfelli okkar íslenzka þjóðfélag — sé alltaf á tindi þekkingarinnar í þessum efnum, sé alltaf í broddi fylkingar í sókninni fram til meiri framleiðslu og réttlátari skiptingar. Og það, sem þetta frv. mitt miðar við, er að reyna að sameina krafta þjóðarinnar um það. Ég veit, að forsendur þess, að eitthvað svipað þessu væri framkvæmt, eru, að við höfum vit á að nota allar aðstæður okkar út á við til hins ýtrasta. Takist okkur að auka okkar framleiðslu eins og hér er gert ráð fyrir, þá þurfum við, af því að við framleiðum hlutfallslega meira til útflutnings en nokkur önnur þjóð í heiminum, að reyna að tryggja okkur sem allra mest að geta selt fyrir fram sem allra mest af þessum vörum, sem við framleiðum. Ekki aðeins gildir það um það, sem við framleiðum nú, heldur líka ef við á næsta tíu ára tímabili færum að framleiða stóriðjuvöru, þá er það lífsspursmál fyrir okkur, ef við ætlum að eiga þetta sjálfir, ráða þessu sjálfir og njóta þess sjálfir, að geta a. m. k. samið um að borga þau framleiðslutæki, sem við komum upp, og hráefnið, sem við kaupum fyrir fram, í slíkum vörum allan þann tíma, sem við erum að borga það. Það er engum efa bundið, eins og reynslan hefur áður sýnt okkur, að okkar viðskipti við sósíalistísku löndin eru svo að segja forsenda fyrir þessu.

Ég álít, að borgaraflokkarnir á Íslandi eigi ekki að reyna að skapa slíkan ótta við slík viðskipti eins og mikið hefur borið á í þeirra blöðum á undanförnum árum. 1958 höfum við þriðjunginn af okkar útflutningi til sósíalistísku landanna, og það sýnir sig, að með slíkum útflutningi getum við svo að segja alltaf tryggt fulla atvinnu hér heima. Eins og við berjumst með helminginn eða meiri hlutann af okkar útflutningi á þeim frjálsu mörkuðum auðvaldsskipulagsins, eins eigum við að hagnýta okkur það, ef við getum, að fá aðgang að öruggum mörkuðum sósíalistísku ríkjanna með fyrirframsamningum við þau.

Þá er líka annað, sem er forsenda fyrir því, að við njótum sjálfir gæðanna af slíkum framkvæmdum í atvinnulífinu. Það er, að þegar við leggjum í verulega stóriðju á Íslandi, þá knýjum við fram lága vexti af því fé, sem við tökum að láni erlendis. Ef við ætlum að virkja fossana á Íslandi og ætlum að leggja í stóriðju, t. d. á öðru fimm ára tímabili héðan í frá, ef við samþykktum þetta nú, og ef við ætlum að fara að borga 5—6—7% í vexti af fénu, sem fer í raforkuver hér heima, þá er það vonlaust fyrirtæki fyrir okkur, þá erum við aðeins að verða þrælar fyrir erlent stórkapítal. Við þurfum að knýja það fram, að vextir af því fé, sem við fáum þannig lánað, verði ekki meira en 2½%. Við vitum það, að við höfum áður getað fengið slík lán hjá Sovétríkjunum, og vitum það af reynslu þeirra þjóða, bæði í Afríku og annars staðar, sem hafa tekið slík lán, að þegar slík lán eru tekin þar austur frá, þá tekst venjulega að knýja fram álíka lág lán líka í vesturlöndum. En það að geta losnað við vaxtaþrældóminn er frumskilyrði, ef þjóðin á sjálf að uppskera ávextina af sínu erfiði, einkanlega þó ef hún verður að leggja í fyrirtæki, sem krefst mikils fjár. Og einkennin á fyrirtækjum nútímans, þeim fyrirtækjum, sem byggjast á vísindalegri framleiðslu, eru, að hlutfallið á milli þess fasta kapítals, þess fasta fjármagns, sem í þau fer, og milli vinnuaflsins við þau er þannig, að það vex í sífellu sá hluti, sem nemur fjármagninu, og minnkar í sífellu sá hluti, sem nemur vinnuaflinu. Ef þetta yrði rétt hagnýtt, endar þetta með því, að mannkynið losnar við þrældóm vinnunnar og getur látið vélar vinna meginið af störfunum fyrir sig. Þetta er þannig rétt þróun. En það, sem aðeins þarf að sjá til um leið, er, að á meðan fyrrum fátækar þjóðir, eins og okkar þjóð, eru að ryðja sér braut í atvinnulífinu, verði þær ekki arðrændar af þeim, sem fjármagnið eiga.

Þá er það enn fremur forsenda fyrir því, að við getum borið gæfu til þess að koma upp slíku góðu atvinnulífi, sem gefi okkar þjóð mikið í aðra hönd, að við leggjum áherzlu og það miklu, miklu meiri en við höfum gert á að afla okkur þekkingar, vera óhræddir við að gera það bæði í vestri og austri, gera það hjá þeim þjóðum, sem fremst standa í veröldinni í tæknilegum efnum nú, bæði í Bandaríkjunum og Sovétríkjunum, reyna að fylgjast með bezt með í því, velja til þess okkar færustu ungu menn og kosta þá beinlínis af ríkinu til þess að reyna að setja sig inn í leyndardóma, ekki síst efnafræðinnar og annarra tæknilegra vísinda, svo að við höfum í þjónustu íslenzka ríkisins á öllum tímum menn, sem vita það, sem hægt er að vita í þessum efnum í heiminum. Hraðinn í þróun hvers þjóðfélags fer einmitt að miklu leyti eftir því, hve miklu mannvali það hefur á að skipa í þess-

um efnum. Þróunin á því vísindalega mannvali í þjónustu þjóðfélagsins er e. t. v. ein allra þýðingarmesta forsendan í þessum efnum. Við getum staðið uppi eins og þekkingarlausir menn, orðið aftur úr öllum, ef við kappkostum ekki að reyna að sérmennta nægilega mikið af okkar efnilegustu mönnum í þessum efnum, jafnvel þótt við vitum ekkert, hvað við ætlum að gera við þá núna, jafnvel þó að ríkisstjórnin verði að segja við þá: Far þú og lær þú þetta og vertu á launum hjá ríkinu bara til að kunna þetta, — þá er sjálfsagt og nauðsynlegt fyrir okkur að gera þetta. Þekkingin á þessum sviðum er það, sem allt byggist á í þessum efnum. Þetta þýðir, að til þess að Ísland geti lyft því Grettistaki, sem mundi felast í því að leggja út í svona áætlun og framkvæma hana, þurfum við að hafa gott samstarf, ekki aðeins hér heima, eins og ég gat um, á milli stéttanna hér, heldur einnig út á við, á meðal þeirra voldugustu aðila í heiminum nú, bæði í austri og vestri, hætta þeim hleypidómum, sem hafa skaðað mikið núna, gagnvart sósíalistísku ríkjunum og slíkum menningarlegum og viðskiptalegum tengslum við þau.

Ég vildi mega óska þess, að hv. deild vildi athuga þetta frv. vel, að hv. fjhn. taki þetta frv. til rækilegrar athugunar, e. t. v. berast henni líka einhverjar till. frá hæstv. ríkisstjórn. En höfuðatriðið álít ég það vera, að tekin sé upp sú stefna að stjórna þjóðarbúskap Íslendinga með svona áætlunarráði, en viðhalda um leið öllum rekstrarformum, sem við nú höfum, eins og t. d. hlutafélaga, samvinnufélaga, ríkis og bæja, en reyna að sameina krafta okkar um að skapa þær miklu atvinnulegu framfarir, sem með slíku væri hægt að skapa, og á grundvelli þeirra réttlátari skiptingu þjóðarteknanna en nú er og betri skipulagningu. Þær hröðu framfarir, eins og ég gat um áður, ættu að geta orðið til þess, ef rétt væri á haldið, að tvöfalda þau lífskjör, sem íslenzka þjóðin nú býr við, á næstu tíu árum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjhn. með 25 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

29. Ríkisábyrgðir.

Á 37. fundi í Sþ., 21. febr., var útbýtt frá Nd:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 37 1961, um ríkisábyrgðir [153. mál] (þmfrv., A. 307).

Á 55. fundi í Nd., 26. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á s. l. ári voru afgreidd lög um ríkisábyrgðir. Í þeim lögum er gert ráð fyrir því, að sjálfskuldarábyrgð megi ríkið því aðeins veita, að það sé tekið fram í þeim lögum, er ábyrgðina heimila. Með þessu frv. er lagt til, að breyting verði gerð á lögunum um ríkisábyrgðir á þann veg, að þetta ákvæði nái ekki til sveitarfélaga. Það hefur sýnt sig, að það er mjög erfitt fyrir sveitarfélög að hagnýta sér ríkisábyrgðir vegna þessa ákvæðis laganna.

Þar sem þær ríkisábyrgðir, sem sveitarfélögin eiga aðgang að, eru í eldri lögum, þar er það ekki skilgreint, hvort um sjálfskuldarábyrgð er að ræða eða einfalda ábyrgð. Hins vegar hefur komið í ljós, að það er erfitt fyrir sveitarfélögin að fá aðila til þess að veita þeim lán með ábyrgð, þar sem ríkið hefur aðeins tekið að sér einfalda ábyrgð, svo sem augljóst er, þar sem það ákvæði laganna gerir ráð fyrir því, að að skuldara þurfi að ganga, áður en til ábyrgðar ríkisins komi. Hins vegar er það öllum ljóst, að að sveitarfélögum er í fæstum tilfellum hægt að ganga, svo að þessi almennu ákvæði eru þeim að litlu eða engu liði, eftir að lögin um ríkisábyrgðir komu til framkvæmda.

Nú er það ekki óeðlilegt, að sveitarfélög hafi hér annan og meiri rétt samkv. þessari grein en aðrir aðilar, vegna þess að ríkissjóður hefur betri og meiri möguleika til þess að endurheimta frá sveitarfélagi en einstaklingum áfallna ábyrgð. Í fyrsta lagi er þess að geta, að með lögunum um ríkisábyrgð hefur ríkissjóður skapað sér það mikinn rétt til þess að endurheimta ábyrgðir, að það ætti að vera nægileg trygging fyrir því, að í flestum tilfellum yrði hægt að endurheimta áfallna ábyrgð og það gæti aldrei orðið um verulega háar upphæðir að ræða, vegna þess að engum aðila má veita nýja ríkisábyrgð, nema hann hafi staðið í skilum við ríkissjóð eða samið um áfallnar ábyrgðir. En auk þess hefur svo ríkissjóður möguleika til þess að endurheimta hjá sveitarfélagi samkv. 5. gr. ríkisábyrgðarlaganna, þar sem hann hefur heimild til þess að taka til sín fjárveitingar, sem sveitarfélögunum eru ætlaðar í öðru skyni, þó að ekki séu þar til staðar reglur um almennan skuldajöfnuð. Þannig hefur ríkissjóður samkv. 5. gr. laganna um ríkisábyrgðir rétt til þess að taka til sín fjárveitingu vegna stofnkostnaðar skóla eða rekstrar skóla, sem sveitarfélagið ætti að fá, þó að á ríkissjóð hafi fallið ábyrgð vegna hafnargerðar. Þetta tryggir ríkissjóð betur gagnvart sveitarfélögunum en nokkrum öðrum aðila, þar sem hann getur í flestum tilfellum innheimt hjá sjálfum sér samkv. þessum lögum, ef hann vill beita því ákvæði. Af þeirri ástæðu er og meiri nauðsyn og meiri ástæða til þess, að sveitarfélög hafi rýmri rétt en einstaklingar og fyrirtæki, þar sem það hefur líka sýnt sig, að ákvæði eldri laga koma þeim að litlu liði, eftir að þessi lög komu til.

Það er því í hæsta máta sanngjarnt og réttlátt, að þessi breyting verði gerð á lögunum um ríkisábyrgðir, að ríkissjóður megi ganga í sjálfskuldarábyrgð fyrir sveitarfélög, þó að þetta ákvæði laganna nái til annarra aðila. Þar með væri tryggt, að sú aðstoð við uppbyggingu í sveitarfélögum, sem eldri lög, eins og lög um vatnsveitur og fleiri sameiginlegar framkvæmdir, gerðu ráð fyrir að ríkissjóður veitti, yrði aftur að liði. Það er þeim mun meiri ástæða til þess, þar sem ríkissjóður hefur betri möguleika til að

innheimta hjá sveitarfélögunum nú en áður og heldur en hjá öðrum aðilum, því að það er sjaldgæft, að einstaklingar eða fyrirtæki fái fjárveitingar frá ríkissjóði, sem sveitarfélögin fá almennt.

Af þessum tveimur meginástæðum höfum við hv. 4. þm. Sunnl. (BFB) leyft okkur að flytja frv. á þskj. 307, þar sem við leggjum til, að þessu verði breytt sveitarfélögunum í hag. Það er trú okkar og von, að hv. alþm. geti fallizt á þessa breytingu, sem er svo mjög eðlileg, eins og ég hef nú gert grein fyrir.

Ég legg svo til, herra forseti, að þegar þessari umr. er lokið, verði málinu vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjhn. með 21 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

30. Söluskattur.

Á 69. fundi í Nd., 19. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt [188. mál] (þmfrv., A. 411).

Á 70. fundi í Nd., 20. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Daníel Ágústínusson): Hæstv. forseti. Ég hef leyft mér að flytja frv. á þskj. 411 um breyt. á l. nr. 10 frá 22. marz 1960, um söluskatt. Samhljóða frv. flutti ég á hæstv. Alþingi í fyrra, en það varð eigi útrætt.

Það er tilgangur með frv. þessu að benda á nokkra augljósa galla, sem komið hafa í ljós við framkvæmd laganna um hinn almenna söluskatt frá 1960. Þessi atriði snerta einungis starfsemi og þjónustu, en ekki þann kafla laganna, sem fjallar um viðskipti. Ég hef valið þann kostinn að taka fá atriði, í von um, að um þau næðist fullt samkomulag, enda stefna þessi atriði að því að draga heldur úr óvinsældum söluskattsins, og hélt ég satt að segja, að hv. stjórnarsinnum hér á Alþingi ætti að vera það nokkurt áhugamál. Hér er ekki um þær fjárhæðir að ræða, að skipti verulegu máli fyrir ríkissjóð eða þá ógnarlegu skattheimtu, sem söluskatturinn nú er orðinn, bæði í innflutningi og annarri verzlun og þjónustustarfsemi hvers konar. En þróunin í þjóðfélaginu tvö síðustu árin hefur farið hratt í þá átt að létta af beinum sköttum og leggja á neyzluskatta, sem lenda þyngst á barnafjölskyldum. Byrðunum er þannig létt af breiðu bökunum og lagðar á þau veikari. Það er þessi tilfærsla, sem nú er að gerast í þjóðfélaginu, en út í það ætla ég ekki að fara lengra í sambandi við mál það, sem hér liggur fyrir.

Tveggja ára reynsla hefur leitt það í ljós, að þau viðbótarundanþáguákvæði í 7. gr. l. um söluskatt, sem hér er lagt til að tekin verði upp, eru eðlileg og sjálfsögð, og það hefur jafnvel komið í ljós, að sumir stuðningsmenn söluskattsins á þinginu 1960 töldu, að ýmis þau atriði, sem hér eru tekin upp, hefðu átt að lenda í undanþágu samkvæmt ákvörðun ráðherra, en í niðurlagi 7. gr. l. um söluskatt segir: „Ráðherra kveður nánar á um það, hvað fellur undir undanþáguákvæði þessarar greinar og næstu greinar hér á undan.“ Er enn fremur átt við undanþáguákvæði 6. gr., sem fjallar um viðskipti eða sölu á vörum og verðmætum. Með leiðbeiningum þeim, sem ráðherra hefur gefið út handa skattheimtumönnum sínum, er í ýmsum atriðum seilzt lengra en lögin ætlast til, eins og ég vík að síðar. Slíkt er vitanlega alveg óviðunandi.

Skal ég næst víkja að breytingunum, sem skipa má niður í fjögur aðalatriði.

1) Lagt er til, að vinna með skurðgröfum, jarðvinnsluvélum og hvers konar vegagerðarvélum sé undanþegin söluskatti. Samkvæmt 7. gr. l. er vinna við húsbyggingar og aðra mannvirkjagerð, svo og vinna við endurbætur og viðhald slíkra mannvirkja, undanþegin söluskatti. Það virðist því mjög eðlilegt, að ræktunarframkvæmdir bænda, hvort sem um er að ræða skurðgröft eða jarðvinnslu, séu ekki síður undanþegnar söluskatti. Það á hvergi að viðgangast, að bændur séu skattlagðir fyrir það að rækta jörðina, enda hefur Alþingi áður með setningu jarðræktarlaganna viðurkennt, að starfsemi þessa beri að styrkja með ríflegum greiðslum úr ríkissjóði, þar sem hér er um dýrar framkvæmdir að ræða, sem unnar eru fyrir langa framtíð. Í leiðbeiningum ráðh. segir hins vegar: „Búnaðarfélög og ræktunarsambönd eru söluskattsskyld af allri seldri vinnu og hliðstæðri starfsemi.“ Þetta er svo skýrt enn nánar í nefndum leiðbeiningum. Það fer því ekkert á milli mála, að nefnd starfsemi er af ráðh. úrskurðuð söluskattsskyld. Ég tel þetta alveg fráleitt og trúi ekki öðru en hæstv. alþm. séu mér nokkuð almennt sammála um það, að slík skattheimta sé með öllu óeðlileg. Búnaðarfélög og ræktunarsambönd eru form fyrir samhjálp og samstarf bænda til að ná meiri og betri árangri en hver einstaklingur getur gert. Sama máli gegnir um vegagerðarvélar. Skattlagning á þær er ekkert annað en skerðing á fjárveitingum til vegamála, og er það þeim mun fráleitara, þegar hér er einkum um framkvæmdir að ræða, sem kostaðar eru af ríkisfé, og er alltaf brýn nauðsyn á enn meiri framkvæmdum og enn meira fé. Það er því alveg óskiljanlegt, hvernig það er til komið að gera vegagerð ríkisins að tekjustofni, eins og lögin gera ráð fyrir.

2) Samkvæmt 7. gr. l. um söluskatt er vinna við skipaviðgerðir og flugvélaviðgerðir undanþegin söluskatti. Það er eðlilegt, að sama gildi um landbúnaðarvélar, sama hverrar tegundar er, og vegagerðarvélar, svo að aðalatvinnuvegum þjóðarinnar sé ekki mismunað. Með frv. er lagt til, að úr misræmi þessu verði bætt. Með auknum vélakosti landbúnaðarins hefur sú orðið þróunin hin síðari ár, að búnaðarfélög og ræktunarsambönd hafa stofnsett viðgerðarverkstæði eða gerzt aðilar að þeim. Vinna, sem á verkstæðum þessum er unnin fyrir bændur, er framkvæmd á raunverulegu kostnaðarverði. Það er með öllu

óeðlilegt að skattleggja þetta samhjálparstarf íslenzkra bænda, frekar en verkstæði, sem einstakir bændur settu upp til viðhalds eigin vélakosti.

3) Rekstur sjúkrahúsa er undanþeginn söluskatti samkvæmt 7. gr. l. Hins vegar fá skattheimtumenn ríkisins þau fyrirmæli, að þvottahús bæjar- og sveitarfélaga og annarra opinberra aðila, þar með talin þvottahús sjúkrahúsa, séu söluskattsskyld af allri starfsemi sinni. Með leiðbeiningum þessum verður ekki betur séð en gengið sé lengra í framkvæmdinni en lögin mæla fyrir um. Þvottur er snar þáttur í rekstri allra sjúkrahúsa og jafnnauðsynlegur mat, meðulum og skurðaðgerðum. Það þarf því talsverða hugkvæmni til að taka hann einan út úr starfsemi sjúkrahúsanna og gera hann að tekjustofni fyrir ríkissjóð. Manni verður að spyrja, hvort þetta sé gert til að þóknast þeim einstaklingum, sem reka þvottahús, — eða hver er tilgangurinn? Þessi innheimtuaðferð er því fráleitari, þegar þess er gætt, að flestöll sjúkrahús landsins eru rekin með miklum halla og njóta þar að auki daggjalda frá ríkissjóði. Það er því ákaflega fráleitt, að slíkur rekstur geti orðið tekjustofn fyrir ríkissjóð.

Sama máli gegnir um þvottahús bæjar- og sveitarfélaga og samvinnuþvottahús. Það eru engin rök, sem mæla með því, að þessi starfsemi sé skattlögð til ríkissjóðs frekar en farið yrði út á þá braut að leggja gjald á heimilisþvottavélar í landinu. Sameiginleg þvottahús margra heimila með öflugum og fjölbreyttum vélakosti við heita staði, þar sem því verður við komið, eru bæði fyrir einstaklingana og þjóðarheildina skynsamleg og heppileg ráðstöfun, sem hefur margvíslegan sparnað í för með sér. Þessi samhjálp um rekstur heimilanna má því aldrei verða tekjustofn fyrir ríkissjóð.

4) Samkomuhald er söluskattsskylt samkv. lögunum og leiðbeiningum ráðh. Ég hef með frv. þessu leyft mér að leggja til, að eftirfarandi undanþága verði veitt: Samkomur ungmennafélaga, íþróttafélaga, kvenfélaga, skátafélaga, bindindisfélaga og annarra menningarfélaga, enn fremur allar samkomur annarra aðila, sem haldnar eru til ágóða fyrir líknar- og menningarstarfsemi. Öll framangreind félög eiga það sameiginlegt að vanta fé til starfsemi sinnar og berjast í bökkum fjárhagslega, enda njóta þau mörg opinberra styrkja. Það er því ástæðulaust fyrir ríkissjóð að reyta af tekjum þeim, sem samkomuhald getur veitt með ærinni fyrirhöfn. Oft er alls ekki um neinn hagnað að ræða og jafnvel tap, en samt skal söluskattur lagður á alla selda aðgöngumiða samkv. lögunum. Og svo langt er gengið að leggja söluskatt á samkomur, þótt engin aðgöngumiðasala fari fram. Í sambandi við skemmtisamkomur er margt annað, sem fellur undir söluskatt, t. d. veitingasala, akstur o. fl., svo að öll skynsamleg rök mæla með því, að sleppt sé söluskatti af seldum aðgöngumiðum af þeim aðilum, er að framan greinir.

Að lokum vil ég draga saman það, sem er meginatriði frv.: 1) Að vinna með skurðgröfum, jarðvinnsluvélum og hvers konar vegagerðarvélum verði undanþegin söluskatti. 2) Að viðgerðir á tækjum þessum séu ekki söluskattsskyldar frekar en viðgerðir á skipum og flugvélum. 3) Að þvottahús sjúkrahúsa, bæjar- og sveitarfélaga og samvinnuþvottahús verði undanþegin söluskatti, enda er rekstur sjúkrahúsa það nú í lögum. 4) Að samkomur tiltekinna félaga og samkomur haldnar til ágóða fyrir líknar- og menningarstarfsemi verði ekki söluskattsskyldar.

Eins og áður er tekið fram, er hér um að ræða fá og einföld atriði, nánast að sníða af augljósa vankanta, sem reynslan hefur ótvírætt leitt í ljós. Hér er ekki um að ræða tekjuskerðingu fyrir ríkissjóð, sem skiptir hann verulegu máli, og innheimtan á þeim atriðum flestum, sem hér er lagt til að njóti undanþágunnar, er seinleg og erfið.

Þá skal þess getið að búnaðarþing hefur bæði nú í vetur og í fyrravetur gert samþykktir um þau atriði í þessu frv., sem snerta landbúnaðinn, og skorað á hæstv. Alþ. að samþykkja þau.

Ég vænti því, að Alþ. telji breytingar þær, sem í frv. felast, sanngjarnar og eðlilegar eftir þá reynslu, sem fengin er.

Að lokinni þessari umr. legg ég til, að frv. verði vísað til 2. umr. og fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

31. Tollskrá o. fl.

Á 44. fundi í Sþ., 21. marz, var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 90 25. nóv. 1954, um tollskrá o. fl. [194. mál] (þmfrv., A. 438).

Á 71. fundi í Nd., 22. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Daníel Ágústínusson): Hæstv. forseti. Ég hef leyft mér að flytja frv. á þskj. 438 um breyt. á l. nr. 90 frá 25. nóv. 1954, um tollskrá o. fl. Frv. er um það, að í 77. kafla tollskrárinnar komi sú aths., að fjmrn. sé heimilt að fella niður aðflutningsgjöld af sýningarvélum fyrir kvikmyndir, sem fluttar eru inn af félagsheimilum í sveitum eða kauptúnum með 500 íbúa eða færri, þó ekki nema af einni vél í hvern stað. Frv. er byggt á þörf hinna nýju og myndarlegu félagsheimila að eignast tæki til þess að gera starfsemina fjölbreyttari og þeirri algeru sérstöðu í hinum fámennu byggðarlögum, þar sem kvikmyndahúsrekstur getur aldrei orðið arðvænlegur.

Það er mjög um það rætt, að menningargildi hinna nýju félagsheimila, svo stór og glæsileg sem þau eru, sé ekki í hlutfalli við þann kostnað, sem í þau hefur verið lagður. Ég skal ekki fullyrða, hvað hæft er í þessu, en það er vitanlega augljóst mál og ættu allir að geta verið um það sammála, að það er ekki nóg að byggja glæsileg

hús, það verður einnig að hlutast til um, að starfsemin í þessum húsum hafi menningarlegt og félagslegt gildi fyrir viðkomandi byggðarlög.

Í sambandi við kvikmyndasýningar í félagsheimilunum, þá mun einkum hafa verið um að ræða hinar svonefndu 16 mm fræðslukvikmyndir, sem einstakir menn hafa ferðazt með um landið, og félagsheimilin sjálf hafa eignazt litlar sýningarvélar og getað sýnt slíkar myndir og annað ekki. Fólkið í hinum fámennari byggðarlögum hefur þess vegna yfirleitt ekki átt þess kost að sjá hinar algengu kvikmyndir, 35 mm kvikmyndir, í sinni heimabyggð, og hefur orðið að fara lengra til þess að sækja sér þá fræðslu og skemmtun, sem þær veita, og það er af þeirri einföldu ástæðu, að þessar kvikmyndasýningarvélar hafa verið ákaflega dýrar og fólkið fátt og enginn hagnaður af kvikmyndarekstrinum og því óhugsandi, að hin fámennu byggðarlög geti staðið undir slíkum kaupum, enda kemur það skýrt í ljós, að 35 mm kvikmyndavélar eru eingöngu til í hinum þéttbýlustu hlutum landsins.

Í öllum kaupstöðum landsins eru starfandi kvikmyndahús, eitt eða fleiri. Kauptún landsins teljast rúmlega 62, þar af eru aðeins 18 þeirra og vitanlega þau fjölmennustu, sem eiga 35 mm sýningarvélar, en 44 kauptún njóta þeirra ekki. Í 52 sveitarfélögum, þar sem eigi eru nein kauptún, eru hvergi til 35 mm sýningarvélar, að undanteknu einu, sem komizt hefur yfir gamlar vélar af sérstökum ástæðum. Þetta segir vitanlega sína sögu. Tæki þessi eru hvergi keypt, nema þar sem mannfjöldinn er svo mikill, að reksturinn verði arðvænlegur. Í flestum sveitum og hinum smærri þorpum með 500 íbúa eða færri getur ekki verið um venjulegan kvikmyndahúsrekstur að ræða.

Það má því segja, að rúmlega 1/4 hluti þjóðarinnar, sem nú býr í þeim byggðum, er ekki hafa eignazt 35 mm sýningarvélar, hafi enga möguleika til að eignast þær að óbreyttum aðstæðum. Í þessum byggðum búa 46 þús. menn og fara að mestu á mis við þá skemmtun og fræðslu, sem góðar kvikmyndir geta veitt. Sá þrándur, sem hér er í götu, er fyrst og fremst kaupverð vélanna. Og það er ekki von til þess, að þær verði keyptar að óbreyttu verðlagi á þeim. Sýningarvélar, sem hér er um að ræða, kosta í innkaupi með sýningartjaldi og öðrum nauðsynlegum útbúnaði rúmlega £1000, sem verður í íslenzkum krónum með núverandi gengi rúmlega 121 þús. kr. Til viðbótar fob-verði þessara véla kemur verðtollur 50%, sem gerir 60800 kr., tollstöðva- og byggingarsjóðsgjald, sem gerir 1260 kr., innflutningssöluskattur, sem er 16.5%, gerir 30100 kr., og viðskiptasöluskattur 3.3%, sem gerir 7054 kr. Kaupverð vélanna verður þá með þessum aðflutningsgjöldum og söluskatti 220804 kr., og það er áreiðanlega hærri upphæð en svo, að líklegt sé, að fámenn byggðarlög rísi undir kaupunum á svo dýrum sýningarvélum.

Þess skal þó getið, að á s. l. hausti var samþ. hér á Alþingi nokkur breyting á þessum kafla tollskrárinnar, þannig að verðtollur á sýningarvélum var lækkaður úr 90% niður í 50% og 16.5% innflutningsgjald var fellt niður. Við þessa breytingu varð veruleg lækkun á þessum innflutningi, sem vert er að meta og virða, en gengur bara ekki nógu langt, og í þessu tilfelli er ekki tekið tillit til þeirrar geysilegu sérstöðu, sem hin fámennari byggðarlög hafa í þessu sambandi.

Með þessu frv., ef að lögum verður, er ekki gefið neitt nýtt fordæmi, sem gæti verið hættulegt. Í lögum um tollskrá er að finna heimild fyrir fjmrn. til að veita undanþágu fyrir hljóðfæri í skóla, kirkjuhljóðfæri, hljómplötur með verkum íslenzkra höfunda og sitthvað fleira. Tel ég vafalaust, að undanþáguákvæði þessi hafi mjög stuðlað að því, að fátækir skólar og fámennir söfnuðir hafi eignazt hljóðfæri til mikillar ánægju og menningarauka, sem annars hefðu aldrei verið keypt. Það er því mjög sanngjarnt og eðlilegt, að þessum þætti sé bætt við undanþáguákvæði í tollskránni, ef það gæti stuðlað að því, að kvikmyndirnar næðu með því móti til allrar þjóðarinnar. Fyrir ríkissjóð verður þetta ekki tekjurýrnun, því að engar líkur eru til þess, að hin fámennu byggðarlög, sem gert er ráð fyrir að njóti undanþágunnar, hafi minnstu möguleika til að eignast sýningarvélar þessar við því verði, sem nú er á þeim, eftir að aðflutningsgjöldin hafa bætzt við. Tekjur af rekstri þeirra yrðu alltaf sáralitlar í hinum fámennu byggðarlögum, eins og áður hefur verið drepið á.

Með samþykkt þessa frv. er stuðlað að því, að notagildi hinna mörgu og myndarlegu félagsheimila víðs vegar um landið verði stóraukið og rúmlega fjórðungi þjóðarinnar auðveldað að njóta kvikmynda á borð við aðra þegna þjóðfélagsins.

Að lokinni þessari umr. legg ég til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn. deildarinnar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjhn. með 24 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

32. Félagsheimili.

Á 74. fundi í Nd., 26. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 77 5. júní 1947, um félagsheimili [201. mál] (þmfrv., A. 479).

Á 79. fundi í Nd., 29. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Það fer ekki á milli mála, að með framkvæmd laganna um félagsheimili var stigið heilladrjúgt spor, sem hefur haft mikla þýðingu fyrir dreifbýlið og bætt og aukið aðstöðu þess til félagslegs og sameiginlegs menningarlegs starfs.

Þegar lögin um félagsheimili tóku gildi, var algengt, að í sveitum landsins væru fundarhúsin lítil, gömul og léleg og á allan hátt óvistleg og úr sér gengin, — hús, sem um aldamót höfðu

verið þakksamlega þegin, en samsvörðuðu ekki lengur kröfum timans um þægindi né aðra aðstöðu. Og þótt enn sé skortur á, að í öllum sveitarfélögum landsins sé hér bót á ráðin, þá hefur þó í skjóli félagsheimilalaganna orðið mikil breyting til batnaðar í þessu efni. Mörg glæsileg og vel búin félagsheimili hafa á seinni árum risið upp, þar sem hvers konar menningar- og hagsmunasamtök byggðarlaganna hafa fengið viðunandi aðstöðu, auk þess sem fólkinu eru þar veittir möguleikar til ýmiss konar mannfagnaðar.

Í stórum dráttum má segja, að félagsheimilunum megi skipta í þrjá stærðarflokka, og munu flest húsin teljast undir miðflokkinn. Húsin í minnsta stærðarflokknum eru ekki mörg, enda ekki við hæfi nema allra smæstu sveitarfélaga. Yfirleitt mun heimaþörfin hafa ráðið mestu um stærð félagsheimilanna. En í fjölbyggðum héruðum, þar sem sveitarfélög eru og svo hagar til, að auðvelt er vegna góðra samgangna og annarra aðstæðna að fá utansveitarfólk til að sækja skemmtanir, sem haldnar eru í félagsheimili hlutaðeigandi sveitar, hefur sums staðar verið brugðið á það ráð að hafa húsin svo stór, að þau gætu hýst auk hreppsbúa fleira eða færra utansveitarfólk. En segja má, að ef mörg slík hús eru byggð í sama héraði, geti hlotizt af nokkur vandkvæði. Húsin verða dýrari og því erfiðara en ella að láta reksturinn bera sig, og afleiðingin getur orðið m. a. óæskileg samkeppni um skemmtanahald, án þess þó að rekstrargrundvöllurinn fáist viðunandi, ef mörg hús í sama héraði eiga hlut að máli. Segja má því, að í slíkum tilfellum séu húsin ekki af heppilegri stærð, óþarflega stór fyrir hlutaðeigandi sveitarfélag, en of lítil til að geta tekið á viðunandi hátt á móti héraðsbúum, þegar þeir vilja stofna til sameiginlegs mannfagnaðar.

Með hliðsjón af þessari reynslu og af fleiri ástæðum hefur á undanförnum árum nokkuð verið unnið að því í sumum héruðum landsins og einnig af stjórn félagsheimilasjóðs að mynda samtök allra sveitarfélaga innan hlutaðeigandi héraðs um byggingu sameiginlegs heimilis, héraðsheimilis, sem væri um stærð og búnað við hæfi alls héraðsins, gæti verið sameiginleg menningar- og samstarfsstöð fyrir það. Og þess er þá að sjálfsögðu gætt, að slíkt héraðsheimili sé þar staðsett, sem bezt hentar til sóknar öllum héraðsbúum. Samhliða er svo fyrirhugað, að óbyggð félagsheimili sveitanna innan héraðsins séu aðeins reist með þörf sveitarfélaganna fyrir augum.

Ég tel, að hér sé um merkilegt mál að ræða, sem stefnir að meiri hagkvæmni um byggingu félagsheimila og afnot. Það hefur verið reiknað út af fróðum mönnum, að ef í 10 hreppa héraði væri byggt eitt sameiginlegt héraðsheimili af þeirri stærð, sem fullnægir þörfum héraðsins, og síðan byggðu sveitarfélögin sér félagsheimili miðað við eigin þörf, mætti spara mikið í stofnkostnaði og þannig létta á hreppsfélögunum og félagsheimilasjóði. Þetta er auðvitað mikilsvert atriði. En á það ber ekki síður að líta, að íbúar flestra eða allra sveitarfélaga innanhéraðs, þótt búsettir séu í hinum ýmsu hreppum, eiga sameiginleg ótalmörg og þýðingarmikil hagsmunamál, bæði í félags- og menningarmálum. Það ber því mikla nauðsyn til þess, að til sé í héraðinu samkomuhús, sem þeir geta allir átt aðgang að til fundarhalda og mannfagnaðar. Það er því augljóst mál, hversu æskilegt það er fyrir héraðsbúa að geta sameiginlega haft möguleika til að njóta t. d. þeirra beztu skemmtikrafta innanhéraðs og utan, sem á boðstólum eru, t. d. í leik- og hljómlist og öðru því, sem til menningar- og gleðiauka getur orðið. Og reynslan hefur sýnt, að í fæstum tilfellum geta hin einstöku félagsheimili sveitanna veitt í þessu efni viðunandi aðstöðu. Veldur þar um, að þau eru sjaldnast nógu stór eða heppilega staðsett til slíkra nota.

Ég skal nú víkja að meginástæðunum fyrir því, að við þm. Austf. í þessari hv. þd. höfum leyft okkur að bera fram það frv., sem hér er til umr., og þær meginástæður eru um leið gott almennt dæmi um nauðsyn þess, að slíkt ákvæði verði lögfest. Fljótsdalshéraði er skipt í 10 sveitarfélög. Þau eiga, eins og að líkum lætur, mörg sameiginleg hagsmunamál, og er Egilsstaðakauptún miðstöð þeirra í öllu slíku, enda liggur það miðsvæðis og þar mætast allar samgönguæðar héraðsins. Á þessum stað eru staðsett öll aðalfélagsmálasamtök héraðsins, bæði í verzlun, landbúnaði og iðnaði, að því leyti sem vísir að honum er kominn á fót. Í sumum efnum ná þessi heildarsamtök yfir stærra svæði en Fljótsdalshérað, og nefni ég þar til Búnaðarsamband Austurlands. En öll félagssamtökin eiga við þá sameiginlegu erfiðleika að stríða, að þau eru algerlega á hrakhólum með fundarstað og annað, sem slíku tilheyrir. Öll 10 sveitarfélögin á Fljótsdalshéraði hafa því bundizt samtökum um að reisa sameiginlegt héraðsheimili að Egilsstöðum og skapa þannig viðunandi aðstöðu fyrir félagsmálasamtök héraðsins, auk þess sem þá verður mögulegt ýmislegt annað, sem til gagns má horfa. Þar er þeim vísi, sem til er nú að minjasafni Austurlands, ætlað að vera til húsa og ætlað þar til meiri vaxtar og meiri afnota fyrir fólkið, og þar ættu líka að skapast skilyrði fyrir sameiginlegt bókasafn héraðsins. Hér er því um framkvæmd að ræða, sem varðar Fljótsdalshérað allt, bæði í nútíð og framtíð. Héraðsbúum er ljóst, að þeir taka á sig miklar fjárhagslegar byrðar með því að ráðast í byggingu þessa héraðsheimilis, en þeir treysta því, að umbeðin breyting fáist á félagsheimilalögunum og að þannig verði lítils háttar léttur þunginn í þessu máli.

Ég gat þess, að það væri álit fróðra manna, að hægt eigi að vera að koma við verulegum sparnaði í stofnkostnaði, ef um byggingu félagsheimila í stóru héraði er að ræða, með því að byggja eitt sameiginlegt héraðsheimili og síðan byggi hlutaðeigandi sveitarfélög sín félagsheimili þannig, að þau séu aðeins miðuð við heimaþörf.

Vera má, að einhverjir vilji því álykta sem svo, að ef þetta er rétt, þá sé enginn aukinn vandi á höndum í þessu efni. En málið er ekki svo einfalt. Veldur þar mestu um, að við byggingu héraðsheimilis verður ekki hægt að styðjast við þegnskylduvinnu einstaklinga né fjárframlög félaga hinna einstöku sveita. Allir slíkir möguleikar eru eðlilega fullnýttir heima fyrir

við byggingu félagsheimilanna þar, og er þó öllu til skila haldið, að til hrökkvi. Sveitarfélögin, sem standa að byggingu héraðsheimilis, hafa því ekki önnur úrræði til að afla þess fjár, sem þeim ber að leggja af mörkum til héraðsheimilis, en að taka það með útsvörum, en víðast munu slíkar álögur þykja nú þegar fullþungar, en þó verður svo að vera, að hér komi slíkar álögur til. Það verður því að teljast eðlilegt, að hið opinbera mildi svolítið þessar óhjákvæmilegu álögur á fólkið, ekki sízt ef rétt má teljast, að þessi aðferð leiði til fjármunalegs sparnaðar fyrir heildina og þar á meðal fyrir félagsheimilasjóð og með þessu fyrirkomulagi náist enn betur það markmið, sem stefnt er að í heild með félagsheimilalögunum.

Aðalatriðið í tillögum okkar þm. Austf. er, að félagsheimilasjóði sé heimilað að greiða allt að 50% af stofnkostnaði héraðsheimilis, ef innanhéraðssamtök eru mynduð um að byggja slíkt heimili og að samtökunum standa minnst 80% af sveitarfélögum héraðsins, en aldrei færri en þrjú. Þá leyfum við okkur einnig að leggja til, að síðasta málsgr. 2. gr. félagsheimilalaganna falli niður, en þar er fram tekið, að ef félagsheimili nýtur sérstaks byggingarstyrks frá ríkissjóði, skuli þó sá styrkur og framlag félagsheimilasjóðs aldrei nema meira samtals en 40% af byggingarkostnaði. Þetta ákvæði hefur reynzt í nokkrum tilfellum óheppilegt. Það hefur komið fyrir, að ríkið hefur séð sér hag í að öðlast viss réttindi í félagsheimilum, og veit ég þess dæmi, að það hefur með sérstöku fjárframlagi tryggt barna- og unglingaskóla frambúðarrétt til leikfimikennslu innan félagsheimilis og sparað þannig byggingu leikfimihúss. Þótt umrætt ákvæði sé fellt niður, veldur það ekki neinum auknum fjárhagslegum byrðum fyrir félagsheimilasjóð, en opnar aðeins eðlilega leið fyrir hið opinbera til samninga, þegar það telur sér slíkt hagkvæmt.

Ég held, að það sé ekki ástæða til að hafa um þessa till. okkar fleiri orð, en vil að lokum bæta því við, að ég vænti þess, að hv. þingdeild taki málinu með skilningi og velvilja og afgreiðslu í nefnd verði hraðað svo, að það geti fengið fullnaðarafgreiðslu á þessu þingi. Að lokinni þessari umr. legg ég til, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

Daniel Ágústínusson: Herra forseti. Þar sem ég hef haft nokkur afskipti af málefnum félagsheimilanna undanfarin ár, þykir mér hlýða að minnast hér nokkuð á fjárhagsafkomu félagsheimilasjóðs í sambandi við frv. það, sem hér liggur fyrir, þar sem um er að ræða breytingar á lögum um félagsheimili, er auka nokkuð greiðsluskyldu sjóðsins frá því, sem verið hefur.

Í stuttu máli má segja, að fjárhagur félagsheimilasjóðs hefur versnað mjög hin síðustu árin, og ber þar tvennt til: stóraukinn byggingarkostnaður og skemmtanaskatturinn hefur lítið sem ekkert vaxið. Félagsheimilum, sem styrks njóta, hefur farið fjölgandi með hverju árinu sem líður, þar sem áhugi manna víðs vegar um landið á byggingu félagsheimila hefur verið mjög mikill og stuðningur ríkisvaldsins eða félagsheimilasjóðs hefur örvað til mikilla framkvæmda, sem ánægjulegt má teljast. Við síðustu áramót var vangreidd þátttaka félagsheimilasjóðs við um 70 félagsheimili, sem áttu eftir að fá gerðan upp sinn hluta frá félagsheimilasjóði, um 14.4 millj. 1960 var þessi upphæð 10.9 millj., 1959 7.6 millj., 1958 5.5 millj. og 1957 4.8 millj. Þetta gefur hv. alþm. nokkrar upplýsingar um það, hvernig hagur sjóðsins hefur versnað ár frá ári, og má segja, að síðustu tvö árin hefur hagurinn versnað sem nemur 4—5 millj. Um síðustu áramót voru í smíðum 49 félagsheimili, en eftir var að gera upp við 21 félagsheimili, sem var fullokið, eða 70 félagsheimili alls, sem félagsheimilasjóður á eftir að greiða þátttöku sína til.

Um skemmtanaskattinn, en 50% af honum eiga að ganga til félagsheimilasjóðs til þess að standa straum af byggingu félagsheimila, er allt aðra sögu að segja. Skemmtanaskatturinn 1948, þ. e. a. s. 50% af honum, sem gekk til félagsheimilasjóðs, var 1239000 kr., en 1958 var sá hluti skemmtanaskattsins 3.2 millj., 1959 hækkar hann upp í 3.5 millj., 1960 lækkar hann í 3462000, og 1961 er hann svipaður. Þetta sýnir, að þróunin í sambandi við skemmtanaskattinn er að snúast við, hefur náð hámarki 1959 í 3.5 millj., þ. e. a. s. 50% af skemmtanaskattinum, minnkar nokkuð 1960, en stendur í stað 1961. Þetta er mjög iskyggileg þróun fyrir þessi mál. Ef allt hefði verið eðlilegt, átti skemmtanaskatturinn á þessum síðustu árum að aukast verulega, eins og hann gerði fyrir 1958, vegna þess að skemmtistöðum hefur fjölgað jafnt og þétt og um verulega fólksfjölgun er að ræða í landinu. En reyndin er orðin sú, að aðgangseyrir er víða felldur niður, einkum í Reykjavík, og veitingastaðirnir eða skemmtistaðirnir taka aðgangseyrinn í gegnum ýmislegt annað, t. d. hækkaðar veitingar, spilakort og fatagjald.

Skemmtanaskattur hefur verið nokkuð svipað hlutfall af aðgangseyri um mörg undanfarin ár, þar til 1957, þá var bætt við svonefndu miðagjaldi, 2 kr. á hvern miða, og 1960 var bætt við söluskatti 3%, sem gerir kr. 1.50—2.00 á miða, við því verði, sem aðgöngumiðar hafa verið seldir. Aðgöngumiða að dansleik mun vera mjög algengt að selja á 60 kr., og þá er hann skattlagður á eftirfarandi hátt: 2 kr. miðagjald, 1.80 kr. söluskattur og 13.51 kr. hinn raunverulegi skemmtanaskattur, sem gengur til félagsheimilasjóðs og þjóðleikhússins. Þetta verða kr. 17.31, sem nálgast 30% af aðgöngumiða, sem verðlagður er á 60 kr. Ég tel, að miðagjald það, sem lögleitt var fyrir nokkrum árum, hafi verið óheillaspor, og ég tel einnig, að það hafi verið óheillaspor að leggja söluskatt á aðgangseyri, og þessi 4 kr. hækkun á 60 kr. miða hefur áreiðanlega orðið til þess, að samkomuhúsaeigendur smeygja sér fram hjá því að selja aðgöngumiða, en fara ýmsar aðrar leiðir til þess að ná inn þeim fjármunum, sem þar er um að ræða, til þess að komast hjá að greiða skemmtanaskattinn. Það má öllu ofbjóða, og ég hygg, að þessi hækkun, sem gerð hefur verið nú á síðustu árum, eigi nokkurn þátt, svo að ekki sé meira sagt, í því, að þróunin hefur orðið sú að hætta að selja aðgöngumiða, skemmtanaskatturinn stórrýrnar og það er mjög líklegt, ef ekkert verður

að gert, að skemmtanaskatturinn hækki ekki, og þá er sá stuðningur, sem reiknað er með að félagsheimilin og þjóðleikhúsið geti notið af þessari tekjuöflun, í verulegri hættu með vaxandi dýrtíð.

Ég er ekki með þessu að mæla gegn frv. því, sem hér hefur verið lagt fram, það hefur ýmsa kosti í för með sér og er sanngirnismál að ýmsu leyti. En ég tel rétt og óhjákvæmilegt, þegar slíkar till. eru fluttar og farið er fram á, að félagsheimilasjóður auki fjárveitingu sína til vissra framkvæmda, að skýra frá þessum staðreyndum, sem ég tel að séu hinar iskyggilegustu fyrir þá merkilegu starfsemi, sem byggzt hefur á skemmtanaskattinum á undanförnum árum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 80. fundi í Nd., 30. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til menntmn. með 23 shlj. atkv.

Á 90. og 91. fundi í Nd., 12. og 13. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 479, n. 727).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

33. Siglufjarðarvegur.

Á 81. fundi í Nd., 2. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um lántöku vegna Siglufjarðarvegar ytri (Strákavegar) [211. mál] (þmfrv., A. 548).

Á 82. fundi í Nd., 3. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 84. fundi í Nd., 5. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 548, um lántöku vegna Siglufjarðarvegar ytri, er borið fram af þm. úr Norðurlandskjördæmi vestra. Við flytjum þetta frv. eftir áskorun frá bæjarstjórn Siglufjarðar. Á fundi bæjarstjórnarinnar 22. marz nú í vetur var samþykkt ályktun, þar sem skorað var á þm. Norðurlandskjördæmis vestra að flytja frv. um útvegun nægjanlegs fjármagns til þess að grafa jarðgöng gegnum Stráka og ljúka Siglufjarðarvegi ytri á næstu tveim árum. Við leggjum til í 1. gr. frv., að ríkisstj. verði heimilað að taka lán allt að 15 millj. kr. til þess að greiða kostnað við lagningu vegarins, og verði við það miðað, að vegagerðinni verði lokið á árinu 1964. Til þess er ætlazt samkv. 2. gr. frv., að lán, sem tekið verður í þessu skyni, verði endurgreitt af árlegum fjárveitingum til vegarins á fjárlögum, eftir að vegagerðinni er lokið. Nýjasta kostnaðaráætlun um þennan veg er frá því í marz 1960 eða um það bil tveggja ára gömul. Þá áætlaði vegamálastjóri, að kostnaður við vegagerð frá Heljartröð til Siglufjarðar yrði um 15.1 millj. Af þeim kostnaði er allt að því 70% kostnaður við að gera jarðgöngin. Þessi áætlun hefur ekki verið endurskoðuð nú, en vitað er, að vegagerðarkostnaður hefur aukizt síðan, og þrátt fyrir það, þó að nokkurt fé hafi verið veitt til vegarins þessi árin, settum við í frv. allt að 15 millj. kr. lánsheimild, því að gera má ráð fyrir því, að tæplega verði komizt af með minni fjárhæð til að ljúka þessari vegagerð.

Eins og ég gat um, er aðalverkið við þennan veg að gera göng í gegnum fjallið Stráka. Það er kostnaðarsamasta framkvæmdin við vegargerðina. Til þess að gera göngin þarf fullkomin og dýr tæki, og það verk, sem þarf að vinna með þeim, er ekki hægt að vinna í áföngum. Það þarf að halda viðstöðulaust áfram, eftir að byrjað er á því verki. Vegamálastjóri telur, að þessu megi ljúka á einu ári, ef fé er fyrir hendi, og það hlýtur að verða framkvæmt þannig, að það verði gert í einu átaki. Þess vegna er nauðsynlegt að taka lán til þessa verks. Fregnir hafa borizt af því, að nýlega hafi verið tekið lán til vegagerðar á öðrum stað á landinu, og má segja, að það sé því ekki nýmæli hér á ferð að leggja til, að tekið verði lán til Siglufjarðarvegar. Þar er að sjálfsögðu um nauðsynlega framkvæmd að ræða, þ. e. a. s. þá vegagerð, sem lán hefur nú fyrir skömmu verið tekið til, en þó má benda á það, að þar er vegur fyrir, sem fær er allt árið. Hins vegar er svo um Siglufjarðarkaupstað, að íbúar þar eru vegarsambandslausir mikinn meiri hluta ársins og vegurinn yfir Siglufjarðarskarð erfiður þá fáu mánuði ár hvert, sem hann er fær.

Á Siglufirði er mikill atvinnurekstur, sem kunnugt er. Íbúatala þar er eitthvað yfir hálft þriðja þúsund. Það er mjög mikið nauðsynjamál fyrir það fólk, sem þar býr, að komast í öruggt samband við þjóðvegakerfi landsins, og það er einnig hagsmunamál nálægra byggðarlaga og fleiri landsmanna margra en þeirra, sem búa á Siglufirði eða í Skagafirði.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að fylgja þessu úr hlaði með fleiri orðum. Ég vil leyfa mér að leggja til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. samgmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 85. fundi í Nd., 6. apríl, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv. og til samgmn. með 28 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

34. Búnaðarmálasjóður.

Á 81. fundi í Nd., 2. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. febr. 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs [213. mál] (þmfrv., A. 566).

Á 82., 83. og 84. fundi í Nd., 3., 4. og 5. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 87. fundi í Nd., 9. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.

Jón Pálmason: Herra forseti. Þetta frv. er flutt af hv. landbn. eftir ósk stjórnar Búnaðarfélags Íslands, en allir hv. nm. hafa áskilið sér rétt til hvaða afstöðu sem vera skyldi um fylgi við þetta mál. Ég vil taka það fram, að þetta frv. var flutt, áður en ég kom í hv. landbn. að þessu sinni, og eins og kunnugt er, hef ég frá upphafi vega verið andvígur þessu máli, en ætla ekkert að fara að ræða það efnislega nú. En vil fara fram á það við hæstv. forseta, að það verði ekki tekið á dagskrá til 2. umr., fyrr en hv. landbn. hefur tekið það til athugunar og skilað um það einhverju áliti.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 88. og 91. fundi í Nd., 10. og 13. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

35. Stuðningur við togaraútgerð.

Á 82. fundi í Nd., 3. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um sérstakan stuðning við þau togaraútgerðarfyrirtæki, sem skortir hráefni til fiskvinnslustöðva sinna vegna aflabrests togaranna og siglinga á erlenda markaði [214. mál] (þmfrv., A. 581).

Á 84. fundi í Nd., 5. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 33 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Forseti tók málið af dagskrá, og á sömu leið fór á 85. fundi í Nd., 6. apríl.

Á 88. fundi í Nd., 10. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Geir Gunnarsson): Háttv. forseti. Um nokkurt skeið hefur legið við borð, að togaraútgerð á Íslandi stöðvaðist með öllu vegna hallarekstrar. Einstakir togarar hafa helzt úr lestinni og þeim skipum stöðugt fækkað, sem samfellt hafa stundað veiðar. Reikningar togarafyrirtækja fyrir árið 1960 sýna yfirleitt gífurlegt tap, og allar líkur eru til, að afkoma s. l. ár sé ekki betri. Það hefur því um skeið verið ljóst, að yrði ekki að gert annað og meir en að greidd væru vátryggingariðgjöld flotans, eins og gert hefur verið, gæti ekki annað blasað við en alger stöðvun togaraflotans. Þrátt fyrir þennan gífurlega taprekstur togaranna hafa flestir, sem um mál togaraútgerðarinnar fjalla, verið þeirrar skoðunar, að útgerð togaranna bæri að halda áfram, þar sem ósýnt væri, að um varanlegan aflabrest sé að ræða. Margir hafa því enn um skeið viljað líta svo á, að um tímabundna erfiðleika væri að ræða og vegna framlags togaraútgerðarinnar til þeirrar uppbyggingar atvinnulífs á Íslandi, sem öll þjóðin nýtur, beri að gera þjóðfélagslegar ráðstafanir til þess að fleyta útgerðinni yfir þá erfiðleika, sem menn vænta að séu tímabundnir. Þessi skoðun á gildi togaraútgerðarinnar og rétti hennar til aðstoðar var mjög almennt og greinilega staðfest hér á hv. Alþ. fyrir skömmu við umr. um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Um alllangt skeið hefur verið beðið eftir því, að gerðar yrðu ráðstafanir til bjargar, en að frátöldum greiðslum vátryggingariðgjalda hefur ekki verið að gert fyrr en nú, að fyrir hv. Alþ. liggur frv. til laga um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, þar sem gert er ráð fyrir aðstoð við togaraútgerðina í þrengingum hennar.

Of lengi hefur dregizt að gera ráðstafanir til aðstoðar, og af þeim drætti hefur togaraútgerðin hlotið tjón. Að vísu hefur um skeið verið vitað, að aðstoð mundi koma til, og vonin um þá aðstoð hefur gert útgerðarfyrirtækjum léttara um að verða sér úti um stundarhjálp og hjara, en vegna þess dráttar, sem á hefur verið, hafa þau orðið fyrir ýmsum útgjöldum, vaxtakostnaði og innheimtukostnaði, auk þess sem á togarana hafa verið lagðar auknar greiðsluskyldur, á meðan dróst að veita þeim þá aðstoð, sem þarf.

Það er nú sýnt, á hvern veg sú aðstoð er, sem togurunum er ætluð með væntanlegum lögum um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, þar sem frv. um það mál hefur nú verið afgr. óbreytt frá þessari hv. d. Sú aðstoð bætir vissulega úr skák og er togurunum mikils virði, en er að mínum dómi of naum, en í þessu efni nægir ekki aðeins að auðvelda fyrirtækjunum reksturinn frá því, sem verið hefur, heldur verður beinlínis að gera þeim hann kleifan.

Fulltrúar Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda, sem komu á fund sjútvn. þessarar hv. d., töldu, að sú aðstoð, sem togurunum er ætluð með væntanlegum lögum um aflatryggingasjóð, þyrfti að vera tvöfalt hærri, til þess að hún dygði. Sú skoðun þessara aðila hefur ekki verið rökstudd frekar eða meir en gert hefur verið varðandi þá upphæð, sem gert er ráð fyrir í frv. um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, og er því erfitt að gera þar upp á milli. Samkvæmt þeim reikningum togarafyrirtækja, sem ég hef séð fyrir árið 1960, og með hliðsjón af því, að s. l. ár virðist ekki hafa verið hagkvæmara, tel ég, að sú aðstoð, sem nú hefur verið gert ráð fyrir að veita togaraútgerðinni, sé of naum og þyrfti að vera meiri.

Ýmsar fleiri leiðir til úrbóta, aðrar en beinar fjárgreiðslur til togaranna, koma vitaskuld til greina, og hefur í því sambandi m. a. verið bent á aðgerðir til lækkunar á útgerðarkostnaði, t. d. vaxtagjöldum, olíukostnaði o. fl. Vaxtagreiðslur útgerðarinnar eru orðnar svo gífurlegar, að með lækkun vaxta væri hægt að draga verulega úr gjöldum, án þess þó að það dugi eitt til.

Ég get nefnt sem dæmi úr reikningum togarafyrirtækis, að árið 1958 greiddi það í vinnulaun 18.4 millj. og í vexti 3.4 millj., en árið 1960 greiddi það í laun 19.4 millj. kr., en í vexti 6.6

millj. Á sama tíma og launagreiðslur hækkuðu þannig um 1 millj. kr. eða um 5.5%, hækkuðu vextir um 94.1%. Hér hafði auk vaxtahækkunar komið til meiri fjárfesting, en vegna aflabrests togaranna og siglinga á erlendan markað var lítil breyting á heildargreiðslu vinnulauna.

Tilgangslaust er þó vegna stefnu núv. ríkisstj. í vaxtamálum að benda á vaxtalækkun sem leið til úrbóta fyrir togaraútgerðina. Í því efni fæst engu hnikað enn, þótt undan kunni að verða látið, áður en lýkur.

Ég hef því með því frv., sem hér liggur fyrir, leyft mér að benda á enn eina leið til aðstoðar við þau togaraútgerðarfyrirtæki, sem verst eru sett, þannig að veittur verði sérstakur stuðningur þeim togarafyrirtækjum, sem skortir hráefni til fiskvinnslustöðva sinna vegna aflabrests togaranna og siglinga á erlendan markað, með því móti, að fyrirtækjunum verði gert kleift að eignast fiskibáta. Ég hef talið, að sú aðstoð til togaranna, sem felst í frv. til laga um aflatryggingasjóð, sé of naum og engan veginn fullnægjandi þeim togarafyrirtækjum, sem verst eru sett, en það eru einmitt þau fyrirtæki, sem sitja uppi með nýleg fiskiðjuver, hráefnisvana og starfslaus að miklu leyti. Með frv. þessu legg ég því til, að þeim sé veitt sérstök aðstoð, — aðstoð, sem þó er einungis fólgin í fyrirgreiðslu ríkisins að því er varðar lántöku og ríkisábyrgð og stuðlar að aukinni nýtingu fjármagns, sem togarafyrirtækin hafa þegar bundið í vinnslustöðvunum.

Í kjölfar þeirra ára, þegar löndunarbann var á fiski í Englandi og hugur landsmanna beindist að því að fullvinna allan sjávarafla hérlendis, komu ýmis togarafyrirtæki sér upp miklum og vönduðum frystihúsum. En sú hefur orðið raunin á, að síðan þau voru fyrst tekin í notkun, hefur afli togaranna minnkað með ári hverju og siglingar á erlendan markað aukizt jafnframt, svo að þessi stórvirku fiskiðjuver eru starfslítil og hið gífurlega fjármagn, sem í þau hefur verið lagt, er algerlega vannýtt.

Ýmsar skýringar aðrar en minnkandi fiskigengd eru til á aflarýrnuninni hjá togaraflotanum. Veldur m. a. þar miklu, að togurum við veiðar hefur fækkað vegna taprekstrar og að þeir hafa neyðzt til þess af sömu sökum að stunda siglingar á erlendan markað, þannig að veiðidögum hefur stórlega fækkað.

Vitaskuld mætti segja, að einfaldasta ráðið fyrir þau togarafyrirtæki, sem skortir hráefni til fiskvinnslustöðva vinna, væri að hætta að láta togarana sigla á erlendan markað og leggja hann heldur hér á land. Eins og sakir standa og getu þessara fyrirtækja er háttað, og með tilliti til launakjara sjómanna, vaxtakostnaðar, fiskverðs á erlendum markaði miðað við afurðaverð til frystihúsanna o. fl. atriða tel ég, að þessum fyrirtækjum sé að óbreyttu mjög illa fært að fella niður siglingarnar. Þær eru neyðarúrræði, sem þessi fyrirtæki hafa orðið að grípa til og eiga mjög óhægt um að fella niður, því miður. Til þess að svo geti orðið, þarf ýmislegt að koma til. Fyrir fjárvana fyrirtæki ræður hér miklu, hversu auðveldara er að koma því skipi aftur út í veiðiferð, sem landað hefur á erlendum markaði, en hinu, sem landað hefur hér heima. Auk þess er naumast við því að búast, að sjómenn fáist til þess að stunda veiðar á togurunum með heimalöndunum, nema bætt verði kjör þeirra.

Hverjar sem menn vilja telja orsakirnar til stórminnkandi aflamagns togaraflotans, hafa afleiðingar þess, hversu stórum hefur minnkað sá afli, sem togararnir hafa lagt á land hérlendis, orðið þær, að hinar dýru og fullkomnu fiskvinnslustöðvar togarafyrirtækjanna hefur skort hráefni og verið starfslitlar, og verkafólk, sem vinnur við fyrirtækin, orðið að búa við stopula og ótrygga vinnu og borið skarðan hlut frá borði. Þó er þessum fyrirtækjum ekkert nauðsynlegra en að hafa til taks starfhæft og vant fólk, þegar afli berst til vinnslu. En naumast er við því að búast, að þessi fyrirtæki geti tryggt sér starfsfólk, þegar á þarf að halda, ef ekki er hægt að veita starfsfólkinu stöðuga vinnu. Þótt fundnar væru með vissu allar orsakir minnkandi aflamagns togaranna, svo að allir væru sammála um öll þau atriði, er að því lúta, þá er það lítil hjálp því fólki, sem stopula vinnu hefur haft vegna hins minnkandi aflamagns, sem á land hefur borizt frá togurunum. Raunhæfar aðgerðir til úrbóta þurfa að koma til.

Útkoman á rekstri vinnslustöðva togaranna hefur orðið þeim mun óhagstæðari sem hér er um að ræða nýlega fjárfestingu með hárri vaxtabyrði, yfirleitt mun dýrari að því leyti en eldri frystihúsin. En það, sem hin nýju hafa fram yfir hin eldri í fullkomnari tækjum, betri skipulagningu og öðru, nýtist ekki vegna verkefnaskorts. Mér telst svo til, að afkastageta frystihúsa í eigu togarafyrirtækja sé samtals um 550 tonn af hráefni á dag, og fjárfesting, sem bundin hefur verið í þeim, miðað við núverandi verðlag, sé eigi minni en 175 millj. kr. Samanlagður vaxtakostnaður af þeirri fjárhæð gæti því numið um 14 millj. kr. á ári, miðað við 8% vexti, og fyrningar af frystihúsum og tækjum mætti áætla að nemi álíka hárri fjárhæð, þannig að vextirnir og afskriftir af frystihúsum togarafyrirtækjanna gætu samkvæmt þessu numið tæpum 30 millj. kr. á ári. Hér er því mikið í húfi fyrir alla þjóðina, að þessi nýlegu framleiðslutæki séu hagnýtt til hins ýtrasta. En reyndin hefur orðið sú, að þessi fyrirtæki, sem ættu að geta orðið togarafyrirtækjunum til öflugs stuðnings, hafa í mörgum tilfellum ekki orðið til þess að bæta rekstrarafkomu fyrirtækjanna svo sem skyldi og jafnvel orðið til að auka rekstrartapið.

Fiskvinnslustöðvar togarafyrirtækjanna hafa orðið að byggja starfsemi sína nær eingöngu á togarafiski, og ef athugaður er hluti togarafisks af öllum afla flotans, kemur í ljós, að árið 1958 nam togarafiskur 39% af öllum afla, árið 1959 28%, árið 1960 22% og árið 1961 aðeins 11% af öllum afla landsmanna. Auk þess hefur jafnt og þétt farið minnkandi sá hluti togarafisksins, sem lagður er á land innanlands, svo að hlutur fiskvinnslustöðva togarafyrirtækjanna, þ. á m. frystihúsanna, hefur rýrnað enn meir en heildaraflamagnið eitt segir til um. Minnkandi afli togaranna stafar m. a. af því, að minna af aflanum er lagt á land og mikill hluti af úthaldsdögum togaranna fer í siglingar.

Árið 1958 var 94% af afla togaranna unnið

innanlands, árið 1959 92%, árið 1960 77%, og árið 1961 66%. Munurinn á því aflamagni togarafisks, sem lagt var á land hér á landi árið 1958 og hins vegar árið 1961, er gífurlegur, enda var árið 1958 mikil karfaveiði við Nýfundnaland. Það ár var lagt á land hérlendis af togarafiski 188 þús. tonn, árið 1959 143 þús. tonn, árið 1960 88 þús. tonn, en árið 1961 aðeins 45 þús. tonn. Sé athugað, hversu mikið hefur verið lagt á land til frystingar af togarafiski, en það segir nokkuð til um verkefni frystihúsa togarafyrirtækjanna, og haft til samanburðar það magn af bátafiski, sem lagt hefur verið á land til frystingar á sama tíma, kemur í ljós, að árið 1958 var bátafiskur til frystingar 114 þús. tonn, en togarafiskur 143 þús. tonn — ívið meiri. Árið 1959 var bátafiskur 124 þús. tonn, en togarafiskur 112 þús. tonn. Árið 1960 var bátafiskur 137 þús. tonn, en togarafiskur 62 þús. tonn. Og árið 1961 var bátafiskur til frystingar 116 þús. tonn, en togarafiskur 28 þús. tonn. Á sama tíma og magn bátafisks til frystingar vex úr 114 þús. tonnum í 116 þús. tonn minnkar magn togarafisks til frystingar úr 143 þús. tonnum í 28 þús. tonn. Hluti togarafisks af þeim heildarafla, sem lagður hefur verið á land til frystingar, hefur s. l. fjögur ár verið þannig hlutfallslega: árið 1958 55% af öllum fiski til frystingar, árið 1959 47%, árið 1960 31% og árið 1961 20%.

Að þessu athuguðu ætti hverjum manni að vera ljóst, hver áhrif þessi þróun hefur haft á afkomu þeirra frystihúsa, sem togarafyrirtækin hafa byggt upp á síðustu árum, að ekki sé talað um, hver áhrif þessi þróun hefur haft á atvinnuöryggi þess verkafólks, sem starfað hefur við frystihúsin eða aðrar fiskvinnslustöðvar togarafyrirtækjanna. Þar á ofan kemur svo þjóðhagslegt tap af vannýtingu þess gífurlega fjármagns, sem í fiskiðjuverin hefur verið lagt. Það er hverjum manni sýnilegt, að á ýmsum stöðum á landinu, þar sem svo illa er komið rekstri fiskvinnslustöðva togaraútgerðarfyrirtækjanna, væri hægt að bæta mjög hag þeirra með því að fá til báta, sem legðu þar upp afla sinn til vinnslu. Vegna taprekstrar á togurunum undanfarin ár er þessum fyrirtækjum þó um megn að afla sér þeirra báta, er hér þyrfti til. Hentugir bátar kosta líklega um 8 millj. kr. hver, þannig að til viðbótar láni úr fiskveiðasjóði þyrftu fyrirtækin sjálf að leggja fram 2—2½ millj. kr. eftir því, hvort báturinn er byggður hér á landi eða erlendis. Þrátt fyrir þá aðstoð, sem togaraútgerðinni verður veitt með væntanlegum lögum um aflatryggingasjóð, tel ég, að þeim, sem mest þurfa bátanna við, sé um megn að festa kaup á þeim án sérstakrar aðstoðar. Það fjármagn, sem togurunum er ætlað með aðstoðinni, liggur áreiðanlega ekki á lausu og er þegar ráðstafað. Ég hef ekki heldur trú á því, að til nokkurs sé fyrir togarafyrirtækin að leita til bankanna um lán til bátakaupa. Þess vegna hef ég með frv. því, sem hér liggur fyrir, lagt til, að ríkisstj. sé heimilað að taka lán, allt að 35 millj. kr., til þess að framlána til kaupa á nýjum fiskibátum þeim togarafyrirtækjum, sem skortir hráefni til vinnslustöðva sinna vegna aflabrests togaranna og siglinga þeirra á erlendan markað. Auk þess verði ríkisstj. heimilað að veita sömu aðilum ríkisábyrgð á lán, samtals að upphæð 20 millj. kr., vegna bátakaupanna. Fyrirgreiðslan gagnvart togarafyrirtækjunum yrði á þann veg, svo sem fram kemur í 3. gr. frv., að samanlögð lán úr fiskveiðasjóði og lán veitt með þeirri aðstoð, sem frv. gerir ráð fyrir, mættu nema allt að 90% af kaupverði hvers báts og ríkisábyrgð væri heimilt að veita fyrir eftirstöðvunum. Sú upphæð, sem hér er lagt til að ríkisstj. verði heimilað að taka að láni og framlána í þessu skyni, 35 millj. kr., ætti að duga til aðstoðar við kaup á 20—30 fiskibátum eftir því, hvort um væri að ræða smíðar innanlands eða utan. Ég tel, að þrátt fyrir að ríkisstjórnarflokkarnir telji sig ekki geta fallizt á hærri fjárstyrki til rekstrar togaranna en frv. um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins gerir ráð fyrir né heldur á vaxtalækkun eða lækkun á öðrum útgerðarkostnaði, þá ætti sú afstaða ekki að þurfa að koma í veg fyrir, að fallizt verði á að styðja með lánveitingum og ríkisábyrgðum þau togarafyrirtæki, sem auk rekstrartaps togaranna vegna hráefnaskorts og fjárhagsörðugleika eiga við að etja rekstrartap á fullkomnustu fiskiðjuverum á landinu, — hráefnaskorts, sem bæta mætti úr með því að veita þessum fyrirtækjum þá aðstoð, sem hér er lagt til, til þess að þau geti aflað sér nýrra og hentugra fiskibáta. Sú upphæð, sem hér er lagt til að ríkisstj. verði heimilað að taka að láni í þessu skyni, 35 millj. kr., er svipuð upphæð og vextir og afskriftir frystihúsa togarafyrirtækjanna nema á einu ári. Ég tel, að þeirri upphæð væri vel varið og togarafyrirtækin ættu auðveldara með eftir en áður að standa undir rekstri togaranna. Þótt svo kynni að fara, að rekstrarhættir togaranna breytist og þegar fram líða stundir leggi þeir afla sinn á land í ríkara mæli en nú, þá koma þeir bátar, sem hér er lagt til að togarafyrirtækjunum verði gert kleift að kaupa, eftir sem áður að miklu gagni fyrir frystihús togarafyrirtækjanna og fylla í ýmsar eyður í rekstri frystihúsanna, sem óhjákvæmilegt er að myndist.

Sú aðstoð, sem hér er lagt til að sé veitt togarafyrirtækjum þeim, sem verst eru stödd vegna hráefnaskorts fiskvinnslustöðvanna, er vitaskuld ekki lausn á því vandamáli, sem rekstur togaranna sjálfra er og kann að verða enn um sinn. En með þessum hætti væri unnt að gera mörgum togarafyrirtækjum auðveldara að bera þau áföll, sem af aflaleysi togaranna leiðir, og stuðla að því, að minna fjármagn þurfi í beina styrki til þeirra í einni eða annarri mynd.

Með þeirri aðstoð, sem hér er lagt til að togarafyrirtækjum verði veitt, yrði gert þrennt í senn: Í fyrsta lagi yrði tryggð betri og jafnari fjárhagsleg afkoma þess verkafólks, sem um alllangt skeið hefur búið við stopula vinnu vegna hráefnaskorts fiskvinnslustöðva togaranna. Í öðru lagi yrði bætt rekstrarafkoma þeirra togarafyrirtækja, sem eiga fiskvinnslustöðvar, sem hafa verið vannýttar vegna hráefnisskorts. Og í þriðja lagi er þjóðhagslega hagkvæmt að nýta betur en verið hefur þær fiskvinnslustöðvar, sem varið hefur verið tugum og hundruðum millj. kr. til að reisa á undanförnum árum. Ég tel því, að hv. alþm. ættu að gefa þessu máli þann gaum, sem vert er, og styðja samþykkt þessa frv.

Herra forseti. Ég legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 90. fundi í Nd., 12. apríl, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjhn. með 24 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

36. Bústofnsaukning og vélakaup.

Á 3. fundi í Ed., 13. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um stuðning við bændur til bústofnsaukningar og vélakaupa [29. mál] (þmfrv., A. 29).

Á 5. fundi í Ed., 19. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Frv. það á þskj. 29, sem liggur hér fyrir til 1. umr., var einnig flutt á síðasta Alþ., en fékkst þá ekki afgreitt. Flm. hefur þótt rétt að leggja það fram hér aftur, enda fjallar það um aðkallandi nauðsynjamál, sem varla verður daufheyrzt við til lengdar. Frv. fylgir allýtarleg grg., sem ég vænti að hv. þdm. hafi kynnt sér, og get ég af þeirri sök verið fáorðari í þessari framsöguræðu minni en ella.

Frv. fjallar um stuðning við þá bændur, sem lakasta aðstöðu hafa, frumbýlinga og fátæka bændur. Sá stuðningur er fólginn í hagstæðum lánum eða jafnvel í undantekningartilfellum beinum styrk til bústofnsaukningar, vélakaupa og til greiðslu þungbærra lausaskulda. Er með frv. stefnt að því að létta undir með þeim bændum og bændaefnum, sem erfiðasta aðstöðu hafa til búrekstrar og sérstaklega hafa orðið fyrir þungum búsifjum vegna efnahagsmálastefnu þeirrar, sem fylgt hefur verið í tíð núv. hæstv. ríkisstj. Það er stefnt að því að greiða fyrir og ýta undir bústofnsaukningu hjá frumbýlingum og ungum bændum og öðrum þeim bændum, sem hafa allt of lítinn bústofn og geta af þeim sökum alls ekki notið neitt sambærilegra kjara við aðra bændur, er betur eru settir. Það er stefnt að því að greiða fyrir búvélakaupum þeirra bænda, sem enn vantar nauðsynlegar vélar. Og það er stefnt að því að greiða fyrir því, að bændur með óbærilegar lausaskuldir geti fengið hagstæð lán eða stuðning til þess að geta haldið búrekstri áfram. Frv. gerir ráð fyrir því, að sett sé á fót föst stofnun, sjóður, til þess að annast þann stuðning og þá fyrirgreiðslu, sem fjallað er þar um. Um efni frv. skal ég annars taka þetta fram:

Samkv. 1. gr. frv. skal stofna sérstakan sjóð, sem nefnist bústofnslánasjóður. Hlutverk hans er að veita frumbýlingum og efnalitlum bændum lán eða styrk til bústofnsaukningar, vélakaupa og til greiðslu bráðabirgðalána og lausaskulda, eftir því sem nánar segir í lögunum.

Um stofnfé sjóðsins eru fyrirmæli í 2. gr. frv. Skal það vera 50 millj. Þar af er gert ráð fyrir því, að 20 millj. kr. séu óafturkræft framlag ríkissjóðs, sem greiða skal sjóðnum á næstu 4 árum, 5 millj. kr. framlag á ári, en hins vegar er gert ráð fyrir því, að 30 millj. kr. séu fengnar að láni gegn ríkisábyrgð. Okkur flm. þessa frv. er að sjálfsögðu ljóst, að vel getur svo farið — og raunar má segja kannske eins og nú horfir fyrirsjáanlegt, að fé það, sem sjóðnum er hér ætlað, muni ekki reynast nægilegt. En við höfum á þessu stigi ekki talið ástæðu til að breyta þeirri upphæð, sem við settum í frv. í fyrra, að þessu leyti, en að sjálfsögðu verður þá síðar að bæta við fé sjóðsins, eftir því sem ástæður leyfa og reynslan sýnir að þörf er á.

Í 3. gr. frv. eru nánari fyrirmæli um það, hverjum bústofnslánasjóður getur veitt lán.

Í 4. gr. frv. eru rakin skilyrði fyrir lánveitingum, og sé ég ekki ástæðu til að rekja þau hér, en vísa til frv.

Í 5. gr. eru ákvæði um það, gegn hvaða tryggingum lán megi veita. Eru þau ákvæði nokkru frjálslegri eða rýmri, ef svo má segja, en venjulegast er um lán hjá lánastofnunum, m. a. er gert ráð fyrir því, að lána megi út á vélar eða verkfæri og bústofn, sem sé þessar eignir, sem ég nefndi, geti verið veðhæfar í sambandi við þessi lán. Enn fremur er gert ráð fyrir því, að ábyrgð ábyrgðarmanna eða sveitarsjóðs geti verið nægileg trygging, en í þessu atriði er einmitt fólgið mikið hagræði fyrir lántakendur, þar sem það getur verið, að lántakandi eigi þess ekki kost að bjóða fram aðrar tryggingar en einmitt þessar, sem nefndar voru.

Sjóðsstjórninni er falið að meta það í hverju falli, hverjar tryggingar hún metur gildar. Og sömuleiðis er það, að gert er ráð fyrir því, að fjárhæð láns hverju sinni fari eftir ákvörðun sjóðsstjórnarinnar, samkv. 7. gr.

Um vexti og lánstíma eru fyrirmæli í 8. gr. frv. Samkv. því ákvæði mega vextir aldrei vera hærri en 5% og lánstími aldrei lengri en 12 ár. Það hefur þótt nauðsynlegt einmitt vegna tilgangs þessa lánasjóðs að miða vextina við þetta hámark, sem þarna greinir, sem er allmiklu lægra en vextirnir almennt eru nú, vegna þess að ef vextirnir ættu að vera eitthvað nálægt því, sem nú er tíðast, mundu þeir menn, sem þessi lán eru hugsuð til hagræðis, ekki fá undir þeim risið að mati okkar flm. Á hinn bóginn má segja, að lánstíminn sé þarna nokkru styttri en oft á sér stað endranær, þegar um föst lán er að ræða, en það byggist á því, að tryggingin, sem gert er ráð fyrir að tekin verði þarna gild, er þess háttar, að ekki þykir fært að gera ráð fyrir lengri tíma en þessum, sem þarna segir. Enn fremur er það, að þar sem lánin eru ætluð til bústofnsaukningar, má gera ráð fyrir því, að sú aðstoð, sem í því felst, hafi borið árangur og mönnum sé kleift að endurgreiða lánin á þessu lánstímabili.

Samkv. 6. gr. er stjórn bústofnslánasjóðs heimilt að veita lánsumsækjanda styrk úr sjóðnum, allt að 30 þús. kr., ef búrekstri hans verður ekki

að öðrum kosti komið á heilbrigðan grundvöll að mati sjóðsstjórnarinnar. Þessi upphæð, sem þarna er nefnd, er að vísu mjög lág, sérstaklega nú, þegar aðstæður sífellt eru að breytast og peningar stöðugt að verða verðminni, svo að það þarf sjálfsagt að koma til athugunar hjá n. þeirri, sem frv. þetta fær til meðferðar, hvort ekki væri ástæða til þess að hækka þetta hámark.

Bústofnslánasjóður skal vera í umsjá Búnaðarbankans, en lýtur sérstakri stjórn. Eru um stjórn sjóðsins fyrirmæli í 10. gr. frv. Hún á að vera skipuð fimm mönnum. Af þeim eiga fjórir að vera skipaðir samkvæmt tilnefningu þingflokkanna, einn frá hverjum, en sá fimmti, sem á að vera formaðurinn, skal skipaður samkvæmt tilnefningu Stéttarsambands bænda.

Ég mun svo ekki ræða frekar einstakar frumvarpsgreinar, nema tilefni gefist til þess síðar.

Að því er varðar nauðsynina á slíkum lánum og þeirri fyrirgreiðslu, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, get ég að mestu látið nægja að vísa til grg., svo og þess, er ég sagði um mál þetta í fyrra, þegar ég fylgdi samhljóða frv. úr hlaði í þessari hv. þd. Þó vil ég til viðbótar segja þetta:

Ég ætla, að það geti ekki verið skiptar skoðanir hjá þeim, sem til þekkja, að efnahagsmálastefna núv. hæstv. ríkisstj. hafi komið sérstaklega harkalega við frumbýlinga og unga bændur. Kostnaður allur við bústofnun, hvort heldur eru bústofnskaup, byggingar, jarðræktarframkvæmdir eða véla- eða verkfærakaup, hefur stórkostlega hækkað á tveim undanförnum árum. Er nú svo komið, að sumar jarðræktarframkvæmdir, eins og t. d. framræsla, eru blátt áfram að stöðvast. Þessi tilkostnaðarhækkun kemur auðvitað fyrst og fremst niður á frumbýlingum, eins og ég sagði, en leggst einnig með vaxandi þunga og lamandi á hina, sem að vísu voru byrjaðir búskap, en þó nýlega og áttu að mestu eftir að koma fótum fyrir sig, áttu eftir að stækka bústofn sinn, áttu eftir að kaupa nauðsynlegar vélar og voru rétt í þann veginn að byrja á ræktunarframkvæmdum, hafa e. t. v. ekki haft aðstöðu til verulegrar jarðræktar fyrr en einmitt nú, t. d. vegna vegaleysis eða annarra samgönguvandræða eða þá skorts á vinnuvélum, og hafa þá ekki heldur fyrr en einmitt nú haft aðstöðu til þess að afla sér nauðsynlegra búvinnuvéla.

Það er mikið alvörumál og umhugsunarefni, hve fáir ungir menn byrja nú búskap í sveit. En það er, ef menn leiða hugann að því efni, ofur skiljanlegt. Kostnaðurinn við að stofna bú í sveit er orðinn svo ótrúlega mikill, að það er von, að mönnum hrjósi hugur við. En hitt ræður þó sjálfsagt meir, að mönnum er það mörgum hverjum blátt áfram ókleift. Þeir hafa hvorki ráð á nægu fé né eiga aðgang að lánum. Ég hef ekki beint tiltækar áreiðanlegar tölur um kostnað við bústofnun í sveit. En alveg er öruggt, að hann skiptir hundruðum þúsunda, og ég gæti trúað, að það væri ekki ofætlað að nefna 700—800 þús. kr. Hvar eiga ungir menn og efnalitlir að taka það fé? Hvar eiga þeir kost á lánum í því skyni?

Ég býst við því, að fleirum en mér, sem hafa farið um sveitir landsins, þyki það ískyggilegt og mikið umhugsunarefni, eins og ég sagði áðan, hvernig svo er komið á mörgum jörðum, að þar eru gömlu hjónin ein eftir. Hér þarf að koma til móts við unga fólkið og rétta því örvandi hönd. Það væri að mínum dómi gert með stofnun bústofnslánasjóðs. Það væri skref í rétta átt að gefa þessum aðilum, sem hér hefur verið rætt um, kost á hagkvæmum lánum til bústofns- og vélakaupa, svo sem gert er ráð fyrir í þessu frv.

Allt fram að því, að hin svokallaða „viðreisnarstefna", að sjálfsögðu innan gæsalappa, var tekin upp, er óhætt að segja, að það hafi gætt mikillar og vaxandi bjartsýni hjá bændum þessa lands. Þeir stóðu í stórfelldum framkvæmdum, ræktuðu, byggðu, keyptu vélar og verkfæri, tóku síma og rafmagn á bæina o. s. frv., o. s. frv. Vegna þessara framkvæmda, sem sumar hverjar eru til gagns fyrir komandi kynslóðir, hafa margir bændur og þá sérstaklega ungir og efnalitlir bændur stofnað til mikilla lausaskulda, sem m. a. vegna vaxtahækkunar eru orðnar þeim lítt bærilegar eða jafnvel óbærilegar. Sjá sumir þeirra alls ekki útgöngudyr úr skuldabaslinu, nema þá helzt að selja bú og jörð og hverfa frá búskap. En með viðeigandi aðstoð hygg ég að möguleikar væru til, að þeir gætu rétt sinn hag. Þessar staðreyndir hafa í raun og veru verið þegar viðurkenndar af hæstv. ríkisstj., sem á s. l. sumri beitti sér fyrir útgáfu brbl. um heimild fyrir veðdeild Búnaðarbankans til að breyta tilteknum lausaskuldum bænda í föst lán. Það má vel vera, og ég skal ekkert gera lítið úr því hér, að einhverjir bændur geti notið aðstoðar og fyrirgreiðslu fyrir atbeina þessara lána. Og ef svo verður, er það að sjálfsögðu mikið fagnaðarefni. En um það efni get ég þó ekki rætt nánar í þessu sambandi, enda ekki viðeigandi, þar sem á ferðinni er frv. til staðfestingar þessum lögum og það verður rætt síðar. Ég vil þó aðeins á þessu stigi segja það, að eftir því sem mér er bezt kunnugt um, er enn svo margt óvíst í sambandi við þessi lán, að það er í raun og veru ákaflega erfitt að gera sér grein fyrir því nú, hver fyrirgreiðsla og hagnaður fyrir bændur verður fólginn í þeim lánveitingum, ef til kemur, auk þess sem mér skilst, að það sé gert ráð fyrir, að þau lán, sem kunna að verða veitt, verði allkostnaðarsöm og með tiltölulega háum vöxtum. Enn fremur er það, eftir því sem mér hefur skilizt, að nokkuð er óvíst um skyldur lánardrottna til þess að veita viðtöku þeim bréfum, sem ætlazt mun til, að þessi lán séu veitt í. En sem sagt, ég vil ekki í sambandi við þetta mál ræða frekar þær fyrirhuguðu lánveitingar, en vil aðeins undirstrika það, að eins og nú horfir, virðist mér þrátt fyrir þá ráðstöfun vera full þörf á þeim lánveitingum, sem þetta frv. gerir ráð fyrir til greiðslu lausaskulda, en vil þó jafnframt, eins og ég áðan sagði, benda á, að með þessari ráðstöfun sinni á s. l. sumri hefur hæstv. ríkisstj. viðurkennt þá þörf, sem fyrir hendi er í þessu efni, enda er það ekki að ófyrirsynju, því að vissulega væri vert að gefa því gaum, hverjar afleiðingar mundu verða af því, ef bændur flosnuðu upp, kannske í stórum stíl, vegna skulda, og það gerðist jafnhliða því, sem frumbýlingum fer fækkandi. Afleiðingin af því mundi auðvitað verða sú, að framleiðsla landbúnaðarafurða drægist saman, og það gæti jafnvel farið svo af þeim sökum, að

innan tíðar fullnægði landbúnaðarframleiðslan hér innanlands ekki þörfum þjóðarinnar. Og þá hygg ég, að flestir mundu verða sammála um, að illa væri komið okkar hag, ef við værum ekki sjálfbjarga í þeim efnum.

Það er í stuttu máli að mínum dómi, og ég vænti, að þeir verði sem flestir, sem taka undir það, mjög hættulegt, ef sú framfarasókn, sem var mikil orðin í landbúnaðinum, stöðvast. Það verður þess vegna að mínum dómi að greiða fyrir því, að bændur geti stækkað bú sín, og í því efni verður það að vera lágmark, að búin hjá hverjum og einum svari til visitölubús svokallaðs, og það verður að stuðla að því, að frumbýlingar og bændur, sem dregizt hafa aftur úr, geti keypt nauðsynlegar búvinnuvélar. Aðstöðumunur þeirra, sem vélarnar hafa, og hinna, sem engar eiga, er svo stórkostlegur, eins og allir vita, að búskaparaðstaða þeirra er ekki á nokkurn hátt sambærileg. Og þeir, sem engar vélar hafa, eru í raun og veru úr leik, þeir geta ekki búið — það er alveg útilokað — í framtíðinni. En efnalítill bóndi hefur vissulega enga möguleika, eins og nú hagar til, til þess að kaupa t. d. dráttarvél, með því verði, sem nú er á því tæki.

Samfélagið má ekki loka augunum fyrir þörf þessara bænda. Það verður hér að hlaupa undir bagga. Það kemst blátt áfram ekki hjá því að sinna þessu máli. Ég ætla því að vona, að þetta frv. mæti skilningi hjá þeirri n., sem það fær til meðferðar, og að því verði vel tekið af hv. þdm. Ég fyrir mitt leyti er sannfærður um, að þetta er gott mál, að það er mikið nauðsynjamál, og það mun í framtíðinni í einni eða annarri mynd verða borið fram til sigurs.

Ég leyfi mér svo að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. fjhn.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Þar sem ég á ekki sæti í þeirri nefnd, sem fær þetta mál til meðferðar, voru örfá atriði, sem mig langaði til að minnast á, áður en frv. færi í nefnd.

Ég dreg það á engan hátt í efa, að það sé áhugamál þeirra manna, sem flytja þetta frv., að stuðla að lausn vandamáls, sem vissulega er stórt, og sá þáttur í uppbyggingu landbúnaðarins, sem hér er sérstaklega um rætt, er vissulega þess eðlis, eins og hv. 1. flm. sagði, að á því veltur fyrir afkomu margra bænda, að hér takist sæmilega til og sé hægt að finna úrlausn á þeirra vandkvæðum að þessu leyti. Hins vegar er því ekki að leyna, að það eru auðvitað, eins og hv. flm. reyndar viðurkenndi, ýmsar hliðar á þessu máli, og spurningin er sú, hvernig bezt verði að því unnið. Það hafa oft komið fram hugmyndir um ýmiss konar sjóði í sambandi við landbúnaðinn, bæði aðstoð til frumbýlinga og bústofnsaðstoð, smábýlaaðstoð og ýmis önnur sérstök mál í því sambandi. Allt getur þetta verið góðra gjalda vert. En ég vil þó láta í ljós þá meginskoðun, að það velti á miklu, þegar út í slíka aðstoð er farið, að sjóðir séu ekki settir á stofn meira og minna til þess eins að setja á stofn sjóð, heldur sé þá séð fyrir því, að sjóðirnir geti leyst þau verkefni, sem þeim er ætlað að vinna. Það er ljóst mál og eðlilegt, að þegar einhver slíkur sjóður er á stofn kominn, reikna menn með því, að sjóðurinn reynist þess umkominn að leysa þann vanda, sem honum er ætlað að leysa, og því miður hefur það of oft viljað brenna við, að sjóðir hafa verið settir á stofn án þess að hafa nokkra möguleika til þess að leysa vandkvæði manna, og hefur það leitt af sér margvíslega erfiðleika og vonbrigði.

Með þessum orðum mínum er ég ekki að segja, að ekki sé séð sæmilega fyrir fé til þessa bústofnlánasjóðs, sem hér er um að ræða, en ég held hins vegar, þrátt fyrir að það sé svo, að þá sé það a. m. k. athugunarefni, hvort ekki sé það heppilegri lausn á þeim vanda, sem hér er við að fást, að undirbyggja betur þá stofnlánasjóði, sem landbúnaðurinn nú hefur. Það er þannig með reglur þessara sjóða, bæði veðdeildar og ræktunarsjóðs, að þeir sjóðir hafa samkvæmt sínu hlutverki heimild til þess að veita lán, sem hér er gert ráð fyrir, bæði til bústofnskaupa og vélakaupa. Þetta hefur hins vegar ekki verið gert nema að litlu leyti, vegna þess að þessir aðalstofnlánasjóðir hafa verið fjárvana. Þó hefur nokkur aðstoð verið veitt í þessu skyni, þó að í nokkru öðru formi hafi verið, þ. e. a. s. það hefur verið veitt oft og tíðum smávægileg aðstoð í gegnum veðdeild bankans, sem hefur verið hugsuð til vélakaupa eða bústofns, þó að í smáum stíl hafi verið, og sannleikurinn er sá, að eitt vandkvæði í sambandi við slíkar lánveitingar er það, að erfitt er um vik að taka fullgild veð, ef um lán er að ræða, sem eru til nokkurs tíma að ráði, og það hefur einnig valdið erfiðleikum í þessu sambandi og því raunverulega ekki verið hægt að veita aðstoðina, nema hægt hafi verið að taka veð í jörðum.

Þessi lánasjóður, sem hér er settur á stofn, sýnist mér að raunverulega þjóni tvenns konar hlutverki. Annars vegar er honum ætlað að taka á sig það hlutverk, sem veðdeild og ræktunarsjóður nú hafa, að lána til bústofnskaupa og vélakaupa, og hins vegar sé honum ætlað að vera nokkurs konar bjargráðasjóður fyrir bændur, þar sem þeir geti jafnvel fengið styrki eða lán, sem lúti ekki venjulegum lánakjörum og séu fyrst og fremst hugsuð til þess að létta undir með þeim í almennum erfiðleikum þeirra. Ekki skal ég á nokkurn hátt vera því mótfallinn, að einhver sjóður hafi slíkt hlutverk, og það kann að vera mjög erfitt, að hinir venjulegu stofnlánasjóðir landbúnaðarins hafi þá skyldu á sínum herðum, því að þar kemur til greina annað mat en beinlínis venjulegt bankamat. En ég vildi nú varpa því fram a. m. k. til athugunar, hvort það væri ekki óheppilegt að fara að mynda sérstakan sjóð eða fela þessum sjóði einnig að lána til bústofnskaupa og vélakaupa. Með því móti er létt af öðrum stofnlánasjóðum landbúnaðarins þessu hlutverki, sem vissulega er mjög stórt hlutverk og mjög slæmt, að ekki hefur verið hægt að sinna því sem skyldi, og það er brýn nauðsyn í sambandi við uppbyggingu þeirra sjóða að sjá svo fyrir þeirra fjármagni, að þeir geti sinnt þeim skyldum. Ég er hins vegar hræddur um, að ef á að fara að fela þessum sjóði, sem hér er hugsaður, einnig það hlutverk að lána almennt til véla- og bústofnskaupa, þá mundi það verða strikað út sem hlutverk hinna sjóðanna, enda í rauninni ógerlegt að láta sjóði, sem hafa mismunandi stjórn og því ekki neitt samstarf

sín á milli, lána mönnum til nákvæmlega sömu þarfa, því að hér er gert ráð fyrir því, að þessi sjóður hafi sérstaka stjórn, en sé ekki undir yfirstjórn Búnaðarbankans, eins og stofnlánasjóðir landbúnaðarins þó eru. Mér sýnist raunar, að það sé næsta óeðlilegt, að sjóður, sem er smásjóður, ef miða skal við þá sjóði, sem eru nú stofnlánasjóðir landbúnaðarins, skuli hafa sérstaka stjórn, en hins vegar sé talið vera hægt að fela Búnaðarbankanum og bankastjórn hans yfirstjórn hinna stóru sjóða. Í þessu finnst mér ekki alls kostar samræmi, að öðru leyti en því, að það kann að mega segja, að að svo miklu leyti sem hlutverk þessa sjóðs sé styrktarstarfsemi, þá geti vel verið, að færa megi rök fyrir því, að rétt sé, að það sé í höndum annarra aðila. En varðandi þann þátt í starfi sjóðsins, sem er ætlaður til almennra útlána eftir sömu sjónarmiðum og stofnlánasjóðir landbúnaðarins að öðru leyti lána út, þá held ég, að það sé mjög óráðlegt og verði ekki til bóta fyrir bændur að hafa það undir annarri stjórn en aðalstofnlánasjóðirnir eru.

Það situr sízt á mér að hafa á móti því, hvort sem það heitir nýr sjóður eða aukið fjármagn til þeirra sjóða, sem nú eru, sem ég þó hefði talið æskilegri lausn, að slíkar hugmyndir komi fram, að efla á einhvern hátt lánsfé það, sem til lánveitinga er til stofnlána í landbúnaði. En ég teldi rétt, að það væri íhugað, hvort ekki væri hægt að kljúfa þetta mál í sundur, þannig að þessi sjóður yrði fyrst og fremst hugsaður til þeirra bjargráða, sem hann að öðrum meginstofni til á að vera og gert er hér ráð fyrir, einkanlega vegna þess, að mér sýnist eftir ýmsum þeim atriðum, sem hér eru fram sett um skilyrði fyrir lánveitingum og ýmsu öðru, að hér blandist svo mikið saman þetta tvíþætta verkefni sjóðsins, að það muni reynast æði erfitt í framkvæmd. Ég skal aðeins nefna sem dæmi, þar sem það er orðað svo, að skilyrði til lánveitinga til vélakaupa sé m. a. það, að maður hafi ekki efni á að festa kaup á nauðsynlegum búvélum. Ég veit ekki, hvað vakir fyrir flutningsmönnum með þessu orðalagi: að hafa ekki efni á. Maður getur verið ríkur maður, þó að hann skorti skotsilfur til að leggja í að kaupa dýra búvél. En það má líka eins skilja þetta atriði þannig, að maðurinn hafi raunverulega ekki fjárhagslegt bolmagn að neinu leyti til þess að kaupa slík tæki. Á móti því stríðir þó það atriði, sem síðar kemur, að það er gert ráð fyrir því, að menn verði að setja fullnægjandi tryggingu fyrir láni og það verði að koma fram, að lántakandi geti staðið undir árlegum greiðslum af láninu. Ég nefni þetta ekki til neinnar sérstakrar gagnrýni, að öðru leyti en því, að mér sýnist, að þarna rekist nokkuð á þær tvíþættu hugsanir, sem liggja að baki þessu máli, og sé því hreint og beint spurning, hvort ekki ætti að sundurgreina þetta, og ef hugsunin væri að setja upp sérstakan bjargráðasjóð, sem hefði það hlutverk að veita mönnum styrki, breyta lausaskuldum þeirra eða veita aðstoð, sem venjulegir lánasjóðir landbúnaðarins alls ekki veita, þá kunni að vera eðlilegt, að slíkur sjóður hefði sérstaka stjórn, og rétt væri að setja á stofn slíkan sjóð, en að öðru leyti væri athugandi að fella niður hið almenna hlutverk sjóðsins, af því að ég sé ekki með góðu móti, eins og þetta er upp byggt, að sjóðurinn geti sinnt nema að litlu leyti því hlutverki, miðað við fjármagn hans, því að það er alveg rétt, sem hv. 1. flm. sagði, að það er auðvitað óhjákvæmilegt skilyrði til búskapar, að menn hafi vélakost, sem til þarf, og að menn hafi þann bústofn, sem geti skapað þeim þann fjárhagsgrundvöll, að búreksturinn geti borið sig. Ég er ákaflega hræddur um, að þetta sé stærra mál en það, að það verði leyst í gegnum sjóð sem þennan, með ekki meira fjármagni, þannig að þá mundi það koma fram, sem ég gat um í upphafi, að mönnum væru jafnvel gefnar hér meiri vonir en unnt væri að uppfylla.

Þá vil ég leyfa mér að vekja athygli á því, að í þessu frv. er gert ráð fyrir, að meira en helmingur af stofnfé sjóðsins sé fengið að láni. Það er gert ráð fyrir því í senn, að sjóðurinn hafi möguleika til þess að veita styrki, og í annan stað er gert ráð fyrir, að vextirnir af lánum sjóðsins megi ekki vera yfir 5%. Ég er ákaflega hræddur um, að ekki líði á löngu, þangað til þessi sjóður, ef hann er hugsaður að byggjast upp að svo stórum hluta af lánsfé, muni komast í mjög svipað ástand og stofnlánasjóðir landbúnaðarins nú eru í. Sannleikurinn er sá, að uppbygging þeirra hefur verið með þeim hætti, — og skal ég þar ekki vera að deila á einn né neinn, — en staðreyndin er sú, að uppbygging sjóðanna hefur verið með þeim hætti, að það hefur verið stefnt út í fullkomna ófæru, og furðulegt, að menn skuli ekki hafa haft opnari augu fyrir því, að hér var beinlínis verið að stefna út í öngþveiti, sem fyrr eða síðar gat orðið þess valdandi, eins og raunar er orðið nú í dag, að þessir sjóðir væru þess alls kostar ófærir að gegna hlutverki sínu og væru raunverulega miklu verr staddir en eignalausir. Hér mundi verða um að ræða vafalaust mjög verulegan vaxtahalla á þessu lánsfé, sem hér er um að ræða, og hann yrði auðvitað að borgast þá af því fé, sem sjóðurinn fær í framlag frá ríkissjóði, og mundi það skerða mjög verulega það framlag.

Þetta eru þau atriði, sem ég vildi koma að til íhugunar, þegar þetta mál færi til nefndar. Ég fagna því, þegar fram koma tillögur og ábendingar um að leysa þetta mikla vandamál, og ég efa ekki þann góða hug, sem hér liggur að baki. En ég teldi þó ástæðu til, að þessar ábendingar mínar yrðu teknar til athugunar, þegar málið verður rannsakað í nefnd, og það íhugað í fullri alvöru, hvort ekki væri ástæða til þess að aðskilja þetta tvíþætta verkefni, sem hér er gert ráð fyrir, og leggja þá aftur áherzlu á eftir öðrum leiðum, sem vafalaust koma til kasta bæði stjórnar og þings, áður en langt um líður, að leggja frambúðargrundvöll að lánamálum landbúnaðarins yfirleitt, því að það er vissulega mjög stórt og mikilvægt viðfangsefni, sem bíður úrlausnar og getur ekki dregizt lengi úr þessu að verði að taka fyrir til alvarlegrar meðferðar.

Ég skal alveg stilla mig um að fara út í að svara þeim rökstuðningi hv. 1. flm., að það, sem geri þetta mál sérstaklega brýnt nú, séu þær

búsifjar, sem núv. stjórnarstefna hafi valdið bændum. Slíkar fullyrðingar eru auðvitað meira og minna út í hött, en skiljanlegar, þegar þess er gætt, að stjórnarandstæðingur á hlut að máli, sem segir þetta. Þetta vandamál er gamalt og hefur hvorki minnkað né vaxið við tilkomu einnar né annarrar ríkisstj., heldur er þetta, eins og hann raunar upplýsti, vandamál, sem lengi hefur verið til meðferðar og því miður hefur aldrei tekizt, hverjir sem hafa í stjórn setið, að finna viðunandi lausn á, og væri vissulega vel, ef tækist að gera það nú.

Ég skal ekki á þessu stigi heldur ræða aðstoðarlánin, — það gefst tækifæri til þess að ræða þau á öðrum vettvangi, þegar þau bráðabirgðalög koma hér til meðferðar, enda mörg atriði í því enn þá mjög óljós, eins og 1. flm. þessa frv. réttilega gat um. Það er hins vegar rétt að gera sér grein fyrir því, að út á þá braut, sem hér er farið út á með að breyta lausaskuldum bænda í föst lán, verður ekki oft farið, m. a. vegna þess, að það er ljóst, að lánsstofnanir munu, ef á að gera það oft, neita algerlega slíkri fyrirgreiðslu, vegna þess að það er engin von til þess, ef komið er þannig aftan að lánsstofnunum, sem veitt hafa víxla, og þeim fyrirskipað að breyta þeim í föst lán, að þær vilji við það una. Það er hægt að gera þetta einu sinni til þess að reyna að koma málum manna í viðunandi horf, og ég skal fúslega játa, að einmitt þessi aðstoð, sem þarna er veitt, ef hún nær tilgangi sínum, eykur þörfina á því, að lánamálum landbúnaðarins verði komið í það horf, að hér eftir eigi menn aðgang að svo miklum lánum, sem eðlilegt megi teljast, að ekki þurfi að safnast vegna framkvæmda bænda stórfelldar lausaskuldir. Annars hleðst þetta auðvitað upp á nýjan leik og sama vandamálið blasir við eftir nokkur ár. Það er því alveg rétt, að það atriði þarf að takast til sérstakrar meðferðar og úrlausnar einmitt í sambandi við endurskipulagningu á lánasjóðum landbúnaðarins.

Ég skal svo ekki, herra forseti, eyða lengri tíma við þessa umr. málsins, en vildi koma þessum hugleiðingum að, áður en málið færi til nefndar.

Flm. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég vil þakka hv. 6. þm. Norðurl. e. fyrir vinsamlegar undirtektir hans við þetta mál. Einmitt vegna þess, að hann er í því starfi, sem gefur honum aðstöðu til þess að skilja þörf þeirra manna, sem hér er um rætt, mörgum öðrum betur, met ég það sérstaklega mikils, að hann tekur undir við þá meginstefnu og hugsun, sem þetta frv. er á byggt. Hins vegar er ekkert óeðlilegt, þó að það komi fram athugasemdir um einstök atriði og ábendingar um einstök atriði, og það er ekki illa þegið af mér, heldur þvert á móti vel þegið, því að það er svo í þessu máli sem öðru, að betur sjá augu en auga, og það getur náttúrlega vel verið, að það megi breyta einstökum atriðum í þessu sambandi. Það tekur að sjálfsögðu sú nefnd, sem fær frv. til meðferðar, til athugunar.

En það voru aðeins örfá atriði, sem komu fram hjá hv. 6. þm. Norðurl. e., sem ég vildi minnast á. Hann sagði réttilega, að það væri ekki nóg að stofna sjóð, það yrði að sjá þeim sjóði fyrir nægilegu fjármagni. Þetta er auðvitað laukrétt. Það er ekki nóg að stofna sjóð með litlu fé og varpa síðan öllum sínum áhyggjum upp á hann, heldur þarf að sjá sjóðnum fyrir áframhaldandi vaxtarmöguleikum, eftir því sem þörf krefur. Það álít ég að verði verkefni síðari tíma, ef fallizt verður á þá hugmynd, sem í þessu frv. felst. En það tók ég fram í minni framsöguræðu, að okkur flm. væri ljóst, að vel gæti verið, að það fé, sem nefnt er í þessu frv. sem stofnfé sjóðsins, reyndist ekki nægilegt, enda er að sjálfsögðu erfitt að gera sér fyllilega grein fyrir því, hve mikils fjár hér þurfi við.

Þá benti ræðumaður á atriði, sem ég veit að muni hvarfla að mörgum mönnum, sem sé spurningunni um það, hvort ekki væri heppilegra að undirbyggja þá stofnsjóði landbúnaðarins, sem fyrir eru, betur en gert hefur verið, í stað þess að stofna nýjan sjóð. Hann benti á, að hér væru starfandi veðdeild Búnaðarbankans og ræktunarsjóður, sem báðir tveir gætu í raun og veru eftir sínum starfsreglum lánað fé til bústofnsaukningar og vélakaupa. En þar er því til að svara, að það mun því miður hafa átt sér ákaflega sjaldan stað, að úr þessum sjóðum hafi verið veitt lán til þessara hluta, og alveg víst, að það hafa ekki verið veitt lán, t. d. úr veðdeild, nema gegn fasteignatryggingu. En það er einmitt sá mikli munur, sem gert er ráð fyrir í þessu frv. Það er gert ráð fyrir því, að hægt sé að veita lán út á vélar og ábyrgð, sem sagt aðrar tryggingar en þær, sem veðdeildin hefur metið gildar. Í öðru lagi er það nú svo, að hingað til hafa veðdeildarlánin verið svo lág, að þau segja í raun og veru lítið til vélakaupa, þegar um stærri búvélar er að ræða. Ég held, að það sé heppilegra að hafa sjóðina fleiri og með sundurgreindu hlutverki heldur en að steypa þessu saman. Einmitt þegar fé er ekki nægilegt til, eins og það hefur verið og eins og það nú ef til vill verður, þá verður það þannig, ef þessum sjóðum er steypt saman, að það eru viss hlutverk, sem almennt sitja á hakanum, eins og reyndin hefur orðið hjá veðdeild og jafnvel ræktunarsjóði, sem getur þó samkvæmt sínum starfsreglum veitt lán til bústofnskaupa. En þessi hlutverk hjá þessum sjóðum hafa algerlega setið á hakanum, af því að þeir hafa ekki haft nægilegt fé til þess að sinna aðalhlutverkum sínum, og það er einmitt af þeirri ástæðu, að ég held, að það sé heppilegra að setja upp svona sérstakan sjóð, með þessu sérstaka hlutverki, þó að vitaskuld væri það til stórkostlegra bóta, ef mögulegt væri að tryggja þessum sjóðum, sem fyrir eru, meira starfsfé en þeir hafa haft að undanförnu. En ég vil undirstrika, að það er einmitt eitt meginatriði í þessu frv., að það er gert ráð fyrir því, að þessi lán séu veitt út á aðrar tryggingar en þessi lán hafa verið veitt úr veðdeild og ræktunarsjóði. Í því sambandi kom nú kannske fram hjá hv. ræðumanni nokkurt bankasjónarmið, þar sem hann fór að minnast á, að þessar tryggingar mundu kannske vera eitthvað vafasamar og væri ekki víst, hvernig ætti að skilja viss ákvæði frv. í því sambandi. Ég skal ekki fara út í það, það verður athugað í n., en ég vil aðeins benda á það atriði, að þar sem hann var að ræða um, að ef svo illa væri komið hjá einhverjum, að hann hefði ekki efni

á að kaupa vél, þá skildist mér á honum, að það væri ekki álitlegt að lána þeim manni. En þetta getur vel farið saman, eins og ég veit að hv. ræðumanni verður ljóst, ef hann athugar málið betur. Það getur vel staðið þannig á, að maðurinn sé alls ekki fær um það og hafi ekki bolmagn til þess að greiða fyrir vél nú, en hins vegar er gert ráð fyrir því, að hann hafi af vélinni það hagræði á næstu árum, að honum geti veitzt auðvelt að standa undir árlegum afborgunum. Þetta held ég að sé mjög ljóst, og þessu atriði hygg ég að bændur, sem á undanförnum árum hafa ráðizt í það að kaupa sér vélar, jafnvel þótt í skuld væri, gætu mjög vel svarað. Við vitum, að t. d. að einni dráttarvél er svo mikið hagræði við búskap, að það er í raun og veru fljótt að borga sig, ef maðurinn hefur á annað borð nokkurt bolmagn til þess að afla sér vélarinnar, en þó með þeim fyrirvara, að hann geti jafnframt aukið bústofn sinn og fengið þar af leiðandi meiri afurðir af sínu búi.

Það er alveg rétt hjá hv. ræðumanni, að það má segja, að það sé tvenns konar hlutverk, sem bústofnslánasjóðnum sé ætlað. Annað hlutverkið, sem ég mundi vilja kalla aðalhlutverkið, er að veita lán til bústofnsaukningar og vélakaupa. Það veit að framtíðinni. En hitt hlutverkið, þar sem gert er ráð fyrir að veita lán eða jafnvel í undantekningartilfellum styrk til greiðslu þungbærra lausaskulda, miðast við það vandræðaástand, sem er nú í dag. Það getur vel verið, ef lán þau, sem veðdeild Búnaðarbankans hefur í hyggju að veita til greiðslu lausaskulda, komast á þann rekspöl og verða þannig úr garði gerð, að þau leysi vandræði margra manna, að þá verði minni þörf fyrir þetta hlutverk, sem þessum sjóði hefur þó verið ætlað í leiðinni, enda þótt hann annars sé meir stílaður upp á framtíðina, sem sé það að reyna að tryggja, að þeir, sem við búskap fást og búskap ætla að stofna og stunda, geti fengið nauðsynlegar búvélar og fengið aðstöðu til þess að fá þann bústofn, sem svo með sæmilegu afurðaverði getur staðið undir búrekstrinum og veitt þeim kjör sambærileg við aðrar stéttir þjóðfélagsins.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

37. Vegalög (frv. SE og HermJ).

Á 4. fundi í Ed., 16. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947 [33. mál] (þmfrv., A. 35).

Á 6. fundi í Ed., 20. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Sigurvin Einarsson): Samgöngumálin eru meðal hinna mikilsverðustu mála í hverju byggðarlagi. Afkoma fólksins og skilyrði til atvinnu og framleiðslustarfa eru oft mjög undir því komin, hversu greið og örugg samskipti geta verið milli manna, milli héraða og milli landshluta. Það fer varla á milli mála, að vegaleysi hefur lagt marga bújörðina í eyði, og þannig hafa ýmis sveitarfélög orðið að gjalda mikið afhroð, en þó tekur steininn úr, þar sem svo er ástatt um heil sveitarfélög, að ekki er unnt að koma þangað nauðsynlegum landbúnaðarvélum vegna vegaleysis. Það má jafnvel segja, að það sé furðulegt, að í slíkum byggðarlögum skuli nokkur bóndi haldast við til lengdar, því að svo ómissandi eru þessi tæki í búskapnum, svo nauðsynlegt er, að þau séu á hverju einasta heimili, að maður ekki tali um það, að útilokuð er ræktun og þar með stækkun búanna, þar sem svo er ástatt, að þangað er ekki hægt að koma stórvirkum vélum.

Með þessu frv., sem hér er til umr. og við flytjum, hv. 2. þm. Vestf. og ég, er lagt til, að nokkrir vegakaflar á Vestfjörðum verði teknir upp í þjóðvegatölu. Ég mun ekki fjölyrða að þessu sinni um vegamál Vestfirðinga út af fyrir sig né fara út í samanburð í þessum málum um Vestfirði annars vegar og aðra landshluta hins vegar. Ég hef gert það áður hér á hæstv. Alþingi, og ég hygg, að flestir þingmenn muni vera sammála mér um það, að í þessum efnum séu Vestfirðir allra byggðarlaga lakast settir. En það er ekki nóg að viðurkenna slíkar staðreyndir, heldur verður að bæta úr ástandinu. Okkur flm. er það að vísu ljóst, að vegirnir koma ekki með því einu saman, að þeir séu teknir í tölu þjóðvega. Til þess að byggja vegi þarf að sjálfsögðu fjárveitingar, en til þeirra kasta kemur við afgreiðslu fjárlaga, og skal ég því ekki ræða um það sérstaklega að þessu sinni. En hitt er víst, að fjárveiting frá Alþingi kemur ekki í þann veg, sem er ekki í tölu þjóðvega, og sýsluvegasjóðir eru lítils megnugir í þessum efnum. Eigi að bæta ástandið í vegamálum, verður því að byrja á byrjuninni, þ. e. að taka þá vegi í tölu þjóðvega, sem mest kallar að að leggja.

Stundum er þeim andmælum hreyft gegn opnun vegalaga, að svo og svo mikið sé ólagt af þjóðvegum, það sé að bera í bakkafullan lækinn að bæta nýjum þjóðvegum við. Þetta eru haldlaus andmæli. Það getur verið meiri nauðsyn á að leggja nú veg, sem er ekki í þjóðvegatölu, heldur en að leggja annan veg, sem hefur kallazt þjóðvegur um margra ára skeið, en er ekki farið að leggja. Ég skal nefna raunverulegt dæmi úr einni sýslu á Vestfjörðum. Fyrir allmörgum árum var vegakafli tekinn upp í þjóðvegatölu þar til að tengja einn bæ við þjóðvegakerfið. Vegurinn hefur ekki verið lagður, af því að jörðin er komin í eyði, en auðvitað er hann í þjóðvegatölu eftir sem áður. Annar vegur í sömu sýslu á að tengja fimm bæi við þjóðvegakerfið, og um þann veg er tillaga á þessu þingskjali. Hvor vegurinn ætti nú frekar að vera í þjóðvegatölu, eins og nú er komið? Ég held, að þetta dæmi og mörg önnur af svipuðu tagi, sem ég gæti nefnt, sé nóg til að sýna fram á það, að á þessum sex árum, sem eru liðin, síðan vegalögum var breytt, hafa breytzt aðstæður í ýmsum héruðum þessa lands, svo að í einstaka

byggðarlögum er full nauðsyn á að taka upp vegi í þjóðvegatölu, sem ekki var gert 1955, og jafnframt er óþarft sums staðar að leggja vegi, sem þá voru teknir í þjóðvegatölu.

Öll árin frá 1955 hafa verið flutt frv. hér á hv. Alþingi um nýja þjóðvegi, líka árið 1956, ári eftir að vegalögunum var breytt. Á því ári fluttu þeir Jón Sigurðsson og Steingrímur Steinþórsson slíkt frv. í Nd., en Sigurður Bjarnason hér í Ed. Árið eftir, 1957, flytja sömu menn í báðum þingdeildum frv. til breyt. á vegalögum. 1958 flytja þeir Eirikur Þorsteinsson í Nd. og Sigurður Bjarnason í Ed. vegalagafrv. 1959 flytja þeir Gunnar Gíslason í Nd. og Bjartmar Guðmundsson í Ed. vegalagafrv. Á síðasta þingi, 1960, flytja þeir vegalagafrv. í Nd., Garðar Halldórsson, Gísli Guðmundsson og Jónas G. Rafnar, en í Ed. Sigurvin Einarsson, Kjartan J. Jóhannsson og Hermann Jónasson. Og loks eru komin fram á þessu þingi tvö vegalagafrv., sitt í hvorri deild. Þessar sífelldu tillögur hv. þingmanna úr þremur þingflokkum um nýja þjóðvegi geta ekki verið fluttar að ástæðulausu. Þetta er auðvitað gert, að flytja slík frv., fyrir þrýsting heiman að úr héruðunum. Fólkið, sem býr við óviðunandi samgöngur, gerir kröfu til þess, að þingmenn flytji slíkar tillögur, og þess vegna koma þessi frv. fram. En svo nauðsynlegt sem það kann að hafa verið að opna vegalög 1956, 1957 og 1958, einu, tveimur og þremur árum eftir að vegalögunum var breytt, þá er þó því meiri nauðsyn á að breyta vegalögunum nú, þegar sex ár eru liðin frá síðustu breytingu, því að auðvitað verður nauðsynin því meiri á þessari vegalagabreytingu sem lengra líður frá þeirri síðustu og því skiljanlegt, að eftir sex ár sé þessi þörf orðin sýnu meiri en hún var fyrstu árin eftir 1955, og hafa þó verið fluttar tillögur hér á hv. Alþingi um slíka breytingu, eins og ég nefndi áðan, á öllum þessum þingum.

Ég vænti þess fastlega, að allir hv. þm. fallist nú á að þessu sinni, að opnuð verði vegalög.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða við þessa umræðu einstakar tillögur í þessu frv., en legg til, að málinu verði nú vísað til 2. umr. og hv. samgmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til samgmn. með 14 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

38. Réttur verkafólks til uppsagnarfrests o. fl.

Á 8. fundi í Sþ., 8. nóv., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 16 9. apríl 1958, um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og um rétt þess og fastra starfsmanna til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla [64. mál] (þmfrv., A. 81).

Á 12. fundi í Ed., 9. nóv., var frv. tekið til **1. umr.**

Flm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Það er megininntak þessa frv., sem hér liggur fyrir, að veita **hafnarverkamönnum, sem unnið hafa eitt ár eða lengur á sama vinnustað, rétt til vikukaups, sem jafngildi dagvinnukaupi fyrir að meðaltali 8 klst. á dag hvern virkan dag** vikunnar. Með lögum, sem sett voru 9. apríl 1958, var **tímakaupsmönnum og fleirum, sem unnið höfðu eitt ár á sama stað, veittur réttur til eins** mánaðar uppsagnarfrests frá störfum, en í hópi tímakaupsmanna eru hafnarverkamenn.

Í þessum l. frá 1958 fólst allmikil vinnutrygging fyrir tímakaupsmenn, sem þannig fengu mánaðar uppsagnarfrest frá störfum. Sá var þó ljóður á þessari lagasetningu, að það voru veittar allmiklar undanþágur í 3. gr. laganna, en undanþágur þessar eru á þá leið, að falli niður atvinna hjá atvinnurekanda, svo sem vegna þess, að hráefni sé ekki fyrir hendi hjá fiskiðjuveri, upp- og útskipunarvinna sé ekki fyrir hendi hjá skipaafgreiðslu, fyrirtæki verði fyrir ófyrirsjáanlegu áfalli, svo sem vegna bruna eða skiptapa, og verður atvinnurekanda þá ekki gert að greiða bætur til launþega sinna, þó að vinna þeirra nemi eigi 150 klst. á mán., enda missa launþegar þá eigi uppsagnarrétt sinn, á meðan slíkt ástand varir.

Með þessu er þannig rétturinn til uppsagnarfrests að verulegu leyti skertur, því að það er auðvitað lítilsvirði að eiga rétt til uppsagnar, ef viðkomandi launþegi, meðan hann gegnir starfinu, á hvorki rétt til vinnu né kaups. Það var að vísu eðlilegt, þegar þessi lög voru sett, að undir vissum kringumstæðum væri þessi undanþágа gerð, sem ég hef vitnað hér til í 3. gr. Þessi undanþágа atvinnurekandans, sem leysir hann undir þeim kringumstæðum, sem greindar voru, frá því að tryggja verkamanninum vinnu eða greiða honum kaup, er að mínum dómi og okkar flm. ósanngjörn gagnvart hafnarverkamönnum. Hafnarverkamenn stunda að jafnaði vinnu hjá sama fyrirtæki allan ársins hring, og vinna þeirra er yfirleitt mjög gloppótt, þannig að það er yfirleitt ekki um það að ræða, að t. d. hluta úr árinu hafi þeir samfellda og mikla vinnu, eins og t. d. þeir, sem vinna hjá fiskiðjuverum, sem hér eru nefndir í 3. gr. laganna við hlið manna, sem vinna hjá skipaafgreiðslum. Það er þannig með þá, sem vinna hjá fiskiðjuverum eða hraðfrystihúsum og öðrum slíkum, að þá er oft um mjög mikla vinnu að ræða hluta úr árinu, eins og t. d. á vertíð, en hjá hafnarverkamanninum er þessu ekki til að dreifa. Hans vinna er í raun og veru gloppótt allan ársins hring, en þó verður hann alltaf að vera til staðar og hlýða kalli og mæta í vinnu. Því tel ég, að þessi undanþágа 3. gr. l. frá 1958 sé óeðlileg gagnvart hafnarverkamönnum. Þá er rekstur á skipaafgreiðslum ekki heldur háður svo miklum sveiflum, að undanþága frá skyldunni til að greiða kaup eða veita vinnu sé heldur eðlileg. Nú er það að vísu svo, að það er sjálfsagt ekki nema hjá allra stærstu skipaafgreiðslum og skipafélögum, sem því er til að dreifa, að verkamenn vinni að jafnaði allan ársins hring og séu þess vegna búnir að öðlast þennan rétt til uppsagnarfrests. En ég álít, að þessum skipaafgreiðslum yrði það ekki mikill kostnaðarauki og jafnvel sáralítill, þó að þessu væri breytt í það horf, sem frv. gerir ráð fyrir, vegna þess að skipafélögin og afgreiðslurnar gætu

með breyttu skipulagi komið því þannig fyrir, að vinnan yrði jafnari og meiri, enda ætti t. d. að vera unnt fyrir þá, sem vinna í sjálfum skipunum, að fá þá atvinnu þess á milli, t. d. í vörugeymsluhúsum eða við annað þess háttar, hjá sama fyrirtæki.

Á þessum lögum er einnig gerð önnur breyting í frv., sem hér liggur fyrir. Í þeim tilfellum, þar sem atvinnurekandinn hefur ekki notið undanþágunnar frá því að greiða kaup eða veita vinnu, þá mun þó 3. gr. l. væntanlega vera skilin þannig, að hann þurfi ekki að ábyrgjast verkamanninum nema 150 klst. á mánuði eða 6 tíma að meðaltali hvern virkan dag, og er þar miðað við, að verkamaðurinn, sem hefur unnið eitt ár, öðlist réttinn til uppsagnarfrests, ef hann hefur á þessu eina ári eða 12 mánuðum unnið 1800 klst., en það jafngildir að sjálfsögðu 150 tímum á mánuði. Þetta verður að teljast mjög óeðlilegt, að verkamaður, sem kominn er á uppsagnarfrest eftir árs starf og vinnur ekki við þá starfsemi, sem hefur undanþágu frá því að greiða honum kaup eða veita honum vinnu, — sá verkamaður, sem þannig á rétt til vinnu og rétt til kaups, hann skuli þó ekki eiga rétt til meira kaups heldur en fyrir 150 klst. á mánuði. Þar væri eðlilegast að miða við almennan dagvinnutíma, sem eru 8 stundir á dag að meðaltali hvern virkan dag mánaðarins. En nú er rétt að vekja athygli á, að hafnarverkamanninum er hér veittur heldur meiri réttur en þessum mönnum, þ. e. a. s. atvinnurekandi hafnarverkamannsins er ekki eingöngu sviptur undanþágunni, heldur fær hafnarverkamaðurinn raunverulega með frv. meiri vinnutryggingu en fyrir 8 klst. að meðaltali hvern virkan dag yfir mánuðinn. Hann fær tryggingu fyrir 8 klst. að meðaltali hvern virkan dag vikunnar, en það er aukin trygging í því að miða þetta við styttra vinnutímabil, vegna þess að ef tekið er t. d. dæmi af hafnarverkamanni, sem ynni 30 tíma í dagvinnu yfir vikuna, ynni svo 5 tíma í eftirvinnu, en það samsvarar í kaupi 8 dagvinnutímum, og ynni síðan 5 tíma í nætureða helgidagavinnu, sem samsvarar 10 tímum í dagvinnu, þá er hann þar með búinn að fá kaup hjá atvinnurekandanum eða skipaafgreiðslunni, sem jafngildir kaupi fyrir 8 klst. að meðaltali hvern virkan dag vikunnar. Aftur á móti ef þetta væri miðað við mánuð, gæti farið svo, að verkamaðurinn næði ekki sumar vikurnar þessu kaupi, en hefði aftur meira aðrar vikurnar, sem yrðu þá látnar vinna þessar lakari upp, þannig að hafnarverkamanninum er á þennan hátt veitt heldur meiri vinnutrygging en öðrum þeim, sem vinnutryggingar njóta, eftir að hafa verið eitt ár í starfi hjá atvinnurekanda.

Ég vildi svo að lokum leggja til, að máli þessu yrði vísað til meðferðar hv. heilbr.- og félmn.

Björn Jónsson: Herra forseti. Með setningu laganna um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og um rétt þess og fastra starfsmanna til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla, sem voru sett í marz eða apríl 1958, var ráðizt að því viðfangsefni í fyrsta lagi að finna form fyrir nokkurri vinnutryggingu til handa því fólki, sem minnsts öryggis nýtur um atvinnu sína, og í öðru lagi að tryggja nokkrar sjúkra- og slysabætur til handa þessu fólki í veikindatilfellum og þá í hverju tilfelli allt að 14 dögum, eða á því tímabili, sem almennar slysatryggingar taka ekki til.

Það má segja, að þessi lög hafi verið frumsmíð um mjög flókið og margþætt efni, sem tæplega verða sett ákvæði um, svo að sé að öllu leyti greinilegt, í mjög stuttri og tiltölulega einfaldri lagasetningu eins og þarna var um að ræða. Það var þess vegna valinn sá kostur af þeim, sem undirbjuggu þessi lög, að hafa lagaákvæðin í upphafi fá og tiltölulega einföld, þótt það yrði nokkuð á kostnað nákvæmninnar um einstök atriði í mjög breytilegum tilvikum, sem að sjálfsögðu eiga sér stað á okkar ótrygga og oft og tíðum stopula vinnumarkaði.

Í annan stað var horfið að því að miða réttarbæturnar við þá vinnuhópa, sem eru einna fastastir í sessi, án þess þó að um fast starf þeirra væri að ræða, auðvitað ekki vegna þess, að þörfin væri minni fyrir það fólk, sem enn þá oftar þarf að breyta um vinnustað, heldur vegna augljósra erfiðleika á því að jafna þeim skyldum, sem réttarbæturnar hlytu að hafa haft í för með sér, eðlilega og réttlátlega á atvinnurekendur. Þetta voru auðvitað bagalegir annmarkar á lagasetningunni, þó að það þætti eftir atvikum rétt að sætta sig við þá, á meðan byrjunarreynsla væri að fást um löggjöfina. En að sjálfsögðu báru verkamenn og verkalýðssamtökin þær vonir í brjósti, að síðar yrði hægt, þegar reynsla væri fengin, að fá á þessu nokkrar úrbætur og þá að sjálfsögðu aukin réttindi. Það er líka svo, að þegar löggjöf er sett um sambúðarvandamál tveggja aðila, hlýtur slík lagasetning og framkvæmd hennar að markast nokkur af því, hvern skilning aðilarnir leggja í lagaákvæðin og hvernig þeir vilja rýma til varðandi t. d. ýmis atriði, sem eru ekki fyllilega augljós eftir lagasetningunni. Það stóðu því vissulega vonir til í þessu tilfelli, að í framkvæmdinni mundu ýmis augljós atriði mótast og sú reynsla, sem fengist, gæti þannig orðið undirstaða undir þessum breytingum.

Nú höfum við haft um 3½ árs reynslu af þessum lögum, og ég hygg, að það sé almennt viðurkennt, að þau hafi komið að verulegu gagni, sérstaklega þó að því er viðvíkur sjúkra- og slysabótunum, en áreiðanlega að tiltölulega miklu minna gagni til að skapa atvinnuöryggi, og eins og hv. frsm. þessa frv. tók réttilega fram, þar er fyrst og fremst því um að kenna, hvað undantekningarákvæði 3. gr. eru víðtæk. Það hefur gert það að verkum, að miklu minna gagn hefur orðið af uppsagnarákvæðum, a. m. k. þegar vinnustöðum hér í Reykjavík sleppir, heldur en jafnvel vonir manna stóðu til. Það er líka svo, að það er auðsætt á lögunum, að menn geta í ýmsum tilvikum notið sjúkrabóta, þó að þeir njóti ekki vinnutryggingarinnar, sem stafar einfaldlega af því, að undantekningarákvæðin í 3. gr. varða ekki sjúkrabæturnar, þannig að þótt atvinnurekandi sé ekki skyldugur til þess samkvæmt lögunum að skapa verkafólki sínu vinnu upp á hvern dag, er hann þrátt fyrir það skyldugur til þess að gjalda því kaup í sjúkratilfellum, þ. e. a. s. ef um er að ræða fólk, sem fellur undir 2. málsgr. 1. gr. Ég get því verið hv. flm. fyllilega sammála um það, að eftir að

lögin hafa verið í framkvæmd þetta langan tíma, 3½ ár, og eftir að veruleg reynsla hefur fengizt af framkvæmdinni, þá sé kominn tími til þess að athuga ýmis ákvæði í lögunum og reyna að bæta þar um. Enn þá eru mörg deiluatriði í sambandi við framkvæmd laganna, sem full þörf er á að kveðið sé skýrar á um í lögum, og að öðru leyti hafa framkvæmdaratriði skýrzt og þess vegna ástæða til þess að taka ýmsa hluti þar greinilegar fram en nú er. Auk þess er ég þeirrar skoðunar, að það beri að athuga lögin sérstaklega með tilliti til þess að auka atvinnuöryggið og einnig með tilliti til þess, að t. d. sjúkrabætur nái til fleiri en nú er. Og ég er líka sammála flm. um það, að undantekningarákvæðum þurfi að fækka og þá alveg sérstaklega í fiskiðnaðinum og einnig varðandi hafnarvinnuna, en um það fjallar þetta frv. að verulegu leyti. Ég tel, að það kæmi mjög til greina að fara meira inn á það, en sú hugmynd skýtur að nokkru upp kollinum í sambandi við þetta frv., að athuga enn þá frekar um vikulega vinnutryggingu, þannig að það verði í vaxandi mæli sá háttur hafður á, að vinna sé seld í vikueiningum frekar en í dagvinnu eða tímalaunum. Að sjálfsögðu koma til greina í sambandi við þetta jöfnum höndum bæði samningar á milli stéttarfélaganna og atvinnurekenda og hins vegar lagabreytingar. Það er þess vegna mikil nauðsyn á því, að um allar breytingar á lögunum sé haft samráð eða leitað álits bæði stéttarfélaganna og einnig atvinnurekenda, því að að sjálfsögðu vita þeir gerst, hver reynslan hefur orðið af lögunum, og óútkljáð deiluatriði eru þar enn á döfinni.

Ég er þess vegna þeirrar skoðunar, að það sé gott eitt um það að segja, að þessu máli hefur verið hreyft hér, ef það gæti orðið til þess, að endurbætur yrðu gerðar á einstökum atriðum, eða þá að það yrði tilefni þess, að ýtt yrði undir heildarendurskoðun á lögunum. Og ég fyrir mitt leyti gagnrýni það alls ekki hjá hv. flm., að hér er aðeins tekið fyrir eitt eða tvö atriði laganna, þó að ástæða gæti verið til að taka mörg fleiri. Slíkt getur vitanlega átt fullan rétt á sér. En mér virðist á hinn bóginn, að í fyrsta lagi byggi flm. frv. á háskalegum misskilningi á vissum ákvæðum laganna, — misskilningi, sem væri mjög hagalegt að hlyti viðurkenningu af hálfu löggjafarvaldsins og mundi að mínu viti rýra rétt verkamanna frá því, sem hann nú er eða hefur a. m. k. verið í framkvæmd. Í öðru lagi virðist mér, að það sé mjög vafasamt, að brtt., sem lagðar eru til, séu alfarið til bóta, en geti, eins og ég áður sagði, orðið í sumum tilfellum til hins verra fyrir hlutaðeigandi verkamann. En slíkt er þó alveg vafalaust ekki meining flm.

Mér sýnist á frv., að hv. flm. hafi alveg látið hjá líða eða ekki talið þess þörf að kynna sér það mikilvæga atriði, hvernig lagaákvæðin hafa verið skilin og hvernig þau hafa verið framkvæmd. Ég hlýt þó á hinn bóginn að viðurkenna það, að hv. flm. hafa þarna miklar afsakanir varðandi misskilning sinn, þar sem þau ákvæði, sem þarna er um að ræða, eru mörg óljóslega orðuð í lögunum. Mér virðist, að hv. flm. byggi sínar till. almennt og fyrst og fremst á alveg sérstökum skilningi, sem ég verð að viðurkenna að ég hef aldrei heyrt áður, á lokaorðum í 1. málsgr. 3. gr., en til þess að hv. dm. geti áttað sig á, hvað þarna er um að ræða, verð ég að byrja á því að vísa til 1. gr. laganna, 2. málsgr., þar sem segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Tíma- eða vikukaupsmaður telst hafa unnið hjá sama atvinnurekanda í eitt ár, ef hann hefur unnið hjá honum samtals a. m. k. 1800 klst. á síðustu 12 mánuðum, þar af að minnsta kosti 150 stundir síðasta mánuðinn fyrir uppsögn.“ Síðan kemur 3. gr., og þar segir: „Nú fellur niður atvinna hjá atvinnurekanda, svo sem vegna þess að hráefni er ekki fyrir hendi hjá fiskiðjuveri, upp- og útskipunarvinna er ekki fyrir hendi hjá skipaafgreiðslu, fyrirtæki verður fyrir ófyrirsjáanlegu áfalli, svo sem vegna bruna eða skiptapa, og verður atvinnurekanda þá eigi gert að greiða bætur til launþega sinna, þó að vinna þeirra nemi eigi 150 klst. á mánuði.“ Þessi síðasti setningarhluti hefur verið skilinn þannig, að hann vísaði til þess, sem ég áður las í 1. gr., þ. e. a. s. til þess, að verkamaður eða verkakona missi ekki rétt sinn til uppsagnar, þó að vinnan hafi ekki numið 150 klst. á mánuði. En hins vegar hefur alls ekki verið um það að ræða, að þetta þýddi það, að þeir, sem á annað borð teljast fastráðnir menn samkvæmt lögunum, ættu ekki að njóta nema 150 klst., enda hygg ég, að það sjái hver maður glöggt, sem les lögin með athygli, að á það er hvergi minnzt.

Það er sem sagt skilningur hv. flm., að samkvæmt lögunum sé engum verkamanni tryggður réttur til nema 6 klst. á dag að meðaltali eða 150 klst. á mánuði hverjum, þ. e. a. s. ekki einu sinni 6 klst. á hverjum degi, því að samkvæmt þessum skilningi gætu menn verið vikum saman atvinnulausir, þó að þeir ættu fyllsta rétt til uppsagnar og án þess að fá nokkrar bætur fyrir það. Þá er það enn fremur skilningur hv. flm., að til þess að ná þessum 6 klst. á dag að meðaltali sé heimilt að taka einnig inn í þann útreikning bæði eftirvinnu og næturvinnu, svo að það fer nú samkv. þessum skilningi frekar að kortast um það, að réttur þeirra, sem eiga að teljast fastráðnir starfsmenn samkv. 1. gr. frv., sé nokkuð verulegur til venjulegrar dagvinnu, því að að sjálfsögðu væri alveg eins hugsanlegt, að verulegur hluti af þessum 6 klst. á dag væri unninn í næturvinnu eða eftirvinnu. En í lögunum er hvergi minnsti stafur fyrir því, að hægt sé að taka eftirvinnu eða næturvinnu inn í þessa vinnutryggingu. Að vísu má segja, að það gagnstæða sé ekki heldur tekið fram, en þess ber þó að gæta, að 8 stunda vinnudagur er viðurkenndur í samningum að nafninu til og út frá því er gengið að sjálfsögðu ævinlega, þegar um fastráðna menn er að ræða, að þeir hafi sinn fulla 8 stunda vinnudag í dagvinnu. Út frá þessu draga flutningsmenn svo m. a. þá ályktun, að breyting á l., sem fæli í sér 8 klst. vinnutryggingu að meðaltali á dag, mundi auka réttindi hins fastráðna fólks samkvæmt skilningi 1. gr. frá því, sem nú er.

Ég vil í fyrsta lagi segja það um þetta, að þessi skilningur flutningsmanna stangast algerlega á við framkvæmdina, eins og hún hefur verið. Þekki ég það vel varðandi mitt stéttarfélag, að þar hefur þessi skilningur aldrei komið til greina

af hálfu atvinnurekenda. Ég hef einnig borið þetta undir stjórnarmenn í Dagsbrún, og þeim ber saman um það, að lögin hafi verið framkvæmd samkv. þeim skilningi, sem ég hef hér lýst. Ég hef enn fremur átt tal um þetta, strax þegar lögin voru sett, af því að mér þóttu þessi ákvæði óljós, við annan aðalhöfund laganna, og hann taldi engan vafa leika á því, að þessi skilningur, sem ég nú hef lýst, væri réttur. Ég hef einnig núna, síðan þetta frv. kom fram, borið mig saman við lögfræðing, sem oft hefur unnið í þágu atvinnurekenda, og hann sagði, að á engan hátt væri mögulegt að skilja þessa setningu, sem ég vísaði til í 3. gr. um 150 klukkustundirnar, svo, að réttur verkamanna væri bundinn við það. Ég tel því, að það leiki enginn vafi á því, að allir, sem falla ekki undir undantekningarákvæði 3. gr., eigi rétt á 8 klst. dagvinnu á hverjum virkum degi, og að ekki komi til mála, að inn í þá vinnutryggingu eigi að blanda eftirvinnu eða næturvinnu. Ég held þess vegna, að það sé ekki vafi á því, að ákvæði, sem tækju gildi samkv. frv. og um leið væri af hendi löggjafarvaldsins gefin önnur skýring á gildi laganna en hefur verið í framkvæmd, þá mundi þetta rýra stórkostlega rétt sumra þeirra, sem lögin taka til, ef þetta frv. yrði samþykkt. Hitt teldi ég þó enn þá háskalegra, ef tekið yrði mark á skilningi hv. flm. án þess að gera má á lögunum nauðsynlegar breytingar, þannig að réttur verkamanna samkv. lögunum rýrnaði ekki í framkvæmd frá því, sem hann er nú. Og ég get endurtekið það, að þessi skilningur hv. flm. er mér algerlega nýr, og ég hygg, að ef fleiri væru um hann og ef það væri almenn sú skoðun og þessi skilningur ætti almennu fylgi að fagna hér á Alþ., þá held ég, að það mundi enga gleðja nema þá atvinnurekendur, því að að sjálfsögðu mundi það spara þeim allverulegar skyldur.

Þetta er um frv., að svo miklu leyti sem það varðar almenna framkvæmd á lögunum. En að hinu leytinu fjallar frv. sérstaklega um hafnarverkamenn í Reykjavík. Um það, að breytingar á ákvæðum um hafnarverkamenn hefðu einhver áhrif á stöðu verkamanna eða þeirra réttindi, þá er það um það að segja, að hafnarverkamenn eru hvergi á landinu í svo fastri vinnu, að þeir komi til greina með að eiga rétt samkv. lögunum, eða a. m. k. er það alveg hverfandi, ef það er nokkurs staðar til, þannig að þessi ákvæði mundu eingöngu snerta Reykjavík. Og ég þykist vita, að að nokkru leyti a. m. k. sé tilefni til flutnings frv. það, að nú stendur yfir deila milli hafnarverkamanna í Reykjavík og atvinnurekenda. En ég held, eftir því sem minn litli kunnugleiki nær á þeirri deilu, að þá muni þessi breyting, sem hér er lögð til á þessum lögum, ekki snerta þá deilu á nokkurn hátt, því að hún er um allt annað atriði, eftir því sem ég bezt veit.

Ég held líka, að það sé ekki meginatriði fyrir þá hafnarverkamenn hér í Reykjavík, sem á annað borð hafa unnið í 1800 klst. á síðustu 12 mánuðum hjá sama atvinnurekanda, hvort þeim sé tryggt það að fá laun, sem svöruðu til 48 klst. vinnu á viku, ef eftirvinna og næturvinna er tekin inn í þann útreikning, því að ég hygg, að hvað sem annars má segja um kjör hafnarverkamanna, sé því ekki til að dreifa, að þeir almennt hafi ekki þær tekjur. Hitt er svo annað mál, að þeirra deila nú snýst að nokkrum þræði um það, hvort þeir eigi að hafa rétt til 8 stunda dagvinnu á hverjum degi, en ekki um það, hvort þeir skuli eiga rétt til launa fyrir 48 klst. á viku, ef öll þeirra vinna, bæði dagvinna, eftirvinna og næturvinna, er þar talin í. Sem betur fer held ég, að það sé ekki almennt vandamál, a. m. k. ekki hjá þeim mönnum, sem þessi lög kynnu að geta tekið til.

Ég held þess vegna og í samræmi við það, sem ég hef nú sagt, að þá yrði þetta frv. allt annað og betra um þetta einstaka atriði, ef flm. hefðu einskorðað sig aðeins við þá breytingu að fella niður undantekningarákvæðin um hafnarvinnuna í 3. gr. Með því móti hefði öllum hafnarverkamönnum, sem á annað borð lögin taka til, verið tryggð samkvæmt þeim skilningi, sem verið hefur á lögunum í praksís, 8 stunda vinna á dag, og ég tel líka alveg vafalaust, að þá mundi sú breyting geta haft einhver áhrif á þá deilu, sem nú er milli hafnarverkamanna og skipaeigenda.

Ég vil svo að lokum aðeins segja það, að ég ætla hv. flm. ekki á nokkurn hátt, að þeir hafi viljað vísvitandi skemma fyrir verkamönnum eða rýra rétt þeirra. Það sé fjarri mér að halda slíku fram. En einmitt vegna þess, að ég hef þá trú, að þetta frv. sé þrátt fyrir þá galla, sem ég hef bent á, borið fram í góðum tilgangi, þá vonast ég til þess, að þeir stuðli að gagngerðum breytingum á því, sem eru nauðsynlegar, annaðhvort í þeirri hv. nefnd, sem frv. fær til meðferðar, eða með öðrum hætti, og einnig, að þeir stuðli við fyrsta tækifæri að þeirri endurskoðun, sem ég tel að sé nauðsynleg á lögunum í heild, m. a. til þess að taka af tvímæli og óljóst orðalag og þó sérstaklega til þess að auka atvinnuöryggi verkamanna og annars þess fólks, sem við minnst atvinnuöryggi á að búa.

Flm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Ég vildi gera hér nokkrar athugasemdir út af ræðu hv. 5. þm. Norðurl. e., sem hér var að ljúka máli sínu. Mér virðist þessi hv. þm. gera of mikið úr því, að sá skilningur, sem hann leggur í lögin, og sá skilningur er verkamönnum yfirleitt mjög hagstæður, að það sé óhætt að treysta því fyrir dómstólunum, að sá skilningur standist örugglega, og þess vegna, ef aðrar skoðanir komi fram, þá sé það jafnvel til þess að veikja málstað verkamanna.

Það eru einkum tvö atriði, sem þessi hv. þm. hefur gert hér að umtalsefni. Það er annars vegar ákvæði 3. gr. l. um, að atvinnurekanda verði eigi gert að greiða bætur til launþega sinna, þó að vinna þeirra nemi eigi 150 klst. á mánuði, og þá samsvarandi breyting, sem gerð er í frv., sem hér er til umr., um það, að í stað 150 klst. á mánuði komi 8 klst. að meðaltali hvern virkan dag mánaðarins. Hv. þm. vill álíta, að verkamaður, sem hefur unnið eitt ár hjá sama atvinnurekanda og öðlazt uppsagnarfrest samkv. 1. gr. laganna, hafi þar með öðlazt rétt til þess, — og þá er hér auðvitað um að ræða tilfelli, þar sem undanþága 3. gr. nær ekki til, — að þá

hafi verkamaður þar með öðlazt rétt til 8 tíma vinnu á dag eða kaups fyrir 8 tíma dagvinnu hjá viðkomandi atvinnurekanda, í staðinn fyrir að frv. okkar, sem liggur hér frammi, byggir á þeim skilningi, að í því tilfelli hafi verkamaður ekki átt rétt á kaupi nema fyrir 150 klst. í dagvinnu yfir mánuðinn. Í sjálfu sér, þó að skoðun heiðraðs þm. væri rétt, sem ég hefði vissulega ekkert á móti, að sú túlkun gæti staðizt fyrir dómstólunum, — það er síður en svo, það má enginn leggja þann skilning í orð mín, — ef það er rétt túlkun á lögunum, þá á það ekki að spilla því, þó að einhverjir aðrir haldi fram einhverri annarri túlkun, sem kynni að reynast röng. En hitt finnst mér að ætti að vera mests virði fyrir verkamanninn, að það sé alveg tryggt, að rétturinn sé ekki til 150 tíma, heldur til þessara 200 tíma yfir mánuðinn eða 8 tíma á dag. Það er mest um vert að fá tryggingu fyrir réttinum. Það er vitanlega mest um vert og betra en að það þurfi að standa deila um, hver rétturinn sé. En þegar farið er út í það, hvor skilningurinn sé réttari, þó að ég, eins og ég hef áður sagt, hefði síður en svo nokkuð á móti því, að skilningur hv. 5. þm. Norðurl. e. væri réttur í þessu máli, þá segir svo í þessari 3. gr.: „þó að vinna þeirra nemi eigi 150 klst. á mánuði, enda missa launþegar þá eigi uppsagnarrétt sinn, meðan slíkt ástand varir.“ — 3. gr. gerir ráð fyrir því, að maðurinn sé búinn að vinna árið og sé búinn að fá uppsagnarfrestinn, en mér virtist hv. þm. eiginlega skilja þetta frekar svo, að þetta væri fyrsta árið, sem hann væri að vinna hjá atvinnurekandanum. En það stendur í greininni: „enda missa launþegar þá eigi uppsagnarrétt sinn,“ og það er talað um, að þegar atvinnurekandinn losnar við bótarétt, þurfi hann ekki að bæta, þó að vinnan nemi ekki 150 klst., og ég held, að þá sé langeðlilegast, að það sé gagnályktað út frá þessu og sagt, að ef hann nær 150 klst., þá eigi atvinnurekandinn ekkert að bæta umfram það, og það má að vissu leyti segja, að þessar 150 klst. eftir fyrsta árið séu í samræmi við þann tímafjölda, sem verkamaðurinn þarf að vinna fyrsta árið til þess að öðlast uppsagnarréttinn, þ. e. 150 klst. á mánuði eða 1800 klst. á ári. Ég álít því, að það liggi sterk lagarök á bak við þann skilning. En hitt finnst mér að við ættum að geta orðið sammála um, ég og þessi hv. þm., að bezt af öllu sé þó, að þessi betri réttur sé tvímælalaust tryggður í lögunum, en ekki þannig, að hann þurfi að vera deilumál.

Þá er það hitt atriðið, sem er reyndar alveg nátengt þessu, að í þessu frv., sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir að vinnutryggingin verði 8 klst. að meðaltali hvern virkan dag mánaðarins. Ef sá skilningur hv. þm. væri réttur, að þetta væri þegar fyrir hendi, það ætti að skilja l. þannig, — ef væri hægt að treysta örugglega, að sá skilningur stæðist, sem ég geri nú því miður ekki, þá mætti segja, að það þyrfti e. t. v. ekki að vera að breyta þessu ákvæði. En miðað við það, að þarna sé rétturinn aðeins fyrir hendi fyrir 150 klst. vinnutryggingu fyrir þann mann, sem búinn er að vinna ár á sama stað og þar sem atvinnurekandinn nýtur ekki undanþáguréttar, þá er auðvitað 8 klst. vinnutrygging að meðaltali fyrir mánuðinn á hvern virkan dag meira virði en 6 klst. á dag.

En það, sem hv. þm. kom hér inn á, var einkum það, að í þessari vinnutryggingu, sem þegar væri fyrir hendi í lögunum, hvort sem hún væri nú hinar umdeilanlegu 6 stundir eða 8 stundir á dag, væri eingöngu um dagvinnu að ræða. Í sjálfu sér, eins og þessi hv. þm. gat um, segir ekkert um þetta berum orðum í lögunum, og ég mundi ekki efa það, að þegar maður væri að vinna sér inn réttinn á fyrsta ári og vinna 1800 klst. yfir árið, þá yrði þar með tekin bæði næturvinna, helgidagavinna, eftirvinna og dagvinna, enda álít ég, að sá skilningur væri verkamönnum óhagstæður, ef verkamaður, sem vinnur hjá atvinnurekanda fyrsta árið, kemur til hans eftir árið og segir: Nú er ég búinn að vinna 1800 stundir, og nú á ég minn uppsagnarfrest í einn mánuð, — og atvinnurekandinn kæmi og segði: Nei, þú hefur að vísu unnið 1800 stundir, en það er ekki allt í dagvinnu, þess vegna átt þú ekki réttinn. — Ég tel því mestar líkur á því, að þessi lög verði skilin þannig, að þar verði ekki takmarkað við dagvinnuna eina, enda verður að játa það, að í þeim tilfellum, þar sem verkamaður hefur ekki fulla dagvinnu, er hann auðvitað betur fær en ella um að vinna yfirvinnu, og ég álít, að það sé tvímælalaust betra fyrir verkamann að fá vinnutryggingu upp á 8 tíma að meðaltali hvern virkan dag mánaðarins heldur en að hafa vinnutryggingu upp á 6 tíma á dag, hvort sem um dagvinnu eina væri að ræða eða ekki. Það er heldur engin trygging fyrir því, sem þessi hv. þm. segir, að þessir 6 tímar á dag eða þessir 150 tímar á mánuði séu eingöngu dagvinnutímar, einmitt vegna þess, sem ég sagði áðan, að 150 tímarnir á mánuði árið, sem rétturinn er að skapast, fyrsta árið, þar er ekkert gert upp á milli dagvinnu, eftirvinnu og næturvinnu, og þarf ekki heldur að vera hagstætt verkamönnum, að svo væri gert. En hitt væri svo að sjálfsögðu rétt, að það væri enn þá meiri réttur til handa verkamönnum, ef það væri ekki sagt: 8 klst. að meðaltali hvern virkan dag, heldur að það væru 8 klst. Það væri vissulega meiri réttur en þetta frv., sem hér er á dagskrá, gerir ráð fyrir.

En þessi hv. þm. gat um það, hvernig þessi lög hefðu verið framkvæmd, og sannleikurinn er sá, að það er ákaflega erfitt að henda reiður á því, hvernig lögin hafa verið framkvæmd, og núna eftir 3 ár er mér a. m. k. ekki kunnugt um, að það hafi fallið neinn dómur um skilning á þessum lögum eða að það séu nein **sérstök mál fyrir** hjá dómstólunum, sem fjalli um grundvallarskilning á ákvæðum þessara laga, þannig að það er vissulega margt óljóst í þessum lögum og umdeilanlegt. Þess vegna er sannarlega ástæða til þess m. a., að í þeim atriðum verði lögin gerð skýr og ótvíræð, þannig að það þurfi ekki um það að deila, hvern skilning ber að leggja í þau, enda álít ég mjög mikilvægt atriði í sambandi við slíka löggjöf, sem snertir svo ákaflega marga aðila og marga einstaklinga, að geta vitnað í sinn rétt samkvæmt þessum lögum, að löggjöfin sé skýr og einföld og vel skiljanleg, en þar sé ekki um alls konar vafaatriði að ræða, því oft vill það nú verða þannig í framkvæmd, að þá halda

atvinnurekendurnir sér í þann skilning, sem þeir geta fundið sér hagfelldastan, og oft erfitt að hnekkja því, nema þá með margvíslegum málaferlum.

Að síðustu vil ég aðeins koma inn á það, að þetta frv. er fyrst og fremst flutt vegna þess, að við flm. álítum, að öryggisleysið varðandi atvinnuna sé mest hjá hafnarverkamönnum og það sé reyndar, eins og gerð hefur verið grein fyrir, bæði í greinargerð og framsögu, óeðlilegast, að það séu þeir, sem undanþágan í 3. gr. nær til, að hafnarverkamenn séu þar undir. Hitt fannst mér svo, að hv. 5. þm. Norðurl. e. vildi í ræðu sinni gera allmiklu meira úr þeim tekjum, sem hafnarverkamenn hefðu, heldur en sézt hefur í ýmsum dagblöðum hér undanfarið, þar sem þessi mál hafa verið nokkuð rædd.

Björn Jónsson: Herra forseti. Ég vil lýsa ánægju minni yfir því, að hv. 9. landsk. þm., fyrri flm. frv., hefur lýst því yfir hér í áheyrn þdm., sem síðar verður skjalfast í þingtíðindum, að hann er í vafa um það, að skilningur hans á lögunum, sá skilningur, sem hann byggir sitt frv. á, sé réttur. Ég álít þetta þýðingarmikið, að hann skuli hafa gefið þessa yfirlýsingu, og mitt ómak hér í ræðustólinn sé í raun og veru fulllaunað með þessu, því að að sjálfsögðu hefði það verið mjög slæmt og bagalegt, ef sá skilningur, sem hann hélt fram, hefði komið fram hér og honum hefði ekki verið mótmælt. A. m. k. hefur það þá áunnizt í málinu, að þessar umr. verða ekki notaðar síðar í t. d. málatilfellum, dómum, til þess að styðja þá skoðun, að verkamenn eigi miklu minni rétt en þeir hafa fengið í praksís út úr lögunum. En það fer þá líka að verða mér og kannske fleiri vaxandi undrunarefni, að frv. skuli vera flutt um það, að þeir, sem lögin taka til, skuli njóta 8 klst. launa að meðaltali á mánuði, ef það er vafamál, eins og hv. flm. sagði, að þessir menn eigi ekki rétt á því að fá full laun fyrir 8 klst. dagvinnu, því að á þessu tvennu er alveg reginmunur, eins og ég tók fram í minni fyrri ræðu. Þó að ég skilji það að sjálfsögðu jafnvel og hv. flm., að það sé betra að hafa tryggingu fyrir 8 klst. meðalvinnu á dag heldur en 6 klst., þá skiljum við líka hitt alveg jafnvel, að það er betra að hafa tryggingu fyrir 8 klst. dagvinnu. Og ég hefði getað vænzt þess af hv. flm., að hann útbyggi frv. sitt þannig, að það væri alveg tryggt, að verkamenn og aðrir, sem þessara laga eiga að njóta, misstu ekki rétt, sem þeir hefðu áunnið sér núna, jafnvel þó að sá réttur væri ekki fulltryggður með lögum, ef hann hefði verið fulltryggður í framkvæmd, sem ég hygg að hafi verið. Þetta er að sjálfsögðu aðalatriði þess, sem okkur ber á milli.

Ég held, að það hljóti að vera auðvelt, — ég vil a. m. k. ekki trúa öðru, — að fá lögfest hér á hv. Alþingi ákvæði, sem hafa verið viðurkennd bæði af samtökum verkafólks og af samtökum atvinnurekenda, a. m. k. í framkvæmd. Ég skal ekki fullyrða um það, ég er ekki viss um, að það liggi fyrir skjalleg viðurkenning á því, að t. d. aðilar eins og Vinnuveitendasamband Íslands viðurkenni minn skilning á lögunum, og það er alveg rétt, sem hv. 9. landsk. þm. sagði, að það hafa ekki heldur fallið dómar um þetta, sem taki af öll tvímæli. En hitt hygg ég að sé ekki mjög torvelt að afla sér upplýsinga um, að framkvæmdin hefur verið þessi. Og ég vil ekki, eins og ég sagði áðan, trúa því, að hv. þm. vilji rýra rétt verkamanna frá því, sem hann er nú í praksís, hvað sem öllum lagaskýringum líður. Hitt er ég honum svo alveg sammála um, eins og ég tók skýrt fram áður, að ég tel, að það væri til verulegra bóta, ef tekin yrðu af öll tvímæli um óljós og óskýr ákvæði, og það skal ekki standa á mér að styðja þær tillögur, sem í þá átt ganga, hvaðan sem þær koma.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 11 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

39. Orlof.

Á 18. fundi í Ed., 17. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 16 26. febr. 1943, um orlof [85. mál] (þmfrv., A. 114).

Á 20. fundi í Ed., 21. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Björn Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem ég flyt hér um breyt. á l. um orlof frá 1943, felur í sér tvenns konar breytingar á ákvæðum þeirra laga. Fyrri breytingin er sú, að niður verði felld 2. mgr. 4. gr. l., en þar er svo ákveðið, að þeir, sem lögin taka til og ekki eru í föstu starfi, skulu fá greitt orlofsfé af því kaupi, sem þeir vinna fyrir í eftir-, nætur- og helgidagavinnu, sem sú vinna hefði verið innt af hendi við dagvinnukaupi. Þetta þýðir, að orlofsfé á eftirvinnu, eins og laun verkafólks eru nú almennt fyrir hana samkvæmt almennum kjarasamningum, verður innan við 4% af eftirvinnunni og aðeins 3%, ef um næturvinnu eða helgidagavinnu er að ræða. Á undanförnum árum hafa þessi ákvæði verið í samræmi við kjarasamninga stéttarfélaga og verkafólks og atvinnurekenda, en eru nú orðin úrelt, eftir að flest þeirra, jafnvel öll verkalýðsfélög hafa fengið inn í kjarasamninga sína þau ákvæði, að fullt orlof skuli greitt á öll vinnulaun, á hvaða tíma sólarhrings eða hvaða vikudegi sem þeirra er aflað. En þessi ákvæði voru, eins og kunnugt er, eitt samningsatriða eftir vinnudeilurnar á s. l. sumri. Eftir að þessi ákvæði hafa nú hlotið almenna viðurkenningu, virðist eðlilegt og sjálfsagt, að lögunum sé breytt í samræmi við þá viðurkenningu, en þau ákveði ekki minni rétt að þessu leyti en allur þorri lausráðins verkafólks hefur aflað sér með samningum.

Það hefur verið venja að breyta ákvæðum orlofslaganna í samræmi við það, sem verkalýðssamtökin hafa almennt samið um, og þegar þau voru upphaflega sett 1943, var meginefni

þeirra miðað við þær réttarbætur, sem verkalýðssamtökin þá höfðu náð með samningum. 1957 var lögunum breytt í samræmi við það, að verkalýðsfélögin höfðu þá fengið orlofsféð hækkað úr 4% í 6%, og þá var einnig lögfest sú réttarbót fyrir hlutarsjómenn, að þeir fengju orlof af öllum launum sínum eða öllum aflahlut sínum, en áður höfðu þeir aðeins fengið orlof af hálfum aflahlut. Þessi síðasttalda breyting var ekki gerð vegna þess, að um hana hefði verið samið áður, heldur var löggjafarvaldið í því tilfelli að ryðja nýrri skipan braut. Og 1957 var svo einnig orlofstíminn lengdur úr tveimur vikum í þrjár vikur sem lágmark, í samræmi við þá hækkun, sem orðið hafði á orlofsfénu. Ég nefni þessa breytingu, sem var gerð 1957, til þess að sýna það, að löggjafarvaldið hefur litið svo á, að því bæri nokkur skylda til að fylgjast með þeirri þróun, sem orlofsrétturinn hefur tekið með samningum, og í sumum tilfellum ekki látið sitja við það, heldur tekið að sumu leyti frumkvæðið um eflingu þessa réttar í sínar hendur. En orlofslögin taka ekki aðeins til þeirra, sem skipa *verkalýðsfélögin og geta beitt samtökum sínum* til þess að auka rétt sinn á þessu sviði, heldur ákveða þau almenn lágmarksréttindi fyrir alla, sem vinna í þjónustu annarra, rétt til árlegrar hvíldar frá störfum. Og jafnvel er svo ástatt, að sumir þeirra, sem eru ekki í verkalýðssamtökunum, hafa ekki lagalegan rétt til þess að semja um kjör sín, má þar t. d. nefna opinbera starfsmenn og iðnnema, og svo aftur aðrir, sem hafa litla eða enga möguleika til þess að ná rétti sínum eða skapa sér réttindi eftir öðrum leiðum en löggjafarleiðum. Þess vegna er nauðsynlegt og eðlilegt, að löggjöfin leitist við að halda þessum almennu réttindum í horfinu og auka þau, eftir því sem nauðsynlegt getur talizt.

Allt frá því að orlofslögin voru sett, hafa þau ákvæði verið í lögunum varðandi fasta starfsmenn, hvort sem þeir vinna í þjónustu hins opinbera eða í annarra þágu, að þeir eigi að fá greidd laun fyrir orlofsdagana, jafnhá og þeir hefðu borið úr býtum, ef þeir hefðu unnið venjulegan vinnutíma. Í þessu ákvæði felst það, að engir fastir starfsmenn eiga í krafti laganna rétt til neinnar greiðslu orlofsfjár fyrir þá vinnu, sem þeir kunna að hafa unnið utan venjulegs vinnutíma næsta orlofsár áður en orlof er tekið. Það má segja, að þetta ákvæði hafi í rauninni alltaf verið í nokkru ósamræmi við *réttindi* lausráðins fólks, en nú tel ég, að það sé orðið algerlega óviðunandi, eftir að almenn viðurkenning hefur í reynd fengizt á þeirri reglu til handa þeim, sem eru ekki í föstu starfi, að þeir skuli fá fullt orlofsfé af öllum vinnulaunum sínum. Þess vegna legg ég til, að sú breyting verði gerð á ákvæðum laganna, að öllum þeim, sem eru í föstu starfi, verði tryggt fullt orlofsfé *af öllum launum sínum*.

Um báðar þessar breytingar, sem frv. fjallar um, er það að segja, að þær stefna að því, að öllum þeim, sem lögin taka til, verði tryggð jafnhá laun yfir orlofstímann eins og þeir hafa notið að meðaltali næsta orlofsár á undan. Ég tel, að það sé lágmark, að þeirri reglu verði komið á varðandi alla starfsmenn, og það er í raun og veru auðsætt hverjum manni, að orlofstíminn er sá tími á árinu, sem krefst ekki minni, heldur miklu fremur meiri útgjalda hjá þeim, sem taka orlof, heldur en aðrir árstímar að öllum jafnaði. Þess ber að gæta, að menn eiga ekki aðeins rétt *til orlofs, heldur ber mönnum* lagaleg skylda til þess að nota þennan rétt. En til þess að það sé unnt og til þess að orlofsréttur-inn nái tilgangi sínum, verða menn að geta veitt sér fulla hvíld frá störfum og helzt um leið einhverja tilbreytingu frá daglegu umhverfi, t. d. með ferðalagi eða dvöl á friðsælum stöðum eða á hvíldarheimilum. En þetta er mörgum ekki auðið, nema þau laun, sem menn *fá orlofsdagana, séu nægilega há*. Víða um lönd og þar á meðal á öllum Norðurlöndum hefur verið litið nokkuð á þá nauðsyn, að starfsfólk hefði meiri laun fyrir orlofsdagana heldur en endranær, og orlofsréttur veittur í samræmi við það. Þannig er nú orlofsréttur verkafólks á öllum Norðurlöndum, að ég held, nema á Íslandi, 6½%, og uppi hafa verið mjög sterkar kröfur um það, að orlofsfé væri aukið, jafnvel þótt orlofstíminn sjálfur yrði ekki lengdur. T. d. man ég það, að dönsku verkalýðssamtökin settu þá kröfu fram við síðustu samningsgerð sína, — ég held, að það muni samt ekki hafa orðið breyting á því, — að orlofið hækkaði í 7%. Hér er þó aðeins lagt til, að starfsfólk fái sömu laun og ella á jafnlöngum tíma, og vænti ég, að það verði ekki talið ósanngjarnt.

Að lokum vil ég segja það, að réttur til nægjanlegrar hvíldar frá störfum verður að skoðast meðal mikilvægustu og sjálfsögðustu mannréttinda, og réttur til árlegs orlofs er annar meginþáttur þess réttar. Góðu heilli hefur verið viðurkennt í framkvæmd, að löggjafarvaldinu beri nokkrar skyldur til þess að tryggja öllum starfandi mönnum þennan rétt og hafa bein afskipti í samræmi við það. En sé sú skylda á annað borð viðurkennd, fylgir henni óhjákvæmilega sú kvöð að fylgjast með þeirri þróun, sem þessi réttur tekur, og haga lagasetningu í samræmi við það. En það er einmitt efni þessa frv., að svo verði gert, og vænti ég greiðrar afgreiðslu málsins, bæði í nefnd og í hv. þingdeild.

Ég vil svo leyfa mér að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 13 shlj. atkv.

Nefndaráliti frá minni hl. heilbr.- og félmn., á þskj. 674, var útbýtt 10. apríl, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

40. Tunnuverksmiðjur ríkisins.

Á 20. fundi í Ed., 21. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 49 29. maí 1957, um Tunnuverksmiðjur ríkisins [90. mál] (þmfrv., A. 130).

Á 22. fundi í Ed., 24. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Árnason): Herra forseti. Frv. þetta um breyt. á l. nr. 49 frá 29. maí 1957, um Tunnuverksmiðjur ríkisins, hef ég leyft mér að flytja á þskj. 130. Sú breyting, sem hér um ræðir, er í því fólgin, að ríkisstj. er heimilt að byggja og starfrækja tunnuverksmiðju á Akranesi, ef hún telur, að þörf sé á því. Með hliðsjón af því er svo lántökuheimildin til handa ríkisstj. í þessu skyni hækkuð í 6. gr. laganna, þannig að í staðinn fyrir 5 millj. komi 8 millj. kr.

Tunnuverksmiðjur ríkisins hafa nú um allmörg ár starfrækt tvær tunnuverksmiðjur, aðra á Siglufirði og hina á Akureyri. Auk þess er heimild til þess að stofnsetja eina verksmiðju til viðbótar, og skal hún staðsett á Norður- eða Austurlandi.

Eins og nú er komið, er mikill hluti af sumarsaltsíldarframleiðslunni framleiddur víðs vegar á Austurlandi. Það virðist því liggja í augum uppi, að rétt sé að stofnsetja þar eina tunnuverksmiðju, en fyrir því er heimild í gildandi lögum um Tunnuverksmiðjur ríkisins.

Um verksvið tunnuverksmiðjanna segir svo í lögunum: „Stefnt skal að því, að allar tunnur, sem saltsíldarframleiðslan þarfnast, séu smíðaðar í Tunnuverksmiðjum ríkisins.“ En auk þess er ráðgert, að þar séu smíðaðar tunnur fyrir saltkjötsframleiðslu landsmanna og aðrar framleiðsluvörur, eftir því sem henta þykir. Einn stærsti vöruflokkurinn, sem er ekki sérstaklega tilgreindur í lögunum, er salthrognin. Í meðalári mun sú framleiðsla vera um 30 þús. tunnur, og er það svo til allt framleitt hér sunnanlands. Meðalframleiðsla Faxaflóa- eða Suðvesturlandssíldarinnar hefur reynzt s. l. 10 ár vera rúmlega 81½ þús. tunnur að meðaltali á ári. Framleiðslumagn Tunnuverksmiðja ríkisins hefur verið nokkuð mismunandi á undanförnum árum, en t. d. s. l. ár voru framleiddar 86 þús. tunnur á Siglufirði og um 57 þús. tunnur á Akureyri. Samtals er þetta lítið eitt yfir meðallag.

Það verður ekki annað séð en að þessi iðnaður, tunnuframleiðslan, eigi fullkomlega rétt á sér og geti staðizt erlenda samkeppni. Á þessum tiltölulega fáu árum, sem verksmiðjurnar hafa verið starfræktar, hafa þær lagt í varasjóð allverulega fjárupphæð, eða kr. 4350521.14. Tel ég, að það tali sínu máli um afkomu fyrirtækisins.

Með hliðsjón af því, sem ég hef nú þegar sagt, tel ég augljóst mál, að hér er um æríð verkefni að ræða, sem ég vænti að hv. alþingismenn geti verið mér sammála um.

Ég vil svo leyfa mér, herra forseti, að óska þess, að málinu verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 130, n. 645).

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Þetta frv. um Tunnuverksmiðjur ríkisins felur það í sér, að byggð verði ein tunnuverksmiðja til viðbótar við það, sem núgildandi lög um Tunnuverksmiðjur ríkisins heimila. Það er sérstaklega haft í huga, að sú tunnuverksmiðja, sem hér um ræðir, verði byggð hér á Suðvesturlandi, og er Akranes tilnefnt í því sambandi. Með hliðsjón af því er í 2. gr. frv. kveðið á um, að ábyrgðarheimild ríkissjóðs verði 8 millj. í staðinn fyrir 5 millj., eins og í núgildandi lögum er.

Eins og kunnugt er, hafa um allmörg undanfarin ár verið starfræktar tvær tunnuverksmiðjur hér á landi, og eru þær báðar norðanlands, önnur á Akureyri og hin er á Siglufirði. Þessar tunnuverksmiðjur hafa framleitt að meðaltali á undanförnum 5 árum um 130 þús. tunnur. En það er langt frá því, að það fullnægi þeirri þörf, sem aðeins er fyrir hendi á Norður- og Austurlandi. Hins vegar er, eins og fram kemur í grg. með frv., á síðari árum um allmikla síldarsöltun að ræða hér suðvestanlands, og hefur heildarmagnið svo að segja ekkert árið á s. l. 10 árum komizt niður fyrir það, sem Tunnuverksmiðjur ríkisins hafa í hvorri tunnuverksmiðjunni um sig framleitt norðanlands.

Auk þess sem hér hefur verið framleidd, eins og ég segi, í vaxandi mæli á Suðvesturlandi saltsíld á undanförnum árum, þá er hér um að ræða aðra framleiðslu, sem notar tómar tunnur, og það er hrognaframleiðslan. Bæði er það, að sykursöltuð hrogn eru flutt út á hverju ári og enn fremur grófsöltuð hrogn. Það munu vera um 30 þús. tunnur, sem þarf til þeirra nota á hverju ári, eða sem næst helmingur af því magni, sem hvor tunnuverksmiðjan um sig framleiðir nú árlega á Siglufirði eða Akureyri. Það er því auðsætt, að hér er um brýna þörf að ræða fyrir eina slíka verksmiðju á Suðvesturlandi.

Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja frekar um þetta mál, en vísa til þess, sem ég sagði í framsögu um málið, og til nál., sem er á þskj. 645, þar sem sjútvn. deildarinnar leggur einróma til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Ed., 10. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 88. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 89. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 90. fundi í Nd., 12. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til sjútvn. með 27 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

41. Ræktunarsjóður og byggingarsjóður.

Á 35. fundi í Sþ., 14. febr., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um, að ríkissjóður taki að sér að greiða gengistöp Ræktunarsjóðs Íslands og Byggingarsjóðs sveitarbæja [145. mál] (þmfrv., A. 286).

Á 47. fundi í Ed., 15. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Við framsóknarmenn í þessari hv. d. fluttum á þinginu 1959—60 frv. um, að ríkissjóður tæki að sér að greiða fyrir Ræktunarsjóð Íslands fimm erlend lán og fyrir Byggingarsjóð sveitabæja tvö erlend lán, sem á þessum sjóðum hvíla og sýnilegt var að sjóðunum mundi verða ofraun að standa straum af, eins og komið var. Þetta var í samræmi við það, sem áður hafði verið gert. Sjóðir þessir, sem reknir eru á ábyrgð ríkissjóðs og lána með lágum vöxtum til langs tíma, geta ekki staðið nema stutta stund undir lánsfé fyrir sig með hærri vöxtum og til styttri tíma en útlán sjóðanna eru, það segir sig sjálft. Sama máli gegnir, þegar gengislækkanir verða og sjóðirnir verða fyrir gengistapi á erlendum lánum. Um þetta geta ekki verið skiptar skoðanir.

Árið 1953 ákvað Alþingi af framangreindum ástæðum með lögum, að ríkissjóður skyldi taka á sig ca. 14.4 millj. kr. fyrir ræktunarsjóð og aðra eins fjárhæð fyrir Byggingarsjóð sveitabæja. Eftir 4 ár, eða 1957, ákvað Alþingi aftur með heimild í fjárlögum, að ríkissjóður skyldi létta af ræktunarsjóði um 32.3 millj. kr. og af byggingarsjóði um 4.3 millj. kr.

Frv. okkar var því ekkert nýmæli. Það fól í sér endurtekningu sögunnar. En frv. fékkst ekki afgreitt, því var haldið föstu í nefnd, það sem eftir var þings.

Á þinginu í fyrra fluttum við hinir sömu þm. aftur sama frv. Það hlaut sömu örlög sem hið fyrra frv. Látið var þá í veðri vaka við umr., að vandamál sjóðanna væri í athugun hjá hæstv. ríkisstj. og þaðan mundi einhverra úrræða vera að vænta fljótlega.

Við flm. höfum beðið átekta síðan þetta var. Það eru orðnir æði margir mánuðir — eða hátt í ár. Umbótatillögur frá hæstv. ríkisstj. hafa ekki sézt við sjónarrönd, hvað þá nær. Gengisfellingin s. l. sumar hækkaði enn erlendar skuldir ræktunarsjóðs um 22.3 millj. kr. og skuldir Byggingarsjóðs sveitabæja um 3.8 millj. kr. Þessi hækkun skuldanna herðir enn á nauðsyn ráðstafana vegna sjóðanna, og var nauðsynin þó ærin áður. Í árslokin síðustu vantaði ræktunarsjóð reikningslega 52.6 millj. kr. til þess að eiga fyrir skuldunum. Með gengisskráningunum báðum 1960 og 1961 höfðu erlend lán ræktunarsjóðs hækkað um samtals 100.6 millj. kr. Byggingarsjóður sveitabæja átti hins vegar 17.9 millj. kr. fram yfir skuldir við síðustu áramót. Gengisskráningarbreytingin 1960 og 1961 hafði hækkað erlendar skuldir hans alls um 22.5 millj. kr. Þessar fjárhæðir eru gengistap sjóða þessara og samtals að upphæð um 123.1 millj. kr.

Nú er það till. okkar flm. samkvæmt þessu frv., að ríkissjóður taki að sér greiðslu gengistapsins hjá sjóðunum. Það er augljóst mál, að honum ber að gera það, og þegar gengistapið er tekið út af fyrir sig, er þetta mjög einfalt mál og óþarft um það að þræta. Ætlazt er til, að ríkissjóður greiði sinn hluta lánanna, það er gengistapið, árlega í réttu hlutfalli við lánin og gjöld þau — afborganir og vexti — sem greiða þarf af þeim ár hvert til hinna erlendu lánardrottna. Mun árgjald ríkissjóðs verða sem næst vegna ræktunarsjóðs 8.5 millj. og vegna byggingarsjóðs 2 millj., eða samtals 10.5 millj. kr.

Það bar til fyrir stuttu, að hæstv. ráðherra þessara mála lýsti því aðspurður yfir í umr. í sameinuðu þingi, að hann telji, að ríkissjóður eigi að bera gengisáhættu erlends lánsfjár, sem stofnlánasjóðir landbúnaðarins fá til að endurlána bændum. Taldi hann, að ríkissjóður hefði átt að taka lánin og endurlána féð í ísl. krónum til stofnlánasjóðanna án gengisábyrgðar af þeirra hálfu. Öllum má ljóst vera af þeirri yfirlýsingu hæstv. ráðherra, að hann hlýtur að geta fallizt á þetta frv., sem hér er nú fram borið, af því að það gerir ráð fyrir því einu, að ríkissjóður borgi gengistapið vegna lánanna. Niðurstaðan er nákvæmlega sú sama og hann gaf til kynna í ræðu sinni að hann vildi vera láta, ábyrgð ríkisins og þátttaka hvorki meiri né minni.

Frv. gerir ráð fyrir, að árgjöldin nái til áranna 1960 og 1961 svo og til yfirstandandi árs, enda er það sjálfsagt. Hins vegar voru þessi gjöld auðvitað ekki tekin á fjárlög áranna 1960 og 1961 og ekki heldur á fjárlög þessa árs. Hrökkvi tekjuafgangur nefndra ára ekki til þess að borga þessi árgjöld, tel ég opna leið með gengistapið í reikning ríkissjóðs hinn vaxtalausa hjá Seðlabankanum, sem stofnaður var til öryggis með efnahagslögunum 1960. Skírskota ég til grg. frv. um þetta. Annars er það ekkert aðalatriði, hvernig straumur verður staðinn af þessum þrennum árgjöldum sjóðanna. Hitt er aðalatriðið, að láta ekki gengistapið lengur vera eins og átumein í sjóðunum.

Ég leyfi mér að vænta þess, að hv. þm. fallist á þetta frv. eða komi ella hið snarasta fram með annað, sem jafngott sé eða betra fyrir sjóðina, þá skal ég fyrir mitt leyti fallast á það,

enda væri þá tilganginum með flutningi þessa frv. náð, en hann er sá einn að koma því til leiðar, að bættur verði hagur umræddra sjóða. Það hefur þegar dregizt allt of lengi.

Herra forseti. Ég legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

42. Kirkjugarðar.

Á 53. fundi í Ed., 27. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um kirkjugarða [160. mál] (þmfrv., A. 322).

Á 54. fundi í Ed., 1. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 55. fundi í Ed., 2. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Frv. þetta er flutt af menntmn. þessarar hv. þingdeildar að beiðni kirkjumrh. Það skal tekið fram, að þegar nefndin ákvað á fundi sínum að verða við þeirri beiðni, voru tveir nm. fjarverandi, þeir hv. 5. þm. Reykn. og hv. 5. þm. Austf. Samhljóða frv. var einnig flutt á síðasta þingi af nefndinni, þá einnig að beiðni kirkjumrh., en varð ekki útrætt á þinginu. Áður hafði verið flutt frv. mikið til samhljóða þessu á þingi því, er sat 1959—60, og verið afgreitt með rökstuddri dagskrá.

Um efni og tilgang frv. vísa ég til þeirrar grg., sem því fylgir. Nefndin mun að sjálfsögðu taka frv. til ýtarlegrar athugunar fyrir 2. umr., en einstakir nm. áskilja sér rétt til að bera fram eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma við frv. Frv. er flutt af nefnd, og geri ég því ekki till. um vísun til nefndar, en leyfi mér að leggja til við hæstv. forseta, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Ed., 6. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar, en brtt. við það barst á þskj. 442.